Stjórnartíðindi
1999 - B-deild - 3. hluti

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skrifað inn á bls. 1686.
Meiriháttar galli á bls. 1399.
Gallar á bls. 1687 og 2111-2112.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 1999

24. júní 1999 1361 Nr. 420

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir þau tímabil sem tilgreind eru í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr./kg
	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.07.-31.08.99	ótilgr.	15	30
Tollnúmer:					
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-08.08.99	ótilgr.	30	0
0703.9001	Blaðlaukur	09.08.-22.08.99	ótilgr.	7,5	57
0703.9001	Blaðlaukur	23.08.-05.09.99	ótilgr.	15	114
0704.1000	Blómkál	01.07.-11.07.99	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	12.07.-18.07.99	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	19.07.-25.07.99	ótilgr.	22,5	132
0704.2000	Rósakál	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0704.9001	Hvítkál	01.07.-11.07.99	ótilgr.	15	40
0704.9001	Hvítkál	12.07.-18.07.99	ótilgr.	22,5	59
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	01.07.-11.07.99	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	12.07.-25.07.99	ótilgr.	15	141
0704.9005	Fóðurmergskál	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.07.-31.08.99	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	01.07.-30.09.99	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.07.-30.09.99	ótilgr.	15	97
0705.2100	Kaffiífílsblöð	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.07.-30.09.99	ótilgr.	15	97
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-11.07.99	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	12.07.-18.07.99	ótilgr.	15	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	19.07.-30.09.99	ótilgr.	22,5	102
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0706.9009	Annars	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.07.-30.09.99	ótilgr.	15	58
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-01.08.99	ótilgr.	30	0

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	02.08.-08.08.99	ótilgr.	7,5	69
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	09.08.-15.08.99	ótilgr.	15	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	16.08.-30.09.99	ótilgr.	22,5	207
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.99	ótilgr.	7,5	100
0709.6003	Paprika	01.07.-30.09.99	ótilgr.	22,5	298
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.07.-30.09.99	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júní 1999.

F. h. r.
Björn Sigurbjörnsson.

Sigríður Norðmann.

Nr. 421 15. júní 1999

AUGLÝSING

um hreindýraveiðar árið 1999.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 404 hreindýr á tímabilinu 1. ágúst til 15. september 1999, auk hreindýrakálfa skv. 3. gr. Þó má hefja veiðar á törfum 20. júlí, en þess skal vandlega gætt að þær veiðar trufli hvorki kýr né kálfa.

Hreindýraveiðar eru óheimilar fyrir 15. ágúst 1999 á svæði sem afmarkast af austurbakka Jökulsár á Fljótsdal að Laugará, með Laugará að Hölkná, og þaðan í beinni línu í topp á Urgi, í Tungusporð, Búrfellstopp og að ósi Dysjarár. Vesturmörk fylgja síðan Jökulsá á Brú að Jökli.

2. gr.

Veiðiheimildir skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Tarfar	Kýr	Samtals
Svæði 1	8	10	18
Svæði 2	84	86	170
Svæði 3	23	30	53
Svæði 4	0	0	0
Svæði 5	17	18	35
Svæði 6	19	24	43
Svæði 7	20	27	47
Svæði 8	9	4	13
Svæði 9	15	10	25
Alls:	**195**	**209**	**404**

Hreindýraráð skiptir veiðiheimildum milli sveitarfélaga á veiðisvæðum sbr. 4. gr. með hliðsjón af ágangi hreindýra.

3. gr.

Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiðar því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Auk ofangreindra veiðiheimilda er ætlast til að kálfar, sem fylgt hafa felldum kúm, séu einnig felldir, sé þess kostur:

4. gr.

Veiðisvæðin ná yfir eftirtalin sveitarfélög:

Svæði 1
Vopnafjarðarhreppur
Norður Hérað, áður Jökuldalur norðan Jökulsár á Brú
Norður Hérað, áður Jökulsárhlíð

Svæði 2
Norður Hérað, áður Jökuldalur austan Jökulsár á Brú
Norður Hérað, áður Hróarstunga
Fellahreppur
Fljótsdalshreppur
Austur Hérað, áður Vellir vestan Grímsár
Austur Hérað, Skriðdalur vestan Grímsár

Svæði 3
Austur Hérað, áður Hjaltastaðaþinghá
Austur Hérað, áður Eiðaþinghá
Borgarfjarðarhreppur

Svæði 4
Austur Hérað, áður Vellir austan Grímsár
Fjarðabyggð, áður Reyðarfjörður

Svæði 5
Fjarðabyggð, áður Eskifjörður/Norðfjörður

Svæði 6
Austur Hérað, áður Skriðdalur austan Grímsár
Breiðdalur

Svæði 7
Djúpavogshreppur, áður Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur

Svæði 8
Hornafjörður, áður Bæjarhreppur
Hornafjörður, Nesjahreppur

Svæði 9
Hornafjörður, áður Mýrarhreppur
Hornafjörður, áður Borgarhafnarhreppur (Suðursveit)

5. gr.

Heimild þessi er veitt skv. 6. gr. reglugerðar nr. 402/1994 um stjórn hreindýraveiða frá 13. júlí 1994, sbr. og 14. gr. laga 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisráðuneytinu, 15. júní 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Þráinsson.

AUGLÝSING

um skráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Með heimild í 15. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands um markaðssetningu íslensku krónunnar og erlends gjaldeyris staðfestist að gengisvog krónunnar verður frá og með 25. júní 1999 í eftirtöldum hlutföllum:

Bandaríkin	USD	24,69
Bretland	GBP	13,00
Kanada	CAD	1,34
Danmörk	DKK	8,37
Noregur	NOK	7,34
Svíþjóð	SEK	3,73
Sviss	CHF	2,50
Evrusvæði	EUR	34,35
Japan	JPY	4,68
Alls		100,00

Auglýsing nr. 386/1998 um skráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum fellur jafnframt úr gildi.

Reykjavík, 25. júní 1999.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.**

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1999

16. júní 1999 1365 Nr. 423

REGLUGERÐ

um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.

1. ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til lánveitinga Íbúðalánasjóðs skv. VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, og ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu, sbr. 3. tölul. 15. gr. sömu laga.

Sveitarfélög, félög og félagasamtök ráðstafa leiguíbúðum, skv. 1. mgr. til einstaklinga er búa við erfiðar aðstæður og þurfa aðstoð við öflun íbúðarhúsnæðis.

Um stofnun og starfsemi húsnæðissamvinnufélaga fer eftir lögum nr. 161/1998, um húsnæðissamvinnufélög. Reglugerð þessi tekur einnig til húsnæðissamvinnufélaga eftir því sem við getur átt og nánar er ákveðið í einstökum ákvæðum.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

1. *Leiguíbúð* merkir íbúðarhúsnæði, þar sem fyrir hendi er venjuleg og fullnægjandi heimilisaðstaða, eldhús, baðherbergi og salerni, enda séu rými tengd innbyrðis þannig að ekki þurfi að fara um sameign á milli þeirra. Auk þess viðeigandi geymslurými, þvottaherbergi eða aðgangur að því í sameign.
2. *Félög og félagasamtök* eru þeir aðilar nefndir, er hafa að markmiði að koma á fót og reka íbúðarhúsnæði og hlotið hafa staðfestingu félagsmálaráðherra á samþykktum sínum.
3. *Framkvæmdaraðilar* eru sveitarfélög, félög- og félagasamtök einu nafni nefnd, sem byggja eða kaupa og ráðstafa leiguhúsnæði.

2. ÞÁTTUR
Lánveitingar o.fl.

II. KAFLI
Meðferð lánsumsókna og lánskjör.

3. gr.

Tilkynning til sveitarstjórnar og áætlanir.

Að fenginni staðfestingu félagsmálaráðherra, sbr. IX. kafla, og þegar sótt er formlega um lán, skulu félög og félagasamtök tilkynna viðkomandi sveitarstjórn um fyrirhugaða byggingu eða kaup á íbúðum. Einnig skal senda húsnæðisnefnd sveitarfélags sérstaka tilkynningu sama efnis.

Húsnæðisnefnd sem berst tilkynning skv. 1. mgr. skal senda Íbúðalánasjóði afrit slíkrar tilkynningar.

Gutenberg

Fyrir 1. október skulu framkvæmdaraðilar senda Íbúðalánasjóði áætlanir sínar um fyrirhugaðar byggingar eða kaup á íbúðum á komandi ári. Íbúðalánasjóður getur óskað eftir því að áætlanir miðist við allt að tvö ár.

4. gr.

Lánsumsóknir.

Þegar sveitarstjórn, eftir tillögu húsnæðisnefndar hefur tekið ákvörðun um kaup eða byggingu leiguhúsnæðis tilkynnir hún þá ákvörðun sína til Íbúðalánasjóðs og sækir jafnframt formlega um lán. Á sama hátt skulu félög og félagasamtök tilkynna ákvörðun sína.

Í lánsumsókn skal koma fram fjöldi, gerð og stærð viðkomandi íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Í lánsumsókn skal ennfremur koma fram rökstuðningur fyrir lánsþörf svo og með hvaða hætti framkvæmdaraðili hyggst ráðstafa þeim leiguíbúðum sem hann hyggst byggja eða kaupa.

Umsóknir um lán skulu hafa borist Íbúðalánasjóði á því ári sem framkvæmdir hefjast.

5. gr.

Eigið framlag.

Umsækjendur skulu sýna fram á það, við lánsumsókn hjá Íbúðalánasjóði, að þeir hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að greiða 10% af kostnaðarverði íbúða. Því til staðfestingar skal leggja fram ábyrgð af hálfu fjármálastofnunar eða annað sem Íbúðalánasjóður metur gilt.

6. gr.

Ákvörðun lánsheimilda.

Þegar fyrir liggur það fjármagn, sem Íbúðalánasjóður hefur til ráðstöfunar hverju sinni vegna lánveitinga til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu og vaxtakjör þeirra fer Íbúðalánasjóður yfir áætlanir framkvæmdaraðila um þörf fyrir leiguhúsnæði og ákveður í desember ár hvert lánsheimildir sem umsækjendum er heimilt að nýta sér á næsta ári.

7. gr.

Afgreiðsla umsókna.

Stjórn Íbúðalánasjóðs aðgætir, hvort umsókn samræmist ákvæðum reglugerðar þessarar svo og ákvæðum laga um húsnæðismál.

Stjórn Íbúðalánasjóðs tilkynnir síðan umsækjanda um afgreiðslu sína á umsókn hans.

8. gr.

Lánstími og útborgun láns.

Lán til leiguíbúða eru veitt til 50 ára.

Lán sem veitt eru skv. reglugerð þessari koma til útborgunar þegar framkvæmdum er lokið eða samkvæmt kauptilboði. Til staðfestingar á að framkvæmdum sé lokið skal liggja fyrir úttekt byggingarfulltrúa eða trúnaðarmanns, sem Íbúðalánasjóður hefur tilnefnt.

Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 36. gr. laga um húsnæðismál.

III. KAFLI
Byggingarhættir og byggingarkostnaður.

9. gr.
Byggingarkostnaður og kaupverð íbúða.

Framkvæmdaraðilar skulu sjá til þess að íbúðir, byggðar eða keyptar á þeirra vegum séu svo ódýrar sem frekast er kostur. Þær skulu þannig hannaðar að þær séu einfaldar að allri gerð, stærðir miðaðar við fjölskyldustærðir umsækjenda, búnar nútíma þægindum og nauðsynlegri sameign.

Framkvæmdir skal fela viðurkenndum byggingarverktökum með útboðum, leitað sé tilboða eða annarra leiða sem tryggja hagkvæman byggingarkostnað.

Þess skal gætt að um lóð gildi ekki skipulagsskilmálar sem hafi í för með sér hækkun á byggingarkostnaði.

10. gr.
Gerð og ástand íbúðarhúsnæðis.

Íbúð telst fullnægjandi uppfylli hún kröfur byggingarreglugerðar til íbúðarhúsnæðis, hafi hlotið samþykki byggingarfulltrúa og fullnægi gæðakröfum sem Íbúðalánasjóður setur. Íbúð telst hófleg með því að samræmi sé milli fjölskyldustærðar og íbúðastærðar í hverju einstöku tilviki.

11. gr.
Stærðir íbúða.

Hámarksstærðir íbúða skulu taka mið af birtu flatarmáli þeirra, skv. reiknireglum Fasteignamats ríkisins og reglugerð um eignaskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum.

12. gr.
Reglur.

Í reglum, er Íbúðalánasjóður setur skal kveðið nánar á um stærðir íbúða samkvæmt 11. gr., ákvörðun byggingarkostnaðar og kaupverð íbúða. Skulu reglurnar lagðar árlega fyrir stjórn Íbúðalánasjóðs og hljóta staðfestingu hennar fyrir 1. febrúar ár hvert.

Íbúðalánasjóður annast kynningu á reglum þessum og skulu þær vera aðgengilegar framkvæmdaraðilum.

3. ÞÁTTUR
Réttur til leiguíbúða og ráðstöfun þeirra.

IV. KAFLI
Tekju- og eignamörk.

13. gr.
Réttur til leiguíbúða.

Réttur til íbúðarhúsnæðis sem ráðstafað er til útleigu á vegum framkvæmdaraðila er bundinn skilyrðum um tekju- og eignamörk og félagslegar aðstæður umsækjanda. Við mat á félagslegum aðstæðum skal meðal annars líta til húsnæðisaðstæðna umsækjanda, gerðar og ástands þess íbúðarhúsnæðis sem hann býr í, er hann sækir um leiguhúsnæði, og fjölskylduaðstæðna, þ. á m. fjölda barna.

14. gr.
Tekjumörk.

Tekjumörk miðast við meðaltekjur síðustu 6 mánaða áður en umsókn um leiguhúsnæði er afgreidd. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks.

Með sambúðarfólki er átt við skráða sambúð karls og konu, er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

Húsaleigubætur teljast ekki til tekna skv. 1. mgr.

Tekjumörk miðast við, að meðaltekjur nemi, miðað við heilt ár, eigi hærri fjárhæð en 1.682.000 kr. fyrir hvern einstakling og 280.000 kr. fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu. Viðmiðunartekjur hjóna skulu vera 40% hærri en hjá einstaklingi, þ.e. 2.355.000 kr.

Að fengnum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um breytingar á atvinnutekjum milli ára lætur félagsmálaráðherra reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

15. gr.

Eignamörk.

Eignamörk miðast við heildareign, að frádregnum heildarskuldum skv. síðustu skattskrá. Eignamörk eru 1.900.000 kr.

Að fengnum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um breytingar á atvinnutekjum milli ára lætur félagsmálaráðherra reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

16. gr.

Úthlutun og mat á þörf fyrir leiguhúsnæði.

Framkvæmdaraðilar setja reglur um úthlutun leiguíbúða. Í slíkum reglum er heimilt að setja nánari fyrirmæli um þau atriði, er líta skal til við mat á þörf umsækjenda fyrir leiguhúsnæði, er taki meðal annars mið af eftirtöldum atriðum:

1. Núverandi húsnæðisaðstæðum.
2. Gerð húsnæðis og ástandi þess.
3. Fjölskyldustærð og fjölda barna.
4. Heilsufari og vinnugetu.

Reglur framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. skulu vera aðgengilegar umsækjendum um leiguhúsnæði.

Við úthlutun íbúða hjá húsnæðissamvinnufélögum, skal auk ákvæða 14. og 15. gr. ennfremur gæta ákvæða 4. gr. laga um húsnæðissamvinnufélög.

17. gr.

Undanþáguheimildir.

Framkvæmdaraðila er heimilt að víkja frá 14. gr. um tekjur, þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á stöðu og högum vegna atvinnuleysis, veikinda, fráfalls maka eða af öðrum ástæðum. Með sama hætti er heimilt að víkja frá ákvæðum 15. gr. um eignir, skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila, þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.

Ósk um undanþágu skv. 1. mgr. skal fylgja umsögn frá félagsmálanefnd í viðkomandi sveitarfélagi. Tilkynna skal Íbúðalánasjóði um undanþágur skv. 1. mgr.

Íbúðalánasjóði er heimilt að víkja frá 14. og 15. gr. um tekjur og eignir, skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila þegar sýnt þykir að leiguíbúðir, er falla undir ákvæði reglugerðar þessarar, standa auðar og brýn nauðsyn er til að ráða bót á þörf fyrir íbúðarhúsnæði til útleigu.

V. KAFLI
Ráðstöfun leiguhúsnæðis með afnotarétti.

18. gr.
Sala á afnotarétti.

Framkvæmdaraðilum er heimilt að selja leigjanda eða félagsmanni, sem uppfyllir skilyrði um tekju- og eignamörk, sbr. IV. kafla afnotarétt í íbúð með þeirri kvöð að hlutur kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni. Gjaldið má nema allt að 10% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar.

19. gr.
Samningur.

Ákveði framkvæmdaraðili að selja leigjanda eða félagsmanni afnotarétt í leiguíbúð, sbr. 18. gr., skal gerður um það samningur þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur samningsaðila.

Við lok samningstímans skal leigjandi eða félagsmaður fá endurgreiddan hlut sinn með fullum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem á hvílir lán sem veitt hefur verið skv. reglugerð þessari, nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs um yfirtökuna.

20. gr.
Ábyrgð framkvæmdaraðila.

Framkvæmdaraðili, er ráðstafar leiguíbúð með samningi, sbr. 1. mgr. 19. gr. ber eftir sem áður fulla ábyrgð á láninu sem veitt var af Íbúðalánasjóði.

VI. KAFLI
Um ákvörðun leigufjárhæðar og réttarstöðu leigjenda.

21. gr.
Fjárhæð húsaleigu.

Leiga skal svara til fjárhæðar sem nemur samanlögðum kostnaði af eftirtöldum útgjöldum:

1. Ársvöxtum, afborgunum og verðbótum af áhvílandi láni Íbúðalánasjóðs.
2. Vaxtakostnaði af nauðsynlegu framlagi, þó að hámarki sömu vextir og eru á hverjum tíma af almennum lánum Íbúðalánasjóðs.
3. Fasteigna- og brunabótaiðgjöldum af íbúðinni ef framkvæmdaraðili ákveður að þau gjöld falli undir leigu. Sama gildir um húseigendatryggingu.
4. Kostnaður við viðhald íbúðar og sameiginlegt viðhald fjöleignarhúss.
5. Kostnaður er til fellur við umsjón með daglegum rekstri leiguhúsnæðis, svo sem við sameiginleg þrif, sorphreinsun og húsvörslu ef framkvæmdaraðili ákveður slíkt fyrirkomulag og að kostnaður vegna slíkra þátta falli undir leigu.

Leigan greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Framkvæmdaraðilum er hafa með rekstur leiguíbúða að gera er heimilt að ákveða, að leiga skuli vera tiltekin fjárhæð, sem svarar til áætlaðra rekstrarútgjalda samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, að teknu tilliti til tekna af hinum leigðu íbúðum og annarra tekna, svo sem vaxtatekna og eftir atvikum styrkja frá framkvæmdaraðila eða öðrum aðilum. Við áætlun rekstrarútgjalda skal miða við útgjöld skv. 1. mgr. svo og reglur Íbúðalánasjóðs, sbr. 3. mgr.

Íbúðalánasjóður skal senda framkvæmdaraðilum samræmdar reglur um útreikning húsaleigu. Íbúðalánasjóður skal endurskoða reglur þessar árlega og tilkynna framkvæmdaraðilum um breytingar á þeim.

Framkvæmdaraðilar skulu senda Íbúðalánasjóði rekstraráætlanir sínar og reikninga sína endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda.

22. gr.

Upplýsingar og leiðbeiningar.

Framkvæmdaraðilar skulu veita þeim er sækja um íbúðir á þeirra vegum, allar nauðsynlegar upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra sem leigjenda, leigukjör húsaleigusamninga svo og um réttindi þeirra og réttarstöðu að öðru leyti.

23. gr.

Réttindi og skyldur.

Um samskipti leigjanda og framkvæmdaraðila gilda ákvæði húsaleigulaga.

Um ákvörðun leigufjárhæðar gildir ákvæði 21. gr.

Um réttindi og skyldur búseturéttarhafa í húsnæðissamvinnufélagi fer eftir lögum um húsnæðissamvinnufélög og um ákvörðun búseturéttargjalds fer eftir 10. gr. sömu laga.

4. ÞÁTTUR

Sveitarfélög.

VII. KAFLI

Skipulag.

24. gr.

Milliganga um töku lána.

Húsnæðisnefndir hafa milligöngu um töku lána hjá Íbúðalánasjóði fyrir hönd sveitarfélags til öflunar íbúðarhúsnæðis til útleigu. Sveitarfélag getur ákveðið að fela félagi, sbr. 38. gr. laga um húsnæðismál að hafa slíka milligöngu. Um skilyrði fyrir stofnun slíks félags og starfshætti fer eftir því sem nánar er mælt fyrir um í IX. og X. kafla.

25. gr.

Byggingarframkvæmdir eða kaup á íbúðum.

Sveitarstjórn getur falið húsnæðisnefnd að sjá um framkvæmdir eða kaup á leiguíbúðum. Samningar sem húsnæðisnefnd gerir í þeim tilgangi skulu gerðir með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar.

26. gr.

Eftirlit með framkvæmdum.

Húsnæðisnefnd hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdum og kaupum á félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn getur falið húsnæðisnefnd að annast bókhald, sjóðsgreiðslur og uppgjör byggingarkostnaðar vegna þeirra leiguíbúða, sem nefndin hefur með höndum í sveitarfélaginu.

Húsnæðisnefnd skal árlega láta gera reikningsyfirlit yfir þær íbúðir sem keyptar eru. Halda skal sérstakan reikning um byggingarkostnað og skiptingu hans á einstakar íbúðir í áfanganum.

27. gr.

Verkaskipting.

Sveitarstjórn ákveður í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og sveitarstjórnarlaga, hvernig hagað skuli verkaskiptingu félagsmálanefndar og húsnæðisnefndar við umsjón og ráðstöfun leiguíbúða sveitarfélags.

Í reglum sveitarfélags um úhlutun leiguíbúða skal gæta ákvæða laga um félagsþjónustu sveitarfélaga svo og ákvæða laga um húsnæðismál. Reglurnar skulu vera aðgengilegar almenningi og birtar með þeim hætti sem almennt tíðkast um tilkynningar sveitarstjórnar.

28. gr.

Samstarf við félög og félagasamtök.

Eigi sveitarfélag samstarf við félög eða félagasamtök í eigu annarra, um ráðstöfun íbúðarhúsnæðis á vegum slíkra aðila, skal þess gætt að með þeim hætti verði ekki ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins eða samtakanna.

Í samningi er sveitarstjórn gerir við félög og félagasamtök, skv. 1. mgr. skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, þ. á m. frá hvaða tíma skuli greiða húsaleigu og um ábyrgð sveitarstjórnar á að leigjandi uppfylli skyldur sínar samkvæmt húsaleigusamningi.

Ákveði sveitarstjórn að segja upp samningi sem hún hefur gert um ráðstöfun leiguhúsnæðis samkvæmt 2. mgr. falla niður skuldbindingar hennar frá þeim tíma sem uppsögnin tekur gildi. Um réttarstöðu leigjanda fer að öðru leyti eftir 23. gr.

29. gr.

Félag í eigu sveitarfélags.

Sveitarstjórn er heimilt, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga um húsnæðismál, að stofna félag til þess að hafa umsjón með og ráðstafa leiguíbúðum sveitarfélags í stað húsnæðisnefndar eða félagsmálanefndar, sbr. 24. gr. Við ráðstöfun íbúða til útleigu skal slíkt félag bundið af ákvæðum IV. kafla um tekju- og eignamörk umsækjenda og reglum sveitarstjórnar sem settar eru skv. 27. gr.

VIII. KAFLI

Innleystar íbúðir sveitarfélaga, sem breytt er í leiguíbúðir.

30. gr.

Ráðstöfun innleystra íbúða til útleigu.

Sveitarstjórn, sem hefur innleyst til sín félagslega íbúð, skv. ákvæðum eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins getur ákveðið að leigja hana út, sbr. ákvæði III til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál. Áður skal sveitarstjórn greiða upp áhvílandi lán, sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins eða leita eftir samþykki Íbúðalánasjóðs um yfirtöku lánsins.

31. gr.

Lánveiting.

Sveitarstjórn sem hefur innleyst til sín íbúð skv. 30. gr. skal eiga kost á nýju láni Íbúðalánasjóðs sem má nema allt að 90% af kostnaðarverði umræddrar íbúðar.

Um lánskjör lána skv. 1. mgr. fer að öðru leyti eftir 36. gr. laga um húsnæðismál.

Ákveði sveitarstjórn síðar að selja íbúð, sem lánað hefur verið til, skv. 1. mgr. skal hún áður greiða upp áhvílandi lán sem Íbúðalánasjóður hefur veitt.

Stjórn Íbúðalánasjóðs setur reglur um nánari framkvæmd lánveitinga skv. þessum kafla, þ. á m. um kostnaðarverð íbúða og um uppgjör vegna sölu íbúða skv. 3. mgr.

5. ÞÁTTUR
Félög og félagasamtök.

IX. KAFLI
Staðfesting.

32. gr.
Markmið.

Markmið félaga og félagasamtaka skal vera að koma á fót, leigja út, halda við og endurnýja íbúðarhúsnæði ásamt sameiginlegri aðstöðu.

33. gr.
Staðfesting samþykkta.

Hyggist félag eða félagasamtök koma á fót leiguíbúðum og sækja til þess lán frá Íbúðalánasjóði skal senda samþykktir/lög hlutaðeigandi félags eða félagasamtaka til félagsmálaráðherra til staðfestingar. Staðfesting þessi skal liggja fyrir áður en sótt er um lán hjá Íbúðalánasjóði.

Húsnæðissamvinnufélög er fengið hafa staðfestingu félagsmálaráðherra, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 161/1998, um húsnæðissamvinnufélög skulu undanþegin sérstakri staðfestingu á samþykktum sínum samkvæmt 1. mgr.

34. gr.
Efni samþykkta.

Skilyrði þess að félög eða félagasamtök hljóti staðfestingu félagsmálaráðherra er að eftirfarandi atriði komi fram í samþykktum/lögum hlutaðeigandi:

1. Að tilgangur félagsins eða samtakanna sé að koma á fót og reka leiguíbúðir. Verkefnið sé langtímaverkefni.
2. Hvert sé stofnfé og hver sé fjárhagsleg ábyrgð félagsins eða félagasamtakanna. Uppfylli félög eða samtök í upphafi skilyrði 5. gr. gagnvart hverri húseiningu/framkvæmd er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum um sjálfstætt stofnfé.
3. Að réttur einstaklinga til íbúða fari eftir félagslegum aðstæðum þeirra.
4. Að hver húseining/framkvæmd verði sjálfstæð rekstrareining.
5. Hvernig háttað sé endurskoðun reikninga og reikningsskilum.
6. Að í reikningum sé gert ráð fyrir varasjóði til þess að mæta tapi af rekstri félags og hvernig sá sjóður skuli varðveittur.
7. Að reikningar séu áritaðir og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
8. Hvernig fari með eigur félagsins eða samtakanna við slit.
9. Skipulagsskrár félaga og félagasamtaka, sem rekin eru að hætti sjálfseignarstofnana skulu hafa hlotið staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.
10. Hvernig skuli fara með endurgreiðslu eignarhlutar, skv. V. kafla og hvort hann skuli taka mið af hækkunum skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

35. gr.
Félög í eigu sveitarfélaga.

Félag í eigu sveitarfélags, sem sveitarsjórn kemur á fót, sbr. 38. gr. laga um húsnæðismál skulu auk þeirra atriða, er rakin eru í 34. gr. hafa í samþykktum sínum ákvæði um ráðstöfun íbúða, sbr. 2. mgr. 27. gr. og 29. gr, að allt hlutafé sé í eigu sveitarfélags og að sala þess sé óheimil nema með samþykki félagsmálaráðherra.

X. KAFLI
Um starfshætti og ráðstöfun íbúða.

36. gr.
Rekstur og stjórn.

Stjórn félags eða félagasamtaka skal í störfum sínum haga rekstri félagsins eða samtakanna með sem hagkvæmustum hætti.

Við rekstur skal hafa að leiðarljósi hagsmuni íbúa svo og markmið félagsins eða samtakanna. Félög og félagasamtök skulu gæta þess, að leigufjárhæð sé í samræmi við ákvæði 21. gr. um fjárhæð húsaleigu.

37. gr.
Fjárhagsstaða.

Fjárhagsstaða félaga og félagasamtaka skal ætíð við það miðuð að staðið verði við skuldbindingar vegna eigin framlags, sbr. 5. gr. og að það rýrni ekki.

38. gr.
Varasjóður.

Félög og félagasamtök skulu mynda varasjóð til þess að mæta áföllum og hugsanlegu tapi á rekstri sínum.

Í varasjóð skal m.a. leggja 1% af byggingarkostnaði eða kaupverði hverrar íbúðar.

Varasjóði skal haldið aðgreindum í bókhaldi félags eða félagasamtaka og hann varðveittur með tryggum hætti.

Greiðslur úr varasjóði skulu einungis inntar af hendi í þeim tilvikum þegar slíkt er nauðsynlegt til þess að tryggja áframhaldandi rekstur félagsins.

39. gr.
Ráðstöfun íbúða.

Félög og félagasamtök úthluta íbúðum á sínum vegum til félagsmanna sinna.

Réttur til leiguhúsnæðis ræðst af félagslegum aðstæðum umsækjanda, eignum hans og tekjum, sbr. IV. kafli.

6. ÞÁTTUR.
Önnur ákvæði.

XI. KAFLI
Eftirlit Íbúðalánasjóðs.

40. gr.
Eftirlit með félögum og félagasamtökum.

Félög og félagasamtök skulu láta Íbúðalánasjóði í té bókhaldsgögn, ársskýrslur og upplýsingar um framkvæmdir, húsbyggingar, ráðstöfun leiguhúsnæðis, þ. á m. einstaka húsaleigusamninga og um ákvörðun leigufjárhæðar óski Íbúðalánasjóður eftir því.

41. gr.
Samskipti við félög og félagasamtök.

Þau félög og félagasamtök, sem ráðstafa leiguíbúðum skv. þessari reglugerð, skulu senda Íbúðalánasjóði reglulega yfirlit yfir úthlutanir á íbúðum samkvæmt verklagsreglum sem Íbúðalánasjóður setur um samskipti þeirra og Íbúðalánasjóðs og kynnir þeim sérstaklega.

Leiði athugun í ljós að félag eða félagasamtök hafi úthlutað íbúð til einstaklings sem ekki uppfyllir skilyrði IV. kafla um tekjumörk og eignamörk er Íbúðalánasjóði heimilt að ákvarða að sömu aðilar sendi öll gögn um úthlutanir til staðfestingar Íbúðalánasjóðs í eitt ár frá þeim tíma að hin ólögmæta úthlutun átti sér stað.

42. gr.
Úrræði.

Komi í ljós að vikið hefur verið frá skilyrðum lánveitingar, um ráðstöfun leiguhúsnæðis eða ákvörðun leigufjárhæðar er Íbúðalánasjóði heimilt að endurskoða lánskjör eða gjaldfella lán vegna þeirra íbúða sem um er að ræða.

Víki framkvæmdaraðili frá viðmiðunarleigufjárhæð, sbr. 3. mgr. 21. gr. er Íbúðalánasjóði heimilt að gjaldfella lán til leiguhúsnæðis sem veitt hefur verið.

Áður en úrræðum skv. 1. mgr. er beitt skal stjórn Íbúðalánasjóðs beina tilmælum til framkvæmdaraðila um úrbætur. Verði framkvæmdaraðili ekki við slíkum tilmælum er stjórn sjóðsins heimilt að líta til þess við afgreiðslu á síðari lánsumsóknum.

XII. KAFLI
Meðferð ágreiningsmála.
43. gr.

Telji framkvæmdaraðili á rétt sinn hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs við framkvæmd laga um húsnæðismál eða reglugerðar þessarar, getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála.

XIII. KAFLI
Gildistaka.
44. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 34. gr., 3. mgr. 35. gr., 3. mgr. 37. gr., 5. mgr. 38. gr., 39. gr. og 50. gr. laga um húsnæðismál öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. júní 1999.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

Nr. 424 18. júní 1999

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur er taki gildi 1. júlí 1999.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluti, nr. 369 26. júní 1998 breytist þannig:

Sérgjöld fyrir rafveitu hækka um 3%.

Sérgjöld hitaveitu hækka um 2%.

Önnur gjöld, sameiginleg, hækka um 2%.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1999.

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða uppbót sem hér segir á árinu 1999:

a) Í júlí 1999 skal greiða 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.

b) Í desember 1999 skal greiða 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. júní 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

10. júní 1999 Nr. 426

REGLUGERÐ

um vinnu barna og unglinga.

I. KAFLI

Hugtök og gildissvið.

1. gr.

Hugtök.

Reglugerð þessi tekur til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri.

Ungmenni merkir í reglugerð þessari einstakling undir 18 ára aldri.

Barn merkir í reglugerð þessari einstakling undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi.

Unglingur merkir í reglugerð þessari einstakling sem hefur náð 15 ára aldri en er undir 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin tekur ekki til heimilisaðstoðar á einkaheimili atvinnurekanda eða vinnu í fjölskyldufyrirtækjum, enda sé vinnan tilfallandi eða vari í skamman tíma og ekki skaðleg eða hættuleg ungmenninu.

Fjölskyldufyrirtæki telst í þessu tilviki vera fyrirtæki sem er í eigu einstaklinga eða einstaklings sem er skyldur eða mægður ungmenni í beinan legg eða annan legg til hliðar eða tengdur því með sama hætti vegna ættleiðingar.

3. gr.

Lágmarksákvæði.

Strangari ákvæði í öðrum lögum, reglum eða reglugerðum um vinnu ungmenna ganga framar ákvæðum þessarar reglugerðar svo sem hærri aldursmörk vegna ákveðinnar tegundar vinnu.

II. KAFLI
Almenn ákvæði um vinnu allra ungmenna undir 18 ára aldri.

4. gr.
Almennt ákvæði.

Við öll störf ungmenna undir 18 ára aldri skal við val og skipulagningu á vinnu leggja áherslu á að öryggi og andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hætta búin og að vinna hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra eða þroska.

5. gr.
Áhættumat.

Atvinnurekandi skal sjá um að gripið sé til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði 4. gr. á grundvelli mats á þeirri áhættu sem starf getur skapað ungmennum.

Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum en við það skulu eftirtalin atriði einkum skoðuð:

a) innréttingar og búnaður vinnustaðar og verkstöðvar;
b) eðli og umfang eðlis-, efna- og líffræðilegra skaðvalda og hve langvarandi þeir eru;
c) lögun, stærð og notkun búnaðar sem tengist starfinu, má þar nefna skaðvalda ýmiss konar, vélar, tæki og áhöld og hvernig þau eru meðhöndluð;
d) skipulag vinnuferla, vinnutilhögunar og vinnuskipulags og samspilið milli þeirra;
e) hvernig ungmenni eru þjálfuð og búin undir starfið.

Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmenna þeim að kostnaðarlausu. Við mat á áhættu skal sérstaklega taka tillit til hættunnar sem stafar af ungum aldri, skorts á reynslu og meðvitund um hættur starfsins ásamt því að ungmennin eru ekki fullþroska. Við mat á varúðarráðstöfunum skal jafnframt taka tillit til líkamlegra, lífrænna, efnafræðilegra og sálrænna áhrifa sem ungmenni geta orðið fyrir til lengri eða skemmri tíma vegna vinnunnar.

Atvinnurekanda er heimilt að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um öryggi vinnustaðarins.

6. gr.
Leiðbeiningar og kennsla.

Atvinnurekandi skal tryggja að ungmenni fá fullnægjandi kennslu og leiðbeiningar þannig að tryggt sé að vinnan sé ekki hættuleg öryggi eða heilsu þeirra. Atvinnurekandi skal kynna ungmennum þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði.

Vinnan skal fara fram undir viðeigandi eftirliti af einstaklingi sem orðinn er 18 ára og hefur nægilega innsýn í eðli vinnunnar.

Atvinnurekanda ber að kynna foreldrum barna eða forráðamönnum hugsanlega áhættu og allar ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði.

Um leiðbeinendur á vegum vinnuskóla sveitarfélaga gildir einnig ákvæði 5. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar.

7. gr.
Skipulag öryggismála.

Atvinnurekandi skal kynna starfsmönnum sínum, sem starfa með ungmennum, og þeim, sem annast öryggismál fyrirtækisins, þær kröfur sem gerðar eru til vinnu ungmenna og tryggja að þeim sé fylgt og að tekið sé tillit til þeirra við framkvæmd, skipulagningu og eftirlit með vinnu ungmenna.

III. KAFLI

Vinna sem óheimil er ungmennum undir 18 ára aldri.

8. gr.

Almennt ákvæði.

Ungmenni undir 18 ára aldri má ekki ráða til þeirra starfa sem nefnd eru í 10.-14. gr. nema annað sé sérstaklega tekið fram.

9. gr.

Starfsnám.

Störf ungmenna 15 ára og eldri sem eru nauðsynlegur hluti af iðn- eða starfsnámi á grundvelli laga eru undanþegin banni 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og 14. gr. enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka námi.

Í starfsnámi skal vinnan fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings og skal kosta kapps um að vernda nemendur gegn slysahættu og gæta ýtrasta öryggis við framkvæmd vinnu og kennslutilhögunar.

Sama gildir um vinnu að loknu slíku námi sem tilheyrir viðkomandi starfi.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um framkvæmdir, þar sem hætta er á sprengingum, eða vinnu sem hefur í för með sér meðhöndlun, framleiðslu, geymslu eða notkun á gasi þar sem lofttegundir eru samanþjappaðar, fljótandi undir þrýstingi eða undir þrýstingi uppleystar í vökva. Sama gildir um vinnu við háan loftþrýsting og vinnu sem getur haft í för með sér hættu á köfnun í súrefnislitlu rými.

10. gr.

Hættuleg tæki og verkefni.

Ungmenni má ekki ráða til starfa, þar sem unnið er með tæki, eða að verkefnum, sem talin eru upp í viðauka 1 A, eða stunda vinnu sem hefur samsvarandi hættu í för með sér.

Hafi ungmenni náð 16 ára aldri mega þau þó starfa með tæknilegan hjálparbúnað sem talinn er upp í viðauka 1 B.

Í fjölskyldufyrirtækjum, þ.m.t. við landbúnað, mega ungmenni sem náð hafa 15 ára aldri vinna við þau störf sem talin eru upp í viðauka 1C, enda sé þeim veitt ítarleg fræðsla og leiðbeiningar og þau höfð undir eftirliti. Ungmenni, sem vinna við sveitastörf í fjölskyldufyrirtækjum, skulu hafa fengið fræðslu og leiðbeiningar um dráttarvélar áður en vinna er hafin með slík tæki utan vega.

11. gr.

Hættuleg efni.

Ungmenni mega ekki vinna með eða vera í hættu af þeim efnum sem talin eru upp í viðauka 2.

12. gr.

Líkamsáreynsla.

Ungmenni mega ekki handleika þungar byrðar sem til lengri eða skemmri tíma litið geta skaðað heilbrigði þeirra og þroska. Forðast skal ónauðsynlega líkamsáreynslu ungmenna við störf, svo og rangar vinnustellingar eða hreyfingar, sbr. viðauka 3, liði 1 a og b.

13. gr.

Önnur sérstök hætta.

Ekki má ráða ungmenni til vinnu þar sem líkamlegum eða andlegum þroska þeirra er

sérstök hætta búin nema þau starfi með fullorðnum eða þeim sem náð hefur 18 ára aldri. Þetta á sérstaklega við um störf í söluturnum, myndbandaleigum, skyndibitastöðum, bensínstöðvum og á sambærilegum stöðum. Við áhættumat skv. 5. gr. reglugerðar þessarar á vinnuaðstæðum skv. þessari málsgrein skal einkum leggja mat á hvort vinnustaðurinn er öruggur með vísan til legu hans, innréttinga og öryggisráðstafana sem gerðar eru.

Um vinnu unglinga á slíkum stöðum við kvöld- og næturvinnu gildir 4. mgr. 19. gr.

14. gr.

Almennt ákvæði.

Ungmenni mega ekki starfa við vinnuaðstæður, sem tilgreindar eru í viðauka 3, eða við samsvarandi aðstæður sem fela í sér hættu fyrir heilbrigði þeirra og öryggi.

IV. KAFLI
Vinnutími unglinga.

15. gr.

Hugtakið vinnutími.

Með vinnutíma í reglugerð þessari er átt við virkan vinnutíma, þ.e. þann tíma er ungmenni er við störf, eða er atvinnurekanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við lög og/eða kjarasamninga.

Neysluhlé og sérstakir frídagar teljast ekki til vinnutíma. Sama gildir um ferðir til og frá vinnustað eða reglubundinni starfsstöð og launaða biðtíma eða vinnuhlé þar sem ekki er krafist vinnuframlags.

Árlegt launað lágmarksorlof skv. lögum og veikindaforföll skulu teljast til vinnutíma og vera hlutlaus við meðaltalsútreikninga.

Tími í starfsnámi telst til vinnutíma.

16. gr.

Daglegur vinnutími.

Vinnutími unglinga má ekki fara yfir 8 klst. á dag og 40 klst. á viku. Þegar daglegur vinnutími er að jafnaði 8 klst. skal hann vera samfelldur ef kostur er.

Í sérstökum tilvikum má vinnutími unglinga fara yfir 8 klst. á dag og 40 klst. á viku, enda sé gætt ákvæða 19., 21. og 22. gr. um vinnutíma, hvíldartíma og frítíma. Þetta gildir aðeins þegar brýna nauðsyn ber til vegna eðlis starfseminnar, svo sem ef bjarga þarf verðmætum í landbúnaði og fiskvinnslu.

Unglingar mega þó aldrei vinna lengur en 60 stundir á viku og 48 stundir á viku að meðaltali yfir 4 mánuði.

17. gr.

Samlagning vinnutíma.

Þegar vinna unglinga er liður í verklegu eða fræðilegu námi telst sá tími, sem fer í kennslu, til daglegs og vikulegs vinnutíma, sbr. 16. gr.

Ef unglingur vinnur fyrir fleiri en einn atvinnurekanda skal leggja vinnutímann saman.

18. gr.

Hlé.

Ef daglegur vinnutími er lengri en 4 klukkustundir á unglingur rétt á minnst 30 mínútna hléi á hverjum degi sem skal vera samfellt ef kostur er.

19. gr.

Kvöld- og næturvinna.

Unglingar mega ekki vinna frá kl. 22 til kl. 6 nema annað sé sérstaklega tekið fram, þó aldrei milli kl. 24 og kl. 4.

Á sjúkrastofnunum eða á sambærilegum stofnunum mega unglingar vinna án takmörkunar á tímabilinu 24 til 4 enda sé gætt ákvæða 21. og 22. gr.

Í bakaríi má vinna frá kl. 4.

Í söluturnum og söluskálum, á skyndibitastöðum, myndbandaleigum, bensínstöðvum og sambærilegum stöðum mega unglingar vinna til kl. 24 að kvöldi. Við vinnu á grundvelli undanþágu þessarar skal sérstaklega gæta að ákvæði 13. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum og við sambærilega starfsemi mega unglingar aðstoða við sýningar til kl. 24.

Á veitingastöðum, hótelum og við svipaða starfsemi mega unglingar vinna til kl. 24.

20. gr.

Heilbrigðisskoðun.

Unglingar eiga rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni sér að kostnaðarlausu áður en þeir hefja næturvinnu og síðan með reglulegu millibili eftir það, nema þeir vinni næturvinnu einungis í undantekningartilvikum. Framkvæmd slíkrar skoðunar er á ábyrgð viðkomandi atvinnurekanda.

Næturvinnutími telst vera frá kl. 22 til kl. 6.

21. gr.

Hvíldartími á sólarhring.

Unglingar skulu fá minnst 12 klst. samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. um samfellda hvíld þegar um er að ræða vinnu unglinga sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni.

Þegar um er að ræða vinnu unglinga á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum, störf við landbúnað, ferðamál eða við hótel- og veitingarekstur og vinnu, sem er skipt upp yfir daginn, er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái samsvarandi uppbótarhvíld.

Séu heimildir skv. 2. og 3. mgr. nýttar skal unglingur fá samsvarandi uppbótarhvíld. Samfelld hvíld skal þó aldrei fara niður fyrir 10 klst. á sólarhring.

22. gr.

Vikulegur hvíldartími.

Á hverju sjö daga tímabili skulu unglingar fá minnst tveggja daga hvíld sem skal vera samfelld ef kostur er. Lágmarkshvíldartími þessi skal að jafnaði taka til sunnudags.

Heimilt er að stytta lágmarkshvíldartímann á grundvelli réttlætanlegra tæknilegra eða skipulagslegra ástæðna en hann má aldrei í slíkum tilvikum vera styttri en 36 samfelldar stundir.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar um er að ræða vinnu unglinga sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni.

Þegar um er að ræða vinnu unglinga á sjúkrastofnunum eða á sambærilegum stofnunum, störf við landbúnað, ferðamál eða við hótel- og veitingarekstur og vinnu sem er skipt upp yfir daginn, er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái samsvarandi uppbótarhvíld.

Ef fráviksheimildir þessar eru nýttar skal unglingur fá frídag síðar og í síðasta lagi þannig að hann fái tvo samfellda frídaga á hverjum 14 dögum.

Unglingar skulu þó ávallt fá einn vikulegan frídag.

23. gr.

Óviðráðanleg ytri atvik.

Í óviðráðanlegum tilvikum (force majeure) við óhöpp eða bilanir í vélum eða aðrar aðstæður, sem atvinnurekandi fær ekki ráðið við, er heimilt að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga enda sé um að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið og ekki sé unnt að fá fullorðna til starfans. Í tilvikum sem þessum skulu unglingarnir fá samsvarandi uppbótarhvíldartíma á næstu þremur vikum.

Skrá skal frávik í eftirlitsbók eða á annan fullnægjandi hátt. Við skráningu skal tiltaka tilefni og tímalengd fráviks.

V. KAFLI

Ráðning barna á aldrinum 13-15 ára eða þeirra sem eru í skyldunámi.

24. gr.

Almennt.

Börn má ekki ráða í vinnu nema annað sé sérstaklega tekið fram, sbr. 25. og 26. gr.

25. gr.

Hættulaus störf af léttara tagi.

Börn sem eru á aldrinum 13-14 ára eða sem eru í skyldunámi mega aðeins vinna við þá vinnu sem fellur undir skilgreininguna „starf af léttara tagi“ og talin eru upp í viðauka 4.

Forsenda fyrir því er að slík vinna ógni ekki öryggi barna og heilbrigði. Börn mega hvorki vinna við eða í nálægð við vélar eða hættuleg efni né lyfta þungum byrðum.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt leyfi fyrir vinnu barna við störf af léttara tagi, sem ekki eru tilgreind í viðauka 4 og 5A, enda sé um að ræða sambærileg störf.

VI. KAFLI

Störf ungmenna 13 ára og eldri í vinnuskólum sveitarfélaga.

26. gr.

Heimilt er að ráða ungmenni 13 ára eða eldri til léttra starfa á sumarleyfistíma skóla þegar vinnan er hluti af fræðilegu og verklegu námi. Slík vinna takmarkast við störf sem fram koma í viðauka 4.

Hafi ungmenni náð 15 ára aldri má hann starfa að þeim verkefnum sem talin eru upp í viðauka 5 A eða við sambærileg störf.

Hafi ungmenni náð 16 ára aldri má það starfa að þeim verkefnum sem nefnd eru í viðauka 5 B eða við sambærileg störf. Áður en starf hefst skal gæta ákvæða 4. og 5. gr.

Atvinnurekandi skal við ráðningu barna, sem eru undir 15 ára aldri eða þeirra sem eru í skyldunámi, kynna foreldrum eða lögráðamanni ráðningarkjör þar með talið lengd vinnutíma sem og tíðni óhappa og slysa, sem hugsanlega tengjast starfinu, og þær ráðstafanir, sem gerðar eru til að auka öryggi og heilbrigði barna við störf, svo og áhættumat skv. 5. og 6. gr.

Leiðbeinendur í vinnuskólum sveitarfélaga skulu hafa fengið sérstakan undirbúning og fræðslu um hlutverk sitt varðandi atriði eins og öryggismál, skyndihjálp og líkamsbeitingu.

Þess skal vandlega gætt að nákvæmlega sé farið eftir fyrirmælum um notkun hlífa til öryggis og verndar.

VII. KAFLI

Vinnutími 13-15 ára barna eða þeirra sem eru í skyldunámi.

27. gr.

Vinnutími barna.

Vinnutími barna á aldrinum 13-15 ára eða þeirra, sem eru í skyldunámi, má vera tvær klst. á skóladegi og 12 klst. á viku þegar um er ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma.

Vinnutími barna á aldrinum 13-14 ára má vera 7 klst. á dag og 35 klst. á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á tíma þegar skólinn starfar ekki. Daglegur vinnutími 15 ára barna má þó vera 8 klst. og 40 tímar á viku.

Vinnutími barna á aldrinum 13-14 ára, sem lokið hafa skyldunámi, við störf af léttara tagi má vera 7 klst. á dag og 35 klst. á viku.

28. gr.

Vinnutími barna í verknámi.

Börn, 14 ára og eldri, sem uppfylla hluta af skólaskyldu með fræðilegu eða verklegu námi með því að taka þátt í starfsnámi, mega vinna allt að 8 klst. á dag og 40 klst. á viku.

29. gr.

Ákvæði 17. og 18. gr. gilda samsvarandi fyrir börn á aldrinum 13-15 ára.

30. gr.

Bannákvæði.

Börn mega ekki vinna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6.

31. gr.

Hvíldar- og frítími.

Börn skulu fá minnst 14 klst. samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar um er að ræða vinnu barna sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni, enda komi til samsvarandi uppbótarhvíld. Samfelld hvíld skal þó aldrei fara niður fyrir 11 klst. á sólarhring.

32. gr.

Vikuleg hvíld.

Á hverju sjö daga tímabili skulu börn fá minnst tveggja daga hvíld sem skal vera samfelld ef kostur er. Lágmarkshvíldartími þessi skal að jafnaði taka til sunnudags.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. um hvíld þegar um er að ræða vinnu barna sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni. Börn skulu þó ávallt fá einn vikulegan frídag.

VIII. KAFLI

Vinna barna og unglinga við menningar-, íþrótta- og auglýsingastarfsemi.

33. gr.

Vinna unglinga.

Um vinnu unglinga á sviði menningarmála, lista, íþrótta eða auglýsinga gilda almennar reglur IX. kafla laga nr. 46/1980 um vinnutíma, hvíldartíma og frítíma. Unglingum við slík störf er heimilt að vinna kvöld- og næturvinnu án takmarkana við ákveðna tíma sólarhringsins.

Að jafnaði skal haga vinnutíma og vinnuálagi þannig að skólaganga unglinga raskist ekki og slíkt ógni ekki heilbrigði eða öryggi þeirra. Jafnframt skal taka sérstakt tillit til aldurs og þroska þeirra.

34. gr.

Vinna barna.

Börn, þ. á m. börn undir 13 ára aldri, er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi. Afla skal leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur vegna vinnu barna yngri en 13 ára.

Börn eldri en 13 ára er heimilt að ráða til að taka þátt í starfsemi skv. 1. mgr. án sérstaks leyfis.

Afla skal leyfis Vinnueftirlits ríkisins þegar vikið er frá ákvæðum reglugerðar þessarar um vinnutíma, hvíldartíma og frítíma við vinnu barna skv. 2. mgr. Í umsókn um leyfi skal geta um daglegan vinnutíma, næturvinnu, hvíldartíma og heildarvinnutíma á viku. Leyfi má gefa tímabundið til tilgreindra verkefna.

Að jafnaði skal haga vinnutíma og vinnuálagi þannig að skólaganga barna yngri en 13 ára raskist ekki og slíkt ógni ekki heilbrigði eða öryggi þeirra. Jafnframt skal taka sérstakt tillit til aldurs og þroska þeirra.

IX. KAFLI
Kærur, refsingar og gildistaka.

35. gr.

Áfrýjun ákvarðana.

Ákvörðunum Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þessarar reglugerðar má skjóta til stjórnar þess skv. 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

36. gr.

Refsingar.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, sbr. 99. gr. laga nr. 46/1980, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

37. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 63. gr. f. laga nr. 46/1980 eins og þeim var breytt með 12. gr. laga nr. 52/1997, um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sbr. tilskipun nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna í XVIII. viðauka. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1999.

Bráðabirgðaákvæði.

Ákvæði 4. viðauka reglugerðar þessarar skulu endurskoðuð innan þriggja ára frá birtingu hennar, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. júní 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

VIÐAUKI 1A

Listi yfir tæki og verkefni sem ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna við eða með. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

1) **Vél-, loft- eða vökvaknúin tæki.**
   a) Hraðgengar vélar með beittum hlutum svo sem: bandsagir, hjólsagir bæði fyrir tré og járn, fræsarar, heflar, brýnsluvélar og bútsagir, einnig stingsagir, klippur, borvélar sem taka yfir 13 mm bor.
   b) Höggvélar eða vélar með hreyfingu fram og til baka og pressur svo sem: stansar, spónlímingarpressur, kantlímingarpressur og aðrar loft- eða vökvaknúnar pressur og ýmis konar plaststeypuvélar, formsteypuvélar, hellusteypuvélar, plastsprautuvélar, sorppressur og fatapressur.
   c) Vélar með opna valsa og snigla.
   d) Grjótmulningsvélar, stórar hakkavélar og stórar skilvindur.
   e) Keðjusagir, kjarrsagir og trjáklippur.
   f) Nagla- og heftibyssur með þyngd heftis eða nagla yfir 0,3 gr.
   g) Háþrýstitæki til hreingerninga málningahreinsunar, ryðhreinsunar og þess háttar sem starfa með þrýsting yfir 70 bör.
   h) Sláttuvélar, jarðtætarar og snjóblásarar.

2) **Stjórn dráttarvéla og vélknúinna tækja.**
   Um stjórn dráttavéla, farandvinnuvéla og vinnuvéla almennt fer eftir reglum um réttindi til stjórnunar þeirra.

3) **Stjórn véldrifinna lyftitækja og færibanda.**
   Lyftur aðrar en fólkslyftur, kranar, pallalyftur, vinnulyftur, hengiverkpallar og vindur.

4) **Vinna við eftirlit, viðhald og viðgerðir véla og tækja.**
   Smurning, hreinsun, viðgerðir og önnur vinna við hreyfla, vélar og tæki sem eru í gangi þar sem hreyfanlegir hlutir eru aðgengilegir og geta valdið slysi.

5) **Vinna með handverkfæri sem titra (víbra) og hafa styrk sveiflunnar yfir 130 dB.**
   T.d. högghamrar, steypuvíbratorar og þess háttar vélar.

6) **Hætta á háspennuraflosti.**
   Vinna nærri háspennuvirkjum eða línum sem hefur í för með sér hættu á rafmagnslosti.

7) **Suða og brennsla.**
   Ljósbogasuða, logsuða og logskurður.

VIÐAUKI 1B

Listi yfir vélar og tæki sem 16 og 17 ára unglingar mega vinna með. Um er ræða undanþágu frá lista í viðauka 1A.

1. Dráttarvélar, sem eru beintengdar vögnum eða tækjum án drifskafts, enda sé viðkomandi með réttindi til að aka dráttarvél.
2. Lyftarar sem ekki eru vélknúnir.
3. Garðsláttuvélar.
4. Bandslípivélar og heftibyssur með þyngd heftis yfir 0,3 gr.
5. Bónvélar.
6. Vinna með háþrýstitæki með styrk þrýstings allt að 150 bör (15 Mpa).

7. Flokkunarvélar og þvottavélar t.d. fyrir kartöflur notaðar við bústörf.
8. Vinna með stingsög.
9. Vinna með létta rafmagnshögghamra mest 30 mínútur á dag sem hafa styrk sveiflunnar yfir 130 dB.

VIÐAUKI 1C
Listi yfir vélar og tæki sem 15 ára og eldri mega vinna með hjá fjölskyldufyrirtækjum.

1. Dráttarvélar sem eru beintengdar vögnum eða tækjum án drifskafts.
2. Garðsláttuvélar á hjólum með haldrofa þar sem stjórnandinn gengur á eftir vélinni.
3. Garðsláttuvél með sæti fyrir stjórnandann. Vélin skal útbúin þannig að hreyfillinn stöðvast ef stjórnandinn fer úr stjórnsætinu.

VIÐAUKI 2
Listi yfir efni sem ungmenni undir 18 ára mega ekki vinna með. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

1) Efni sem í reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, eru merkt:
   a. Sterkt eitur (Tx).
   b. Eitur (T)
   c. Ætandi (C)
   d. Sprengifimt (E)

   Einnig efni sem eru merkt með :
   e. H 39 Hætta á varanlegu, alvarlegu heilsutjóni.
   f. H 45 Krabbameinsvaldandi efni.
   g. H 46 Geta valdið arfgengum skaða.
   h. H 60 Getur dregið úr frjósemi.
   j. H 61 Geta skaðað fóstur.
2) Efni sem nefnd eru í reglugerð nr. 236/1990 og merkt með hættumerkinu Xn heilsuspillandi og eru merkt þannig:
   a. H 40 Getur valdið varanlegu heilsutjóni.
   b. H 42 Getur valdið ofnæmi við innöndun.
   c. H 48 Hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi notkun.
   d. H 62 Getur hugsanlega dregið úr frjósemi.
   e. H 63 Getur hugsanlega skaðað fóstur.
3) Efni sem eru í reglugerð nr. 236/1990 og eru merkt með hættumerkinu Xi staðbundin erting og einnig efni merkt H 43 geta valdið ofnæmi við snertingu við húð.
4) Efni sem nefnd eru í reglugerð nr. 236/1990 og flokkast undir H 12 afar eldfimt.
5) Efni sem í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun teljast vera krabbameinsvaldandi.
6) Efni sem innihalda 0,1% af efnum sem nefnd eru í tölulið 5 hér á undan.
7) Flokkur 3 í reglum nr. 554/1996 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

VIÐAUKI 3

Störf sem geta valdið heilsutjóni og ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

1) Vinna sem ætla má að sé ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra:
   a. Einstaklingsbundin ákvæðisvinna þar sem vinnuhraði ákvarðast af vélbúnaði.
   b. Forðast skal að láta ungmenni lyfta þyngri byrði en 12 kg. Ef aðstæður eru slæmar með tilliti til líkamsbeitingar getur það leitt til þess að hámarksþyngd verði lægri sbr. viðauka I og II í reglum um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar, nr. 499/1994. Ef vinnuaðstæður eru mjög góðar má gera undantekningar frá hámarksþyngd. Ekki má láta ungmenni lyfta þyngri byrði en 25 kg.
   c. Vinna í sláturhúsum við aflífun dýra og aðgerð.
2) Vinna sem ætla má að valdi varanlegu heilsutjóni:
   a. Þar sem hætta er á skaðlegri geislun svo sem jónandi geislun.
   b. Þar sem hætta er á súrefnisskorti.
   c. Við háan loftþrýsting, t.d. í háþrýstiklefum eða við köfun.
   d. Við störf sem felast í meðhöndlun búnaðar til framleiðslu, geymslu eða notkunar á þjöppuðum, fljótandi eða uppleystum lofttegundum.
3) Vinna þar sem fyrir hendi er slysahætta sem gera má ráð fyrir að börn og unglingar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun:
   a. Vinna sem felur í sér hættu á háspennustraumi.
   b. Vinna með villt eða skaðvænleg dýr. Heimilt er að aðstoða við vinnu fullorðins hæfs einstaklings með ótamin húsdýr og skal hann vernda viðkomandi gegn slysahættu og gæta ýtrasta öryggis við framkvæmd vinnunnar.
   c. Vinna þar sem hætta er á hruni eða að bakkar eða annað samsvarandi falli saman.
4) Vinna sem felur í sér hættu fyrir heilsu þeirra vegna óvenju mikils kulda, hita, hávaða eða titrings.
5) Vinna við framleiðslu og meðhöndlun skotelda eða annarra hluta sem innihalda sprengiefni.
6) Vinna við tanka, keröld, geyma eða flöskur sem innihalda efnafræðilega skaðvalda eins og um getur í viðauka 2A.

VIÐAUKI 4

Listi yfir störf af léttara tagi sem 13 og 14 ára eða eldri mega vinna.

Ætíð skal þess gætt að vinnuaðstæður barna séu eins og best verður á kosið, m.a. með tilliti til líkamsbeitingar og að börn séu ekki í nálægð við vélar eða hættuleg efni. Gæta skal þess sérstaklega að raska ekki skólasókn barna. Forðast skal að láta börn lyfta þyngri byrði en 8 -10 kg háð vinnuaðstæðum, sbr. viðauka 3, lið 1b. Þó má gera undantekningar á þessu þar sem viðeigandi hjálparbúnaður er notaður, t.d. hjólavagnar eða léttar hjólbörur og vinna skipulögð þannig að burður sé í lágmarki. Upptalning er ekki tæmandi:

1. Létt fóðrun, hirðing og gæsla dýra.
2. Hreinsun illgresis, gróðursetning, hreinsun gróðurbeða, gróðurvinna, rakstur eftir slátt og önnur sambærileg létt garðavinna.
3. Vinna í skólagörðum undir umsjón kennara.
4. Létt uppskerustörf án véla.
5. Vinna við blóm og grænmeti t.d. í gróðurhúsum.

6. Hreinsa, sópa og tína rusl.
7. Létt fiskvinnslustörf, t.d. létt röðun eða flokkun án véla.
8. Létt störf í sérverslunum og stórmörkuðum, m.a. að verðmerkja vörur. Undanskilin er vinna við greiðslukassa.
9. Móttaka á léttum vörum, pökkun, flokkun og röðun. Létt handavinna svo sem innpökkun á léttum vörum og fægja eða pússa.
10. Minni háttar hreingerningar og leggja á borð. Flokkun og merking þvottar.
11. Létt handavinna við samsetningu, þó ekki lóðning, suða og vinna með hættuleg efni.
12. Málningarvinna og fúavörn með umhverfisvænum efnum þó ekki sprautumálun.
13. Létt sendisveinastörf, t.d. með dagblöð og auglýsingar. Sala dagblaða, blað- og póstburður.
14. Létt skrifstofustörf.

VIÐAUKI 5 A
Dæmi um störf í vinnuskólum sem 15 ára og eldri mega vinna undir leiðsögn leiðbeinanda.

1. Sláttur í görðum með vélknúinni handsláttuvél með haldrofa. Nota skal öryggisskó, heyrnarhlífar og andlitshlíf.
2. Sláttur með vélorfi í görðum. Nota skal öryggisskó, heyrnarhlífar og andlitshlíf.
3. Dreifing tilbúins áburðar með handafli.
4. Burður húsdýraáburðar að plöntum.
5. Aðstoð á gæsluvöllum og í skólagörðum.

VIÐAUKI 5 B
Dæmi um störf í vinnuskólum sem 16 ára og eldri mega vinna undir leiðsögn leiðbeinanda.

1. Sláttur á opnum svæðum með vélknúinni handsláttuvél með haldrofa. Nota skal öryggisskó, heyrnarhlífar og andlitshlíf.
2. Sláttur á opnum svæðum með vélorfi. Nota skal öryggisskó, heyrnarhlífar og andlitshlíf.

Nr. 427 16. júní 1999

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.
Gjaldskrárliðir.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	7,03	kr/kWh
Fastagjald F.1	4.130,00	kr/ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð.

Orkugjald	7,03	kr/kWh
Fastagjald 3 x F.1	12.390,00	kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld birtustýrð utanhússlýsing í umsjá RARIK.

Orkugjald	7,03	kr/kWh
Viðhaldsgjald	2,46	kr/kWh
Fastagjald F.1.	4.130,00	kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	5,03	kr/kWh
Fastagjald 4 x F.1	16.520,00	kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 6 kW, hámarksafl 50 kW.

Orkugjald af allri notkun	3,75	kr/kWh
Aukaafsláttur vegna rafhita	0,76	kr/kWh
Aflgjald (lágmark 6 kW)	7.140,00	kr/kW/ári
Fastagjald 3 x F.1	12.390,00	kr/ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	7,03	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

A.6 Skiparafmagn.

Raforkusala með rofheimild, vegna landtenginga skipa.

Orkugjald	4,95	kr/kWh
Fastagjald	37.500,00	kr/ári

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafl 15 kW.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept.)	2,22	kr/kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl)	3,48	kr/kWh
Aflgjald sumar (1. apríl til 31. okt.)	671,00	kr/kW/m
Aflgjald vetur (1. nóv. til 31. mars)	1.341,00	kr/kW/m
Fastagjald	37.500,00	kr/ári

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Orkugjald	2,01	kr/kWh
Aflgjald	3.360,00	kr/kW/ári

C.1/D.1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2 x 1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	4,04	kr/kWh
Fastagjald F.3	15.660,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

C.2/D.2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald	2,74	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

D.3 Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

Orkugjald 1. maí til og með 30. sept.	4,04	kr/kWh
Orkugjald 1. okt. til og með 30. apríl	5,62	kr/kWh
Fastagjald F.3	15.660,00	kr/ári

S.1 Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

Orkugjald	2,22	kr/kWh
Aflgjald	541,00	kr/kW/mán.

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

80.10 Ómæld smánotkun.

Um er að ræða smánotkun (mælitæki, magnarar o.þ.h.), þar sem mælingu verður ekki við komið. Miðað er við að uppsett afl á notkunarstað sé undir 0,5 kW. Gjaldtaka fyrir afl miðast við uppsett afl, en þó að lágmarki 0,05 kW fyrir hvern tengistað. Fastagjald skal greiða fyrir hvern tengistað.

Aflgjald	61.583,00	kr/kW/ári
Fastagjald	4.130,00	kr/ári

H1/H2 Hitaveita R/O.

Orkugjald	2,86	kr/kWh
Sérstakur afsláttur til íbúðarhúsa (H1)	0,14	kr/kWh
Vatnsgjald	37,60	kr/m^3
Fastagjald	13.600,00	kr/ári

Sjá ennfremur kafla um niðurgreiðslur.

H.3/H.4 Hitaveita Siglufirði.

H.3 Heitt vatn um rennslismæli (kranavatn)

Vatnsgjald	137,00	kr/m^3
Fastagjald	2.200,00	kr/ári

H.4 Hitun húsnæðis um rennslismæli

Vatnsgjald	77,70	kr/m^3
Fastagjald	13.600,00	kr/ári

Þeim sem hita hús sín með heitu vatni skv. H.4. er veittur afsláttur á vatnsgjaldi ef

reiknað meðalhitastig vatns er undir 70°C. Afsláttur er ekki veittur þeim sem nota eingöngu neysluvatn (kranavatn).

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mælir	840,00	kr/ári
Fjölfasa mælir	3.140,00	kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:	kr.	
Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu	1.030,00	kr.
Opnunargjald:		
Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar og/eða opnunar veitu vegna vanskila	4.120,00	kr.
Þjónustugjöld.		
Aukaálestursgjald	1.300,00	kr.
Leiga á fjarmælilíða	5.250,00	kr/ári

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku til húshitunar á lægra verði en til almennrar notkunar og veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og hámark 42.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (*notkunartímabil=tímabilið milli álestra*). Niðurgreiðsla nemur 1,77 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,085 kr/kWh. Alls 2,245 kr/kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,264 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,277 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,058 kr/kWh. Alls 1,599 kr/kWh. *Að auki veitir RARIK 0,76 kr/kWh aukaafslátt vegna rafhitunar húsa, óháð orkunotkun. Mesti afsláttur er því 2,359 kr/kWh.*

Liður H.1 Hitaveita:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,620 kr/kWh. Sérstakur afsláttur Rafmagnsveitnanna er 0,07 kr/kWh. Alls 1,690 kr/kWh. *Að auki veitir RARIK 0,14 kr/kWh afslátt vegna hitunar íbúðarhúsa, óháð orkunotkun. Mesti afsláttur er því 1,830 kr/kWh.*

Liður C.2 Næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 1,013 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,053 kr/kWh. Alls 1,456 kr/kWh.

Þessar tölur gilda frá 1. janúar 1999.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað, enda greiði notandi viðhaldsgjald samkvæmt smásölugjaldskrá.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla *með rafhitun* samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir sérmældir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksmánaðar er hæsta gildi afls viðkomandi reikningstímabils milli reglulegra álestra. Álestur er mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Vetrargjald afls er á tímabilinu 1. nóvember til 31. mars. Á öðrum tíma gildir sumarverð afls. Vetrarverð orku gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Á öðrum tíma gildir sumarverð orku. Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði sem næst mánaðamótum. (*Taxti þessi er ekki veittur nýjum notendum frá árinu 1995*).

5. Véla- og tækjanotkun.

Falli meðalfasviksstuðull í tilteknum mánuði á tímabilinu 1. október til 1. maí, niður fyrir 0,9 er RARIK heimilt fyrir þann mánuð að krefjast 2% viðbótarorkugjalds fyrir hvert hundraðshlutastig, eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárliða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWh/ári á töxtum A.1 til A.4.

Heimilt er að gera tímabundna sérsamninga um orkuviðskipti í sérstökum tilfellum sem víkja frá almennri smásölugjaldskrá. Til sérsamninga teljast m.a. víkjandi orka, ótryggð orka, samningar vegna gagnkvæmra viðskipta með raforku (varaafl) og aðrir sérsamningar við stærstu notendur þar sem um mikla orkunotkun er að ræða (1 milljón kWh/ári eða meira).

7. Rafmagn til skipa.

Raforkusala til hafna vegna endursölu til skipa. Taxti þessi er eingöngu ætlaður til landtenginga skipa og annarra nota sem tengist skipunum beint, ekki til annarra nota hafnanna, svo sem lýsingar og gámatenginga. Hér er um að ræða orku sem ekki nýtur fulls forgangs, en telst þó ekki ótryggð eða víkjandi orka eins og hún hefur verið skilgreind. Rafmagn til þessara nota verður rofið þegar skortur er, þ.e. þegar og ef grípa þarf til skömmtunar. Þetta þýðir að raforka sem kynni að þurfa að framleiða með dísilvél í landi, fæst ekki til skipanna, enda eru þau búin varaafli.

Gjald vegna varatengingar.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1. Í hverju tilviki fyrir sig, skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst greiðir notandinn að fullu.

1.2. Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi Rafmagnsveitnanna, þegar varatengingar er óskað, greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ.e. af línulögn, spenni, strengjum o.s.frv.

1.3. Notandi greiðir fyrir varatenginguna, óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar aflgjaldi á marktaxta fyrir 4 kW að viðbættu fastagjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A.1.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

1. Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna bs. og Bæjarveitna Vestmannaeyja. Aðilar skulu gera með sér viðskiptasamning á grundvelli gjaldskrárinnar með nánari útfærslu eftir því sem þeir telja þörf á.

2. Gjöld.

Áskriftaraflgjald	9.220,62	kr/kW/ári
Yfirafl	0	kr/kW/ári
Vetrargjald orku	2,29	kr/kWh
Sumargjald orku	1,14	kr/kWh
Tengigjald	346.350,00	kr/ári
Fastagjald	37.500,00	kr/ári
Flutningsorkugjald	0,113	kr/kWh
Flutningsaflgjald	1.442,00	kr/kW
Umframorkugjald	20,60	kr/kWh

Afl- og orkutöp: gjaldtaka sbr. grein 3.4.
Nettengigjald: gjaldtaka sbr. grein 3.5.
Gjöld fyrir launorku: gjaldtaka sbr. grein 3.6.

3. Skilgreiningar.

3.1 Gjaldtímabil.

Vetrargjald gildir 1. janúar til 30. apríl og 1. október til 31. desember. Sumargjald gildir 1. maí til 30. september. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan árs eða mánaðar skal ávallt reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

3.2 Afl.

Með afli er í gjaldskrá þessari ávallt miðað við 60 mínútna meðalálag. Áskriftarafl er umsamið afl samkvæmt nánari skilgreiningu í viðskiptasamningi. Yfirafl er viðbótarafl sem nánar skal skilgreint í viðskiptasamningi. Flutningsaflgjald skal greiða fyrir hæsta afltopp ársins. Í viðskiptasamningi er þó heimilt að víkja frá ákvæðinu um hæsta topp ef sérstakar aðstæður valda.

3.3 Umframorka.

Umframorka er orka umfram markafl, en markafl er summa áskriftarafls og yfirafls á hverjum tíma. Aðilum er heimilt að semja um að hafa annan hátt á gjaldtöku umframorku, en samkvæmt gjaldskrá þessari.

3.4 Afl- og orkutöp.

Í viðskiptasamningi skal skilgreina afltapahlutfall og útreikning á afltöpum. Fyrir afltöp skal greiða áskriftaraflgjald. Í viðskiptasamningi skal skilgreina nýtingartíma afltapa og útreikning á orkutöpum. Fyrir orkutöp skal greiða vetrar- eða sumargjald orku eftir því sem við á.

3.5 Nettengigjald.

Fyrir orku skal greiða nettengigjald. Einingarverð gjaldsins skal reikna í árslok og nema heildarkostnaði RARIK á árinu vegna tengigjalda Landsvirkjunar jafnað á heildarkaup RARIK á forgangsorku frá Landsvirkjun.

3.6 Launorka.

Falli meðalfasviksstuðull í tilteknum mánuði á tímabili vetrargjalds, sbr. grein 3.1, niður fyrir 0,9 er RARIK heimilt fyrir þann mánuð að krefjast 2% viðbótarorkugjalds, sbr. grein 2, fyrir hvert hundraðshlutastig, eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

4. Greiðslukjör.

4.1 Orkugjöld.

Fyrir orku, sbr. grein 2, skal greiða mánaðarlega samkvæmt mælingu.

4.2 Önnur gjöld.

Fyrir áskriftaraflgjald, tengigjald, fastagjald, flutningsaflgjald, afltöp, orkutöp og nettengigjald, sbr. grein 2, skal ársgreiðsla áætluð í upphafi árs. Fyrir mánuðina janúar til nóvember skal mánaðarlega greiða 1/12 hluta áætlaðrar ársgreiðslu og teljast þær greiðslur vera innborganir. Fyrir desember skal greiða útreiknaða ársgreiðslu að frádregnum innborgunum. Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin.

4.2 Gjalddagi og vanskil.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kolli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

Gjaldskrá fyrir ótryggða orku.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagn frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

2. Rafmagnsgjald.

1. verðþrep	1,229	kr/kWh
2. verðþrep	1,596	kr/kWh
3. verðþrep	2,298	kr/kWh
Fastagjald	142.100,00	kr/ári

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu víkjandi orku.

1. Almenn skilyrði.

Víkjandi orka er rjúfanleg forgangsorka. Hana má selja í stað annarra orkugjafa eða þegar um er að ræða framleiðslu eða starfsemi sem lagst getur niður tímabundið meðan rofið er. Víkjandi orka er ætluð:

a) Þeim sem kost eiga á ótryggðri orku en treysta sér ekki til að undirgangast þau skilyrði um langtímarof sem henni fylgja.

b) Þeim sem kost eiga á kaupum samkvæmt smásölugjaldskrá, sbr. þær takmarkanir sem þar koma fram, til nota hvar rof á hæstu álagstímum getur talist eðlilegur viðskiptamáti; hér er einkum átt við ýmis konar hitun og lýsingu í gróðurhúsum.

Sala á víkjandi orku er háð samþykki Rafmagnsveitna ríkisins í hverju tilviki. Uppsett afl þess búnaðar, sem nýtir víkjandi orku, skal að lágmarki vera 100 kW eða áætluð ársnotkun að lágmarki 500 MWh.

2. Afhending víkjandi orku.

Stýritími er sá tími þegar stýring aflkaupatopps frá Landsvirkjun er virk. Framkvæmd er í höndum stjórnstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins sem kemur boðum um stýritímann til viðskiptavina.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að skerða afhendingu:

a) Á stýritíma Rafmagnsveitna ríkisins.

b) Vegna afltakmarkana, truflana eða bilana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins til að koma í veg fyrir yfirálag.

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks a) en eigi skemmri en ein klukkustund vegna b) ef mögulegt er. Heimilt er Rafmagnsveitum ríkisins að leyfa afhendingu orku á stýritíma gegn gjaldi sem nemi 110% af refsigjaldi (umframaflgjaldi) Landsvirkjunar eða 110% af áætluðum framleiðslukostnaði með dísilvélum vegna álagsstýringar á hverjum tíma.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp mælabúnað sem við á og Rafmagnsveiturnar samþykkja til mælingar á orku. Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal mæld á einum stað og á einum mæli. Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, rofabúnað sem þær samþykkja til rofs á afhendingu orkunnar.

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal vera rjúfanleg á einum rofa.

3.3 Fjarstýring rofabúnaðar.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þeirra og getur:

a) Rofið afhendingu.

b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.

c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

Fjarstýring Rafmagnsveitna ríkisins skal virka á einn rofa, sbr. grein 3.2, en kaupandi skal setja upp búnað til innsetningar í áföngum ef þurfa þykir. Sé heimildin til afhendingar orku á stýritíma nýtt, sbr. 2. grein, skuldbindur kaupandi sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, þann viðbótarbúnað sem til þarf.

4. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. janúar 1993 og gilda þar til annað verður ákveðið.

Gjaldskrá fyrir víkjandi orku.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

2. Rafmagnsgjald.

Vetrargjald orku	3,217	kr/kWh
Sumargjald orku	2,082	kr/kWh
Fastagjald	142.100,00	kr/ári

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma vísast í framangreinda skilmála.

3. Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin: 1. janúar til 30. apríl og 1. október til 31. desember.
Sumargjald gildir tímabilið: 1. maí til 30. september.

III. TENGIGJÖLD.

1. Þéttbýli.

Tengigjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1.1. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.2. Aðalheimtaugar. Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	kr.
63 A einfasa:	87.500
63 A þrífasa:	96.300
100 A þrífasa:	152.000
200 A þrífasa:	303.000
315 A þrífasa:	478.000
400 A þrífasa:	609.000
630 A þrífasa:	959.000
710 A þrífasa:	1.085.000
1200 A þrífasa:	1.824.000

1.3. *Staðsetning.* Leitað skal samþykkis Rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða þann áætlaða viðbótarkostnað sem af því hlýst, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

1.4. *Aukakostnaður.* Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann áætlaða kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

1.5. *Spennistöð.* Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið -uppsteypt- er lagt til Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.6. *Breyting á heimtaug.* Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð eða færð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati Rafmagnsveitnanna.

1.7. *Bráðabirgðaheimtaugar.* Grunngjald er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð.	kr.
63 A einfasa:	13.600
63 A þrífasa:	19.100
100 A þrífasa:	20.900

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks og leigu efnis samkvæmt kostnaðaráætlun, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu. Fyrir orkunotkun skal greiða samkvæmt taxta A.2 eða A.4, eftir því hvort um rafhitun er að ræða eða ekki.

1.8. *Frávik.* Kafli þessi gildir um skipulögð hverfi í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1.200 A, skal greiða tengigjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðaráætlun eða eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

2. Dreifbýli.

2.1. Tengigjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði og þ.h., skal vera:

Fyrir hverja heimtaug ..... kr. 164.400

Tengigjaldið er miðað við, að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

2.2. Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 2.1, skulu tengigjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

3. Sumarhúsahverfi.

3.1. Tengigjald í skipulögðu sumarhúsahverfi skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja heimtaug ..... kr. 196.200

Tengigjaldið miðast við 5 kVA afl í spennistöð fyrir hvert hús. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt kostnaði. Þetta tengigjald gildir innan hverfisins, séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

3.2. Um sé að ræða skipulögð hverfi. Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2.000, staðfestur af Skipulagi ríkisins. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

3.3. Eftirlit. Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeigenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis, uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

3.4. Fjöldi. Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaðaráætlun.

3.5. Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3523.48. Rafmagnsveiturnar leggja til mælakassa til uppsetningar á útvegg húss, en viðkomandi rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

3.6. Lengd háspennulínu sem leggja þarf að sumarhúsahverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.

3.7 Uppbygging. Sé fyrirsjáanlegt, að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið, komi til með að byggjast seint upp, þá geta Rafmagnsveiturnar krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt tengigjald, áður en ráðist

er í framkvæmdir. Staðsetning húsa innan skipulags svæðis (þéttleiki byggðar) hefur ennfremur áhrif á ákvörðun um hvort rafvæðing verður heimiluð innan ramma gjaldskrár.

4. Hitaveitur.

Eftirfarandi gildir um R/O hitaveitur Rafmagnsveitna ríkisins og hitaveitu á Siglufirði:

4.1. Tengigjöld fyrir hverja heimæð eru m.a. háð rúmmáli þess húsnæðis sem hita skal (utanmáli) og eru sem hér segir fyrir hús allt að 600 rúmmetrum:

	kr.
20 mm pípa; lágmarksgjald	87.500
Hver mælagrind umfram eina	18.900

4.2. Rúmmál. Við ákvörðun á rúmmálsstærð skal miða við fasteignaskrá. Fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati skal miðað við byggingarteikningar húsa. Lágmarksgjald miðast við 20 mm heimæð. Ef um stærri heimæð er að ræða, reiknast viðbótarkostnaður samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

4.3. Takmörkun. Rafmagnsveitunum er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til. Tengigjöld hitaveitu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

4.4. Mælagrind. Hverri heimæð fylgir ein mælagrind. Greiða skal aukagjald fyrir hverja mælagrind umfram þá fyrstu.

4.5. Ef sérstakar aðstæður mæla með því, er heimilt að lækka eða fella niður heimæðargjald að fengnu samþykki rafmagnsveitustjóra. Að öðru leyti en að ofan er greint, gilda sömu skilmálar um orkuviðskipti og í gildi eru fyrir raforkusmásölu Rafmagnsveitna ríkisins.

5. Annað.

5.1. Tengigjöld fyrir annað, en að framan greinir, svo sem fyrir heimtaugar í stök sumarhús, veiðihús, o.fl., eru ávallt samkvæmt kostnaðaráætlun, þó að lágmarki kr. 196.200. Um bráðabirgðaheimtaugar í strjálbýli gilda sömu reglur og í þéttbýli (kafli 1.7).

5.2. Tengigjald fyrir ómælda smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er að lágmarki kr. 30.000 og er þá innifalin tengivinna í götugreiniskápnum og allt að 10 m af jarðstreng ásamt tengibúnaði. Fyrir streng umfram 10 m greiðast 250 kr/m. Öll jarðvinna, svo sem gröftur, söndun og frágangur, er undanskilin í ofangreindum verðum. Ef jarðvinna, að hluta eða öllu leyti, er unnin af RARIK skal sú vinna greidd samkvæmt kostnaðaráætlun.

5.3. Endurtenging. Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald, hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald F.1, auk kostnaðar við endurtengingu.

5.4. Aukaheimtaug. Að jafnaði er aðeins gert ráð fyrir einni heimtaug fyrir hvern notanda. Sé hins vegar þörf á aukaheimtaug, skal greiða fyrir hana samkvæmt kostnaðaráætlun hverju sinni, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

5.5. Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en þær sem tilgreindar eru í kafla um tengigjöld skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun hverju sinni.

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1999, sem er 231,2 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 40 7. janúar 1998 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 428 16. júní 1999

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.
Gjaldskrárliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	5,99	kr/kWh
Fastagjald F1	3.563,00	kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar miðað við 4.500 lýsingartíma á ári.

Aflgjald	24.000,00	kr/kW/ári
Viðhaldsgjald	10.000,00	kr/kW/ári

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A1 ef hagkvæmara þykir.
Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	3,86	kr/kWh
Fastagjald F2	18.325,00	kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald (lágmark 4 kW)	6.644,00	kr/kW/ári
Fastagjald F3	14.762,00	kr/ári
Orkugjald af allri notkun	2,79	kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	5,99	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitlunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW, hámarksafl 50 kW.

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.
Lágmark 15 kW.

Aflgjald	10.006,00	kr/kW/ári
Orkugjald	2,20	kr/kWh

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júlí til 31. október.

Aflgjald	3.128,00	kr/kW/ári
Orkugjald	1,87	kr/kWh

C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald	3,86	kr/kWh
Fastagjald F3	14.762,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring.

C.2/D.2 Næturhitun.

Orkugjald	2,62	kr/kWh
Fastagjald F3	14.762,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími allt að 15 klst. á sólarhring.

D.3 Varmadælur.

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald	5,32	kr/kWh
Fastagjald F3	14.762,00	kr/ári

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mæla	780,00	kr/ári
Þrífasa mæla	3.075,00	kr/ári
Þrífasa mæla með straumspennum	5.205,00	kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki, en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 885,00.

Opnunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila, er kr. 1.771,00.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Utanhússlýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súg-

þurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumarafl.

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlið B.1, ár hvert.

Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Orkubú Vestfjarða getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur Orkubúið sér rétt til þess að takmarka val gjaldskrárliða.

7. Annað.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubú Vestfjarða ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitveitu.
   1.1. Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildaraflþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis, tilgreina skal sérstaklega aflþörf vegna hitunar. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m
Allt að 40	69.403,00	1.397,00
40 - 65	102.873,00	1.674,00
65 - 130	216.380,00	2.100,00
130 - 200	339.738,00	2.527,00

Aukamælagrind fyrir hitaveitur kr. 28.097,00. Ofangreind heimtaugargjöld eru bæði vegna raforkunotkunar til hitunar og til annara nota og skiptist þannig að 75% eru vegna hitunar og 25% vegna annarra nota.

2.2. Yfirlengd reiknast af jarðstrengsheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130-200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o.s.frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið -uppsteypt hús- er lagt Orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4. Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
   3.1. Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 6.739,00.
   3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

III. HEIMTAUGARGJALD Í DREIFBÝLI.

1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er

rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

2. Heimtaugargjald fyrir eina heimtaug á hvert lögbýli, fyrir eina heimtaug til annarra en bænda sem stunda sambærilega atvinnustarfsemi og þeir, enda eigi þeir lögheimili og hafi fasta búsetu í sveit, og fyrir eina heimtaug í þjónustufyrirtæki í sveitum sem þjóna fyrst og fremst þessum aðilum skal vera kr. 115.222. Framangreint grunngjald miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 218,0 stig og að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram úr kostnaði við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöð. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.
3. Aðrar heimtaugar:
   Heimtaugargjald fyrir annað en að framan greinir, svo sem heimtaugar á lögbýlum umfram eina, heimtaugar umfram eina í tengslum við aðra atvinnu- og þjónustustarfsemi sem um ræðir í 2. lið, heimtaugar í tengslum við aðra starfsemi en þar greinir, heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, sumardvalar- og orlofshús hverskonar og aðrar ótaldar byggingar í sveitum, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða, þó aldrei lægri en heimtaugargjald skv. grein 2 hér að framan.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts, en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun veita ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niðurgreiðslna. Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og H490 og 42.000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (notkunartímabil=tímabilið milli álestra). Niðurgreiðsla nemur kr. 1,77 kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,47 kr. á kWh, eða samtals 2,24 kr/kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,26 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,31 kr. á kWh, eða samtals 1,57 kr/kWh.

Liður C2 næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,01 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,44 kr. á kWh, eða samtals 1,45 kr/kWh.

Liður H490 Orka og vatnsmagn:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,62 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,44 kr. á kWh eða samtals 2,06 kr. á kWh.

V. SKILMÁLAR UM SÖLU ÓTRYGGÐRAR ORKU.

1. Almenn skilyrði.

Sala á ótryggðri orku er háð samþykki Landsvirkjunar og því að nægjanleg flutningsgeta sé til staðar í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.

Um sölu ótryggðrar orku gilda þeir almennu skilmálar sem stjórn Landsvirkjunar setur á hverjum tíma. Skilmálar Landsvirkjunar með gildistöku 1. janúar 1991 eru sá grunnur sem eftirfarandi skilmálar Orkubús Vestfjarða hvíla á og miðast við.

Líta ber á skilmála þá sem hér eru settir af hálfu Orkubús Vestfjarða sem viðbót við skilmála Landsvirkjunar og flest þau atriði sem þar koma fram eru ekki endurtekin hér.

2. Afhending ótryggðrar orku.

2.1 Ótryggt afl dregið frá í stýringu hjá Orkubúi Vestfjarða.

Þegar um er að ræða notendur með uppsett afl í 1 MW eða meira og rafmagnið er bæði afl- og orkumælt [sbr. grein 3.3 ii í söluskilmálum Landsvirkjunar] er Orkubúi Vestfjarða heimilt að skerða afhendingu ótryggðu orkunnar, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

a) Vegna bilana á fjarmælingu aflúttektar notanda sem nýtt er til stýringar á forgangstoppi þeim sem Orkubú Vestfjarða kaupir frá Landsvirkjun.
b) Vegna afltakmarkana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag.
c) Vegna truflana og bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.
d) Vegna óviðráðanlegra afla [„Force Majeure“].

Fyrirvari rofs vegna ofangreindra tilvika skal eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

2.2 Ótryggt afl ekki dregið frá í stýringu hjá Orkubúi Vestfjarða.

Þegar ótryggða orkan er eingöngu orkumæld [sbr. grein 3.3 í söluskilmálum Landsvirkjunar (sjá þó grein 3.1 í þessum skilmálum)] er Orkubúi Vestfjarða heimilt að skerða afhendingu, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

a) Vegna stýringa á forgangsafltoppi þeim sem Orkubú Vestfjarða kaupir frá Landsvirkjun.
b) Vegna afltakmarkana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag.
c) Vegna truflana og bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.
d) Vegna óviðráðanlegra afla [_Force Majeure“].

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks 2.2 a) en vegna annarra ofangreindra tilvika skal hann eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður.

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, mælabúnað sem við á og það samþykkir til mælingar á afli og orku.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælilngar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður.

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þess og getur:

a) Rofið afhendingu.
b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

4. Takmörkun á sölu ótryggðrar orku.

4.1 Nýir notendur.

4.1.1 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.

Þegar óskað er eftir kaupum á ótryggðri orku ákveður Orkubú Vestfjarða í hverju tilviki fyrir sig, hvort af slíkum viðskiptum geti orðið.

Mat Orkubús Vestfjarða mun byggjast á útreikningum á flutningsgetu í kerfi þess, kostnaði við orku- og afltöp, flýtingarkostnaði í nýfjárfestingu og öðrum þeim rekstrarlegu þáttum sem hamlað geta orkuafhendingu. Verði flýtingarkostnaður hærri en 30% af mismuni þeim sem er á orkuverðum gjaldskrár Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar fyrir ótryggða orku, verður afhending ekki samþykkt, nema til komi sérstök greiðsla vegna þess hluta sem umfram er.

4.1.2 Takmörkun vegna heimtaugar og næsta dreifikerfis.

Kostnað við heimtaug og þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru í dreifikerfinu og nýtast notandanum einum að öllu eða miklu leyti, ber notanda að greiða.

Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

4.2 Notendur sem eru í viðskiptum.

4.2.1 Breytingar á aðstæðum.

Notendur sem komnir eru í viðskipti á grundvelli þeirra söluskilmála og gjaldskrár sem í gildi voru við upphaf viðskipta verða að sæta því að nýjar aðstæður í uppbyggingu veitukerfis Orkubús Vestfjarða, breyttar forsendur um álagsþróun og fleiri atriði geta valdið því, að það rúm sem áður var fyrir sölu til viðkomandi aðila þrengist og kostnaður vegna áframhaldandi sölu verði meiri en gjaldskrá Orkubús Vestfjarða er ætlað að bera [sbr. grein 4.1.1]. Í slíkum tilvikum er óhjákvæmilegt að endurmeta viðskiptin.

4.2.2 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.

Stefni viðskipti Orkubús Vestfjarða og samningsbundins kaupanda ótryggðrar orku í það, að ódýrara verði fyrir Orkubú Vestfjarða að rjúfa afhendingu orkunnar fremur en flýta fjárfestingu [sbr. þau mörk sem tilgreind eru í grein 4.1.1.], mun það segja upp samningi við viðkomandi aðila með eins árs uppsagnarfresti sem lágmark. Á því ári mun Orkubú Vestfjarða leita samkomulags við viðkomandi aðila um greiðslu þess hluta flýtingarkostnaðar sem gjaldskrá nægir ekki fyrir.

Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

5. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. maí 1994 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR ÓTRYGGÐA ORKU.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar Orkubús Vestfjarða um sölu ótryggðrar orku frá 1. maí 1994.

2. Rafmagnsgjald án vsk.

Fast gjald	141.812,00	kr/ári
1. verðþrep	1,23	kr/kWh
2. verðþrep	1,59	kr/kWh
3. verðþrep	2,30	kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er, að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Orkubús Vestfjarða og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða. Slíkur afsláttur er háður samþykki stjórnar Landsvirkjunar í hverju tilviki.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 318 6. júní 1996 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

16. júní 1999 Nr. 429

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490/I494.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	14.762,00	kr/ári
Orkugjald	3,26	kr/kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	21,84	kr/m^3
Rúmmetragjald m.v. 70°C	16,37	kr/m^3

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla IV. um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt í gjaldskrá orkubúsins fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499/I495.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	14.762,00	kr/ári
Orkugjald	3,26	kr/kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	21,84	kr/m^3
Rúmmetragjald m.v. 70°C	16,37	kr/m^3

I490 Vatnsmagn á Reykhólum.

Rúmmetragjald	101,55	kr/m^3
Fastagjald	14.762,00	kr/ári

I498 Vatnsmagn á Reykhólum til sundlauga og gróðurhúsa.

Rúmmetragjald	33,81	kr/m^3
Fastagjald	14.762,00	kr/ári

Orka H498.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti af viðurkenndri gerð til þeirra er nota meira en 400.000 kWh/ári.

Fastagjald	14.762,00	kr/ári
Orkugjald	2,12	kr/kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	14,20	kr/m^3

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá Heimtaugargjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 885,00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1.771,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 319 6. júní 1996 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

24. júní 1999 Nr. 430

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er kr. 75.056.267 á ári og fast gjald Borgarbyggðar er kr. 29.526.950 á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er kr. 22,40 á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fast gjald á mánuði = F x 11,60 kr/m^2, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2.

Fast gjald á mánuði = 1.508 kr.+(F-130) x 6,98 kr/m^2, ef F er stærra en 130 m^2.

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 84,16 fyrir hvern rúmmetra vatns.
b) Þeir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 112,49 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Vatnssala um hemil.
Vatnsgjald um hemil kr. 2.718 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

7. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:
Fyrir mæli með nafnrennsli undir 6 m^3/klst.: 280 kr/mán.
Fyrir mæli með nafnrennsli yfir 6 m^3/klst.: 502 kr/mán.

8. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 21. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald kr. 1.583.
Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 573.

9. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, samkvæmt fasteignarmati. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	**Stofngjald:**
allt að 250 m^3	75.155 kr.
251-500 m^3	75.155 + 179,11 kr/m^3 yfir 250 m^3
501-1500 m^3	119.931 + 105,11 kr/m^3yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	225.045 + 67,44 kr/m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	528.520 + 52,98 kr/m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 56.641,00. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 17.132,00 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.431,00 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveita heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysluverðs í júlí 1999 sem er 188,8 stig.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 98 frá 4. febrúar 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ

Akranesveitu.

Vegna rafmagnssölu.
A-hluti.

Akranesveita selur rafmagn á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár veitunnar. Um sölu rafmagns á orkuveitusvæði Akranesveitu gilda auk þess eftirfarandi ákvæði og skýringar:

Ákvæði og skýringar.

A1. Til lýsingar, véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum, sjúkrahúsum, vistheimilum og öðrum stofnunum.

B1. Til notkunar á heimilum.

B2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla og annarra nota við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimpladrar flutningsgetu tengla sem eru 3 x 63 A og 3 x 125 A, 400 V.

C1. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílówöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl í 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkvæmt þessum taxta, að tilskildu samþykki veitustjórnar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

Hitanotkun.

Raforka til hitunar er seld til upphitunar húsnæðis og til iðnaðarhitunar.

D. Öll sala til hitunar er háð ákvörðun veitustjóra og veitustjórnar m.a. með tilliti til:

a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka);

b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið;

c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu;

d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum;

e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum veitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla;

f. að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni, er veitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári eða færa notkunina yfir á D1.

g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.

D5. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem veitunni er heimilt að rjúfa að vild.

D6. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14 $^{1}/_{2}$ klst. á sólarhring, en á móti sé a.m.k. jafn mikið afl órofið.

Annað.

1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Veitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi veitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

2. Gjald samkvæmt taxta E2 miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði veitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur

viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti veitustjórnar.

Á hesthúsa- og hafnasvæðinu er heimilt að selja rafmagn samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknast á hitataxta D1, en a.m.k. 15% notkunar reiknast á taxta B2. Slík sala er háð samþykki veitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.

3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið E3.
4. Þurfi að senda út lokunartilkynningu vegna vanskila á greiðslu skal viðskiptamaður greiða auka

lega innheimtugjald samkvæmt lið E4.

5. Þurfi að ósk viðskiptamanns að lesa aukalega á mæli skal hann greiða álestrargjald, nema að um flutning sé að ræða.
6. Veitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Veitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 7% fyrir hvert tímabil mánaðarins, sem fer niður fyrir slíkt lágmark. Ársleiga fyrir önnur mælitæki en um getur í B-hluta gjaldskrárinnar skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.

Heimtaugar.

a. Veitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
b. Í tengigjaldi heimtaugar er innifalin 15 m löng heimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengd bráðabirgðarheimtauga reiknast samkvæmt kostnaði.
c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
d. Tengigjald vegna spennistöðvar skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
e. Viðskiptamaður getur fengið skammtímatengingu við dreifikerfi veitunnar (7 dagar hámark). Leggi veitan einnig til sérsmíðaða töflu skal greiða tvöfalt gjald. Auk þessa greiðist orkugjald samkvæmt B2. Ef tenging fer fram utan daglegs vinnutíma skal viðskiptamaður greiða áfallinn viðbótarkostnað.
f. Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Raforkusala
B-hluti.

		Fastagjald kr/ár		Orkuverð kr/kWh
A1	Almenn notkun	2.452		6,57
B1	Heimilisnotkun	2.452		6,19
B2	Mannvirkjagerð og hafnarsvæði	3.657		7,52
C1	Stórnotkun (Afltaxti)	27.933		2,70
	Aflgjald kr/kW/ár	7.782		
D1	Hitun án rofs	4.273		6,15
D2	Hitun, rof 1,5 klst.	4.436		3,51
D3	Hitun, rof 2,5 klst.	4.436		3,17
D4	Næturhitun	4.436		2,28
D5	Sumarhitun	4.436		2,45
D6	Rof breytilegt	4.436		2,89
E1	Sérsamningar			
E2	Gatna- og hafnarlýsing	27.248	kr/kVA/ár	
E3	Lokun og enduropnun veitu	1.574		
E4	Innheimtugjald	569		
E5	Álestrargjald	569		

Leigugjöld		**Fastagjald kr/ár**
10	Einfasa mælir	440
11	Einfasa mælir með liða	2.265
20	Þrífasa mælir	1.712
21	Þrífasa mælir með liða	3.356
24	Þrífasa mælir með str.sp.	4.283
30	Þrífasa aflmælir	2.686
31	Þrífasa aflmælir með str.sp.	5.212

Heimtaugar

Málstærð	*Stofngjald*	*Gjald yfirlengdar kr/m*
63 A 1 fasi	35.082	1.511
63 A 3 fasa	59.825	1.846
100 A 3 fasa	85.998	2.220
200 A 3 fasa	152.044	3.102
350 A 3 fasa	249.226	4.426

Spennistöðvar

Stærð spennis	*Stofngjald*
300 kVA	289.061
500 kVA	585.700
600 kVA	673.392
800 kVA	897.496

Bráðabirgðaheimtaugar

Málstærð	*Stofngjald*
35 A einfasa	9.066
35 A þrífasa	13.024
60 A þrífasa	15.979

Tengigjald v/ skammtímanotkunar	2.833
Tengigjald við Akraneshöfn	2.254

Iðnaðarhiti.
C-hluti.

Mæla- og rofaleiga v/ húshitunar		
1.	Einfasa	440
2.	Einfasa með liða	2.265
3.	Þrífasa	1.712

Vegna sölu á heitu vatni.
D-hluti.

1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðareða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = F x 11,60 kr/m^2 ef F er minna en eða jafnt 130 m^2.

Fastagjald á mánuði = 1.508 kr +(F-130) x 6,98 kr/m^2, ef F er stærra en 130m^2.

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 79,11 kr.
fyrir hvern rúmmetra vatns.

b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 105,74 kr.
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. reglugerð Akranesveitu.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.
Fyrir mæla með nafnrennsli allt að 6 m^3/klst.: 280 kr/mán.
Fyrir mæla með nafnrennsli yfir 6 m^3/klst.: 502 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Akranesveitu, skal greiða gjald kr. 1.574,00.
Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 569,00.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	**Stofngjald:**
Allt að 250 m^3	kr. 75.155
251-500 m^3	kr. 75.155 fyrir 250m^3 + 179,11 kr/m^3 yfir 250 m^3
501-1500 m^3	kr. 119.931 fyrir 500m^3 + 105,11 kr/m^3 yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	kr. 225.045 fyrir 1500m^3+ 67,44 kr/m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	kr. 528.520 fyrir 6000m^3+ 52,98 kr/m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 56.641. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 17.132 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.431 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

7. gr.

Hitaveitugjöld vegna heits vatns samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysluverðs til útreiknings í júlí 1999 sem er 188,8 stig.

Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesa einu sinni eða tvisvar á ári. Veitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli.

Hækki innkaupsverð á raforku er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa varðandi raforku um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður veitunnar vegna almennra verðhækkana, er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingakostnaðar. Fyrrnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Akranesveitu nr. 455 17. júlí 1998 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

24. júní 1999 Nr. 432

REGLUGERÐ

um yfirtökutilboð.

I. KAFLI
Yfirtaka, tilboðsskylda o.fl.

1. gr.
Yfirtaka.

Reglugerð þessi gildi um yfirtöku í hlutafélagi sem hefur opinberlega skráð hlutabréf sín í kauphöll, sbr. 2. mgr. og skyldu til að gera minnihluta hluthafa tilboð í hlutabréf sín samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðarinnar.

Hafi eignarhlutur verið yfirtekinn beint eða óbeint í hlutafélagi sem hefur fengið skráðan opinberlega í kauphöll einn eða fleiri flokka hlutabréfa skal sá er öðlast rétt yfir bréfunum, eigi síðar en 4 vikum eftir að yfirtakan átti sér stað, gefa öllum hluthöfum, á jafnréttisgrundvelli, kost á að afhenda samtímis sín hlutabréf með sömu skilmálum, sbr. 5. gr., ef yfirtakan leiðir til þess að hlutaðeigandi aðili:

1. hefur eignast 50% atkvæðisréttar í félaginu eða samsvarandi hlutafé,
2. hefur öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar í félaginu,
3. hefur fengið rétt til þess að stjórna félaginu á grundvelli samþykkta þess eða á annan hátt með samningi við félagið,
4. hefur á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 50% atkvæða í félaginu.

Kauphöll þar sem bréfin eru skráð skal hafa eftirlit með því að skyldu skv. 1. mgr. sé framfylgt, sbr. og 2. mgr. 8. gr.

Þegar um er að ræða breytanleg verðbréf (*convertibles*), sbr. VI. kafla, lántöku með sérstökum skilyrðum, laga nr. 2/1995 um hlutafélög, eða valkvæð réttindi til að eignast hlutabréf (*options, warrants, o.fl.*), þá er miðað við að fresturinn skv. 1. mgr. til þess að fullnægja tilboðsskyldunni hefjist þann dag sem tilboðsskyldur aðili getur notfært sér atkvæðisréttinn.

2. gr.

Upplýsingaskylda.

Hluthafi, í hlutafélagi sem hefur fengið hlutabréf sín opinberlega skráð í kauphöll samkvæmt 17. gr. sbr. 10. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, skal þegar í stað gera opinberar upplýsingar, sbr. 24. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla o.fl., um þau atriði í samningi hluthafans sem máli skipta og telja verður að geti haft veruleg áhrif á verð bréfa í félaginu.

II. KAFLI
Um opinber tilboðsyfirlit o.fl.

3. gr.

Opinbert tilboðsyfirlit.

Tilboðsskyldur aðili skv. 1. gr. skal útbúa opinbert tilboðsyfirlit með upplýsingum um fjárhagsleg atriði í tilboðinu og önnur skilyrði sem í því felast, þ.m.t. réttinn til að samþykkja það innan tilskilins frests, svo og aðrar upplýsingar sem telja má nauðsynlegar til þess að hluthafar fái nægilega yfirsýn yfir tilboðið.

Eigendaskipti sem verða vegna erfða, gjafagernings og fullnustuaðgerða veðhafa eða eigendaskipti sem verða innan samstæðu o.þ.h. leiða ekki af sér skyldu til þess að gera tilboð.

4. gr.

Þau atriði sem nefnd eru í 3. gr. og skulu koma fram þegar skylt er að gera opinbert tilboðsyfirlit eiga einnig við um önnur opinber tilboð sem gerð eru í þeim tilgangi að yfirtaka hluti í félagi sem hefur fengið opinberlega skráðan einn eða fleiri flokka hlutabréfa í fleiri en einni kauphöll, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla o.fl. Kauphöll hefur eftirlit með því að ákvæði þessu sé framfylgt.

5. gr.

Tilboðsskyldum aðila, sbr. 1. gr., er heimilt að takmarka tilboð sitt þannig að það taki til verulegs hluta hlutafjár eða atkvæðisréttar sem hann óskar eftir að eignast.

Með *verulegum hluta* er átt við að lágmarki 70% þess hlutafjár eða atkvæðisréttar í hlutafélagi sem skylda til tilboðs tekur til. Við takmarkað tilboð samkvæmt þessari grein skal gefa öllum hluthöfum eða eigendum atkvæðisréttar kost á að afhenda hlutabréf sín eða atkvæðisrétt á jafnréttisgrundvelli (*pro rata*).

6. gr.

Í opinberu tilboðsyfirliti skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn, heimilisfang og skráningarnúmer hins skráða félags sem tilboðið tekur til.
2. Nafn, heimilisfang og rekstrarform ef tilboðsgjafi er félag, svo og yfirlit um þá einstaklinga eða lögaðila sem væntanlega munu taka þátt í viðskiptunum ásamt tilboðsgjafa.
3. Upplýsingar um hve mikinn atkvæðisrétt, áhrif eða hluti tilboðsgjafi hefur þegar öðlast beint eða óbeint, eða tryggt sér með öðrum hætti.
4. Upplýsingar um hvort um er að ræða takmarkað tilboð skv. 5. gr. og til hvaða hluta tilboðið taki.
5. Verðið sem miðað er við í tilboðinu, sbr. 7. gr.
6. Upplýsingar um hvernig staðgreiðslan skuli fara fram eða ef boðnir eru fram hlutir í öðru félagi, hvernig skiptin muni verða ákveðin eða sambland þeirra aðferða ef staðgreitt er eða skipt á hlutum.
7. Ef endurgjaldið er hlutabréf skal koma fram á hvaða degi bréfin skulu afhent og hvenær unnt er að beita atkvæðisrétti sem þeim fylgir.
8. Önnur skilyrði sem tilboðið kann að vera háð, þ.m.t. undir hvaða kringumstæðum er unnt að afturkalla það.
9. Hversu lengi tilboðið stendur, sem skal hið skemmsta vera 4 vikur, en 10 vikur hið lengsta.
10. Hvað hluthafa beri að gera til að samþykkja tilboðið.
11. Samantekt tilboðsgjafa um framtíðaráætlanir fyrir félagið, þ.m.t. áform um starfsemi og hvernig skuli nota fjármunalegar eignir félagsins, upplýsingar um áframhaldandi skráningu hlutabréfa félagsins í kauphöll, breytingar á samþykktum og væntanlega endurskipulagningu, ef það á við.
12. Upplýsingar um væntanlega samninga við aðra um að nýta atkvæðisréttinn sem tengist félaginu, svo framarlega sem tilboðsgjafi á aðild að slíkum samningi eða honum er kunnugt um hann.

Uppfylli yfirlit skv. 1. mgr. ekki þær kröfur sem nefndar eru í 1.-5. tl., 1. mgr. getur kauphöllin krafist þess að nánari upplýsingar verði gerðar opinberar innan 7 daga frá því að hún krefst þess.

7. gr.

Sé tilboð gert samkvæmt 4. gr. skulu í tilboðsyfirlitinu vera þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1.-12. tl., 1. mgr., 6. gr.

8. gr.

Verð það sem miðað er við í tilboði samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 4. gr. skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi hefur greitt fyrir þau hlutabréf sem hann hefur eignast síðustu 6 mánuði áður en tilboðið var sett fram.

Hafi félagið fengið skráðan fleiri en einn flokk hlutabréfa, þá ber að ákveða tilboðsverð fyrir hvern flokk fyrir sig. Fyrir þá hlutabréfaflokka þar sem tilboðsgjafi hefur eignast hluti ber að nota meginregluna um hæsta verð, sbr. 1. mgr. Hafi allir flokkarnir verið skráðir í kauphöll ber að ákveða viðmiðunarverð fyrir þá flokka þar sem tilboðsgjafi hefur ekki eignast hluti, sem miðað við kauphallarverðið jafngilda hlutfallslega hæsta verði í þeim flokki eða flokkum hlutabréfa þar sem tilboðsgjafi hefur eignast hluti.

Ef skráður er einn eða fleiri hlutabréfaflokkur, getur það verð sem er ákveðið fyrir óskráða hlutabréfaflokka í tengslum við eigendaskipti á meirihlutaeign í félagi ekki verið meira en 50% hærra en það verð sem boðið er eigendum að minnihluta hlutabréfa í félaginu.

Í tilboði samkvæmt 2. gr. skal bjóða eigendum minnihluta hlutabréfa sömu greiðslu og tilboðsgjafi hefur innt af hendi fyrir aðra hluti sem hann hefur eignast. Tilboðsgjafi getur þó ávallt uppfyllt skyldur sínar með staðgreiðslu fyrir keypta hluti.

9. gr.

Tilboð um yfirtöku hluta í hlutafélagi sem fengið hefur hlutabréf sín skráð í kauphöll skal gert opinbert af tilboðsgjafa með auglýsingu í dagblaði sem dreift er um allt land, svo og að hluta með birtingu skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í auglýsingunni skal tekið fram hvert hluthöfum ber að snúa sér til þess að fá sent tilboðsyfirlit, svo og hvar það hefur verið lagt fram til opinberrar skoðunar af hálfu viðkomandi kauphallar.

Þegar skylt er að gera tilboð skv. 1. mgr. 2. gr. skal senda auglýsinguna um tilboðið og tilboðsyfirlitið til kauphallarinnar áður en birting þeirra á sér stað. Kauphöllin skal að því búnu gera auglýsinguna opinbera, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þegar kauphöllin hefur gengið úr skugga um að kröfum sem gerðar eru samkvæmt lögum og reglugerðum hafi verið framfylgt.

Nafnskráðum hluthöfum í félagi sem tilboð tekur til skal send auglýsingin á kostnað tilboðsgjafa.

III. KAFLI

Um afturköllun tilboða, gildistöku o.fl.

10. gr.

Þegar tilboð er gert opinbert, sbr. 9. gr., þá er unnt að afturkalla það svo framarlega sem:

1. Fram komi tilboð sem keppir við það.
2. Lagaleg atriði eða önnur nauðsynleg viðurkenning stjórnvalda, sem telja verður nauðsynleg til þess að eigendaskipti geti orðið að hlutabréfunum, liggi ekki fyrir eða þeim hafi verið hafnað.
3. Skilyrði sem tilboðið er háð og tekið er fram í tilboðsyfirliti er ekki uppfyllt.
4. Félag það sem yfirtakan beinist að eykur hlutafé sitt.

Ráðherra er einnig heimilt, auk þeirra tilfella sem nefnd eru í 1. mgr., að leyfa afturköllun ef sérstakar ástæður mæla með því.

Afturköllun tilboðs skal birta opinberlega, sbr. 9. gr.

11. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða févíti sem kveðið skal á um í reglum sem kauphöll setur að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 42. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða og öðlast gildi 1. júlí 1999.

Viðskiptaráðuneytinu, 24. júní 1999.

Finnur Ingólfsson.

Tryggvi Axelsson.

REGLUGERÐ

um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll.

I. KAFLI
Inngangur og almenn ákvæði.

1. gr.

Kauphöll sem hefur starfsleyfi samkvæmt 3. gr. laga nr. 34/1998 telst vera *lögbært yfirvald* í skilningi Evrópuréttarins, sbr. 31. gr. þessarar reglugerðar.

Kauphöll ber að framfylgja lögum, svo og öðrum reglum sem gilda um verðbréf sem skráð hafa verið í kauphöll. Brot á því getur varðað afturköllun starfsleyfis skv. 37. gr. laga nr. 34/1998.

2. gr.

Útgefandi skal með tilkynningu opinbera án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem hann vissi eða mátti vita, að hefðu verulega þýðingu fyrir verðmyndun verðbréfa hans sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar í kauphöll. Auk reglna sem settar eru í þessari reglugerð og í reglugerð um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll skal í reglum kauphallar setja nánari leiðbeiningar um þau atriði sem geta haft áhrif á skyldu útgefanda til að veita upplýsingar samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Jafn aðgangur fjárfesta að upplýsingum.

Útgefandi skal gæta jafnræðis fjárfesta um aðgang að upplýsingum sem þessi reglugerð nær til og tryggja að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim áður en þær eru gerðar opinberar. Óheimilt er að veita slíkar upplýsingar án þess að senda kauphöll þær áður eða eigi síðar en um leið og þær eru veittar öðrum.

4. gr.

Form tilkynningar til kauphallar.

Útgefandi skal í allri upplýsingagjöf sinni gæta þess að gefin sé skýr mynd af því sem fjallað er um hverju sinni. Orðalag í tilkynningum til kauphallar skal vera skýrt og ótvírætt þannig að fjárfestum verði strax ljóst hvað fjallað er um í tilkynningunni og hvaða áhrif það hefur á félagið, til dæmis á afkomu og efnahag.

Um form tilkynninga, sendingarhátt og móttöku þeirra fer að öðru leyti eftir reglum sem kauphöll setur.

5. gr.

Tungumál.

Tikynningar skulu vera á því tungumáli sem kveðið er á um í reglum kauphallar.

II. KAFLI
Um birtingu ársreiknings, milliuppgjörs o.fl.

6. gr.

Breytingar á fjármögnun félagsins.

Senda skal kauphöll upplýsingar þegar ákvörðun hefur verið tekin um verulegar breytingar eða áætlanir liggja fyrir um breytingar á fjármögnun, þar með talin áform um aukningu hlutafjár og verulega útgáfu skuldabréfa.

Þegar hækkun hlutafjár er áformuð skal jafnframt senda kauphöll upplýsingar um skilmála vegna hlutafjárhækkunar um leið og þeir liggja fyrir, þar á meðal:

1. fjárhæð hlutafjáraukningarinnar;
2. forkaupsrétt núverandi hluthafa og/eða annarra og hvort útboðinu á að beina til sérstakra hópa eða til almennings;
3. áskriftar- og sölufyrirkomulag, útboðsverð og áskriftar- og sölutímabil.

Að lokinni breytingu, svo sem hækkun eða niðurfærslu hlutafjár, jöfnun eða samruna, skal senda kauphöll staðfestar upplýsingar um endanlegt nafnverð hlutafjár og eigið fé.

7. gr.

Ársreikningur.

Skráð félag skal leitast við að láta reikningsskil sín ávallt uppfylla ströngustu kröfur sem almennt eru gerðar til félaga í þeirri grein sem það starfar í. Reikningsskilin skulu vera í samræmi við gildandi lög, góða reikningsskilavenju og viðmiðanir kauphallar hverju sinni.

Ef félagið er hluti af samstæðu skal birta samstæðureikninga.

Ef reikningar dótturfélaga skráðra íslenskra móðurfélaga eru ekki endurskoðaðir af sama endurskoðunarfélagi og reikningar móðurfélagsins eða samstarfsfélagi framangreinds endurskoðunarfélags skal þess getið.

Reikningar erlends félags skulu vera í samræmi við lög og venjur sem gilda í heimalandi þess. Kauphöll getur óskað sérstaklega eftir skýringum ef mikil frávik eru frá þeim reikningsskilaaðferðum sem hér þekkjast.

Ársreikning skal senda kauphöll um leið og hann er fullgerður og eigi síðar en þremur mánuðum frá lokum þess reikningsárs sem hann nær til. Hann skal jafnframt sendur þeim kauphallaraðilum sem þess óska og lagður fram opinberlega og gerður aðgengilegur fyrir fjölmiðla og aðra sem vilja kynna sér efni hans. Í upplýsingakerfi kauphallar skal tekið fram hvar almenningur getur nálgast hann án endurgjalds.

Kauphöll leggur skráðum félögum til lista yfir kauphallaraðila.

8. gr.

Fréttatilkynning vegna birtingar ársreiknings.

Í kjölfar þess stjórnarfundar þar sem ársreikningur félagsins er formlega samþykktur skal félagið senda frá sér fréttatilkynningu vegna hans, sbr. ákvæði 4. gr. Í slíkri fréttatilkynningu skulu vera svo ítarlegar upplýsingar að ársreikningurinn feli ekki í sér að mati félagsins viðbótarupplýsingar sem gætu haft veruleg áhrif á verðmyndun skráðra verðbréfa viðkomandi félags.

Eigi síðar en fimmtán dögum fyrir birtingu slíkrar tilkynningar skal félagið senda kauphöll upplýsingar um áætlaða birtingarviku. Verði um breytingu að ræða á áætlun um birtingarviku skal tilkynna kauphöll það eins fljótt og unnt er.

Ef veruleg frávik eru fyrirsjáanleg frá þeim upplýsingum er fram hafa komið í fréttatilkynningu samkvæmt 1. mgr. og þeim er fram koma í endanlegum ársreikningi skal senda kauphöll upplýsingar um það án tafar.

9. gr.

Hálfsársuppgjör.

Skráð félag skal ganga frá reikningsskilum er ná til fyrstu sex mánaða reikningsárs. Í kjölfar þess stjórnarfundar þar sem fjallað er um þau, og eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum þess tímabils sem reikningsskilin ná til skulu þau send kauphöll.

Milliuppgjör skv. 1. mgr. skal endurskoðandi félags hafa kannað og könnunaráritun fylgja. Ef milliuppgjörið er endurskoðað skal áritun endurskoðanda fylgja. Milliuppgjörið skal að öðru leyti vera í samræmi við viðmiðanir kauphallar hverju sinni.

Ef félagið er hluti af samstæðu skal senda kauphöll samstæðumilliuppgjör.

Eigi síðar en sjö dögum fyrir birtingu uppgjörsins skal félagið senda kauphöll upplýsingar um áætlaða birtingarviku. Verði um breytingu að ræða á áætlun um birtingarviku skal tilkynna kauphöll það eins fljótt og unnt er.

Hálfsársuppgjör skal liggja frammi opinberlega og almenningur hafa aðgang að því hjá útgefanda án endurgjalds.

10. gr.

Upplýsingar um áætlaða afkomu og rekstraráætlun.

Ef félag gerir opinbert álit sitt um áætlaða afkomu annað hvort fyrir yfirstandandi eða ókomin ár, skal það greina frá þeim meginforsendum sem gengið er út frá, sérstaklega hvað varðar helstu óvissuþætti.

Um leið og félaginu er kunnugt um veruleg frávik frá því sem áður hefur verið sagt um afkomu og rekstraráætlanir eða það sem eðlilegt væri að álykta út frá áður gefnum upplýsingum skal það senda kauphöll upplýsingar um slíkt, hvort sem ætla má að þau frávik leiði til betri eða verri afkomu en áætlað hafði verið.

III. KAFLI
Innherjaviðskipti og meðferð trúnaðarupplýsinga.

11. gr.

Innri reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga og upplýsingaskyldu.

Útgefandi skráðra verðbréfa skal setja nánari reglur til þess að tryggja að farið sé eftir reglum um upplýsingaskyldu. Hann skal ennfremur setja nánari reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga, sbr. ákvæði laga nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti.

Í reglum settum skv. þessari grein skal að minnsta kosti kveða á um að:

1. Mikilvægar upplýsingar sem snerta starfsemi útgefanda séu birtar án tafar.
2. Kauphöll séu sendar viðeigandi upplýsingar ekki seinna en um leið og þær eru birtar öðrum.
3. Upplýsingar sem ekki eru opinberar komist ekki í hendur óviðkomandi aðila.
4. Ákvarðanir aðalfunda og sambærilegra funda sem kallað er til milli aðalfunda séu gerðar opinberar án tafar.
5. Kröfur um form og birtingarmáta upplýsinga séu virtar.
6. Ársreikningar, hálfsársuppgjör og upplýsingar tengdar þeim séu birtar á réttan hátt.

Kauphöll er heimilt að setja nánari reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga í félögum sem þar hafa fengið verðbréf sín opinberlega skráð.

Eintak af framangreindum reglum útgefanda skal sent kauphöll og Fjármálaeftirliti.

12. gr.

Viðskipti innherja.

Skylt er að tilkynna kauphöll þegar í stað um viðskipti innherja með verðbréf sem þar eru skráð.

Tilkynning verðbréfamiðstöðvar til kauphallar um viðskipti innherja er fullgild tilkynning samkvæmt þessari reglugerð ef um er að ræða rafrænt eignarskráð verðbréf.

Með innherja er átt við aðila sem starfs eða stöðu sinnar vegna hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum. Til trúnaðarupplýsinga teljast upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar, en líklegar væru til að hafa áhrif á verðmyndun viðkomandi verðbréfa ef opinberar væru.

Félag sem hefur fengið verðbréf sín opinberlega skráð í kauphöll skal halda lista yfir innherja sína þar sem fram kemur nafn viðkomandi, kennitala, heimilisfang og tengsl hans

við félagið. Slíkan lista skal leiðrétta jafnóðum vegna allra breytinga einnig þó þær séu aðeins tímabundnar og senda kauphöll þar sem bréfin eru skráð.

Í tilkynningu samkvæmt þessari grein skulu að minnsta kosti koma fram þær upplýsingar sem taldar eru upp í 1.-6. tl. 1. mgr. 21. gr. og upplýsingar sem leiðir af 4. mgr. þessarar greinar.

13. gr.

Viðskipti félagsins sjálfs með eigin bréf.

Viðskipti félagsins sjálfs, svo og viðskipti dótturfélaga þess með skráð verðbréf félagsins, skal tilkynna kauphöll þar sem bréfin eru skráð þegar í stað, sbr. 12. gr. Einnig skal tilkynna fyrirætlanir um slík viðskipti.

IV. KAFLI
Tilkynning um breytingu á eignarhaldi verulegs eignarhluta.

14. gr.

Flöggun.

Skylt er að tilkynna kauphöll og félaginu þegar í stað er atkvæðisréttur eða eignarhlutur í félaginu nær eftirfarandi mörkum, hækkar upp fyrir eða lækkar niður fyrir þau: 5, 10, 20, $33\,^{1}/_{3}$, 50 og $66\,^{2}/_{3}$%, sbr. ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Um heimildir og viðskipti þar til greindra aðila í veltubók fer þó samkvæmt ákvæðum 18. gr.

Tilkynning verðbréfamiðstöðvar til kauphallar um að framangreindum mörkum sé náð er fullgild tilkynning samkvæmt þessari reglugerð ef um er að ræða rafrænt eignarskráð hlutabréf.

15. gr.

Afmörkun verulegs eignarhluta.

Í hlutafélögum sem hafa fengið verðbréf sín skráð í kauphöll á Íslandi, landi á Evrópska efnahagssvæðinu eða í landi sem gerður hefur verið samstarfssamningur við skal við afmörkun á verulegum eignarhlut í skilningi 1. og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 34/1998 fara eftir nánari ákvæðum í 2. mgr.

Þegar ákvarðað er hvort eignarhlutur eiganda hlutabréfa eða samsvarandi atkvæðisréttur aðila í hlutafélagi sem skráð hefur hlutabréf sín í kauphöll hefur náð, hækkað upp fyrir eða lækkað niður fyrir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. skal litið til eftirtalinna atriða:

1. hlutabréfa sem viðkomandi aðili á sjálfur eða aðili sem hann er í fjárfélagi við,
2. hlutabréfa sem annar eða aðrir ráða yfir í eigin nafni fyrir hönd viðkomandi,
3. hlutabréfa sem eru í eigu lögaðila sem viðkomandi hefur yfirráð yfir,
4. hlutabréfa sem eru í eigu þriðja aðila sem viðkomandi hefur gert skriflegan samning við um að taka upp varanlega, sameiginlega stefnu um stjórnun þess félags sem í hlut á,
5. hlutabréfa sem viðkomandi hefur gert skriflegan samning um að þriðji maður skuli fara með atkvæðisrétt yfir samkvæmt endurgjaldi,
6. hlutabréfa sem viðkomandi hefur selt að veði, nema veðhafinn ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist notfæra sér réttinn, enda skal rétturinn þá talinn veðhafans,
7. hlutabréfa sem viðkomandi nýtur arðs af,

8. hlutabréfa sem viðkomandi á rétt á að öðlast eingöngu að eigin ákvörðun samkvæmt formlegum samningi, t.d. um kauprétt, og skal tilkynning samkvæmt 14. gr. í slíkum tilvikum fara fram á samningsdegi,
9. hlutabréfa sem viðkomandi varðveitir og hann getur að eigin ákvörðun neytt atkvæðisréttar yfir án sérstakra fyrirmæla eiganda.

16. gr.

Tilkynning um verulegan eignarhluta.

Sérhver sem ræður yfir verulegum eignarhlut samkvæmt 1. mgr. 14. gr. skal þegar í stað senda tilkynningu til félagsins og kauphallarinnar þar sem hlutabréf félagsins eru skráð.

Í tilkynningunni skal koma fram nafn og heimilisfang, nafnverð hlutafjár og hlutfall þess af heildarhlutafé félagsins, svo og hlutabréfaflokkur ef það á við, fyrir og eftir hin tilkynningarskyldu viðskipti, ásamt upplýsingum um á hvaða grundvelli viðkomandi varð tilkynningarskyldur skv. 15. gr.

Ef tilkynningin er vegna samnings skv. 4. tl. 15. gr. skulu allir aðilar samningsins standa að henni. Í tilkynningunni skal upplýsa um eignarhlut hvers og eins sem er aðili að samkomulaginu og fer yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr.

Tilkynning um eignarhlut samkvæmt 8. tl. 15. gr. leysir ekki eiganda hlutabréfanna undan tilkynningarskyldu samkvæmt 1. tl. þeirrar greinar.

Með orðalaginu „*þegar í stað*“ í 1. mgr. er átt við viðskiptadag ef um er að ræða viðskipti fyrir milligöngu kauphallaraðila en í öðrum tilvikum þann dag þegar réttur stofnast eða tekur breytingum.

17. gr.

Birting upplýsinga um verulegan eignarhluta.

Kauphöll skal miðla upplýsingunum í viðskipta- og upplýsingakerfi sínu.

Félög sem hafa hlutabréf sín skráð í kauphöll í öðru landi á Evrópska efnahagssvæðinu eða í landi sem gerður hefur verið samstarfssamningur við skulu sjá til þess að upplýsingar um verulega eignarhluti séu birtar þar samkvæmt þeim reglum sem þar gilda.

18. gr.

Undanþága frá tilkynningarskyldunni.

Undanþegnir tilkynningarskyldu skv. 14. gr. eru viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, ef um er að ræða veltubókarviðskipti og ekki er farið yfir 10% af hlutafé eða samsvarandi hluta atkvæðisréttar, enda ekki ætlunin að hafa afskipti af stjórn félagsins og viðskiptin eru innan venjubundinnar starfsemi framangreindra aðila.

Undanþága samkvæmt 1. mgr. takmarkast við það að eignarhald fyrirtækis sem þar getur, standi ekki lengur en 5 viðskiptadaga frá því að tilkynningarskylda stofnast samkvæmt 14. gr.

V. KAFLI

Um tilkynningarskyldu vegna viðskipta með opinberlega skráð verðbréf.

19. gr.

Öll viðskipti með verðbréf sem skráð eru í kauphöll eru tilkynningarskyld í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Um tilkynningarskyldu viðskipta með verðbréf sem eru skráð á skipulegum tilboðsmarkaði fer samkvæmt reglum sem stjórn hans setur, sbr. 32. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

20. gr.

Kauphallaraðilum, sbr. 14. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sem annast eða taka þátt í samningsgerð vegna kaupa á verðbréfum sem skráð eru í kauphöll er skylt að tilkynna um kaupin. Tilkynningin skal send hlutaðeigandi kauphöll.

Ákvæði 1. mgr. taka einnig til viðskipta Seðlabanka Íslands eða annarra opinberra aðila sem eiga aðild að kauphöll.

Skylt er að tilkynna um viðskipti sem vörslufyrirtæki annast vegna umsjár og varðveislu verðbréfa verðbréfasjóðs skv. lögum nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, í samræmi við ákvæði 1. mgr., nema gagnaðili að viðskiptunum sé kauphallaraðili sem á hvílir tilkynningarskylda skv. 1. mgr.

Tilkynningarskyldir skv. 1. mgr. eru jafnframt allir eigendur hlutabréfa sem skyldir eru til að tilkynna um eignarhlut sinn í félagi í samræmi við ákvæði 26. gr. laga nr. 34/1998, enda hvíli tilkynningarskyldan ekki á kauphallaraðila sem annast viðskiptin.

21. gr.

Í tilkynningu sem gefin er út samkvæmt ákvæði 20. gr. skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfsins (ISIN).
2. Dagsetning og stund þegar viðskiptin fóru fram.
3. Tilvísunarnúmer kaupanna eða sölunnar ef það á við.
4. Verð og magn þess sem keypt hefur verið eða selt.
5. Tegund viðskipta.
6. Dagsetning og stund lokauppgjörs.
7. Tilgreining þess hver gagnaðili sé ef hann er kauphallaraðili.

Í tilkynningu á grundvelli 4. mgr. 20. gr. skulu koma fram sömu upplýsingar og nefndar eru í 1.-6. tl. 1. mgr.

Kauphöll er heimilt að óska eftir nánari upplýsingum í tilefni af tilkynningum samkvæmt þessum kafla, enda sé um að ræða upplýsingar er skipta máli fyrir gagnsæi og sýnileika á verðbréfamarkaði, svo og verðmyndun þar.

22. gr.

Kauphallaraðilum ber að skila inn upplýsingum um öll tilkynningarskyld viðskipti samkvæmt þessum kafla eigi síðar en 5 mínútum eftir að samningur var gerður um kaup eða sölu verðbréfa.

Viðskipti annarra aðila skulu tilkynnt fyrir lok þess viðskiptadags er samningur var gerður. Kauphöll er heimilt að setja nánari reglur um tilkynningu viðskipta skv. þessari grein. Jafnframt er heimilt að veita undanþágu frá tilkynningarskyldu ef um er að ræða endurhverf viðskipti með verðbréf.

23. gr.

Kauphallaraðilar, svo og aðrir aðilar sem skylt er að tilkynna um viðskipti samkvæmt ákvæðum þessa kafla reglugerðarinnar, skulu tryggja að í viðskiptum þeirra við aðra kauphallaraðila hafi átt sér stað réttur samanburður á tilkynntum viðskiptum í lok hvers viðskiptadags og áður en viðskiptakerfinu er lokað.

Eigi viðskiptin sér stað utan viðskiptakerfisins og utan reglulegs afgreiðslutíma þess skal það tilkynnt þegar í stað eftir að kerfið hefur verið opnað aftur til viðskipta.

24. gr.

Tilkynningar um viðskipti er einungis unnt að ógilda samkvæmt sérstökum reglum sem kauphöll setur.

25. gr.

Tilkynningar samkvæmt ákvæðum 20. gr. skulu sendar rafrænt nema annað leiði af reglum sem kauphöll setur.

Kauphöll skal setja nánari reglur um tilkynningar samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

26. gr.

Kauphallaraðilar, svo og aðrir tilkynningarskyldir aðilar, skulu varðveita upplýsingar um tilkynnt viðskipti og tilkynningar sem sendar eru vegna þeirra í 4 ár eftir að tilkynnt var um þau, nema lög áskilji geymslu gagnanna lengur.

27. gr.

Tilkynningarskyld viðskipti á hinu Evrópska efnhagssvæði og víðar.

Kauphallaraðili skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um öll viðskipti með verðbréf sem skráð eru í kauphöll eða á sambærilegum verðbréfamarkaði í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða sem Evrópusambandið hefur gert samstarfssamning við.

Hafi kauphallaraðili tilkynnt lögbæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um viðskipti skv. 1. mgr. þarf ekki að senda tilkynningu í samræmi við ákvæði hennar.

Þegar verðbréf er jafnframt skráð í íslenskri kauphöll skulu ákvæði 20.–26. gr. þessarar reglugerðar jafnframt eiga við um tilkynningar varðandi þau viðskipti.

Í tikynningu skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Auðkenni verðbréfsins.
2. Viðskiptadagur.
3. Landsnúmer verðbréfsins.

28. gr.

Viðskipti samkvæmt 27. gr. skulu tilkynnt í síðasta lagi daginn eftir að þau áttu sér stað.

Ákvæði 25. og 26. gr. gilda um tilkynningar vegna viðskipta samkvæmt þessari grein, eftir því sem við getur átt.

29. gr.

Kauphöll er heimilt að setja nánari reglur um gjaldtöku vegna tilkynninga sem ákvæði þessa kafla taka til.

VI. KAFLI
Viðurlög, gildistaka o.fl.

30. gr.

Kauphöll skal setja nánari reglur, að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, um viðskiptakerfi sitt, með hvaða hætti tilboð eru sett fram, um uppgjör viðskipta, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með verðbréf sem þar eru skráð.

Í reglum sem kauphöll setur skv. 1. mgr. skal kveðið á um viðurlög vegna brota á reglum sem gilda um starfsemina í formi févítis. Févíti getur numið allt að tíföldu árgjaldi markaðsaðila að viðkomandi markaði ef brot eru alvarleg, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

31. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í EES-samninginn og að taka upp í innlendan rétt ákvæði eftirtalinna tilskipana: Tilskipunar ráðsins 79/279/EBE til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi, eins og henni var breytt með tilsk. 88/627/EBE um upplýsingar sem birta skal þegar aflað er eða ráðstafað verulegum eignarhlut í félagi sem skráð er á verðbréfaþingi, tilskipunar ráðsins 82/121/EBE um þær upplýsingar sem félög sem hafa fengið hlutabréf sín tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi eiga að birta reglulega, tilskipunar ráðsins 89/592/EBE um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti og tilskipunar ráðsins 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

32. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 42. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, ásamt síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 22. gr. reglugerðarinnar tekur gildi 1. janúar 2000.

Viðskiptaráðuneytinu, 24. júní 1999.

Finnur Ingólfsson.

Tryggvi Axelsson.

Nr. 434 24. júní 1999

REGLUGERÐ

um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Kauphöll sem hefur starfsleyfi samkvæmt 3. gr. laga nr. 34/1998, telst vera *lögbært yfirvald* í skilningi Evrópuréttarins, sbr. 29. gr. þessarar reglugerðar.

Kauphöll ber að framfylgja lögum, svo og öðrum reglum sem gilda um verðbréf sem þar eru skráð. Brot á því getur varðað afturköllun starfsleyfis skv. 37. gr. laga nr. 34/1998.

2. gr.

Í kauphöll er unnt að skrá hlutabréf, samvinnuhlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, heimildarskírteini og önnur verðbréf sem stjórn kauphallar samþykkir hverju sinni.

Sækja þarf um opinbera skráningu verðbréfaflokks í kauphöll í samræmi við reglugerð þessa og viðauka I-IV, svo og reglur sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa og viðskipti með þau.

Að móttekinni umsókn metur kauphöll hvort útgefandi og verðbréf hans uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir skráningunni.

3. gr.

Verðbréf sem óskað er skráningar á og útgefandi þeirra skulu uppfylla lagaskilyrði og skilyrði reglugerða, reglna og samþykkta sem gilda um útgefanda, starfsemi hans og verðbréfin.

II. KAFLI
Skilyrði fyrir skráningu hlutabréfa.

4. gr.

Áður en að skráningu hlutabréfa kemur skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt þegar sótt er um opinbera skráningu þeirra í kauphöll:

1. Viðskipti með verðbréfin skulu vera án takmarkana.
2. Félag skal hafa undirritað samning við kauphöll um skráningu hlutabréfanna þar.
3. Lögð skal fram skráningarlýsing í samræmi við ákvæði VII. kafla og viðauka I.
4. Ársreikningar og samstæðureikningar ef það á við, skulu vera aðgengilegir almenningi og skal unnt að nálgast þá hjá félaginu án endurgjalds.
5. Samþykktir skulu vera aðgengilegar almenningi og skal unnt að nálgast þær hjá félaginu án endurgjalds.
6. Leggja skal fram lista yfir innherja samkvæmt reglugerð nr. 433/1999 um upplýsingaskyldu útgefenda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll.
7. Hluthafafundir skulu vera opnir fjölmiðlum.
8. Hlutafé skal vera að fullu greitt.

Kauphöll getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á, enda trufli slíkar takmarkanir ekki viðskipti með verðbréfin á nokkurn hátt.

5. gr.

Í flokki hlutabréfa skulu allir hluthafar njóta sömu réttinda.

Sækja skal um skráningu á öllu útgefnu hlutafé í viðkomandi flokki hlutabréfa að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

A. *Stærð*:

Áætlað markaðsvirði hlutabréfaflokks sem sótt er um að skráður verði í kauphöll skal að lágmarki vera 80 milljónir króna, en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 1 milljón evra miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

B. *Dreifing*:

Dreifing eignarhalds hlutabréfaflokks sem sótt er um skráningu á skal vera þannig að a.m.k. 25 % hlutabréfanna og atkvæðisréttar séu í eigu almennra fjárfesta eða, með tilliti til mikils fjölda hluthafa og útbreiðslu hlutabréfanna, lægra hlutfall, komi það ekki í veg fyrir eðlileg viðskipti með bréfin. Með *almennum fjárfesti* er átt við fjárfesti sem ekki er innherji, móður- eða dótturfélag eða aðili sem á meira en sem nemur 10% af hlutafé félagsins.

C. *Aldur*:

Félag sem sótt er um skráningu á verður að geta lagt fram endurskoðaða ársreikninga fyrir þrjú heil ár sem ná til allra helstu þátta þess rekstrar sem félag stundar þegar sótt er um skráningu. Heimilt er að víkja frá þessum skilyrðum ef slíkt er æskilegt í þágu útgefandans og kauphöll telur að fjárfestar hafi nauðsynlegar upplýsingar til að geta myndað sér skoðun á útgefandanum og hlutabréfum þeim sem sótt er um skráningu á, kostum þeirra og göllum.

6. gr.

Kauphöll getur veitt undanþágu frá 2. mgr. 5. gr., enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Dreifing eignarhalds hlutabréfaflokks sem óskað er skráningar á sé í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar.
2. Almenningur sé upplýstur um undanþáguna.
3. Ekki sé hætta á að hagsmunir eigenda hlutabréfa sem sótt er um skráningu á skaðist.

7. gr.

Skráning á nýju hlutafé.

Félag sem hefur fengið hlutabréf sín skráð í kauphöll skal upplýsa hana um allar fyrirhugaðar breytingar á fjármögnun félagsins í samræmi við reglur kauphallarinnar um upplýsingaskyldu útgefenda, sbr. 24. gr. laga nr. 34/1998.

8. gr.

Nú ætlar skráð félag að hækka hlutafé gegn endurgjaldi og skal það þá sækja um skráningu á hinu nýja hlutafé samkvæmt reglugerð þessari og viðauka I um leið og viðskipti með það geta hafist eða innan þriggja mánaða frá því að bréfin voru gefin út.

Þegar um er að ræða hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarbréfa án endurgjalds skal félag tilkynna kauphöll um ákvörðunina án tafar í samræmi við reglur hennar um upplýsingaskyldu útgefanda. Kauphöll skráir hin nýju hlutabréf þegar tilkynning um ákvörðunina hefur borist.

Við útboð á hlutabréfum í skráðu félagi skal leitast við að hafa sölutímabilið eins stutt og unnt er og aldrei lengra en einn mánuð. Hlutabréfasjóðum er þó heimilt, að fengnu samþykki kauphallar, að hafa sölutímabilið lengst eitt ár.

9. gr.

Breytingar á rekstrarformi eða starfsemi.

Ef mikils háttar breytingar verða á rekstrarformi félags sem fengið hefur hlutabréf sín opinberlega skráð í kauphöll eða starfsemi þess að öðru leyti, þannig að líta megi á það sem nýtt fyrirtæki, getur kauphöll ákveðið að félagið þurfi að sækja um skráningu að nýju.

III. KAFLI
Skilyrði fyrir skráningu skuldabréfa.

10. gr.

Sækja skal um skráningu á öllum útgefnum skuldabréfum í viðkomandi flokki skuldabréfa að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum um stærð skuldabréfaflokks.

Áætlað markaðsvirði hans skal að lágmarki vera 40 milljónir króna, þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 500 þúsund evrum miðað við opinbert gengi eins og það er skráð hverju sinni.

Kauphöll getur leyft að skráðir séu minni flokkar skuldabréfa ef líkur eru á nægum markaði og viðskiptum með bréfin þannig að eðlileg verðmyndun geti átt sér stað. Áætlað markaðsvirði skuldabréfaflokks skal þó aldrei vera lægra en sem nemur 15 milljónum króna eða fjárhæð sem nemur 200 þúsund evrum miðað við opinbert gengi eins og það er skráð hverju sinni.

11. gr.

Áður en að skráningu skuldabréfa í kauphöll kemur skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Útgefandi skal hafa undirritað skráningarsamning við kauphöllina.
2. Lögð skal fram skráningarlýsing í samræmi við ákvæði VII. kafla reglugerðar þessarar og viðauka II við hana.
3. Ársreikningar skulu aðgengilegir almenningi og skal unnt að nálgast þá hjá útgefanda án endurgjalds.
4. Samþykktir skulu vera aðgengilegar almenningi og skal unnt að nálgast þær hjá útgefanda án endurgjalds.

IV. KAFLI
Skilyrði fyrir skráningu hlutdeildarskírteina.

12. gr.

Verðbréfasjóður sem sótt er um skráningu á skal hafa hlotið starfsleyfi viðskiptaráðherra á grundvelli II. kafla laga nr. 10 frá 1993 um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

Áætlað markaðsverðmæti sjóðsins þegar umsókn er lögð fram skal vera að lágmarki 100 milljónir króna, en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 1250 þúsund evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

13. gr.

Áður en að skráningu hlutdeildarskírteina í kauphöll kemur skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Rekstrarfélag fyrir hönd útgefanda skal hafa undirritað skráningarsamning við kauphöll.
2. Lögð skal fram skráningarlýsing í samræmi við ákvæði VII. kafla reglugerðar þessarar og reglna Seðlabanka Íslands, nú nr. 616 frá 22. nóvember 1996, um útboðslýsingar verðbréfasjóða.
3. Ársreikningar skulu aðgengilegir almenningi og skal unnt að nálgast þá hjá rekstrarfélagi án endurgjalds.
4. Samþykktir skulu vera aðgengilegar almenningi og skal unnt að nálgast þær hjá rekstrarfélagi án endurgjalds.

V. KAFLI
Önnur verðbréf.

14. gr.

Um skilyrði fyrir skráningu á öðrum verðbréfum, svo sem breytanlegum eða skiptanlegum skuldabréfum, heimildarskírteinum fyrir hlut, áskriftarréttindum og fleiru, skal fara eftir ákvæðum reglugerðar þessarar og viðaukum eftir nánari ákvörðun kauphallar hverju sinni með hliðsjón af eðli og tegund bréfanna.

Verðbréfin verða ekki skráð nema hlutabréf viðkomandi félags séu skráð á opinberum eða viðurkenndum markaði af lögbærum yfirvöldum í því ríki þar sem hlutaðeigandi markaður er staðsettur. Kauphöll getur þó veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef hún telur nægar upplýsingar liggja fyrir um útgefandann til þess að eðlileg verðmyndun geti átt sér stað á bréfunum.

VI. KAFLI
Afgreiðsla umsóknar.

15. gr.

Kauphöll samþykkir, vísar frá eða hafnar umsókn um opinbera skráningu með skriflegu svari eins fljótt og unnt er, þó aldrei síðar en tveimur mánuðum frá því að fullfrágengin umsókn var lögð fram. Kauphöll rökstyður ástæður eða skilyrði fyrir ákvörðun ef umsókn er ekki tekin til greina.

16. gr.

Fyrsti skráningardagur.

Skráning getur ekki farið fram fyrr en öll skilyrði hafa verið uppfyllt í samræmi við reglugerð þessa og reglur kauphallar, enda hafi verðbréfin verið gefin út.

Ef útboð fer fram samhliða því að sótt er um skráningu getur skráning ekki átt sér stað fyrr en í fyrsta lagi við lok áskriftartímabils.

VII. KAFLI
Skráningarlýsingar.

17. gr.
Efni skráningarlýsinga.

Í skráningarlýsingum skulu koma fram allar þær upplýsingar sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á útgefanda, verðbréfum hans og virði þeirra. Um er að ræða meðal annars upplýsingar um verðbréfin sjálf og réttindi tengd þeim, starfsemi útgefanda, eigið fé og fjárhagsstöðu hans, áhættuþætti í rekstrinum, framtíðarhorfur í rekstri útgefanda, helstu stjórnendur og sérstök réttindi þeirra hjá útgefanda.

Þær upplýsingar sem fram koma í skráningarlýsingu geta verið mismunandi eftir eðli starfsemi og stöðu útgefenda. Yfirlit yfir þær upplýsingar sem að lágmarki skulu koma fram eru í viðaukum I-IV með reglugerð þessari.

Ef birting tiltekinna upplýsinga í skráningarlýsingu getur talist skaðleg fyrir útgefanda eða hluthafa getur kauphöll veitt undanþágu frá birtingu þeirra, enda skaði það að mati stjórnarinnar ekki hagsmuni verðbréfamarkaðarins.

18. gr.
Ábyrgð á skráningarlýsingu.

Stjórn útgefanda ber að sjá til þess að í skráningarlýsingu séu allar nauðsynlegar upplýsingar, þannig að gefin sé fullnægjandi mynd af útgefanda og verðbréfum hans í samræmi við reglugerð þessa og viðauka I-IV.

Stjórn útgefanda skal að viðlagðri bótaábyrgð, eða annarri ábyrgð að lögum undirrita yfirlýsingu þess efnis að upplýsingar í skráningarlýsingunni séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif getur haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Umsjónaraðili skal að viðlagðri bótaábyrgð, eða annarri ábyrgð að lögum undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann hafi aflað þeirra gagna sem að hans mati voru nauðsynleg til þess að skráningarlýsingin gæfi rétta mynd af útgefanda og verðbréfum hans og að hans mati sé engu atriði sleppt sem áhrif getur haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Yfirlýsing endurskoðanda útgefanda skal jafnframt fylgja, þess efnis að hann hafi endurskoðað þá ársreikninga útgefanda, milliuppgjör og/eða forsendur rekstraráætlunar, ef við á, sem birt eru í skráningarlýsingu og að upplýsingar í skráningarlýsingunni er varða reikningsskil séu í samræmi við reikningana.

19. gr.
Birting skráningarlýsingar.

Senda skal kauphöll endanlega skráningarlýsingu í eins mörgum eintökum og kauphöllin ákveður. Einnig skal senda hverjum aðila að kauphöllinni að minnsta kosti eitt eintak.

Skráningarlýsingu skal birta annaðhvort í heild sinni eða vekja athygli á hvar almenningur getur nálgast hana án endurgjalds í að minnsta kosti einu dagblaði sem hefur almenna dreifingu.

Skráningarlýsingu skal birta annaðhvort í heild sinni eða vekja athygli á henni sbr. 2. mgr., í síðasta lagi fjórum dögum fyrir fyrsta skráningardag eða fyrsta söludag í útboði, sbr. þó undanþáguheimild í 6. mgr. þessarar greinar. Ef útboð fer fram samhliða skráningu getur það ekki hafist fyrr en skráningarlýsing hefur verið birt.

Öll gögn, svo sem auglýsingar, bæklingar og bréf sem útgefandi eða annar aðili fyrir hans hönd hefur gefið út vegna skráningar eða útboðs og lýsa útgefanda og verðbréfum hans, skal að auki senda kauphöllinni. Í slíkum gögnum skal alltaf geta þess hvar nálgast megi skráningarlýsingu. Að öðru leyti má ekki í þessum gögnum felast neins konar hvatning eða áróður fyrir því að almenningur kaupi verðbréf útgefanda.

Ef útboð fer fram samhliða skráningu skulu áskriftarblöð alltaf vera hluti af skráningarlýsingunni sjálfri. Óheimilt er að senda áskriftarblöð ein sér eða sem fylgigögn með gögnum sem talin eru upp í 4. mgr.

Ef útboð fer fram samhliða skráningu getur kauphöll í sérstökum tilvikum samþykkt að birt sé bráðabirgðaskráningarlýsing áður en útboð hefst. Í slíka lýsingu má þó aðeins vanta smávægilegar upplýsingar, til dæmis um verð og stærð útboðs. Í slíkri lýsingu skal koma fram hvar og hvenær endanleg skráningarlýsing verði birt og hvaða viðbótarupplýsingar hún muni innihalda. Endanleg skráningarlýsing skal þó liggja fyrir eigi síðar en að morgni fyrsta söludags.

20. gr.

Nýjar upplýsingar.

Komi fram nýjar upplýsingar sem máli geta skipt um mat á útgefanda eða verðbréfum hans frá því að skráningarlýsing var birt þar til verðbréfin eru tekin á skrá skal útbúa viðauka við skráningarlýsingu þar sem greint er frá hinum nýju upplýsingum. Kauphöll þarf að samþykkja þennan viðauka.

Viðauka við skráningarlýsingu skal gera aðgengilegan almenningi og birta á sama hátt og getið er í 19. gr. reglugerðar þessarar.

21. gr.

Tungumál.

Skráningarlýsingar skulu vera á íslensku.

Mæli ríkar ástæður með því getur kauphöll veitt undanþágu frá 1. mgr. að hluta eða öllu leyti, svo sem vegna skráningarlýsingar skv. 22. gr.

22. gr.

Gagnkvæm viðurkenning.

Kauphöll getur viðurkennt skráningarlýsingar sem samþykktar hafa verið af lögbærum yfirvöldum á evrópska efnahagssvæðinu allt að þremur mánuðum áður en óskað er eftir skráningu viðkomandi verðbréfa í kauphöll.

Kauphöll getur ákveðið að í skráningarlýsingum skv. 1. mgr. skuli veittar sérstakar upplýsingar um íslenska markaðinn, svo sem um skattamál, fjármálastofnanir sem annast greiðslur og fleira. Einnig skal vekja sérstaka athygli á atriðum sem varða réttindi eigenda bréfanna á grundvelli annarra réttarreglna en íslenskra og eru ekki í samræmi við íslenskar réttarreglur.

Kauphöll getur krafist þess að skráningarlýsingar samkvæmt þessari grein séu þýddar á íslensku af löggiltum skjalaþýðanda.

VIII. KAFLI
Viðurlög, gildistaka o.fl.

23. gr.

Hafni kauphöll umsókn um skráningu verðbréfaflokks er umsækjanda heimilt að leggja slíka ákvörðun fyrir gerðardóm samkvæmt lögum nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Hið sama á við ef stjórn kauphallar ákveður að taka verðbréfaflokk af skrá.

Hvor aðili um sig skipar einn fulltrúa í gerðardóminn. Oddamaður skal skipaður af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur.

Kostnaður vegna gerðardómsins skiptist á aðila málsins í því hlutfalli sem oddamaður dómsins ákveður.

Málsaðilar eru að öllu leyti bundnir við gerðina.

24. gr.

Komi sú staða upp hjá útgefanda að verðmyndun sé af einhverjum orsökum óviss, svo sem vegna óvissu um framtíð útgefandans, vegna þess að tilteknar upplýsingar liggja ekki fyrir og/eða að um brot á upplýsingaskyldu er að ræða, getur kauphöll ákveðið að setja verðbréfaflokk(a) viðkomandi útgefanda tímabundið á athugunarlista.

Í sérstökum tilvikum getur kauphöll, samkvæmt beiðni frá útgefanda og að því tilskildu að hún fallist á rök fyrir þeirri beiðni, flutt verðbréfaflokk(a) útgefandans á athugunarlista. Kauphöll setur nánari reglur um athugunarlista samkvæmt þessari grein.

25. gr.

Telji kauphöll að útgefandi uppfylli ekki lengur reglugerð þessa eða ákvarðanir sem kauphöll tekur á grundvelli hennar skal gera honum grein fyrir því. Í samræmi við aðildarsamning kauphallar og viðkomandi útgefanda vegna skráningar verðbréfa í kauphöll getur hún ákveðið að:

1. Krefjast upplýsinga frá viðkomandi útgefanda.
2. Setja verðbréf viðkomandi útgefanda tímabundið á athugunarlista.
3. Birta opinbera yfirlýsingu varðandi umrætt mál.
4. Setja skilyrði fyrir viðskiptum eða stöðva viðskipti með verðbréf útgefanda. Slík stöðvun viðskipta getur verið tímabundin eða gild um óákveðinn tíma.
5. Ákveða févíti á hendur útgefanda, sbr. 2. mgr. 28. gr.
6. Taka verðbréf útgefanda af skrá um tíma eða varanlega.

26. gr.

Sé bú útgefanda tekið til gjaldþrotaskipta skulu skráð verðbréf hans tekin af skrá kauphallar.

27. gr.

Stjórn útgefanda getur óskað þess að skráð verðbréf hans séu tekin af skrá kauphallar. Kauphöll skal verða við því að fenginni skriflegri greinargerð fyrir þeirri ósk.

Kauphöll er þó heimilt að fresta því í eitt ár frá því að gild greinargerð berst að taka verðbréf af skrá skv. 1. mgr. Enn fremur getur kauphöll ákveðið að birta greinargerðina í heild eða að hluta.

28. gr.

Gildistaka o.fl.

Kauphöll skal setja nánari reglur, að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, um opinbera skráningu verðbréfa. Reglur sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa skulu uppfylla ákvæði laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða og reglugerðar þessarar.

Í reglum sem kauphöll setur skv. 1. mgr. skal kveðið á um viðurlög vegna brota á reglum sem gilda um starfsemina í formi févítis. Févíti getur numið allt að tíföldu árgjaldi kauphallaraðila að viðkomandi markaði ef brot eru alvarleg, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

29. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði eftirtalinna tilskipana: Tilskipunar ráðsins 79/279/EBE til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa í kauphöll, eins og henni var breytt með tilskipun 88/627/EBE, tilskipunar ráðsins 80/390/EBE til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á skráningarlýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar í kauphöll, eins og henni var breytt með tilskipun 87/345/EBE og tilskipunar 94/18/EBE.

30. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 42. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, ásamt síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 1999.

Viðskiptaráðuneytinu, 24. júní 1999.

Finnur Ingólfsson.

Tryggvi Axelsson.

VIÐAUKI I
Skráningarlýsingar hlutabréfa.

I. KAFLI
Upplýsingar um þá sem ábyrgjast skráningarlýsingu og endurskoðun reikninga.

1.1. Nafn, kennitala og staða einstaklinga og nafn, kennitala og aðsetur lögaðila sem ábyrgjast skráningarlýsingu eða, eftir atvikum, tiltekinn hluta hennar, ásamt tilgreiningu um hvaða hluta er að ræða.

1.2. Yfirlýsing þeirra sem getið er í lið 1.1. um að skráningarlýsingin sé, að þeirra bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt. Yfirlýsingin skal undirrituð með eigin hendi þeirra er hana ábyrgjast.

1.3. Nafn, kennitala og aðsetur þeirra löggiltu endurskoðenda, eða endurskoðunarfélags, sem endurskoðað hafa ársreikninga fyrirtækisins undanfarin þrjú reikningsár í samræmi við landslög.

Yfirlýsing um að ársreikningar hafi verið endurskoðaðir. Hafi endurskoðendur neitað að árita ársreikninga, eða gert athugasemdir í áritunum sínum, skal hafa yfirlýsingu þeirra um þetta efni eftir óstytta og gefa skýringar á henni.

Þess skal og getið ef endurskoðendur hafa endurskoðað önnur atriði skráningarlýsingar.

II. KAFLI
Upplýsingar um opinbera skráningu og um hlutabréf sem óskað er opinberrar skráningar á.

2.1. Þess skal getið hvort um sé að ræða hlutabréf sem þegar hafa verið seld eða hvort ætlunin sé að selja ný hlutabréf.

2.2. Upplýsingar um hlutabréf:

2.2.0. Stutt greinargerð um heimildir og samþykktir sem liggja eða hafa legið til grundvallar útgáfu hlutabréfa félagsins.

Einkenni hlutabréfaflokksins og heildarfjárhæð.

Fjöldi hlutabréfa sem hafa verið og/eða verða gefin út, hafi það verið ákveðið.

2.2.1. Séu hlutabréf gefin út í tengslum við samruna, skiptingu félags, yfirfærslu á eignum og skuldum fyrirtækis í heild eða að hluta, tilboð um yfirtöku eða sem þóknun fyrir yfirfærslu annarra eigna en reiðufjár skal skýrt frá því hvar almenningur geti gengið að upplýsingum um skilmála slíkra aðgerða.

2.2.2. Nákvæm lýsing á réttindum sem hlutabréfin veita, einkum atkvæðisrétti, rétti til arðs, hlutdeild í eignum við slit og öllum sérréttindum.
Ákvæði samþykkta um fyrningu réttar til arðs sem ekki hefur verið vitjað.

2.2.3. Skattur á tekjur af hlutabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greina skal frá því hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.
Viðurkenning skattstjóra á fyrirtækinu skv. 11. gr laga nr. 9/1984.

2.2.4. Hvernig framsal hlutabréfa fari fram og allar takmarkanir á framsali þeirra.

2.2.5. Upplýsingar um það frá hvaða degi bréfin bera arð eða hvenær kaupandi þeirra öðlast rétt til arðs og um greiðslu hans.

2.2.6. Aðrar kauphallir þar sem sótt er um eða ákveðið hefur verið að sækja um opinbera skráningu bréfanna.

2.2.7. Fjármálafyrirtæki sem annast greiðslur fyrir útgefanda, á þeim tíma þegar hlutabréf eru tekin til opinberrar skráningar í því aðildarríki þar sem skráning hefur verið samþykkt.

2.3. Hafi hlutabréf sem óskað er opinberrar skráningar á verið gefin út eða sett á markað innan tólf mánaða fyrir skráningu skal veita eftirfarandi upplýsingar um tilhögun útgáfunnar eftir því sem við á, hvort sem um er að ræða almennt eða lokað útboð:

2.3.0. Forkaupsréttur hluthafa og nýting hans. Hafi forkaupsréttur verið takmarkaður eða frá honum verið fallið skal skýra frá ástæðum þess.
Jafnframt skal þá útskýra hvernig gengi útgáfunnar var ákveðið, hafi verið um að ræða sölu gegn staðgreiðslu. Hafi forkaupsréttur verið takmarkaður í því skyni að ákveðnir aðilar nytu góðs af skal greina frá hverjir þeir eru.

2.3.1. Heildarfjárhæð útgáfu, sölu eða miðlunar til almennings eða afmarkaðs hóps og fjöldi hlutabréfa sem boðin eru, skipt í meginflokka ef við á.

2.3.2. Hvort og að hve miklu leyti útgáfan fer fram í öðrum löndum.

2.3.3. Áskriftar- eða sölugengi á hverja krónu nafnverðs. Þóknun og annar kostnaður sem kaupanda eða áskrifanda er gert að greiða.
Skilmálar um greiðslu eftirstöðva ef hlutafé er ekki staðgreitt.

2.3.4. Nánari upplýsingar um hvernig með forkaupsrétt er farið, hvort forkaupsréttur er framseljanlegur og hvernig farið er með ónýttan forkaupsrétt.

2.3.5. Sölu- eða áskriftartímabil og nöfn fjármálafyrirtækja sem taka á móti áskriftum.

2.3.6. Á hvern hátt og hvenær hlutabréf verða gefin út og afhent og hvort gefin verða út bráðabirgðaskírteini.

2.3.7. Verðbréfafyrirtæki sem veita sölutryggingu fyrir útboðinu eða ábyrgjast það.
Sé ekki veitt trygging fyrir allri útgáfunni skal tilgreina hlut þann sem sölutrygging eða ábyrgð nær ekki til.

2.3.8. Upplýsingar eða áætlun um heildarkostnað eða kostnað á hverja krónu nafnverðs við útgáfuna, þar sem fram komi þóknun milligönguaðila, þar með talin þóknun eða álagning fyrir sölutryggingu, ábyrgðarþóknun, miðlunarþóknun eða söluþóknun.

2.3.9. Hreint fjárstreymi til útgefanda vegna útgáfu og upplýsingar um ráðstöfun fjárins, til dæmis til fjárfestingar eða styrktar á fjárhagsstöðu útgefanda.

2.4. Upplýsingar um töku hlutabréfa til opinberrar skráningar.

2.4.0. Lýsing á hlutabréfum sem sótt hefur verið um opinbera skráningu á, einkum fjöldi bréfa og nafnverð hvers hlutar eða, ef nafnverð er ekki tilgreint, bókfært verð eða heildarnafnverð, nákvæm skilgreining eða flokkur, svo og áfastir arðmiðar.

2.4.1. Sé áformað að hefja í kauphöllinni viðskipti með hlutabréf sem ekki hafa áður verið boðin almenningi til kaups, skal gefa skýrslu um heildarnafnverð þeirra. Ef nafnverð er ekki tilgreint skal fylgja yfirlýsing um bókfært verð eða heildarnafnverð og þar sem við á yfirlýsing um lágmarksverð.

2.4.2. Dagsetningar þegar vænst er að nýju bréfin verði skráð og viðskipti hefjist.

2.4.3. Hafi hlutabréf úr sama flokki þegar verið skráð í einni eða fleiri kauphöllum skal það upplýst.

2.4.4. Hafi hlutabréf úr sama flokki ekki verið skráð opinberlega, en verslað er með þau á markaði eða mörkuðum sem háðir eru ákveðnum reglum, starfa reglulega og eru viðurkenndir og opnir, skal upplýst um það.

2.4.5. Tilboðsverð, tilboðsskilmálar og niðurstaða í þeim tilvikum að á næstliðnu og yfirstandandi reikningsári hafi:

- þriðji aðili lagt fram kauptilboð í hlutabréf útgefanda í yfirtökuskyni,
- útgefandi lagt fram kauptilboð í hlutabréf annarra fyrirtækja í yfirtökuskyni.

2.5. Bjóði útgefandi fram í lokuðu útboði hlutabréf í sama flokki og bréfin eru sem samtímis eða því sem næst er óskað eftir opinberri skráningu á, eða bréf í öðrum flokki í almennu eða lokuðu útboði, skal lýsa slíkum aðgerðum nákvæmlega og greina frá fjölda og einkennum bréfanna sem þannig eru boðin fram.

III. KAFLI
Upplýsingar um útgefanda og hlutafé hans.

3.1. Almennar upplýsingar um útgefanda:

3.1.0. Nafn, kennitala, skráð aðsetur og höfuðstöðvar séu þær aðrar en hið skráða aðsetur.

3.1.1. Stofndagur. Ef fyrirséð er hvenær félagi útgefanda verði slitið skal einnig upplýsa um það.

3.1.2. Löggjöf sem útgefandi starfar eftir og rekstrarform hans samkvæmt þeirri löggjöf.

3.1.3. Tilgangur félags og tilvísun til þess ákvæðis í samþykktum þar sem því er lýst.

3.1.4. Hvar útgefandi er skráður og færslunúmer í þeirri skrá.

3.1.5. Hvar ganga má að skjölum sem vitnað er til í skráningarlýsingu.

3.2. Almennar upplýsingar um hlutafé:

3.2.0. Upphæð útgefins hlutafjár, fjöldi og flokkar þeirra hluta sem hlutaféð mynda, með lýsingu á helstu einkennum þeirra. Sá hluti útgefins hlutafjár sem er enn ógreiddur, ásamt fjölda, heildarnafnverði og tegund þeirra hluta sem ekki hafa enn verið að fullu greiddir, sundurliðað þar sem við á eftir því að hve miklu leyti þeir hafa verið greiddir.

3.2.1. Liggi fyrir ónotuð heimild um aukningu hlutafjár eða skuldbinding um að auka það, t.d. í sambandi við breytanleg (convertible) eða skiptanleg skuldabréf eða veitt áskriftarréttindi (warrants) að hlutabréfum, skal tilgreina:

- upphæð heimilaðs hlutafjár eða hlutafjáraukningar og þar sem við á hversu lengi heimildin gildir;

- hverjir hafi forkaupsrétt að slíku viðbótarhlutafé;
- skilyrði og fyrirkomulag fyrir hlutabréfaútgáfu í samræmi við þessa viðbótarhluta.

3.2.2. Ef um er að ræða hluti sem teljast ekki til hlutafjár skal tilgreina fjölda þeirra og helstu einkenni.

3.2.3. Fjárhæðir og skilmálar sérstakra lána sem kunna að hafa verið tekin, þ. á m. breytanlegra eða skiptanlegra skuldabréfa og skuldabréfa sem áskriftarréttindi fylgja.

3.2.4. Ákvæði í samþykktum félags um breytingar hlutafjár og réttinda hlutabréfa í mismunandi flokkum, séu ákvæðin strangari en lágmarkskröfur laga.

3.2.5. Stutt lýsing á breytingum hlutafjár undangengin þrjú ár.

3.2.6. Að svo miklu leyti sem útgefandi getur skal hann greina frá hvaða einstaklingar eða lögaðilar beint eða óbeint, einir sér eða sameiginlega, ráða eða gætu ráðið yfir fyrirtækinu og hve miklu atkvæðamagni þeir ráða yfir.
Með sameiginlegum yfirráðum er átt við að tveir eða fleiri menn eða lögaðilar hafi gert með sér samning sem leitt getur til samræmdrar afstöðu þeirra gagnvart útgefanda.

3.2.7. Að svo miklu leyti sem útgefanda er kunnugt skal hann upplýsa um stærstu hluthafa í félaginu, sbr. 26. gr. laga nr. 34/1998.

3.2.8. Tilheyri útgefandi samstæðu skal lýsa henni stuttlega og greina frá stöðu útgefanda innan hennar.

3.2.9. Komi það ekki sérstaklega fram í efnahagsreikningi skal greina frá eigin hlutabréfum sem útgefandi, eða fyrirtæki sem útgefandi á beint eða óbeint meira en 50% hlut í, hefur eignast og á. Greina skal frá nafnverði, fjölda þessara bréfa ef nafnverð er ekki til og bókfærðu verði ef þetta kemur ekki fram á efnahagsreikningi.

IV. KAFLI
Upplýsingar um starfsemi útgefanda.

4.1. Meginstarfssvið útgefanda:

4.1.0. Lýsing á meginstarfssviði útgefanda. Geta skal helstu flokka vöru eða þjónustu sem hann framleiðir eða selur. Einnig skal geta mikilvægra nýjunga í starfseminni.

4.1.1. Rekstrartekjur undanfarin þrjú reikningsár sundurliðaðar eftir starfsemi og markaðssvæðum eftir því sem við á.

4.1.2. Staðsetning og stærð helstu stofnana útgefanda og greinargerð um fasteignir í eigu hans. Hver sú stofnun sem stendur fyrir meira en 10% af veltu eða framleiðslu skal vera talin meðal helstu stofnana.

4.1.3. Ef um er að ræða námuvinnslu, olíuvinnslu, jarðefnatekju eða svipaðan rekstur, skal tilgreina lýsingar á jarðefnalögum, áætlaðan forða sem svarar kostnaði að vinna og áætlaðan vinnslutíma að því marki sem máli skiptir.
Gildistími og skilmálar fyrir vinnsluleyfi og fjárhagsleg skilyrði fyrir vinnslu og hvernig vinnslu miðar.

4.1.4. Hafi óvenjulegir þættir haft áhrif á þær upplýsingar sem veittar eru samkvæmt liðum 4.1.0. - 4.1.3. skal þeirra getið.

4.2. Samantekt um að hvaða marki útgefandi er háður einkaleyfum eða leyfum, samningum á sviði iðnaðar, verslunar eða fjármála eða nýjum framleiðsluaðferðum og slíkir þættir hafa grundvallarþýðingu fyrir rekstur eða arðsemi útgefandans.

4.3. Greina skal frá stefnu útgefanda síðustu þrjú reikningsár varðandi rannsóknir, vöruþróun eða nýjungar í framleiðslu, eftir því sem við á.
4.4. Greina skal frá málaferlum eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda.
4.5. Greina skal frá hvers kyns truflunum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda.
4.6. Meðalfjöldi starfsmanna og breytingar hans síðustu þrjú ár, hafi þær verið miklar. Einnig, ef mögulegt er, flokkun starfsmanna eftir helstu starfssviðum.
4.7. Fjárfestingarstefna:
4.7.0. Töluleg lýsing á fjárfestingum í öðrum fyrirtækjum, t.d. í skuldabréfum eða hlutabréfum. Yfirlitið skal ná yfir þrjú undangengin reikningsár og það sem af er yfirstandandi ári.
4.7.1. Upplýsingar um verulegar fjárfestingar sem gerðar hafa verið.
Landfræðileg dreifing þessara fjárfestinga (heima og erlendis).
Fjármögnunaraðferð (innan fyrirtækis eða utan þess).
4.7.2. Upplýsingar um helstu fjárfestingar útgefanda sem fyrirhugaðar eru.

V. KAFLI
Upplýsingar um eignir og skuldir útgefanda, fjárhagslega stöðu hans og afkomu.

5.1. Reikningar útgefanda:
5.1.0. Efnahags- og rekstrarreikningar síðustu þriggja reikningsára, settir upp á samanburðarhæfu formi. Skýringar síðasta ársreiknings skulu fylgja.
Ekki skulu vera liðnir meira en fimmtán mánuðir frá lokum þess árs er síðasti ársreikningurinn nær til. Kauphöll getur þó ákveðið annað ef sérstaklega stendur á.
5.1.1. Semji útgefandi aðeins samstæðureikning skal hann birtur í samræmi við 5.1.0. Gefi útgefandi bæði út eigin reikninga og samstæðureikninga skulu báðar tegundir koma fram eins og lýst er í 5.1.0. Kauphöll getur þó heimilað að aðeins komi fram önnur tegundin, enda geymi hin ekki mikilvægar viðbótarupplýsingar.
Greina skal frá hagnaði (tapi) af reglulegri starfsemi eftir frádrátt tekju- og eignarskatts á hverja krónu nafnverðs í fyrirtæki útgefanda síðustu þrjú reikningsár. Þetta á bæði við um eigin reikninga og samstæðureikninga.
Felli útgefandi aðeins samstæðureikning inn í skráningarlýsinguna skal þar koma fram hagnaður eða tap samstæðunnar af hverjum hlut fyrir hvert reikningsár undanfarin þrjú reikningsár. Þetta skal koma fram auk þess sem kveðið er á um í undanfarandi málsgrein að útgefandi felli einnig eigin ársreikning inn í skráningarlýsinguna.
Hafi fjöldi hlutabréfa í útgáfufélaginu breyst, til dæmis vegna hækkunar eða lækkunar hlutafjár, endurskipulagningar eða skiptingar á hlutum á ofangreindum þremur reikningsárum, skal aðlaga hagnað eða tap fyrir hvern hlut sem fjallað er um í fyrstu og annarri málsgrein hér að framan svo að sambærilegt verði; í því tilviki skal tilgreina þá aðferð sem notuð var við útreikninga.
Hafi orðið breyting á heildarnafnverði undangengin þrjú ár skal gera viðeigandi leiðréttingar svo að upplýsingar skv. næstu málsgrein hér á undan verði sambærilegar. Greina skal frá aðferðinni sem notuð er til leiðréttingar.
5.1.3. Arður á hverja krónu nafnverðs síðustu þrjú ár. Tölur skulu vera sambærilegar samanber 3. mgr. 5.1.2.

5.1.4. Séu liðnir meira en sjö mánuðir frá lokum þess reikningsárs sem síðasti ársreikningur tilheyrir skal sýna hlutaársreikning sem nær til a.m.k. sex mánaða þar á eftir. Sé hann ekki endurskoðaður skal þess getið.
Semji útgefandi aðeins samstæðureikninga skal kauphöll ákveða hvort hlutaársreikningur sé gerður fyrir samstæðuna eða ekki.
Í skráningarlýsingu eða fylgiskjali með henni skal greina frá öllum mikilvægum breytingum sem orðið hafa eftir lok þess tímabils sem síðasti ársreikningur eða hlutaársreikningur nær til.

5.1.5. Sé eigin reikningur eða samstæðureikningur ekki í samræmi við gildandi lög um ársreikninga útgefandans eða samstæðunnar og gefi ekki sanna og rétta mynd af eignum eða skuldum, fjárhagsstöðu útgefandans og afkomu hans skal gefa nánari upplýsingar eða viðbótarupplýsingar.

5.1.6. Yfirlit yfir sjóðstreymi eða fjármagnsstreymi síðustu þriggja reikningsára.

5.2. Nákvæm greinargerð, samanber eftirfarandi lista, um eignaraðild útgefanda að öðrum fyrirtækjum sem kann að ráða nokkru um mat á eignum, skuldum, fjárhagslegri stöðu og afkomu útgefanda.
Gefa verður upplýsingar skv. eftirfarandi lista ef eign útgefanda, bein eða óbein, er að minnsta kosti 10% af eigin fé útgefanda eða leggur til að minnsta kosti 10% af rekstrarafkomu útgefanda eða, sé um samsteypu að ræða, þá að minnsta kosti 10% af eigin fé eða rekstrarafkomu skv. samstæðureikningi.
Ekki þarf að veita upplýsingarnar samkvæmt eftirfarandi lista ef útgefandi sýnir fram á að aðeins sé um tímabundið eignarhald að ræða.
Sleppa má e- og f-liðum í eftirfarandi lista ef fyrirtækið sem eignarhaldið er í veitir ekki almenningi aðgang að ársreikningum sínum.

a) Nafn, kennitala og skráð aðsetur fyrirtækis.
b) Starfssvið.
c) Hve stór hluti hlutafjár er í eigu útgefanda.
d) Hlutafé.
e) Annað eigið fé.
f) Rekstrarafkoma eftir frádrátt tekju- og eignarskatts síðastliðið reikningsár fyrirtækis.
g) Bókfært verð hlutabréfa hjá útgefanda.
h) Hversu mikið af bréfum sem útgefandi á eru enn ógreidd.
i) Fjárhæð arðs sem útgefandi hefur fengið af hlutabréfunum síðastliðið reikningsár.
j) Skuld útgefanda við fyrirtækið eða fyrirtækisins við útgefanda.

Fella má niður upplýsingar sem kveðið er á um í g- og j-liðum ef kauphöllin lítur svo á að slík úrfelling villi ekki um fyrir fjárfestum.

5.3. Upplýsingar um fyrirtæki sem útgefandi á meira en 10% í og ekki er vitnað til í 5.2.

a) Nafn, kennitala og skráð aðsetur.
b) Eignarhlutdeild útgefanda.

5.4. Séu birtir samstæðureikningar í skráningarlýsingu skal greina frá:

a) Aðferð við gerð samstæðureiknings sé henni ekki lýst í lögum eða hún sé frábrugðin slíkum lagaákvæðum eða viðteknum venjum.
b) Nafni, kennitölu og aðsetri fyrirtækja sem tilheyra samstæðunni. Nægilegt er að merkja við þau fyrirtæki í lista sem birta skal samkvæmt 5.2.
c) Fyrir sérhvert fyrirtæki sem fjallað er um í b-lið:
   - heildarhlutfall eignarhlutdeildar þriðja aðila ef ársreikningar eru gerðir samstæðir í heild;

- samstæðuhlutföll reiknuð eftir eignarhlutdeild ef reikningsskil eru gerð á hlutfallsgrundvelli.

5.5. Sé útgefandi aðalaðili í samstæðu skal greina frá atriðum samkvæmt kafla IV og VII, bæði fyrir útgefanda og samstæðu. Kauphöll getur þó leyft að þessu sé sleppt sé þetta ekki mikilvægt.

5.6. Séu tilteknar upplýsingar sem kveðið er á um í þessum viðauka birtar í ársreikningi samkvæmt þessum kafla er ekki þörf á að endurtaka þær.

VI. KAFLI
Upplýsingar um stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlit.

6.1. Nöfn, kennitölur, aðsetur og starfssvið eftirtalinna manna og upplýsingar um meginviðfangsefni þeirra utan fyrirtækisins ef þær skipta máli.
   a) Stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og skoðunarmenn og/eða fulltrúanefnd.
   b) Sameigendur með ótakmarkaða ábyrgð ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé.
   c) Stofnendur sé fyrirtæki yngra en fimm ára.

6.2. Hagsmunir þeirra sem getið er í 6.1.a hjá fyrirtæki:

6.2.0. Öll greidd þóknun og hlunnindi, hverju nafni sem þau nefnast, greidd undangengið fjárhagsár til þeirra sem getið er í 6.1.a og eru færð sem fastakostnaður eða á reikning fyrir ráðstöfun hagnaðar og sem heildarupphæð fyrir hvern hóp. Tilgreina verður greidda heildarþóknun og hlunnindi til allra stjórnarmeðlima, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda útgefandans sem öll fyrirtæki háð útgefanda er mynda samstæðu með honum veita.

6.2.1. Heildarnafnverð hlutabréfa í félaginu sem eru í eigu þeirra sem getið er í 6.1.a, svo og vilnanir (options) þeim til handa vegna kaupa á hlutabréfum félagsins.

6.2.2. Upplýsingar um eðli og umfang óvenjulegra viðskipta fyrirtækis við þá sem getið er í 6.1.a undangengið og yfirstandandi fjárhagsár. (Hér getur verið um að ræða kaup eða sölu fasteigna eða önnur óregluleg viðskipti.) Hafi slík viðskipti átt sér stað fyrr, án þess að uppgjöri sé lokið skal einnig upplýsa um það.

6.2.3. Heildarfjárhæð lána fyrirtækis til þeirra sem getið er í 6.1.a, svo og heildarfjárhæð ábyrgða sem fyrirtæki hefur veitt í þeirra þágu.

6.3. Áform um að starfsfólk fái hlutdeild í hlutafé útgefanda.

VII. KAFLI
Upplýsingar um nýorðna þróun og horfur hjá fyrirtæki.

7.1. Almennar upplýsingar um gang mála hjá fyrirtæki frá því síðast var gerður ársreikningur, einkum meginatriði varðandi framleiðslu, sölu, birgðir, pantanir, kostnað og söluverð. Kauphöll getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

7.2. Upplýsingar um horfur í rekstri útgefanda að minnsta kosti fyrir yfirstandandi reikningsár og niðurstöður rekstraráætlunar, sé hún birt.

VIÐAUKI II
Skráningarlýsingar skuldabréfa.

I. KAFLI
Upplýsingar um þá sem ábyrgjast skráningarlýsingu og endurskoðun reikninga.

1.1. Nafn, kennitala og staða einstaklinga og nafn, kennitala og aðsetur lögaðila sem ábyrgjast skráningarlýsingu eða, eftir atvikum, tiltekinn hluta hennar, ásamt tilgreiningu um hvaða hluta er að ræða.

1.2. Yfirlýsing þeirra sem getið er í lið 1.1. um að skráningarlýsingin sé, að þeirra bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt. Yfirlýsingin skal undirrituð með eigin hendi þeirra er hana ábyrgjast.

1.3. Nafn, kennitala og aðsetur þeirra löggiltu endurskoðenda, eða endurskoðunarfélags, sem endurskoðað hafa ársreikninga útgefanda undanfarin þrjú reikningsár í samræmi við landslög.
Yfirlýsing um að ársreikningar hafi verið endurskoðaðir. Hafi endurskoðendur neitað að árita ársreikninga, eða gert athugasemdir í áritunum sínum, skal hafa yfirlýsingu þeirra um þetta efni eftir óstytta og gefa skýringar á henni.
Þess skal og getið ef endurskoðendur hafa endurskoðað önnur atriði skráningarlýsingar

II. KAFLI
Upplýsingar um skráningu og um skuldabréfaflokk sem óskað er opinberrar skráningar á.

2.1. Skilmálar lánsins:

2.1.0. Nafnvirði lánsins; ef sú upphæð er ekki ákveðin skal taka það fram.
Eðli, fjöldi og númerakerfi skuldabréfa og tilgreindar upphæðir.

2.1.1. Fjárhæð útgáfu, verðtrygging, innlausnarverð og nafnvextir nema þegar um er að ræða stöðuga útgáfu; skilyrði fyrir vaxtabreytingu ef kveðið er á um breytilega/margs konar vexti.

2.1.2. Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, hvernig þau hlunnindi eru reiknuð út og hvernig þau fást nýtt.

2.1.3. Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu.
Greina skal frá því hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

2.1.4. Endurgreiðsluform, hvernig endurgreiðsla fer fram og uppsagnarákvæði ef um slíkt er að ræða.

2.1.5. Fjármálafyrirtæki sem annast greiðslur fyrir útgefanda á þeim tíma þegar skuldabréf eru tekin til opinberrar skráningar í því aðildarríki þar sem skrá skal.

2.1.6. Gjaldmiðill skuldabréfs. Ef fjárhæð er tilgreind í reikningseiningum skal gefa upp gildi reikningseiningar.

2.1.7. Tímamörk:
a) Lánstímabil og allir gjalddagar.
b) Upphafsdagur vaxta og allir gjalddagar þeirra.
c) Fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls.
d) Hvernig og innan hvaða frests afhenda skal skuldabréfin og útgáfa bráðabirgðaskírteina, ef um hana er að ræða.

2.1.8. Ávöxtunarkrafa, nema þegar um stöðuga útgáfu er að ræða, og sölugengi á fyrsta söludegi eða þegar fyrirhugað er að skrá bréfin í kauphöll. Lýsa skal í samantekt aðferð sem notuð er við útreikning ávöxtunar.

2.2. Lagaleg atriði:
2.2.0. Ákvarðanir, heimildir og samþykktir um gerð og/eða útgáfu skuldabréfa.
Tegund útgáfu og fjárhæð.
Fjöldi skuldabréfa sem hafa verið eða verða útbúin og/eða útgefin, ef það er fyrirfram ákveðið.
2.2.1. Eðli og umfang ábyrgða og/eða skuldbindinga sem ætlað er að tryggja skilvísa endurgreiðslu á vöxtum, verðbótum og höfuðstól skuldabréfanna.
Hvar almenningur hefur aðgang að samningum um ofangreindar ábyrgðir, veð og skuldbindingar.
2.2.2. Upplýsingar um fjárvörslumenn eða aðra fyrirsvarsmenn hóps skuldabréfaeigenda.
Nafn, starf, lýsing og aðalskrifstofa þess sem kemur fram fyrir hönd skuldabréfaeigenda, helstu skilyrði fyrirsvarsins, einkum hvernig skipta megi um fyrirsvarsmenn.
Hvar almenningur hefur aðgang að samningum sem gerðir hafa verið um fyrirsvarið.
2.2.3. Ákvæði um víkjandi rétt skuldar gagnvart öðrum skuldum útgefenda sem þegar hefur verið samið um eða mun verða samið um.
2.2.4. Hvaða löggjöf gildir um skuldabréfin og hvaða dómstólar eru lögbærir ef til málaferla kemur.
2.2.5. Hvort skuldabréf séu nafnbréf eða handhafabréf.
2.2.6. Hömlur á framsali skuldabréfa, ef einhverjar eru.
2.3. Upplýsingar um töku skuldabréfaflokks til skráningar.
2.3.0. Kauphallir þar sem sótt er um eða sótt verður um opinbera skráningu.
2.3.1. Nöfn, kennitölur, aðsetur og deili á einstaklingum og lögaðilum sem veita sölutryggingu eða ábyrgð á útboði eða ábyrgjast það gagnvart útgefanda. Sé ekki veitt sölutrygging eða ábyrgð fyrir allri útgáfunni skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging eða ábyrgð nær ekki til.
2.3.2. Ef opið eða lokað útboð fer fram eða hefur farið fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri ríkjum og ef hluti þeirra hefur verið eða er tekinn frá fyrir sum þeirra skulu allir slíkir hlutir tilgreindir.
2.3.3. Í hvaða kauphöll skuldabréf í sama flokki hafa þegar verið skráð ef um eina eða fleiri kauphallir er að ræða.
2.3.4. Ef skuldabréf sama útgefanda hafa ekki enn verið tekin til skráningar í kauphöll en verslað er með þau á einum eða fleiri mörkuðum sem háðir eru ákveðnum reglum, starfa reglulega og eru viðurkenndir og opnir þá skal þeirra getið.
2.3.5. Fjármálafyrirtæki sem annast milligöngu fyrir útgefandann þegar skráning fer fram.
2.4. Upplýsingar um útgáfu ef hún er samfara opinberri skráningu eða ef hún hefur farið fram innan þriggja mánaða frá skráningu.
2.4.0. Hvernig neyta megi forkaupsréttar eða annarra réttinda, hvort forkaupsrétt eða slík réttindi megi framselja, hvernig farið verði með ónýttan forkaupsrétt eða önnur réttindi.
2.4.1. Hvernig greiða eigi útgáfu- eða útboðsverð.
2.4.2. Hvenær útgáfa eða útboð hefst, útboðstímabil og hvort sölu kunni að ljúka fyrr en áætlað var, nema þegar um er að ræða stöðuga útgáfu skuldabréfa.
2.4.3. Tilhögun sölu og fjármálastofnanir sem taka við áskriftum almennings.
2.4.4. Ef nauðsynlegt er skal taka fram hvort draga megi úr áskriftum.

2.4.5. Heildarupphæð þess fjár sem aflað er með útgáfunni, nema þegar um er að ræða stöðuga útgáfu á skuldabréfum.
2.4.6. Markmið útgáfu og fyrirhuguð notkun fjárins.
2.4.7. Viðskiptavaki og hvernig markaðsmyndun hans verður háttað.

III. KAFLI
Upplýsingar um útgefanda og eigið fé hans.

3.1. Almennar upplýsingar um útgefanda.
3.1.0. Nafn, kennitala, skráð aðsetur og höfuðstöðvar séu þær aðrar en hið skráða aðsetur.
3.1.1. Stofndagur. Ef fyrirséð er hvenær félagi útgefanda verði slitið skal einnig upplýsa um það.
3.1.2. Löggjöf sem útgefandi starfar eftir og rekstrarform hans samkvæmt þeirri löggjöf.
3.1.3. Tilgangur með starfsemi útgefanda og tilvísun til þess ákvæðis í stofnsamþykktum þar sem honum er lýst.
3.1.4. Hvar útgefandi er skráður og færslunúmer í skránni.
3.1.5. Hvar ganga má að skjölum sem vitnað er til í skráningarlýsingu.
3.2. Almennar upplýsingar um eigið fé.
3.2.0 Upphæð útgefins hlutafjár, fjöldi og flokkar þeirra hluta sem hlutaféð myndar, með lýsingu á helstu einkennum þeirra.
Sá hluti útgefins hlutafjár sem er enn ógreiddur, ásamt fjölda, heildarnafnverði og tegund þeirra hluta sem ekki hafa enn verið að fullu greiddir, sundurliðað þar sem við á eftir því að hve miklu leyti þeir hafa verið greiddir.
3.2.1. Liggi fyrir ónotuð heimild um aukningu hlutafjár eða skuldbinding að auka það, t.d. í sambandi við breytanleg (convertable) eða skiptanleg skuldabréf eða veitt áskriftarréttindi (warrants) að hlutabréfum, skal greina frá fjárhæð slíkrar heimildar eða skuldbindingar, hvenær hún rennur út, hverjir hafa forkaupsrétt og skilmálum slíkrar útgáfu.
3.2.2. Tilheyri útgefandi samstæðu fyrirtækja skal lýsa henni stuttlega og greina frá stöðu útgefanda innan hennar.
3.2.3. Komi það ekki sérstaklega fram í efnahagsreikningi skal greina frá eigin hlutabréfum sem útgefandi, eða fyrirtæki sem útgefandi á beint eða óbeint meira en 50% hlut í, hefur eignast og á. Greina skal frá nafnverði, fjölda þessara bréfa ef nafnverð er ekki til og bókfærðu verði ef þetta kemur ekki fram á efnahagsreikningi og að því leyti sem í þeim felst verulegur hluti þess hlutafjár sem út hefur verið gefið.

IV. KAFLI
Upplýsingar um starfsemi útgefanda.

4.1. Meginstarfssvið útgefanda.
4.1.0. Lýsing á meginstarfsemi útgefanda. Geta skal helstu flokka vöru eða þjónustu sem hann framleiðir og selur.
Einnig skal geta mikilvægra nýjunga í starfseminni.
4.1.1. Rekstartekjur síðastliðin tvö reikningsár.
4.1.2. Staðsetning og stærð helstu stofnana útgefanda og greinargerð um fasteignir í eigu hans. Hver sú stofnun sem stendur fyrir meira en 10% af veltu eða framleiðslu skal vera talin meðal helstu stofnana.

4.1.3. Ef um er að ræða námuvinnslu, olíuvinnslu, jarðefnatekju eða svipaðan rekstur skal tilgreina lýsingu á jarðefnalögum, áætlaðan forða sem svarar kostnaði að vinna og áætlaðan vinnslutíma að því marki sem máli skiptir.
Gildistími og skilmálar fyrir vinnsluleyfi og fjárhagsleg skilyrði fyrir vinnslu og hvernig vinnslu miðar.

4.1.4. Hafi óvenjulegir þættir haft áhrif á þær upplýsingar sem veittar eru samkvæmt liðum 4.1.0. - 4.1.3. skal þeirra getið.

4.2. Samantekt um að hvaða marki útgefandi er háður einkaleyfum eða leyfum, samningum á sviði iðnaðar, verslunar eða fjármála eða nýjum framleiðsluaðferðum ef um það er að ræða og slíkir þættir hafa grundvallarþýðingu fyrir rekstur eða arðsemi útgefandans.

4.3. Greina skal frá málaferlum eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda.

4.4. Fjárfestingarstefna.

4.4.0. Töluleg lýsing á fjárfestingum í öðrum fyrirtækjum, t.d. í skuldabréfum eða hlutabréfum. Yfirlit skal ná yfir þrjú undangengin reikningsár og það sem af er yfirstandandi ári.

4.4.1. Upplýsingar um helstu fjárfestingar sem gerðar hafa verið.
Landfræðileg dreifing þessara fjárfestinga (heima og erlendis).
Fjármögnunaraðferð (innan fyrirtækis eða utan þess).

4.4.2. Upplýsingar um verulegar fyrirhugaðar fjárfestingar útgefanda.

V. KAFLI
Upplýsingar um eignir og skuldir útgefanda, fjárhagsstöðu hans og afkomu.

5.1. Reikningar útgefanda:

5.1.0. Efnahags- og rekstrarreikningar síðustu þriggja reikningsára settir upp á samanburðarhæfu formi. Skýringar síðasta ársreiknings skulu fylgja.
Drög að skráningarlýsingu skulu vera lögð inn hjá kauphöll innan átján mánaða frá lokum þess reikningsárs sem síðasti birtur ársreikningur nær yfir. Kauphöll getur framlengt þann frest þegar sérstaklega stendur á.

5.1.1. Semji útgefandi aðeins samstæðureikning skal hann birtur í samræmi við 5.1.0. Gefi útgefandi bæði út eigin reikninga og samstæðureikninga skulu báðar tegundir koma fram eins og lýst er í 5.1.0. Kauphöll getur þó heimilað að aðeins komi fram önnur tegundin, enda geymi hin ekki mikilvægar viðbótarupplýsingar.

5.1.2. Séu liðnir meira en sjö mánuðir frá lokum þess reikningsárs sem síðasti ársreikningur tilheyrir skal sýna hlutaársreikning sem nær til að minnsta kosti sex mánaða þar á eftir. Sé hann ekki endurskoðaður skal þess getið.
Semji útgefandi aðeins samstæðureikninga skal kauphöll ákveða hvort hlutaársreikningurinn sé gerður fyrir samstæðuna eða ekki.
Í skráningarlýsingu eða fylgiskjali með henni skal greina frá öllum mikilvægum breytingum sem orðið hafa eftir lok þess tímabils sem síðasti ársreikningur eða hlutaársreikningur nær til.

5.1.3. Sé ársreikningur ekki í samræmi við lög er gilda um ársreikninga útgefanda eða góðar reikningsskilavenjur um ársreikninga fyrirtækja og gefi ekki sanna og rétta mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu útgefanda og afkomu hans skal gefa nánari upplýsingar eða viðbótarupplýsingar.

5.1.4. Nýjustu upplýsingar um eftirfarandi atriði (dagsetning verður að koma fram) ef þau skipta máli:

- heildarfjárhæð útistandandi lána þar sem gerður er greinarmunur á tryggðum lánum (með veði eða tryggð á annan hátt af útgefanda eða þriðja aðila) og ótryggðum lánum,
- heildarfjárhæð á öllum öðrum lántökum og skuldum er svipar til lána þar sem gerður er greinarmunur á tryggðum og ótryggðum lántökum og skuldum,
- heildarfjárhæð á öllum skilyrtum skuldbindingum.

Tilgreina skal, þar sem við á, ef ekki eru fyrir hendi slík lán, lántökur, skuldbindingar eða skilyrtar skuldbindingar.

Ef útgefandi gerir samstæðuársreikning skulu gilda reglur sem kveðið er á um í lið 5.1.1. Almennt séð skal ekki taka með í reikninginn skuldir milli fyrirtækja sama hóps en ef þörf krefur skal taka það fram.

5.1.5. Yfirlit yfir sjóðstreymi eða fjármagnsstreymi síðustu þriggja ára.

5.2. Nákvæm greinargerð, sbr. eftirfarandi lista, um eignaraðild útgefanda að öðrum fyrirtækjum sem kann að ráða nokkru um mat á eignum, skuldum, fjárhagslegri stöðu og afkomu útgefanda.

Gefa verður upplýsingar skv. eftirfarandi lista ef eign útgefanda, bein eða óbein, er a.m.k. 10% af eigin fé útgefanda eða leggur til að minnsta kosti 10% af rekstrarafkomu útgefanda eða, sé um samsteypu að ræða, þá að minnsta kosti 10% af eigin fé eða rekstrarafkomu samkvæmt samstæðureikningi.

Ekki þarf að veita upplýsingar samkvæmt eftirfarandi lista ef útgefandi sýnir fram á að aðeins sé um tímabundið eignarhald að ræða.

Sleppa má e- og f-liðum í eftirfarandi lista ef fyrirtækið sem eignarhaldið er í veitir ekki almenningi aðgang að ársreikningum sínum.

Stjórn kauphallar getur veitt leyfi til að fella niður upplýsingar sem kveðið er á um í d-, e-, f-, g- og h-liðum hér á eftir ef ársreikningar fyrirtækis sem útgefandi á hlutdeild í eru gerðir samstæðir ársreikningum alls hópsins eða ef verðmæti sem hlutdeild samsvarar er birt í ársreikningum, enda telji stjórn þingsins það ekki líklegt til að villa um fyrir almenningi hvað snertir atvik og aðstæður sem nauðsynlegt er að þekkja til mats á viðkomandi verðbréfum þótt upplýsingunum sé sleppt.

a) Nafn, kennitala og aðsetur fyrirtækisins.
b) Starfssvið.
c) Hve stór hluti hlutafjár er í eigu útgefanda.
d) Hlutafé.
e) Annað eigið fé.
f) Rekstrarafkoma eftir frádrátt tekju- og eignarskatts síðastliðið reikningsár fyrirtækisins.
g) Hversu mikið af bréfum sem útgefandi á eru enn ógreidd.
h) Fjárhæð arðs sem útgefandi hefur fengið greiddan síðastliðið reikningsár af bréfum sínum.

5.3. Séu birtir samstæðureikningar í skráningarlýsingu skal greina frá:

a) aðferð við gerð samstæðureikninga sé henni ekki lýst í lögum eða hún frábrugðin ákvæðum laga eða viðteknum venjum.
b) nöfnum, kennitölum og aðsetri fyrirtækja sem tilheyra samstæðunni þegar slíkar upplýsingar eru mikilvægar til að meta eignir og skuldir, fjárhagsstöðu og afkomu útgefanda. Nægilegt er að merkja við þau fyrirtæki á listanum sem birta skal samkvæmt 5.2.
c) fyrir sérhvert fyrirtæki sem fjallað er um í b-lið:

- heildarhlutfall eignarhlutdeildar þriðja aðila ef ársreikningar eru gerðir samstæðir í heild,
- samstæðuhlutföll reiknuð eftir eignarhlutdeild ef reikningsskil eru gerð á hlutfallsgrundvelli.

5.4. Sé útgefandi aðalaðili í samstæðu skal greina frá atriðum skv. IV. og VII. kafla, bæði fyrir útgefanda og samstæðu. Kauphöll getur heimilað að þessar upplýsingar séu veittar um útgefandann einan eða samstæðuna eina, enda skipti einstök atriði sem ekki eru látin uppi ekki máli að mati kauphallar.

5.5. Ekki þarf að endurtaka þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir í þessum viðauka séu þær birtar í ársreikningi sem birtur er í samræmi við þennan kafla.

VI. KAFLI
Upplýsingar um stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlit.

6.1. Nöfn, kennitölur, aðsetur og starfssvið eftirtalinna manna hjá útgefanda og upplýsingar um meginviðfangsefni þeirra utan fyrirtækisins ef þær skipta máli:
a) Stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og/eða fulltrúanefnd.
b) Sameigendur með ótakmarkaða ábyrgð ef um er að ræða samlagshlutafélag.
c) Stofnendur sé fyrirtæki yngra en 5 ára.

VII. KAFLI
Upplýsingar um nýorðna þróun hjá útgefanda og horfur.

7.1. Almennar upplýsingar um þróun í rekstri útgefanda frá lokum þess reikningsárs sem síðustu ársreikningar hafa verið birtir fyrir, einkum meginatriði varðandi framleiðslu, sölu, birgðir, pantanir, kostnað og söluverð. Kauphöll getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

7.2. Upplýsingar um horfur í rekstri útgefanda að minnsta kosti fyrir yfirstandandi reikningsár, nema þar sem kauphöll hefur veitt undanþágu.

VIÐAUKI III
Skráningarlýsing heimildarskírteina fyrir hlut.

I. KAFLI
Almennar upplýsingar um útgefanda.

1.1. Heiti, skráð skrifstofa og aðalstöðvar, ef þær eru aðrar en skráð skrifstofa.

1.2. Stofndagur og rekstrartími útgefanda, sé hann ekki ótiltekinn.

1.3. Löggjöf sem útgefandi starfar eftir og rekstrarform hans samkvæmt þeirri löggjöf.

1.4. Upphæð útgefins hlutafjár, fjöldi og flokkar þeirra hluta sem hlutafé myndar, með lýsingu á helstu einkennum þeirra.
Sá hluti útgefins hlutafjár sem er enn ógreiddur, ásamt fjölda, heildarnafnverði og tegund þeirra hluta sem ekki hafa enn verið að fullu greiddir, sundurliðað þar sem við á eftir því að hve miklu leyti þeir hafa verið greiddir.

1.5. Helstu hlutafjáreigendur.

1.6. Nöfn, heimilisföng og hlutverk eftirfarandi einstaklinga í útgáfufélaginu og helstu störf þeirra utan félagsins tilgreind ef það skiptir máli gagnvart félaginu:
a) stjórnarmeðlima, framkvæmdastjóra og kjörinna endurskoðenda,
b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé.

1.7. Tilgangur félagsins. Ef útgáfa heimildarskírteina fyrir hlut er ekki eini tilgangur félagsins verður að lýsa eðli annarrar starfsemi og skal fjallað sérstaklega um allt er lýtur að fjárvörslu.

1.8. Yfirlit yfir ársreikninga á síðasta afloknu reikningsári.
Þegar meira en sjö mánuðir hafa liðið frá lokum þess reikningsárs sem síðasti árs- og/eða samstæðureikningur var birtur fyrir skal fella inn í skráningarlýsinguna hlutaársreikning sem nær að minnsta kosti yfir sex fyrstu mánuðina. Hafi hlutaársreikningurinn ekki verið endurskoðaður skal taka það fram.
Þegar útgefandi gerir samstæðureikning skal kauphöll ákveða hvort hlutaársreikningurinn sem leggja á fram skuli vera samstæður eða ekki.
Allar mikilvægar breytingar sem hafa orðið frá því í lok síðasta reikningsárs eða frá því að hlutaársreikningur var gerður skulu tilgreindar í athugasemd í skráningarlýsingu eða í viðauka við hana.

II. KAFLI
Upplýsingar um sjálf heimildarskírteinin.

2.1. Lagagildi:
Reglur þær sem gilda um útgáfu heimildarskírteinanna, útgáfudagur þeirra og útgáfustaður.

2.1.0. Nýting og eðli réttar sem fylgir upphaflegu verðbréfunum, einkum atkvæðisréttar, með hvaða skilyrðum útgefandi geti neytt þessa réttar og hvernig afla skal fyrirmæla eigenda heimildarskírteina og réttindi til hlutdeildar í hagnaði og afgangi við slit.

2.1.1. Bankaábyrgðir eða aðrar ábyrgðir sem fylgja skírteinunum og ætlað er að tryggja skuldbindingar útgefanda.

2.1.2 Möguleiki á að fá heimildarskírteinunum breytt í upphafleg verðbréf og hvernig sé að því staðið.

2.2. Upphæð þóknunar og kostnaðar sem eigandi ber vegna:
- útgáfu skírteinisins,
- greiðslu arðmiða,
- útgáfu viðbótarskírteina,
- skipta á skírteinum fyrir eiginleg verðbréf.

2.3. Framsalshæfi skírteinanna:
a) Kauphallir þar sem sótt er um eða sótt verður um opinbera skráningu,
b) takmarkanir á framsali skírteinanna.

2.4. Viðbótarupplýsingar fyrir skráningu í kauphöll:
a) Ef skrá á skírteinin í kauphöll skal gefa upp fjölda þeirra skírteina sem boðin eru til sölu og/eða heildarnafnverð, svo og lágmarkssöluverð ef það hefur verið ákveðið,
b) hvenær hin nýju skírteini verða skráð, ef vitað er.

2.5. Fyrirkomulag varðandi hvers konar skatta og gjöld sem eigendur skulu bera og lögð eru á í því landi þar sem skírteinin eru gefin út.

2.6. Löggjöf sem skírteinin hafa verið gerð samkvæmt og hvaða dómstólar hafa dómsvald ef til málaferla kemur.

VIÐAUKI IV
Undanþágur frá birtingu skráningarlýsinga.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Kauphöll getur veitt undanþágu frá birtingu skráningarlýsingar samanber viðeigandi ákvæði reglugerðar þessarar um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, enda séu upplýsingar birtar í samræmi við reglugerð þessa um fjárhæð og tegund þeirra verðbréfa sem um ræðir og hvernig útgáfu verðbréfanna er háttað. Undantekningar geta náð til eftirfarandi tilvika:
   Verðbréf þau sem óskað er opinberrar skráningar á eru verðbréf sem hafa verið:
   a) seld í almennu útboði; eða
   b) gefin út vegna yfirtökutilboðs; eða
   c) gefin út vegna samruna þriðja aðila við útgefanda; samruna þeirra í nýtt félag; samruna ákveðins hluta rekstrar þriðja aðila við útgefanda; yfirfærslu allra eða hluta réttinda og skyldna þriðja aðila til útgefanda eða sem endurgjald fyrir yfirfærslu annarra eigna þriðja aðila en reiðufjár;

   enda hafi á síðastliðnum tólf mánuðum áður en sótt er um skráningu verið gefið út skjal eða skýrsla (almenn útboðslýsing/samrunaáætlun) sem inniheldur sambærilegar upplýsingar og áskildar eru í skráningarlýsingum samkvæmt reglugerð um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll og viðaukum með þeim. Enn fremur skal birtur viðauki við umrætt skjal sem inniheldur upplýsingar um allar breytingar sem átt hafa sér stað frá því að umrætt skjal var gefið út. Um birtingu skjals og viðauka skal fara samkvæmt reglugerð um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.
2. Verðbréf þau sem óskað er opinberrar skráningar á eru:
   a. hlutabréf sem veitt eru hluthöfum án endurgjalds (jöfnunarbréf), enda sé viðkomandi hlutabréfaflokkur skráður í sömu kauphöll; eða
   b. hlutabréf sem gefin eru út við skiptingu á breytanlegum eða skiptanlegum skuldabréfum, svo og bréf sem gefin eru út vegna nýtingar áskriftarréttinda, enda séu hlutabréf viðkomandi útgefanda skráð í sömu kauphöll; eða
   c. hlutabréf sem gefin eru út í skiptum fyrir áður útgefin hlutabréf í sama flokki, enda hafi umrædd útgáfa ekki í för með sér hækkun hlutafjár.
3. Verðbréf þau sem óskað er opinberrar skráningar á eru:
   a. hlutabréf og fjöldi þeirra, áætlað markaðsvirði eða nafnverð þeirra (eða bókfært verð þeirra sé nafnverði ekki til að dreifa) nemur minna en 10% af fjölda eða samsvarandi virði áður útgefinna hlutabréfa sama flokks sem skráður er í sömu kauphöll og útgefandi hefur að öðru leyti uppfyllt reglur sem um skráningu og upplýsingaskyldu hans gilda; eða
   b. skuldabréf sem útgefin eru af lögaðila (þ. á m. hlutafélagi) innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar samkvæmt sérstökum lögum og ríki eða sveitarfélag ábyrgist skuldbindingar lögaðilans, enda séu viðkomandi skuldabréf gefin út vegna rekstrar lögaðilans sem verndaður er af einkaleyfi; eða
   c. skuldabréf sem gefin eru út af lögaðila innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðrum en hlutafélagi, og um stofnun hans og starfsemi er kveðið í sérstökum lögum og starfsemi hans felst eingöngu í öflun fjármagns samkvæmt stefnu/eftirliti ríkisins með útgáfu skuldabréfa og að fjármagna framleiðslu með fénu sem þau hafa aflað og fé sem aðildarríkið reiðir fram, og skuldabréf þau sem óskað er skráningar á eru útgefin af ríki eða með ábyrgð ríkis lögum samkvæmt; eða

d. hlutabréf, eingöngu boðin starfsmönnum útgefanda, ef þegar útgefin hlutabréf í sama flokki eru skráð í sömu kauphöll; eða
e. verðbréf sem þegar eru skráð opinberri skráningu í kauphöll á Íslandi og skráningarlýsing samkvæmt reglugerð þessari og viðaukum við hana hefur verið birt opinberlega; eða
f. hlutabréf sem gefin eru út sem endurgjald fyrir það þegar stjórn samlagsfélags með hlutafé afsalar lögbundnum rétti sínum til hagnaðar, enda hafi hlutabréf úr sama flokki verið skráð í sömu kauphöll; eða
g. viðbótarskírteini fyrir verðbréf, gefin út í skiptum fyrir hin upphaflegu verðbréf enda hafi útgáfa þeirra ekki leitt til hækkunar á höfuðstól félagsins og að því tilskildu að skírteinin fyrir þessi verðbréf hafi þegar verið skráð í sömu kauphöll.

4. Verðbréf sem óskað er opinberrar skráningar á:
   a. hafa þegar verið skráð opinberlega innan Evrópska efnahagssvæðisins í að minnsta kosti þrjú ár áður en sótt er um skráningu; eða
   b. hafa þegar verið skráð opinberlega innan Evrópska efnahagssvæðisins í minna en þrjú ár og hafa að öllu leyti uppfyllt að mati kauphallar sem sótt er um skráningu í kröfur um upplýsingar og skráningu sem gerðar eru samkvæmt tilskipunum Evrópubandalagsins til félaga sem eiga opinberlega skráð verðbréf;
   c. enda hafi eftirfarandi verið birt samkvæmt reglugerð um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll:
      i) skjal með eftirfarandi upplýsingum:
         - yfirlýsingu þess efnis að sótt hafi verið um opinbera skráningu verðbréfanna. Þegar um hlutabréf er að ræða skal einnig tilgreina í yfirlýsingunni fjölda og flokk viðkomandi hlutabréfa og lýsa í stuttu máli réttindum sem þeim fylgja. Þegar um er að ræða heimildarskírteini fyrir hlut skal einnig tilgreina í yfirlýsingunni réttindi sem tengjast upprunalegum verðbréfum og veita upplýsingar um þann möguleika að breyta skjölum þessum í upprunaleg verðbréf og aðferðina til þess. Þegar um er að ræða skuldabréf skal einnig tilgreina í yfirlýsingunni nafnvirði láns (ef upphæð er ekki ákveðin skal það tekið fram), svo og lánsskilmála, nema þegar um er að ræða stöðuga útgáfu, útgáfu- og innlausnarverð og nafnvexti (skilyrði fyrir vaxtabreytingu ef kveðið er á um margs konar vexti). Þegar um er að ræða breytanleg skuldabréf, skiptanleg skuldabréf, skuldabréf með áskriftarrétti eða áskriftarrétt að hlut skulu einnig vera í yfirlýsingunni upplýsingar um eðli hlutabréfa sem í boði eru með breytingum, skiptum eða samkvæmt áskriftarréttindum, upplýsingar um réttindi sem þeim fylgja, skilyrði fyrir og aðferðir við breytingu, skipti eða áskrift, svo og við hverjar aðstæður megi breyta þeirri skipan:
         - nákvæmum upplýsingum um markverðar breytingar eða þróun sem átt hefur sér stað eftir það er varða gögnin sem um getur í ii- og iii-lið hér á eftir:
         - upplýsingum sem sérstaklega eiga við um íslenska markaðinn, einkum um tekjuskatt og þá stofnun er annast greiðslur fyrir útgefandann og þann hátt sem hafður er á við birtingu tilkynninga til fjárfesta, og
         - yfirlýsingu af hálfu þeirra sem ábyrgir eru fyrir þeim upplýsingum sem eru veittar samkvæmt fyrstu þremur undirliðum þess efnis að þær séu réttar og fyrir því að engu hafi verið sleppt sem áhrif geti haft á áreiðanleika skjalsins;
      ii) síðasta ársskýrsla, síðustu endurskoðaðir ársreikningar (semji útgefandi bæði eigin ársreikninga og samstæðureikninga skal leggja bæði uppgjörin fram. Kauphöll getur veitt undanþágu frá þessu svo fremi sem engar viðbótarupplýsingar sem máli skipta felist í uppgjörinu sem ekki er lagt fram) og síðasta hálfsársuppgjör útgefanda fyrir viðkomandi ár hafi það þegar verið birt;

iii) skráningarlýsingar, útboðslýsingar eða samsvarandi gögn sem útgefandi birti næstliðnu tólf mánuði áður en sótt er um skráningu; og

iv) eftirfarandi upplýsingar sé þær ekki þegar að finna í þeim gögnum sem kveðið er á um í i-, ii- og iii-lið:

- upplýsingar um hvernig stjórn, framkvæmdastjórn og skoðunarmenn félagsins eru skipaðar og hlutverk einstakra nefndarmanna,
- almennar upplýsingar um eigið fé,
- vitneskja um raunverulega stöðu, byggða á upplýsingum sem útgefanda hafa borist um eignarhlutdeild stærri hluthafa sem tilkynna ber um samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 34/1998 og reglugerðar um upplýsingaskyldu nr. 433/1999.
- skýrslur þeirra sem eru ábyrgir fyrir endurskoðun ársreikninganna sem síðast voru birtir og krafist er lögum samkvæmt í því aðildarríki þar sem skráð skrifstofa útgefanda er staðsett,

d. hafa verið kynnt þannig að fram komi í tilkynningum, dreifibréfum, auglýsingum og öðrum gögnum þar sem opinber skráning verðbréfanna er boðuð og eðli og einkenni verðbréfanna er gefið til kynna, svo og í öllum öðrum gögnum sem skráninguna varða og útgefandi eða annar fyrir hans hönd hyggst birta, að þær upplýsingar sem um getur í c-lið séu til og bent á hvar þær séu eða verði birtar, á þann hátt sem mælt er fyrir um í reglugerð um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

e. sem upplýsingar sem um getur í c-lið og þær tilkynningar, dreifibréf, auglýsingar og gögn sem um getur í d-lið hafi verið sendar til kauphallar áður en þær hafa verið birtar annars staðar.

5. Hlutabréf félaga sem skráð hafa verið á skipulegum markaði á Íslandi í að minnsta kosti tvö ár sem rekinn er af aðila sem viðurkenndur er af opinberum yfirvöldum á Íslandi og nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir um útgefandann að mati kauphallar áður en sótt er um skráningu.

II. KAFLI
Efni skráningarlýsinga í sérstökum tilvikum.

2. gr.

1. Þegar sótt er um opinbera skráningu í kauphöll á hlutabréfum sem boðin eru hluthöfum útgefanda á grundvelli forkaupsréttar og þegar útgefin hlutabréf í sama flokki eru þegar skráð í sömu kauphöll getur kauphöllin veitt heimild til þess að skráningarlýsing innihaldi aðeins upplýsingar sem mælt er um í viðauka I:

- í 1. kafla,
- í 2. kafla,
- í 3. kafla, liðum 3.1.0, 3.1.5, 3.2.0, 3.2.1, 3.2.6, 3.2.7, 3.2.8 og 3.2.9.,
- í 4. kafla, liðum 4.2, 4.4, 4.5, 4.7.1 og 4.7.2.,
- í 5. kafla, liðum 5.1.4, 5.1.5 og 5.5.,
- í 6. kafla, liðum 6.1, 6.2.0, 6.2.1, 6.2.2, 6.2.3 og
- í 7. kafla.

Skráningarlýsing vegna áskriftarréttinda að hlutabréfum samkvæmt 1. mgr. skal að minnsta kosti hafa að geyma, til viðbótar þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í þeirri málsgrein, þær upplýsingar sem kveðið er á um í viðauka III:

- í 1. kafla, liðum 1.1, 1.3, 1.4, 1.6 og 1.8 og
- í 2. kafla.

2. Ef sótt er um opinbera skráningu breytanlegra eða skiptanlegra skuldabréfa eða skuldabréfa með áskriftarrétti sem boðin hafa verið hluthöfum útgefanda á grundvelli forkaupsréttar og hlutabréf viðkomandi útgefanda eru þegar skráð í sömu kauphöll, getur kauphöllin veitt heimild til að skráningarlýsing innihaldi aðeins:
   - upplýsingar um eðli þeirra hlutabréfa sem boðin eru fyrir breytingu eða skipti eða nýtingu áskriftarréttar og upplýsingar um réttindi sem þeim fylgja,
   - upplýsingar sem kveðið er á um í viðauka I og getið er í 1. mgr. 1. tl. þessarar greinar að undanskildum ákvæðum 2. kafla viðaukans,
   - upplýsingar sem kveðið er á um í 2. kafla viðauka II og
   - skilyrði og framkvæmdatilhögun á breytingu, skiptum eða nýtingu áskriftarréttinda, svo og upplýsingar við hvaða aðstæður breyta megi þeirri skipan.
3. Þegar skráningarlýsing samkvæmt 1. og 2. gr. reglna þessara er birt samkvæmt reglugerð um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll skal ársreikningur síðasta reikningsárs fylgja henni. Þegar útgefandi gerir bæði eigin ársreikning og samstæðureikning skulu bæði uppgjörin fylgja skráningarlýsingunni. Kauphöllin getur þó veitt heimild til undanþágu frá þessu, enda innihaldi það uppgjör sem ekki er birt engar viðbótarupplýsingar sem máli skipta.

3. gr.

1. Þegar sótt er um opinbera skráningu skuldabréfa sem hvorki eru breytanleg, skiptanleg né með áskriftarrétt og gefin eru út af fyrirtæki sem þegar hefur fengið skráða(n) verðbréfaflokk(a) í sömu kauphöll getur kauphöllin veitt heimild til að skráningarlýsing innihaldi aðeins upplýsingar sem kveðið er á um í viðauka II:
   - í 1. kafla,
   - í 2. kafla,
   - í 3.kafla, liðum 3.1.0, 3.1.5, 3.2.0 og 3.2.2,
   -í 4. kafla, lið 4.3,
   - í 5. kafla, liðum 5.1.2, 5.1.3, 5.1.4 og 5.4,
   - í 6. kafla og
   - í 7. kafla.
2. Þegar skráningarlýsing samkvæmt 1. mgr. er birt samkvæmt ákvæðum reglugerðar um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll skal síðasti ársreikningur fylgja henni.
3. Þegar útgefandi gerir bæði eigin ársreikning og samstæðureikning skulu bæði uppgjörin fylgja skráningarlýsingunni. Kauphöllin getur þó veitt undanþágu frá þessu svo fremi sem engar viðbótarupplýsingar sem máli skipta felist í uppgjörinu sem ekki er lagt fram.

4. gr.

Þegar sótt er um opinbera skráningu skuldabréfa sem eðlis síns vegna ganga aðeins kaupum og sölum meðal takmarkaðs hóps aðila (fagfjárfesta) sem hafa sérstaka þekkingu á fjárfestingum og áhættu sem tengist þeim getur kauphöllin heimilað að felldar séu úr skráningarlýsingum tilteknar upplýsingar sem kveðið er á um í viðauka II eða leyft að þær séu veittar í formi útdráttar, enda skipti slíkar upplýsingar almennt ekki máli frá sjónarhóli viðkomandi fjárfesta.

5. gr.

1. Skráningarlýsingar verðbréfa sem fjármálastofnanir gefa út skulu innihalda:
   - að minnsta kosti upplýsingar þær sem tilgreindar eru í 1., 2., 3., 5. og 6. kafla viðauka I eða II eftir því hvort um er að ræða hlutabréf eða skuldabréf og

- upplýsingar sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem tilgreindar eru í 4. og 7. kafla í viðauka I eða II.

2. Kauphöll ákveður hvaða fjármálastofnanir falla undir 1. tl.
3. Kauphöll getur veitt heimild til þess að ákvæði 1. tl. nái einnig til:
   - fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu nema ef um er að ræða verðbréfasjóði,
   - fjármögnunarfélaga sem ekki starfa við annað en að útvega móðurfyrirtæki sínu eða fyrirtækjum í eignartengslum við það fé og
   - félaga sem hafa undir höndum samval (portfolio) verðbréfa, leyfa eða einkaleyfa og starfa ekki að neinu öðru en meðferð þeirra.

6. gr.

Þegar sótt er um opinbera skráningu skuldabréfa sem gefin eru út samfellt eða með endurteknum hætti af lánastofnunum sem birta ársreikninga sína reglulega og sem stofnaðar hafa verið eða stjórnað er innan Evrópska efnahagssvæðisins með sérlögum eða samkvæmt sérlögum eða eru háðar opinberu eftirliti sem ætlað er að varðveita sparifé getur kauphöll ákveðið að skráningarlýsing innihaldi aðeins:

- þær upplýsingar sem kveðið er á um í lið 1.1 og 2. kafla í viðauka II og
- upplýsingar um allt sem máli skiptir fyrir mat á viðkomandi verðbréfum sem gerst hefur frá lokum þess reikningsárs sem ársreikningar hafa síðast verið birtir fyrir. Slíkar skýrslur skulu liggja frammi á skrifstofum útgefanda eða á skrifstofum fjármálastofnana sem fengnar hafa verið til að annast greiðslur fyrir hann.

7. gr.

1. Til að taka megi til opinberrar skráningar skuldabréf sem lögpersóna er í ábyrgð fyrir verður skráningarlýsing að innihalda:
   - þær upplýsingar um útgefandann sem kveðið er á um í viðauka II og
   - þær upplýsingar um ábyrgðarmanninn sem kveðið er á um í lið 1.3 og í 3. til 7. kafla sama viðauka.

   Sé útgefandinn eða ábyrgðarmaðurinn fjármálastofnun skal sá hluti skráningarlýsingar sem að henni lýtur gerður samkvæmt 4. gr., þó með fyrirvara um fyrsta undirlið þessa töluliðar.
2. Sé útgefandi þeirra skuldabréfa sem ábyrgð er fyrir, fjármögnunarfélag í skilningi 3. tl. 5. gr., verður skráningarlýsingin að innihalda:
   - þær upplýsingar um útgefandann sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. kafla og í liðum 5.1.0 til 5.1.5 og 6.1 í viðauka II og
   - upplýsingar þær um ábyrgðarmanninn sem kveðið er á um í lið 1.3 og í 3. til 7. kafla sama viðauka.
3. Þar sem um fleiri en einn ábyrgðarmann er að ræða skal krafist hinna tilgreindu upplýsinga um hvern þeirra en þó getur kauphöll leyft að gert verði ágrip af þeim til að gera skráningarlýsinguna auðskiljanlegri.

   Ábyrgðarsamningurinn verður, í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1., 2. og 3. tl., að liggja frammi fyrir almenning til skoðunar á skrifstofum útgefanda og þeirra fjármálastofnana sem fengnar hafa verið til að annast greiðslur fyrir hann. Eintak af samningnum skal látið í té hverjum þeim sem óskar og hagsmuna á að gæta.

8. gr.

1. Þegar sótt er um opinbera skráningu breytanlegra skuldabréfa, skiptanlegra skuldabréfa eða skuldabréfa með áskriftarrétti verður skráningarlýsing að fela í sér:
   - upplýsingar um eðli hlutabréfanna sem boðin eru fyrir breytingu, skiptingu eða nýtingu áskriftarréttinda og upplýsingar um réttindi þau sem þeim fylgja,

- upplýsingar sem kveðið er á um í liðum 1.3 og 3. til 7. kafla í viðauka I,
- upplýsingar þær sem kveðið er á um í 2. kafla í viðauka II og
- skilyrði og framkvæmdatilhögun á breytingu, skiptum og nýtingu áskriftarréttar, svo og upplýsingar við hvaða aðstæður megi breyta þeirri skipan.

2. Þegar útgefandi hinna breytanlegu eða skiptanlegu skuldabréfa eða skuldabréfa sem áskriftarréttindi fylgja er ekki sá sami og útgefandi hlutabréfanna verður skráningarlýsing að fela í sér:
   - upplýsingar um eðli hlutabréfa sem boðin eru fyrir breytingu, skipti eða nýtingu áskriftarréttar og upplýsingar um réttindi þau sem þeim fylgja,
   - þær upplýsingar um útgefanda skuldabréfanna sem kveðið er á um í viðauka II,
   - þær upplýsingar um útgefanda hlutabréfanna sem kveðið er á um í lið 1.3 og í 3. til 7. kafla í viðauka I og
   - skilyrði og framkvæmdatilhögun á breytingu, skiptum og nýtingu áskriftarréttar, svo og upplýsingar við hvaða aðstæður megi breyta þeirri skipan.

   Sé útgefandi skuldabréfanna fjármögnunarfélag í skilningi 3. tl. 5. gr. verður skráningarlýsing þó aðeins að fela í sér upplýsingar varðandi félagið sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. kafla og í liðum 5.1.0 til 5.1.5 í viðauka II.

9. gr.

1. Þegar sótt er um opinbera skráningu verðbréfa sem útgefin eru í sambandi við samruna fyrirtækja sem felur í sér kaup á öðru félagi, stofnun nýs félags, skiptingu félags, yfirfærslu á öllum eignum og skuldum fyrirtækisins eða hluta þeirra, tilboð um yfirtöku sem þóknun fyrir yfirfærslu annarra eigna en reiðufjár skulu gögn um þá skilmála og þau skilyrði sem fylgja þessum viðskiptum, svo og stofnefnahagsreikningur ef við á, hvort sem hann er færður til bráðabirgða eða ekki, ef útgefandinn hefur ekki lokið ársuppgjöri, lögð fram almenningi til skoðunar á skrifstofu útgefanda bréfanna og á skrifstofu þeirra fjármálastofnana sem fengnar hafa verið til að annast greiðslur fyrir hann, án þess þó að dregið sé úr þeirri kröfu að birta skráningarlýsingu.
2. Hafi liðið tvö ár eða meira frá viðskiptum þeim sem í 1. tl. greinir getur kauphöll fallið frá þeim kröfum sem gerðar eru í þeim tölulið.

10. gr.

1. Þegar sótt er um opinbera skráningu á heimildarskírteinum verður skráningarlýsing að innihalda þær upplýsingar um skírteinin sem kveðið er á um í viðauka III og upplýsingar er varða hlutabréfin sem þau veita rétt til svo sem kveðið er á um í viðauka I.
2. Kauphöll getur þó fallið frá þeirri kröfu að útgefandi heimildarskírteinis birti nákvæmar upplýsingar um eigin fjárhagsstöðu þegar hann er:
   - lánastofnun í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem stofnað er eða stjórnað með sérlögum eða á grundvelli sérlaga eða er háð opinberu eftirliti sem ætlað er að vernda sparifé, eða
   - dótturfyrirtæki sem lánastofnun, í skilningi síðasta undirliðar, á meira en 95% í og tekur skilyrðislausa ábyrgð á skuldbindingum gagnvart eigendum skírteinanna og sem er samkvæmt lögum eða í reynd undir sama eftirliti.
3. Ef um er að ræða heimildarskírteini, útgefin af fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða undirfyrirtæki þess, getur kauphöll undanskilið birtingu þeirra upplýsinga sem kveðið er á um í 1. kafla viðauka III.

11. gr.

1. Ef ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða sambandsríki í ríkisheild hefur veitt skilyrðislausa og óafturkallanlega ábyrgð fyrir bæði endurgreiðslu höfuðstóls og greiðslu vaxta af skuldabréfum sem sótt er um skráningu á getur kauphöll heimilað að upplýsingar þær sem eru í 3. og 5. kafla viðauka II séu veittar í ágripi.
2. Heimild til að skila ágripi samkvæmt 1. tl. má einnig veita félögum sem stofnuð eru eða stjórnað er með sérlögum eða á grundvelli slíkra laga og hafa heimild til að leggja gjöld á viðskiptavini sína.

25. júní 1999 Nr. 435

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er taki gildi 1. júlí 1999.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar nr. 87 frá 1. janúar 1997 með áorðnum breytingum, breytist þannig:

1. Allir liðir í gjaldskránni hækka um 2,1%.
2. Í kaflanum ýmis ákvæði fellur grein 2 út. Í staðinn kemur:

Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar, mánuðina janúar – apríl og október – desember, sé ekki lægri en 0,9. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,9 er rafveitunni heimilt að krefjast 2% viðbótarorkugjalds fyrir hvern hundraðshluta sem fasviksstuðullinn er lægri en 0,9.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

25. júní 1999 Nr. 436

AUGLÝSING

um gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum um Hitaveitu Reykjavíkur nr. 38, 12. febrúar 1940 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur er taki gildi 1. júlí 1999.

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur hækkar sem hér segir:

Verðskrá rafmagns og tengdra gjalda hækkar um 3%.

Verðskrá heits vatns og tengdra gjalda hækkar um 4,6%.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 1999.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 1999.

2. gr.

Veiðar sbr. 1. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

3. gr.

Óheimilt er færeyskum skipum að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30'V og norðan 65°00'N við Austurland og innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°00,00 N - 11°42,00 V
2. 64°32,50 N - 12°08,00 V
3. 64°03,50 N - 13°09,50 V
4. 64°00,00 N - 13°26,00 V
5. 63°55,00 N - 13°44,00 V
6. 63°37,60 N - 14°41,70 V
7. 63°34,70 N - 15°00,00 V
8. 63°30,00 N - 15°29,00 V
9. 63°26,50 N - 15°51,00 V
10. 63°24,00 N - 16°03,00 V
11. 63°18,26 N - 16°59,70 V
12. 63°16,47 N - 16°59,88 V
13. 63°10,91 N - 18°01,64 V
14. 63°12,85 N - 18°26,87 V
15. 63°11,50 N - 18°38,24 V
16. 63°11,40 N - 19°07,25 V
17. 63°05,88 N - 20°30,00 V

4. gr.

Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi eða kasti. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri um borð, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.

Um tilkynningar færeyskra skipa, sem leyfi fá til veiða innan fiskveiðilandhelginnar skv. 2. gr., skulu gilda eftirfarandi reglur:

1. Tilkynna skal siglingu inn í íslenska lögsögu með sex klukkustunda fyrirvara og um afla um borð.
2. Tilkynna skal staðsetningu skipsins og afla síðasta sólarhrings milli kl. 10.00 og 12.00 hvern dag.
3. Tilkynna skal siglingu út úr íslenskri lögsögu, staðsetningu og heildarafla um borð með sex klukkustunda fyrirvara.
4. Landi skip afla sínum í íslenskum höfnum skal tilkynna heildarafla þegar eftir löndun.
5. Framangreindar tilkynningar skulu sendast Landhelgisgæslu Íslands.

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

7. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 38, 13. janúar 1999, um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. júní 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

22. júní 1999 Nr. 438

REGLUGERÐ

um togveiðar á kolmunna.

1. gr.

Allar togveiðar á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Heimilt er ráðherra að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til kolmunnaveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

2. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30'V og norðan 65°00'N við Austurland og innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°00,00 N - 11°42,00 V
2. 64°32,50 N - 12°08,00 V
3. 64°03,50 N - 13°09,50 V
4. 64°00,00 N - 13°26,00 V
5. 63°55,00 N - 13°44,00 V
6. 63°37,60 N - 14°41,70 V
7. 63°34,70 N - 15°00,00 V
8. 63°30,00 N - 15°29,00 V
9. 63°26,50 N - 15°51,00 V
10. 63°24,00 N - 16°03,00 V
11. 63°18,26 N - 16°59,70 V
12. 63°16,47 N - 16°59,88 V
13. 63°10,91 N - 18°01,64 V
14. 63°12,85 N - 18°26,87 V
15. 63°11,50 N - 18°38,24 V
16. 63°11,40 N - 19°07,25 V
17. 63°05,88 N - 20°30,00 V

3. gr.

Við færslu afladagbókar skal tilgreind dagsetning, nákvæm staðsetning veiðisvæðis, afli og dýpi í hverju togi. Enn fremur skal allur aukaafli skráður nákvæmlega.

4. gr.

Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stk. af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

5. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til kolmunnaveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum leyfisbréfa til kolmunnaveiða og ákvæðum laga og reglugerða sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til kolmunnaveiða.

6. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 495, 12. ágúst 1998, um togveiðar á kolmunna.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. júní 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir SR-mjöl hf., fiskmjölsverksmiðju, Reyðarfirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir SR-mjöl hf., fiskmjölsverksmiðju, Reyðarfirði, kt. 560793-2279. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júní 2000.

Reykjavík, 21. júní 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

21. júní 1999 Nr. 440

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Gautavík hf., fiskmjölsverksmiðju, Djúpavogi.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Gautavík hf., fiskmjölsverksmiðju, Djúpavogi, kt. 620199-3459. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir í 4 ár.

Reykjavík, 21. júní 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

21. júní 1999 Nr. 441

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Ósland ehf., fiskmjölsverksmiðju, Hornafirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ósland ehf., fiskmjölsverksmiðju, Hornafirði, kt. 501192-2799. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. apríl 2000.

Reykjavík, 21. júní 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar er taki gildi 1. júlí 1999.

Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 58 frá 29. janúar 1998 breytist þannig:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 3% frá og með 1. júlí 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 443 28. júní 1999

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku, er taki gildi 1. júlí 1999:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 552, 28. desember 1993 með áorðnum breytingum:

Liðirnir C.2 daghitun, húshitun rofin og C.3 næturhitun, húshitun, hækka um 3% frá og með 1. júlí 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 1999

30. júní 1999 1457 Nr. 444

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á jarðhnetum frá Egyptalandi sem ætlaðar eru til manneldis eða sem hráefni í matvæli.

2. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn jarðhnetur sem að uppruna eru frá Egyptalandi. Þetta á við um hnetur í hýði í tollflokki 1202.1000 og afhýddar, einnig sundurskornar hnetur í tollflokki 1202.2000.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal innflutningur heimill ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt, sbr. einnig ákvæði um sveppaeitur (aflatoksín) í reglugerð nr. 750/1998 um breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum:

a) Hægt er að staðfesta að vörusendingin hafi verið eða hana eigi að flokka eða hreinsa með fullnægjandi hætti þannig að hún teljist hæf til manneldis eða sem hráefni í matvæli. Hollustuvernd ríkisins ákveður hvaða vottorð eða önnur skjöl skal leggja fram þessu til staðfestingar.
b) Á vörunni er greinileg merking sem segir að varan skuli gangast undir flokkun eða hreinsun áður en hún er notuð til manneldis eða sem hráefni í matvæli.

Í þeim tilvikum þar sem vöruna á að flokka eða hreinsa skal heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá til þess að hún fari ekki í dreifingu fyrr en að lokinni þeirri meðhöndlun.

3. gr.

Vörusendingar sem fluttar voru frá Egyptalandi fyrir gildistöku þessarar auglýsingar er heimilt að flytja inn ef þær berast til landsins innan 20 daga frá gildistöku auglýsingarinnar eða berast frá EES ríkjum að lokinni vöruskoðun þar. Af þessum vörum skal taka sýni til greiningar á sveppaeitri (aflatoksíni) og skal sýnataka, greining og hámarksmagn sveppaeiturs vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 518/1993, sbr. breytingu nr. 750/1998.

4. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

B 93
Gutenberg

5. gr.

Auglýsingin er birt samkvæmt 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og með hliðsjón af ákvörðun Evrópusambandsins nr. 1999/356/EB um tímabundna takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu og gildir til 1. desember 1999.

Umhverfisráðuneytinu, 30. júní 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 60, nr. 444. Útgáfudagur 1. júlí 1999.

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 1999

1. júlí 1999 1459 Nr. 445

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 150, 6. mars 1998, um mælingar á fiskilestum.

1. gr.

Á eftir orðunum „samningssvæði NAFO“ í 1. gr. bætist „utan lögsagna á samningssvæði NEAFC og“.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

29. júní 1999 Nr. 446

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 448, 16. júlí 1998, um veiðar í atvinnuskyni 1998/1999.

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðarinnar bætist ný mgr. sem orðast svo: Umsóknir um flutning aflamarks milli fiskiskipa skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. ágúst 1999. Sama gildir um flutning á þorskaflahámarki.

2. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður sem orðast svo: Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa skulu berast Fiskistofu fyrir 1. ágúst 1999. Að öðrum kosti hefur flutningurinn ekki áhrif á úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 1999/2000. Sama gildir um flutning á varanlegu þorskaflahámarki.

Gutenberg

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. júní 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 447 30. júní 1999

REGLUGERÐ

um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til íslenskra skipa sem veiðar stunda á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu ríkja. Þá tekur reglugerðin til veiða innan lögsögu ríkja, lúti veiðar á viðkomandi tegundum stjórn NEAFC um leyfilegan hámarksafla. Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samkomulags milli aðildarríkjanna frá 20. nóvember 1998, um eftirlit með veiðum á samningssvæðinu.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæði NEAFC, sbr. 1. gr., án sérstaks leyfis Fiskistofu, að undanskildum veiðum á túnfiski.

3. gr.

Auk þess að halda afladagbók samkvæmt almennum reglum skal halda sérstaka afladagbók um veiðar á NEAFC-svæðinu, sem Fiskistofa leggur til. Afladagbókin skal innbundin með númeruðum síðum. Skal Fiskistofa hafa yfirlit yfir hvaða síðunúmer eru í bókum sem ætlaðar eru til notkunar í hverju skipi. Óheimilt er að fjarlægja síður úr bókum.

Í afladagbókina skal færa eftirfarandi atriði:

1. Kallmerki.
2. Nafn skips.
3. Skipaskrárnúmer.
4. Umdæmisnúmer.

Við hverja komu inn á samningssvæði skal skrá:

1. Dagsetningu.
2. Tíma.
3. Staðsetningu í lengd og breidd.
4. Heildarafla upp úr sjó um borð eftir magni og tegundum.

Daglega skal skrá:

1. Dagsetningu.
2. Veiðarfæri.
3. Fjöldi toga eða kasta.
4. Veiðisvæði samkvæmt reitakerfi ICES.
5. Dagsafla upp úr sjó eftir magni og tegundum.
6. Heildarafla upp úr sjó um borð eftir magni og tegundum.

Við hverja brottför af samningssvæðinu skal skrá:
1. Dagsetningu.
2. Tíma.
3. Staðsetningu í lengd og breidd.
4. Heildarafla upp úr sjó um borð eftir magni og tegundum.

Ef afli er unninn um borð, skal skrá daglega:
1. Magn unninna afurða eftir tegundum og vinnsluaðferð/pakkningum.
2. Heildarmagn unninna afurða eftir tegundum og vinnsluaðferð/pakkningum.

Þegar tilkynningar eru sendar sbr. 6. gr. skal skrá dagsetningu og tíma þegar sent er og strandstöð sem sent er um, sé tilkynningin ekki send með öðrum hætti.

Allar færslur skv. þessari grein skulu vera í samræmi við leiðbeiningar í bókinni.

4. gr.

Allar tilkynningar sem skylt er að senda samkvæmt reglugerð þessari skal senda á tölvutæku formi sameiginlegri eftirlitsstöð Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu sem miðlar gögnum til þeirra stofnana sem við á. Í reglugerð þessari er hún nefnd „eftirlitsstöð."

Tilkynningar skulu sendar með þeim hætti sem lýst er í viðauka I (uppbygging skeyta).

5. gr.

Öll skip sem stunda veiðar á samningssvæðinu skulu eigi síðar en 1. janúar 2000, búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvarinnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð fyrr en Fiskistofa staðfestir, að fenginni umsögn Landhelgisgæslunnar, að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt ofangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga skv. 1. mgr. bilar, skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 6 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar. Ennfremur skal tilkynna þegar skipið hefur veiðar og lýkur þeim.

6. gr.

Öll skip sem veiðar stunda á samningssvæðinu skulu senda eftirgreindar tilkynningar til eftirlitsstöðvarinnar:

Komutilkynning: Skylt er skipstjóra skips að tilkynna til eftirlitsstöðvarinnar með ekki meira en 12 klukkustunda og að minnsta kosti 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á viðkomandi samningssvæði til veiða.

Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:
1. Kóði viðtakanda: „ISL" fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „ENT" sem komutilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem fara á inn á: „NEA" fyrir NEAFC- samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Númer veiðiferðar.
7. Nafn skipsins.
8. Skipaskrárnúmer.
9. Umdæmisnúmer.

10. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
11. Áætlað aflamagn um borð í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum.
12. Dagsetning og tími.

Um leið og skipið fer inn á samningssvæðið skal senda til eftirlitsstöðvarinnar **tilkynningu um staðsetningu.** Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:
1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „POS“ sem tilkynning um staðsetningu.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem fara á inn á: „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
7. Dagsetning og tími.

Aflatilkynning: Hvern mánudag skal tilkynna eftirlitsstöðinni um heildarafla síðustu viku, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:
1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem aflatilkynningin á við: „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Númer veiðiferðar.
7. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum (þarf ekki ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaeftirliti).
8. Vikuaflamagn í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum.
9. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu.
10. Dagsetning og tími.

Lokatilkynning: Þegar veiðiskip yfirgefur samningssvæðið skal það tilkynnt eftirlitsstöðinni með ekki meiri en 8 klukkustunda og að minnsta kosti 6 klukkustunda fyrirvara. Jafnframt skal í tilkynningu tilgreindur áætlaður heildarafli frá því að veiðar hófust, eða frá síðustu viku aflatilkynningu miðað við afla úr sjó, aðgreindan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:
1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „EXI“ sem lokatilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem aflatilkynningin á við: „NEA“ fyrir NEAFC- samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Númer veiðiferðar.
7. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum (þarf ekki ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaeftirliti).
8. Vikuaflamagn í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum.
9. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu.

10. Löndunarhöfn.
11. Dagsetning og tími.

Um leið og skipið fer út af samningssvæðinu skal senda til eftirlitsstöðvarinnar **tilkynningu um staðsetningu**. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:
1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „POS“ sem tilkynning um staðsetningu.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem skipið fer af: „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
5. Kallmerki skipsins.
6. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
7. Dagsetning og tími.

Varðandi nánari skráningu upplýsinga og tilkynninga samkvæmt þessari grein vísast til Viðauka II við reglugerð þessa.

7. gr.

Um vigtun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla. Óheimilt er að flytja óvigtaðan afla um borð í flutningaskip eða önnur veiðiskip. Heimilt er þó skipum sem stunda veiðar á uppsjávartegundum, að miðla afla úr veiðarfærum milli veiðiskipa í því skyni að koma í veg fyrir að fiski sé sleppt dauðum úr veiðarfærum.

8. gr.

Skylt er skipstjórum skipa sem stunda veiðar á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar þar, að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NEAFC, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð í veiðiskip sé eftir því leitað.

Er skipstjóra viðkomandi skips skylt að sjá til þess að eftirlitsmönnum sé gert kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti og skal vera til staðar nauðsynlegur búnaður sem tryggir það.

Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust aðbúnað, starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningatækjum og kortum.

Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins og afla til að ganga úr skugga um að farið sé eftir reglum þeim er NEAFC hefur sett. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar, m.a. um meint brot og gera skýrslu um skoðunina.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast gildi 1. júlí 1999.

Ákvæði til bráðabirgða I

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er skipum sem stunda veiðar á samningssvæðinu utan lögsögu heimilt til 1. september 1999 að færa þau atriði sem þar eru tilgreind á sérstök eyðublöð sem Fiskistofa leggur til. Skip sem stunda veiðar innan lögsögu haldi afladagbók sbr. 15. gr. laga nr. 38/1990.

Ákvæði til bráðabirgða II

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er skipum sem stunda veiðar á samningssvæðinu heimilt til 1. janúar 2000 að senda tilkynningar til eftirlitsstöðvarinnar með öðrum hætti en þar greinir, s.s. með skeytum eða símbréfum, þar sem fram komi þau atriði sem tilgreind eru í 6. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júní 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

VIÐAUKI I

Uppbygging skeyta.

Skeyti sem send eru á tölvulesanlegu formi (North Atlantic Format) eru byggð upp á eftirfarandi hátt:

Tvö skástrik („//“) og stafirnir „SR“ tákna upphaf skeytis

„//SR“ er notað sem merki fyrir tölvuna um að nú skuli hefja innlestur gagna.

Tvö skástrik („//“) og kóði tákna upphaf hvers atriðis

„//“ og tveggja stafa kóði fyrir atriði er ávallt sent á undan hverju atriði.

Eitt skástrik („/“) aðskilur kóða og upplýsingar

„/“ skal senda í beinu framhaldi af kóða fyrir atriði og upplýsingarnar beint þar á eftir. Athugið að aldrei er bil milli skástrika og kóða eða upplýsinga.

Pör af upplýsingum eru aðskilin með einu stafabili

Eitt stafabil er notað til aðgreiningar milli kóða þar sem upplýsingar eru sendar í pörum, eins og t.d. varðandi upplýsingar um afla, og magn viðkomandi fiskitegundar. Dæmi: //CA/RED 2500 HAD 1700 COD 3500//„(Kóði næsta atriðis)“. Athugið að ekkert bil á að vera á milli síðustu aflatölu og kóða næsta atriðis á eftir.

Tvö skástrik („//“) og stafirnir „ER“ tákna lok skeytis

„//ER“ er notað fyrir tölvuna sem merki um að nú skuli innlestri gagna ljúka.

Kóðar, aðrir en kóðar atriða, til notkunar í skeytasendingum á NEAFC-samningssvæðinu:

Atriði:	Kóði:
Viðtakandi:	
ISO-3166 einkenni	ISL
Tegundir skeyta:	
Komutilkynning	ENT
Aflatilkynning	CAT
Lokatilkynning	EXI
Tilkynning um staðarákvörðun	POS
Viðeigandi svæði:	
Veiðar á NEAFC-samningssvæðinu	NEA
Fisktegundir / veiðarfæri / framleiðsla	Sjá kóða í afladagbók

Dæmi um skeyti:

Íslenska skipið ODDUR, kallmerki TFXX, skipaskrárnúmer 9999, umdæmisnúmer RE-999 heldur til veiða á NEAFC-svæðinu á Reykjaneshrygg. Þetta er fyrsta veiðiferð skipsins á NEAFC-svæðið á árinu. Við komu inn á svæðið eru um borð í skipinu 20 lestir af þorski og 30 lestir af ufsa. Skipið sendir komutilkynningu áður en farið er inn á svæðið (sjá nánar í reglugerð ákvæði um tímatakmarkanir) og er þá statt á 62°08'N 029°18'V.

Komutilkynning:

//SR//AD/ISL//SQ/1//TM/ENT//ST/NEA//RC/TFXX//TN/1//NA/ODDUR//
IR/ISL9999//XR/RE-999//LA/N6208//LO/W02918//OB/COD 20000 POK 30000//
DA/19990601//TI/0900//ER

Um leið og skipið fer yfir lögsögumörkin við komu inn á svæðið á stað 62°00'N 029°34'V sendir skipið tilkynningu um staðsetningu:

Tilkynning um staðsetningu:

//SR//AD/ISL//SQ/2//TM/POS//ST/NEA//RC/TFXX//LA/N6200//LO/W02934//
DA/19990601//TI/1500//ER

Skipið stundar veiðar á NEAFC-svæðinu í 10 daga og hefur að kvöldi fyrsta sunnudags eftir að hafa verið 6 daga á svæðinu veitt 30 lestir af karfa og 10 lestir af löngu. Skipið er í sjálfvirku eftirliti og þarf því ekki að senda staðsetningu með aflatilkynningu.

Aflatilkynning:

//SR//AD/ISL//SQ/3//TM/CAT//ST/NEA//RC/TFXX//TN/1//LA/N6153//LO/02934//
CA/RED 30000 LIN 10000//DF/6//DA/19990607//TI/1000//ER

Skipið heldur af svæðinu þann 10. júní 1999 og hefur þá veitt til viðbótar 25 lestir af karfa og fengið 1,7 lestir af blönduðum afla. Skipið sendir „lokatilkynningu" áður en farið er út af svæðinu (sjá nánar í reglugerð ákvæði um tímatakmarkanir) og mun landa í

Reykjavík. Skipið er áfram í sjálfvirku eftirliti og þarf því ekki að senda staðsetningu með lokatilkynningu.

Lokatilkynning:
//SR//AD/ISL//SQ/4//TM/EXI//ST/NEA//RC/TFXX//TN/1//LA/N6153//LO/02934//
CA/RED 25000 MZZ 1700//DF/4//PO/REYKJAVIK//DA/19990610//TI/1000//ER

Um leið og skipið fer yfir lögsögumörkin við brottför af svæðinu á stað 62°00'N 029°35'V þann 10. júní 1999 kl. 16:00 sendir skipið tilkynningu um staðsetningu:

Tilkynning um staðsetningu:
//SR//AD/ISL//SQ/5//TM/POS//ST/NEA//RC/TFXX//LA/N6200//LO/W02935//
DA/19990610//TI/1600//ER

VIÐAUKI II
Komu-, afla- og lokatilkynningar

„KOMUTILKYNNING“

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				*Kerfisupplýsingar:* Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	*Skeytaupplýsingar:* Viðtakandi, „**ISL**“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	*Skeytaupplýsingar:* Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	*Skeytaupplýsingar:* Tegund skeytis „**ENT**“ sem komutilkynning.
Viðeigandi svæði	ST	Texti	3	Kóði	*Skeytaupplýsingar:* Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara inn á, „**NEA**“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	*Skráningarupplýsingar:* Radíókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	*Athafnaupplýsingar:* Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Nafn skips	NA	Texti	30		*Skráningarupplýsingar:* Nafn skipsins.
Skipaskrárnúmer	IR	Texti Tala	3 9	ISO-3166 + Númer	*Skráningarupplýsingar:* Einkennismerki ríkis (ISL 12345) og skipaskrárnúmer.
Umdæmisnúmer	XR	Texti	14		*Skráningarupplýsingar:* Umdæmisnúmer skipsins.
Lengd	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	*Athafnaupplýsingar:* Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd	LO	Texti	6	E/WDDDMM (WGS-84)	*Athafnaupplýsingar:* Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Afli um borð Tegund Magn	OB	 Texti Tala	 3 7	 Tegundakóði FAO 0 - 9999999	*Athafnaupplýsingar:* Sundurliðaður afli um borð (//OB/COD 2300 HAD 1700 RED 5500). Tegundakóði FAO. Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	*Skeytaupplýsingar:* Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	*Skeytaupplýsingar:* Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				*Kerfisupplýsingar:* Gefa til kynna endi skeytisins.

„AFLATILKYNNING“

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				*Kerfisupplýsingar:* Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	*Skeytaupplýsingar:* Viðtakandi, „**ISL**“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	*Skeytaupplýsingar:* Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	*Skeytaupplýsingar:* Tegund skeytis „**CAT**“ sem aflatilkynning.
Viðeigandi svæði	ST	Texti	3	Kóði	*Skeytaupplýsingar:* Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara inn á, „**NEA**“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	*Skráningarupplýsingar:* Radíókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	*Athafnaupplýsingar:* Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Lengd[1)]	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	*Athafnaupplýsingar:* Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd[1)]	LO	Texti	6	E/WDDDMM (WGS-84)	*Athafnaupplýsingar:* Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Vikuafli Tegund Magn	CA	 Texti Tala	 3 7	 Tegundakóði FAO 0 - 9999999	*Athafnaupplýsingar:* Sundurliðaður afli síðustu viku eða frá síðasta skeyti. (//CA/COD 2300 HAD 1700 RED 5500). Tegundakóði FAO. Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg.
Veiðidagar	DF	Tala	3	1 - 365	*Athafnaupplýsingar:* Fjöldi veiðidaga á samningssvæðinu frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	*Skeytaupplýsingar:* Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	*Skeytaupplýsingar:* Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				*Kerfisupplýsingar:* Gefa til kynna endi skeytisins.

[1)] Valfrjáls ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaeftirliti samkvæmt 5. gr.

„LOKATILKYNNING“

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				*Kerfisupplýsingar:* Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	*Skeytaupplýsingar:* Viðtakandi, „**ISL**“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	*Skeytaupplýsingar:* Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	*Skeytaupplýsingar:* Tegund skeytis „**EXI**“ sem lokatilkynning.
Viðeigandi svæði	ST	Texti	3	Kóði	*Skeytaupplýsingar:* Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara inn á, „**NEA**“ fyrir NEAFC-samningssvæðið.
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	*Skráningarupplýsingar:* Radíókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	*Athafnaupplýsingar:* Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Lengd[1)]	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	*Athafnaupplýsingar:* Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd[1)]	LO	Texti	6	E/WDDDMM (WGS-84)	*Athafnaupplýsingar:* Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Vikuafli Tegund Magn	CA	 Texti Tala	 3 7	 Tegundakóði FAO 0 - 9999999	*Athafnaupplýsingar:* Sundurliðaður afli síðustu viku eða frá síðasta skeyti. (//CA/COD 2300 HAD 1700 RED 5500) Tegundakóði FAO. Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg.
Veiðidagar	DF	Tala	3	1 - 365	*Athafnaupplýsingar:* Fjöldi veiðidaga á samningssvæðinu frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu.
Löndunarhöfn	PO	Texti	20		*Athafnaupplýsingar:* Höfn þar sem áætlað er að landa aflanum.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	*Skeytaupplýsingar:* Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	*Skeytaupplýsingar:* Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				*Kerfisupplýsingar:* Gefa til kynna endi skeytisins.

[1)] Valfrjálst ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaeftirliti samkvæmt 5. gr.

„Tilkynning um staðsetningu“ [1)]

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				*Kerfisupplýsingar:* Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	*Skeytaupplýsingar:* Viðtakandi, „**ISL**“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	*Skeytaupplýsingar:* Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	*Skeytaupplýsingar:* Tegund skeytis „**POS**“ sem tilkynning um staðsetningu.
Lengd	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	*Athafnaupplýsingar:* Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd	LO	Texti	6	E/WDDDMM (WGS-84)	*Athafnaupplýsingar:* Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	*Skeytaupplýsingar:* Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	*Skeytaupplýsingar:* Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				*Kerfisupplýsingar:* Gefa til kynna endi skeytisins.

[1)] Þetta skeyti skal senda við eftirfarandi aðstæður:
a) Ef búnaður til sjálfvirkra stöðutilkynninga bilar.
b) Um leið og skip fer yfir lögsögumörk við komu inn á svæðið eftir að hafa sent komutilkynningu.
c) Um leið og skip fer yfir lögsögumörk við brottför af svæðinu eftir að hafa sent lokatilkynningu.

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 1999

5. júlí 1999 1471 Nr. 448

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 511, 18. ágúst 1998, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

1. gr.

Í stað orðsins „frystitogurum“ í lokamálsgrein 2. gr. komi orðið „vinnsluskipum“.

2. gr.

1. og 2. mgr. 3. gr. orðist svo: Öll nýtingarsýni sem tekin eru skv. 2. gr. skal merkja sérstaklega með skýrum hætti. Nýtingarsýni skal geyma aðskilin frá öðrum afla þannig að þau séu aðgengileg veiðieftirlitsmönnum áður en löndun hefst. Þeim skal einnig landa sérstaklega og geyma ef Fiskistofa óskar þess.

Ef afurðir úr nýtingarsýni nægja ekki í eina pakkningu, skal aðgreina þann hluta sem tilheyrir nýtingarsýninu með sérstöku auðkennanlegu millileggi. Viðkomandi pakkningu skal merkja með sama hætti og kveðið er á um í 1. mgr. og einnig skal merkja hana sérstaklega þannig að ljóst sé að ekki sé einungis nýtingarsýni í henni.

3. gr.

Í stað orðanna „aflamagn hverrar fisktegundar“ í 1. málslið 2. mgr. 7. gr. komi orðin „magn hverrar afurðar“.

4. gr.

Í stað orðanna „áður en löndun hefst“ í 4. málslið 2. mgr. 7. gr. komi orðin „eftir að komið er til hafnar“.

5. gr.

Í stað orðsins „vinnslusýnum“ í lokamálslið 2. mgr. 7. gr. komi orðið „nýtingarsýnum“.

6. gr.

Seinni málsliður 8. gr. orðist svo: Sama gildir séu mælingar ekki í samræmi við 2. og 3. gr., eða þær framkvæmdar eða frá þeim gengið, þannig að Fiskistofa geti ekki viðurkennt gildi þeirra.

Gutenberg

7. gr.

Í stað orðanna „vinnslusýnum eða við samanburð á nýtingarskýrslum og sýnum úr afla“ í 9. gr. komi orðin „sýnum úr afurðum eða við samanburð á nýtingarskýrslum og sýnum úr afurðum“.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla með síðari breytingum og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu 5. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónsson.

21. júní 1999 1473 Nr. 449

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 237/1996 um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 21. júní 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

18. júní 1999 Nr. 450

REGLUGERÐ

um einelti loftfara í almenningsflugi.

1. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari eru eftirgreind hugtök notuð í þeirri merkingu sem hér er skilgreint.

Almenningsflug: Flug í samræmi við reglur, sem settar eru af flugmálayfirvöldum, og starfrækt er undir eftirliti eða stjórn Flugmálastjórnar Íslands sem fer með flugumferðarþjónustu fyrir allt flug annað en herflug. Almenningsflug tekur hvort tveggja til atvinnuflugs og einkaflugs (Civil aviation).

Einelti loftfars: Það að fljúga í veg fyrir loftfar eða elta það uppi til þess að gefa stjórnendum þess fyrirmæli um að breyta ferli (Interception). Einelti í skilningi þessarar reglugerðar tekur ekki til þeirrar þjónustu sem veitt er loftfari í neyð.

2. gr.

Efnisreglur.

Fylgja skal þeim efnisreglum sem gefur að finna í gr. 3.8. í fylgiskjali með auglýsingu nr. 55/1992 um setningu flugreglna, með síðari breytingum og þeim viðaukum sem þar er vísað til.

3. gr.

Refsiákvæði.

Brot flugstjóra, sem sætir einelti, á fyrirmælum sem hann fær við þær aðstæður skulu varða fangelsi allt að fimm árum.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Tilefni reglugerðar þessarar er staðfesting af Íslands hálfu á viðauka við 3. gr. alþjóðaflugsáttmálans (3. gr. bis) sem samþykktur var á þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 10. maí 1984 þar sem aðildarríki lýsa því yfir að sérhvert ríki verði að forðast að grípa til vopna gegn almenningsloftförum á flugi.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 145. gr., sbr. 3. mgr. 76. gr. og 77. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 18. júní 1999.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 451 23. júní 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð Langholtskirkju, nr. 629 27. nóvember 1995.

Stjórn Líknarsjóðs Langholtskirkju hefur hinn 19. maí 1999 samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 27. nóvember 1995.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Verðbættan höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Að minnsta kosti 10% raunvaxta skulu leggjast við höfuðstólinn árlega.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. júní 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 452 25. júní 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag Kópavogskirkjugarðs.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 25. maí 1999 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi kirkjugarðs í Leirdal – Kópavogskirkjugarður. Í deiliskipulaginu felst m.a. afmörkun kirkjugarðsins, aðkoma, akstursleiðir, bílastæði, gönguleiðir, staðsetning þjónustubygginga og afmörkun lóðar fyrir sóknarkirkju í Fífuhvammslandi.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 1. mars til 7. apríl 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 25. júní 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á reitum 9 og 11 í Salahverfi.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 8. júní 1999 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi á reitum 9 og 11 í Salahverfi. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 29. mars til 8. maí 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 25. júní 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

29. júní 1999 Nr. 454

SAMÞYKKT

um kattahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist og sjái jafnframt til þess að þeir lendi ekki á flækingi.

2. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

3. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

4. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta.

5. gr.

Ketti skal ormahreinsa reglulega, þ.e.a.s. einu sinni á ári eða oftar eftir þörfum. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

6. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi eða aðili sem hefur sérstakt umboð þeirra getur handsamað ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs eiganda eða hann aflífaður.

7. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á ómerktum flækingsköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

8. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Hlutaðeigandi sveitarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að.

9. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af öllum sveitarstjórnum á Suðurnesjum staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 29. júní 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 455 30. júní 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðanna Ögurás 2 og 4 í Garðabæ. Hið nýja deiliskipulag lóðanna felst í því, að byggingarreitur hefur verið stækkaður á báðum lóðunum. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 30. júní 1999.

Eiríkur Bjarnason bæjarverkfræðingur.

Nr. 456 30. júní 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Vættaborgir, Borgarskóli.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 12. janúar 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Borgarhverfis í Grafarvogi frá 7. nóvember 1995.

Deiliskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Öskjuhlíð, deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 1. júní 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir Öskjuhlíð.

Deiliskipulagsuppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. júní 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 10/1999 um gildandi reglur þegar hlutabréf eru keypt á undirverði.

Eftirfarandi eru upplýsingar og skýringar á þeim reglum, sem gilda um kaup skattaðila á hlutabréfum á undirverði, þ.e. þegar það verð sem hann greiðir fyrir bréfin er lægra en gangverð þeirra, og um skyldur skattaðila til að veita skattyfirvöldum upplýsingar þar um.

A. Ákvæði laga og reglugerða.

Þau ákvæði gildandi laga og reglugerða, sem einkum ber að hafa hliðsjón af og fara eftir eru:

1. **7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt: 1. mgr. 1. og 4. tölul. A-liðar.**
2. **13. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt: 1. og 2. mgr. B-liðar.**
3. **58. gr. laga nr. 75/ 1981 um tekjuskatt og eignarskatt: 2. mgr.**
4. **Reglugerð nr. 677/1998 um breyting á reglugerð nr. 591/1981, um laun og hlunnindi utan staðgreiðslu.**
5. **Ýmis ákvæði: 17. gr., 1. tölul. B-liðar 30. gr., 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lög nr. 113/1990, um tryggingagjald.**

B. Skattskylda og skattstofn.

Skattaðili, sem eignast hlutabréf án endurgjalds eða á verði, sem er lægra en gangverð hlutabréfanna eða með öðrum sérkjörum sem jafna má til þess, er skattskyldur skv. 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, af mismun á gangverði hlutabréfanna og því verði sem hann galt fyrir þau hafi það verið lægra.

Framangreint á m.a. við þegar launagreiðandi afhendir starfsmönnum sínum eða fyrrverandi starfsmönnum hlutabréf án endurgjalds eða á verði undir gangverði, svo og þegar hlutafélag eða hluthafi í því afhendir skattaðila hlutabréf með sama hætti.

1. Tímaviðmiðun skattskyldu.

Skattskylda vegna móttöku hlutabréfa á undirverði miðast við þann tíma sem móttakandi verður eigandi hlutabréfanna eða þegar á er kominn samningur sem skuldbindur þann sem hlutabréfin selur úr hendi t.d. þegar starfsmenn eða aðrir tilkynna að þeir taki tilboði hans um kaup á hlutabréfum á undirverði.

2. Skattstofn.

Fái skattaðili hlutabréf til eignar án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem er lægra en gangverð hlutabréfanna, telst mismunur á gangverði og afhendingarverði, þ.e. því verði sem hann greiddi fyrir það, til skattskyldra tekna, sem leggjast við aðrar tekjur skv. A lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, (launatekjur o.fl.) og eru skattlagðar með þeim. Við ákvörðun gangverðs og afhendingarverðs skal miða við eftirfarandi:

a) Gangverð.

1) Hlutabréf félaga, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands hf. eða öðrum opinberum verðbréfamarkaði.

Gangverð hlutabréfa skal vera markaðsverð þeirra á verðbréfamarkaði á þeim degi sem skattskyldan stofnast. Hafi hlutabréfin ekki haft skráð markaðsverð á þeim degi skal miða við fyrsta skráð markaðsverð eftir það. Í stað markaðsverðs er heimilt að miða við söluverð hlutabréfanna í almennu útboði án nokkurs forkaupsréttar.

Þessi viðmiðun gildir því aðeins að hlutabréfin hafi ekki verið skráð á verðbréfaþingi á söludegi.

2) **Hlutabréf félaga, sem ekki eru skráð á opinberum verðbréfamarkaði.**
Gangverð hlutabréfanna skal miða við eðlilegt verð þeirra í viðskiptum milli óháðra aðila á söludegi að mati skattyfirvalda sbr. 58. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Það verð skal þó aldrei lægra en það verð sem svarar til eiginfjár félagsins á söludegi skv. reikningsskilum á grundvelli laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

b) **Afhendingarverð.**
Afhendingarverð hlutabréfa skal vera það verð, sem greitt er fyrir þau miðað við staðgreiðslu á kaupdegi. Séu bréfin keypt með ívilnandi greiðsluskilmálum, vaxtalausum eða vaxtalágum afborgunum, eða til kaupanna veitt vaxtalaus eða vaxtalág lán, skal afhendingarverðið reiknað sem núvirði greiddra afborgana og vaxta miðað við meðaltalsvexti af útlánum banka í samræmi við útreikninga Seðlabanka Íslands.

C. Stofnverð til útreiknings á söluhagnaði.

Selji skattaðili hlutabréf, sem hann hefur keypt á undirverði og mismunur þess og gangverðs hefur verið metinn til tekna með framangreindum hætti, er söluhagnaður skv. 17. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, mismunur á söluverðinu og því gangverði, sem notað var við að ákveða skattskyldar tekjur þegar hann eignaðist hlutabréfin.

D. Frádráttur vegna fjárfestinga í hlutabréfum.

Eigi skattaðili rétt á frádrætti frá skattskyldum tekjum vegna kaupa á hlutabréfum skv. 1. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal við ákvörðun þess frádráttar miða við gangverð hlutabréfanna eða annað það verð, sem miðað var við þegar skattskyldar tekjur hans við kaup þeirra voru ákveðnar.

E. Skattlagning hlutafélaga og annarra rekstraraðila.

Hlutafélag, sem afhendir eigin hlutabréf endurgjaldslaust eða á undirverði til starfsmanna sem endurgjald fyrir vinnu, má draga frá sem rekstrarkostnað, sbr. 31. gr. laga nr. 75/ 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, mismuninn á gangverði og afhendingarverði sbr. framangreint. Sama fjárhæð skal talin til gjaldstofns tryggingagjalds skv. lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Sama á við um aðra rekstraraðila, sem afhenda hlutabréf í öðrum félögum endurgjaldslaust eða á undirverði til starfsmanna sem endurgjald fyrir vinnu.

F. Upplýsingagjöf.

1. Einstaklingar.
Mönnum, sem eignast hlutabréf með framangreindum hætti, ber að gera á framtali sínu grein fyrir mismun á gangverði og afhendingarverði og telja hann til tekna. Skylda þessi er eins fyrir hendi þótt misbrestur verði á af hálfu launagreiðanda eða annars þess sem afhenti bréfin að upplýsa skattyfirvöld og viðtakanda um afhendinguna.

2. Aðrir.
Allir þeir sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa og afhent hafa hlutabréf endurgjaldslaust eða á undirverði til starfsmanna sinna skulu á launaskýrslum, sbr. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, tilgreina sem tekjur viðkomandi mismun á gangverði og afhendingarverði hlutabréfa, sbr. framangreindar reglur. Aðrir, sem afhent hafa eða hafa haft milligöngu um afhendingu

hlutabréfa með sambærilegum hætti, skulu afhenda skattyfirvöldum sambærilegar upplýsingar.

Reglur þessar eru birtar í samræmi við 101 gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, til nánari skýringar á ákvæðum þeirra laga og taka til álagningar skatta samkvæmt þeim lögum og álagningar tryggingagjalds skv. lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.

Reykjavík, 18. júní 1999.

Indriði H. Þorláksson, ríkisskattstjóri.

Steindór Haraldsson.

29. júní 1999 Nr. 458

REGLUGERÐ

um lánaflokka Íbúðalánasjóðs.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til lánveitinga Íbúðalánasjóðs sem stofnað er til skv. 16. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

2. gr.
Lánaflokkar.

Lánaflokkar Íbúðalánasjóðs eru eftirfarandi:

1. Lán til byggingar eða kaupa á heimilum og dagvistarstofnunum fyrir aldraða.
2. Lán til byggingar leikskóla fyrir börn.
3. Aukalán - lán til einstaklinga með sérþarfir.
4. Viðgerðarlán.
5. Lán til meiri háttar utanhússviðhalds innlausnaríbúða.
6. Lán eða styrkir til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði.
7. Lán til leiguíbúða.
8. Lán til byggingar eða kaupa á vistheimilum fyrir börn og unglinga.

3. gr.
Fjárhagsáætlun Íbúðalánasjóðs.

Í tengslum við gerð fjárlaga, lánsfjárlaga og sölu húsnæðisbréfa, skv. 10. gr. laga nr. 44/1998 skal stjórn Íbúðalánasjóðs gera árlega áætlun um veitingu lána og styrkja, skv. 2. gr.

4. gr.
Lánskjör.

Vextir af lánum Íbúðalánasjóðs, skv. 2. gr skulu taka mið af þeim lánskjörum, sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti fyrir einstaka lánaflokka að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Stjórn

Íbúðalánasjóðs lætur birta ákvörðun sína um vexti í Lögbirtingablaði fyrir 1. febrúar ár hvert.

Lánin eru að fullu verðtryggð og höfuðstóll þeirra miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á hverjum tíma.

Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum á lánstímanum. Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Fjárhæð lána skal nema að hámarki tilteknu hlutfalli af samþykktum byggingarkostnaði eða kaupverði. Stjórn Íbúðalánasjóðs ákveður þetta lánshlutfall í upphafi hvers árs.

Um lánskjör, þ. á m. lánstíma og lánshlutfall fer að öðru leyti eftir því sem ákveðið er um einstaka lánaflokka í II. - IX. kafla.

II. KAFLI
Heimili og dagvistarstofnanir fyrir aldraða.

5. gr.
Tilgangur.

Lán skv. 1. tölul. 2. gr. er heimilt að veita þeim er byggja eða kaupa hjúkrunarheimili, dvalarheimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða.

6. gr.
Lánsfjárhæð og veðrými.

Við ákvörðun lánsfjárhæðar skal taka tillit til fjármagns frá Framkvæmdasjóði aldraðra og úr ríkissjóði til hlutaðeigandi framkvæmda þannig að lán úr Íbúðalánasjóði og fjármagn frá Framkvæmdasjóði aldraðra eða framlag úr ríkissjóði verði samanlagt aldrei hærri en 90 % af kaupverði eða byggingarkostnaði.

Veðrými miðast við allt að 65% af byggingarkostnaði eða kaupverði. Miða skal við 65% af brunabótamati ef það er lægra.

7. gr.
Umsóknir.

Umsækjendur um lán skulu senda umsóknir sínar til Íbúðalánasjóðs og leggja fram þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til undirbúnings afgreiðslu þeirra.

Lán þessi skulu því aðeins veitt að fyrir liggi rökstudd greinargerð um þörf fyrir framkvæmdir, studd gögnum frá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Þá skal umsögn frá heilbrigðisráðuneyti einnig fylgja umsókn þegar um er að ræða heimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða.

8. gr.
Lánstími og útborgun láns.

Lán samkvæmt þessum kafla koma til greiðslu, þegar framkvæmdum er lokið eða samkvæmt kauptilboði.

Lánstími skal vera allt að 25 ár.

9. gr.
Uppgreiðsla.

Sé rekstri húsnæðis, sem lánað hefur verið til samkvæmt þessum kafla, hætt eða það tekið undir annan rekstur, skal áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs greitt upp. Þinglýsa skal kvöð þessa efnis á íbúðina samhliða þinglýsingu lánsins.

Tilkynna skal Íbúðalánasjóði um breytingar skv. 1. mgr. án ástæðulausrar tafar.

III. KAFLI
Lán til byggingar leikskóla fyrir börn.

10. gr.
Tilgangur.

Lán skv. 2. tölul. 2. gr. er heimilt að veita þeim sem byggja leikskóla fyrir börn.

11. gr.
Lánsfjárhæð.

Við ákvörðun lánsfjárhæðar skal taka tillit til fjármagns frá sveitarfélögum, skv. lögum nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, og úr ríkissjóði til hlutaðeigandi framkvæmda þannig að lán úr Íbúðalánasjóði og fjármagn frá nefndum aðilum verði aldrei hærra en 90 % af kaupverði eða byggingarkostnaði.

Veðrými miðast við allt að 65% af byggingarkostnaði eða kaupverði. Miða skal við 65% af brunabótamati ef það er lægra.

12. gr.
Umsóknir.

Umsækjendur um lán skulu senda umsóknir sínar til Íbúðalánasjóðs og leggja fram þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til undirbúnings afgreiðslu þeirra.

Lán þessi skulu því aðeins veitt að fyrir liggi rökstuddar upplýsingar um þörf fyrir framkvæmdir, studdar gögnum frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

13. gr.
Lánstími og útborgun láns.

Lán þessi koma til útborgunar þegar framkvæmdum er lokið.

Lánstími skal vera allt að 25 ár.

14. gr.
Uppgreiðsla.

Sé rekstri húsnæðis, sem lánað hefur verið til skv. þessum kafla, hætt eða það tekið undir annan rekstur, skal áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs greitt upp. Þinglýsa skal kvöð þessa efnis á íbúðina samhliða þinglýsingu lánsins.

Tilkynna skal Íbúðalánasjóði um breytingar skv. 1. mgr. án ástæðulausrar tafar.

IV. KAFLI
Aukalán - lán til einstaklinga með sérþarfir.

15. gr.
Tilgangur.

Heimilt er að veita aukalán fötluðum og þeim sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir, skv. 3. tl. 2. gr. Einnig er heimilt að veita aukalán til forsvarsmanna þeirra sem búa við slíka fötlun.

Þegar upplýst er, með fullnægjandi hætti að mati Íbúðalánasjóðs, að sérþarfir ofangreindra einstaklinga leiði til aukins kostnaðar við breytingar, viðbætur, byggingu eða kaup á íbúð er heimilt að þessi lán komi til viðbótar öðrum fasteignaveðlánum frá Íbúðalánasjóði.

16. gr.
Lánsfjárhæð og útborgun láns.

Hámarksfjárhæð láns er kr. 3.700.000 miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1999, 231,2 stig. Ef um viðbótar- og endurbótakostnað er að ræða er hámarkslán 80% af þeim kostnaði.

Ákvörðun um lánsfjárhæð liggi fyrir við upphaf framkvæmda.

Lánið er heimilt að greiða út í tvennu lagi við breytingar eða viðbætur á íbúð: Helming þess þegar 50% framkvæmda er lokið og seinni hlutann við lok framkvæmda. Sé lánið greitt út í einu lagi, verður a.m.k. 80% framkvæmda að vera lokið.

Veðrými miðast við allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar. Miða skal við 90% af brunabótamati ef það er lægra.

Lántökugjald má vera allt að $^1/_2$% af veittri lánsfjárhæð og skal því haldið eftir við afgreiðslu lánsins.

17. gr.
Lánstími.

Lánstími skal vera allt að 40 ár.

18. gr.
Uppgreiðsla.

Lán fellur í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann muni ekki flytja þangað aftur. Þinglýsa skal kvöð þessa efnis á íbúðina samhliða þinglýsingu lánsins.

Tilkynna skal Íbúðalánasjóði um breytingar skv. 1. mgr. án ástæðulausrar tafar.

19. gr.
Flutningur láns.

Stjórn Íbúðalánasjóðs getur heimilað aðila, er fengið hefur lán skv. þessum kafla, að flytja með sér lánið við sölu íbúðar. Skilyrði er að fram komi í umsókn brýn þörf fyrir flutningi láns. Gera skal sömu kröfur um veðtryggingu og giltu við lánveitinguna.

V. KAFLI
Viðgerðarlán.
20. gr.
Tilgangur.

Viðgerðarlán skv. 4. tl. 2. gr. er heimilt að veita eigendum félagslegra eignaríbúða til meiri háttar utanhússviðhalds.

Við skýringu á félagslegri eignaríbúð skal beita 36. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. 1. mgr. ákvæðis I til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál.

Lán skv. þessum kafla veitist eingöngu til viðbótar við það/þau lán sem þegar hvíla á íbúðinni frá Íbúðalánasjóði eða lán sem sjóðurinn hefur yfirtekið skv. eldri lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

21. gr.
Skilyrði.

Skilyrði er að lánveiting sé nauðsynleg til að afstýra því að hús liggi undir skemmdum. Að öðru leyti eru skilyrði fyrir lánveitingu eftirfarandi:

1. Um meiri háttar utanhússviðhald sé að ræða, sem Íbúðalánasjóður samþykkir fyrirfram, sbr. 22. gr.
2. Umsókn berist Íbúðalánasjóði áður en framkvæmdir hefjast. Umsókn fylgi kostnaðaráætlun, verklýsing, samþykki byggingarfulltrúa fyrir framkvæmdinni og yfirlýsing frá húsfélagi um framkvæmdina.
3. Framkvæmdir skal fela viðurkenndum byggingarverktökum með útboðum og skal lánveiting taka mið af hagstæðasta tilboði.

4 Verkið sé unnið í samræmi við verklýsingu.
5. Kostnaður við utanhússviðhald falli ekki undir ákvæði um varasjóð, sbr. 2. mgr. ákvæðis VIII til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál eða ákvæði 3. mgr. 53. gr. sömu laga.

22. gr.
Meiri háttar utanhússviðhald.

Með meiri háttar utanhússviðhaldi er átt við:
1. Þak: Endurbygging á þaki, svo sem þegar skipt er um þakklæðningu og einangrun.
2. Útveggir: Sprunguviðgerðir, þéttingar og útveggjaklæðning, að veggir séu brotnir niður og steyptir upp að nýju. Um viðgerð á útidyratröppum gildir sama og um viðgerð á útveggjum.
3. Gluggar: Skipti á gluggapóstum, gluggakörmum og glerjum. Skipti á opnanlegum fögum.
4. Lóðaframkvæmdir: Endurnýjun á jarðvegslögnum, ef talið er nauðsynlegt að skipta um jarðveg í lóð hússins til að forða húsinu frá vatnsskemmdum.

Í þeim tilvikum, eingöngu, þar sem samþykkt hafa verið lán til viðgerða samkvæmt 1. - 3. tölul., er jafnframt lánað til kostnaðar vegna utanhússmálningar til sömu verkþátta. Eigi er lánað til neins konar innanhússframkvæmda eða frágangs innanhúss. Gildir það einnig enda þótt frágangur innanhúss sé bein afleiðing af utanhússskemmdum og viðgerðum á þeim.

23. gr.
Lánsfjárhæð.

Hámarkslán má nema allt að 90% af samþykktum kostnaði. Innifalinn í samþykktum kostnaði er sá fjármagnskostnaður sem íbúðareigandi kann að bera vegna lántöku við framkvæmdirnar.

24. gr.
Lánstími og útborgun láns.

Lánið kemur til útborgunar þegar Íbúðalánasjóður hefur samþykkt með úttekt sinni að verkið hafi verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu.

Lánstími skal vera allt að 25 ár.

Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð samhliða áhvílandi láni Íbúðalánasjóðs.

25. gr.
Innlausn.

Við innlausn félagslegra eignaríbúða eru endurbætur utanhúss metnar samkvæmt mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum stjórnar Íbúðalánasjóðs, sbr. 6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál.

VI. KAFLI.
Lán til meiri háttar utanhússviðhalds innlausnaríbúða.

26. gr.
Tilgangur.

Heimilt er að veita sveitarfélögum, er leyst hafa til sín félagslegar íbúðir, lán skv. 5. tl. 2. gr. til meiri háttar utanhússviðhalds.

27. gr.
Skilyrði.

Skilyrði lánveitingar skv. 26. gr. er að sveitarstjórn nýti íbúðina til útleigu, sbr. 2. tölul. 1. mgr. ákvæðis III til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál.

Um skilyrði lánveitingar skv. þessum kafla skal gæta ákvæða V. kafla eftir því sem við getur átt.

Sveitarstjórn er að fengnu samþykki Íbúðalánasjóðs heimilt að liðnum 10 árum frá ákvörðun Íbúðalánasjóðs að selja íbúðir sem lánað hefur verið til skv. þessari grein. Áður skal sveitarstjórn þó hafa greitt upp lánið.

28. gr.
Lánstími og útborgun láns.

Lánið kemur til greiðslu þegar Íbúðalánasjóður hefur samþykkt með úttekt sinni að verkið hafi verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu.

Lánstími skal vera allt að 25 ár.

29. gr.
Rekstrarfélög sveitarfélaga.

Stofni sveitarstjórn félag um rekstur leiguíbúða sinna skv. 38. gr. laga um húsnæðismál er heimilt að leggja slíku félagi til íbúðir í eigu sveitarfélagsins, sem fengið hafa lán samkvæmt þessum kafla, án þess að til uppgreiðslu lánsins komi. Sveitarfélag ber þó áfram ábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnað var til með lántökunni.

Félag sem sveitarstjórn hefur stofnað skv. 38. gr. laga um húsnæðismál skal með sama hætti og sveitarstjórn eiga kost á láni skv. þessum kafla.

VII. KAFLI.
Lán eða styrkir til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði.

30. gr.
Tilgangur.

Lán og/eða styrki til tækninýjunga eða annarra umbóta í byggingariðnaði skv. 6. tölulið 2. gr. má veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem vinna að þróun tæknilegra aðferða og nýjunga sem leitt geta til lækkunar á byggingarkostnaði og viðhaldi íbúðarhúsnæðis, styttingar byggingartíma eða stuðlað með öðrum hætti að aukinni hagkvæmni í byggingariðnaði.

31. gr.
Umsóknir.

Sá sem óskar eftir láni eða styrk skal skila inn umsókn til Íbúðalánasjóðs á sérstöku eyðublaði, um verkefni það er vinna skal. Umsóknina skal leggja fyrir stjórn sjóðsins til ákvörðunar með greinargerð og tillögu um afgreiðslu.

32. gr.
Fjárhæð styrks eða láns.

Fjárhæð láns eða styrks skv. 30. gr., svo og lánstíma, skal ákveða hverju sinni af stjórn Íbúðalánasjóðs með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjungum í notkun, svo og mikilvægi þeirra fyrir byggingariðnaðinn.

33. gr.
Lán.

Lánið skal vera jafngreiðslulán (annuitet). Stjórn Íbúðalánasjóðs getur ákveðið að lánið verði afborgunarlaust í allt að tvö ár frá útborgun þess.

Lán skulu tryggð með fullnægjandi veði í fasteign að mati Íbúðalánasjóðs samkvæmt almennum reglum Íbúðalánasjóðs um veðrými.

VIII. KAFLI
Lán til leiguíbúða.

34. gr.
Tilgangur.

Lán skv. 7. tl. 2. gr. er heimilt að veita félögum og félagasamtökum, er uppfylla skilyrði um lánveitingar skv. VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, og IX. kafla reglugerðar, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur nr. 423/1999. Lánin skulu veitt til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu fyrir félagsmenn í hlutaðeigandi félögum eða félagasamtökum eða aðra leigjendur hjá slíku félagi.

Sveitarfélög skulu með sama hætti og félög og félagasamtök eiga kost á lánum skv. þessum kafla.

35. gr.
Lánsfjárhæð.

Lán skal nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar. Stjórn Íbúðalánasjóðs ákveður lánshlutfallið hverju sinni. Við ákvörðun lánshlutfallsins skal líta til markmiða lánveitingarinnar svo sem, hvort íbúðarhúsnæðið er sérstaklega gert fyrir fatlaða, aldraða, ungt fólk eða barnafjölskyldur.

Um ákvörðun byggingarkostnaðar fer eftir III. kafla reglugerðar um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, og skv. nánari ákvörðun stjórnar Íbúðalánasjóðs.

36. gr.
Lánstími.

Lán skv. þessum kafla skulu tryggð með veði í hlutaðeigandi íbúðarhúsnæði. Lánin skulu vera að fullu verðtryggð og höfuðstóll þeirra miðast við vísitölu neysluverðs.

Lánstími skal vera allt að 50 árum.

37. gr.
Eigið framlag.

Umsækjendur skulu sýna fram á það, við lánsumsókn hjá Íbúðalánasjóði, að þeir hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að greiða þann hluta af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar sem ekki fæst lánað til skv. 35. gr. Því til staðfestingar skal leggja fram ábyrgð af hálfu fjármálastofnunar eða annað sem Íbúðalánasjóður metur gilt.

38. gr.
Umsóknir.

Í lánsumsókn skal koma fram fjöldi, gerð og stærð viðkomandi íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem Íbúðalánasjóður metur nauðsynlegt til þess að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Í lánsumsókn skal ennfremur koma fram rökstuðningur fyrir lánsþörf svo og með hvaða hætti umsækjandi hyggst ráðstafa þeim leiguíbúðum sem hann ætlar að byggja eða kaupa.

Um meðferð lánsumsókna skal að öðru leyti gæta ákvæða II. kafla reglugerðar um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.

39. gr.

Ráðstöfun íbúða.

Félög og félagasamtök úthluta íbúðum á sínum vegum til félagsmanna sinna í samræmi við samþykktir sínar.

Um ráðstöfun íbúða húsnæðissamvinnufélaga skal ennfremur gæta ákvæða laga nr. 161/1998, um húsnæðissamvinnufélög.

40. gr.

Sala á afnotarétti.

Félögum og félagasamtökum er heimilt að selja félagsmanni eða leigjanda afnotarétt í íbúð með þeirri kvöð að hlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni. Gjaldið má nema allt að 30% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar og takmarkast við eigið framlag umsækjanda, sbr. 37. gr.

Gerður skal skriflegur samningur um sölu afnotaréttar, skv. 1. mgr., þar sem kveðið skal á um réttindi og skyldur samningsaðila.

Við lok samningstímans skal félagsmaður eða leigjandi sé hann ekki jafnframt félagsmaður fá endurgreiddan hlut sinn í samræmi við samþykktir hlutaðeigandi félags eða félagasamtaka.

Samningar, sem gerðir eru skv. þessari grein skulu tilkynntir til Íbúðalánasjóðs.

41. gr.

Ákvörðun leigufjárhæðar.

Um ákvörðun leigufjárhæðar skal beita ákvæðum VI. kafla reglugerðar um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.

Um eigendur búseturéttar hjá húsnæðissamvinnufélögum skal fara eftir 10. gr. laga nr. 161/1998, um búsetugjald.

42. gr.

Um starfshætti og eftirlit.

Um starfshætti félaga og félagasamtaka sem veitt er lán skv. þessum kafla skal gæta ákvæða X. kafla reglugerðar um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.

Um eftirlit með störfum og starfsháttum félaga og félagasamtaka gilda ákvæði XI. kafla reglugerðar um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.

43. gr.

Takmarkanir.

Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem á hvílir lán sem veitt hefur verið skv. þessum kafla, nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs um yfirtökuna.

Félag og félagasamtök, er ráðstafa leiguíbúð skv. 1. mgr., 40. gr. ber eftir sem áður fulla ábyrgð á láninu sem veitt var af Íbúðalánasjóði.

Sé rekstri félags hætt eða tilgangi þess breytt eða það íbúðarhúsnæði sem lánað er til er tekið undir annan rekstur, skal áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs greitt upp. Þinglýsa skal kvöð þess efnis á íbúðina samhliða þinglýsingu lánsins.

Tilkynna skal Íbúðalánasjóði um breytingar skv. 3. mgr. án ástæðulausrar tafar.

IX. KAFLI
Vistheimili fyrir börn og unglinga.

44. gr.
Tilgangur.

Samkvæmt 8. tölul. 2. gr. er heimilt að veita félögum og félagasamtökum, sem fengið hafa leyfi Barnaverndarstofu til að reka heimili eða stofnun, sbr. 52. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, lán til að byggja eða kaupa vistheimili fyrir börn og unglinga.

Félög og félagasamtök, sem kost eiga á lánum, skv. þessum kafla skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum sínum. Um staðfestingu á samþykktum slíkra aðila og starfssemi skal, eftir því sem við getur átt, gæta ákvæða reglugerðar um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.

Sveitarfélög skulu með sama hætti og félög og félagasamtök eiga kost á lánum skv. þessum kafla.

45. gr.
Lánsfjárhæð og veðrými.

Við ákvörðun lánsfjárhæðar skal taka tillit til fjármagns frá opinberum aðilum, þ. á m. úr ríkissjóði til hlutaðeigandi framkvæmda þannig að lán úr Íbúðalánasjóði og annað fjármagn verði samanlagt aldrei hærra en 90% af kaupverði eða byggingarkostnaði.

Veðrými miðast við allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði. Miða skal við 90% af brunabótamati ef það er lægra.

46. gr.
Umsóknir.

Umsækjendur um lán skulu senda umsóknir sínar til Íbúðalánasjóðs og leggja fram þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til undirbúnings afgreiðslu þeirra.

Lán þessi skulu því aðeins veitt að fyrir liggi rökstudd greinargerð um þörf fyrir framkvæmdir, studd nauðsynlegum gögnum, þ. á m. umsögn Barnaverndarstofu.

47. gr.
Lánstími og útborgun láns.

Lán samkvæmt þessum kafla koma til greiðslu, þegar framkvæmdum er lokið eða samkvæmt kauptilboði.

Lánstími skal vera allt að 25 ár.

48. gr.
Uppgreiðsla.

Sé rekstri húsnæðis, sem lánað hefur verið til samkvæmt þessum kafla, hætt eða það tekið undir annan rekstur, skal áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs greitt upp. Þinglýsa skal kvöð þessa efnis á íbúðina samhliða þinglýsingu lánsins.

Tilkynna skal Íbúðalánasjóði um breytingar skv. 1. mgr. án ástæðulausrar tafar.

X. KAFLI.
Lokaákvæði.

49. gr.
Úthlutunarreglur.

Í reglum, er stjórn Íbúðalánasjóðs setur skal kveðið nánar á um einstakar lánveitingar og styrki samkvæmt reglugerð þessari. Í slíkum reglum skal ennfremur kveðið nánar á um ákvörðun byggingarkostnaðar, lánshlutfall skv. 35. gr. og kaupverði íbúða. Skulu reglurnar

lagðar árlega fyrir stjórn Íbúðalánasjóðs og skulu hljóta staðfestingu hennar fyrir 1. febrúar ár hvert.

Íbúðalánasjóður annast kynningu á reglum þessum og skulu þær vera aðgengilegar.

50. gr.

Meðferð ágreiningsmála.

Telji umsækjandi um lán eða lántaki á rétt sinn hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs við framkvæmd reglugerðar þessarar, getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála.

X. KAFLI.

Gildistaka o.fl.

51. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 16. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal hafa kynnt sveitarfélögum og starfandi félögum og félagssamtökum, er falla undir VIII. kafla, úthlutunarreglur sínar fyrir 1. september 1999.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. júní 1999.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

Nr. 459 29. júní 1999

REGLUGERÐ

um kærunefnd húsnæðismála.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Heiti og hlutverk.

Nefndin heitir kærunefnd húsnæðismála og hefur hún aðsetur á skrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Skal nefndin skera úr ágreiningsmálum, er kunna að rísa vegna ákvarðana stjórnar Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda skv. lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, og reglugerðum settum skv. þeim.

2. gr.

Orðskýringar.

Um merkingu orða skv. reglugerð þessari fer eftir því sem segir í 2. gr. laga um húsnæðismál.

II. KAFLI

Valdsvið.

3. gr.

Lánveitingar Íbúðalánasjóðs.

Telji umsækjandi um *almennt lán* (húsbréf) Íbúðalánasjóðs á rétt sinn hallað með afgreiðslu eða ákvörðun Íbúðalánasjóðs eða húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 7/1999, um húsbréf og húsbréfaviðskipti, getur hann skotið máli sínu til

nefndarinnar. Með sama hætti getur lántakandi skotið til nefndarinnar ágreiningi út af réttindum hans og skyldum skv. VI. kafla um húsnæðismál eða reglugerð um húsbréf og húsbréfaviðskipti.

Telji umsækjandi um *viðbótarlán* á rétt sinn hallað með umsögn húsnæðisnefndar um rétt hans til slíks láns skv. VII. kafla laga um húsnæðismál eða II. kafla reglugerðar nr. 783/1998, um viðbótarlán, getur hann skotið slíkri afgreiðslu til nefndarinnar.

Umsækjendur um *lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur* og lántakendur slíkra lána geta skotið til nefndarinnar afgreiðslu Íbúðalánasjóðs á umsókn um slíkt lán eða ákvörðun um rétt þeirra og skyldur skv. VIII. kafla laga um húsnæðismál eða skv. reglugerð um lán til leiguíbúða.

Telji einhver sig órétti beittan vegna afgreiðslu Íbúðalánasjóðs á umsókn sinni um aðstoð vegna *greiðsluvanda*, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 225/1999, um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs, getur hann skotið slíkri ákvörðun til nefndarinnar. Með sama hætti geta félög og félagasamtök skotið til nefndarinar afgreiðslu Íbúðalánasjóðs á umsókn þeirra um frestun á afborgunum lána Íbúðalánasjóðs, sbr. 14. gr. sömu reglugerðar.

Telji umsækjandi um lán, *skv. sérstökum lánaflokkum*, Íbúðalánasjóðs, sbr. 16. gr. laga um húsnæðismál, eða lántakandi á rétt sinn hallað með ákvörðun eða afgreiðslu stjórnar Íbúðalánasjóðs, getur hann skotið máli sínu til nefndarinnar.

Til nefndarinnar verður ekki skotið málum er snerta innri málefni Íbúðalánasjóðs, svo sem um gerð fjárhagsáætlana og réttindi og skyldur starfsmanna Íbúðalánasjóðs.

4. gr.

Lánveitingar, skv. eldri lögum.

Telji einstaklingur, er fengið hefur lán skv. eldri lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, og borið getur réttindi og skyldur skv. II.-V. og VII. bráðabirgðaákvæði laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, á rétt sinn hallað með ákvörðun eða afgreiðslu húsnæðisnefnda, getur hann skotið máli sínu til nefndarinnar.

Meðal þeirra ágreiningsmála sem unnt er að skjóta til nefndarinnar eru:

1. Ágreiningur um kaupskyldu og forkaupsrétt sveitarfélags, skv. II. bráðabirgðaákvæði og 1. mgr. IV. bráðabirgðaákvæðis laga um húsnæðismál.
2. Útreikningur á innlausnarverði og söluverði félagslegra íbúða.
3. Réttindi og skyldur eigenda félagslegra íbúða, skv. 2. mgr. IV. bráðabirgðaákvæðis laga um húsnæðismál.
4. Réttindi og skyldur leigjenda félagslegra leiguíbúða, einstaklinga er gert hafa samning um kaupleiguíbúðir, sbr. V. bráðabirgðaákvæði laga um húsnæðismál.
5. Afgreiðsla umsókna um félagslegar eignaríbúðir, skv. VII. bráðabirgðaákvæði laga um húsnæðismál og um réttindi og skyldur einstaklinga er fengið hafa úthlutað slíkum íbúðum.

III. KAFLI
Skipulag og starfshættir.

5. gr.

Skipan.

Nefndarmenn skulu vera þrír. Félagsmálaráðherra skipar þá og varamenn þeirra til þriggja ára í senn.

Tveir nefndarmanna skulu vera lögfræðingar. Félagsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar og skal hann fullnægja almennum skilyrðum til þess að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

6. gr.

Starfsmenn og skrifstofuhald.

Nefndinni skal heimilt að ráða sér starfsmenn að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið. Hið sama gildir um skrifstofuaðstöðu fyrir hana.

Telji formaður þörf sérkunnáttu við úrlausn máls getur hann kvatt til ráðuneytis mann eða menn sem hafa slíka sérkunnáttu.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Þagnarskylda.

Nefndarmönnum ber að gæta þagmælsku um þau atvik, sem þeim verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn nefndarinnar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

IV. KAFLI
Meðferð mála.

8. gr.

Form og efni kæru.

Kæra skal vera skrifleg og skal þar greint nafn, heimilisfang og kennitala þess er kærir. Ef kæra er borin fram af öðrum, en þeim er hefur hagsmuni af úrlausn máls skal skriflegt umboð fylgja.

Í kæru skal lýst þeirri afgreiðslu eða ákvörðun, sem kærð er. Kæru skal fylgja rökstuðningur og þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.

Nefndin getur ákveðið að kæru skuli skilað á sérstöku eyðublaði, sem nefndin lætur útbúa.

9. gr.

Málshraði.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan átta vikna frá því að nefndinni barst málið til úrskurðar.

Um meðferð mála fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

10. gr.

Upplýsingagjöf.

Sé ágreiningur um útreikning á innlausnarverði félagslegrar íbúðar eða falli ágreiningur að öðru leyti undir 4. gr. getur nefndin óskað eftir því að Íbúðalánasjóður láti nefndinni í té tiltæk gögn og upplýsingar.

Nefndin getur óskað eftir því að Íbúðalánasjóður láti nefndinni í té umsögn um útreikning húsnæðisnefndar á innlausnar- og söluverði félagslegra íbúða og um mat á endurbótum og viðhaldi slíkrar íbúðar.

Íbúðalánasjóður skal láta nefndinni í té gögn og upplýsingar vegna afskipta sinna af umsókn um viðbótarlán eða afgreiðslu húsnæðisnefndar á slíku láni.

Nefndin getur sett Íbúðalánasjóði fresti til þess að láta í té umsögn, gögn og upplýsingar skv. 2. og 3. mgr.

11. gr.

Útgáfa og kynning úrskurða.

Nefndin skal gefa út helstu úrskurði sína árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í þeirri útgáfu, en tryggja ber að úrskurðir, sem fordæmisgildi hafa, birtist þar. Nefndin ákveður

að öðru leyti sjálf hvernig hún hagar kynningu á einstökum úrskurðum milli árlegrar útgáfu þeirra.

Samhliða útgáfu úrskurða skv. 1. mgr. skal nefndin gefa út yfirlitsskýrslu um störf sín í byrjun hvers árs.

V. KAFLI
Gildistaka.
12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 42. gr. og 50. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. júní 1999.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

16. júní 1999 Nr. 460

ALÞINGISMENN

kosnir í maí 1999.

Samkvæmt tilkynningu landskjörstjórnar voru eftirtalin kjörin alþingismenn (aðalmenn og varamenn) við alþingiskosningar 8. maí 1999.

Skammstafanir: B = Framsóknarflokkurinn, D = Sjálfstæðisflokkurinn, F = Frjálslyndi flokkurinn, S = Samfylkingin, U = Vinstrihreyfingin - grænt framboð.

A. Þingmenn kjördæma.

Reykjavíkurkjördæmi:

1. Davíð Oddsson (D)
2. Björn Bjarnason (D)
3. Geir H. Haarde (D)
4. Sólveig Pétursdóttir (D)
5. Jóhanna Sigurðardóttir (S)
6. Lára Margrét Ragnarsdóttir (D)
7. Össur Skarphéðinsson (S)
8. Guðmundur Hallvarðsson (D)
9. Bryndís Hlöðversdóttir (S)
10. Pétur H. Blöndal (D)
11. Guðrún Ögmundsdóttir (S)
12. Finnur Ingólfsson (B)
13. Ögmundur Jónasson (U)
14. Katrín Fjeldsted (D)
15. Ásta R. Jóhannesdóttir (S)
16. Ólafur Örn Haraldsson (B)
17. Kolbrún Halldórsdóttir (U)
18. Sverrir Hermannsson (F)
19. Ásta Möller (D)

Reykjaneskjördæmi:

1. Árni M. Mathiesen (D)
2. Gunnar Birgisson (D)
3. Sigríður A. Þórðardóttir (D)
4. Rannveig Guðmundsdóttir (S)
5. Þorgerður K. Gunnarsdóttir (D)
6. Guðmundur Árni Stefánsson (S)
7. Siv Friðleifsdóttir (B)
8. Kristján Pálsson (D)
9. Sigríður Jóhannesdóttir (S)
10. Hjálmar Árnason (B)
11. Árni Ragnar Árnason (D)
12. Þórunn Sveinbjarnardóttir (S)

Vesturlandskjördæmi:

1. Sturla Böðvarsson (D)
2. Ingibjörg Pálmadóttir (B)
3. Jóhann Ársælsson (S)
4. Guðjón Guðmundsson (D)
5. Gísli S. Einarsson (S)

Vestfjarðakjördæmi:

1. Einar K. Guðfinnsson (D)
2. Sighvatur Björgvinsson (S)
3. Kristinn H. Gunnarsson (B)
4. Guðjón A. Kristjánsson (F)
5. Einar Oddur Kristjánsson (D)

Norðurlandskjördæmi vestra:

1. Hjálmar Jónsson (D)
2. Páll Pétursson (B)
3. Kristján L. Möller (S)
4. Vilhjálmur Egilsson (D)
5. Jón Bjarnason (U)

Norðurlandskjördæmi eystra:

1. Halldór Blöndal (D)
2. Valgerður Sverrisdóttir (B)
3. Steingrímur J. Sigfússon (U)
4. Svanfríður Jónasdóttir (S)
5. Tómas Ingi Olrich (D)
6. Árni Steinar Jóhannsson (U)

Austurlandskjördæmi:

1. Halldór Ásgrímsson (B)
2. Arnbjörg Sveinsdóttir (D)
3. Jón Kristjánsson (B)
4. Einar Már Sigurðarson (S)
5. Þuríður Backman (U)

Suðurlandskjördæmi:

1. Árni Johnsen (D)
2. Guðni Ágústsson (B)
3. Margrét Frímannsdóttir (S)
4. Drífa Hjartardóttir (D)
5. Ísólfur Gylfi Pálmason (B)
6. Lúðvík Bergvinsson (S)

B. Varaþingmenn.

Varamenn þingmanna Reykjavíkurkjördæmis:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Jónína Bjartmarz Vigdís Hauksdóttir
Fyrir Frjálslynda flokkinn:	Gunnar Ingi Gunnarsson
Fyrir Samfylkinguna:	Mörður Árnason Árni Þór Sigurðsson Guðný Guðbjörnsdóttir Jakob Frímann Magnússon Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson Stefanía Óskarsdóttir Arna Hauksdóttir Helgi Steinar Karlsson Soffía Kristín Þórðardóttir Hólmfríður K. Agnarsdóttir Margeir Pétursson Guðmundur Ragnarsson Ásta Þórarinsdóttir
Fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð:	Hjörleifur Guttormsson Drífa Snædal

Varamenn þingmanna Reykjaneskjördæmis:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Páll Magnússon Drífa Jóna Sigfúsdóttir
Fyrir Samfylkinguna:	Ágúst Einarsson Jón Gunnarsson Lúðvík Geirsson Katrín Júlíusdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Helga Guðrún Jónasdóttir Sturla D. Þorsteinsson Hildur Jónsdóttir Jón Gunnarsson Ólafur Torfason Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Varamenn þingmanna Vesturlandskjördæmis:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Magnús Stefánsson
Fyrir Samfylkinguna:	Dóra Líndal Hjartardóttir Hólmfríður Sveinsdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Helga Halldórsdóttir Skjöldur Orri Skjaldarson

Varamenn þingmanna Vestfjarðakjördæmis:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
Fyrir Frjálslynda flokkinn:	Pétur Bjarnason
Fyrir Samfylkinguna:	Karl V. Matthíasson
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Ragnheiður Hákonardóttir Þórólfur Halldórsson

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis vestra:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Árni Gunnarsson
Fyrir Samfylkinguna:	Anna Kristín Gunnarsdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Sigríður Ingvarsdóttir Adolf H. Berndsen
Fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð:	Hjördís Heiðrún Hjartardóttir

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Daníel Árnason
Fyrir Samfylkinguna:	Örlygur Hnefill Jónsson
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Soffía Gísladóttir Ásgeir Logi Ásgeirsson
Fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð:	Helga Arnheiður Erlingsdóttir Valgerður Jónsdóttir

Varamenn þingmanna Austurlandskjördæmis:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Jónas Hallgrímsson Sigrún Júlía Geirsdóttir
Fyrir Samfylkinguna:	Gunnlaugur Stefánsson
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Albert Eymundsson
Fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð:	Gunnar Ólafsson

Varamenn þingmanna Suðurlandskjördæmis:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Ólafía Ingólfsdóttir Ármann Höskuldsson
Fyrir Samfylkinguna:	Katrín Andrésdóttir Björgvin G. Sigurðsson
Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:	Kjartan Ólafsson Ólafur Björnsson

Þetta birtist hér með samkvæmt 116. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júní 1999.

29. júní 1999 Nr. 461

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1999.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1999, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) **Íbúðir:**

Sorphirðugjald kr. 6.500 á hverja íbúð.

B) **Fyrirtæki:**

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a)	kr.	9.000
Flokkur	b)	kr.	18.000
Flokkur	c)	kr.	36.000
Flokkur	d)	kr.	72.000
Flokkur	e)	kr.	144.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1999 – kr. 8,00/kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 1999.

Húsavíkurkaupstað, 29. júní 1999.

Guðmundur Níelsson bæjarritari.

Nr. 462 29. júní 1999

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1999.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c.-staflið samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 8.000 á árinu 1999.

Gjaldið greiðst á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.400 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.800, ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Húsavík frá 21. nóvember 1991 og gildir fyrir árið 1999.

Húsavíkurkaupstað, 29. júní 1999.

Guðmundur Níelsson bæjarritari.

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 - 1999

30. júní 1999 1497 Nr. 463

REGLUGERÐ

um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.

Almenn ákvæði.

Tryggingaskrá.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal halda sérstaka skrá um tryggingaréttindi einstaklinga. Skráin skal vera til viðbótar við Þjóðskrá Hagstofu Íslands og nefnast tryggingaskrá.

2. gr.

Í tryggingaskrá skal skrá eftirfarandi grunnupplýsingar: Nafn, kennitölu, tryggingarland, tímabil tryggingar og grundvöll skráningar. Einnig skal skrá réttindi á grundvelli alþjóðasamninga eða milliríkjasamninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki um almannatryggingar. Þá skal skrá staðfestingar og aðrar ákvarðanir um tryggingarétt einstaklinga.

Tilkynning til Tryggingastofnunar.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal útbúa tilkynningarblað sem liggi frammi hjá Tryggingastofnun, umboðum hennar og á þeim stöðum þar sem tilkynningar aðsetursskipta fara fram.

Einstaklingar sem flytja til landsins skulu senda tilkynningarblaðið til Tryggingastofnunar og láta fylgja vottorð um tryggingar og tryggingatímabil frá erlendum tryggingastofnunum eftir því sem við á.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kanna hvort viðkomandi er tryggður og færa upplýsingar um tryggingaréttindi í tryggingaskrá. Einstaklingar skulu fá skriflegt svar um tryggingaréttindi sín og skírteini, ef við á.

Grundvöllur skráningar.

Búseta.

5. gr.

Sá sem búsettur er hér á landi telst tryggður að uppfylltum öðrum skilyrðum almannatryggingalaga. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga.

Sá sem flytur búsetu sína frá Íslandi telst ekki lengur tryggður.

Milliríkjasamningar.

6. gr.

Þeir sem eiga að vera tryggðir skv. ákvæðum milliríkjasamninga skulu skráðir þótt ákvæðum 5. gr. sé ekki fullnægt, að fullnægðum öðrum skilyrðum laganna.

Einnig skal skrá þá sem réttinda eiga að njóta skv. milliríkjasamningum án þess þó að teljast tryggðir á Íslandi.

7. gr.

Taka skal til greina trygginga,- starfs,- eða búsetutímabil frá ríkjum sem samningar hafa verið gerðir við að því marki sem nauðsynlegt er til þess að fullnægja skilyrðum almannatrygginga varðandi ákvörðun um tryggingu. Einungis eru tekin til greina búsetu- eða starfstímabil hafi viðkomandi verið tryggður á sama tíma.

Tímabilin skulu staðfest af tryggingayfirvöldum viðkomandi ríkis á þar til gerðum eyðublöðum. Heimilt er að víkja frá kröfu um formlega staðfestingu skv. 1. ml. þegar einstaklingur hefur flutt frá Íslandi til Norðurlanda og verið þar búsettur í styttri tíma en eitt ár.

Til að öðlast rétt til elli-, örorku- eða barnalífeyris skulu lágmarks tryggingatímabil á Íslandi þó ávallt vera 1 ár.

Hafi lengri tími en tveir mánuðir liðið frá því að tryggingatímabili var lokið sbr. 1. mgr., er ekki skylt að taka tryggingatímabilin til greina.

Undanþágur vegna sjúkratrygginga.

8. gr.

Heimilt er að veita ótryggðum einstaklingum undanþágur frá ákvæðum 32. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar um að einstaklingar hafi verið búsettir á Íslandi í sex mánuði áður en þeir teljist sjúkratryggðir, í eftirfarandi tilvikum:

a) Þegar um er að ræða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum.
b) Þegar um er að ræða einstakling sem íslensk sóttvarnayfirvöld krefjast að undirgangist skoðun og/eða rannsókn vegna gruns um alvarlegan smitsjúkdóm eða ef staðfest er að viðkomandi hafi veikst af slíkum sjúkdómi og að nauðsynlegt er að hefja meðferð án tafar. Undanþágan tekur einungis til greiningar og meðferðar sbr. sóttvarnarlög og reglugerðir á grundvelli þeirra.
c) Þegar um er að ræða nýrnasjúkling sem þarfnast reglulega meðferðar í nýrnavél eða sjúkling sem þarfnast súrefnis. Undanþágan tekur einungis til nefndrar meðferðar.
d) Þegar um er að ræða námsmann sem flutt hefur lögheimili sitt frá Íslandi á námstíma vegna náms erlendis og flytur aftur til Íslands innan sex mánaða frá námslokum.
e) Þegar um er að ræða einstakling sem haldinn er lífshættulegum sjúkdómi og flytur hingað til lands til varanlegrar búsetu, enda hafi hann áður verið búsettur hér á landi í a.m.k. 20 ár og eigi hér nána ættingja. Sama á við um barn undir 20 ára aldri sem haldið er lífshættulegum sjúkdómi og flytur hingað til lands með foreldrum eða foreldri sem uppfyllir framangreint skilyrði um búsetu.

Sjúkratryggingadeild veitir ofangreindar undanþágur og gefur út sérstakt skírteini ef skilyrðum er fullnægt. Umsókn skal fylgja læknisvottorð og upplýsingar um tryggingar.

9. gr.

Umsækjandi um sjúkradagpeninga, sem leggur niður launaða vinnu skv. 38. gr. almannatryggingalaga, skal hafa unnið hér á landi. Við ákvörðun sjúkradagpeninga skv. 38. gr. skal við það miða hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað hér á landi síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær.

Dvöl erlendis sem ekki er í atvinnuskyni.

10. gr.

Heimilt er að ákveða að einstaklingur sem tryggður er samkvæmt lögunum sé áfram tryggður í allt að eitt ár frá brottför frá Íslandi. Skilyrði er að viðkomandi hafi haft samfellda fasta búsetu hér á landi sbr. 5. gr. eigi skemur en fimm ár fyrir brottför.

Sækja skal um staðfestingu á tryggingu skv. þessari grein til Tryggingastofnunar eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför. Heimilt er að víkja frá fjögurra vikna frestinum ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

Tryggingayfirlýsing skal gefin út til jafnlangs tíma og fyrirhuguð dvöl. Ef dvalartími er óviss er staðfesting gefin til sex mánaða og aldrei lengur en til eins árs hverju sinni.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef tilgangur farar er að leita læknismeðferðar og ef milliríkjasamningar kveða á um annað.

Dvöl eða búseta erlendis í atvinnuskyni.

11. gr.

Sá sem fer af landi brott í atvinnuskyni telst ekki tryggður, enda leiði annað ekki af lögum, milliríkjasamningum eða ákvæðum reglugerðar þessarar.

Heimilt er að veita einstaklingi sem fullnægir skilyrðum 5. gr. um búsetu, yfirlýsingu um sjúkratryggingu í skyndilegum tilvikum, þegar um er að ræða lausavinnu erlendis sem ekki er ætlað að standa lengur en í þrjá mánuði, en viðkomandi fer ekki til starfa erlendis á vegum vinnuveitanda.

Heimilt er að ákveða að einstaklingur sé tryggður í allt að eitt ár þrátt fyrir starf erlendis, enda sé hann tryggður við upphaf starfsins. Starfið skal vera innt af hendi erlendis fyrir aðila með aðsetur og starfsemi á Íslandi og greiða skal tryggingagjald, sbr. lög um tryggingagjald, hér á landi af launum viðkomandi á starfstímanum.

Sama gildir um maka og börn undir 18 ára aldri sem dveljast með honum.

Heimilt er að framlengja tryggingaskráningu skv. 3. mgr. í allt að fjögur ár til viðbótar, að loknu fyrsta tímabilinu, að undangengnu mati, þar sem m.a. verði kannað hvort skilyrði séu áfram uppfyllt.

Sækja skal um staðfestingu á tryggingu þessari til Tryggingastofnunar eigi síðar en fjórum vikum fyrir brottför af landinu.

Heimilt er að ákveða að einstaklingur sem uppfyllti skilyrði 3. mgr. 1. janúar 1994 eða síðar sé tryggður hér á landi. Umsókn um staðfestingu á tryggingu aftur í tímann skv. þessari heimild skal hafa borist til Tryggingastofnunar eigi síðar en 1. júlí árið 2000.

Þegar einstaklingur er sendur til starfa í löndum sem samningar hafa verið gerðir við um almannatryggingar, gilda ákvæði þeirra samninga eftir því sem við á.

Ákvæði um sérstök tilvik.

Starfsmenn sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa.

12. gr.

Íslenskir ríkisborgarar sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofu og taka laun úr ríkissjóði eru tryggðir hér á landi.

Heimilt er að hafa skráningu óbreytta í allt að sex mánuði eftir að störfum lýkur. Snúi viðkomandi ekki aftur til Íslands innan þess tíma fellur rétturinn til að vera skráður niður.

Sama gildir um maka og börn er með þeim dveljast, enda öðlist þeir ekki sjálfstæð réttindi í viðkomandi landi.

Íslenskir ríkisborgarar sem ráðnir eru til starfa við sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofu eða í þjónustu sendierindreka án þess þó að vera sendir til starfa á vegum ríkisins eru ekki tryggðir nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. þó 11. gr. Heimilt er að

ákveða að þessir aðilar séu tryggðir ef um það er sótt, utanríkisráðuneytið mæli með því, að um sé að ræða starf sem teljist mikilvægt hagsmunum Íslands erlendis og að þeir geti ekki notið trygginga í gistiríkinu.

13. gr.

Sendierindrekar erlendra ríkja á Íslandi eru ekki tryggðir hjá almannatryggingum.

Sama gildir um maka þeirra og börn sem ekki hafa íslenskt ríkisfang og dveljast hér á landi með þeim, enda öðlist þeir ekki sjálfstæð réttindi á grundvelli atvinnu hér á landi.

Einkaþjónustumenn sem eru erlendir ríkisborgarar er starfa eingöngu í þjónustu sendierindreka og hafa ekki fasta búsetu hér á landi eru ekki tryggðir, enda njóti þeir almannatrygginga í sendiríkinu.

Njóti þessir einstaklingar réttinda hér á landi samkvæmt milliríkjasamningum skal skrá upplýsingarnar í tryggingaskrá, sbr. framlögð vottorð, og gefa út viðeigandi skírteini.

Starfsmenn alþjóðastofnana.

14. gr.

Íslenskir ríkisborgarar sem starfa erlendis hjá alþjóðastofnunum og launaðir eru af þeim teljast ekki tryggðir. Heimilt er að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur teljist tryggður á Íslandi þegar um er að ræða stofnun sem Ísland er aðili að og starfið telst þjóna hagsmunum Íslands erlendis. Skilyrði er að viðkomandi hafi verið tryggður á Íslandi við upphaf starfs og geti ekki notið trygginga á vegum starfs síns eða vinnuveitanda.

Starfsmenn alþjóðastofnana á Íslandi sem búsettir eru hér á landi vegna starfsins eiga rétt á að vera skráðir sem tryggðir að fullnægðum öðrum skilyrðum, enda séu þeir ekki tryggðir í heimalandi sínu.

Námsmenn.

15. gr.

Sá sem er búsettur og tryggður hér á landi og dvelst erlendis við nám er áfram tryggður meðan á námi stendur enda sé hann ekki tryggður í almannatryggingum námslandsins. Sama gildir um aðstandendur hans sem með honum dveljast.

Með námsmanni í þessari reglugerð er átt við einstakling, annan en launþega eða sjálfstætt starfandi einstakling, sem er við nám eða starfsþjálfun er lýkur með útgáfu vottorðs um menntun sem viðurkennt er af yfirvöldum.

Heimilt er að veita námsmönnum og fjölskyldum þeirra sömu aðstoð og sjúkratryggðir einstaklingar á Íslandi njóta meðan á tímabundinni dvöl hér á landi stendur á námstímanum.

Heimilt er að hafa skráningu óbreytta í allt að sex mánuði eftir að námi lýkur. Snúi námsmaður ekki aftur til Íslands innan þess tíma fellur réttur til að vera skráður niður.

16. gr.

Erlendir námsmenn sem búsettir eru hér á landi vegna námsins eiga rétt á að vera skráðir sem tryggðir, að fullnægðum öðrum skilyrðum, enda séu þeir ekki tryggðir í heimalandi sínu.

Lífeyrisþegar.

17. gr.

Lífeyrisþegar sem taka upp búsetu innan Evrópska efnahagssvæðisins eiga rétt á að halda skráningu sinni sem tryggðir hjá almannatryggingum. Um réttindi þeirra í búsetulandinu fer eftir reglum þess lands.

Flóttamenn.

18. gr.

Einstaklingar sem íslenska ríkisstjórnin hefur veitt hæli sem flóttamönnum skulu teljast tryggðir í íslenskum almannatryggingum frá komudegi við framlagningu gagna frá Útlendingaeftirlitinu eða Hagstofu Íslands.

Liðsmenn Bandaríkjanna.

19. gr.

Liðsmenn Bandaríkjanna sbr. l. nr. 110/1951 eru ekki tryggðir. Sama gildir um skyldulið þeirra sem dvelst með þeim hér á landi og hefur ekki íslenskt ríkisfang.

Fái skyldulið, sbr. 2. ml., tímabundið atvinnuleyfi hér á landi getur það notið vinnuslysatrygginga skv. almannatryggingalögum.

Maki og börn liðsmanna Bandaríkjahers sem hafa íslenskt ríkisfang og eru búsett hér á landi teljast tryggð hjá almannatryggingum.

Njóti þessir aðilar réttinda hér á landi samkvæmt samningum um almannatryggingar við önnur ríki skal skrá upplýsingarnar í tryggingaskrá, sbr. framlögð vottorð, og gefa út viðeigandi skírteini.

Sameiginleg ákvæði.

20. gr.

Tryggingastofnun ákvarðar hvort einstaklingur telst tryggður samkvæmt almannatryggingalögum og reglugerð þessari. Ef um er að ræða íþyngjandi ákvörðun skal tilkynna einstaklingi um hana skriflega með rökstuðningi.

21. gr.

Ákvörðun um tryggingaréttindi og skráningu samkvæmt þessari reglugerð má skjóta til úrskurðarnefndar almannatrygginga.

22. gr.

Eigi einstaklingur rétt á bótum samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi skal draga þær frá nema annað leiði af milliríkjasamningum.

23. gr.

Við framkvæmd reglugerðar þessarar skal taka mið af ákvæðum milliríkjasamninga þ.m.t. reglum um lagaval.

24. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 66. gr., 9. gr. d, 10. gr., 32. gr. og 54. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1999.

Við samningu reglugerðar þessarar var höfð hliðsjón af reglugerðum Evrópusambandsins nr. 1408/71 og nr. 574/72 um almannatryggingar sem öðluðust gildi hér á landi 1. janúar 1994, öðrum samningum sem Ísland hefur gert við önnur ríki um almannatryggingar og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Við gildistöku reglugerðarinnar falla úr gildi reglugerðir nr. 261/1995, nr. 482/1996 og nr. 454/1998. Ennfremur falla ákvæði 6. - 7. gr. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 655/1994 úr gildi frá sama tíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. júní 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 510, 24. ágúst 1998, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

Á reglugerðinni verði eftirfarandi breytingar:

A. Í stað: „ráðuneytisins“ í 1. málslið 1. gr. komi: Fiskistofu.

B. Í stað: „ráðuneytið“ í 1. málslið 3. gr. komi: Fiskistofa.

C. Í stað: „sjávarútvegsráðuneytinu“ í 1. mgr. 7. gr. komi: Fiskistofu.

D. 2. mgr. 7. gr. falli niður.

E. Í stað: „ráðuneytisins“ í 2. mgr. 9. gr. komi: Fiskistofu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 1999

30. júní 1999 1503 Nr. 465

AUGLÝSING

um (5.) breytingu á auglýsingu nr. 745/1998 um skrá yfir ríki, svæði og starfstöðvar, sem innflutningur sjávarafurða og annarra afurða sem falla undir reglugerð um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, er heimill frá.

Flokkur I-I

Á lista yfir starfstöðvar í **Argentínu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
6-2935	Fukuju Maru 17 (Alpesca S.A.)			FV
2300	Floridablanca S.A.	SAN JULIAN STA. CRUZ		PP
2646	Coomarpes III	MAR DEL PLATA BUENOS AIRES		PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Ástralíu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
961	Barasam Pty Ltd (Coastal Seafoods)	BELMONT VICTORIA		PP
1441	Voltaire (Moreton Bay Seafoods Pty Ltd)	SCARBOROUGH QUEENSLAND		FV
1681	Candice K (A Lukin Nominees Pty Ltd)	PORT LINCOLN SOUTH AUSTRALIA		FV
1712	Santa Anna II (Wellmet Pty Ltd)	PORT LINCOLN SOUTH AUSTRALIA		FV
1796	JODEE (John Lawrence Wilson)	INNISFAIL QUEENSLAND		FV
1812	Angelina (Corydon Pty Ltd)	PORT LINCOLN SOUTH AUSTRALIA		FV
1854	Consolidated Transport Group Pty Ltd, (Coldline Systems)	MORNINGSIDE QUEENSLAND		PP
1876	San Antone Fishing Co Pty Ltd	WARANA QUEENSLAND		PP
1992	Pacific Shoji Pty Ltd	SOUTH MELBOURNE VICTORIA		PP
2392	Roslyn Ann (PQ Nominees Pty Ltd, Western Kings)	PORT LINCOLN SOUTH AUSTRALIA		FV
2537	Meteha - S (CG Simms Nominees Pty Ltd)	PORT PIRIE SOUTH AUSTRALIA		FV
2946	Vision International Forwarding Pty Ltd	BRISBANE AIRPORT QUEENSLAND		PP
3014	Crusader (Richard Owen & Ellen Lysons)	INNISFAIL QUEENSLAND		FV
3047	Evie Kay (Frank George & Evelyn Phyllis Bradley)	BRISBANE QUEENSLAND		FV
3050	Karool (Graham Stephen & Fay Elizabeth Holt)	LUCINDA QUEENSLAND		FV
3312	Conquest (Wayne Maurice & Annette McKeown)	INNISFAIL QUEENSLAND		FV
3375	NKR Trading Company Pty Ltd	ANNERLEY QUEENSLAND		PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
3435	K & C FISHERIES PTY LTD, (K & C Fisheries)	SALE VICTORIA		PP
3446	Felix The Cat (Armfish Investments Pty Ltd)	TOWNSVILLE QUEENSLAND		FV
3453	Australian Deep Water Seafoods Pty Ltd	COFFS HARBOUR NEW SOUTH WALES		PP
3498	Processor I (Tobari Pty Ltd, Hervey Bay Fisheries)	GLADSTONE QUEENSLAND		FV
3513	Angels Fine Foods Pty Ltd	MORNINGTON VICTORIA		PP
3515	STEPHEN ROSS & MELDA LORRAINE DANIELS, (Did YA Bring A Beer Fish Processors)	ESPERANCE WESTERN AUSTRALIA		PP
3565	Jadran (Vrama Fisheries Pty Ltd)	PORT ADELAIDE SOUTH AUSTRALIA		FV
4173	NW Bay Seafood Supplies Pty Ltd	ELECTRONA TASMANIA		PP
4191	Bonnyrigg Holdings Pty Ltd	MITTAGONG NEW SOUTH WALES		PP
4208	Krystal-J (Sowten's Fishing Pty Ltd)	GLADSTONE QUEENSLAND		FV
4227	Alexander J (Clifford Hennessey)	LUCINDA QUEENSLAND		FV
5470	Silla (Geoffrey Alfred Rose)	TOWNSVILLE QUEENSLAND		FV
5723	Gregory Brian & Sandra Dianne Edwards (Torres Straits Seafood)	THURSDAY ISLAND QUEENSLAND		PP
6126	Stanley Brown (Geoffrey & Cynthia Ashton)	INNISFAIL QUEENSLAND		FV
6362	Gnaraloo (Fenn Fishing Co Pty Ltd)	CAIRNS QUEENSLAND		FV

Af lista yfir starfstöðvar í **Ástralíu** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
1092	CRYSTAL LADY (CAYSAND NO 7 PTY LTD)	FREMANTLE WESTERN AUSTRALIA		FV
1105	WARGARDO (DUNG NGUEN)	BRISBANE QUEENSLAND		FV
1213	NINO (CECIL WILLIAM & MARGARET EDITH KING)	MOOLOOLABA		FV
1263	AUSTPAN PACIFIC PTY LTD	PORTSMITH QUEENSLAND		PP
2534	MALLANA (SAU VAN LE)	HEMMANT QUEENSLAND		FV
2795	RODESSA (KARIUS PTY LTD)	GLADSTONE		FV
2986	TOP CLASS SEAFOOD PTY LTD	KANGAROO ISLAND SOUTH AUSTRALIA		PP
3347	ANNA PEARL (A RAPTIS & SONS PTY LTD, RAPTIS PACIFIC SEAFOODS	DARWIN NORTHERN TERRITORY		FV
3512	MG KAILIS EXPORTS PTY LTD (INDEPENDENT MINI COLDSTORES)	CAIRNS QUEENSLAND		PP
3555	AMANDA (LANCE JOSEPH & SUSAN GAYLE O 'CONNELL)	BUNDABERG QUEENSLAND		FV
3683	ANDRESEN FISHERIES PTY LTD	PORT LINCOLN SOUTH AUSTRALIA		PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Ekvador** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
471	Fischcorp S.A.	MANTA MANABI		PP
527	Costasur S.A.	GUAYAQUIL GUAYAS		PP
554	Navipex Ecuador S.A.	GUAYAQUIL GUAYAS		PP

Á lista yfir starfstöðvar á **Falklandseyjum** bætist eftirtalin starfstöð:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
1017	Pardelhas	STANLEY		FV

Á lista yfir starfstöðvar í **Færeyjum** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
110	Jomar	NOROSKALI		PP
204	West Freezer	MIOVÁGUR		ZV
211	Sjúrðarberg	KLAKSVÍK		FV

Af lista yfir starfstöðvar í **Færeyjum** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
156	Nordic Seafood	RUNAVIK		PP
196	Saturn	VAGUR		PP
263	Polarlaks	STRENDUR		ZV
266	Túgvusteinur	HOSVIK		ZV

Breyting verður á nöfnum eftirtalinna starfstöðva í **Færeyjum:**

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
130	Norðis Seafood	EIOI		PP
155	Ísbjornin	TÓRSHAVN		PP
212	Golden Eagle	KLAKSVÍK		ZV

Á lista yfir starfstöðvar í **Ghana** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
GS/SF/E030	Ghako 101 (Ghako Fisheries)	TEMA		ZV
GS/SF/E031	M V Joe „B" (TTV Ltd.)	TEMA		ZV
GS/SF/E032	Gbese 6 (TTV Ltd.)	TEMA		ZV
GS/SF/E033	Afko 313 (Afko Fisheries Co. Ltd.)	TEMA		ZV
GS/SF/E034	Afko 203 (Afko Fisheries Co. Ltd.)	TEMA		ZV
GS/SF/E035	Laguna 1 (Laguna Fisheries Ltd.)	TEMA		ZV
GS/SF/E036	Azelga 12 (Dashi-Ment Fishing Co.)	TEMA		ZV
GS/SF/E037	Gure Campolibre (Greenwich Tuna Fishing Ltd.)	TEMA		ZV
GS/SF/E038	MV Drago (Ocean Flower Fisheries Co. Ltd.)	TEMA		ZV

Á lista yfir starfstöðvar í **Indlandi** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
143	Sawant Food Products Ltd.	THANE (W) MAHARASHTRA		PP
206	Veraval Marine & Chemicals Pvt. Ltd.	VERAVAL GUJARAT		PP
231	Panbros Impex Pvt. Ltd.	TALUKA - TALALA GUJARAT		PP
370	Aditya Udyog	CUTTACK ORISSA		PP
605	Koluthara Exports Limited	ALLEPPEY KERALA		PP
644	Premier Exports International	ALLEPPEY KERALA		PP
665	Gold Farm Foods Pvt. Ltd.	COCHIN KERALA		PP
669	Baby Marine International	COCHIN KERALA		PP
704	Abad Fisheries (Unit VI)	COCHIN KERALA		PP
715	Frontline Exports Pvt. Ltd.	ALLEPPEY KERALA		PP
728	Seafresh Exports Ltd.	ALLEPPEY KERALA		PP
927	DCL Maritech Ltd.	NELLORE ANDHRA PRADESH		PP
988	M.F.V. Nekkanti-II	VISAKHAPATNAM ANDHRA PRADESH		ZV

Á lista yfir starfstöðvar í **Kanada** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
0604	All Temp Foods Ltd	LEAMINGTON ONTARIO		PP
1336	Port Point Fisheries Limited	GUNNING COVE NOVA SCOTIA		PP
1926	Grand Hale Marine Products Co. Ltd	RICHMOND BRITISH COLUMBIA		PP
2394	P.E.I. Mussel King Inc.	MORELL PRINCE EDWARD ISLAND		PP
3055	A & R Fisheries Limited	CAPE SABLE ISLAND NOVA SCOTIA		PP
3345	Paul Myra Smoked Fish Products	FARMVILLE NOVA SCOTIA		PP
3350	Aegir Shellfish	BELLIVEAUS COVE NOVA SCOTIA		PP
3704	Twin Seafood Limited	NORTH EAST POINT NOVA SCOTIA		PP
LL3219	W. Sears Seafoods Ltd	SHAG HARBOUR NOVA SCOTIA		PP
LL34007	Tara Nova Seafoods Inc.	YARMOUTH NOVA SCOTIA		PP

Af lista yfir starfstöðvar í **Kanada** falla eftitaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
3276	True North Salmon Co. Ltd	WELSHPOOL NEW BRUNSWICK		PP
LL 3011	Clear Water Ltd. Partnership	ARICHAT NOVA SCOTIA		PP

Í stað lista yfir starfstöðvar í **Kólumbíu** kemur nýr listi:

Kólumbía

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
0001-91	Frigorífico Ganadero Frigogan S.A.	BARRANQUILLA		PP
0011-94	Piscifactoría El Diviso Ltda.	POPAYÁN		PP
0013-91	Industria de Pesca sobre el Pacífico Inpesca S.A.	BUENAVENTURA		PP
0017-91	C.I. Vikingos de Colombia S.A.	CARTAGENA		PP
0019-91	Frigopesca - C.I. Vikingos de Colombia S.A.	CARTAGENA		PP
0023-91	C.I. Océanos S.A.	CARTAGENA		PP
0023-92	Seatech Internacional	CARTAGENA		PP
0024-91	C.I. Coapesca Ltda.	CARTAGENA		PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
0030-93	Cartagena Shrimp Co. Ltda.	CARTAGENA		PP
0040-91	C.I. Antillana S.A.	CARTAGENA		PP
0050-94	Investigaciones y Desarrollos del Pacífico Idelpacífico	TUMACO		PP
0061-95	Sociedad Pescados Frescos de Colombia Pezfresco S.A.	PEREIRA		PP
0071-92	Agropesquera Industrial Bahía Cupica Ltda.	BUENAVENTURA		PP
0190-94	Atunes y Enlatados del Caribe Atunec S.A.	BARRANQUILLA		PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Malasíu** bætist eftirtalin starfstöð:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
49	Sin Pak Bce Seafood Manufacturing Sdn. Bhd.	ULU TIRAM JOHOR		PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Máritaníu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
02.022	Ahmada Ould Dahi	NOUADHIBOU		PP
7049-N	M/V Helios	NOUADHIBOU		FV

Á lista yfir starfstöðvar á **Nýja-Sjálandi** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
L63635	Alexander Buryachenko			FV
PH 415	South Pacific (Wellington)Limited	WELLINGTON WELLINGTON		PP
PH 503	San Aotek II			FV
PH 506	Janas			FV
S 201	Polarcold Stores Ltd			PP

Af lista yfir starfstöðvar á **Nýja-Sjálandi** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
S 120	Trade Air Ocean Limited			PP
S 125	Caroline Rd Coldstore			PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Perú** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
P071-MIG-SRFI	Servicios Frigoríficos S.A.	SAN MIGUEL		PP
P072-PAI-SKPR	Sakana de Peru S.A.	PAITA		PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Suður-Kóreu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
KORF-077	103 Kumwoong (Kumwoong Fisheries Co., Ltd)	CHUNG-GU PUSAN-SI		FV
KORF-078	Golden Lake-801 (Goldenlake Co., Ltd)	CHUNG-GU PUSAN-SI		FV
KORF-079	No. 8 Daejin (Daerim Corporation)	SEOCHO-GU SEOUL-SI		FV
KORF-080	Osito 87 (Dukwoo Fisheries Co., Ltd)	SEOCHO-GU SEOUL-SI		FV
KORF-082	Sonrisa (Dongyang Fisheries Co., Ltd)	YOUNGDO-GU PUSAN-SI		FV
KORF-083	Nine Star (Seokyung Corporation)	CHUNG-GU PUSAN-SI		FV
KORF-084	Toyo 8 (Aroma Co., Ltd)	CHUNG-GU PUSAN-SI		FV
KORF-085	Koras-8 (Jaiwon Industrial Co., Ltd)	JONGRO-GU SEOUL-SI		FV
KORF-086	Bellesol-2 (Poonglim Fisheries Co., Ltd)	CHUNG-GU PUSAN-SI		FV
KORP-081	Yangpo Foods Co. , Ltd	POHANG-CITY KYUNGSANGBUK-DO		PP

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júní 1999.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Guðrún M. Eysteinsdóttir.

AUGLÝSING

um (4.) breytingu á auglýsingu nr. 32/1999 um ríki, svæði og starfstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem innflutningur á lifandi samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum er heimill frá.

Eftirfarandi breytingar verða á **Flokki I-I:**
Í stað lista yfir starfstöðvar í Ástralíu kemur nýr listi:

Ástralía

Framleiðslusvæði

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
	American River	SOUTH AUSTRALIA	
	Apollo / Roberts / Sykes	TASMANIA	
	Big Bay	TASMANIA	
	Birchs Bay	TASMANIA	
	Blackman Bay	TASMANIA	
	Cockburn Sound	WESTERN AUSTRALIA	
	Deep Bay	TASMANIA	
	Denial Bay (AKA Murat Bay)	SOUTH AUSTRALIA	
	Duck Bay	TASMANIA	
	Dunalley Bay	TASMANIA	
	Eaglehawk Bay	TASMANIA	
	Eastern Cove	SOUTH AUSTRALIA	
	Fleurty's Point	TASMANIA	
	Franklin Harbour	SOUTH AUSTRALIA	
	Garden Island	TASMANIA	
	Garfish Bay / Dart Island	TASMANIA	
	Great Bay	TASMANIA	
	Great Oyster Bay	TASMANIA	
	Great Swanport	TASMANIA	

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
	Hastings Bay	TASMANIA	
	Huon Bay	TASMANIA	
	Kellidie Bay	SOUTH AUSTRALIA	
	King George Sound	WESTERN AUSTRALIA	
	Little Norfolk Bay	TASMANIA	
	Little Swanport	TASMANIA	
	Little Taylors / Satellite	TASMANIA	
	Long Bay Reef	TASMANIA	
	Mercury Passage	TASMANIA	
	Moreton Island	QUEENSLAND	
	Moulting Bay	TASMANIA	
	Mt Dutton Bay	SOUTH AUSTRALIA	
	North West Bay	TASMANIA	
	Oyster Harbour	WESTERN AUSTRALIA	
	Pipeclay Lagoon	TASMANIA	
	Pittwater	TASMANIA	
	Port Esperance	TASMANIA	
	Port Sorell	TASMANIA	
	Recherche Bay	TASMANIA	
	Simpsons Bay	TASMANIA	
	Smoky Bay	SOUTH AUSTRALIA	
	Streaky Bay	SOUTH AUSTRALIA	
	Western Cove	SOUTH AUSTRALIA	

Í stað lista yfir starfstöðvar í Chíle kemur nýr listi:

Chíle

Framleiðslusvæði

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
01001	ARICA		ZC
02001	CALETA ERRAZURIZ		ZA
03002	BAHÍA FLAMENCO		ZA
03003	BAHÍA INGLESA		ZA
03004	CARRIZAL BAJO		ZA
04101	BAHÍA COQUIMBO		ZB
04102	BAHÍA GUANAQUEROS		ZA
04103	BAHÍA TONGOY		ZA
05001	CALETA HORCÓN		ZA
08101	TUBUL		ZB
10101	CALBUCO		ZB
10102	MAULLÍN		ZB
10103	CARELMAPU		ZB
10201	ANCUD		ZB
10203	DALCAHUE		ZB
10204	CALETA RILÁN		ZA
10205	ISLA QUEHUI		ZA
10206	PUNTA PULLAO		ZA
10207	CHEQUIAN		ZA
10208	MATAO		ZA
10209	QUEILEN		ZB
10213	GOLFO DEL CORCOVADO		ZB
10214	QUELLÓN		ZC
10216	ISLAS GUAPIQUILÁN		ZB
10217	COMPU		ZB
10218	CURANUE		ZB
10219	QUETALCO		ZB
10220	VILUPULLI		ZB
10221	TEUPA		ZB

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
10222	YALDAD		ZB
10223	LOS PALQUI		ZB
10224	Estero Chauquear Isla Puluqui		ZB
10225	Los Molinos - Niebla		ZB
10301	VALDIVIA		ZB
11001	ISLA GUAFO		ZA
12001	PASO PICTON		ZB

Í stað lista yfir starfstöðvar í Marokkó kemur nýr listi:

Marokkó

Framleiðslusvæði

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
01-10-065	Najmat Allah	NADOR	PP
01-10-066	Marost	NADOR	PP
01-10-108	Pescam	NADOR	PP
01-10-124	Société Petit Mer	NADOR	PP
01-10-184	Arabian Fish	NADOR	PP
01-10-216	El Hammouti Khalid	NADOR	PP
03-10-080	Somecop	TETOUAN	PP
04-10-079	Société Damjiguend SA	TANGER	PP
06-10-359	Mollusques du Maroc	MOULAY BOUSSELHAM	PP
09-10-112	Sea Products	SIDI MOUSSA	PP
09-10-113	Société „Les Huîtres OSTREA“	OUALIDIA	PP
09-10-153	Transis Afrique Traders (TAT)	OUALIDIA	PP
09-10-204	Perle d'Atlantique	OUALIDIA	PP
13-10-205	PCS MAGHREB	SIDI IFNI	PP
16-10-179	Sté Hispano Marroqui	DAKHLA	PP
16-10-348	C.C.I.D.	DAKHLA	PP
16-10-355	Coquillages Dakhla	DAKHLA	PP
16-10-500	Export Sur BD Mohamed V	DAKHLA	PP

Í stað lista yfir starfstöðvar í Suður-Kóreu kemur nýr listi:

Suður-Kórea

Framleiðslusvæði

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
1	Hansando Kojeman		
2	Charanman Saryangdo		
3	Mirukto		
4	Kamakman		
5	Narodo	CHULLANAM-DO	
6	Changseon	KYUNGSANGNAM-DO	

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júní 1999.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Guðrún M. Eysteinsdóttir.

Nr. 467 28. júní 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglunnar nr. 528 18. ágúst 1997, sbr. reglugerðir nr. 716 23. desember 1997 og 603 23. september 1998.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. kafla reglugerðarinnar:

a. Töluliður 1.7 orðast svo:
1.7 Flísfatnaður skal vera úr svörtu flísefni, polartec 200 eða sambærilegu efni. Peysa með tveimur hliðarvösum, rennilás að framan sem lokast upp í háls, svartri styrkingu á öxlum og axlasprotum sem á eru dregnir smeygar með stöðueinkennum. Hægra megin að framan er nafnið LÖGREGLAN sams konar og á skyrtum og vinstra megin lögreglunúmer. Lögreglumerki á báðum ermum, 7 sm neðan við axlasaum. Á peysunni eru hvorki einkennisborðar á ermum né endurskinsborðar. Buxur skulu vera úr sama efni og peysan.

b. Töluliður 1.9 orðast svo:
1.9 Buxur 2 skulu vera úr svörtu, slitsterku efni, þær eru síðar, án uppbrota, með sjö vösum, þar af tveimur vösum á buxnaskálmun 6-7 sm neðan við hliðarvasa og vasa fyrir kylfu innan á hliðarvasa öðru hvoru megin. Við buxur 2 skal nota svart belti með einfaldri sylgju eða innra belti tækjabeltis.

c. Töluliður 1.15 orðast svo:
1.15 Einkennisbúningur 3: Svört síð úlpa og svartar buxur, undir þann fatnað er notaður flísklæðnaður þegar það hentar. Á úlpunni eru axlasprotar sem á eru dregnir smeygar með stöðueinkennum. Lögreglumerki eru á báðum ermum og stöðueinkenni

á ermum þar sem það á við. Á baki og hægra megin á brjósti er orðið LÖGREGLAN með endurskinsstöfum, lögreglunúmer á vinstra brjóstvasaloki, fölblá skyrta, svart bindi, svartir skór, svartur strokkur, svartir hanskar. Svört kuldahúfa (húfa 3) með lögreglumerki úr málmi eða húfa 2.

d. Töluliður 1.17 orðast svo:

1.17 Samsetning einkennisbúninga: Ekki er heimilt að nota hluta einkennisbúninga 2 eða 3 með einkennisbúningi 1 en heimilt er að nota buxur 1 með fölblárri skyrtu við einkennisjakka 2 og 3 og húfu 1 þar sem það er sérstaklega heimilað í reglugerð þessari. Heimilt er að nota saman hluta einkennisfatnaðar 2 og 3, svo sem buxur 2 er heimilt að nota með jakka 3 og flísfatnað með einkennisbúningi 2. Húfu 2 er heimilt að nota með einkennisjakka 3. Flísfatnað er heimilt að nota með einkennisbúningum og samfestingi. Endurskinsvesti er notað utan um einkennisfatnað eða við sérstakar lögregluaðgerðir með húfu 2 án einkennisfatnaðar. Regnfrakki er eingöngu notaður með einkennisbúningi 1.

2. gr.

Töluliður 3.5 orðast svo:

3.5 Belti skal vera svart.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. kafla reglugerðarinnar:

a. Töluliður 5.6 orðast svo:

5.6 Endurskinsvesti skal vera úr neongulu polyester efni með svörtum bryddingum úr sama efni. Endurskin vestisins skal a.m.k. uppfylla CE staðal EN 471. Framan á vestið skal áprentað með svörtu letri orðið LÖGREGLAN, stafagerð Arial, hæð leturs 2,5 sm. Á baki vestisins skal áprentað orðið LÖGREGLAN og þar fyrir neðan POLICE með Arial letri 4-5 sm á hæð. Heimilt er að hafa sömu merkingar að framan og á baki.

Vestið skal að jafnaði nota þegar skuggsýnt er og slæmt skyggni og/eða við sérstakar lögregluaðgerðir, þ.á.m. með vísun til 1. málsliðar töluliðar 6.5.

b. Töluliður 5.10 orðast svo:

5.10 Annar fatnaður. Til afnota fyrir lögreglumenn við sérstakar aðstæður getur lögreglustjóri látið þeim í té eftir þörfum; öryggishjálma, sloppa, samfestinga, rúllukragapeysur, vinnuvettlinga, öryggisgleraugu og gúmmístígvél.

Við sérstök störf er lögreglumönnum heimilt að klæðast bláum samfestingi með lögreglumerkjum á báðum ermum, endurskinsborða á ermum og skálmum og orðið Lögreglan á baki. Sprotar skulu vera á samfestingi sem á eru dregnir smeygar með stöðueinkennum en önnur stöðueinkenni eða lögreglumerki eru ekki á samfestingi.

c. Töluliður 5.12. orðast svo:

5.12 Kylfa og úðavopn. Allir lögreglumenn, sem til þess hafa hlotið þjálfun, skulu að jafnaði bera á sér kylfu og úðavopn við störf. Þeir lögreglumenn sem að jafnaði starfa innan lögreglustöðvar skulu bera slík vopn í samræmi við eðli þeirra verkefna sem þeir sinna á hverjum tíma. Óheimilt er að nota kylfur og úðavopn af annarri gerð en þeirri sem ríkislögreglustjóri hefur samþykkt.

d. Töluliður 5.13 orðast svo:

5.13 Handjárn. Allir lögreglumenn skulu að jafnaði bera á sér handjárn við störf. Þeir lögreglumenn sem að jafnaði starfa innan lögreglustöðvar skulu bera handjárn í samræmi við eðli þeirra verkefna sem þeir sinna á hverjum tíma. Óheimilt er að nota aðra gerð handjárna en þá sem ríkislögreglustjóri hefur samþykkt.

e. Töluliður 5.16 orðast svo:
5.16 Notkun tækjabeltis. Tækjabelti með tilheyrandi búnaði er notað með einkennisfatnaði 2, 3 og samfestingi þegar það á við, en ekki með einkennisfatnaði 1. Lögreglumenn skulu að jafnaði nota tækjabelti, en við störf innan lögreglustöðvar er tækjabelti notað í samræmi við eðli verkefna hverju sinni. Heimilt er að nota tækjabelti utan um jakka 3 og samfestinga.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. kafla reglugerðarinnar:

a. Töluliður 6.1 orðast svo:
6.1 Klæðnaður almennt. Lögreglumenn skulu klæðast einkennisbúningi 2 eða 3 og nota einkennishúfu 2 eða 3 við dagleg störf, samkvæmt reglugerð þessari. Með einkennisbúningi 2 og 3 skal alltaf nota fölblåa einkennisskyrtu , sbr. tölulið 1.6.

Lögreglumönnum er heimilt að vera án einkennisjakka, í heil- eða hálferma einkennisskyrtum og án einkennishúfu við störf innan lögreglustöðvar og í lögreglubifreiðum. Heimilt er að vera án einkennisjakka við störf utandyra á góðviðrisdögum.

Ríkislögreglustjóri getur sett reglur um samræmi klæðaburðar.

b. Töluliður 6.2 orðast svo:
6.2 Snyrtilegur klæðnaður. Lögreglan skal ætíð vera snyrtileg í klæðaburði við störf. Einkennisfatnaði skal halda vel við og hann skal vera hreinn. Lögreglustjórar og aðrir yfirmenn lögregluliða sjá um að klæðnaður lögreglunnar sé í samræmi við reglugerð þessa.

c. Töluliður 6.4 orðast svo:
6.4 Klæðaburður ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, lögreglustjóra í Reykjavík, varalögreglustjóra í Reykjavík og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins.

Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjóri í Reykjavík, varalögreglustjóri í Reykjavík og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins skulu klæðast einkennisbúningi samkvæmt reglugerð þessari við dagleg störf.

Ríkislögreglustjóri getur heimilað ofangreindum embættismönnum að vera óeinkennisklæddir við störf í sérstökum tilvikum.

Öðrum lögreglustjórum en þeim sem taldir eru upp í 1. mgr. og staðgenglum þeirra er ekki skylt að klæðast einkennisbúningi við dagleg störf en þeir skulu klæðast einkennisbúningi samkvæmt reglugerð þessari við störf sem sérstaklega lúta að lögreglustjórn, við opinber eða hátíðleg tækifæri, sérstakar móttökur o.þ.h.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. kafla reglugerðarinnar:

a. Töluliður 8.6 orðast svo:
8.6 Armmerki skal vera hringlaga úr svörtu klæði, 8,2 sm í þvermál. Lögreglumerki, skv. lýsingu í 8.1, skal ísaumað í miðju armmerkis með gylltum þræði. Yst á armmerkinu, allan hringinn, skal vera ísaumuð gyllt rönd 2 mm á breidd og önnur eins rönd, 1 sm innar, utan við horn lögreglumerkis. Efst á merkinu, á milli hringjanna, skal vera ísaumað með gylltum þræði LÖGREGLAN, leturgerð Arial, eða sambærilegt, stafahæð 8 mm.

Armmerki sem notað er á einkennisbúninga við alþjóðleg lögreglustörf, sbr. 8.8, má hafa orðið POLICE milli hringjanna í stað orðsins LÖGREGLAN.

Lögreglumerki í húfu 2 er sams konar og innri hringur armmerkis með ísaumuðu lögreglumerki.

b. Töluliður 8.8 orðast svo:
8.8 Merki Sameinuðu þjóðanna. Íslenskum lögreglumönnum sem starfa í alþjóðlegum lögreglusveitum Sameinuðu þjóðanna er heimilt að nota einkennisbúninga lögreglunnar samkvæmt reglugerð þessari. Heimilt er að merkja slíka einkennisbúninga með merkjum Sameinuðu þjóðanna og nota með sérstökum einkennisfatnaði og húfum Sameinuðu þjóðanna.

Á báðum ermum einkennisjakka 1, 2, 3 og flíspeysu skal vera landsmerki 10 x 2 sm, hvítir stafir á bláum grunni ICELANDIC POLICE. Undir því merki á hægri ermi skal koma merki Sameinuðu þjóðanna og þar undir armmerki lögreglunnar, sbr. 8.6. Á vinstri ermi undir landsmerki skal koma láréttur íslenski fáninn í stærð 4 x 5,5 sm en þar undir armmerki lögreglunnar, sbr. 8.6.

Á baki jakka 2 og 3 skal vera orðið POLICE, hæð stafa 10 sm og leturgerð Arial og hægra megin yfir brjóstvasa að framan í endurskinsborðanum.

Ríkislögreglustjóri getur sett nánari reglur um merkingar og einkennisfatnað sem notaður er í alþjóðlegu lögreglusamstarfi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. kafla reglugerðarinnar:

a. Töluliður 10.1 orðast svo:
10.1 Axlasprotar. Stöðueinkenni úr málmi skulu vera á axlasprotum á jakka 1 og staðsett milli 10 mm breiðra gylltra borða sem eru á jöðrum sprotanna. Sprotarnir skulu festir til endanna með lögregluhnöppum, minni gerð nær kraga en stærri gerð nær axlarbrún.

b. Töluliður 10.2 orðast svo:
10.2 Axlasmeygar. Á öðrum fatnaði en jakka 1 skal draga smeyga með stöðueinkennum á axlasprota. Stöðueinkenni á smeygum eru 3 eða 6 mm þverborðar nær axlabrún, saumaðir með gylltum þræði með 3 mm bili. Önnur stöðueinkenni eru ísaumuð með gylltum þræði, samskonar og á sprotum á jakka 1. Allir smeygar hafa 3 mm þverborða nær kraga.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. kafla reglugerðarinnar:

a. Töluliður 13.1 orðast svo:
13.1 Almennt. Þeir sem taldir eru upp í 11. kafla reglugerðarinnar skulu fá úthlutað einkennisfatnaði skv. þessari reglugerð. Við afgreiðslu einkennisfatnaðar lögreglu skal taka fullt tillit til þess að fatnaður henti báðum kynjum.

Öllum lögreglumönnum sem skipaðir eru til starfa skv. 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er skylt að eiga tiltækan einkennisfatnað 1, 2 og 3.

b. Töluliður 13.4 orðast svo:
13.4 Lögreglustjórar, varalögreglustjórar, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærður fulltrúi sem er staðgengill lögreglustjóra.

Lögreglustjórar, varalögreglustjórar, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins og löglærðir fulltrúar sem eru staðgenglar lögreglustjóra skulu fá einkennisfatnað samkvæmt reglugerð þessari, eftir því sem þurfa þykir, eftir ákvörðun ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. júní 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Björg Thorarensen.

Nr. 468 1. júlí 1999

SAMÞYKKT

um uppsetningu auglýsingaskilta á Hornafirði.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um uppsetningu skilta þar sem fram koma einhver neðantalinna atriða:

a) Heiti, starfsemi og afgreiðslutími stofnana og fyrirtækja.
b) Vara eða þjónusta sem boðin er af fyrirtækjum, einstaklingum eða stofnunum.
c) Auglýsingar um ýmis atriði svo sem varðandi einstaka viðburði, sölu húseigna, skipulag svæða og breytingar eða viðgerð á mannvirkjum.

Auglýsingar á fjölfölduðum veggspjöldum má einungis festa á skiltastanda eða þar til gerða auglýsingafleti sem leyfi er fyrir. Sá sem hagsmuni hefur af auglýsingu er ábyrgur fyrir því að taka hana niður og má burtu ummerki eftir hana.

2. gr.

Almenn atriði.

Öll skilti skulu sett upp innan lóðar nema staðsetning utan lóðar sé sérstaklega heimiluð af bæjarráði.

Gæta skal þess sérstaklega við gerð og uppsetningu skilta að vegfarendum stafi ekki hætta af þeim og að þau valdi ekki tjóni á öðrum eignum. Þannig skulu skilti sem standa við og yfir akbraut, akfæra stíga eða bílastæði vera a.m.k. í 4.20 m hæð yfir umferð og skilti sem standa við og yfir göngustíga og gangbrautir vera í a.m.k. 2.60 m hæð yfir umferð.

Við hönnun skilta skal taka mið af stærðarhlutföllum, formi og litum, sem hæfa umhverfinu. Skilti mega vera sjálflýsandi eða lýst upp með ljóskösturum en leyfi fyrir ljósa- eða flettiskiltum með breytilegum skilaboðum verða einungis veitt að teknu tilliti til umferðaröryggis og hagsmuna nágranna.

Ekki eru leyfð fleiri en eitt sjálfstætt skilti í þéttbýli á þeim hluta lóðar sem snýr að götu nema lóðin sé lengri en 200 m í stefnu samsíða götu.

3. gr.

Auglýsingaskilti utan þéttbýlis.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram, sbr. nánar 43. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisráðherra úrskurðar um vafaatriði varðandi skilti utan þéttbýlis.

Með þéttbýli er átt við þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 m.

4. gr.
Leyfisskylda.

Leyfi byggingarfulltrúa þarf fyrir uppsetningu skilta sem eru stærri en 1.0 m^2. Þó þarf og að sækja um leyfi fyrir smærri skiltum ef þau eru mjög áberandi eða um er að ræða ljósa- eða flettiskilti. Byggingarfulltrúi leitar álits Skipulagsstofnunar og Náttúruverndar ríkisins sé um að ræða skilti utan þéttbýlis, sbr. 3. gr.

5. gr.
Umsóknir um leyfi.

Umsóknir um leyfi fyrir uppsetningu skilta skulu vera skriflegar og berast byggingarfulltrúa ásamt nauðsynlegum gögnum, þ.m.t. afstöðu- og útlitsmyndir og greinargerð um frágang og festingar. Byggingarfulltrúi veitir leiðbeiningar um það hvaða gögn teljast nauðsynleg hverju sinni.

Fjarlægja skal skilti sem sett hefur verið upp án leyfis eða í bága við skilmála leyfis.

6. gr.
Gildistaka.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hornafjarðar staðfestist hér með samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Umhverfisráðuneytinu, 1. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

30. júní 1999 Nr. 469

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Djúpavogshreppur tekur að sér rekstur sorphreinsunar og sorpförgunar í sveitarfélaginu og ræður til þess verktaka. Sveitarfélagið annast útgáfu leiðbeiningarita um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun.

2. gr.

Eigendur alls húsnæðis, þar með talið atvinnuhúsnæði, sumarhús, stofnanir, mötuneyti, hótel, veitingastaðir o.þ.h., þar sem úrgangur fellur til, eru skyldugir til að fylgja ákvæðum samþykktar þessarar. Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarfélagið ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Til að auðvelt sé að losa sorpílát þarf aðgengi þeirra að vera mjög rúmt. Sorpílát skal staðsett við hús eða aðkomu að húsi sem næst götu. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsunarmenn allt árið. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpílátum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim.

3. gr.

Hvert heimili skal hafa eigið sorpílát og halda því hreinu og í góðu ástandi. Auk þess skulu fyrirtæki og stofnanir hafa a.m.k. eitt ílát undir neysluúrgang og skal það ílát tæmt af þeim aðila sem sér um sorphreinsun í sveitarfélaginu. Með neysluúrgangi og heimilisúrgangi er átt við allan úrgang sem fellur til á heimilum, í eldhúsum og á kaffistofum fyrirtækja og stofnana. Til heimilisúrgangs telst ekki úrgangur frá stærri mötuneytum og veitingarekstri. Garðaúrgangur og grófur úrgangur telst ekki vera heimilisúrgangur.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram á 14 daga fresti. Á stórhátíðum verða aukahreinsanir eftir því sem við verður komið og þörf er á. Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir samkvæmt samþykktum þessum, skal húsráðandi sjálfur á eigin kostnað losa í flokkunarstöð eða í gáma á fyrirfram ákveðnum stöðum.

5. gr.

Djúpavogshreppi er heimilt að leggja á sérstök sorphirðugjöld, þ.e. sorphreinsunargjald og sorpeyðingargjald, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sorphirðugjöld innheimtast fyrir hreinsun og förgun úrgangs frá heimilum og eldhúsum og kaffistofum fyrirtækja. Sveitarfélagið gefur úr gjaldskrá fyrir móttöku og eyðingu úrgangs frá fyrirtækjum. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða sveitarstjórnar.

7. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar skulu sorphreinsunarmenn aðvara viðkomandi skriflega og óska úrbóta af hans hálfu. Sinni húsráðandi ekki aðvörunum skulu sorphreinsunarmenn koma kvörtunum á framfæri við stjórn sveitarfélagsins.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 33. og 34. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

9. gr.

Samþykkt þessi sem sett er af sveitarstjórn Djúpavogshrepps er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 267/1984 um sorphreinsun í Búlandshreppi.

Umhverfisráðuneytinu, 30. júní 1999

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

1. gr.

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins er deild í stofnverndarstjóði sem starfar samkvæmt 15. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð í hrossarækt annast stjórn sjóðsins.

Sjóðurinn er í vörslu Bændasamtaka Íslands sem annast reikningshald sjóðsins og ávöxtun í samráði við fagráðið. Reikningar stofnverndarsjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

2. gr.

Verkefni sjóðsins eru að veita lán og styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótagripum ef sannað þykir að þeir verði fluttir úr landi að öðrum kosti. Hér væri um að ræða gripi sem gætu haft úrslitaáhrif á erfðabreytileika í stofninum s.s. litafjölbreytni, eða byggju yfir einstæðu kynbótagildi í þeim eiginleikum sem prýða íslenskan hest.

Heimilt er að veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í hrossarækt. Fagráð auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

3. gr.

Óheimilt er að skerða höfuðstól stofnverndarsjóðs að raungildi frá því sem var 1. janúar 1998. Lán úr sjóðnum skulu vera til fimm ára gegn veðum sem fagráð metur gild. Vextir af lánum sem sjóðurinn veitir skulu vera þeir sömu og inneignir sjóðsins bera á hverjum tíma.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 137 14. apríl 1992 um sama efni.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. júní 1999.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

3. júní 1999 Nr. 471

REGLUGERÐ

um skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum.

1. gr.

Utanríkisráðherra skipar sex manna nefnd, er fer með skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum, í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Nefndin er skipuð þessum mönnum: Fulltrúa Skipulagsstofnunar, flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, fulltrúa varnarmálaskrifstofu, forstöðumanni Hollustuverndar ríkisins og manni skipuðum af utanríkisráðherra til 4 ára í senn, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Hann skal hafa sérþekkingu á skipulags- og byggingarmálum.

2. gr.

Nefndin skal fjalla um öll þau skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum, bæði að því er varðar varnarliðið og aðra aðila, sem varnarmálaskrifstofa óskar álits um.

Varnarmálaskrifstofan skal afla upplýsinga um fyrirhugaðar byggingar og mannvirkjagerð varnarliðsins, svo og fyrirhugað skipulag og staðsetningu slíkra bygginga og mannvirkja, og leggja fyrir nefndina. Aðrir aðilar skulu senda beiðnir sínar um leyfi til bygginga eða mannvirkjagerðar á varnarsvæðunum ásamt nauðsynlegum fylgigögnum beint til nefndarinnar.

3. gr.

Nefndin skal halda fundi svo oft sem þörf er á. Nefndin skal halda sameiginlega fundi með yfirstjórn skipulags-, bygginga- og umhverfismála varnarliðsins að öllu jöfnu mánaðarlega.

4. gr.

Nefndin skal gæta þess, að ákvæðum íslenskrar löggjafar um skipulags-, bygginga- og umhverfismál sé fylgt eftir því sem við á. Nefndinni er rétt að taka tillit til staðla Bandaríkjahers og staðla Atlantshafsbandalagsins um byggingar og mannvirkjagerð að því marki sem nauðsynlegt er vegna varna ríkisins.

Áður en nefndin afgreiðir mál skal hún, ef um er að ræða mál, sem varða skipulagsskyld svæði, er liggja að varnarsvæðum, ætíð hafa samráð við Skipulagsstofnun og sveitarfélög, sem hlut geta átt að máli.

Álitsgerðir sínar sendir nefndin varnarmálaskrifstofu til endanlegrar samþykktar.

Komi upp ágreiningsmál má skjóta þeim til utanríkisráðherra sem hefur endanlegt ákvörðunarvald.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grunni laga nr. 106, 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl., sbr. auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96, 31. desember 1969, laga nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess og með heimild í 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73, 28. maí 1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingareglugerð nr. 441/1998 og 4. og 5. gr. laga nr. 7, 12. mars 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum á grundvelli þessara ákvæða, öðlast þegar gildi. Fellur þá úr gildi reglugerð um skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum, nr. 488, 1. desember 1993.

Utanríkisráðuneytinu, 3. júní 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Húsavíkurkaupstaðar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Húsavíkurkaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

II. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, að jafnaði þriðja þriðjudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar skal hún taka ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar í bæjarráð, nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn.

Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarfélagsins, skrifstofu bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni, skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri fyrsta og annars varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra og við kjör forseta. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn í bæjarstjórn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls, sem hann er vanhæfur að afgreiða, að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið

að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt standandi við sæti sitt nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu

annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusettra liða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál og skal bæjarstjórn halda sérstaka gerðabók vegna umfjöllunar og afgreiðslu þeirra.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu

fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar, getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI
Bæjarráð, fastanefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa og varafulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skulu þeir fulltrúar vera aðal- eða varabæjarfulltrúar. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það varamanni sínum og boða hann til fundarins.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara bæjarráðsins. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs og fastanefnda ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi fastanefnda skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.

Forseti bæjarstjórnar boðar fastanefndir, sbr. 57. gr., saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn.

Yfirmaður viðkomandi málefnasviðs undirbýr fundi í samráði við formann fastanefndar. Hann sér um að fastanefnd sé boðuð til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það varamanni sínum og boða hann til fundarins.

Fastanefndir skulu að jafnaði halda fund einu sinni í mánuði, en aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, yfirmaður viðkomandi málefnasviðs, formaður nefndar eða a.m.k tveir nefndarmanna óska þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður

í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð áður en hún er tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Fulltrúar kjörnir til eins árs á fundi í júní ár hvert:

1. *Forseti bæjarstjórnar.*
2. *Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar.*
3. *Annar varaforseti bæjarstjórnar.*
4. *Skrifari bæjarstjórnar.* Tveir aðalmenn og tveir til vara úr hópi bæjarfulltrúa.
5. *Bæjarráð.* Þrír bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
6. *Yfirkjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna. Þá kýs bæjarstjórn í undirkjörstjórn I og undirskjörstjórn II, þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Yfirkjörstjórn skal kjörin á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar en heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir síðar. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar skulu einnig stýra kosningum til Alþingis.

B. Fulltrúar í fastanefndir kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn, þar af minnst tveir bæjarfulltrúar, og fimm til vara.
2. *Tómstundanefnd.* Fimm aðalmenn, þar af minnst tveir bæjarfulltrúar, og fimm til vara.
3. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn, þar af minnst tveir bæjarfulltrúar, og fimm til vara.
4. *Framkvæmdanefnd.* Fimm aðalmenn, þar af minnst tveir bæjarfulltrúar, og fimm til vara.
5. *Hafnarnefnd.* Fimm aðalmenn, þar af minnst tveir bæjarfulltrúar, og fimm til vara.

C. Fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir og embættismenn kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Skoðunarmenn skulu kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar.
2. *Stjórn Heilbrigðisstofnunarinnar Húsavík.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Heilbrigðisráðherra skipar stjórnina sem skipuð er fimm fulltrúum.
3. *Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. samþykkta sambandsins.
4. *Eyþing, samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu.* Fulltrúar á aðalfund Eyþings skv. IV. kafla samþykkta sambandsins frá 30. ágúst 1996, aðalmenn og varamenn.
5. *Héraðsnefnd Þingeyinga.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. samþykkta nefndarinnar.
6. *Rekstrarlánasjóður bátaútgerðar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. reglugerðar sjóðsins frá 2. mars 1978. Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf. kýs einn fulltrúa í stjórnina.
7. *Safnahússnefnd.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af a.m.k tveir úr hópi fræðslunefndarmanna. Nefndin annast málefni þeirra safna sem falla undir Safnahúsið á Húsavík að undanskildu bókasafni. Aðrir eignaraðilar kjósa fjóra fulltrúa. Þá situr sýslumaðurinn á Húsavík í nefndinni og er hann formaður.
8. *Sorpsamlag Þingeyinga.* Einn fulltrúi á aðalfund og annar til vara skv. 3. gr. samstarfssamnings um Sorpsamlag Þingeyinga.
9. *Dvalarheimili aldraðra sf. í Þingeyjarsýslu.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara til setu á aðalfundi skv. 6. gr. samþykkta dvalarheimilisins frá 5. maí 1998.
10. *Starfskjaranefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. grein 16.12 í kjarasamningi við Starfsmannafélag Húsavíkur. Starfsmannafélagið kýs tvo fulltrúa í nefndina.
11. *Fulltrúaráð Félagsheimilis Húsavíkur sf.* Þrír aðalmenn og skal bæjarstjóri vera einn þeirra og jafnmargir til vara skv. 4. gr. reglugerðar fyrir félagsheimilið frá 28. júlí 1992.
12. *Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 4. gr. reglugerðar sjóðsins. Sjóðfélagar kjósa einn fulltrúa í stjórnina og þá situr bæjarstjóri í stjórninni og er hann jafnframt formaður.
13. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.

D. Fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir og embættismenn kjörnir til mismunandi tíma skv. ákvæðum í viðkomandi lögum, reglum eða samþykktum:

1. Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara úr hópi fræðsl unefndarmanna tilnefndir af bæjarstjórn skv. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla. Menntamálaráðherra skipar skólanefndina til fjögurra ára í senn (fyrsta skipun 1996) og er hún skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara.
2. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands. Einn aðalmaður og annar til vara kjörinn ári eftir bæjarstjórnarkosningar skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabóta-

félag Íslands. Kjörtímabil er fjögur ár sbr. 10. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

3. Stjórn Kísilgúrsjóðs. Einn aðalmaður tilnefndur af bæjarstjórn til tveggja ára í senn skv. 1. gr. reglugerðar um sjóðinn nr. 205/1995. Iðnaðarráðherra skipar stjórnina sem í eiga sæti sex fulltrúar.

58. gr.

Bæjarstjórn setur fastanefndum skv. B-lið 57. gr. erindisbréf, þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk og valdsvið hverrar nefndar og helstu verkefni hennar. Þá setur bæjarstjórn öðrum nefndum skv. C-lið 57. gr. erindisbréf eftir því sem við á.

Auk þeirra nefnda, stjórna og ráða sem upp eru taldar í 57. gr. getur bæjarstjórn kosið aðrar nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Um fundarsköp, fundarritun og afgreiðslu fundargerða slíkra nefnda skal farið að ákvæðum þessa kafla, eftir því sem við á.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráðið og bæjarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins. Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður yfirmenn málefnasviða að fengnum tillögum bæjarráðs eða viðkomandi fastanefndar. Bæjarráð og fastanefndir ráða forstöðumenn einstakra stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess og veita þeim lausn frá störfum, skv. sérstökum samþykktum fyrir bæjarráð og fastanefndir sem bæjarstjórn setur.

62. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. í samráði við yfirmann viðkomandi málefnasviðs, enda séu stöðuheimildir fyrir hendi og ekki á annan veg mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi nema bæjarráð heimili annað. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá bæjarfélaginu og skulu þau kunngerð umsækjendum við auglýsingu á stöðu.

Fastráðnir starfsmenn bæjarfélagsins skulu að jafnaði ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti sem fara skal eftir viðkomandi kjarasamningum. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. er kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfssvið. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

63. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumann viðkomandi málefnasviðs. Um ráðningu fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga og starfsmannastefnu bæjarins.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

65. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

VII. KAFLI
Breytingar, afbrigði og gildistaka.

71. gr.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræðu á tveimur fundum bæjarstjórnar, sbr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, samþykki meirihluta bæjarstjórnar og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

72. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar brýna nauðsyn ber til ef meirihluti mættra bæjarfulltrúa samþykkir það.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Húsavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 239/1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. júlí 1999.

F. h. r.
Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um skipulag í Skorradalshreppi.

a) Breyting á deiliskipulagi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps breytingu á deiliskipulagi af sumarbústaðahverfum í Skorradal í Borgarfirði.

1) Í landi Dagverðarness á svæði 3, þann 13. apríl 1998.
   Breytingin felst í að lóðir eru sameinaðar og fækkar þeim um þrjár. Einnig er leyfileg hámarksstærð bústaða aukin í 82 m^2 á hverri lóð.
2) Í landi Dagverðarness á svæði 1, þann 3. september 1998.
   Breytingin felst í stækkun á lóð 1 úr 2500 m^2 í 5900 m^2.
3) Í landi Vatnsenda, svæði 5, þann 3. september 1998.
   Breytingin felst í því að bætt er við þremur lóðum vestast á svæði 5.

b) Nýtt deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 3. september 1998 nýtt deiliskipulag af sumarbústaðahverfi í landi Dagverðarness í Skorradal í Borgarfirði.

Um er að ræða svæði 6 samkvæmt aðalskipulagi. Á því eru þrjár lóðir.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um.

Deiliskipulagssvæði þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi áður samþykkt deiliskipulög af áðurnefndum svæðum.

Skorradal, 7. júlí 1999.

F. h. Skorradalshrepps,

Bjarni O. V. Þóroddsson,
byggingarfulltrúi Skorradalshrepps.

1. júlí 1999 Nr. 474

AUGLÝSING

um deiliskipulag hjólhýsa- og tjaldstæða á Flatagerði í Vaglaskógi, Hálshreppi.

Hreppsnefnd Hálshrepps hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m. s. br. samþykkt deiliskipulag hjólhýsa- og tjaldstæða á Flatagerði í Vaglaskógi, Hálshreppi þann 16. maí 1999.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Illugastöðum, 1. júlí 1999.

F. h. hreppsnefndar Hálshrepps,

Jón Þ. Óskarsson oddviti.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Súðavíkurhreppi, að koma í veg fyrir ágang búfjár á gróður í hreppnum og á lóðir hreppsbúa, að gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrifleg og í samræmi við vilja hreppsnefndar, svo og að marka búfjárhaldi að öðru leyti reglur, þannig að það geti verið í sátt allra er búa í hreppnum.

2. gr.

Búfjárhald er heimilt í Súðavíkurhreppi á bújörðum í hreppnum, nema innan svæðis sem afmarkast af girðingu umhverfis þéttbýli Súðavíkur. Þeir sem búfjárhald stunda skulu fara að lögum og reglum er um það gilda hverju sinni, svo sem lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991 með síðari breytingum, og öðrum lögum og reglugerðum.

3. gr.

Allt búfjárhald og lausaganga búfjár án leyfis er bönnuð á svæðinu sem afmarkast af girðingu hreppsins frá þjóðvegi utan við Sjónarhól, upp í Sauradal og að ristarhliði innan við Langeyri. Sveitarstjóra er hvenær sem er heimilt að takmarka rekstur á búfé um þéttbýli í hreppnum.

4. gr.

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds innan girðingar umhverfis þéttbýli Súðavíkur, sbr. 3. gr. skal senda um það umsókn til hreppsnefndar ásamt upplýsingum um fjölda búfjár sem óskað er leyfis fyrir og yfirlýsingu um að hann beri að öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem gripir hans kunna að valda. Búfjárhöldurum er skylt að tryggja búfé frjálsri ábyrgðartryggingu gagnvart tjóni þriðja aðila.

5. gr.

Hreppsnefnd getur veitt leyfi til búfjárhalds, sbr. 4. gr. hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við lög eða reglur um meðferð búfjár og hefur fullnægjandi aðstöðu fyrir búfé að því er varðar landrými, húsakost, fóðrun og aðra meðferð. Leyfi til búfjárhalds skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

Hreppsnefnd getur veitt leyfi til búfjárhalds til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar þess. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

6. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við og þeim haldið snyrtilegum. Öll óhreinindi og úrgangur (tað o.þ.h.) er fylgja búfjárhaldinu skulu fjarlægð og er með öllu bannað að safna neinu slíku utan húss.

7. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar, sem reglugerð þessi mælir fyrir um, skal lögreglustjóri að beiðni hreppsnefndar hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það valdi tjóni eða óþrifum. Allan kostnað sem leiða kann af framangreindu, skal lögreglustjóri innheimta hjá eiganda búfjárins.

8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum. Girðing hreppsins umhverfis þéttbýlið skal vera orðin fjárheld, ef snjóalög hamla ekki, jafn fljótt og mögulegt er að vori og vera það þar til snjóar hamla því að hausti.

Hreppsnefnd skal skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald í þéttbýli. Í skipulagi nýju byggðarinnar innan Eyrardalsár er gert ráð fyrir því á Eyrardalstorfunni. Á Eyrardalstorfu skulu þeir sem eru með búfé girða lóðir sínar með viðeigandi girðingum til að tryggja að búfé gangi ekki laust á torfunni.

9. gr.

Þeir aðilar sem nú eru með búfjárhald í gömlu byggðinni utan Eyrardalsár eiga rétt á að hafa það þar áfram en um það gilda að öðru leyti ákvæði þessarar samþykktar.

10. gr.

Þeir aðilar sem leyfi fá til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari skulu koma upp girðingum og gerðum til að tryggja aðhald við búfé áður en leyfi er veitt.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46 25. mars 1991 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Með samþykkt þessari fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Súðavíkurhreppi nr. 379 14. júní 1990.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. júlí 1999.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

9. júlí 1999 Nr. 476

AUGLÝSING

um skilmála um afhendingu og sölu raforku og varmaorku á orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Almennt.

Söluskilmálar þessir gilda fyrir orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

Söluskilmálarnir taka til afhendingar og sölu raforku og varmaorku.

Skilgreiningar

Notandi:	Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli.
Orkukaupandi:	Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla.
Húsveita:	Búnaður notanda sem tengist einum mæli.
Ársnotkun:	Fjöldi kWh eða m^3 sem notaðar eru á einu ári (365) dögum.
Afltoppur:	Mesta mælda afl (kW) á árinu.

Almennt skiptist orkuverð í tvo þætti, fast gjald og orkugjald:

- Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan orkunotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á orku.
- Orkugjald (kr/kWh eða kr/m^3) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun.

Að auki greiða viðskiptavinir með mikla raforkunotkun aflverð miðað við þann afltopp sem þeir nýta hverju sinni.

2. gr.

Varmaorka.

2.1 Fast gjald.

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.
Því er skipt í þrjá flokka:

A: 15 mm til 20 mm
B: 25 mm til 50 mm
C: 65 mm og stærri

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

2.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og /eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um taxta annan en IH1, Almenn heitavatnsnotkun.

IH1. Almenn heitavatnsnotkun.
Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IH2. Almenningssundlaugar.
Taxtinn gildir fyrir almenningssundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IH3. Gróðurhús.
Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkju afurðir.

IH4. Sundlaugar.
Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlauga. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfseminnar.

IV2. Fiskeldi.
Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

IV3. Íþróttavellir.
Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utandyra.

IV4. Iðnaðarvatn.
Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar.

3. gr.
Raforka.

3.1 Almenn raforkunotkun.

A.1 Almenn notkun

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna raforkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. (Sjá einnig taxta B.1, Afl- og orkunotkun, varðandi notendur með ársnotkun minni en 200.000 kWh).

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku samkvæmt taxta A.1, er heimilt að kaupa orku samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Verði notkun meiri en 220.000 kWh á ári, er notkun verðlögð samkvæmt taxta B.1.

A.4 Blönduð notkun

Taxti A.4 gildir fyrir rafmagnsnotkun þar sem blandast saman almenn notkun og notkun til rafhitunar. Öll raforka er afhent órofin.

Orkukaup til rafhitunar í sumarhúsum samkvæmt taxta R.1 eru ekki heimil.

Sé notkun takmörkuð geta notendur keypt raforku til sumarhúsa samkvæmt taxta A.1.

3.2 Afl- og orkunotkun.

Afltaxtar geta skipst í þrjá þætti, fast gjald, aflgjald og orkugjald.

B.1 Afl- og orkumæling

Taxti B.1 gildir fyrir orkunotkun sem er 200.000 kWh á ári og meiri.

Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxta og afltaxta.

Taxti B.1 skiptist í þrjá þætti: fast gjald, aflgjald og orkugjald:

- Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á afli og orku.
- Aflgjald (kr/kWh/ár) greiðist fyrir hverja mælda afleiningu.
- Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu. Greitt er mismunandi verð fyrir sumar- og vetrarnotkun. Vetrarorkuverð gildir á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl, sumarorkuverð gildir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september.

Afl er reiknað á ársgrundvelli og greiðir notandinn fyrir hæsta afltopp (kW) á árinu, nema forstjóri Orkuveitunnar ákveði annað. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Lesið er mánaðarlega á aflmæla. Hæsti mánaðartoppur er síðan færður sem afltoppur ársins.

Notandi greiðir mánaðarlega fyrir orkunotkun (kWh) síðasta tímabils (mánaðar) samkvæmt álestri. Jafnframt greiðir hann inn á áætlaðan afltopp ársins (kW). Áætlunin byggist á hæsta mánaðartoppi, sem mælst hefur á yfirstandandi ári. Reynist mældur mánaðartoppur hærri en hinn áætlaði greiðir notandi mismuninn.

Notanda með ársnotkun minni en 200.000 kWh er heimilt að kaupa raforku samkvæmt taxta B.1, sé það honum hagstætt. Notandi skal þá greiða lágmark 200.000 kWh á ári en afltoppur greiðist samkvæmt mælingu.

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku samkvæmt taxta A.1, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Fari notkun yfir 220.000 kWh á ári er notkun flutt á taxta B.1.

B.2 Útilýsing

Taxti B.2 gildir fyrir alla útilýsingu, þar með talda götulýsingu . Roftími er breytilegur og fylgir dagsbirtu.

Taxti B.2 skiptist í tvo þætti, aflgjald og viðhaldsgjald:

- Aflgjald (kr/kW/ár) er gjald greitt fyrir aflnotkun ljósbúnaðar.
- Viðhaldsgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir þjónustu Orkuveitunnar vegna viðhalds og eftirlits á viðkomandi ljósbúnaði.

3.3 Rofin orkunotkun.

R-taxtar gilda fyrir rofna orkuafhendingu. Sala rafmagns samkvæmt R-töxtum er bundin því skilyrði að veitukerfið þoli álagið að dómi Orkuveitunnar.

Öll tæki og búnaður skulu vera fasttengd. Ekki er heimilt að hafa tengla í veitum þar sem notkun greiðist samkvæmt R-töxtum.

- Notandi með orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári greiðir eitt orkugjald. Notandi með 200.000 kWh árs notkun og meiri greiðir mismunandi verð fyrir sumar- og vetrarnotkun. Vetrarorkuverð gildir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september.

Rafmagn samkvæmt taxta R.1 og R.2 er rofið tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti. Rofið er á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.30 og frá kl. 17.00 til 19.30.

Notandi getur valið um tvö tímabil innan ársins, sem rafmagn er rofið á:

- Nóvember-febrúar- og desember-janúar.

Orkugjald er mismunandi eftir því hvort roftímabilið er valið. Utan viðkomandi tímabils er rafmagn órofið allan sólarhringinn.

R.1 Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári

Taxti R.1 gildir fyrir rofna orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Notandi greiðir eitt orkuverð.

Roftímar eru samkvæmt skilgreiningu hér að framan.

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku samkvæmt taxta R.1, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Fari notkun yfir 220.000 kWh á ári er notkun flutt á taxta R.2.

R.2 Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og meiri.

Taxti R.2 gildir fyrir rofna orkunotkun sem er 200.000 kWh á ári og meiri. Notandi greiðir vetrarorkuverð (október-apríl) og sumarorkuverð (maí-september).

Roftímar eru samkvæmt skilgreiningu hér að framan.

Notandi, sem greiðir samkvæmt taxta R.2, er fluttur á taxta R.1 verði ársnotkun minni en 200.000 kWh og sé taxti R.2 honum óhagkvæmur. Ella er notkun áfram á taxta R.2 þar til ársnotkun verður minni en 180.000 kWh, þá er notkun flutt á taxta R.1.

R.3 Næturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári

Taxti R.3 gildir fyrir rafmagn að nóttu þar sem ársnotkun er minni en 200.000 kWh. Notandi greiðir eitt orkuverð.

Orkuafhending samkvæmt taxta R.3 er rofin í allt að 12 klukkustundum á sólarhring á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00. Roftíminn gildir allt árið.

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem greitt hefur orkunotkun samkvæmt taxta R.3, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Verði ársnotkun meiri en 220.000 kWh er notkun flutt á taxta R.4.

R.4 Næturorkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri

Taxti R.4 gildir fyrir rafmagn að nóttu þar sem ársnotkun er 200.000 kWh á ári eða meiri. Notandi greiðir vetrarorkuverð (október-apríl) og sumarorkuverð (maí-september).

Rafmagn samkvæmt taxta R.4 er rofið allt að 12 klukkustundum á sólarhring á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00. Roftíminn gildir allt árið.

Notandi á taxta R.4 er fluttur á taxta R.3 verði ársnotkun minni en 200.000 kWh og sé taxti R.4 honum óhagkvæmur. Ella er notkun áfram á taxta R.4 þar til ársnotkun verður minni en 180.000 kWh en þá er notkun flutt á taxta R.3.

3.4 Tímaháð orkunotkun.

T-taxtar gilda fyrir tímaháða orkuafhendingu. Sala rafmagns samkvæmt T-töxtum er ekki bundin neinum sérstökum skilyrðum.

Orkuverð T-taxta er háð tímasetningu orkuafhendingar og getur verið breytilegt innan sólarhringsins og eftir árstíðum. Orkuverðið er háð álagi á rafdreifikerfið og hækkar með vaxandi álagi, en lækkar með minnkandi álagi.

4. gr.

Önnur gjöld.

4.1 Tengigjöld.

Tengigjöld skulu greidd fyrir hverja tengingu húsveitu við dreifikerfi Orkuveitunnar.

Tengigjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt af Orkuveitunni og áður en til orkuafhendingar kemur.

Heimtaug rafmagns.

Málstærð heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Hámarksstærð heimtaugar samkvæmt verðskrá er 2400 A. Óski notandi eftir stærri heimtaug er gerður um það sérstakur samningur. Slíkur samningur tekur til afhendingarspennu, afhendingar heimtaugar, heimtaugagjalds, mælingar og orkuverðs.

Heimtaug heits vatns.

Stærð heimtaugar miðast við hámarksrennsli til húsveitunnar og ákvarðast af Orkuveitunni. Hámarksstærð heimtaugar samkvæmt verðskrá er 80 mm, sé óskað eftir sverari lögn eða meira rennsli en 80 mm lögnin annar, skal gerður sérstakur samningur um tenginguna. Að auki greiðist sérstaklega fyrir hverja tengigrind sem tengd er heimtauginni.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi verðskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun Orkuveitunnar.

Þegar um langar lagnir vegna heits vatns er að ræða er áskilinn réttur til að hafna tengingu eða tengja með takmörkunum svo sem um hitastig og þátttöku húseiganda í kostnaði við tengingu. Miða skal við 65°C inntakshita við meðalálag. Sé reiknaður inntakshiti undir 65°C greiðir húseigandi kostnað við jarðvinnu og yfirborðsfrágang fyrir þá vegalengd sem er umfram þann punkt sem nær 65°C.

Þar sem ekki er dagleg viðvera getur Orkuveitan krafist þess að settir verði upp tengikassar utandyra, á kostnað notanda sem innihalda nauðsynlegan mælibúnað og eru aðgengilegir starfsmönnum Orkuveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð (spennistöð) vegna tiltekinnar húsveitu, og ef hún er að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, er eiganda hennar skylt að leggja Orkuveitunni til lóð eða húsnæði undir stöðina samkvæmt sérstöku samkomulagi. Hann skal í öllu hlíta skilmálum Orkuveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

H.1 Heimtaugar

Þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt verð fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi verðskrá þegar breytingin fer fram.

H.2 Bráðabirgðaheimtaugar rafmagns

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug.

Lengdargjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast fyrir hvern stólpa umfram einn frá lágspennukerfi Orkuveitunnar að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

H.3 Sumarhúsaheimtaugar rafmagns

Heimtaugar til sumarhúsa eru 1-fasa, 35 A (8 kVA). Stærri heimtaugar til sumarhúsa en 35 A, svo og 3-fasa heimtaugar, greiðast samkvæmt kostnaði.

Mælatafla, sem Orkuveitan leggur til, er innifalin í gjaldinu. Mælataflan er staðsett utanhúss.

Verði kostnaður við tengingu einstaks sumarhúss við kerfi Orkuveitunnar meira en 50% hærri en sumarhúsaheimtaugagjald, samkvæmt gildandi verðskrá, er tengingin háð sérstöku samþykki Orkuveitunnar.

4.2 Mælaleiga.

Orkuveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja sem notuð eru við sölu raforku og varmaorku samkvæmt verðskrá. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í föstum gjöldum samkvæmt 2. gr. verðskrár.

Óski notandi þess leigir Orkuveitan honum mælitæki til annarra nota en að framan greinir. Ársleiga fyrir slík mælitæki greiðist samkvæmt verðskrá.

Ársleiga fyrir önnur tæki en talin eru í verðskrá er háð nánari ákvörðun Orkuveitunnar.

4.3 Skammtímanotkun rafmagns.

Viðskiptamaður getur fengið tengingu við dreifikerfi Orkuveitunnar vegna skammtímanotkunar.

Fyrir slíka tengingu er greitt tengigjald. Tengigjaldið er innheimt fyrir tengingu og fyrir aftengingu. Sé tenging (eða aftenging) framkvæmd utan venjulegs dagvinnutíma greiðist álag á tengigjaldið. Dagvinnutími er frá kl. 8.00 til kl. 16.00 alla virka daga.

Innifalið í tengigjaldi er leiga á sérsmíðaðri töflu og búnaði, tenging eða aftenging, úttekt á viðkomandi rafkerfi og akstur.

4.4 Álestrargjald.

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í orkugjöldum samkvæmt 2. gr. verðskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni á ári hjá minni notendum en tvisvar á ári hjá stærri notendum. Lesið er mánaðarlega á mælitæki samkvæmt taxta B.1.

Óski notandi þess að oftar sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

4.5 Innheimtugjald.

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða gjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt fyrri málsgrein.

5. gr.

Ýmis ákvæði.

5.1 Launafl.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Skilmálar þessir eru staðfestir af iðnaðarráðuneytinu til að öðlast gildi við birtingu, sbr. reglugerð nr. 793 30. desember 1998. Jafnframt eru úr gildi felldir eldri skilmálar sem samrýmast ekki skilmálum þessum.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. júlí 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

7. júlí 1999 Nr. 477

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Borgarbyggðar og Hvítársíðuhrepps um mörk sveitarfélaganna á afréttum Upprekstrarfélags Þverárréttar.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 7. júlí 1999 staðfest hluta samkomulags milli Borgarbyggðar, Þverárhlíðarhrepps og Hvítársíðuhrepps um mörk sveitarfélaganna á afréttum Upprekstrarfélags Þverárréttar, sbr. samning milli sveitarstjórna framangreindra sveitarfélaga, dags. 13. nóvember 1996. Þann 7. júní 1998 tók gildi sameining Álftaneshrepps, Borgarbyggðar, Borgarhrepps og Þverárhlíðarhrepps og hlaut hið nýja sveitarfélag nafnið Borgarbyggð. Hið nýja sveitarfélag nær yfir allt landsvæði hinna eldri sveitarfélaga og yfirtók öll réttindi og allar skyldur þeirra, sbr. auglýsingu nr. 195/1998, og því er einungis staðfestur sá hluti samningsins sem varðar mörk Borgarbyggðar og Hvítársíðuhrepps.

Í samningnum segir meðal annars svo:

„Sveitarstjórnir Borgarbyggðar, Þverárhlíðarhrepps og Hvítársíðuhrepps eru sammála um að sveitarfélagamörk á afréttum Upprekstrarfélags Þverárréttar (sbr. 3. gr. laga nr. 8/1986) skuli vera

sem hér segir:

...

Milli Þverárhlíðarhrepps og Hvítársíðuhrepps:

Í fyrsta lagi ræður Vestasta-Rangagil (Merkjagil) þaðan sem það fellur í Kjararárá upp á háfjall að landamerkjum Kvía í Þverárhlíð. Verður þá sá hluti afréttar í Þverárhlíðarhreppi, sem liggur milli gilsins og fjallgirðingar, þ.e. Reykholtsselland.

Í öðru lagi fylgir merkjalína leitamótum milli leitarflokka Þverhlíðinga og Hvítsíðinga. Ræður Litlaþverá frá Hrólfsvatnskvísl að upptökum sínum í tjörn vestan Þverárvatna, og þaðan lína beint í Þverárvötn; þá lína úr Þverárvötnum austast, um Merkjavörðu á Hryggjum (norð)vestan Breiðavatns, þá norðan við Breiðavatn í suðurenda Nautavatns, þaðan í Staðarhól og þá í vesturenda Krókavatna.

Um ytri mörk þessa landsvæðis gildir *„Landamerkjaskrá fyrir hinu sameiginlega afréttarlandi“ o.s.frv.*

Þær landspildur, sem upprekstrarfélagið á og hefur keypt undan einstökum jörðum, Fornahvammi og Króki í Borgarbyggð, Hermundarstöðum í Þverárhlíð og Gilsbakka í Hvítársíðu, tilheyra að sjálfsögðu viðkomandi sveitarfélögum. Þær liggja utan fyrrgreinds svæðis, en að því, hver í sínu lagi.

Ákvörðun þessi um mörk milli sveitarfélaga breytir í engu eignar- eða afnotarétti né öðrum réttindum og skyldum eins né neins, gagnvart umræddu landsvæði.

Gilsbakka, 13. nóvember 1996.

F.h. bæjarstjórnar Borgarbyggðar
Jón Þór Jónasson (sign.)

F.h. hreppsnefndar Þverárhlíðarhrepps
Guðrún Jónsdóttir (sign.)

F. h. hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps
Ólafur Guðmundsson (sign.)“

Auglýsing þessi skal öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. júlí 1999.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 478 28. júní 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag Miðáss, svæðis B, Egilsstöðum, Austur-Héraði.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst nýtt deiliskipulag fyrir Miðás, svæði B, Egilsstöðum, Austur-Héraði.

Deiliskipulag þetta var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs 4. maí 1999 að undangenginni lögboðinni tilkynningu.

Austur-Héraði, 28. júní 1999.

Björn Hafþór Guðmundsson
bæjarstjóri.

Þórhallur Pálsson,
forst.m. umhverfissviðs.

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Reykjavíkur.

Raforkugjöld, varmaorkugjöld og önnur gjöld.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

2. gr.

Varmaorka.

2.1 Fast gjald

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.
Því er skipt í þrjá flokka :

A:	15 mm til 20 mm	6.389 kr/ár
B:	25 mm til 50 mm	13.343 kr/ár
C:	65 mm og stærri	27.050 kr/ár

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

2.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og /eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um taxta annan en IH1, Almenn heitavatnsnotkun.

IH1. Almenn heitavatnsnotkun 53,10 kr/m^3
Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IH2. Almenningssundlaugar 15,90 kr/m^3
Taxtinn gildir fyrir almenningssundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IH3. Gróðurhús 26,60 kr/m^3
Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

IH4. Sundlaugar 26,60 kr/m^3
Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfseminnar.

IV2. Fiskeldi. 26,60 kr/m^3
Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

IV3. Íþróttavellir 39,80 kr/m^3
Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utandyra.

IV4. Iðnaðarvatn 26,60 kr/m^3
Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar.

3. gr.

Raforka.

3.1 Almenn orkunotkun.

Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

A.1.	Almenn notkun:		
	Fast gjald	2.620,00	kr/ár
	Orkugjald	6,05	kr/kWh
A.4	Blönduð notkun:		
	Fast gjald	10.100,00	kr/ár
	Orkugjald	3,28	kr/kWh

3.2 Afl- og orkunotkun.

Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útilýsing.
Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

B.1	Afl- og orkumæling:		
	Fast gjald	45.100,00	kr/ár
	Aflgjald	7.640,00	kr/kW/ár
	Vetrarorkugjald	3,77	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,74	kr/kWh
B.2	Útilýsing		
	Aflgjald	20.900,00	kr/kW/ár
	Viðhaldsgjald	22.000,00	kr/kW/ár

3.3 Rofin orkunotkun.

Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

R.1	Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	7.500,00	kr/ár
	Orkugjald með rofi í nóv.-feb.	2,89	kr/kWh
	Orkugjald með rofi í des.-jan	3,14	kr/kWh
R.2	Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	7.500,00	kr/ár
	Vetrarorkugjald með rofi í nóv.-feb.	3,63	kr/kWh
	Vetrarorkugjald með rofi í des.-jan	4,10	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,78	kr/kWh
R.3	Næturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	7.500,00	kr/ár
	Orkugjald	2,37	kr/kWh
R.4	Næturorkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	7.500,00	kr/ár
	Vetrarorkugjald	2,83	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,45	kr/kWh

3.4 Tímaháð orkunotkun.
Tímaháð orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

T.1	Tímataxti:		
	Fast gjald	113.000,00	kr/ár
	Lágverð	3,12	kr/kWh
	Miðverð	5,79	kr/kWh
	Háverð	13,02	kr/kWh

Gildistími verðþrepa:

Lágverð	október til apríl	kl. 21-09
	maí til september	allan sólarhringinn
Miðverð	nóv. til feb. virkir dagar	kl. 13-17
	nóv. til feb. frídagar *	kl. 09-21
	október, mars og apríl	kl. 09-21
Háverð	nóv. til feb. virkir dagar	kl. 09-13 og 17-21
	Aðfangadagur og gamlársdagur	kl. 09-13 og 17-21

* Aðfangadagur og gamlársdagur teljast ekki til þessara frídaga og eru meðhöndlaðir eins og virkir dagar í desember.

4. gr.
Önnur gjöld.

4.1 Heimtaugagjöld.

H.1H **Heitt vatn**

Þvermál DN	**Tengigjald**	**Tengigrind**
20 mm	48.000 kr	5.200 kr.
25 mm	100.000 kr	5.200 kr.
32 mm	153.000 kr	5.200 kr.
40 mm	310.000 kr	5.200 kr.
50 mm	519.000 kr	5.200 kr.
65 mm	1.042.000 kr	5.200 kr.
80 mm	2.088.000 kr	5.200 kr.

H.1R **Rafmagn**

Málstraumur	**Fjöldi fasa**	**Tengigjald**
63 A	1-fasa	57.700 kr.
63 A	3-fasa	63.900 kr.
100 A	3-fasa	102.000 kr.
200 A	3-fasa	202.000 kr.
315 A	3-fasa	318.000 kr.
400 A	3-fasa	412.000 kr.
630 A	3-fasa	639.000 kr.
710 A	3-fasa	722.000 kr.
1200 A	3-fasa	1.220.000 kr.
1800 A	3-fasa	1.830.000 kr.
2400 A	3-fasa	2.440.000 kr.

H.2 **Bráðabirgðaheimtaugar**

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald	
			Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpi
63 A	1-fasa	11.500 kr.	1.710	21.700
63 A	3-fasa	16.000 kr.	1.710	25.000
100 A	3-fasa	17.100 kr.	2.240	29.000
200 A	3-fasa	64.400 kr.	2.240	29.000

H.3 **Sumarhúsaheimtaugar**

Málstraumur		Heimtaugagjöld
35 A	1-fasa	199.000 kr
35 A	3-fasa	219.000 kr

4.2 Mælaleiga.

Mælaleiga er innifalin í raforkuverðum skv. töxtum. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum. Fyrir mælitæki til annarra nota er ársleiga sem hér segir:

M.1	Orkumælir, einfasa	808 kr
M.2	Orkumælir, þrífasa	3.190 kr
M.3	Orkumælir, þrífasa með straumspennum	5.400 kr
M.4	Aflmælir	5.400 kr
M.5	Aflmælir með straumspennum	8.080 kr
M.6	Tvígjaldsorkumælir	5.190 kr
M.7	Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	7.930 kr
M.8	Fjarstýriliði	3.580 kr
M.9	Púlsmagnari	5.400 kr

4.3 Tengigjald.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar	5.680 kr

Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.

4.4 Álestrargjald.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	1.130 kr

4.5 Innheimtugjald.

Innheimtugjald vegna vanskila notanda	860 kr
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.300 kr

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38/1940 um Hitaveitu Reykjavíkur, og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð nr. 793/1998, og auglýsingu nr. 436/1999, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. júlí 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, hafnarsvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér stækkun til vesturs þannig að uppfyllingarsvæðið lengist úr 400 metrum í 800 metra. Landfyllingin verður alls u.þ.b. 22-24 ha lands.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og bygginarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 14. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

2. júlí 1999 Nr. 481

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis utan Suðurgarðs, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 deiliskipulag hafnarsvæðis utan Suðurgarðs dagsett 25. febrúar 1999.

Á nýrri fyllingu er gert ráð fyrir hafsækinni starfsemi og er svæðinu skipt í flotkvíarsvæði, bakkasvæði, smiðjusvæði og þjónustu/geymslusvæði. Deiliskipulagið nær yfir smiðjusvæðið en að öðru leyti er skipulagi á svæðinu frestað. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

2. júlí 1999 Nr. 482

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjarðar – miðbær.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar sem staðfest var 19. september 1983. Breytingin felst í því að grunnflötur byggingar á Fjarðargötu 19 stækkar úr 420 m^2 í 600 m^2 og húsinu er breytt úr tveimur hæðum og risi í þrjár hæðir. Auk þess er fellt niður áform um að opna Hamarkotslæk frá tjörninni við Strandgötu niður að sjó.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

Nr. 483 12. júlí 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi – Lækjargata – Hamar, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 29. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi, Lækjargata – Hamar sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 30. september 1986. Breytingin felst í að áform um vistgötu eru felld niður og gert ráð fyrir tveimur nýjum íbúðarhúsum við Lækjargötuna svo og bílastæðaplani fyrir íbúa á svæðinu, þar sem ekki verða leyfð bílastæði meðfram Lækjargötunni.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 12. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

Nr. 484 12. júlí 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi – athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 29. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis Hestamannafélagsins Sörla sem öðlaðist gildi 31. ágúst 1998. Breytingin felst í breyttu fyrirkomulagi lóða og fjölgun hesthúsa.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 12. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

Stjórnartíðindi B 65, nr. 465–484. Útgáfudagur 20. júlí 1999.

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 1999

20. júlí 1999 1553 Nr. 485

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 367, 28. maí 1999, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 1999/2000.

1. gr.

Í stað „36.000“ í 1. mgr. 3. gr. komi: 53.000.

2. gr.

Í stað „30“ í 1. ml. 1. mgr. 5. gr. komi: 35 og í stað „20“ í 2. ml. 1. mgr. 5. gr. komi: 25.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

20. júlí 1999 Nr. 486

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsþorski 1999, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

B 100
Gutenberg

2. gr.

Allar veiðar á Norðuríshafsþorski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsþorski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðuríshafsþorski, á árinu 1999, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflahlutdeild í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs annars vegar, og í efnahagslögsögu Rússlands hins vegar. Hlutdeild einstakra skipa á hvoru svæði fyrir sig, skal vera sú sama og úthlutað er skv. reglugerð nr. 306/1999, um úthlutun þorskaflahlutdeildar í Barentshafi. Hverju skipi skal síðan úthluta aflamarki á þeim grundvelli þegar eftir 31. júlí 1999.

4. gr.

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 4.450 tonn af þorski, auk 1.335 tonna aukaafla af öðrum tegundum, m.v. afla upp úr sjó. Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 2.781 tonn af þorski, auk 834 tonna aukaafla af öðrum tegundum, m.v. afla upp úr sjó.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskafla, m.v. afla upp úr sjó.

5. gr.

Um veiðar í efnahagslögsögum Noregs og Rússlands fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir og möskvastærðir. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs. Íslenskum skipum er óheimilt að hefja veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, fyrr en að fenginni staðfestingu Fiskistofu um að þeim sé það heimilt og frá hvaða tíma.

Skip þau, sem stunda veiðar í lögsögu Noregs, skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs, fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu, að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

6. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark í Norðuríshafsþorski.

7. gr.

Afli útgerð skips veiðiheimilda í rússneskri lögsögu, umfram þær sem úthlutað er skv. 3. gr., skal það tilkynnt Fiskistofu ásamt staðfestingu frá rússneskum stjórnvöldum og er óheimilt að stunda þær veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest heimildina.

8. gr.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar á Norðuríshafsþorski og innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar, skv. reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Fiskistofu, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, m.v. afla upp úr sjó og áætlaður löndunarstaður og -tími. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs og Rússlands.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku m.v. afla úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs og hve mikill í efnahagslögsögu Rússlands.

9. gr.

Heimilt er að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðuríshafsþorskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 1999

Nr. 487 1556 22. júlí 1999

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 396/1999 um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Belgíu

1. gr.

1. gr. hljóði svo:

Auglýsing þessi gildir um innflutning frá Belgíu á eggjum, eggjavörum öðrum en eggjahvítu og kjöti og kjötvörum. Hún gildir einnig um innflutning á próteini og fitu sem unnin er úr framangreindum hráefnum og innflutning á unnum matvörum sem innihalda sömu hráefni og þar sem magn dýrafitu er meira en 2%. Auglýsingin gildir þó ekki um unnar vörur sem sannanlega innihalda 2% eða minna af eggjum eða 2% eða minna af eggjavörum sem innihalda 10% eða minna af fitu úr eggjum.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði í samræmi við ákvæði ákvörðunar Evrópusambandsins nr. 1999/449/EB og viðauka þeirrar ákvörðunar. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð er innflutningur vörunnar ekki heimill.

3. gr.

Undanþáguákvæði í 2. mgr. 4. gr. auglýsingarinnar fyrir unnin matvæli þar sem mjólk eða mjólkurvörur eru eitt af hráefnunum fellur burt.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með hliðsjón af ákvörðun Evrópusambandsins nr. 1999/449/EB um varnaraðgerðir vegna díoxínmengunar tiltekinna dýraafurða, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið vegna eftirlitsskyldu embættis yfirdýralæknis.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti.

1. gr.

Stafliður c í 3. gr. hljóði svo: Framleiðsla kindakjöts sem á sér stað fyrir 1. ágúst eða eftir 30. nóvember ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. júlí 1999.

Guðni Ágústsson.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 489 1558 2. júlí 1999

REGLUR

um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994 með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. í kafla V-12 um vistarverur vinnubáta orðast svo:

1.1 Hver bátur sem er lengri en 10 metrar að mestu lengd skal búinn minnst einu salerni.

1.2 Í bátum, lengri en 10 metrar að mestu lengd, sem notaðir eru til farþegaflutninga skulu öll salerni vera í sérstökum rýmum með læsanlegum hurðum. Salerni skulu vera vel lýst og loftræst og á hverju salerni skal vera handlaug með rennandi vatni og frárennsli.

1.3 Í bátum, lengri en 10 metrar að mestu lengd, sem ekki eru notaðir til farþegaflutninga er ekki nauðsynlegt að salerni sé í sérstöku rými með læsanlegri hurð. Heimilt er að nota ferðasalerni á þessum bátum. Þó skal þess gætt að salernið sé vel loftræst og aðskilið frá matargeymslum.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35 frá 30. apríl 1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 2. júlí 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 490 8. júlí 1999

REGLUGERÐ

um takmarkanir á hávaða frá þotum sem fljúga undir hljóðhraða í almenningsflugi.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Flugfélag er fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt flugrekstrarleyfi.

Flugrekstrarleyfi er leyfi sem útgefið er af ríki, sem ábyrgð ber á fyrirtæki og heimilar því flutninga í lofti á farþegum, pósti og/eða vörum gegn gjaldi, eins og skráð er í flugrekstrarleyfið.

Flugfélag á evrópska efnahagssvæðinu er flugfélag sem hefur gilt flugrekstrarleyfi sem

gefið er út af einu aðildarríkjanna í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92, sjá auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 439/1994 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.

Evrópska efnahagssvæðið er hér átt við aðildarríki Evrópusambandsins ásamt ríkjum EFTA; Noregi, Íslandi og Lichtenstein sem undirritað hafa samning við Efnahagsbandalag Evrópu og Kola- og stálbandalag Evrópu, sbr. lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Undanskilið yfirráðasvæði eru umdæmi aðildarríkja Evrópusambandsins handan hafsins, samkvæmt 227. gr. Rómarsáttmálans.

Allar þotur flugfélags sem fljúga undir hljóðhraða í almenningsflugi eru allar þotur í almenningsflugi sem flugfélag hefur til ráðstöfunar, annað hvort í krafti eignarhalds eða hvers konar leigusamninga sem gilda í ár hið minnsta.

Viðauki 16 við sáttmála um alþjóðaflugmál er viðauki 16, 1. bindi; „Hávaði frá flugvélum“. Önnur útgáfa frá 1988.

2. gr.

Meginmarkmið og gildissvið.

Markmiðið með þessari reglugerð er að setja skorður við notkun þotna samkvæmt skilgreiningu í 3. gr.

Reglugerð þessi gildir um flugvélar ef hámarksmassi þeirra við flugtak er 34.000 kg. eða meira, eða flugvélar sem samkvæmt tegundarskírteini mega flytja fleiri en 19 farþega að undanskildum flugverjum.

3. gr.

Takmarkanir.

Tryggja skal að þotur í almenningsflugi sem fljúga undir hljóðhraða og hafa hreyfla með hjástreymishlutfall undir tveimur megi ekki athafna sig á flugvöllum á evrópska efnahagssvæðinu nema þær hafi fengið hávaðavottorð:

a) samkvæmt stöðlunum í 1. bindi, II. hluta, 3. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988); eða
b) samkvæmt stöðlunum í 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka áðurnefndrar samþykktar, að því tilskildu að ekki séu liðin meira en 25 ár síðan þær fyrst fengu tegundarskírteini.

Tryggja skal að allar þotur í almenningsflugi sem fljúga undir hljóðhraða og athafna sig á flugvöllum á evrópska efnahagssvæðinu standist frá 1. apríl 2002 ákvæði a-liðar 1. mgr.

Yfirráðasvæði Evrópusambandsins nær ekki til umdæma handan hafsins samkvæmt 2. mgr. 227. gr. Rómarsáttmálans.

4. gr.

Undanþáguákvæði.

Flugvélar sem taldar eru upp í viðaukanum skulu undanþegnar ákvæðum a- og b-liðar 1. mgr. 3. gr. ef:

a) slíkar þotur, með hávaðavottorð samkvæmt stöðlunum í 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988), hafa flogið til flugvalla á evrópska efnahagssvæðinu á 12 mánaða löngu viðmiðunartímabili milli 1986 og 1990 sem ákveðið er ásamt hlutaðeigandi ríkjum; og
b) þær flugvélar voru á loftfaraskrá þróunarríkis sem nefnt er í viðaukanum, á viðmiðunarárinu og eru enn í notkun annað hvort beint eða samkvæmt hverskonar leigusamningi einstaklinga eða lögpersóna með staðfestu í því landi.

Undanþágan sem um getur í 1. mgr. gildir ekki ef flugvél er leigð einstaklingi eða lögpersónu með staðfestu í öðru landi en skráð er fyrir flugvélinni í viðaukanum.

5. gr.

Veita má flugvélum undanþágu frá 25 ára reglunni í b-lið 1. mgr. 3. gr., þó ekki í meira en þrjú ár samanlagt, ef flugfélag færir sönnur fyrir því að ella yrði áframhaldandi rekstur þess fyrir óhæfilegu tjóni.

6. gr.

Undanskilja skal frá 1. mgr. 3. gr. flugvélar sem standast ekki staðlana í 3. kafla 16. viðauka en má breyta þannig að þær standist þá, að því tilskildu:

a) að tilskilinn breytingarbúnaðar sé til og hann sé í reynd fáanlegur fyrir viðkomandi flugvélategund;
b) að flugvélar með slíkum búnaði standist staðlana í 3. kafla 16. viðauka samkvæmt ákvörðun í samræmi við tæknilega staðla og aðferðir sem aðildarríki Evrópusambandsins hafa samþykkt uns teknir hafa verið upp sameiginlegir staðlar og aðferðir á sambandsvísu;
c) að flugfélagið hafi pantað búnaðinn fyrir 1. apríl 1994;
d) að flugfélagið hafi fallist á fyrsta mögulega afhendingardag fyrir slíkar breytingar.

Veita má undanþágur frá 3. gr. vegna flugvéla sem hafa sögulegt gildi.

7. gr.

Veita má, á grundvelli meginreglunnar um eina undanþágu á hverja skráða flugvél, undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. 3. gr. vegna flugvélar ef pöntuð hefur verið í stað hennar fyrir 1. apríl 1994 önnur flugvél sem stenst staðlana í 3. kafla 16. viðauka, að því tilskildu að flugfélagið hafi fallist á fyrsta mögulega afhendingardag.

8. gr.

Heimilt er að takmarka afskráningu flugvéla, sem uppfylla ekki staðla í 3. kafla 16. viðauka, við allt að 10% árlega af öllum þotum flugfélags á evrópska efnahagssvæðinu, sem eru í almenningsflugi og fljúga undir hljóðhraða.

Ekki skal beita 1. mgr. 3. gr. ef um er að ræða flugvélar sem eru enn á skrá ríkis á evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við 1. mgr.

Ef ríki á evrópska efnahagssvæðinu hefur veitt undanþágu, áður en tilskipun ráðsins 98/20/EB gengur í gildi sem svarar til undanþágunnar sem lýst er í 1. og 2. mgr., fyrir flugvélar á skrá í þriðja landi sem eru í notkun í því aðildarríki getur undanþágan gilt áfram, að því tilskildu að flugfélagið uppfylli sett skilyrði.

9. gr.

Í einstökum tilvikum getur ríki leyft að flugvélar, sem ekki má nota á grundvelli annarra ákvæða í þessari reglugerð, séu notaðar tímabundið á flugvöllum á yfirráðasvæði þeirra.

Þessi undanþága ætti að einskorðast við:

a) flugvélar sem notaðar eru á svo óalgengan hátt að ekki væri viturlegt að synja um tímabundna undanþágu;
b) flugvélar sem er flogið tekjulaust til breytinga, viðgerða eða viðhalds.

10. gr.

Ríki sem veitir undanþágur samkvæmt 5.-8. gr. skal greina flugmálastjórnum á

evrópska efnahagssvæðinu og Eftirlitsstofnun EFTA frá því og gera grein fyrir ástæðum fyrir ákvörðuninni.

Ríki skal viðurkenna undanþágur sem annað ríki evrópska efnahagssvæðisins veitir flugvélum á skrá hjá sér.

10. gr. a.

Breytingar á viðaukanum sem kunna að reynast nauðsynlegar til að tryggja fullt samræmi við viðmiðanir sem settar eru í 4. gr., skulu gerðar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. b.

10. gr. b.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. des. 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála, sjá auglýsingu nr. 439/1994, enda starfi nefndin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. Rómarsáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkja Evrópusambandsins í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki áliti, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta. Hafi ráðið ekki hafist handa innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

11. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu skv. 141. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 145. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, sbr. VI. kafla og öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 92/14/EBE frá 2. mars 1992 um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988), tilskipun ráðsins nr. 98/20/EB frá 30. mars 1998 um breytingu á tilskipun 92/14/EBE og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 1999/28 frá 21. apríl 1999 um breytingu á viðauka við tilskipun ráðsins nr. 92/14/EBE.

Samgönguráðuneytinu, 8. júlí 1999.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

VIÐAUKI

Skrá yfir undanþegin loftför skv. 4. gr. reglugerðarinnar.

ALSÍR

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
20955	B727-2D6	7T-VEH	AIR ALGERIE
21053	B727-2D6	7T-VEI	AIR ALGERIE
21210	B727-2D6	7T-VEM	AIR ALGERIE
21284	B727-2D6	7T-VEP	AIR ALGERIE
20884	B737-2D6	7T-VEG	AIR ALGERIE
21063	B737-2D6	7T-VEJ	AIR ALGERIE
21064	B737-2D6	7T-VEK	AIR ALGERIE
21065	B737-2D6	7T-VEL	AIR ALGERIE
21211	B737-2D6	7T-VEN	AIR ALGERIE
20650	B737-2D6	7T-VED	AIR ALGERIE
21285	B737-2D6	7T-VEQ	AIR ALGERIE

LÝÐVELDIÐ KONGÓ

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
20200	B707-329C	9Q-CBW	SCIBE AIRLIFE

DÓMINÍSKA LÝÐVELDIÐ

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
19767	B707-399C	HI-422CT	DOMINICANA DE AVIACIÓN

EGYPTALAND

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
19916	B707-328C	SU-PBB	AIR MEMPHIS
21194	B737-266	SU-AYK	EGYPT AIR
21195	B737-266	SU-AYL	EGYPT AIR
21227	B737-266	SU-AYO	EGYPT AIR

ÍRAK

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
20889	B707-370C	YI-AGE	IRAQI AIRWAYS
20892	B737-270C	YI-AGH	IRAQI AIRWAYS
20893	B737-270C	YI-AGI	IRAQI AIRWAYS

LÍBANON

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
20259	B707-3B4C	OD-AFD	MEA
19589	B707-323C	OD-AHC	MEA
19515	B707-323C	OD-AHD	MEA

20170	B707-323B	OD-AHF	MEA
19516	B707-323C	OD-AHE	MEA
19104	B707-327C	OD-AGX	TMA
19105	B707-327C	OD-AGY	TMA
18939	B707-323C	OD-AGD	TMA
19214	B707-331C	OD-AGS	TMA
19269	B707-321C	OD-AGO	TMA
19274	B707-321C	OD-AGP	TMA

LÍBERÍA

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
45683	DC8F-55	EL-AJO	LIBERIA WORLD AIRLINES

LÍBÝA

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
20245	B727-224	5A-DAI	LIBYAN ARAB AIRLINES
21051	B727-2L5	5A-DIB	LIBYAN ARAB AIRLINES
21052	B727-2L5	5A-DIC	LIBYAN ARAB AIRLINES
21229	B727-2L5	5A-DID	LIBYAN ARAB AIRLINES
21230	B727-2L5	5A-DIE	LIBYAN ARAB AIRLINES

MÁRITANÍA

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
11093	F28-4000	5T-CLG	AIR MAURITANIE

NÍGERÍA

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
18809	B707-338C	5N-ARQ	DAS AIR CARGO

PAKISTAN

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
20488	B707-340C	AP-AXG	PIA

SÁDÍ-ARABÍA

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
20574	B737-268C	HZ-AGA	SAUDIA
20575	B737-268C	HZ-AGB	SAUDIA
20576	B737-268	HZ-AGC	SAUDIA
20577	B737-268	HZ-AGD	SAUDIA
20578	B737-268	HZ-AGE	SAUDIA
20882	B737-268	HZ-AGF	SAUDIA
20883	B737-268	HZ-AGG	SAUDIA

SVASÍLAND

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
45802	DC8F-54	3D-AFR	AFRICAN INTERNATIONAL AIRWAYS (PTY) Ltd.
46012	DC8F-54	3D-ADV	AFRICAN INTERNATIONAL AIRWAYS (PTY) Ltd

TÚNIS

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
20545	B727-2H3	TS-JHN	TUNIS AIR
20948	B727-2H3	TS-JHQ	TUNIS AIR
21179	B727-2H3	TS-JHR	TUNIS AIR
21235	B727-2H3	TS-JHT	TUNIS AIR

ÚGANDA

Flugvél

Teg. nr.	*Gerð*	*Skráning*	*Flugfélag*
19821	B7O7-379C	5X-JEF	DAIRO AIR SERVICE

Nr. 491 12. júlí 1999

GJALDSKRÁ

fyrir dóma á hrossakynbótasýningum 1999.

1. gr.

Gjöld fyrir dóma á hrossakynbótasýningum 1999 skulu vera sem hér segir:

Gjald til Bændasamtaka Íslands, kr. 924 á hvert hross.

Gjald til búnaðarsambands sem er sýningaraðili, kr. 2.289 á hvert hross.

Til viðbótar gjöldum þessum er Bændasamtökum Íslands eða búnaðarsambandi heimilt að innheimta sérstakt vallargjald, allt að kr. 500 á hvert hross, ef eigandi sýningaraðstöðu krefst leigu.

2. gr.

Á gjöld samkvæmt 1. gr. leggst virðisaukaskattur, 24,5%. Heimilt er að veita afslátt frá gildandi gjaldskrá.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. júlí 1999.

Guðni Ágústsson.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Örnólfsdals í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m. s. br. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 12. júlí 1999.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

REGLUGERÐ

um skömmtun í lyfjaöskjur.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um hvers kyns skömmtun í lyfjaöskjur. Með lyfi er átt við lyf sem hafa markaðsleyfi á Íslandi, lyf sem leyfilegt er að nota samkvæmt sérstakri heimild sem lyfjanefnd ríkisins veitir, lyf til klíniskra prófana og forskriftarlyf, sem hægt er að skammta og falla undir skilgreiningu 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 65/65/EBE, með síðari breytingum.

Reglugerðin nær einnig til stakskömmtunar lyfja og skömmtunar í neyðarbakka, neyðartöskur eða neyðarvagna, lyfjakistur sjúkrabíla, flugvéla og skipa.

Um skömmtun lyfja gilda almennar reglur um framleiðslu lyfja eftir því sem við á. Hráefnið í framleiðsluna eru þau lyf sem eru skömmtuð. Skal til þess litið hvað varðar aðstöðu, aðferðir og starfshætti við skömmtunina. Lyfjatiltekt og skömmtun lyfja í heimahúsi, sem heimahjúkrun annast er undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar.

Skilgreiningar.

2. gr.

1. *Skömmtun í lyfjaöskjur:* Með skömmtun í lyfjaöskjur er átt við hvers kyns pökkun lyfja í sérstaka lyfjaöskju fyrir tilgreindan sjúkling til nokkurra daga, en mest til mánaðarnotkunar.

2. *Lyfjatiltekt:* Með lyfjatiltekt er átt við tiltekt á einstökum skammti lyfs handa einstökum sjúklingi, hverju sinni sem lyf er notað.

3. *Stakskömmtun lyfja:* Með stakskömmtun lyfja er átt við pökkun lyfja í stakan lyfjaskammt (unit dose) fyrir nánar tilgreindan eða ótilgreindan sjúkling.

4. *Lyfjaaskja:* Með lyfjaöskju er átt við hentugar umbúðir eða ílát (afhendingarílát) sem lyfjum er skammtað í. Lyfjaöskjur skulu vera hinar endanlegu umbúðir.

Starfsleyfi.

3. gr.

Skömmtun í lyfjaöskjur má fara fram, án sérstaks starfsleyfis, í lyfjabúðum og sjúkrahúsapótekum enda sé farið að almennum heimildum um afgreiðslu lyfja og um sé að ræða lyf sem afgreidd eru beint til sjúklinga. Skömmtun fyrir einstaka vistmenn stofnunar má einnig fara fram án sérstaks leyfis, á heilbrigðisstofnunum þar sem starfrækt er sjúkrahúsapótek eða sem gert hafa samning við lyfjafræðing um lyfjafræðilega þjónustu, sbr. 35. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, enda séu uppfyllt skilyrði 10. gr. þessarar reglugerðar.

4. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur, að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins, veitt leyfi til skömmtunar lyfja til aðila sem ekki fellur undir 3. gr., enda sé hann lyfjafræðingur sbr. lög um lyfjafræðinga nr. 35/1978, með síðari breytingum og um sé að ræða starfsemi sem rúmast innan ákvæða 4. málsgr. 30. gr. lyfjalaga. Með sama hætti getur ráðherra veitt aðila sem fellur undir 3. gr. víðtækara leyfi til skömmtunar lyfja að uppfylltum sömu skilyrðum.

Leyfishafi verður að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar nr. 426/1997 um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir, hvað varðar aðföng, skráningu og vörslu lyfja, sem og afhendingu skammtaðra lyfja.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf, þeim sem fengið hefur leyfi samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar og gert hefur samning við heilbrigðisstofnun um lyfjafræðilega þjónustu skv. 35. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 eða samning skv. 5. gr. reglugerðar þessarar. Samningurinn veitir viðkomandi aðila heimild til sölu skammtaðra og/eða óskammtaðra lyfja til þess sem samið hefur verið við.

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með starfsemi þess sem fær leyfi samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Í þeim tilvikum þegar lyf eru skömmtuð fyrir þriðja aðila skal gerður samningur um lyfjafræðilega þjónustu og ábyrgð aðila gagnvart hvor öðrum. Samningurinn er háður samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

6. gr.

Við skömmtun í lyfjaöskjur skal fyllsta öryggis gætt, með það fyrir augum að komið sé í veg fyrir mistök. Húsnæði, búnaður og starfshættir skulu hæfa starfseminni og fylgja gildandi leiðbeiningum um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð (GMP; Good Manufacturing Practice) eftir því sem við á. Skömmtun skal fara fram í aðstöðu þar sem gott næði er.

Hjá þeim sem skammtar lyf skal koma á gæðatryggingu og heildstæðri gæðahandbók um starfsemina.

7. gr.

Heimilt er þeim, sem leyfi hefur til að skammta í lyfjaöskjur, að rjúfa pakkningar lyfja til að annast skömmtun samkvæmt þessari reglugerð. Skylda er lögð á þann sem annast skömmtun að hann gangi úr skugga um að lyf henti til skömmtunar með tilliti til geymsluþols, lyfjafræðilegra og tæknilegra eiginleika lyfsins.

Við skömmtun í lyfjaöskjur, samkvæmt þessari reglugerð, skal þess gætt að heilbrigðisstarfsfólk og sjúklingar fái nauðsynlegar upplýsingar með hinu skammtaða lyfi.

III. KAFLI
Framkvæmd.

8. gr.

Þeir sem annast skömmtun í lyfjaöskjur skulu setja sér skýrar og skriflegar reglur um áfyllingu og afhendingu lyfjaaskja, er tryggja skulu öryggi varðandi eftirfarandi þætti, eftir því sem við á:

1. Að rétt lyf sé afgreitt til rétts sjúklings.
2. Að fyrir hendi sé möguleiki á sannkennsli ávísaðs lyfs.
3. Að notkunarfyrirmæli læknis komist rétt til skila.
4. Að ljóst sé af umbúðum hverjum lyf sé ætlað.
5. Að notanda sé gert ljóst hver geymsluskilyrði og fyrning lyfs er, ef um er að ræða lyf með takmarkað geymsluþol.
6. Að áfyllingin fari fram með þeim hætti að ekki geti átt sér stað víxlun lyfja, mengun eða önnur breyting á lyfi.
7. Að tryggt sé að umbúðir þær sem notaðar eru – lyfjaöskjurnar – og áfyllingaráhöld hafi ekki áhrif á verkun og útlit lyfs.
8. Að hver áfylling sé þannig skráð að sjá megi á hverjum tíma hvaða áfyllingar hafi farið fram, til hvaða sjúklinga, samkvæmt hvaða fyrirmælum, frá hvaða lækni, hvaða lyf hafi verið fyllt á, hvaða lotunúmer áfyllt lyf hafi borið, hvenær áfyllingin hafi farið fram, hver hafi annast áfyllinguna og hvaða lyfjafræðingur hafi annast eftirlit með áfyllingunni.
9. Að lyfjafræðingur beri ábyrgð á að ofannefnd atriði séu virt og beri endanlega ábyrgð á afhendingu lyfs í lyfjaöskju.

9. gr.

Við skömmtun í lyfjaöskjur fyrir tilgreindan sjúkling skal fylgja skriflegum fyrirmælum læknis sem leyfi hefur til að ávísa því lyfi sem um ræðir. Fyrirmælin skulu vera með þeim hætti sem lög og stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um og skulu ná til alls sem skammtað er, hvort sem um er að ræða lyfseðilsskyld lyf, lausasölulyf, eða annað. Í fyrirmælum læknis skal koma greinilega fram hve mikið magn skuli afhent hverju sinni, í hve langan tíma lyf skuli notað og á hvaða tíma sólarhrings það skuli notað.

10. gr.

Lyfjafræðingur ber ábyrgð á skömmtun í lyfjaöskjur. Heimilt er að fela lyfjatæknum eða öðru sérþjálfuðu starfsfólki að annast skömmtunina enda annist lyfjafræðingur þá lokaeftirlit og skulu báðir aðilar kvitta fyrir réttri framkvæmd.

Um skömmtun í lyfjaöskjur gilda sömu almennu reglur og um afgreiðslu lyfseðla, þ. á m. um faglegt eftirlit lyfjafræðings með ávísuðu lyfi.

11. gr.

Heimilt er að skammta fleiri en einum sjúklingi úr sömu lyfjapakkningu. Hverju sinni sem lyfjapakkning er rofin fyrsta sinni skal merkja hana dagsetningu þess dags. Ekki má skammta úr rofinni pakkningu í lengri tíma en sex mánuði, enda hafi pakkningin verið geymd lokuð við viðurkennd skilyrði þann tíma og geymsluþol lyfsins í rofinni pakkningu sé ekki skemmra.

12. gr.

Í merkingu lyfjaöskju skal eftirfarandi koma fram:

1. Auðkenni þeirrar lyfjabúðar, eða annars, sem skammtar lyfið.
2. Sérheiti lyfs eins og það er tilgreint á umbúðum.

3. Styrkur.
4. Lyfjaform.
5. Fyrirmæli um notkun.

Þegar um er að ræða lyfjaöskju sem ekki er ætluð tilgreindum sjúklingi skal eftirfarandi einnig koma fram:
1. Auðkennisnúmer, sbr. 4. málsgr. þessarar greinar.
2. Dagsetning skömmtunar.
3. Fyrning lyfjaöskjunnar.
4. Heiti lyfjabúðar eða sjúkrahúsapóteks.

Þegar skammtað er handa einstökum sjúklingi skal eftirfarandi einnig koma fram:
1. Nafn sjúklings.
2. Kennitala sjúklings.
3. Kódanúmer eða nafn læknis sem ávísaði.

Auðkennisnúmeri, sem apótek eða sjúkrahúsapótek úthlutar, er ætlað að tryggja rekjanleika lyfja í lyfjaöskju með tilliti til lotunúmera lyfjanna og hver annaðist áfyllingu og eftirlit með henni.

13. gr.

Fyrning lyfs skal tilgreind sem „Notist fyrir ...“ með dagsetningu, tölugildi mánaðar og fjögurra stafa ártali, til dæmis „01/10/2000“. Fyrning lyfs skal miðuð við geymsluþol lyfs eftir skömmtun í lyfjaöskju. Þegar um er að ræða lyfjaöskjur tilgreindra einstaklinga er óheimilt að skammta til lengri tíma en fjögurra vikna í senn.

IV. KAFLI
Varðveisla gagna.

14. gr.

Skrifleg fyrirmæli læknis um skömmtun í lyfjaöskjur, sbr. 1. málsgr. 9. gr., skulu varðveitt í að minnsta kosti fimm ár frá því skömmtun fór fram og gögn sem varða rekjanleika lyfjaskömmtunar skulu varðveitt í að minnsta kosti þrjú ár frá skömmtun.

Framangreind gögn skulu vera aðgengileg Lyfjaeftirliti ríkisins og Landlækni.

Að þeim geymslutíma liðnum, er greinir í 1. og 2. mgr., skal gögnum, jafnt skriflegum sem rafrænum, eytt á tryggilegan hátt.

V. KAFLI
Sérstök ákvæði um vélskömmtun.

15. gr.

Áður en vélskömmtun lyfja hefst skal liggja fyrir heimild Lyfjaeftirlits ríkisins um að hefja megi skömmtun og bæði vél- og hugbúnaður hafi verið gildaður.

VI. KAFLI
Eftirlit, viðurlög og gildistaka.

16. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 43. gr. lyfjalaga nr.

93/1994. Um mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, fer að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr., sbr. 30. og 35. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. júlí 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Svanhvít Jakobsdóttir.

14. júlí 1999 Nr. 494

AUGLÝSING

um útgáfu skoðunarhandbókar um skráningu og búnað ökutækja sem flytja hættulegan farm.

Með vísan til reglugerðar um flutning á hættulegum farmi nr. 192 27. mars 1998, hefur ráðuneytið gefið út skoðunarhandbók er greinir nánar frá hver skuli vera framkvæmd skoðunar og skráningar ökutækja sem flytja hættulegan farm.

Ráðuneytið hefur falið Skráningarstofunni hf. fjölritun bókarinnar og dreifingu til faggiltra skoðunarstofa.

Þetta tilkynnist hér með.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. júlí 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Guðni Karlsson.

23. júlí 1999 Nr. 495

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 1. júní 1999 samþykkt deiliskipulag athafna- og iðnaðarsvæðis á Ártúnshöfða sem markast af Bíldshöfða í suðri, Stórhöfða í norðri, Breiðhöfða í vestri og Höfðabakka í austri og tekur ennfremur til lóða við Eirhöfða og Eldshöfða.

Deiliskipulagsuppdráttur og greinargerð hafa verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. júlí 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Mosahlíð, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 1. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi í Mosahlíð, sem samþykkt var í bæjarstjórn 19. júní 1992. Breytingin felst í að bílskúr á lóð nr. 4 við Efstuhlíð er felldur niður og í stað hans er leyfður bílskúr á neðri hæð íbúðarhússins. Aðkoma í bílskúr er innan lóðar, niður með norðurhlið hússins.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

Nr. 497 14. júlí 1999

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, sem samþykkt var í bæjarstjórn 30. júní 1998 og öðlaðist gildi 31. ágúst 1998. Breytingin felst í því að innkeyrsla að Hvaleyrarbraut 27-29 frá Brekkutröð, er felld niður og flutt yfir á Hvaleyrarbraut.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. júlí 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

Nr. 498 16. júlí 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, með síðari breytingum.

1. gr.

7. tl. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 456/1994 með síðari breytingum orðist svo:

Frá 1. september til 15. mars: Helsingi, nema í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum, en þar er friðun helsingja aflétt frá 25. september til 15. mars.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

19. júlí 1999 Nr. 499

AUGLÝSING

um deiliskipulag miðsvæðisreits Bessastaðahrepps.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 1. júlí 1999 deiliskipulag miðsvæðisreits Bessastaðahrepps þar sem annars vegar er gert ráð fyrir miðsvæði undir verslun og þjónustu og hins vegar 138 nýum íbúðum í einbýlishúsum, parhúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðarsvæði. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Bessastaðahreppi, 19. júlí 1999.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

19. júlí 1999 Nr. 500

AUGLÝSING

um deiliskipulag jarðarinnar Bessastaða á Álftanesi.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 1. júlí 1999 deiliskipulag jarðarinnar Bessastaða á Álftanesi þar sem gert er ráð fyrir landnýtingu í samræmi við hlutverk staðarins sem þjóðhöfðingjaseturs. Ekki verða reistar nýjar byggingar eða mannvirki í landi Bessastaða önnur en þau, sem tengjast embætti og búsetu forseta Íslands á staðnum; eru hluti af verndun náttúrufars eða endurreisn og viðhaldi sögulegra minja innan marka jarðarinnar.

Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Bessastaðahreppi, 19. júlí 1999.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar, Eyrarsveit (iðnaðar- og athafnasvæði).

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 16. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004, Eyrarsveit.

Um er að ræða breytta landnotkun á svæði vestan Kvernár og ofan Snæfellsvegar. Niður fellur stór hluti svæðis til íbúðarbyggðar eftir skipulagstímabil auk sparkvallar og leikvallar. Fjórir hektarar af svæðinu verða iðnaðar- og athafnasvæði en hinn hlutinn óbyggt svæði. Einnig fellur niður fyrirhuguð framtíðarvegtenging inn í bæinn.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyrarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 502 21. júlí 1999

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Ríkiskaupa.

(verð án virðisaukaskatts)

1. gr.

Útboðsþjónusta.

	kr.
Lágmarksgjald fyrir útboð	80.000

Innifalið: Minniháttar útboðslýsing og tilboðsblað (verklýsing aðsend)
Gerð auglýsingar vegna samauglýsingar
Sala og kynning útboðsgagna
Meðhöndlun fyrirspurna (minniháttar)
Móttaka tilboða
Opnun tilboða
Mat tilboða
Frágangur pöntunar og/eða samnings

Gjald fyrir stærri verkefni er innheimt samkvæmt tímaskráningu starfsmanna miðað við eftirfarandi tímagjald:

	kr./klst.
Útboðsfulltrúi	2.500
Verkefnastjóri	3.800
Deildarstjóri	4.500

	kr.
Gjald fyrir gerð fyrirspurnar (í útboðsformi)	30.000
Gjald fyrir gerð verðkönnunar (án útboðs)	15.000

Auglýsingakostnaður vegna sérauglýsinga er ekki innifalinn í grunngjaldi og greiðist hann sérstaklega samkvæmt reikningi.

2. gr.
Innflutningur.

Kostnaðarverð sendingar			Þjónustugjald
0	—	500.000	7%
500.001	—	900.000	6%
900.001	—	3.000.000	4%
3.000.001	—	6.000.000	3%
6.000.001	—	11.000.000	2%
11.000.001	—	99.999.999	1,5%

Annist Ríkiskaup innflutning er útboðsþjónusta skv. 1. gr. innifalin.

3. gr.
Innlend vörukaup almenn.

Þjónustugjald 3% Lágmark kr. 500
(bætist við kostnaðarverð vöru)

Annist Ríkiskaup innlend vörukaup er útboðsþjónusta skv. 1. gr. innifalin.

4. gr.
Sala fasteigna.

Þjónustugjald Hámark 1,7% Lágmark kr. 65.000
Innifalið:
Auglýsing (samauglýsing)
Varsla og umsjón fasteigna
Núvirðing tilboða
Skjalagerð

5. gr.
Kaup fasteigna.

Þjónustugjald 1% Lágmark kr. 65.000
Innifalið: Sama og í 4. gr.

6. gr.
Kaup bifreiða.

Þjónustugjald 2%
Innifalið: Sama og í 4. gr.

7. gr.
Sala bifreiða.

Þjónustugjald 2,5% Lágmark kr. 18.000
Innifalið: Sama og í 4. gr.

8. gr.
Sala véla og tækja.

Þjónustugjald 3% Lágmark kr. 5.000
Innifalið: Sama og í 4. gr.

9. gr.
Sala notaðra muna.

Þjónustugjald 20% Lágmark kr. 1.000
Innifalið: Sama og í 4. gr.

10. gr.
Lögfræðilegar álitsgerðir.

Tímagjald lögfræðings	4.000 kr./klst.

11. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 52/1987 um opinber innkaup og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 80 25. janúar 1999.

Fjármálaráðuneytinu, 21. júlí 1999.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Guðmundur Ólason.

Nr. 503 20. júlí 1999

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað nr. 166 17. maí 1974.

1. gr.

42. gr. orðist svo:

Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður. Enginn má hleypa af skotvopni í eða nálægt byggð í kaupstaðnum.

2. gr.

43. gr. orðist svo:

Bannað er að tjalda í landi Seyðisfjarðarkaupstaðar, nema á þar til merktum svæðum. Bannað er að leggja húsbílum til dvalar í landi Seyðisfjarðarkaupstaðar, nema á þar til merktum svæðum.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júlí 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Stefán Eiríksson.

REGLUR

um breytingu á C. hluta IV. viðauka reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

1. gr.

Heiti C. hluta breytist þannig, að í stað heitisins „**Flytjanlegt starfsmannahúsnæði sem notað er í þéttbýli.**“ komi: **Flytjanlegt starfsmannahúsnæði.**

2. gr.

Í grein 1.1. falli út orðin „innan þéttbýlis“.

3. gr.

Á eftir „salerni 1,2 m^2“ í grein 4.3 falli niður orðin „á mann“.

4. gr.

Á eftir grein 5 komi ný grein, svohljóðandi:

6. Undanþágur.

6.1. Ef ekki er hægt að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í þessum hluta vegna aðstæðna á vinnustað utan þéttbýlis, skal sækja um leyfi fyrir frávikum til Vinnueftirlits ríkisins, sem metur hvort gild rök séu til að heimila þau.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 1999.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Kristín Benediktsdóttir.

19. júlí 1999 Nr. 505

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 673/1996, sbr. reglugerð nr. 603/1997, um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

1. gr.

14. gr. orðist svo:	Kr.
Gjald vegna áfrýjunar, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 17/1991, 63. og 65. gr. laga nr. 45/1997 og 30. gr. laga nr. 48/1993	80.000

Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun. Sé máli vísað frá áfrýjunarnefnd eða það vinnst þar skal endurgreiða 60.000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 40. gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. júlí 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 506 14. júlí 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Rafstöðvarvegur 1A.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 14. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytt er landnotkun lóðar jarðhýsis í Ártúnsbrekku, Rafstöðvarvegar 1A, úr almennu útivistarsvæði í athafnasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 14. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 507 14. júlí 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Marargata 2.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Um er að ræða landnotkunarbreytingu á lóðinni nr. 2 við Marargötu, úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 14. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Lóuhólar 2-6.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 14. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Breytingin varðar lóð nr. 4 við Lóuhóla þar sem skiki af útivistarsvæði norðan Lóuhóla 2-6 (um 400 m^2) er breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 14. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

14. júlí 1999 Nr. 509

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Korpúlfsstaðir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 14. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin varðar lóð Korpúlfsstaða og er landnotkun lóðarinnar breytt úr blöndu af almennu útivistarsvæði og útivistarsvæði til sérstakra nota í stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 14. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

14. júlí 1999 Nr. 510

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Austurnes við Bauganes.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 14. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin snertir landnotkun á Austurnesi við Bauganes þar sem suðvesturhluti útivistarsvæðis á Skildinganesi breytist í íbúðarlóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 14. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 511 21. júlí 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag iðnaðar- og athafnasvæðis við Kverná.

Á fundi hreppsnefndar Eyrarsveitar 1. júlí 1999 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis við Kverná. Tillagan er auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. mars til 27. apríl 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Grundarfirði, 21. júlí 1999.

F.h. Bjargar Ágústsdóttur sveitarstjóra,

Eyþór Björnsson skrifstofustjóri.

Nr. 512 19. júlí 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Ásum á Hraunsholti í Garðabæ. Breytingin felst í því að nýtingarhlutfall rað- og parhúsa er í tilteknum tilvikum hækkað úr 0,4 í 0,5. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 19. júlí 1999.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

Eiríkur Bjarnason.

Nr. 513 20. júní 1999

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Salahverfi í Kópavogi.

Ársalir nr. 1, 3 og 5.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 22. júní 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðanna nr. 1, 3 og 5 við Ársali. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr.

skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 25. mars til 8. maí 1999 og hefur hún verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Blásalir nr. 22 og 24.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 22. júní 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðanna nr. 22 og 24 við Blásali. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 25. mars til 8. maí 1999 og hefur hún verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Glósalir nr. 7.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 22. júní 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 7 við Glósali. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 25. mars til 8. maí 1999 og hefur hún verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 20. júní 1999.

F.h. Birgis H. Sigurðssonar skipulagsstjóra,

Málfríður K. Kristiansen arkitekt.

20. júní 1999 Nr. 514

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í vesturbæ Kópavogs.

Vesturvör 29.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 21. apríl 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 29 við Vesturvör. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 15. febrúar til 19. mars 1999 og hefur hún verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 20. júní 1999.

F.h. Birgis H. Sigurðssonar skipulagsstjóra,

Málfríður K. Kristiansen arkitekt.

27. júlí 1999 Nr. 515

REGLUGERÐ

um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1999/2000.

Leyfilegur heildarafli.

1. gr.

Veiðiheimildir krókabáta á fiskveiðiárinu 1. september 1999 til 31. ágúst 2000 skulu við það miðast að þorskafli þeirra fari ekki yfir 34.976 lestir, miðað við óslægðan fisk auk afla sem leiðir af flutningi aflaheimilda frá fiskveiðiárinu 1998/1999.

Þorskaflahámark.

2. gr.

Úthlutað þorskaflahámark báts sem stundar veiðar með þorskaflahámarki skal nema sama hlutfalli af 34.976 lestum, sbr. 1. gr. og nam hlutdeild hans í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995, að teknu tilliti til framsals á þorskaflahámarki og ákvæða til bráðabirgða XVIII, XXIII og XXIV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

3. gr.

Innan fiskveiðiársins er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000, eiga við um flutning þorskaflahámarks eftir því sem við á. Umsóknir um flutning þorskaflahámarks skv. þessari málsgrein skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. ágúst 2000.

Heimilt er að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þó áfram hluti sameiginlegs hámarksafla báta, sem stunda veiðar skv. 4., 5. eða 7. gr.

Sóknardagar með hámarksafla, handfæraveiðar.

4. gr.

Á fiskveiðiárinu 1999/2000 skal fjöldi leyfilegra sóknardaga vera 40 hjá bátum, sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota handfæri eingöngu, sbr. 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIII í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Þorskafli hvers báts, sem veiðar stundar samkvæmt 1. mgr. má ekki fara yfir 30 lestir, miðað við óslægðan fisk á fiskveiðiárinu.

Sóknardagar með hámarksafla, línu- og handfæraveiðar.

5. gr.

Á fiskveiðiárinu 1999/2000 skal fjöldi leyfilegra sóknardaga vera 32 hjá bátum sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota línu og handfæri, sbr. 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIII í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Þorskafli hvers báts, sem veiðar stundar samkvæmt 1. mgr. má ekki fara yfir 30 lestir, miðað við óslægðan fisk á fiskveiðiárinu.

6. gr.

Þegar bátur stundar veiðar með línu skv. 5. gr. skal margfalda fjölda nýttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu 1. maí - 1. september, en með tölunni 1,35 á öðrum tímum. Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn, miðað við allt að 500 króka á línu í hverjum bala.

Sé lína um borð í báti í róðri skal bátur tilkynntur við línuveiðar. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sbr. 8. gr.

Sóknardagar án hámarksafla, handfæraveiðar.

7. gr.

Á fiskveiðiárinu 1999/2000 skal leyfilegur fjöldi sóknardaga vera 23 hjá bátum sem stunda veiðar með handfærum eingöngu, sbr. 14. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIII í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Á tímabilinu 1. nóvember - 31. mars er þessum bátum óheimilt að stunda veiðar, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Nýting sóknardaga.

8. gr.

Sóknardagur telst vera allt að 24 klst. frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi er lokið þegar bátur landar afla.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar og hvort bátur er veiðar stundar skv. 5. gr. verður við línuveiðar, áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning berst. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar afla er landað hverju sinni. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.

Heimilt er að afturkalla tilkynningu um sóknardag, enda sé það gert innan þriggja klukkustunda eftir að tilkynning um nýtingu sóknardags, sbr. 1. mgr., var send Fiskistofu, að öðrum kosti telst sóknardagur nýttur. Ekki er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag nema bátur sé í höfn þegar afturköllun er send Fiskistofu og aldrei er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag hafi veiðarfæri verið sett í sjó.

Valdi vélarbilun því að skipstjóri sem afturkalla vill tilkynningu um nýtingu sóknardags komist ekki til hafnar innan þriggja klukkustunda en öðrum skilyrðum 3. mgr. er fullnægt, getur Fiskistofa engu að síður fellt niður sóknardag sé þess skriflega farið á leit innan 7 daga, enda fylgi fullnægjandi upplýsingar um bilunina.

Aðrar veiðar krókabáta.

9. gr.

Utan sóknardaga er þeim bátum sem stunda veiðar skv. 4., 5. eða 7. gr. bannaðar allar veiðar á nytjastofnum. Þá eru krókabátum sem náð hafa þorskaflahámarki sínu óheimilar allar veiðar á nytjastofnum. Sama á við um báta sem ákvæði 4. eða 5. gr. eiga við um og hafa veitt 30 lestir af þorski miðað við óslægðan fisk á fiskveiðiárinu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net og til veiða á háffiskum með sérhæfðri línu.

Aukaafli af þorski sem fæst við veiðar samkvæmt 2. mgr. reiknast til þorskaflahámarks og þorskafla, skv. 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr.

Fái bátur, sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga, leyfi samkvæmt 2. mgr. er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta ekki allan gildistíma leyfisins, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi krókabátur, sem háður er dagatakmörkunum en stundar hrognkelsaveiðar samkvæmt heimild í 2. mgr., aukaafla í botnfiski, getur Fiskistofa áætlað sóknardaga á bátinn vegna aukaaflans. Skal Fiskistofa þá miða við að ákveðinn fjöldi kg leiði til sóknardags og taka mið af meðaldagsafla hjá krókabátum við handfæraveiðar á sama tíma.

Nýti bátur leyfi, samkvæmt 2. mgr., til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, varðar það leyfissviptingu og viðurlögum, sbr. 16. gr.

10. gr.

Óheimilt er bátum sem krókaleyfi hafa með sóknardögum að vera á sjó með veiðarfæri utan sóknardaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja báta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu. Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.

Heimilt er bátum er veiðar stunda skv. reglugerð þessari að stunda veiðar í tómstundum, enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar og veiðistangir. Afla, sem fæst við slíkar veiðar, er ekki heimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða skv. 3. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst. Einnig skal tilkynna Fiskistofu hvenær slíkri veiðiferð lauk strax að henni lokinni. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram áætlað aflamagn, sundurliðað eftir tegundum. Tilkynningar þessar skulu berast til Fiskistofu með skriflegum hætti (símbréfi).

Endurnýjun krókabáta.

11. gr.

Heimilt er að flytja veiðileyfi krókabáts til annars báts, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Skilyrði þess að veiðileyfi sé flutt til annars báts er að eigandi krókabáts, sem veiðileyfi lætur, hafi skriflega óskað eftir því að veiðileyfið sé flutt til fiskiskips, sem sé á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands, hafi gilt haffærisskírteini og hafi ekki haft veiðileyfi í öðru veiðikerfi á fiskveiðiárinu.

Sé bátur sem veiðileyfi á að fá stærri en krókabátur sá sem veiðileyfi lætur, er það því aðeins heimilt að flutt sé veiðileyfi frá öðrum krókabáti eða krókabátum, sem eru að minnsta kosti þrefalt stærri en stærðarmuninum nemur. Sé bátur sem veiðileyfi á að fá minni en krókabátur sá sem veiðileyfi lætur, er heimilt að flytja þriðjung þess sem umfram er til annars báts.

12. gr.

Við mat á stærð þiljaðra krókabáta skal leggja til grundvallar rúmtölu þeirra, sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás, og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðri punkti miðbands við kjöl og efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna krókabáta ákvarðast rúmtala sem 4,3 * brúttótonn, þar sem brúttótonnatala er fundin samkvæmt grein 6.2 reglugerðar nr. 527 18. ágúst 1997, um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum.

13. gr.

Við útreikning rúmtölu samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal Fiskistofa byggja á upplýsingum frá Siglingastofnun Íslands, að svo miklu leyti sem unnt er.

Heimilt er að meta það sérstaklega ef lögun báts er ekki hefðbundin, t.d. ef mismunur mestu lengdar og lóðlínulengdar eða mótaðrar breiddar og mestu breiddar er óvenjulegur. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál.

14. gr.

Sé veiðileyfi flutt frá báti fellur niður umframrúmtala sem ekki nýtist við þann flutning.

15. gr.

Séu veiðileyfi tveggja eða fleiri báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki flutt til eins báts, fær sá bátur krókaleyfi með samanlögðu þorskaflahámarki bátanna.

Séu veiðileyfi tveggja eða fleiri báta sem stundað hafa veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga flutt til eins báts, fær sá bátur samskonar krókaleyfi ásamt ónýttum sóknardögum og ónýttum leyfilegum þorskafla, sbr. 4. og 5. gr., sem sá bátur hafði sem grunnur veiðileyfisins kom frá.

Séu krókaleyfi báts eða báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki og báts eða báta sem stundað hafa veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga flutt til eins báts, skal bátnum úthlutað krókaleyfi með samanlögðu þorskaflahámarki þess báts eða þeirra báta sem leyfi höfðu til veiða með þorskaflahámarki.

Aldrei er heimilt að flytja krókaleyfi til báts sem er stærri en 6 brúttótonn.

Óheimilt er að gera breytingar á báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki, þannig að rúmtala hans aukist, nema flutt sé veiðileyfi af öðrum krókabáti eða bátum sem eru þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Óheimilt er að gera breytingar á báti sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga, þannig að rúmtala hans aukist, nema flutt sé veiðileyfi frá öðrum báti eða bátum sem stundað hafa veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og eru þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Krókabáti má aldrei breyta þannig að hann verði stærri en 6 brúttótonn.

Tilkynna skal Fiskistofu um fyrirhugaðan flutning veiðileyfis og breytingar á bátum samkvæmt þessari grein.

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

17. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni gildir 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Um endurnýjun krókabáta fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1999/2000.

Heildarafli og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1999 til 31. ágúst 2000 er leyfilegur heildarafli og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum sem hér segir:

	Tegund	Leyfilegur heildarafli	Krókabátar	Til jöfnunar skv. ákv. til brb. XXV í l. nr. 38/1990	Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákv. til brb. XXVI l. nr. 38/1990	Bætur vegna skerðingar í innfjarðarækju skv. 9. gr. l. nr. 38/1990	Úthlutað aflamark 1999/2000
		Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir
1.	Þorskur	250.000	34.976	3.000	1.397	1.929	208.698
2.	Ýsa	35.000	2.500	-	196	270	32.034
3.	Ufsi	30.000	2.000	-	168	232	27.600
4.	Steinbítur	13.000	3.000	-	73	100	9.827
5.	Karfi	60.000	-	-	-	-	60.000
6.	Grálúða	10.000	-	-	-	-	10.000
7.	Sandkoli	7.000	-	-	-	-	7.000
8.	Skrápflúra	5.000	-	-	-	-	5.000
9.	Skarkoli	3.000	-	-	-	-	3.000
10.	Þykkvalúra	1.400	-	-	-	-	1.400
11.	Langlúra	1.100	-	-	-	-	1.100

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

Aflamark í sandkola og skrápflúru miðast við afla á svæði sem er sunnan 64°30'N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðarnesi. Á öðrum svæðum eru veiðar á þessum tegundum ekki bundnar aflamarki.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 1999 til 31. ágúst 2000 er leyfilegur heildarafli úr neðangreindum tegundum sem hér segir:

	Tegund	Lestir
1.	Síld (íslensk sumargotssíld)	100.000
2.	Úthafsrækja	20.000
3.	Humar	1.200
4.	Hörpudiskur samtals	9.800
	þ.a. Breiðafjörður	8.500
	þ.a. Húnaflói	1.000
	þ.a. Arnarfjörður	300
5.	Innfjarðarækja samtals	3.300
	þ.a. Arnarfjörður	400
	þ.a. Ísafjarðardjúp	650
	þ.a. Húnaflói	350
	þ.a. Skagafjörður	700
	þ.a. Skjálfandi	200
	þ.a. Öxarfjörður	1.000

Leyfilegur heildarafli af innfjarðarækju og úthafsrækju, skv. 2. og 5. tl., er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsafla og verða þær endurskoðaðar fyrir rækjuvertíðina og síðan eftir áramótin 1999/2000.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 1999 til og með 1. maí 2000.

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október 1999 til 1. maí 2000. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta upphafi og lokum vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarækju, liggi fyrir umsögn um það frá Hafrannsóknastofnuninni.

Veiðitímabil og heildarafli annarra tegunda verða ákveðin sérstaklega með reglugerð.

Úthafsrækjuveiðisvæði.

4. gr.

Til úthafsrækju telst rækja, sem veidd er á svæðum, sem skilgreind eru í reglugerð nr. 304, 3. maí 1999, um úthafsrækjuveiðisvæði o.fl., og ennfremur rækja, sem veidd er samkvæmt sérstökum leyfum innan viðmiðunarlínu á Breiðafirði.

Úthafsrækja sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26° N og norðan 65°30'V telst ekki til aflamarks í úthafsrækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók hversu mikill afli sé fenginn á því svæði og tilkynni um veiðar og afla skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar þessarar.

Til að úthafsrækjuafli teljist ekki til aflamarks sbr. 2. mgr. skulu skip ennfremur búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til Landhelgisgæslunnar um staðsetningu skipsins á klukkustundar fresti. Skulu sendingar skv. ofangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla. Vanræksla á sjálfvirkum sendingum tilkynninga, rangar eða villandi upplýsingar í dagbók eða tilkynningum til Fiskistofu skulu leiða til þess, að allur rækjuafli skipsins í veiðiferðinni reiknist til aflamarks í úthafsrækju.

Skipting leyfilegs afla.

5. gr.

Veiðiheimildum í þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr., skal skipt milli einstakra skipa. Úthlutað aflamark hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutuðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama og skipunum var úthlutað fyrir fiskveiðiárið 1. september 1998 til 31. ágúst 1999, að teknu tilliti til flutnings á aflahlutdeild milli skipa og leiðréttinga sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar er eftirtalið dregið frá:

1. Áætlaður afli krókabáta skv. 6. gr.
2. Aflaheimildir, sem nota skal til bóta vegna fyrirsjáanlegrar skerðingar í aflamarki skv. 2. gr. sbr. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.
3. Aflaheimildir sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar skv. ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.
4. Aflaheimildir sem úthluta skal skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Krókabátar.

6. gr.

Bátar sem eingöngu stunda veiðar með handfærum eða línu og handfærum, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIII í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, kallast krókabátar, veiðileyfi þeirra krókaleyfi og veiðar þeirra krókaveiðar. Um veiðar krókabáta gilda ákvæði reglugerðar um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1999/2000.

Sameiginlegur hámarksafli krókabáta í þorski skal vera 34.976 lestir miðað við óslægðan þorsk með haus.

Útreikningur aflamarks.

7. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92 og steinbíts með 0,9.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila í magn þorsks, ýsu og ufsa

með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92 en steinbíts með 0,9.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

Allan afla af botnfisktegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, sbr. 2. gr., og fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 20% á þorsk, 15% á ýsu, ufsa, karfa og grálúðu en 10% á skarkola, steinbít, langlúru, þykkvalúru, skrápflúru og sandkola.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm, ýsa styttri en 45 cm og karfi styttri en 33 cm teljast ekki að hálfu til aflamarks, enda fari þorskur undir 50 cm ekki yfir 7% af þorskafla í veiðiferð og afli annarra tegunda samkvæmt þessari málsgrein ekki yfir 10% af viðkomandi tegund. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum að afla undir tilgreindum stærðum sbr. 1. málslið, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni, sem annast endanlega vigtun aflans innanlands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla, sem frystur er um borð í veiðiskipi, nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst til aflamarks.

8. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli, sem landað er 1. september 1999 eða síðar, til fiskveiðiársins 1. september 1999 til 31. ágúst 2000, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs. Á sama hátt telst afli, sem landað er 1. september 2000 eða síðar, til fiskveiðiárs er hefst þann dag, enda þótt veiðiferð hefjist fyrr.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað skal afli teljast til þess fiskveiðiárs þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

9. gr.

Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótaþingi í síðastliðinni viku.
3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótaþingi.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrirfram um flutning aflamarks samkvæmt 1. mgr. og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn. Eigandi þess skips sem aflamarkið er flutt frá skal undirrita beiðni um flutning. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um flutning á þorskaflahámarki eftir því sem við á.

Annar flutningur aflamarks milli skipa en um getur í 1. mgr. er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi. Fer um hann samkvæmt lögum um Kvótaþing nr. 11/1998.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins í upphafi fiskveiðiárs. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Tefjist skip

frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs, vegna tjóns eða meiriháttar bilana, hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar, samkvæmt þessari grein.

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki í þorskígildum talið, sem skipi var úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess. Heimilt er með samþykki Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks í þeim tilvikum að um breytingar á skipastól viðkomandi útgerðar sé að ræða og aflahlutdeildin sé jafnframt flutt milli viðkomandi skipa.

Umsóknir um flutning aflamarks milli fiskiskipa á fiskveiðiárinu 1999/2000 skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. ágúst 2000.

10. gr.

Flutning á aflahlutdeild, þ.m.t. krókaaflahlutdeild, milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Eigandi þess skips, sem aflahlutdeildin er flutt frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá ásamt samþykki þeirra aðila er þinglýst veð áttu í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2000. Berist umsókn eftir 31. júlí 2000, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 2000/2001.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en sem hér segir: Þorskur og ýsa 10%, ufsi, karfi, grálúða, síld, loðna og úthafsrækja 20%. Um takmörkun á hámarksaflahlutdeild vísast að öðru leyti til 11. gr. a og 11. gr. b í lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Þorskígildisstuðlar.

11. gr.

Við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar, sbr. 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990, skulu þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 1999 til 31. ágúst 2000 vera eftirfarandi: Þorskur 1,00, ýsa 1,15, ufsi 0,65, karfi 0,60, steinbítur 0,70, grálúða 1,75, skarkoli 1,10, langlúra 0,80, þykkvalúra 1,35, skrápflúra 0,50, sandkoli 0,50, loðna 0,05, síld 0,12, humar (slitinn) 6,80, rækja 1,05 og hörpudiskur 0,35. Ofangreindir stuðlar gilda einnig varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990, eftir því sem við á.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar um vigtun sjávarafla.

Afla af skrápflúru og sandkola sem fenginn er á því veiðisvæði sem tilgreint er í 4. mgr. 2. gr. skal haldið aðskildum frá öðrum afla af þessum tegundum og hann veginn og skráður sérstaklega.

Skipstjórar fiskiskipa, sem halda til úthafsrækjuveiða á Dohrnbanka, sbr. 2. mgr. 4. gr., skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær þær hefjast og hvenær þeim lýkur.

Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afli um borð sundurliðaður eftir tegundum.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki haldi skip til veiða utan lögsögunnar á úthafskarfa, síld, loðnu, kolmunna, túnfiski og makríl, enda sé Fiskistofu tilkynnt um slíkt í samræmi við reglur þar að lútandi.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 4. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

13. gr.

Útgerðum skipa með fullvinnsluleyfi er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi sem Fiskistofa ákveður.

14. gr.

Heimilt er að nýta báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, til veiða í tómstundum enda séu engin veiðarfæri um borð önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar og veiðistangir. Óheimilt er að selja afla eða fénýta á annan hátt.

Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða skv. 1. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður veiðiferð hefst. Einnig skal tilkynna Fiskistofu, hvenær slíkri veiðiferð lauk strax að henni lokinni. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram áætlað aflamagn, sundurliðað eftir tegundum. Tilkynningar þessar skulu berast til Fiskistofu með skriflegum hætti (símbréfi).

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, sbr. V. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða, sbr. IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 333, 25. maí 1999, um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 1999/2000.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Á fiskveiðiárinu 1. september 1999 - 31. ágúst 2000 skulu útgerðir fiskiskipa greiða sérstakt gjald - veiðieftirlitsgjald - fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr. laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 14.940 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við heildaraflamark metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 242 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.670 kr.

Innheimta skal sérstakt gjald vegna afla krókabáta er veiðar stunda með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatakmörkunum. Skal gjaldið vera 242 kr. og skal miða við landaðan afla viðkomandi krókabáts í þorskígildum á tímabilinu 1. ágúst 1998 til 31. júlí 1999 af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1998/1999 eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 6.-7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 14.940 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi þorskígildisstuðla: Þorskur 1,00, ýsa 1,15, ufsi 0,65, karfi 0,60, grálúða 1,75, skarkoli 1,10, sandkoli 0,50, steinbítur 0,70, langlúra 0,80, skrápflúra 0,50, rækja 1,05, humar (slitinn) 6,80, hörpudiskur 0,35, síld 0,12 og loðna 0,05.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við útgáfu veiðileyfa eða afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á fiskveiðiárinu 1999/2000 skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Úthluta skal 3.000 lestum af þorski, m.v. óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998.

2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið.

Við útreikning á úhlutun skv. 1. gr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

3. gr.

Við úthlutun skv. 1. gr. skal þorskaflamark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðiárs 1999/2000 og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir m.v. óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðiársins 1999/2000 verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

4. gr.

Endurnýi útgerð bát, sem rétt á til úthlutunar samkv. 1. gr. með nýsmíði eða kaupum á öðrum báti, skal úthluta til þess báts er í staðinn kemur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hann af þeim báti, sem verið er að endurnýja og ekki hafi verið samið um annað. Tilkynna skal til Fiskistofu um slíka endurnýjun og hvorum bátnum úthlutun skal fylgja.

5. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflahlutdeild í þorski til aflamarksbáta sem voru minni en 10 brúttólestir eða 10 brúttótonn 1. janúar 1991 eða 1. desember 1998, enda sé þorskaflahlutdeild þeirra 1. september 1999 sú sama eða meiri en hún var 1. desember 1998. Þá skulu þeir hafa landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998.

Auka skal þorskaflahlutdeild báta sem fullnægja skilyrðum settum í 1. mgr. um 5% m.v. aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun skv. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, til báta, sem stunda veiðar á innfjarðarækju.

1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í rækju á innfjarðasvæðum þ.m.t. Eldeyjarsvæði á fiskveiðiárinu 1998/1999, skal á fiskveiðiárinu 1999/2000 úthluta aflamarki sem nemur samtals 2.071 þorskígildum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju.

2. gr.

Skulu uppbætur miðast við, að skerðingin miðað við áætlaðan leyfilegan heildarafla verði ekki meiri en 30% talið frá meðalafla rækjuvertíðanna 1992/1993 - 1997/1998. Ekki skal koma til uppbóta samkvæmt reglugerð þessari hafi meðaltalsaflamark báta í innfjarðarækju á einstökum svæðum verið 52,5 lestir eða hærra á fiskveiðiárinu 1998/1999.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún var 1. júlí 1999. Uppbæturnar skuli skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum og verðmætastuðla.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

27. júlí 1999 Nr. 520

REGLUGERÐ

um greiðslu gjalds til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins fiskveiðiárið 1999/2000.

1. gr.

Útgerðir íslenskra fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1999 skv. lögum um stjórn fiskveiða og útgerðir fiskiskipa sem fá úthlutað aflamark á grundvelli laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Útgerðir fiskiskipa er fá úthlutað aflamarki 1. september 1999 skulu greiða gjald er nemur 1.225 krónum á hverja úthlutaða þorskígildislest miðað við þorskígildisstuðla skv. 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; þann 1. september 1999, 1. janúar 2000 og 1. maí 2000. Útgerð fiskiskips er fær úthlutað aflamarki á öðrum tíma innan fiskveiðiársins skal greiða jafnhátt gjald vegna þess aflamarks. Fari úthlutun fram á fyrsta ársþriðjungi fellur 1/3 hluti gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu skiptast jafnt á tvo seinni gjalddaga eins og þeir eru tilgreindir í 2. málslið þessarar greinar.

Fari úthlutun fram á öðrum ársþriðjungi falla 2/3 hlutar gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu greiðast 1. maí 2000. Fari úthlutun fram á þriðja ársþriðjungi fellur allt gjaldið í gjalddaga við úthlutun.

Útgerðir fiskiskipa er stunda veiðar með línu og/eða handfærum með þorskaflahámarki eða dagatakmörkunum skulu greiða 1.225 kr. á hverja landaða þorskígildislest, miðað við verðmætastuðla skv. 3. gr., af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1998/1999 og viðkomandi bátur landaði á tímabilinu 1. ágúst 1998 til 31. júlí 1999 eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; 1. september 1999, 1. janúar 2000 og 1. maí 2000.

2. gr.

Hafi greiðsla fyrir gjald skv. 1. gr. ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga á þann bankareikning sem tilgreindur er á reikningi skv. 4. gr. fellur veiðileyfi viðkomandi fiskiskips niður án frekari viðvörunar. Hæstu lögleyfðir dráttarvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga ef ekki er greitt innan mánaðar frá gjalddaga.

3. gr.

Við útreikning þorskígilda við álagningu gjalds skv. 1. gr. skal miða við eftirfarandi þorskígildisstuðla: Þorskur 1,00, ýsa 1,15, ufsi 0,65, karfi 0,60, grálúða 1,75, skarkoli 1,10, sandkoli 0,50, steinbítur 0,70, langlúra 0,80, skrápflúra 0,50, loðna 0,05, síld 0,12, humar (slitinn) 6,80, rækja 1,05 og hörpudiskur 0,35.

4. gr.

Fiskistofa annast innheimtu gjaldsins og sendir útgerð fiskiskips reikning vegna gjalds þessa. Á reikningi skal koma fram að um sé að ræða innheimtu á gjaldi skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem renni til Þróunarsjóðs. Ennfremur skal koma fram úthlutað aflamark eða viðmiðunarafli viðkomandi fiskiskips, gjald á þorskígildislest, heildarfjárhæð gjaldsins, gjalddagar gjaldsins og aðrir greiðsluskilmálar ásamt númeri bankareiknings sem greiða ber inn á. Gjaldið er ekki endurkræft enda þótt aflamark verði ekki nýtt. Útgerð fiskiskips er gjaldskyld vegna úthlutaðs aflamarks þótt aflamark verði framselt á annað fiskiskip.

5. gr.

Fiskistofa skal halda fjárreiðum vegna innheimtu þessarar aðgreindum frá bókhaldi sínu og skal standa Þróunarsjóði sjávarútvegsins skil á innheimtu gjaldsins eins fljótt og auðið er, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal greiða Fiskistofu samkvæmt reikningi kostnað vegna innheimtu þeirrar sem Fiskistofa annast skv. reglugerð þessari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar, snjóflóðavarnir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 16. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999.

Um er að ræða breytta landnotkun vegna snjóflóðavarna (stækkun svæðis til sérstakra nota) norðan íbúðabyggðar við Urðarteig, Hlíðarveg, Blómsturvelli, Víðimýri, Starmýri og Hrafnsmýri sbr. úrskurð skipulagsstjóra skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 dags. 19. júní 1998.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að ákvæði um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglna nr. 189 frá 21. mars 1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, sbr. 3.-5. gr. reglna nr. 337 frá 2. maí 1997, öðlist gildi þann 1. september 1999. Samgönguráðuneytið hefur ennfremur ákveðið að 6. og 7. gr. reglna nr. 337 frá 2. maí 1997, um breytingu á reglum nr. 189/1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, öðlist gildi þann 1. september 1999.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35 frá 30. apríl 1993, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta nr. 744/1998.

Samgönguráðuneytinu, 27. júlí 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag svæðis 1 fyrir snjóflóðavarnir í Neskaupstað, Drangagilssvæði, Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 12. júlí 1999 samþykkt deiliskipulag svæðis 1 fyrir snjóflóðavarnir í Neskaupstað, Drangagilssvæði.

Deiliskipulagið tekur til svæðis norðan Víðimýrar og Blómsturvalla. Skipulagið gerir ráð fyrir keilum og varnargarði til snjóflóðavarna. Uppdráttur og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reyðarfirði, 15. júlí 1999.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

Nr. 524 22. júlí 1999

GJALDSKRÁ

vegna tilkynninga um ný efni.

1. gr.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald vegna tilkynninga um ný efni.

2. gr.

Hollustuvernd ríkisins tekur við tilkynningum um ný efni hér á landi samanber reglugerð nr. 815/1998 um tilkynningaskyldu varðandi ný efni.

Miljöstyrelsen í Danmörku annast úrvinnslu og áhættumat í tengslum við slíka tilkynningu samkvæmt samningi Hollustuverndar ríkisins við Miljöstyrelsen í Danmörku dags. 3. mars 1998. Hollustuvernd ríkisins veitir upplýsingar um samninginn og leiðbeinir um framkvæmd tilkynninga vegna nýrra efna.

Tilkynnandi hins nýja efnis greiðir sérstakt umsýslugjald til Hollustuverndar ríkisins sem standa á straum af kostnaði vegna tilkynningarinnar, samanber gjaldskrá yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

3. gr.

Gjaldskrá vegna tilkynninga um ný efni er eftirfarandi:

Tegund tilkynningar, samanber tilvísun til greina reglugerðar nr. 815/1998.	*Gjald danskar kr. (án vsk.)*
Ítarleg tilkynning þ.e. magn ≥ 1 tonn/ári eða yfir 5 tonn alls sbr. 5. gr.	72.600
Áhættumat fyrir ítarlegri tilkynningu	62.650
Takmörkuð tilkynning sbr. 1. mgr. 6. gr.	13.700
Áhættumat fyrir takmarkaða tilkynningu sbr. 1. mgr. 6. gr.	17.850
Takmörkuð tilkynning sbr. 2. mgr. 6. gr.	4.200
Áhættumat fyrir takmarkaða tilkynningu sbr. 2. mgr. 6. gr.	4.900

Verð uppfærist í samræmi við dönsku verðlagsvísitöluna og reiknast á eftirfarandi hátt:

Verð = taxti samkvæmt töflu x verðlagsvísitala í janúar á reikningsári/verðlagsvísitala í janúar 1995.

Vísitala í janúar 1995 = 293,3 stig.

4. gr.

Gjald vegna tilkynningar skal greitt til Hollustuverndar ríkisins um leið og tilkynningu um nýtt efni er skilað til stofnunarinnar. Heimilt er að fresta umfjöllun um tilkynningu efnis þar til gjald samkvæmt 3. gr. hefur verið innt af hendi.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt vegna sérstakra ástæðna að lækka eða fella niður gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

20. júlí 1999 Nr. 525

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Dalvíkurbyggð.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

Regla og næði.

1. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

2. gr.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega hegðun, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

3. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

4. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

5. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

Góðir umgengishættir og hreinlæti á almannafæri.

6. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns og samþykkt bygginga- og skipulagsnefndar.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp gróður.

7. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum eða á girðingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

8. gr.

Í samræmi við ákvæði heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir einnig um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bíla, bílhluta, báta, skipsskrokka o.fl. Heimilt er að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bílflök að undangenginni aðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmri ef hætta, mengun o.s.frv. stafar af.

Bílflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslausar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu Dalvíkurbyggðar í 45 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllnum kostnaði, svo sem dráttar- og geymslugjaldi. Liggi fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélarnúmer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með áorðnum breytingum. Þá skal og heimilt að selja nýtilega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna töku og geymslu þeirra.

9. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengnireglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

10. gr.

Óheimilt er að áreita dýr og fugla eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sérákvæði gilda um. Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um verndun dýra, nú lög nr. 15/1994, og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 64/1994 og reglugerðar um friðland Svarfdæla, nr. 443/1980.

Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.

11. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gangstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í holræsakerfi má ekki hella mengandi efnum s.s. spilliefnum o.s.frv.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Gróður, s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga, vegi eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af tæknideild Dalvíkurbyggðar og kynntar íbúum með tryggilegum hætti. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

12. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi og því um líkt í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi umferðarstjórn.

13. gr.

Á almannafæri má ekki nota skotvopn, ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum, nema með leyfi lögreglustjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra til að halda flugeldasýningar, nema ef sérstaklega stendur á, s.s. um áramót eða á þrettándanum. Bann þetta tekur einnig til friðlands í Svarfaðardal, sbr. auglýsingu nr. 443/1980 og fólkvangs í Böggvisstaðafjalli, sbr. auglýsingu nr. 432/1994.

14. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni. Einnig er slökkviliðsstjóra heimilt að takmarka samgang við skip sem flytja eldfim efni, svo sem olíuskip.

15. gr.

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg í sveitarfélaginu né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjaryfirvalda. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess sem verkið átti að vinna.

16. gr.

Þegar hús er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrirmælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það fjarlægt eða rifið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

17. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfis, nýtingu lóða, grundvöll gjaldtöku og skatta o.s.frv., nema að fengnu leyfi byggingarnefndar, sbr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint bann tekur til hvers konar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra er augsýnilega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóðarhafa, ef hann sinnir ekki fyrirmælum byggingayfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein.

II. KAFLI
Um ökutæki, umferð o.fl.

18. gr.

Vörubifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hópbifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðahúsahverfum eða almennum bifreiðastæðum í þéttbýlunum, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar, án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna og þess háttar tækja á götum og almenningsbifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

19. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

20. gr.

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis Dalvíkurbyggðar, sbr. þó 43. gr. umferðalaga.

Á opnum svæðum, skógræktarsvæðum, skólasvæðum og á skíðasvæði í Böggvisstaðafjalli er umferð torfærutækja bönnuð, nema nauðsynleg sé vegna öryggis og eða vinnu á þeim.

21. gr.

Aflvélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í annars konar notkun, er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi, svo komast megi hjá ólofti og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

22. gr.

Almennur hámarkshraði í þéttbýli Dalvíkurbyggðar skal vera 50 km á klst. Utan þéttbýlis gilda almennar reglur um hámarkshraða. Á einstökum götum eða bæjarhverfum getur lögreglustjóri, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, ákveðið annan hámarkshraða.

23. gr.

Þeir sem flytja hvers konar farm um götur sveitarfélagsins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

24. gr.

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðir eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bygginganefnd hefur samþykkt til slíkra afnota. Bygginganefnd getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

25. gr.

Á götum, vegum eða svæðum má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, reiðhjól eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Börn yngri en fimmtán ára, sem fara um á reiðhjólum, hjólabrettum, hjólaskautum, renna sér á skíðum, sleðum, skíðabrettum o.þ.h., skulu nota hlífðarhjálma og viðeigandi hlífðarbúnað.

III. KAFLI
Um götuspjöld og húsnúmer.

26. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar. Húseigendur í dreifbýli skulu merkja heimreiðar með nafni jarða og/eða íbúðarhúsa.

IV. KAFLI
Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.

27. gr.

Um verslun gilda ákvæði laga um verslunaratvinnu nr. 28 frá 8. apríl 1998.

28. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 02.00. Veitingastaði með skemmtanaleyfi er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar en 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á hótelum og öðrum gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Bæjarstjóri getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Hið sama gildir um einkasamkvæmi á umræddum stöðum.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

29. gr.

Óheimilt er að selja börnum innan 16 ára aðgang að leiktækjum. Miðað skal við fæðingarár. Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja-, spila- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00 - 23.30 daglega.

30. gr.

Um opnunartíma verslana gilda sérstakar samþykktir sem bæjarstjórn setur.

V. KAFLI
Um útivistartíma barna og ungmenna.

31. gr.

Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.

VI. KAFLI
Um hundahald, búfjárhald o. fl.

32. gr.

Hundahald er bannað, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. samþykkt nr. 651/1996 um hunda-, katta- og gæludýrahald í Dalvíkurbyggð.

33. gr.

Búfjárhald er bannað í þéttbýlunum, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. reglugerð nr. 377/1995 um búfjárhald í Dalvíkurbyggð.

34. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

VII. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o.fl.

35. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir stjórnsýsluumdæmi Dalvíkurbyggðar. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingarlögum, umferðarlögum, lögum um heilbrigðis- og hollustuvernd o.s.frv.

36. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af hinum brotlega eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

37. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsimál rekin að hætti opinberra mála.

Hagnaður sá, sem hinn brotlegi kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

38. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Dalvíkurkaupstað, nr. 580, 14. september 1981, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júlí 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Stefán Eiríksson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 1999

28. júlí 1999 1601 Nr. 526

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 420/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á hvítkáli og gulrótum í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0704.9001	Hvítkál	29.07. - 08.08.99	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	29.07. - 08.08.99	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. júlí 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Dís Sigurgeirsdóttir.

Stjórnartíðindi B 69, nr. 526. Útgáfudagur 29. júlí 1999.

B 103
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 1999

Nr. 527 1602 16. júlí 1999

REGLUGERÐ

um varnir gegn mengun sjávar vegna eitraðra efna í fljótandi formi sem flutt eru í geymum skipa.

1. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

1.1 *Aðskilin kjölfesta*: Kjölfesta sem sett er í geymi og er algerlega aðskilin frá farmi og eldsneytisolíukerfum skipsins og er geyminum eingöngu ætlað að flytja kjölfestu eða farm sem ekki inniheldur olíu eða eitruð efni í fljótandi formi eins og þau eru skilgreind í reglugerð nr. 715/1995, í þessari reglugerð og í viðaukum samningsins.

1.2 *Alþjóðakóði um efni sem flutt eru í lausu í geymum skips* (International Bulk Chemical Code): Alþjóðakóði um smíði og búnað skipa er flytja hættuleg efni í lausu og settur var af Alþjóðasiglingamálastofnuninni með ályktun MEPC.19(22) með áorðnum breytingum, hér eftir nefndur IBC-kóðinn.

1.3 *Efnaflutningaskip*: Skip sem er smíðað eða er breytt til þess að flytja aðallega farm eitraðra efna í fljótandi formi í farmrýmum skipa, þ.m.t. olíuflutningaskip eins og það er skilgreint í 21. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 715/1995 um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, þegar farmur skips eða hluti farms skips eru eitruð efni í fljótandi formi í geymum.

1.4 *Efni í fljótandi formi*: Efni sem hafa gufuþrýsting lægri en 2,8 kp/cm^2 við 37,8°C.

1.5 *Eitruð efni í fljótandi formi*: Eitruð efni í fljótandi formi sem flutt eru í lausu í farmrými skipa og falla í flokka A, B, C eða D sbr. fylgiskjal I við reglugerð þessa eða samkvæmt mati sbr. 3. mgr. 3. gr. falla í flokka A, B, C eða D til bráðabirgða.

1.6 *Frá næsta landi*: Frá grunnlínum landhelgi sem miðað er við þegar lögsaga er afmörkuð í samræmi við alþjóðalög, nema þegar mælt er fyrir um annað í samningnum.

1.7 *Geymir*: Lokað rými sem er formað af varanlegu smíðafyrirkomulagi skipsins og er hannað til að flytja vökva í lausu.

1.8 *Hrein kjölfesta*: Kjölfesta í geymi sem hefur verið vandlega hreinsaður eftir að hann var síðast notaður til flutnings á efnum er falla í flokka A, B, C eða D, sbr. 3. gr., leifarnar frá þeirri hreinsun verið losaðar út og geymirinn tæmdur í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

1.9 *Kóði um efni sem flutt eru í lausu í geymum skips* (Bulk Chemical Code): Alþjóðakóði sá sem gildir um smíði og búnað skipa er flytja hættuleg efni í lausu og settar hafa verið á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar með ályktun MEPC.20(22) með áorðnum breytingum, hér eftir nefndur BCH-kóðinn.

1.10 *Olíuflutningaskip*: Skip sem er smíðað eða er breytt og aðallega notað til að flytja olíu í lausu í farmrými, þar með talin fjölnotaskip og sérhvert efnaflutningaskip þegar það flytur olíu í lausu í geymum sínum eða í hluta af þeim.

1.11 *Samningurinn*: Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

1.12 *Sérhafsvæði*: Hafsvæði þar sem viðurkenndar tæknilegar ástæður um haffræðilegar og vistfræðilegar aðstæður hafsvæðisins og sérstaða svæðisins vegna umferðar um það

krefjast beitingar sérstakra lögboðinna aðferða til að koma í veg fyrir mengun hafsins frá eitruðum efnum í fljótandi formi. Eftirtalin hafsvæði eru sérhafsvæði samkvæmt reglugerð þessari:

a) Eystrasaltssvæðið eins og það er skilgreint í 10. reglu í viðauka I við samninginn,
b) Svartahafssvæðið eins og það er skilgreint í 10. reglu í viðauka I við samninginn og
c) hafsvæðið við Suðurheimskautið, þ.e.a.s. hafsvæðið sunnan við 60. breiddargráðu.

1.13 *Smíðað skip*: Skip þar sem kjölur hefur verið lagður eða er á svipuðu smíðastigi. Farið skal með skip, sem breytt er í efnaflutningaskip án tillits til þess hvenær það var smíðað, sem efnaflutningaskip smíðað á þeim degi er umrædd breyting hófst. Þetta á þó ekki við um breytingu á skipi sé það:

a) Smíðað fyrir 1. júlí 1986, og
b) hafi því verið veitt skírteini samkvæmt BCH-kóðanum er heimilar því einungis að flytja þau efni er samkvæmt kóðanum geta skapað mengunarhættu.

1.14 *Stofnunin*: Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).

1.15 *Stjórnvöld*: Hollustuvernd ríkisins og faggiltir skoðunaraðilar sem Hollustuvernd ríkisins felur að sjá um eftirlit með tilteknum þáttum samkvæmt reglugerð þessari. Siglingastofnun Íslands eða aðili sem starfar í umboði hennar er stjórnvald í þeim málum er varða skip og búnað þeirra sbr. lög nr. 6/1996 með síðari breytingum.

1.16 *Svipað smíðastig*: Smíðastig þar sem:

a) smíði tiltekins skips er greinilega hafin; og
b) samsetning er hafin og er smíðin orðin að minnsta kosti 50 tonn að þyngd eða 1% af áætluðum heildarþunga smíðaefnis skipsins, eftir því hvort er minna.

2. gr.

Gildissvið.

2.1 Reglugerð þessi gildir um öll skip sem sigla í mengunarlögsögu Íslands og um skip sem sigla undir íslenskum fána utan mengunarlögsögu Íslands og flytja eitruð efni í fljótandi formi, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

2.2 Þegar farmur, sem fellur undir ákvæði reglugerðar nr. 715/1995 um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, er fluttur í geymum efnaflutningaskips skulu viðeigandi ákvæði þeirra reglugerðar einnig gilda.

2.3 Ákvæði 13. gr. skulu einungis eiga við um skip sem flytja efni sem falla undir flokka A, B eða C, sbr. 3. gr., vegna stjórnunar á losun þeirra.

2.4 Stjórnvöld geta heimilað notkun tengihluta, efna, tækja eða véla í stað þeirra sem reglugerð þessi tekur til ef þeir uppfylla lágmarkskröfur reglugerðar þessarar. Stjórnvöldum er óheimilt er að samþykkja aðrar starfsaðferðir er varða eftirlit með losun eitraðra efna í fljótandi formi en þeirra sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

2.5 Stjórnvöld sem heimila notkun tengihluta, efna, tækja eða véla, sbr. 4. mgr., ber að tilkynna það stofnuninni svo hún geti tilkynnt það aðilum samningsins þeim til upplýsingar og svo grípa megi til aðgerða ef við á.

2.6 Um tilslökun á gildistöku breytingarákvæða gildir eftirfarandi:

a) Þegar breyting á þessari reglugerð felur í sér kröfur um breytingu á smíði, búnaði eða tengihluta vegna breyttra skilyrða fyrir flutningi ákveðinna efna er ráðherra heimilt að fresta um ákveðinn tíma gildistöku slíkra ákvæða ef um ræðir skip sem smíðuð hafa verið fyrir gildistökudag þessara breytinga ef gildistaka þegar í stað er álitin ósanngjörn eða óhagkvæm. Slík tilslökun skal ákveðin fyrir hvert efni sérstaklega.
b) Þegar ráðherra heimilar tilslökun á gildistöku breytingarákvæða, sbr. a) lið 6. mgr., skulu stjórnvöld greina stofnuninni frá því og gera grein fyrir hvaða skip þetta

eigi við um, hvers konar farm þau flytja, hvert sé farsvið þeirra og hvað réttlæti slíka tilslökun svo stofnunin geti tilkynnt það aðilum samningsins þeim til upplýsingar og svo grípa megi til aðgerða ef við á.

3. gr.

Flokkun eitraðra efna í fljótandi formi.

3.1 Í reglugerð þessari eru eitruð efni í fljótandi formi flokkuð í fjóra eftirfarandi flokka:

a) Flokkur A: Eitruð efni í fljótandi formi sem myndu skapa umtalsverða hættu á tjóni á náttúruauðlindum hafsins eða heilsu manna, valda alvarlegu tjóni á tilkomumiklum svæðum eða eru alvarleg hindrun gegn lögmætum notum hafsins og réttlæta því strangar mengunarvarnaaðgerðir ef efnin væru losuð í hafið við hreinsun á geymi eða við losun á kjölfestu.

b) Flokkur B: Eitruð efni í fljótandi formi sem myndu skapa hættu á tjóni á náttúruauðlindum hafsins eða heilsu manna, valda tjóni á tilkomumiklum svæðum eða eru hindrun gegn lögmætum notum hafsins og réttlæta því sérstakar mengunarvarnaaðgerðir ef efnin væru losuð í hafið við hreinsun á geymi eða við losun á kjölfestu.

c) Flokkur C: Eitruð efni í fljótandi formi sem myndu skapa minni háttar hættu á tjóni á náttúruauðlindum hafsins eða heilsu manna, valda litlu tjóni á tilkomumiklum svæðum eða eru lítil hindrun gegn lögmætum notum hafsins, og réttlæta því að ákveðnar kröfur séu gerðar til starfsaðstæðna ef efnin væru losuð í hafið við hreinsun á geymi eða við losun á kjölfestu.

d) Flokkur D: Eitruð efni í fljótandi formi sem myndu skapa greinanlega hættu á tjóni á náttúruauðlindum hafsins eða heilsu manna, valda smávægilegu tjóni á tilkomumiklum svæðum eða eru smávægileg hindrun gegn lögmætum notum hafsins, og réttlæta því að aðgát sé höfð við starfsaðstæður ef efnin væru losuð í hafið við hreinsun á geymi eða við losun á kjölfestu.

3.2 Eitruð efni í fljótandi formi skv. fylgiskjali I sem falla í flokka A, B, C eða D eru háð ákvæðum þessarar reglugerðar.

3.3 Ef til stendur að flytja efni í fljótandi formi og efnið hefur hvorki verið flokkað í samræmi við 1. mgr. né 1. mgr. 4. gr. skal flutningur efnisins fara fram undir ströngustu skilyrðum þar til stjórnvöld hafa ákveðið annað.

4. gr.

Önnur fljótandi efni.

4.1 Reglugerð þessi tekur ekki til fljótandi efna sem flutt eru í geymum skips sem falla ekki í flokka A, B, C eða D, sbr. 3. gr., þar sem þau eru eins og er ekki talin geta valdið tjóni á heilsu manna, náttúruauðlindum hafsins eða tilkomumiklum svæðum eða hindrað lögmæt not hafsins, þegar efnin eru losuð í hafið við hreinsun geymis eða við losun kjölfestu. Í fylgiskjali II er fjallað um fljótandi efni sem falla undir þessa grein.

4.2 Losun austurs eða kjölfestuvatns eða annarra leifa eða efnablandna sem innihalda einungis efni sem lýst er í 1. mgr. er ekki háð neinum skilyrðum samkvæmt þessari reglugerð.

4.3 Losun hreinnar eða aðskilinnar kjölfestu í hafið fellur ekki undir ákvæði reglugerðarinnar.

5. gr.

Losun eitraðra efna í fljótandi formi.

5.1 Um losun efna í flokkum A, B eða C utan sérhafsvæða og efna í flokki D á öllum hafsvæðum með fyrirvara um ákvæði 6. gr. og 2. mgr. gildir eftirfarandi:

a) Óheimilt er að losa efni í flokki A í hafið, sbr. 3. gr., og sömuleiðis efni sem hafa verið metin til bráðabirgða sem slík. Sama gildir um kjölfestu, hreinsunarvatn geymis eða aðrar leifar eða efnablöndur er innihalda slík efni. Ef hreinsa á geymi sem inniheldur slík efni eða efnablöndur skulu leifar frá hreinsuninni losaðar til móttökustöðvar uns hlutfall efnisins í afrennslinu er orðið 0,1% eða minna af þyngd þess og geymirinn er tómur. Hlutfall fosfórs, guls eða hvíts, má þó einungis ná 0,01% af þyngdinni. Vatni sem bætt er í geyminn eftir hreinsun má losa í hafið þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
   i) Skip sem eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti sjö hnútum og skip sem ekki eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti fjórum hnútum;
   ii) losun á sér stað undir sjólínu, að teknu tilliti til staðsetningar sjóinntaks; og
   iii) losun á sér stað að minnsta kosti 12 sjómílum frá næsta landi og þar sem dýpt nemur að minnsta kosti 25 metrum.

b) Óheimilt er að losa efni í flokki B í hafið, sbr. 3. gr., og sömuleiðis efni sem hafa verið metin til bráðabirgða sem slík. Sama gildir um kjölfestu, hreinsunarvatn geymis eða aðrar leifar eða efnablöndur sem innihalda slík efni, nema þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
   i) Skip sem eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti sjö hnútum og skip sem ekki eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti fjórum hnútum;
   ii) stjórnvöld hafa samþykkt aðferð og fyrirkomulag við losun en styrkleiki og hraði losunar afrennslisins má aldrei vera slíkur að styrkleiki efnisins í kjölfar stefnis skipsins fari yfir 1 hluta af milljón (1 ppm);
   iii) hámarksmagn farms sem losaður er úr hverjum geymi og tengdum lögnum fari ekki yfir 1 m^3 eða 1/3000 af geymslurými í m^3;
   iv) losun á sér stað undir sjólínu að teknu tilliti til staðsetningar sjóinntaks; og
   v) losun á sér stað að minnsta kosti 12 sjómílum frá næsta landi og þar sem dýpt nemur að minnsta kosti 25 metrum.

c) Óheimilt er að losa efni í flokki C í hafið, sbr. 3. gr., og sömuleiðis efni sem hafa verið metin til bráðabirgða sem slík. Sama gildir um kjölfestu, hreinsunarvatn geymis eða aðrar leifar eða efnablöndur sem innihalda slík efni, nema þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
   i) Skip sem eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti sjö hnútum og skip sem ekki eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti fjórum hnútum;
   ii) stjórnvöld hafa samþykkt aðferð og fyrirkomulag við losun en styrkleiki og hraði losunar afrennslisins skal aldrei verða slíkur að styrkleiki efnisins í kjölfar stefnis skipsins fari yfir 10 hluta í milljón (10 ppm);
   iii) hámarksmagn farms sem losað er úr hverjum geymi og tengdum lögnum fari aldrei yfir 3 m^3 eða 1/1000 af geymslurými í m^3;
   iv) losun á sér stað undir sjólínu að teknu tilliti til staðsetningar sjóinntaks; og
   v) losun á sér stað að minnsta kosti 12 sjómílum frá næsta landi og þar sem dýpt nemur að minnsta kosti 25 metrum.

d) Óheimilt er að losa efni í flokki D í hafið, sbr. 3. gr., og sömuleiðis efni sem hafa verið metin til bráðabirgða sem slík. Sama gildir um kjölfestu, hreinsunarvatn geymis eða aðrar leifar og efnablöndur sem innihalda slík efni, nema þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
   i) Skip sem eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta

kosti sjö hnútum og skip sem ekki eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti fjórum hnútum;
ii) styrkur efnisins er ekki meiri en einn hluti þess á móti 10 hlutum af vatni; og
iii) losun á sér stað að minnsta kosti 12 sjómílum frá næsta landi.

e) Loftræstiaðferðir sem samþykktar hafa verið af stjórnvöldum má nota til þess að fjarlægja leifar farms úr geymi. Vatn sem sett er í geymi eftir á skal teljast hreint og skal ekki vera háð skilgreiningu a), b), c) eða d) liða 1. mgr.

f) Óheimilt er að losa í hafið efni sem ekki hafa verið flokkuð í samræmi við 3. gr., efni sem metin eru til bráðabirgða eða metin í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Sama gildir um kjölfestuvatn, hreinsunarvatn geyma eða aðrar leifar eða efnablöndur er innihalda slík efni.

5.2 Um losun efna innan sérhafsvæða er falla í flokka A, B og C gildir eftirfarandi:

a) Óheimilt er að losa efni í flokki A í hafið, sbr. 3. gr., og sömuleiðis efni sem hafa verið metin til bráðabirgða sem slík. Sama gildir um kjölfestu, hreinsunarvatn geymis eða aðrar leifar eða efnablöndur er innihalda slík efni. Ef hreinsa á geymi, sem inniheldur slík efni eða efnablöndur skulu leifar þessara efna losaðar til viðeigandi móttökustöðvar, sbr. 7. gr., uns hlutfall efnisins í afrennslinu sem fært er til móttökustöðvarinnar er orðið 0,05% eða minna af þyngd þess og geymirinn tómur. Hlutfall fosfórs, guls eða hvíts, má þó einungis ná 0,005% af þyngdinni. Vatni sem bætt er í geyminn eftir þessa hreinsun má losa í hafið þegar öllum eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:
i) Skip sem eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti sjö hnútum og skip sem ekki eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti fjórum hnútum;
ii) losun á sér stað undir sjólínu að teknu tilliti til staðsetningar sjóinntaks; og
iii) losun á sér stað að minnsta kosti 12 sjómílum frá næsta landi og þar sem dýpt nemur að minnsta kosti 25 metrum.

b) Óheimilt er að losa efni í flokki B í hafið, sbr. 3. gr., og sömuleiðis efni sem hafa verið metin til bráðabirgða sem slík. Sama gildir um kjölfestu, hreinsunarvatn geymis eða aðrar leifar eða efnablöndur sem innihalda slík efni, nema þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
i) Geymirinn hefur verið forhreinsaður í samræmi við kröfur stjórnvalda og hreinsivatn hans hefur verið losað til móttökustöðvar;
ii) skip sem eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti sjö hnútum og skip sem ekki eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti fjórum hnútum;
iii) stjórnvöld hafi samþykkt aðferð við framkvæmd losunar og styrkleiki og hraði losunar afrennslisins skulu aldrei verða slíkir að styrkur efnisins í kjölfari skipsins fari yfir 1 hluta í milljón (1 ppm);
iv) losun á sér stað undir sjólínu að teknu tilliti til staðsetningar sjóinntaks; og
v) losun á sér stað að minnsta kosti 12 sjómílum frá næsta landi og þar sem dýpt nemur að minnsta kosti 25 metrum.

c) Óheimilt er að losa efni í flokki C í hafið, sbr. 3. gr., og sömuleiðis efni sem hafa verið metin til bráðabirgða sem slík. Sama gildir um kjölfestu, hreinsunarvatn geymis eða aðrar leifar eða efnablöndur sem innihalda slík efni, nema þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
i) Skip sem eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti sjö hnútum og skip sem ekki eru knúin eigin vélarafli skulu vera á hraða sem nemur að minnsta kosti fjórum hnútum;

ii) stjórnvöld hafa samþykkt aðferð við framkvæmd losunar og styrkleiki og hraði losunar afrennslisins skulu aldrei verða slíkir að styrkur efnisins í kjölfari skipsins fari yfir 1 hluta í milljón (1 ppm);
iii) hámarksmagn farms sem losað er úr hverjum geymi og tengdum lögnum fari ekki yfir 1 m^3 eða 1/3.000 af geymslurými í m^3;
iv) losun á sér stað undir sjólínu, að teknu tilliti til staðsetningar sjóinntaks; og
v) losun á sér stað að minnsta kosti 12 sjómílum frá næsta landi og þar sem dýpt nemur að minnsta kosti 25 metrum.

d) Loftræstiaðferðir sem samþykktar hafa verið af stjórnvöldum má nota til þess að fjarlægja leifar farms úr geymi. Vatn sem sett er í geymi eftir á skal teljast hreint og skal ekki vera háð skilgreiningu a), b) eða c) liða 2. mgr.
e) Óheimilt er að losa í hafið efni sem ekki hafa verið flokkuð í samræmi við 3. gr., efni sem metin eru til bráðabirgða eða metin í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Sama gildir um kjölfestuvatn, hreinsunarvatn geymis eða aðrar leifar eða efnablöndur er innihalda slík efni.
f) Ákvæðum þessarar reglugerðar er ekki ætlað að hindra skip frá að geyma um borð leifar af farmi efna er falla í flokka B eða C og losa þau efni í hafið utan sérhafsvæða í samræmi við b) og c) lið 2. mgr. eins og við á.
g) Með öllu er óheimilt að losa eitruð efni í fljótandi formi eða efnablöndur er innihalda slík efni í hafið innan hafsvæðisins við Suðurheimskautið.

5.3 Um dælu- og lagnabúnað gildir eftirfarandi:
a) Sérhvert skip sem er smíðað 1. júlí 1986 eða síðar skal búið dælu- og lagnabúnaði sem tryggi, samkvæmt prófun við hagstæð dæluskilyrði, að hver geymir sem ætlað er að flytja efni er falla í flokk B, sbr. 3. gr., innihaldi ekki leifar umfram 0,1 m^3 og magn efnis í flokki C fari ekki umfram 0,3 m^3 í lagnakerfi geymisins og við dælubrunn í þeim tanki skipsins.
b) Sérhvert skip sem er smíðað fyrir 1. júlí 1986 skal búið dælu- og lagnabúnaði er tryggi, samkvæmt prófun við hagstæð dæluskilyrði, að hver geymir sem ætlað er að flytja efni er falla í flokk B, sbr. 3. gr., innihaldi ekki leifar umfram 0,3 m^3 og magn efnis í flokki C fari ekki umfram 0,9 m^3 í lagnakerfi geymisins og við dælubrunn í þeim tanki skipsins.

c) Dæluskilyrði sem vísað er til í a) og b) lið 3. mgr. skulu vera í samræmi við kröfur stjórnvalda, sem settar eru samkvæmt stöðlum frá stofnuninni.[1)] Þegar kannað er hvort dælukerfi uppfylli kröfur stjórnvalda skal vatni dælt í gegnum kerfið.

5.4 Eftirfarandi gildir um skip sem smíðuð hafa verið fyrir 1. júlí 1986:
a) Með fyrirvara um ákvæði b) liðar 4. mgr. skulu ákvæði a) liðar 3. mgr. ekki gilda um skip sem smíðuð hafa verið fyrir 1. júlí 1986 og sigla einungis eftir leiðum sem ákveðnar hafa verið af stjórnvöldum á milli:
i) hafna eða umskipunarstöðva í ríki sem aðili er að samningnum; eða
ii) hafna eða umskipunarstöðva í ríkjum sem aðilar eru að samningnum.
b) Ákvæði a) liðar skulu þó einungis gilda um skip sem eru smíðuð fyrir 1. júlí 1986, ef:
i) geymir sem inniheldur efni úr flokkum B eða C, sbr. 3. gr., eða efnablöndur er innihalda slík efni, er hreinsaður í hvert sinn eða kjölfesta tekin, en þá aðeins ef slík hreinsun fer fram eftir aðferðum við fyrirfram hreinsun sem samþykktar hafa verið af stjórnvöldum og hreinsunarvatn geymisins er losað til móttökustöðvar;
ii) hreinsivatn geymisins vegna síðari hreinsana og kjölfestuvatn losað til móttökustöðvar eða í hafið í samræmi við önnur ákvæði þessarar reglugerðar;

[1)] „Standards for procedures and arrangements for the discharge of liquid substances."

iii) stjórnvöld hafa metið hvort móttökustöðvar hafna þeirra eða umskipunarstöðva, sbr. a) lið, fullnægi skyldum samkvæmt b) og samþykkt þær;
iv) stjórnvöld tilkynna stofnuninni um skip sem sigla til hafna eða umskipunarstöðva er falla undir lögsögu annarra aðila samningsins svo hún geti tilkynnt undanþáguna aðilum samningsins þeim til upplýsingar og svo grípa megi til aðgerða ef við á;
v) útgáfa skírteinis, sbr. 11. gr., er háð því skilyrði, að skipið sigli einungis þær takmörkuðu leiðir er lýst er í a) lið.

5.5 Ef smíði skips og notkun þess eru þannig að kjölfestu er ekki krafist í farmgeymum og hreinsun farmgeyma er einungis vegna viðgerða eða slipptöku er stjórnvöldum heimilt að veita undanþágur frá a) og b) liðum 4. mgr. ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
a) Hönnun, smíði og búnaður skipsins hafa verið samþykkt af stjórnvöldum að teknu tilliti til þeirrar notkunar sem skipið er ætlað í;
b) allt afrennsli frá hreinsun geyma í sambandi við viðgerð eða slipptöku er losað til móttökustöðvar sem stjórnvöld hafa samþykkt;
c) í skírteini, sbr. 11. gr., komi fram:
i) að í farmgeymi sé heimilt að flytja eina tegund efnis; og
ii) sérstakar ástæður leyfisins;
iii) um borð í skipinu sé notkunarhandbók er samþykkt hefur verið af stjórnvöldum;
iv) stjórnvöld tilkynni stofnuninni um skip með slíka undanþágu er sigla til hafna eða umskipunarstöðva sem falla undir lögsögu annarra aðila samningsins svo hún geti tilkynnt aðilum samningsins um undanþáguna þeim til upplýsingar og svo grípa megi til aðgerða ef við á.

6. gr.
Undanþágur.

6.1. Ákvæði 5. gr. skulu ekki gilda við eftirfarandi aðstæður:
a) Ef losun eitraðra efna í fljótandi formi eða efnablandna er innihalda slík efni í hafið er nauðsynleg vegna öryggis skips eða til þess að bjarga mannslífum á hafi úti eða;
b) ef losun eitraðra efna í fljótandi formi eða efnablandna er innihalda slík efni í hafið er afleiðing tjóns á skipi eða búnaði þess:
i) að því tilskyldu að gripið hafi verið til réttmætra varúðarráðstafana eftir að tjónið átti sér stað eða að losun uppgötvaðist til þess að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr losuninni; og
ii) með þeirri undantekningu að ef eigandi skips eða skipstjóri ollu tjóninu vísvitandi eða af gáleysi þannig að þeim mátti vera ljóst að hegðun þeirra gæti valdið tjóni; eða
c) ef losun eitraðra efna í fljótandi formi, eða efnablandna er innihalda slík efni, í hafið hefur verið samþykkt af stjórnvöldum í þeim tilgangi að berjast gegn tilteknu mengunaróhappi eða draga sem mest úr tjóni vegna þess.

7. gr.
Móttökustöðvar.

7.1 Þeir einstaklingar eða fyrirtæki sem flytja inn efni sem falla undir reglugerð þessa skulu hafa fullnægjandi móttökustöðvar til þess að taka á móti leifum og efnablöndum er innihalda eitruð efni í fljótandi formi, skv. 3. gr. í reglugerð þessari. Aðstöðuna

skulu þeir hafa einir eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki er hafa til þess leyfi frá ráðherra og tryggja viðunandi eyðingu.

7.2 Eigendur og umráðamenn hleðslustöðva fyrir efnaflutningaskip og skipaviðgerðarstöðvar skulu sjá um að stöðvarnar hafi fullnægjandi aðstöðu til að taka við leifum og efnablöndum sem innihalda eitruð efni í fljótandi formi skv. 3. gr. reglugerðar þessarar sem er eftir í skipum þegar þau koma í stöðvarnar.

8. gr.
Eftirlit.

8.1 Hollustuvernd ríkisins annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

a) Hollustuvernd ríkisins er heimilt að fela tiltekna þætti framkvæmdar reglugerðarinnar faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gera sérstakan samning við hinn faggilta skoðunaraðila, sbr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Um faggildinguna fer samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

b) Skipstjóri skips er flytur eitruð efni í fljótandi formi í geymum skips skal tryggja að ákvæðum 5. gr. sé fullnægt og að færslur séu færðar í farmdagbók þegar við á, í samræmi við 9. gr.

c) Undanþágur þær sem vísað er til í b) lið 2. mgr., b) lið 5. mgr. og c) lið 7. mgr. er stjórnvöldum eingöngu heimilt að veita skipum er sigla til hafna eða umskipunarstöðva er tilheyra lögsögu annarra aðila samningsins. Ef slík undanþága er veitt skal hennar getið með viðeigandi hætti í farmdagbók og staðfest af eftirlitsaðilum, sbr. a) lið.

8.2 Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um efni er falla í flokk A, sbr. 3. gr., á öllum hafsvæðum.

a) Geymir sem hefur verið affermdur skal, með fyrirvara þeim sem fram kemur í b) lið, vera hreinsaður í samræmi við 3. og 4. mgr. áður en skipið lætur úr höfn þar sem löndun hefur átt sér stað.

b) Að beiðni skipstjóra, getur ráðherra eða önnur bær yfirvöld veitt skipi undanþágu frá hreinsun samkvæmt a) lið ef:

i) Setja á í geymi þann sem affermdur hefur verið sama efni eða sambærilegt og geymirinn verður ekki hreinsaður eða notaður fyrir kjölfestu fyrir lestun; eða

ii) geymirinn sem affermdur er mun hvorki verða hreinsaður né notaður fyrir kjölfestu á hafi úti og skilyrðum 3. og 4. mgr. verður fullnægt í annarri höfn að því tilskildu að skrifleg staðfesting liggi fyrir um að fullnægjandi móttökustöð sé til staðar í þeirri höfn; eða

iii) leifar úr geyminum verða fjarlægðar með loftræstiaðferð er samþykkt hefur verið af stjórnvöldum.

8.3 Ef hreinsa á geymi í samræmi við a) lið 2. mgr. skal afrennsli frá hreinsuninni vera losað til móttökustöðvar uns hlutfall efnisins í afrennsli eins og það mælist í sýnum teknum af skoðunaraðila er að minnsta kosti orðið jafnlágt og fram kemur í a) lið 1. mgr. og 2. mgr. 5. gr. eins og við á. Þegar ætluðum styrkleika hefur verið náð skal halda áfram að losa afrennslið til móttökustöðvar uns geymirinn er tómur. Viðeigandi færslur um þessar aðgerðir skulu færðar í farmdagbókina og þær staðfestar af skoðunaraðila, sbr. a) lið 1. mgr.

8.4 Ef ráðherra telur ógerlegt að mæla styrkleika efnis í afrennsli án þess að valda skipinu ótilhlýðilegum töfum geta stjórnvöld heimilað aðra aðferð er jafngildir þeirri er lýst er í 3. mgr., að því tilskildu:

a) að geymirinn hafi verið forhreinsaður í samræmi við kröfur stjórnvalda; og

b) að eftirlitsmaður, sbr. a) lið 1. mgr., staðfesti í farmdagbók að:
   i) geymirinn og dælu- og lagnakerfi hans hafi verið tæmd;
   ii) geymirinn hafi verið forhreinsaður með tilliti til þess efnis sem hann hann var að flytja og í samræmi við kröfur stjórnvalda; og
   iii) hreinsivatn geymisins vegna forhreinsunar hafi verið losað til móttökustöðvar og geymirinn er tómur.

8.5 Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um efni er falla í flokka B og C, sbr. 3. gr., utan sérhafsvæða:

a) Geymir sem hefur verið affermdur skal með fyrirvara í b) lið vera forhreinsaður áður en skipið lætur frá höfn þar sem löndun átti sér stað þegar:
   i) efni sem affermt er hefur þá eiginleika[2)] að leiða af sér magn leifa umfram hámarksmagn það sem losa má í hafið skv. b) og c) lið 1. mgr. 5. gr. fyrir efni sem falla í flokka B eða C eins og við á; eða
   ii) löndun er ekki framkvæmd í samræmi við dæluskilyrði geymisins, eins og stjórnvöld hafa fallist á þau, sbr. c) lið 3. mgr. 5. gr. nema eftirlitsmaður samþykki aðrar aðferðir við að fjarlægja leifar farms úr skipinu að því marki sem skilgreint er í 3., 4. og 5. mgr. 5. gr.
   iii) stjórnvöld skulu hafa samþykkt aðferð þá sem beitt er við forhreinsun.

b) Að beiðni skipstjóra getur ráðherra eða önnur bær yfirvöld veitt skipi undanþágu frá kröfum er fram koma í a) lið 5. mgr., að fullnægðum einhverju eftirfarandi skilyrða:
   i) Ferma á geymi þann sem affermdur hefur verið með sama efni eða sambærilegu, og geymirinn verður ekki hreinsaður eða notaður fyrir kjölfestu fyrir lestun; eða
   ii) geymirinn sem affermdur er mun hvorki verða hreinsaður eða kjölfesta tekin á hafi úti og tankurinn er forhreinsaður í samræmi við kröfur stjórnvalda og hreinsivatn geymisins mun verða losað í annarri höfn að því tilskildu að skrifleg staðfesting liggi fyrir um að fullnægjandi móttökustöð sé til staðar í þeirri höfn; eða
   iii) leifar farmsins verða fjarlægðar með loftræstiaðferð er samþykkt hefur verið af stjórnvöldum.

8.6 Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um efni er falla í flokk B, sbr. 3. gr., innan sérhafsvæða:

a) Geymir sem hefur verið affermdur skal með fyrirvara um b) og c) lið vera forhreinsaður áður en skipið lætur úr höfn þar sem löndun átti sér stað. Forhreinsun skal hafa verið í samræmi við kröfur stjórnvalda og hreinsivatn geymisins skal losað til móttökustöðvar í höfn þar sem löndun átti sér stað.

b) Kröfur þær sem gerðar eru í a) lið skulu ekki eiga við þegar:
   i) efni í flokki B sem affermt er hefur þá eiginleika[2)] að leiða af sér magn leifa umfram hámarksmagn það sem losa má í hafið utan sérhafsvæða skv. 2. mgr. 5. gr. og leifarnar eru geymdar um borð í skipinu til losunar í hafið síðar er skipið verður komið út fyrir sérhafsvæði í samræmi við b) lið 1. mgr. 5. gr.; og
   ii) löndun er framkvæmd í samræmi við dæluskilyrði geymis eins og stjórnvöld hafa fallist á, sbr. c) lið 3. mgr. 5. gr., eða ef dæluskilyrðum er ekki fullnægt. Þá skulu leifar farms fjarlægðar að því marki sem skilgreint er í 3., 4. og 5. mgr. 5. gr., eftir öðrum aðferðum sem samþykktar hafa verið af eftirlitsmanni.

c) Að beiðni skipstjóra getur ráðherra eða önnur bær yfirvöld veitt skipi undanþágu frá kröfum er fram koma í a) lið að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

[2)] Í samræmi við staðla í reglum, sem stofnunin hefur sett til viðmiðunar fyrir stjórnvöld, um aðferðir og fyrirkomulag við losun eitraðra efna í fljótandi formi, (Standards for procedures and arrangements).

i) Þegar ferma á geymi þann sem affermdur hefur verið með sama efni eða sambærilegu efni og geymirinn verður ekki hreinsaður eða notaður fyrir kjölfestu fyrir lestun; eða
ii) geymirinn sem affermdur er mun hvorki verða hreinsaður eða kjölfesta tekin á hafi úti og geymirinn er forhreinsaður í samræmi við kröfur stjórnvalda og hreinsivatn geymisins verður losað til móttökustöðvar í annarri höfn að því tilskildu að skrifleg staðfesting liggi fyrir um að fullnægjandi móttökustöð sé til staðar í þeirri höfn; eða
iii) leifar farmsins munu verða fjarlægðar með loftræstiaðferðum er samþykktar hafa verið af stjórnvöldum.

8.7 Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um efni er falla í flokk C, sbr. 3. gr., innan sérhafsvæða:
a) Geymir sem hefur verið affermdur skal með fyrirvara um b) og c) lið vera forhreinsaður áður en skipið lætur úr höfn þar sem löndun átti sér stað þegar:
i) efni í flokki C sem affermt er hefur þá eiginleika[3)] að leiða af sér magn leifa umfram hámarksmagn það sem losa má í hafið skv. c) lið 2. mgr. 5. gr.; eða
ii) löndun er ekki framkvæmd í samræmi við dæluskilyrði geymisins eins og stjórnvöld hafa fallist á þau sbr. c) lið 3. mgr. 5. gr. nema eftirlitsmaður samþykki aðrar aðferðir við að fjarlægja leifar farms úr skipinu að því marki sem skilgreint er í 3., 4. og 5. mgr. 5. gr. Stjórnvöld skulu hafa samþykkt aðferð þá sem beitt er við forhreinsun.
b) Kröfur þær sem gerðar eru í a) lið skulu ekki eiga við þegar:
i) efni í flokki C sem affermt er hefur þá eiginleika[3)] að leiða af sér magn leifa umfram hámarksmagn það sem losa má í hafið skv. c) lið 1. mgr. 5. gr. og leifarnar eru geymdar um borð í skipinu til losunar í hafið síðar er skipið verður komið út fyrir sérhafsvæði í samræmi við c) lið 1. mgr. 5. gr. og
ii) löndun er framkvæmd í samræmi við dæluskilyrði geymisins eins og stjórnvöld hafa fallist á þau sbr. c) lið 3. mgr. 5. gr. eða, ef dæluskilyrðum er ekki fullnægt, eftir aðferðum við að að fjarlægja leifar farms úr skipinu að því marki sem skilgreint er í 3., 4. og 5. mgr. 5. gr. og samþykktar hafa verið af eftirlitsaðila.
c) Að beiðni skipstjóra getur ráðherra eða önnur bær yfirvöld veitt skipi undanþágu frá kröfum er fram koma í a) lið að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:
i) ferma á geymi þann sem affermdur hefur verið með sama efni eða sambærilegu og geymirinn verður ekki hreinsaður eða notaður fyrir kjölfestu fyrir lestun; eða
ii) geymirinn sem affermdur er mun hvorki verða hreinsaður né kjölfesta tekin á hafi úti og geymirinn er forhreinsaður í samræmi við kröfur stjórnvalda og hreinsivatn geymisins verður losað til móttökustöðvar í annarri höfn að því tilskildu að skrifleg staðfesting liggi fyrir um að fullnægjandi móttökustöð sé til staðar í þeirri höfn; eða
iii) leifar farmsins munu verða fjarlægðar með loftræstiaðferðum er samþykktar hafa verið af stjórnvöldum.

8.8 Þegar efni sem falla í flokk D, sbr. 3. gr., hafa verið affermd úr geymi skal geymirinn annað hvort hreinsaður og hreinsivatnið losað til móttökustöðvar eða leifar efnisins þynntar út og losaðar í hafið í samræmi við d) lið 1. mgr. 5. gr.

8.9 Allar leifar sem geymdar eru um borð í skipi í dregggeymi, þar með talin efni sem upprunnin eru frá austri farmdælurýmis og innihalda efni er falla í flokk A eða undir ákveðnum skilyrðum annað hvort flokk A eða B, skulu losaðar til móttökustöðvar í samræmi við a) lið 1. mgr. 5. gr., 7. gr. eða 8. gr., eins og við á.

[3)] Í samræmi við staðla í reglum, sem stofnunin hefur sett til viðmiðunar fyrir stjórnvöld, um aðferðir og fyrirkomulag við losun eitraðra efna í fljótandi formi, (Standards for procedures and arrangements).

9. gr.
Farmdagbók.

9.1 Hvert það skip er fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar skal búið farmdagbók sem uppfyllir skilyrði samningsins.

9.2 Færsla skal gerð í farmdagbók fyrir sérhvern geymi í hvert sinn sem einhver af eftirfarandi aðgerðum er framkvæmd um borð í skipi í tengslum við eitruð efni í fljótandi formi:
a) lestun farms;
b) flutning farms innan skips;
c) löndun farms;
d) hreinsun farmgeyma;
e) kjölfesta tekin í farmgeyma;
f) losun kjölfestu úr farmgeymum;
g) löndun leifa til móttökustöðva;
h) losun í hafið eða leifar fjarlægðar með loftræstiaðferð, sbr. 5. gr.

9.3 Ef losun á eitruðu efni í fljótandi formi á sér stað með þeim hætti sem lýst er í 6. gr., hvort sem losunin á sér stað með vísvitandi hætti eða fyrir slysni, skulu upplýsingar um aðstæður við losun og ástæður fyrir henni færðar í farmdagbók.

9.4 Þegar eftirlitsmaður sem veitt hefur verið starfsleyfi ráðherra skv. b) lið 1. mgr. 8. gr., hefur skoðað skip skal hann færa um það viðeigandi færslu í farmdagbók.

9.5 Hver sú aðgerð sem vísað er til í 2. og 3. mgr., skal án tafar skráð í farmdagbók með ítarlegum hætti, þannig að allar færslur í farmdagbókinni um aðgerðina lýsi henni algerlega. Hver færsla skal vera undirrituð af þeim yfirmanni eða yfirmönnum er bera ábyrgð á aðgerðinni og hver blaðsíða skal vera undirrituð af skipstjóra skipsins. Færslur í farmdagbók skulu vera á íslensku fyrir skip sem skráð eru hér á landi en á opinberu máli fánaríkis erlendra skipa. Færslur í farmdagbók skips sem hefur alþjóðlegt efnamengunarvarnaskírteini fyrir flutning hættulegra efna í fljótandi formi í geymum skips, sbr. 11. gr., eða skírteini skv. 4. mgr. 12. gr. skulu einnig vera á ensku eða frönsku. Færslur á íslensku skulu vera rétthærri ef ágreiningur eða misræmi kemur upp.

9.6 Farmdagbók skal ávallt geyma á vísum stað um borð í skipi þannig að unnt sé að leggja hana fram til skoðunar þegar þess er óskað. Þetta á þó ekki við um ómönnuð skip sem eru dregin. Farmdagbók skal geymd í þrjú ár eftir dagsetningu síðustu færslu.

9.7 Stjórnvöldum er heimilt að skoða farmdagbók um borð í hverju því skipi er fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar þegar skipið liggur í höfn. Jafnframt er þeim heimilt að taka afrit af öllum færslum bókarinnar og geta krafist þess að skipstjóri skipsins staðfesti að afritið sé rétt afrit af viðkomandi færslu. Ef borinn er undir dómstóla ágreiningur um efni færslna í farmdagbók ber stjórnvöldum að heimila aðgang að staðfestum afritum úr bókinni ef þau liggja fyrir. Skoðun farmdagbókar og afritun færslna samkvæmt þessari málsgrein skal gerð með þeim hætti að það valdi skipi ekki ótilhlýðilegum töfum.

10. gr.
Skoðun.

10.1 Skip sem flytja eitruð efni í fljótandi formi í geymum skulu vera háð skoðunum sem eru eftirfarandi:
a) Upphafsskoðun áður en skipið er tekið í notkun eða áður en skírteini, skv. 11. gr., er gefið út í fyrsta sinn. Slík skoðun felur í sér alhliða skoðun á smíðafyrirkomulagi, búnaði, kerfum, tengihlutum, fyrirkomulagi og efni er reglugerð þessi tekur

til. Skoðun þessari er ætlað að tryggja að ofangreind atriði séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

b) Reglubundnar aðalskoðanir skulu gerðar á a.m.k. fimm ára fresti og skulu tryggja að smíðafyrirkomulag, búnaður, kerfi, tengihlutir, fyrirkomulag og efni fullnægi kröfum þessarar reglugerðar.

c) Milliskoðun, sem skal vera að minnsta kosti ein á gildistíma skírteinisins, er ætlað að tryggja að búnaður og tengd dælu- og lagnakerfi fullnægi skilyrðum þessarar reglugerðar og séu í góðu ásigkomulagi. Þegar einungis ein slík milliskoðun er framkvæmd á gildistíma skírteinis skal hún ekki gerð fyrr en sex mánuðum fyrir þann dag er gildistími skírteinisins er hálfnaður og ekki síðar en sex mánuðum eftir þann dag. Skírteinið, sbr. 11. gr., skal áritað að lokinni slíkri milliskoðun.

d) Árleg skoðun er fari fram innan þriggja mánaða fyrir eða eftir gildistökudag skírteinis og felur í sér almenna skoðun til þess að tryggja að smíðafyrirkomulag, tengihlutir, fyrirkomulag og efni séu í öllum atriðum fullnægjandi, að teknu tilliti til þess farsviðs sem skipinu er ætlað. Að lokinni árlegri skoðun skal árita skírteinið sbr. 11. gr.

10.2 Siglingastofnun Íslands annast skoðun skipa samkvæmt reglugerð þessari en stofnuninni er heimilt að veita sérstökum skoðunaraðilum umboð til að annast þessar skoðanir í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 153/1994 um viðurkenningu flokkunarfélaga vegna eftirlits með skipum.

10.3 a) Ástandi skips og búnaðar þess skal haldið við í samræmi við kröfur reglugerðar þessarar svo ástand þess sé ávallt þannig að það geti látið úr höfn án verulegrar hættu á tjóni fyrir umhverfi hafsins.

b) Eftir hverja skoðun skv. 1. mgr. er óheimilt að breyta smíðafyrirkomulagi, búnaði, kerfum, tengihlutum, fyrirkomulagi og aðra þætti er falla undir viðkomandi skoðun án samþykkis stjórnvalda nema þegar skipt er út búnaði eða tengihlutum fyrir sams konar búnað eða tengihluti.

c) Þegar tjón eða bilun verður á skipi sem líklegt er talið að geti haft áhrif á ástand skipsins og búnaðar þess er fellur undir þessa reglugerð ber skipstjóra eða eiganda skips að tilkynna það við fyrsta tækifæri til stjórnvalda og þeirra aðila sem gáfu út alþjóðlegt efnamengunarvarnaskírteini sem skulu meta hvort nauðsyn beri til skoðunar samkvæmt 1. mgr. Ef skipið er statt í höfn annars aðila að samningnum ber skipstjóra eða eiganda skipsins að senda slíka tilkynningu án tafar til viðeigandi stjórnvalda hafnarríkisins og þeir aðilar sem gáfu út skírteini skulu fullvissa sig um að slík tilkynning hafi verið send.

11. gr.

Útgáfa skírteinis.

11.1 Alþjóðlegt efnamengunarvarnaskírteini fyrir flutning eitraðra efna í fljótandi formi skal útgefið eftir skoðun í samræmi við 10. gr. fyrir sérhvert skip er flytur eitruð efni í fljótandi formi og eru í ferðum til hafna eða umskipunarstöðva er falla undir lögsögu annarra aðila samningsins.

11.2 Skírteini samkvæmt 1. mgr. skal gefið út af stjórnvöldum.

11.3 Um skip sem siglir undir fána annars ríkis gildir eftirfarandi:

a) Ráðherra getur að beiðni bærra stjórnvalda annars ríkis sem aðili er að samningnum látið skoða skip er siglir undir fána þess ríkis. Ef ráðherra telur að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fullnægt skal hann gefa út eða heimila útgáfu á alþjóðlegu efnamengunarvarnaskírteini fyrir flutning eitraðra efna í fljótandi formi í samræmi við reglugerð þessa.

b) Afrit af skírteini og afrit af skoðunarskýrslu skal senda eins fljótt og unnt er til stjórnvalds þess er óskaði eftir skoðuninni.
c) Skírteini sem gefið er út samkvæmt 2. mgr. skal áritað yfirlýsingu þess efnis að skírteinið hafi verið gefið út samkvæmt beiðni viðkomandi stjórnvalds og að það skuli hafa hafa sama gildi og hljóta sömu viðurkenningu og skírteini gefið út skv. 1. mgr.
d) Óheimilt er að gefa út alþjóðlegt efnamengunarvarnaskírteini vegna skips sem siglir undir fána ríkis sem ekki er aðili að samningnum.

11.4 Alþjóðlegt efnamengunarvarnaskírteini fyrir flutning eitraðra efna í fljótandi formi skal vera á íslensku en einnig skal fylgja þýðing á ensku. sbr. fylgiskjal III þar sem form slíks skírteinis er sýnt.

12. gr.
Gildistími skírteinis.

12.1 Alþjóðlegt efnamengunarvarnaskírteini fyrir flutning eitraðra efna í fljótandi formi, skal gefið út til tiltekins tíma en þó aldrei lengur en til fimm ára frá útgáfudegi.

12.2 Skírteini fellur úr gildi ef afgerandi breytingar hafa verið gerðar án samþykkis stjórnvalda á smíðafyrirkomulagi, búnaði, kerfum, tengihlutum, fyrirkomulagi eða efni er reglugerð þessi tekur til, nema um sé að ræða endurnýjun á þannig búnaði, eða tengihlutum, eða ef milliskoðanir sem tilgreindar eru af stjórnvöldum samkvæmt c) og d) lið 1. mgr. 10. gr. fara ekki fram.

12.3 Skírteini fellur úr gildi ef skip er flutt undir fána annars ríkis. Nýtt skírteini skal einungis gefið út þegar skipið uppfyllir að mati stjórnvalda kröfur í ákvæðum a) og b) liða 3. mgr. 10. gr. Þegar skip sem skráð hefur verið hér á landi er flutt undir fána annars aðildarríkis, skulu stjórnvöld senda eins fljótt og unnt er, ef beiðni þar að lútandi berst innan þriggja mánaða frá flutningi skipsins, viðeigandi stjórnvaldi hins aðildarríkisins afrit af skírteini skipsins sem gefið var út fyrir flutning þess auk afrits viðeigandi skoðunarskýrslu ef hún er fyrir hendi.

12.4 Þrátt fyrir ákvæði 10. og 11. gr. og 1., 2. og 3. mgr., skulu efnaflutningaskip sem skoðuð hafa verið af aðilum samningsins í samræmi við ákvæði IBC- og BCH-kóðanna eins og við á og talin hafa uppfyllt kröfur nefndra ákvæða, vera viðurkennd með sama hætti og önnur efnaflutningaskip sem hlotið hafa skírteini sem gefið er út samkvæmt þessari reglugerð.

13. gr.
Ráðstafanir til að draga úr mengunaróhöppum.

13.1 Hönnun, smíðafyrirkomulag, búnaður og rekstur skipa, er flytja eitruð efni í fljótandi formi í flokkum A, B eða C, skulu vera þannig að sem mest dragi úr stjórnlausri losun þessara efna í hafið.

13.2 Efnaflutningaskip sem smíðuð eru þann 1. júlí 1986 eða síðar skulu uppfylla skilyrði IBC-kóðans.

13.3 Efnaflutningaskip sem smíðuð eru fyrir 1. júlí 1986 skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
a) Eftirfarandi efnaflutningaskip skulu uppfylla sömu skilyrði og þau skip sem vísað er til í gr. 1.7.2 í BCH-kóðanum:
i) Skip sem smíðasamningur hefur verið gerður um 2. nóvember 1973 eða síðar og eru í ferðum til hafna og umskipunarstöðva er falla undir lögsögu annarra aðila samningsins; og
ii) skip er smíðuð eru þann 1. júlí 1983 eða síðar og eru eingöngu í ferðum á milli hafna og umskipunarstöðva innan íslenskrar lögsögu.

b) Eftirfarandi efnaflutningaskip skulu uppfylla sömu skilyrði og þau skip sem vísað er til í grein 1.7.3 í BCH-kóðanum:
   i) Skip sem smíðasamningur hefur verið gerður um fyrir 2. nóvember 1973 og eru í ferðum til hafna og umskipunarstöðva er falla undir lögsögu annarra aðila samningsins; og
   ii) skip er smíðuð eru fyrir 1. júlí 1983 og eru eingöngu í ferðum á milli hafna og umskipunarstöðva innan íslenskrar lögsögu.

13.4 Ef skip önnur en efnaflutningaskip flytja eitruð efni í fljótandi formi er falla í flokka A, B eða C, sbr. 3. gr., skulu þau uppfylla öll viðeigandi skilyrði IBC- og BCH-kóðanna.

14. gr.

Flutningur og losun olíuskyldra efna.

14.1 Þrátt fyrir ákvæði annarra greina þessarar reglugerðar má flytja eitruð efni í fljótandi formi er talin eru falla í flokka C eða D í reglugerð þessari og skilgreind hafa verið af stofnuninni sem olíuskyld efni í olíuflutningaskipum eins og þau eru skilgreind í reglugerð nr. 715/1995 og losa þau í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
   a) Skipið fullnægir ákvæðum reglugerðar nr. 715/1995 um þær kröfur er gerðar eru til skipa er flytja slík efni;
   b) alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini hefur verið gefið út fyrir skipið þar sem segir að skipið megi flytja olíuskyld efni í samræmi við ákvæði og einnig er að finna á skírteininu lista yfir olíuskyld efni sem skipinu er heimilt að flytja;
   c) ef um er að ræða efni er falla í flokk C, skal skipið uppfylla „kröfur um lekastöðugleika skipa af gerð 3“ er fram koma í:
      i) IBC-kóðanum þegar um er að ræða skip er smíðuð hafa verið 1. júlí 1986 eða síðar; eða
      ii) BCH-kóðanum eins og þær eiga við í 13. gr., þegar um er að ræða skip er smíðað hefur verið fyrir 1. júlí 1986, og
   d) stjórnvöld hafa heimilað að olíumælirinn í vöktunar- og eftirlitskerfi skipsins fyrir losun olíu verði notaður til þess að vakta olíuskyldu efnin sem flytja á.

15. gr.

Eftirlit hafnarríkis.

15.1 Stjórnvöldum er heimilt að skoða skip annarra aðila samningsins er liggja í höfn þeirra hvað varðar starfsaðferðir er falla undir þessa reglugerð bendi sterkar líkur til þess að skipstjóra eða áhöfn skipsins sé ekki kunnugt um fyrirbyggjandi aðgerðir sem nauðsynlegt er að viðhafa um borð í skipinu til þess að koma í veg fyrir mengun frá eitruðum efnum í fljótandi formi.

15.2 Undir þeim kringumstæðum sem lýst er í 1. mgr. skulu stjórnvöld grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að tryggja að skipið láti ekki úr höfn fyrr en aðstæður um borð í skipinu fullnægi ákvæðum þessarar reglugerðar.

15.3 Starfshættir er varða hafnarríkiseftirlit og lýst er í 5. gr. samningsins skulu eiga við um þessa grein.

16. gr.

Viðurlög.

16.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, fangelsi allt að einu ári, eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Dæma má sekt jafnframt refsivist ef skilyrði 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

16.2 Tilraun og hlutdeild í brotum gegn reglugerðinni er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.
16.3 Sektir skv. reglugerðinni má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans, samanber einnig 28. og 29. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar.
16.4 Ef brotið er gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um losun efna í sjó og málinu er ekki lokið með greiðslu sektar skv. 3. mgr. skal skip kyrrsett og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt og málskostnaður greiddur að fullu, sbr. 30. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar.
16.5 Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar segir í reglugerð nr. 198/1991.
16.6 Mál vegna brota á þessari reglugerð skal fara með sem opinber mál.

17. gr.
Íhlutun.

Hollustuvernd ríkisins getur látið fara fram athugun á skipum án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur orðið sem brýtur gegn reglugerð þessari. Hollustuvernd ríkisins leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Siglingastofnunar Íslands, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi eða ónauðsynlegum útgjöldum fyrir viðkomandi.

18. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar með síðari breytingum og að höfðu samráði við samgönguráðuneytið um starfsemi Siglingastofnunar Íslands og öðlast þegar gildi

Umhverfisráðuneytinu, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Eitruð efni í fljótandi formi sem flutt eru í geymum skipa og hafa verið flokkuð í flokka A, B, C eða D og falla því undir ákvæði þessarar reglugerðar eru talin upp í 17. og 18. kafla IBC-kóðans.

Fylgiskjal II.

Efni í fljótandi formi sem flutt eru í geymum skipa og hafa verið skilgreind þannig að þau falli utan flokka A, B, C eða D og því eigi reglugerð þessi ekki við um þau eru merkt með III í 18. kafla IBC-kóðans í þeirri súlu sem skilgreinir mengunarstig efnisins sbr. 3. gr. í reglugerð þessari.

Fylgiskjal III.

ALÞJÓÐLEGT EFNAMENGUNARVARNASKÍRTEINI FYRIR FLUTNINGA Á EITRUÐUM EFNUM Í FLJÓTANDI FORMI

INTERNATIONAL POLLUTION PREVENTION CERTIFICATE FOR THE CARRIAGE OF NOXIUS LIQUID SUBSTANCES IN BULK

Gefið út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973, eins og honum hefur verið breytt með viðeigandi bókun frá 1978 (hér eftir nefndur „samningurinn") í umboði ríkisstjórna.

Issued under the provisions of the International Convention for the Prevention of Pollution from Ships, 1973, as modified by the Protocol of 1978 relating thereto, as amended (hereinafter referred to as "the Convention") under the authority of the Government of:

.....

Fullt nafn á landi
(full designation of the country)

af Siglingastofnun Íslands
(by Icelandic Maritime Administration)

Fullt nafn og staða fullgilds aðila eða stofnunar sem fengið hefur umboð skv. ákvæðum samningsins
(full designation of the competent person or organization authorized under the provisions of Convention)

Nafn skips Name of ship	Einkennistölur eða bókstafir Dixtinctive number or letters	Heimahöfn Port of registry	Brúttórúmlestir Gross tonnage

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ:
THIS IS TO CERTIFY:

1. Að skipið hefur verið skoðað samkvæmt ákvæðum reglu 10 í viðauka II við samninginn.
That the ship has been surveyed in accordance with the provisions of regulation 10 of Annex II the Convention.

2. Að skoðunin sýndi að smíði, tæki, búnaður, fyrirkomulag og efni skipsins svo og og ástand þess er á allan hátt fullnægjandi, og að skipið fullnægir viðeigandi ákvæðum í viðauka II við samninginn.
That the survey showed that the structure, equipment, systems, fitting, arrangements and material of the ship and the condition thereof are in all respects satisfactory and that the ship complies with the applicable requirements of Annex II of the Convention.

3. Að í skipið hefur verið settur leiðarvísir í samræmi við staðla um starfshætti og fyrirkomulag sem krafist er í reglum 5, 5A og 8 í viðauka II við samninginn, og að fyrirkomulag og búnaður skipsins, sem mælt er fyrir um í leiðarvísinum, eru að öllu leyti fullnægjandi og uppfylla viðeigandi kröfur í fyrrnefndum stöðlum.
That the ship has been provided with a manual in accordance with the Standards for Procedures and Arrangements as called for by regulations 5, 5A and 8 of Annex II of the Convention, and that the arrangements and equipment of the ship prescribed in the manual are in all respects satisfactory and comply with the applicable requirements of the said Standards.

4. Að skipið er hæft til að flytja eftirfarandi eitruð efni í fljótandi formi, að því tilskildu að fylgt sé öllum viðeigandi ákvæðum um starfsaðferðir í viðauka II við samninginn.
That the ship is suitable for the carrige in bulk of the following noxious liquid substances, provided that all relevant operational provisions of the Convention are observed:

Eitrað efni í fljótandi formi Noxious liquid substances	Flutningstölur Conditions of carriage (tank number etc.)

Þetta skírteini gildir til: .....
Háð skoðunum samkvæmt reglu 10 í viðauka II við samninginn.
This Certificate is valid until:
Subject to surveys in accordance with 10 of Annex II of the Convention.

Útgefið.....
Issued at (Útgáfustaður skírteinis)
(Place of issue of certificate)

hinn ..... 19 .....
(Date of issue)

.....
(Undirskrift fullgilds embættismanns sem gefur skírteinið út)
(Signature of duly authorized official issuing the certificate)

(Innsigli eða stimpill yfirvalda)
(Seal or stamp of the Authority, as appropriate

STAÐFESTING Á ÁRS- OG AUKASKOÐUNUM
ENDORSEMENT FOR ANNUAL AND INTERMEDIATE SURVEYS

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ, að við skoðun samkvæmt reglu 10 í viðauka við samninginn fullnægði skipið viðkomandi ákvæðum alþjóðasamningsins:
THIS IS TO CERTIFY, that at a survey required by Regulation 4 of Annex I of the Convention the Ship was found to comply with the relevant provisions of the Convention:

Ársskoðun:
Annual survey:

Undirritað .....
Signed (Undirskrift fullgilds embættismanns)
(Signature of duly authorized offical)

Staður .....
Place
Dags .....
Date

Ársskoðun*/aukaskoðun*:
Annual */Inter mediate* survey:

Undirritað .....
Signed (Undirskrift fullgilds embættismanns)
(Signature of duly authorized offical)

Staður .....
Place
Dags .....
Date

Ársskoðun*/aukaskoðun*:
Annual*/Inter mediate* survey:

Undirritað .....
Signed (Undirskrift fullgilds embættismanns)
(Signature of duly authorized offical)

Staður .....
Place
Dags .....
Date

Ársskoðun:
Annual survey:

Undirritað .....
Signed (Undirskrift fullgilds embættismanns)
(Signature of duly authorized offical)

Staður .....
Place
Dags .....
Date

---

* Afmáist þar sem við á.
* Delete as appropriate.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka (Árborg).

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 16. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, Árborg.

Um er að ræða breytingu á landnotkun þannig að reitur við Búðarstíg 19 sem sýndur er sem iðnaðarsvæði breytist annars vegar í lóð undir blandaða landnotkun iðnaðar, verslunar og þjónustu og hins vegar í lóð verslunar og þjónustu. Jafnframt eru götur austan og sunnan við reitinn felldar niður og gert ráð fyrir lóðaaðkomu frá Nesbrú og Búðarstíg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarráðs Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 529 16. júlí 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar, stofnanasvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 16. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að stofnanasvæði, sérstaklega merkt S2 fyrir æðri menntastofnun, breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir án sérstakrar merkingar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 530 16. júlí 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar, Kúludalsá.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, 2. mgr. 14. gr., hefur ráðherra þann 16. júlí 1999 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, frá 26. apríl 1994.

Um er að ræða breytingu úr hefðbundnum landbúnaði í skógrækt og frístundabyggð á afmörkuðum hluta jarðarinnar Kúludalsá.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og fyrir liggur yfirlýsing sveitarstjórnar Innri-Akraneshrepps um að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

21. júlí 1999 Nr. 531

SAMÞYKKT

um hundahald á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Almennt ákvæði.

Hundahald á Seltjarnarnesi sætir þeim takmörkunum sem kveðið er á um í samþykkt þessari.

2. gr.

Skráningarskylda.

Skylt er að skrá hund á bæjarskrifstofu Seltjarnarness á þar til gerðum eyðublöðum, eigi síðar en mánuði eftir að hann er tekinn á heimili og hvolpa eigi síðar en þeir verða sex mánaða gamlir. Mynd af hundinum og vottorð dýralæknis um að hundur hafi verið ormahreinsaður og örmerktur, skulu fylgja umsókn um skráningu. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að hundar skuli örmerktir.

Hund skal skrá á nafn og heimilisfang lögráða einstaklings.

Dveljist hundur tímabundið á Seltjarnarnesi skal skrá hann til bráðabirgða, en slík skráning skal ekki gilda lengur en í 6 mánuði.

Skráning er háð því að hundur raski eigi ró íbúa bæjarins og sé hvorki þeim né öðrum sem um bæinn fara til óþæginda með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slysahættu. Við skráningu hunda getur heilbrigðiseftirlitið leitað umsagnar lögreglu telji hún ástæðu til.

Hundaeiganda ber að tilkynna skrifstofu bæjarins um aðsetursskipti og ef hundurinn drepst. Við aðseturskipti skal afla samþykkis nágranna sbr. 5. gr. þessarar samþykktar. Við eigendaskipti skal skrá hund á nafn nýs eiganda.

Við skráningu fær eigandi afhent þar til gert merki með skráningarnúmeri sem jafnan skal vera á hálsól hundsins.

3. gr.

Gjald fyrir hundahald.

Hundaeigendur skulu árlega greiða bæjarsjóði gjald til að standa straum af skráningu og eftirliti með hundahaldi. Sá sem á fleiri en einn hund skal greiða gjald af hverjum hundi fyrir sig. Bæjarstjórn ákveður, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, upphæð gjaldsins, og nánara fyrirkomulag gjaldtöku, í sérstakri gjaldskrá. Ábyrgðartrygging skal vera innifalin í árlegu gjaldi. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Bæjarstjórn lætur birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Almennt um skyldur hundaeigenda.

Hundaeiganda ber að sjá til þess að hundur hans sæti ekki illri meðferð.

Hundur skal að jafnaði hýstur á þeim stað þar sem hann er skráður. Óheimilt er að halda hund þar sem enginn býr.

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund/hunda sína á tryggilegan hátt.

Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-desember ár hvert. Fylgja ber ákvæðum reglugerðar um varnir gegn sullaveiki við hreinsun þeirra. Framvísa skal vottorði um hreinsun við hundaeftirlitsmann fyrir 1. desember ár hvert. Vanræksla á að láta hreinsa hund eða skila hreinsunarvottorði leiðir til þess að leyfi til að halda téðan hund fellur úr gildi.

Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á skólalóðir og inn í skóla, samkomuhús, sundstaði, barnaleikvelli, matvöruverslanir eða aðra opinbera staði þar sem matvæli eru höfð um hönd. Um aðrar takmarkanir á aðgengi hunda gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar og reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matmæla. Heilbrigðisnefnd veitir undanþágu frá ofangreindum skilyrðum að uppfylltum skilyrðum.

5. gr.

Hundahald í fjöleignarhúsum.

Um hundahald í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

6. gr.

Eftirlit með hundahaldi.

Eftirlitsmaður með dýrum á Seltjarnarnesi annast eftirlit með hundahaldi á Seltjarnarnesi undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Hann skal halda dagbók um vinnu sína og gefa bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald á Seltjarnarnesi og starf sitt, vegna þess. Dýraeftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur.

7. gr.

Heimild til að handsama og aflífa hunda.

Hunda, sem ganga lausir á almannafæri, er dýraeftirlitsmanni heimilt að handsama og færa í sérstaka hundageymslu sem hefur starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um óleyfilega hunda og hættulega hunda.

Sé skráður hundur handsamaður skal tilkynna eiganda strax um handsömun hans og hvað vanræksla á að vitja um hundinn getur haft í för með sér. Hafi óskráður hundur verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að skráningu lokinni og þegar gjald fyrir handsamaðan hund hefur verið greitt. Sé hunds eigi vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða hann aflífaður.

Hafi eigandi ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hundur hans sé ávallt mýldur utan heimilis síns. Hafi hundur bitið mann, og/eða er hættulegur, getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðisfulltrúa tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður þegar í stað. Óski hundeigandi þess er heimilt að leita álits héraðsdýralæknis, áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

Kostnaður við handsömun, geymslu og aflífun hunda skal að fullu greiddur af eigendum, samkvæmt gildandi gjaldskrá þar að lútandi, sbr. 3. gr.

8. gr.

Heimild til að afturkalla leyfi til hundahalds.

Sé um alvarlegt eða ítrekað brot á samþykkt þessari að ræða, getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðisfulltrúa, afturkallað skráningu fyrir einstökum hundum og bannað viðkomandi eiganda að vera með hund á Seltjarnarnesi um lengri eða skemmri tíma.

9. gr.

Takmörkun á hundahaldi.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, ákveðið að veita ekki heimild til hundahalds fyrir ákveðnum hundategundum sem taldar eru hættulegar.

Bæjarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda. Einnig getur bæjarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem má sleppa hundum lausum. Svæði þessi skulu auglýst og kynnt sérstaklega fyrir hundaeigendum.

Um aðrar takmarkanir á aðgengi hunda gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum og reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, með síðari breytingum.

10. gr.

Málskot.

Ákvörðunum samkvæmt samþykkt þessari er heimilt að skjóta til heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Að öðru leyti fer um málskot samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11.gr.

Viðurlög.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem opinbert mál.

12. gr.

Gildistaka.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness, sem sett er að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 21. júlí 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

22. júlí 1999 Nr. 532

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 273/1969 um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar.

1. gr.

Reglugerð nr. 273/1969 um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við breytingu á lögum nr. 52/1988, sbr. lög nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 533 22. júlí 1999

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 397/1990 um skráningu Gammatox (lindans).

1. gr.

Reglugerð nr. 397/1990 um skráningu Gammatox (lindans) er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 16. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 534 23. júlí 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Innri-Akraneshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkt sveitarstjórn Innri-Akraneshrepps þann 17. desember 1998 nýtt deiliskipulag af frístundabyggð og Skógræktarsvæði að Kúludalsá, Innri-Akraneshreppi í Borgarfirði.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagssvæði þetta öðlast þegar gildi.

Akranesi, 23. júlí 1999.

F.h. Innri-Akraneshrepps,

Bjarni O. V. Þóroddsson byggingafulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir hluta af Bjargslandi í Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 27. júlí 1999.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

27. júlí 1999 Nr. 536

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Austurhraun 3 í Garðabæ. Hið nýja deiliskipulag lóðarinnar felst í því, að byggingarreit hefur verið breytt og innkeyrslum hefur verið fjölgað. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 27. júlí 1999.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

Eiríkur Bjarnason.

29. júlí 1999 Nr. 537

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgartún 36.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 22. júní 1999 samþykkt deiliskipulag lóðarinnar nr. 36 við Borgartún, en þar verður reist 6 hæða íbúðarhús (6. hæð inndregin) með 18 íbúðum og neðanjarðar bílageymslu.

Deiliskipulagsuppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sigtún 38.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 15. júní 1999 samþykkt stækkun hótelbyggingar að Sigtúni 38.

Deiliskipulagsuppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fiskislóð 2-8 og 10.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 15. júní 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar á athafnasvæði Reykjavíkurhafnar. Byggingareitir lóðanna Fiskislóð 2-8 og Fiskislóð 10 breytast og gerðir nýir skipulagsskilmálar.

Deilskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 29. júlí 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

Nr. 538 30. júlí 1999

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall dilkakjöts.

Landbúnaðarráðuneytið hefur ákveðið að útflutningshlutfall fyrir dilkakjöt, sem ákveðið er skv. ákvæðum reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindkjöti, skuli vera 10% í ágústmánuði 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. júlí 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingimar Jóhannsson.

Nr. 539 10. ágúst 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag á reit 1 við Holtateig á Eyrarlandsholti, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag á reit 1 við Holtateig á Eyrarlandsholti, Akureyri, þann 20. júlí 1999. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Holtateig að sunnan, Mýrarvegi að austan og grænu svæði sunnan Hörpulundar að norðan. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 10. ágúst 1999.

F. h. Akureyrarbæjar,

Árni Ólafsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Setbergslandi, íbúðabyggð á norður-öxl Fjárhúsholts.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 1. júní 1999, óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar á norður-öxl Fjárhúsholts, sem samþykkt var í bæjarstjórn 10. janúar 1990. Breytingin felst í breytingu á lóðum nr. 33, 35 og 37 við Háaberg auk opins svæðis á milli lóða nr. 37 og 39 sem tengist stækkun Setbergstóftar.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 10. ágúst 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

3. ágúst 1999 Nr. 541

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Búðahreppi.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í Búðahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Undanþágur má veita með eftirfarandi skilyrðum:

a) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérstökum inngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja skriflegt leyfi allra íbúðareigenda.

b) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Heimilt er sveitarstjórn að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, t.d. hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í

senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

c) Við greiðslu gjalds samkvæmt staflið b ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og spóluormum svo og öðrum skilríkjum sem máli skipta. Hundar skulu færðir til hreinsunar í nóvember til desember ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Mæti eigandi ekki með hund sinn til árlegrar hreinsunar á boðuðum tíma, ber hann sjálfur kostnað sem af því kann að leiða.

d) Leyfishafi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafyrirtæki. Vátrygging skal ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000 (tíu milljónir). Ábyrgðartrygging er innifalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.

e) Hundurinn skal ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er greipt skráningarnúmer hundsins.

f) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema nytjahunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss og í fylgd manneskju sem hefur fullt vald yfir þeim. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

g) Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.

h) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli, íþróttavelli eða aðra þá staði sem um ræðir í 4. og 8. kafla og köflum 11 - 16 í heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990 með síðari breytingum, ekki þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerðir um neysluvatn og ölkelduvatn. Þessir staðir eru m.a. eftirfarandi:

1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir.
4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
12. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
13. Almenn samgöngutæki.

i) Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur.

j) Ákvæði stafliða h og i hér að framan gilda ekki um nytjahunda að störfum.

k) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

l) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.

3. gr.

Umsóknum um leyfi til hundahalds skal skila til sveitarstjórnar eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að

hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um hundahald. Sveitarstjórn veitir eða synjar umbeðnu leyfi að fenginni umsögn dýraeftirlitsmanns, sbr. ákvæði 4. gr. Leyfishafi fær afhenta plötu, sbr. ákvæði stafliðar e 2. mgr. 2. gr. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Dýraeftirlitsmaður skal vera starfandi í Búðahreppi og setur sveitarstjórn honum starfsreglur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd. Skal hann gefa sveitarstjóra eða fulltrúa hans, sem með þessi mál fer, skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af.

Á skrifstofu sveitarfélagsins skal færa upplýsingar um leyfða hunda í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Sveitarfélagið skal árlega senda heilbrigðisnefnd skrá yfir leyfða hunda.

Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með samþykkt þessarri. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar. Hann annast eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu og nýtur til þess fulltingis lögreglu.

5. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda getur sveitarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn dýraeftirlitsmanni eða lögreglu til ráðstöfunar. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún til þess brýna þörf.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utan húss í þéttbýli skal handsama og færa í sérstaka geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bíta skal fjarlægja og er lögreglu og dýraeftirlitsmanni heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn er kominn í vörslu dýraeftirlitsmanns enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti ber að aflífa hundinn, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er.

Kattahald.

7. gr.

Kattahald er bannað í Búðahreppi.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu, undanþágu frá 7. gr. og leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Undanþágur má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

a) Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérinngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja leyfi allra íbúðareigenda.

b) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
c) Árlega ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum svo og öðrum skilríkjum sem máli skipta.
d) Leyfishafi skal hafa kött sinn ábyrðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafyrirtæki. Vátrygging skal ná til alls þess tjóns sem kötturinn kann að valda mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000 (tíu milljónir). Ábyrgðartrygging er innifalin í greiðslu árlegs leyfisgjalds.
e) Kötturinn skal ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er greipt skráningarnúmer dýrsins.
f) Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
g) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.
h) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.
i) Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta m.a. að næturlagi.
j) Köttum má ekki hleypa inn í fyrirtæki og stofnanir, sbr. 4. og 8. kafla og kafla 11-16 í heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum, þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn.
k) Leyfishafa ber að hafa sandkassa fyrir köttinn á sinni lóð.

9. gr.

Umsóknum um leyfi til kattahalds skal skila inn til sveitarstjórnar eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um kattahald. Sveitarstjóri veitir eða synjar umbeðnu leyfi að fenginni umsögn dýraeftirlitsmanns. Leyfishafi fær afhenta plötu, sbr. ákvæði e-liðar 2. mgr. 2. gr. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

10. gr.

Dýraeftirlitsmaður skal vera starfandi í Búðahreppi og setur sveitarstjórn honum starfsreglur, að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd. Skal hann gefa sveitarstjóra eða fulltrúa hans, sem með þessi mál fer, skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af.

Á skrifstofu sveitarfélagsins skal færa upplýsingar um leyfð dýr í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Dýraeftirlitsmaður skal árlega senda heilbrigðisnefnd skrá yfir leyfða ketti.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með samþykkt þessarri. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar og hefur eftirlit með kattahaldi í Búðahreppi og nýtur til þess fulltingis lögreglu.

11. gr.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

12. gr.

Sveitarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún til þess brýna þörf.

13. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

14. gr.

Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðahverfum er meindýraeyði heimilt að veiða í búr og eyða ómerktum flækingsköttum án þess að það sé auglýst sérstaklega.

Almenn ákvæði.

15. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykktum þessum ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er heilbrigðisnefnd heimilt að beita hann dagsektum þar til úr er bætt eða beita þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skal leyfishafi greiða allan kostnað er til fellur vegna brota hans á samþykktinni.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

16. gr.

Samþykkt þessi er samþykkt af sveitarstjórn Búðahrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið falla úr gildi eldri samþykktir um hundahald í sveitarfélaginu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem nú halda hunda eða ketti skulu sækja um undanþágu frá banni samkvæmt 1. gr. fyrir 1. september 1999.

Umhverfisráðuneytinu, 3. ágúst 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Kleppsvíkur í Reykjavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 26. apríl 1999, að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Kleppsvík (svæðið afmarkast af Vogabakka í austur, Holtavegi í norður, Skútuvogi í vestur og Brúarvogi í austur). Engar athugasemdir bárust við tillöguna. Skipulags- og umferðarnefnd samþykkti skipulagstillöguna á fundi sínum þann 14. júní 1999.

Skipulagsstofnun hefur verið sent deiliskipulagið til yfirferðar og voru ekki gerðar við það athugasemdir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi eldra deiliskipulag svæðisins.

Reykjavík, 5. ágúst 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 1999

10. ágúst 1999 1633 Nr. 543

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 420/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blaðlauk í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0703.9001	Blaðlaukur	10.08. - 05.09.99	ótilgr.	30	0
0703.9001	Blaðlaukur	06.09. - 12.09.99	ótilgr.	15	114
0703.9001	Blaðlaukur	13.09. - 19.09.99	ótilgr.	22,5	170

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. ágúst 1999.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Dís Sigurgeirsdóttir.

Stjórnartíðindi B 71, nr. 543. Útgáfudagur 10. ágúst 1999.

B 105
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 - 1999

Nr. 544 1634 11. ágúst 1999

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Víkuráli.

1. gr.

Frá kl. 21.00 þann 12. ágúst 1999 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á svæði út af Víkuráli, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°59'N - 26°54'V
2. 65°43'N - 27°13'V
3. 65°43'N - 27°33'V
4. 65°59'N - 27°18'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. ágúst 1999.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Snorri Rúnar Pálmason.

Stjórnartíðindi B 72, nr. 544. Útgáfudagur 12. ágúst 1999.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1999

13. ágúst 1999 1635 Nr. 545

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 420/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á litaðri papriku (paprika, önnur en græn) í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	16.08. - 30.09.99	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. ágúst 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Dís Sigurgeirsdóttir.

10. ágúst 1999 Nr. 546

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 372/1995, um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Við innflutning á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu í skilningi bókunar 4 við EES samninginn eða eru upprunnar í Evrópusambandinu í skilningi bókunar 3 við fríverslunarsamning Evrópusambandsins og Íslands og flokkast í eftirtalin tollskrár-

Gutenberg

númer, skal við tollafgreiðslu greiða magntoll í samræmi við auglýsingu þessa. Magntollurinn skal lagður á sem krónur á kílógramm og skal koma í stað tolltaxta í E-dálki tollskrár í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Tollskrár númer	kr./kg	Tollskrár númer	kr./kg	Tollskrár númer	kr./kg
0403.1011	61	1806.9029	44	1905.3022	23
0403.1012	61	1806.9039	48	1905.3029	19
0403.1021	52	1901.2012	25	1905.3030	11
0403.1022	52	1901.2013	17	1905.4000	16
0403.9011	53	1901.2014	30	1905.9011	40
0403.9012	53	1901.2015	10	1905.9019	5
0403.9021	53	1901.2016	15	1905.9020	5
0403.9022	53	1901.2017	40	1905.9040	36
1517.1001	90	1901.2018	5	1905.9051	99
1517.9002	90	1901.2019	5	1905.9059	54
1806.2003	111	1901.2022	34	1905.9090	46
1806.2004	40	1901.2023	99	2104.1001	3
1806.2005	111	1901.2024	54	2104.1003	28
1806.2006	40	1901.2029	44	2104.1011	80
1806.3101	52	1902.1100	8	2104.1012	45
1806.3109	52	1902.2022	42	2104.1019	21
1806.3202	48	1902.2031	36	2104.1021	80
1806.3203	40	1902.2042	42	2104.1022	45
1806.3209	21	1902.3021	42	2104.1029	21
1806.9011	22	1902.3031	36	2106.9041	68
1806.9022	18	1902.3041	42	2106.9048	68
1806.9023	49	1902.4021	42	2106.9064	42
1806.9024	40	1904.9001	42	2202.9011	42
1806.9025	54	1905.3011	17	2202.9012	42
1806.9026	49	1905.3019	16	2202.9019	42
1806.9028	120	1905.3021	32		

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði auglýsingarinnar skulu taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Fjármálaráðuneytinu, 10. ágúst 1999.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Maríanna Jónasdóttir.

REGLUGERÐ

um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 1999.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókun við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs.

2. gr.

Veiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu. Ekki skulu fleiri en þrjú norsk skip hafa leyfi til línuveiða samtímis.

Norsk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til línuveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

3. gr.

Norskum skipum sem hafa leyfi til línuveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð, er heimilt að veiða samtals 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu m.v. afla upp úr sjó. Auk þess er þeim heimilt að veiða alls 125 tonn af öðrum tegundum, þó ekki meira en 25 tonn af lúðu, 50 tonn af grálúðu og 50 tonn af karfa miðað við afla upp úr sjó.

Í veiðiferð skal afli í öðrum tegundum en keilu, löngu og blálöngu ekki vera meiri, en sem nemur 25% af samtals afla skipsins í keilu, löngu og blálöngu. Lúðuafli skal ekki vera meiri en sem nemur 5%, og afli af grálúðu og karfa ekki meiri en sem nemur 10% í hvorri tegund.

Fari afli í einhverri einstakri tegund, annarri en keilu, löngu eða blálöngu, yfir 50% af heildarafla þegar lína er dregin, er óheimilt að leggja línuna aftur nær þeim stað en 5 sjómílur.

Leyfi norskra skipa til línuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands falla úr gildi þegar sameiginlegur afli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem ákveðinn er í þessari grein.

4. gr.

Norskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða er einungis heimilt að stunda veiðar sunnan 64°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. reglugerð nr. 299/1975.

Óheimilt er, í sömu veiðiferð, að stunda línuveiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og á alþjóðlegu hafsvæði.

5. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um eina af eftirfarandi athugunarstöðvum:

a) 66°00'N - 08°00'V
b) 65°00'N - 11°00'V
c) 64°00'N - 12°00'V
d) 63°30'N - 16°00'V
e) 63°00'N - 20°00'V
f) 63°30'N - 25°00'V
g) 65°00'N - 27°00'V

Athugunarstöðvum, sbr. 1. mgr., verður breytt með sérstakri reglugerð ef þróun veiða gefur tilefni til.

Skip geta í samráði við og með samþykki Landhelgisgæslunnar, haldið til annarra athugunarstöðva eða íslenskrar hafnar í stað athugunarstöðvar, sbr. 1. mgr.

Óheimilt er að yfirgefa athugunarstöð áður en tilkynntur komutími er liðinn, sbr. 6. gr., 8. gr. og 10. gr., nema að fengnu samþykki Landhelgisgæslunnar.

6. gr.

Áður en skip kemur inn í fiskveiðilandhelgi Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Athugunarstöð sem siglt verður um, sbr. 5. gr., og fyrirhugaður komutími í athugunarstöðina.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr. Þó þarf ekki að tilgreina athugunarstöð sbr. síðasta lið.

7. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðasta sólarhrings eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

8. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

9. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).
Nafn skips.
Skráningarnúmer.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.
Athugunarstöð sem siglt verður um, sbr. 5. gr. og fyrirhugaður komutími í athugunarstöð.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstöðvar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

10. gr.

Heimilt er að senda saman tilkynningu um lok veiða sbr. 8. gr. og um komu í athugunarstöð sbr. 9. gr. Við sendingu slíkrar tilkynningar eiga ákvæði 9. gr. við að öðru leyti en því að í stað orðsins „athugunartilkynning“ (control report), koma orðin „loka- og athugunartilkynning“ (exit and control report).

11. gr.

Norsk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum l. nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

12. gr.

Skipstjórum norskra skipa sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í skipunum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi athugun geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun geti farið fram.

Norskum skipum er skylt að halda afladagbók, skv. íslenskum reglum og skal hún sýnd eftirlitsaðilum þegar óskað er. Jafnframt skulu Hafrannsóknastofnuninni send afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

13. gr.

Heimilt er að frysta hausaðan og slægðan afla um borð. Frekari vinnsla á afla um borð er óheimil.

Við umreikning á afla um borð í afla upp úr sjó skal margfalda með eftirtöldum umreiknistuðlum:

	Úr hausuðum og slægðum í fisk upp úr sjó		Úr slægðum í fisk upp úr sjó
	með klumbubeini	án klumbubeins	
Keila	1,47	1,56	1,11
Langa	1,41	1,50	1,19
Blálanga	1,41	1,50	1,19
Steinbítur/hlýri	1,45	1,59	1,11
Grálúða	1,39	1,42	1,09
Lúða	1,36	1,39	1,09
Karfi	1,61	1,82	1,06
Þorskur	1,55	1,70	1,19
Ýsa	1,47	1,61	1,19
Ufsi	1,39	1,49	1,19
Aðrar tegundir	1,30	1,40	1,10

14. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum samnings ríkjanna, sbr. 1. gr.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1999

4. ágúst 1999 1641 Nr. 548

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Við fylgiskjal 1, *Listi yfir eiturefni og hættuleg efni, skýringar,* bætist eftirfarandi athugasemd við 5. dálk:

2: Styrkur ísósýanata sem hér er tiltekinn, er hundraðshlutfall óbundinnar einliðu miðað við heildarþyngd efnablöndu.

2. gr.

Flokkun tiltekinna efna í fylgiskjali 1, Listi yfir eiturefni og hættuleg efni, breytist til samræmis við flokkun í I. viðauka við reglugerð þessa.

3. gr.

Við fylgiskjal 1, *Listi yfir eiturefni og hættuleg efni,* bætast efni sem birt eru í II. viðauka við reglugerð þessa.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum. Höfð er hliðsjón af ákvæðum 1. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, eins og henni var breytt með tilskipun 93/072/EBE).

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir efni merkt * í I. viðauka er veittur frestur til 1. júlí 2000 til að uppfylla ákvæði varðandi umhverfisflokkun.

Fyrir efni merkt ** í I. viðauka er heimilt að dreifa vörum merktum samkvæmt eldri reglum til 1. júlí 2000.

Umhverfisráðuneytinu, 4. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Jónsson.

I. VIÐAUKI

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	allýlglýsidýleter	Xn	20-43	(2)-24/25	106-92-3	203-442-4	603-038-00-1	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20-43					
	1% ≤ styrkur <25%	Xi	43					
	allýljoðíð	C	10-34	(1/2)-7-26-45	556-56-9	209-130-4	602-054-00-6	
	1-allýloxý-2,3-epoxýprópan	Xn	20-43	(2)-24/25	106-92-3	203-442-4	603-038-00-1	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20-43					
	1% ≤ styrkur <25%	Xi	43					
	amídítíon	Xn	22	(2)-24-36	919-76-6		015-080-00-2	
	2-amínóetanól	Xn	20-36/37/38	(2)	141-43-5	205-483-3	603-030-00-8	
	ammoníumdíkrómat	E; Tx; N	49-46-1-8-21-25-26-37/38-41-43-50/53	53-45-60-61	7789-09-5	232-143-1	024-003-00-1	E, Ú, 3
	styrkur ≥ 7%	Tx	49-46-21-25-26-37/38-41-43					
	0,5% ≤ styrkur < 7%	T	49-46-43					
	0,1% ≤ styrkur < 0,5%	T	49-46					
*	ammoníumpólýsúlfíð	C; N	31-34-50	(1/2)-26-45-61	9080-17-5	232-989-1	016-008-00-2	
	styrkur ≥ 5%	C	31-34					
	1% ≤ styrkur < 5%	Xi	31-36/38					
	amýlalkóhól (nema *tert*-pentanól)	Xn	10-20	(2)-24/25	30899-19-5	250-378-8	603-006-00-7	C
	styrkur ≥ 25%	Xn	20					
**	antímon(III)klóríð	C; N	34-51/53	(1/2)-26-45-61	10025-91-9	233-047-2	051-001-00-8	
	styrkur ≥ 10%	C	34					
	5% ≤ styrkur < 10%	Xi	36/37/38					
**	antímon(V)klóríð	C; N	34-51/53	(1/2)-26-45-61	7647-18-9	231-601-8	051-002-00-3	
	styrkur ≥ 10%	C	34					
	5% ≤ styrkur < 10%	Xi	36/37/38					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
**	antímonpentaklóríð	C; N	34-51/53	(1/2)-26-45-61	7647-18-9	231-601-8	051-002-00-3	
	styrkur ≥ 10%	C	34					
	5% ≤ styrkur < 10%	Xi	36/37/38					
**	antímontríklóríð	C; N	34-51/53	(1/2)-26-45-61	10025-91-9	233-047-2	051-001-00-8	
	styrkur ≥ 10%	C	34					
	5% ≤ styrkur < 10%	Xi	36/37/38					
	asefat	Xn	22	(2)-36	30560-19-1	250-241-2	015-079-00-7	
	asetýlen	Fx	5-6-12	(2)-9-16-33	74-86-2	200-816-9	601-015-00-0	
	baríumsölt, önnur en baríumsúlfat, 1-azó-2-hýdroxínaftalenýlarýl-súlfónsýrusalt, auk annarra baríumsúlfata sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	Xn	20/22	(2)-28			056-002-00-7	A, 1
	styrkur ≥ 1%	Xn	20/22					
	bensulíd	Xn	22	(2)-24-36	741-58-2	212-010-4	015-083-00-9	
	benzýlklóríð	T	22-23-37/38-40-41	(1/2)-36/37-38-45	100-44-7	202-853-6	602-037-00-3	Ú
	BHC, sjá hexaklórsýklóhexan						602-042-00-0	
	bis(2-klóretýl)eter	Tx	10-26/27/28-40	(1/2)-7/9-27-38-45	111-44-4	203-870-1	603-029-00-2	Ú
	styrkur ≥ 7%	Tx	26/27/28-40					
	1% ≤ styrkur < 7%	T	23/24/25-40					
	0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/21/22					
	blýarsenat, sjá arsensambönd						033-002-00-5	
*	blýsambönd, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	T; N	61-20/22-33-50/53-62	53-45-60-61			082-001-00-6	A, E, Ú, 1
	styrkur ≥ 5%	T	61-20/22-33-62					
	1% ≤ styrkur < 5%	T	61-20/22-33					
	0,5% ≤ styrkur < 1%	T	61-33					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	brennisteinsdíoxíð	T	23-34	(1/2)-9-26-36/37/39-45	7446-09-5	231-195-2	016-011-00-9	Ú, 5
	styrkur ≥ 20%	T	23-34					
	5% ≤ styrkur < 20%	Xn	20-34					
	0,5% ≤ styrkur < 5%	Xi	36/37/38					
*	brennisteinsdíklóríð	C; N	14-34-37-50	(1/2)-26-45-61	10545-99-0	234-129-0	016-013-00-X	
	brennisteinssýra ...%	C	35	(1/2)-26-30-45	7664-93-9	231-639-5	016-020-00-8	B
	styrkur ≥ 15%	C	35					
	5% ≤ styrkur < 15%	Xi	36/38					
	brennisteinssýra, rjúkandi	C	14-35-37	(1/2)-26-30-45			016-019-00-2	B
*	brennisteinstetraklóríð	C; N	14-34-37-50	(1/2)-26-45-61	13451-08-6		016-014-00-5	
	brennisteinsvetni	Fx; Tx; N	12-26-50	(1/2)-9-16-28-36/37-45-61	7783-06-4	231-977-3	016-001-00-4	Ú
	styrkur ≥ 10%	Tx	26					
	5% ≤ styrkur < 10%	T	23					
	1% ≤ styrkur < 5%	Xn	20					
*	bróm	Tx; C; N	26-35-50	(1/2)-7/9-26-45-61	7726-95-6	231-778-1	035-001-00-5	Ú
	brómbenzen	Xi; N	10-38-51/53	(2)-61	108-86-1	203-623-8	602-060-00-9	
	brómeten	Fx; T	45-12	53-45	593-60-2	209-800-6	602-024-00-2	Ú
	brómóform	T; N	23-36/38-51/53	(1/2)-28-45-61	75-25-2	200-854-6	602-007-00-X	Ú
	1-brómprópan	Xn	10-20	(2)-9-24	106-94-5	203-445-0	602-019-00-5	
	brómvetni, sjá vetnisbrómíð						035-002-00-0	
	1-bútoxý-2,3-epoxýprópan	Xn	20-43	(2)-24/25	2426-08-6	219-376-4	603-039-00-7	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20-43					
	1% ≤ styrkur < 25%	Xi	43					
	2-bútoxýetanól	Xn	20/21/22-37	(2)-24/25	111-76-2	203-905-0	603-014-00-0	Ú
	styrkur ≥ 20%	Xn	20/21/22-37					
	12,5% ≤ styrkur < 20%	Xn	20/21/22					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	bútýlglýkól	Xn	20/21/22-37	(2)-24/25	111-76-2	203-905-0	603-014-00-0	Ú
	styrkur ≥ 20%	Xn	20/21/22-37					
	12,5% ≤ styrkur < 20%	Xn	20/21/22					
	bútýlglýsidýleter	Xn	20-43	(2)-24/25	2426-08-6	219-376-4	603-039-00-7	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20-43					
	1% ≤ styrkur < 25%	Xi	43					
	díasetonalkóhól	Xi	36	(2)-24/25	123-42-2	204-626-7	603-016-00-1	Ú
	styrkur ≥ 10%	Xi	36					
	díasetonalkóhól, til iðnaðarnota (teknískt)	F; Xi	11-36	(2)-7-16-24/25	123-42-2	204-626-7	603-017-00-7	Ú
	styrkur ≥ 10%	Xi	36					
**	díbrennisteinsdíklóríð	T; C; N	14-20-25-29-35-50	(1/2)-26-36/37/39-45-61	10025-67-9	233-036-2	016-012-00-4	
	styrkur ≥ 25%	T; C	20-25-35					
	10% ≤ styrkur < 25%	C	22-35					
	5% ≤ styrkur < 10%	C	22-34					
	3% ≤ styrkur < 5%	Xn	22-36/37/38					
	1% ≤ styrkur < 3%	Xi	36/37/38					
	díbrómmetan	Xn	20-52/53	(2)-24-61	74-95-3	200-824-2	602-003-00-8	
	styrkur ≥ 12,5%	Xn	20					
	O,O-díísóprópýl-2-fenýlsúlfónýl-amínóetýldíþíófosfat	Xn	22	(2)-24-36	741-58-2	212-010-4	015-083-00-9	
	1,2-díklórbenzen	Xn; N	22-36/37/38-50/53	(2)-23-60-61	95-50-1	202-425-9	602-034-00-7	Ú
	styrkur ≥ 20%	Xn	22-36/37/38					
	5% ≤ styrkur < 20%	Xn	22					
	o-díklórbenzen, sjá 1,2-díklórbenzen						602-034-00-7	
	2,2'-díklórdíetýleter	T	10-26/27/28-40	(1/2)-7/9-27-38-45	111-44-4	203-870-1	603-029-00-2	Ú
	styrkur ≥ 7%	Tx	26/27/28-40					
	1% ≤ styrkur < 7%	T	23/24/25-40					
	0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/21/22					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	1,1-díklóretan	F; Xn	11-22-36/37-52/53	(2)-16-23-61	75-34-3	200-863-5	602-011-00-1	Ú
	styrkur ≥ 20%	Xn	22-36/37					
	12,5% ≤ styrkur < 20%	Xn	22					
	1,2-díklóretan	F; T	45-11-22-36/37/38	53-45	107-06-2	203-458-1	602-012-00-7	E, Ú
	styrkur ≥ 25%	T	45-22-36/37/38					
	20% ≤ styrkur < 25%	T	45-36/37/38					
	0,1% ≤ styrkur < 20%	T	45					
	1,2-díklóreten, sjá 1,2-díklóretýlen						602-026-00-3	C
	1,2-díklóretýlen [1], *cis*- [2], *trans*- [3]	F; Xn	11-20-52/53	(2)-7-16-29-61	[1] 540-59-0 [2] 156-59-2 [3] 156-60-5	208-750-2 205-859-7 205-860-2	602-026-00-3	C
	styrkur ≥ 12,5%	Xn	20					
	díklórmetan	Xn	40	(2)-23-24/25-36/37	75-09-2	200-838-9	602-004-00-3	Ú
	1,1-díklórprópen	F; T	11-25-52/53	(1/2)-16-29-33-45-61	563-58-6	209-253-3	602-031-00-0	Ú
	O,S-dímetýlasetýlamídótíófosfat	Xn	22	(2)-36	30560-19-1	250-241-2	015-079-00-7	
	2,2-dímetýlprópan	Fx	12	(2)-9-16-33	463-82-1	207-343-7	601-005-00-6	
	2,2-dímetýlprópanól, sjá pentanól						603-006-00-7	
	1,4-díoxan	F; Xn	11-19-36/37-40	(2)-16-36/37	123-91-1	204-661-8	603-024-00-5	
	styrkur ≥ 20%	Xn	36/37-40					
	1% ≤ styrkur < 20%	Xn	40					
	1,4-díoxasýklóhexan	F; Xn	11-19-36/37-40	(2)-16-36/37	123-91-1	204-661-8	603-024-00-5	
	styrkur ≥ 20%	Xn	36/37-40					
	1% ≤ styrkur < 20%	Xn	40					
	dípenten	Xi	10-38	(2)-28	138-86-3	205-341-0	601-029-00-7	
	styrkur ≥ 25%	Xi	38					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	epíklórhýdrín	T	45-10-23/24/25-34-43	53-45	106-89-8	203-439-8	603-026-00-6	E, Ú
	styrkur ≥ 10%	T	45-23/24/25-34-43					
	5% ≤ styrkur < 10%	T	45-23/24/25-36/38-43					
	1% ≤ styrkur < 5%	T	45-23/24/25-43					
	0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/21/22					
	2,3-epoxý-1-klórpropan	T	45-10-23/24/25-34-43	53-45	106-89-8	203-439-8	603-026-00-6	E, Ú
	styrkur ≥ 10%	T	45-23/24/25-34-43					
	5% ≤ styrkur < 10%	T	45-23/24/25-36/38-43					
	1% ≤ styrkur < 5%	T	45-23/24/25-43					
	0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/21/22					
	1,2-etandíól	Xn	22	(2)	107-21-1	203-473-3	603-027-00-1	
	styrkur ≥ 25%	Xn	22					
	etanólamín	Xn	20-36/37/38	(2)	141-43-5	205-483-3	603-030-00-8	
	etoxýkvikasilfursílikat, sjá kvikasilfursambönd, lífræn						080-004-00-7	
	etóat-metýl	Xn	21/22	(2)-36/37	116-01-8	204-121-1	015-089-00-1	
	etýlbenzen	F; Xn	11-20	(2)-16-24/25-29	100-41-4	202-849-4	601-023-00-4	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20					
	etýlendíklóríð, sjá 1,2-díklóretan						602-012-00-7	
	etýlenglýkól	Xn	22	(2)	107-21-1	203-473-3	603-027-00-1	
	styrkur ≥ 25%	Xn	22					
	etýlenglýkólmónóbútýleter	Xn	20/21/22-37	(2)-24/25	111-76-2	203-905-0	603-014-00-0	Ú
	styrkur ≥ 20%	Xn	20/21/22-37					
	12,5% ≤ styrkur < 20%	Xn	20/21/22					
	etýlenglýkólmónóísóprópýleter	Xn	20/21-36	(2)-24/25	109-59-1	203-685-6	603-013-00-5	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20/21-36					
	20% ≤ styrkur < 25%	Xi	36					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	etýlenklórhýdrín	Tx	26/27/28	(1/2)-7/9-28-45	107-07-3	203-459-7	603-028-00-7	Ú
	styrkur ≥ 7%	Tx	26/27/28					
	1% ≤ styrkur < 7%	T	23/24/25					
	0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/21/22					
	etýlentríklóríð, sjá 1,1,2-tríklóretan	Xn	20/21/22	(2)-9	79-00-5	201-166-9	602-014-00-8	Ú
	styrkur ≥ 5%	Xn	20/21/22					
	etýlidendíklóríð, sjá 1,1-díklóretan						602-011-00-1	
	etýlkarbamóýlmetýl-*O,O*-dímetýldítíófosfat	Xn	21/22	(2)-36/37	116-01-8	204-121-1	015-089-00-1	
	etýlklóríð	Fx; Xn	12-40-52/53	(2)-9-16-33-36/37-61	75-00-3	200-830-5	602-009-00-0	
	etýlkvikasilfur, sjá kvikasilfuralkýlsambönd						080-007-00-3	
	etýlkvikasilfurbrómíð, sjá kvikasilfursambönd, lífræn						080-004-00-7	
	etýlkvikasilfurklóríð, sjá kvikasilfursambönd, lífræn						080-004-00-7	
	etýn	Fx	5-6-12	(2)-9-16-33	74-86-2	200-816-9	601-015-00-0	
	fenýleten, sjá stýren						601-026-00-0	
	fenýlkvikasilfurklóríð, sjá kvikasilfursambönd, lífræn						080-004-00-7	
	flúorsúlfónsýra	C	20-35	(1/2)-26-45	7789-21-1	232-149-4	016-018-00-7	
	fosfórtríbrómíð	C	14-34-37	(1/2)-26-45	7789-60-8	232-178-2	015-103-00-6	
	fúrfúrýlalkóhól	Xn	20/21/22	(2)	98-00-0	202-626-1	603-018-00-2	Ú
	styrkur ≥ 5%	Xn	20/21/22					
	fúrýlmetanól	Xn	20/21/22	(2)	98-00-0	202-626-1	603-018-00-2	Ú
	styrkur ≥ 5%	Xn	20/21/22					
	glýkól	Xn	22	(2)	107-21-1	203-473-3	603-027-00-1	
	styrkur ≥ 25%	Xn	22					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	HCH, sjá hexaklórsýklóhexan						602-042-00-0	
	(1α,4α,4aβ,5β,8β8aβ)-1,2,3,4,10,10-hexaklór-1,4,4a,5,8,8a-hexahýdró-1,4:5,8-dímetanónaftalen	Tx; N	26/27/28-50-53	(1/2)-13-28-45-60-61	465-73-6	207-366-2	602-050-00-4	Ú
	1,2,3,4,5,6-hexaklórsýklóhexan, önnur en lindan	T; N	21-25-40-50/53	(1/2)-22-36/37-45-60-61			602-042-00-0	C, Ú
	n-hexan	F; Xn	11-48/20	(2)-9-16-24/25-29-51	110-54-3	203-777-6	601-037-00-0	
	styrkur ≥ 5%	Xn	48/20					
	2-hýdroxýmetýlfúran	Xn	20/21/22	(2)	98-00-0	202-626-1	603-018-00-2	Ú
	styrkur ≥ 5%	Xn	20/21/22					
	4-hýdroxý-4-metýl-2-pentanon	Xi	36	(2)-24/25	123-42-2	204-626-7	603-016-00-1	Ú
	styrkur ≥ 10%	Xi	36					
	4-hýdroxý-4-metýl-2-pentanon, til iðnaðarnota	F; Xi	11-36	(2)-7-16-24/25	123-42-2	204-626-7	603-017-00-7	Ú
	styrkur ≥ 10%	Xi	36					
	ísódrin	Tx; N	26/27/28-50-53	(1/2)-13-28-45-60-61	465-73-6	207-366-2	602-050-00-4	Ú
*	ísópren	Fx	12-52/53	(2)-9-16-29-33-61	78-79-5	201-143-3	601-014-00-5	D
	ísóprópenýlbenzen, sjá 1-metýl-1-fenýleten						601-027-00-6	
	ísóprópýlglýkól	Xn	20/21-36	(2)-24/25	109-59-1	203-685-6	603-013-00-5	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20/21-36					
	20% ≤ styrkur < 25%	Xi	36					
	2-ísóprópoxýetanól	Xn	20/21-36	(2)-24/25	109-59-1	203-685-6	603-013-00-5	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20/21-36					
	20% ≤ styrkur < 25%	Xi	36					
	3-joðprópen	C	10-34	(1/2)-7-26-45	556-56-9	209-130-4	602-054-00-6	
	joðvetni, sjá vetnisjoðíð						053-002-00-9	

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
**	kadmíumflúoríð	Tx; N	45-46-60-61-25-26-48/23/25-50/53	(1/2)-53-45-60-61	7790-79-6	232-222-0	048-006-00-2	E, Ú
	styrkur ≥ 10%	Tx	45-46-60-61-25-26-48/23/25					
	7% ≤ styrkur < 10%	Tx	45-46-60-61-22-26-48/23/25					
	1% ≤ styrkur < 7%	T	45-46-60-61-22-23-48/20/22					
	0,5% ≤ styrkur < 1%	T	45-46-60-61-20/22-48/20/22					
	0,1% ≤ styrkur < 0,5%	T	45-46-20/22-48/20/22					
	0,01% ≤ styrkur < 0,1%	T	45					
*	kadmíumformíat	T; N	23/25-33-40-50/53	(1/2)-22-45-60-61	4464-23-7	224-729-0	048-003-00-6	Ú
	styrkur ≥ 10%	T	23/25-33-40					
	1% ≤ styrkur < 10%	Xn	20/22-33-40					
	0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/22-33					
*	kadmíumhexaflúorsílikat	T; N	23/25-33-40-50/53	(1/2)-22-45-60-61	17010-21-8	241-084-0	048-005-00-7	Ú
	styrkur ≥ 10%	T	23/25-33-40					
	1% ≤ styrkur < 10%	Xn	20/22-33-40					
	0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/22-33					
*	kadmíumjoðíð	T; N	23/25-33-40-50/53	(1/2)-22-45-60-61	7790-80-9	232-223-6	048-007-00-8	Ú
	styrkur ≥ 10%	T	23/25-33-40					
	1% ≤ styrkur < 10%	Xn	20/22-33-40					
	0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/22-33					
	kalíumdíkrómat	Tx; N	49-46-21-25-26-37/38-41-43-50/53	53-45-60-61	7778-50-9	231-906-6	024-002-00-6	E, Ú, 3
	styrkur ≥ 7%	Tx	49-46-21-25-26-37/38-41-43					
	0,5% ≤ styrkur < 7%	T	49-46-43					
	0,1% ≤ styrkur < 0,5%	T	49-46					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	kalíumkrómat	T; N	49-46-36/37/38-43-50/53	53-45-60-61	7789-00-6	232-140-5	024-006-00-8	E, Ú, 3
	styrkur ≥ 20%	T	49-46-36/37/38-43					
	0,5% ≤ styrkur < 20%	T	49-46-43					
	0,1% ≤ styrkur < 0,5%	T	49-46					
*	kalíumpólýsúlfíð	C; N	31-34-50	(1/2)-26-45-61	37199-66-9	253-390-1	016-007-00-7	
*	kalíumsúlfíð	C; N	31-34-50	(1/2)-26-45-61	1312-73-8	215-197-0	016-006-00-1	
	kalíumvetnissúlfat	C	34-37	(1/2)-26-36/37/39-45	7646-93-7	231-594-1	016-056-00-4	
**	kalsíumhýpóklórít	O; C; N	8-22-31-34-50	(1/2)-26-36/37/39-45-61	7778-54-3	231-908-7	017-012-00-7	
	styrkur ≥ 25%	C	22-34					
	10% ≤ styrkur < 25%	C	34					
	3% ≤ styrkur < 10%	Xi	37/38-41					
	0,5% ≤ styrkur < 3%	Xi	36					
	klór	T; N	23-36/37/38-50	(1/2)-9-45-61	7782-50-5	231-959-5	017-001-00-7	Ú
	klórbenzen	Xn; N	10-20-51/53	(2)-24/25-61	108-90-7	203-628-5	602-033-00-1	
	styrkur ≥ 5%	Xn	20					
*	klórbrennisteinn	C; N	14-34-37-50	(1/2)-26-45-61	10545-99-0	234-129-0	016-013-00-X	
	klóretan	Fx; Xn	12-40-52/53	(2)-9-16-33-36/37-61	75-00-3	200-830-5	602-009-00-0	
	2-klóretanól	Tx	26/27/28	(1/2)-7/9-28-45	107-07-3	203-459-7	603-028-00-7	Ú
	styrkur ≥ 7%	Tx	26/27/28					
	1% ≤ styrkur < 7%	T	23/24/25					
	0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/21/22					
	3-klór-2-metýlprópen	F; C; N	11-20/22-34-43-51/53	(2)-9-16-26-29-36/37/39-45-61	563-47-3	209-251-2	602-032-00-6	
	klóróform	Xn	22-38-40-48/20/22	(2)-36/37	67-66-3	200-663-8	602-006-00-4	
	styrkur ≥ 20%	Xn	22-38-40-48/20/22					
	5% ≤ styrkur < 20%	Xn	22-40-48/20/22					
	1% ≤ styrkur < 5%	Xn	40					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	klórpentan, 1- [1], 2- [2], 3- [3] styrkur ≥ 25%	F; Xn Xn	11-20/21/22 20/21/22	(2)-9-29	[1] 543-59-9 [2] 625-29-6 [3] 616-20-6	208-846-4 210-885-7 210-467-4	602-022-00-1	C
	klórprópan, 1- [1], 2- [2] styrkur ≥ 25%	F; Xn Xn	11-20/21/22 20/21/22	(2)-9-29	[1] 540-54-5 [2] 75-29-6	208-749-7 200-858-8	602-018-00-X	C
	klórsúlfónsýra	C	14-35-37	(1/2)-26-45	7790-94-5	232-234-6	016-017-00-1	
	klórtólúen [1], 2- [2], 3- [3], 4- [4]	Xn; N	20-51/53	(2)-24/25-61	[1] 25168-05-2 [2] 108-41-8 [3] 106-43-4 [4] 95-49-8	246-698-2 203-580-5 203-397-0 202-424-3	602-040-00-X	C
	α-klórtólúen	T	22-23-37/38-40-41	(1/2)-36/37-38-45	100-44-7	202-853-6	602-037-00-3	Ú
	klórvetni, sjá vetnisklóríð						017-002-00-2	
	króm(VI)oxíðklóríð styrkur ≥ 10% 5% ≤ styrkur < 10% 0,5% ≤ styrkur < 5% 0,1% ≤ styrkur < 0,5%	O; T; C; N T; C T T T	49-46-8-35-43-50/53 49-46-35-43 49-46-34-43 49-46-36/37/38-43 49-46	53-45-60-61	14977-61-8	239-056-8	024-005-00-2	E, Ú, 3
	krómýldíklóríð styrkur ≥ 10% 5% ≤ styrkur < 10% 0,5% ≤ styrkur < 5% 0,1% ≤ styrkur < 0,5%	O; T; C; N T; C T T T	49-46-8-35-43-50/53 49-46-35-43 49-46-34-43 49-46-36/37/38-43 49-46	53-45-60-61	14977-61-8	239-056-8	024-005-00-2	E, Ú, 3
	kvikasilfur(II)oxíð, sjá kvikasilfursambönd, ólífræn						080-002-00-6	
	kvikasilfuralkýlsambönd styrkur ≥ 0,5% 0,1% ≤ styrkur < 0,5% 0,05% ≤ styrkur < 0,1%	Tx Tx T Xn	26/27/28-33 26/27/28-33 23/24/25-33 20/21/22-33	(1/2)-13-28-36-45			080-007-00-3	A, Ú, 1

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
*	kvikasilfursambönd, lífræn, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	Tx; N	26/27/28-33-50/53	(1/2)-13-28-36-45-60-61			080-004-00-7	A, Ú, 1
	styrkur ≥ 1%	Tx	26/27/28-33					
	0,5% ≤ styrkur < 1%	T	23/24/25-33					
	0,05% ≤ styrkur < 0,5%	Xn	20/21/22-33					
*	kvikasilfursambönd, ólífræn, önnur en kvikasilfur(II)súlfíð (sinnóber) og þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	Tx; N	26/27/28-33-50/53	(1/2)-13-28-45-60-61			080-002-00-6	A, Ú, 1
	styrkur ≥ 2%	Tx	26/27/28-33					
	0,5% ≤ styrkur < 2%	T	23/24/25-33					
	0,1% ≤ styrkur < 0,5%	Xn	20/21/22-33					
	límonen, sjá dípenten						601-029-00-7	
	mangan(IV)oxíð	Xn	20/22	(2)-25	1313-13-9	215-202-6	025-001-00-3	
	mangandíoxíð	Xn	20/22	(2)-25	1313-13-9	215-202-6	025-001-00-3	
	1,8(9)-*p*-mentadíen	Xi	10-38	(2)-28	138-86-3	205-341-0	601-029-00-7	
	styrkur ≥ 25%	Xi	38					
*	mesitýlen	Xi; N	10-37-51/53	(2)-61	108-67-8	203-604-4	601-025-00-5	Ú
	styrkur ≥ 25%	Xi	37					
	2-metoxýetýlkarbamóýlmetýl-*O,O*-dímetýldítíófosfat	Xn	22	(2)-24-36	919-76-6		015-080-00-2	
	metoxýetýlkvikasilfurasetat, sjá kvikasilfursambönd, lífræn						080-004-00-7	
	2-metýlallýlklóríð	F; C; N	11-20/22-34-43-51/53	(2)-9-16-26-29-36/37/39-45-61	563-47-3	209-251-2	602-032-00-6	
	metýlbenzen	F; Xn	11-20	(2)-16-25-29-33	108-88-3	203-625-9	601-021-00-3	
	styrkur ≥ 12,5%	Xn	20					
*	2-metýl-1,3-bútadíen	Fx	12-52/53	(2)-9-16-29-33-61	78-79-5	201-143-3	601-014-00-5	D

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	2-metýl-2-bútanól	F; Xn	11-20	(2)-9-16-24/25	75-85-4	200-908-9	603-007-00-2	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20					
	2-metýl-1-bútanól, sjá pentanól						603-006-00-7	
	3-metýl-1-bútanól, sjá pentanól						603-006-00-7	
	3-metýl-2-bútanól, sjá pentanól						603-006-00-7	
	metýlenbrómíð	Xn	20-52/53	(2)-24-61	74-95-3	200-824-2	602-003-00-8	
	styrkur ≥ 12,5%	Xn	20					
	metýlenklóríð	Xn	40	(2)-23-24/25-36/37	75-09-2	200-838-9	602-004-00-3	Ú
*	1-metýl-1-fenýleten	Xi; N	10-36/37-51/53	(2)-61	98-83-9	202-705-0	601-027-00-6	
	styrkur ≥ 25%	Xi	36/37					
	metýlklóroform	Xn; N	20-59	(2)-24/25-59-61	71-55-6	200-756-3	602-013-00-2	F
	metýlkvikasilfur, sjá kvikasilfuralkýlsambönd						080-007-00-3	
	metýlkvikasilfurhýdroxíð, sjá kvikasilfursambönd, lífræn						080-004-00-7	
	4-metýl-2-pentanól	Xi	10-37	(2)-24/25	108-11-2	203-551-7	603-008-00-8	Ú
	styrkur ≥ 25%	Xi	37					
*	2-metýlstýren	Xn; N	20-51/53	(2)-24-61	611-15-4	210-256-7	601-028-00-1	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20					
*	α-metýlstýren	Xi; N	10-36/37-51/53	(2)-61	98-83-9	202-705-0	601-027-00-6	
	styrkur ≥ 25%	Xi	36/37					
	natríumbísúlfat, sjá natríumvetnissúlfat	C	34-37	(1/2)-26-36/37/39-45	7681-38-1	231-665-7	016-046-00-X	

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	natríumdíkrómat	O; Tx; N	49-46-8-21-25-26-37/38-41-43-50/53	53-45-60-61	10588-01-9	234-190-3	024-004-00-7	E, Ú, 3
	styrkur ≥ 7%	Tx	49-46-21-25-26-37/38-41-43					
	0,5% ≤ styrkur < 7%	T	49-46-43					
	0,1% ≤ styrkur < 0,5%	T	49-46					
**	natríumpólýsúlfíð	T; N	25-31-34-50	(1/2)-26-36/37/39-45-61	1344-08-7	215-686-9	016-010-00-3	
*	natríumsúlfíð	C; N	31-34-50	(1/2)-26-45-61	1313-82-2	215-211-5	016-009-00-8	
	natríumvetnissúlfat	C	34-37	(1/2)-26-36/37/39-45	7681-38-1	231-665-7	016-046-00-X	
	osmíumtetraoxíð	Tx	26/27/28-34	(1/2)-7/9-26-45	20816-12-0	244-058-7	076-001-00-5	Ú
	óleum ...% SO_3	C	14-35-37	(1/2)-26-30-45			016-019-00-2	B
	PCB (pólýklórbífenýl)	Xn; N	33-50/53	(2)-35-60-61	1336-36-3	215-648-1	602-039-00-4	C
	styrkur ≥ 0,005%	Xn	33					
	pentaklóretan	T; N	40-48/23-51/53	(1/2)-23-36/37-45-61	76-01-7	200-925-1	602-017-00-4	Ú
	styrkur ≥ 1%	T	40-48/23					
	0,2% ≤ styrkur < 1%	Xn	48/20					
	pentanól (nema *tert*-pentanól)	Xn	10-20	(2)-24/25	30899-19-5	250-378-8	603-006-00-7	C
	styrkur ≥ 25%	Xn	20					
	tert-pentanól	F; Xn	11-20	(2)-9-16-24/25	75-85-4	200-908-9	603-007-00-2	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20					
	perklóretýlen, sjá tetraklóretýlen						602-028-00-4	
	perklórsýra ...%	O; C	5-8-35	(1/2)-23-26-36-45	7601-90-3	231-512-4	017-006-00-4	B
	styrkur ≥ 50%	O; C	5-8-35					
	10% ≤ styrkur < 50%	C	34					
	1% ≤ styrkur < 10%	Xi	36/38					
	pólýklórbífenýl (PCB)	Xn; N	33-50/53	(2)-35-60-61	1336-36-3	215-648-1	602-039-00-4	C
	styrkur ≥ 0,005%	Xn	33					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	própýlbrómíð	Xn	10-20	(2)-9-24	106-94-5	203-445-0	602-019-00-5	
	saltsýra ...%	C	34-37	(1/2)-26-45		231-595-7	017-002-01-X	B
	styrkur ≥ 25%	C	34-37					
	10% ≤ styrkur < 25%	Xi	36/37/38					
*	silfurnítrat	C; N	34-50/53	(1/2)-26-45-60-61	7761-88-8	231-853-9	047-001-00-2	
	sinkalkýlsambönd	F; C	14-17-34	(1/2)-16-43-45			030-004-00-8	A
	sinkarsenat, sjá arsensambönd						033-002-00-5	
	sinkduft, sem gert er stöðugt	F	10-15	(2)-7/8-43			030-002-00-7	
*	sinkklóríð	C; N	34-50/53	(1/2)-7/8-28-45-60-61	7646-85-7	231-592-0	030-003-00-2	
	sirkóníumduft, sem gert er stöðugt		15	(2)-7/8-43			040-002-00-9	
	stýren	Xn	10-20-36/38	(2)-23	100-42-5	202-851-5	601-026-00-0	D, Ú
	styrkur ≥ 12,5%	Xn	20-36/36					
	S-(*N*-(1-sýanó-1-metýletýl)karbamóýlmetýl)-*O*,*O*-díetýltíófosfat	Tx	24-28	(1/2)-36/37-45	3734-95-0	223-099-4	015-070-00-8	Ú
	sýantóat	Tx	24-28	(1/2)-36/37-45	3734-95-0	223-099-4	015-070-00-8	Ú
	sýklóhexanól	Xn	20/22-37/38	(2)-24/25	108-93-0	203-630-6	603-009-00-3	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20/22-37/38					
	20% ≤ styrkur < 25%	Xi	37/38					
	tetraetýlblý, sjá blýalkýlsambönd						082-002-00-1	
	tetrahýdrófúran	F; Xi	11-19-36/37	(2)-16-29-33	109-99-9	203-726-8	603-025-00-0	
	styrkur ≥ 25%	Xi	36/37					
*	1,2,3,4-tetrahýdrónaftalen	Xi; N	19-36/38-51/53	(2)-26-28-61	119-64-2	204-340-2	601-045-00-4	
	tetrahýdrótíófensúlfón	Xn	22	(2)-25	126-33-0	204-783-1	016-031-00-8	
	styrkur ≥ 25%	Xn	22					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	1,1,2,2-tetraklóretan	Tx; N	26/27-51/53	(1/2)-38-45-61	79-34-5	201-197-8	602-015-00-3	Ú
	styrkur ≥ 7%	Tx	26/27					
	1% ≤ styrkur < 7%	T	23/24					
	0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/21					
	tetraklóreten	Xn; N	40-51/53	(2)-23-36/37-61	127-18-4	204-825-9	602-028-00-4	
	styrkur ≥ 1%	Xn	40					
	tetraklóretýlen	Xn; N	40-51/53	(2)-23-36/37-61	127-18-4	204-825-9	602-028-00-4	
	styrkur ≥ 1%	Xn	40					
*	tetralín	Xi; N	19-36/38-51/53	(2)-26-28-61	119-64-2	204-340-2	601-045-00-4	
	tin(IV)klóríð	C	34-37	(1/2)-7/8-26-45	7646-78-8	231-588-9	050-001-00-5	
	tintetraklóríð	C	34-37	(1/2)-7/8-26-45	7646-78-8	231-588-9	050-001-00-5	
	tíólansúlfón	Xn	22	(2)-25	126-33-0	204-783-1	016-031-00-8	
	styrkur ≥ 25%	Xn	22					
	títan(IV)klóríð	C	14-34-36/37	(1/2)-7/8-26-45	7550-45-0	231-441-9	022-001-00-5	
	títantetraklóríð	C	14-34-36/37	(1/2)-7/8-26-45	7550-45-0	231-441-9	022-001-00-5	
	tólúen	F; Xn	11-20	(2)-16-25-29-33	108-88-3	203-625-9	601-021-00-3	
	styrkur ≥ 12,5%	Xn	20					
	p-tólúensúlfónsýra, sem inniheldur ≤ 5% H_2SO_4	Xi	36/37/38	(2)-26-37	104-15-4	203-180-0	016-030-00-2	
	styrkur ≥ 20%	Xi	36/37/38					
	p-tólúensúlfónsýra, sem inniheldur > 5% H_2SO_4	C	34	(1/2)-26-37/39-45			016-029-00-7	
	styrkur ≥ 25%	C	34					
	10% ≤ styrkur < 25%	Xi	36/38					
	tríbrómmetan	T; N	23-36/38-51/53	(1/2)-28-45-61	75-25-2	200-854-6	602-007-00-X	Ú

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
*	tríetýltinsambönd, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	Tx; N	26/27/28-50/53	(1/2)-26-27-28-45-60-61			050-006-00-2	A, Ú, 1
	styrkur ≥ 0,5%	Tx	26/27/28					
	0,1% ≤ styrkur < 0,5%	T	23/24/25					
	0,05% ≤ styrkur < 0,1%	Xn	20/21/22					
*	trífenýltinsambönd, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	T; N	23/24/25-50/53	(1/2)-26-27-28-45-60-61			050-011-00-X	A, Ú, 1
	styrkur ≥ 1%	T	23/24/25					
	0,25% ≤ styrkur < 1%	Xn	20/21/22					
	tríhexýltinsambönd, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	Xn	20/21/22	(2)-26-28			050-010-00-4	A, 1
	styrkur ≥ 1%	Xn	20/21/22					
	1,1,1-tríklóretan	Xn; N	20-59	(2)-24/25-59-61	71-55-6	200-756-3	602-013-00-2	F
	1,1,2-tríklóretan	Xn	20/21/22	(2)-9	79-00-5	201-166-9	602-014-00-8	Ú
	styrkur ≥ 5%	Xn	20/21/22					
	tríklóreten, sjá tríklóretýlen						602-027-00-9	
	tríklóretýlen	Xn	40-52/53	(2)-23-36/37-61	79-01-6	201-167-4	602-027-00-9	
	styrkur ≥ 1%	Xn	40					
	tríklórmetan	Xn	22-38-40-48/20/22	(2)-36/37	67-66-3	200-663-8	602-006-00-4	
	styrkur ≥ 20%	Xn	22-38-40-48/20/22					
	5% ≤ styrkur < 20%	Xn	22-40-48/20/22					
	1% ≤ styrkur < 5%	Xn	40					
*	1,3,5-trímetýlbenzen	Xi; N	10-37-51/53	(2)-61	108-67-8	203-604-4	601-025-00-5	Ú
	styrkur ≥ 25%	Xi	37					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
*	trímetýltinsambönd, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	Tx; N	26/27/28-50/53	(1/2)-26-27-28-45-60-61			050-005-00-7	A, Ú, 1
	styrkur ≥ 0,5%	Tx	26/27/28					
	0,1% ≤ styrkur < 0,5%	T	23/24/25					
	0,05% ≤ styrkur < 0,1%	Xn	20/21/22					
	tríoktýltinsambönd, önnur en þau sem eru tilgreind sérstaklega á þessum lista	Xi	36/37/38	(2)			050-013-00-0	A, 1
	styrkur ≥ 1 %	Xi	36/37/38					
	trípentýltinsambönd, önnur en þau sem eru tilgreind sérstaklega á þessum lista	Xn	20/21/22	(2)-26-28			050-009-00-9	A, 1
	styrkur ≥ 1 %	Xn	20/21/22					
*	tríprópýltinsambönd, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	T; N	23/24/25-50/53	(1/2)-26-27-28-45-60-61			050-007-00-8	A, Ú, 1
	styrkur ≥ 0,5%	T	23/24/25					
	0,1% ≤ styrkur < 0,5%	Xn	20/21/22					
	trísýklóhexýltinsambönd, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	Xn	20/21/22	(2)-26-28			050-012-00-5	A, 1
	styrkur ≥ 1 %	Xn	20/21/22					
	vetnisbrómíð	C	35-37	(1/2)-7/9-26-45	10035-10-6	233-113-0	035-002-00-0	
	vetnisbrómíð ...%	C	34-37	(1/2)-7/9-26-45			035-002-01-8	B
	styrkur ≥ 40%	C	34-37					
	10% ≤ styrkur < 40%	Xi	36/37/38					
	vetnisjoðíð	C	35	(1/2)-9-26-36/37/39-45	10034-85-2	233-109-9	053-002-00-9	5
	styrkur ≥ 10%	C	35					
	0,2% ≤ styrkur < 10%	C	34					
	0,02% ≤ styrkur < 0,2%	Xi	36/37/38					

	Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
	vetnisjoðíð ...%	C	34	(1/2)-26-45			053-002-01-6	B
	styrkur ≥ 25%	C	34					
	10% ≤ styrkur < 25%	Xi	36/38					
	vetnisklóríð, vatnsfrítt	T; C	23-35	(1/2)-9-26-36/37/39-45	7647-01-0	231-595-7	017-002-00-2	Ú, 5
	styrkur ≥ 5%	T; C	23-35					
	1% ≤ styrkur < 5%	C	20-35					
	0,5% ≤ styrkur < 1%	C	20-34					
	0,2% ≤ styrkur < 0,5%	C	34					
	0,02% ≤ styrkur < 0,2%	Xi	36/37/38					
	vetnissúlfíð	Fx; Tx; N	12-26-50	(1/2)-9-16-28-36/37-45-61	7783-06-4	231-977-3	016-001-00-4	Ú, 5
	styrkur ≥ 10%	Tx	26					
	5% ≤ styrkur < 10%	T	23					
	1% ≤ styrkur < 5%	Xn	20					
	vínýlbenzen, sjá stýren						601-026-00-0	
	vínýlbrómíð	Fx; T	45-12	53-45	593-60-2	209-800-6	602-024-00-2	Ú
*	2-vínýltólúen	Xn; N	20-51/53	(2)-24-61	611-15-4	210-256-7	601-028-00-1	
	styrkur ≥ 25%	Xn	20					
	vítissteinn, sjá silfurnítrat						047-001-00-2	

* Veittur er frestur til 1. júlí 2000 til að uppfylla ákvæði varðandi umhverfisflokkun.
** Heimilt er að dreifa vörum merktum samkvæmt eldri reglum til 1. júlí 2000.

II. VIÐAUKI

Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
alaklór	Xn	22-40-43	(2)-36/37/39	15972-60-8	240-110-8	616-015-00-6	
1-[2-(allýloxý)-2-(2,4-díklórfenýl)etýl]-1-*H*-imídazól	Xn	22-36	(2)	35554-44-0	252-615-0	613-042-00-5	
1-[2-(allýloxý)etýl-2-(2,4-díklórfenýl)]-1-*H*-imídazólíumvetnissúlfat	Xn	22-41	(2)-26	58594-72-2	261-351-5	613-043-00-0	
3-amínópropýltríetoxýsílan	C	22-34	(1/2)-26-36/37/39-45	919-30-2	213-048-4	612-108-00-0	
ammoníumbis(1-(3,5-dínítró-2-oxídófenýlazó)-3-(*N*-fenýlkarbamóýl)-2-naftólató)krómat(1-)	F	11	(2)-33	84179-66-8	400-110-2	024-011-00-5	
asetófenon	Xn	22-36	(2)-26	98-86-2	202-708-7	606-042-00-1	
azakónazól	Xn	22-44	(2)-24	60207-31-0	262-102-3	613-040-00-4	
baríumkarbónat	Xn	22	(2)-24/25	513-77-9	208-167-3	056-003-00-2	
1,2-benzísótíasól-3(2*H*)-on	Xn	22-38-43	(2)-24-37	2634-33-5	220-120-9	613-088-00-6	
(benzótíazól-2-ýltíó)rafsýra	Xi	43	(2)-24-37	95154-01-1	401-450-4	607-179-00-X	
N,*N*-bis(3-amínópropýl)-metýlamín	T	22-23/24-34	(1/2)-26-36/37/39-45	105-83-9	203-336-8	612-102-00-8	Ú
bis(2-dímetýlamínóetýl)metýl-amín	T	22-24-34	(1/2)-26-36/37/39-45	3030-47-5	221-201-1	612-109-00-6	Ú
1,3-bis(2,3-epoxýpropoxý)-2,2-dímetýlpropan	Xi	38-43	(2)-24-37	17557-23-2	241-536-7	603-094-00-7	
bisfenól-A-díglýsidýleter, myndefni með meðalmólþunga ≤ 700 styrkur ≥ 5% 1% ≤ styrkur < 5%	Xi Xi Xi	36/38-43 36/38- 43 43	(2)-28-37/39	25068-38-6		603-074-00-8	
O-4-bróm-2,5-díklórfenýl-*O*,*O*-dímetýltíófosfat	Xn	22	(2)-36	2104-96-3	218-277-3	015-108-00-3	

Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
brómoxýniloktanóat	Xn	21/22-63	(2)-36/37	1689-99-2	216-885-3	608-017-00-0	
brómófos	Xn	22	(2)-36	2104-96-3	218-277-3	015-108-00-3	
2-(2-bútoxýetoxý)etanól	Xi	36	(2)-26	112-34-5	203-961-6	603-096-00-8	
bútýlnítrít	F; T	11-23/25	(1/2)-16-24-45	544-16-1	208-862-1	007-016-00-7	Ú
sec-bútýlnítrít	F; Xn	11-20/22	(2)-16-24-46	924-43-6	213-104-8	007-018-00-8	
tert-bútýlnítrít	F; Xn	11-20/22	(2)-16-24-46	540-80-7	208-757-0	007-019-00-3	
bútýraldehýðoxím	T	22-24-36	(1/2)-23-36-45	110-69-0	203-792-8	616-013-00-5	Ú
dapson	Xn	22	(2)-22	80-08-0	201-248-4	612-084-00-1	
4,4'-díamínódífenýlsúlfón	Xn	22	(2)-22	80-08-0	201-248-4	612-084-00-1	
2,6-díbróm-4-sýanófenýloktanóat	Xn	21/22-63	(2)-36/37	1689-99-2	216-885-3	608-017-00-0	
dí-*tert*-bútýlperoxíð	O; F	7-11	(2)-3/7-14-16-36/37/39	110-05-4	203-733-6	617-001-00-2	
2,6-díetýlanilín	Xn	22	(2)-23-24	579-66-8	209-445-7	612-106-00-X	
díetýl-2,4-díhýdroxýsýklódísíl-oxan-2,4-díýlbis(trímetýlen)-dífosfónattetranatríumsalt, myndefni með dínatríummetasílikati	C	22-34	(1/2)-26-36/37/39-45	148324-78-1	401-770-4	650-014-00-1	
díetýl(etýldímetýlsílanólató)ál	F; C	14/15-17-35	(1/2)-6-16-30-36/39-43-45	55426-95-4	401-160-8	013-005-00-8	
9,10-díhýdró-8*a*,10*a*-díazóníafenantren	T	24/25-36/37/38	(1/2)-22-36/37/39-45	2764-72-9	220-433-0	613-005-00-3	Ú
2,6-díjoð-4-sýanófenýloktanóat	Xn	22-63	(2)-36/37	3861-47-0	223-375-4	608-018-00-6	
díklór[(díklórfenýl)metýl]-metýlbenzen, blanda ísómera	N	50/53	60-61	76253-60-6	278-404-3	602-072-00-4	
1-{[2-(2,4-díklórfenýl)-1,3-díoxólan-2-ýl]metýl}-1*H*-1,2,4-tríazól	Xn	22-44	(2)-24	60207-31-0	262-102-3	613-040-00-4	
3,7-díklórkínólín-8-karboxýlsýra	Xi	43	(2)-24-37	84087-01-4	402-780-1	607-186-00-8	

Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
díkvat	T	24/25-36/37/38	(1/2)-22-36/37/39-45	2764-72-9	220-433-0	613-005-00-3	Ú
dílitíum-6-asetamídó-4-hýdroxý-3-(4-((2-súlfónatóoxý)-etýlsúlfónýl)fenýlazó)naftalen-2-súlfónat	Xi	43	(2)-24-37	106027-83-2	401-010-1	016-043-00-3	
3-(dímetýlamínó)própýlþvagefni	Xi	41	(2)-26-39	31506-43-1	401-950-2	006-073-00-5	
2,2'-dímetýl-2,2'-azódíprópíonónítríl	E; Xn	2-11-20/22	(2)-39-41-47	78-67-1	201-132-3	608-019-00-1	
2,2-dímetýl-1,3-benzódíoxól-4-ól	Xi	41	(2)-24-26-39	22961-82-6	400-900-7	604-022-00-7	
1,1'-dímetýl-4,4'-bípýridíníum	T	24/25-36/37/38	(1/2)-22-36/37/39-45	4685-14-7	225-141-7	613-006-00-9	Ú
2,2'-dímetýl-4,4'-metýlenbis-(sýklóhexýlamín)	T; C; N	22-23/24-35-51/53	(1/2)-26-36/37/39-45-61	6864-37-5	229-962-1	612-110-00-1	Ú
dímetýl-(3-metýl-4-(5-nítró-3-etoxýkarbónýl-2-tíenýl)azó)-fenýlnítrílódíprópíónat	Xi	43-52/53	(2)-24-37-61	118578-14-6	400-460-6	607-173-00-7	
7,7-dímetýl-3-oxa-6-azaoktan-1-ól	C	22-35	(1/2)-26-28-36/37/39-45	87787-67-5	400-390-6	603-089-00-X	
N,N'-(2,2-dímetýlprópýliden)-hexametýlendíamín	Xi	38-43	(2)-24-37	1000-78-8	401-660-6	612-092-00-5	
dímetýlsúlfamýlklóríð	Tx	45-21/22-26-34	53-45	13360-57-1	236-412-4	016-033-00-9	Ú, E

Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
dínatríum-6-(2,4-díhýdroxýfenýlazó)-3-(4-(4-(2,4-díhýdroxýfenýlazó)anilín)-3-súlfónatófenýlazó)-4-hýdroxýnaftalen-2-súlfónat (1), dínatríum-6-(2,4-díamínófenýlazó)-3-(4-(4-(2,4-díamínófenýlazó)anilín)-3-súlfónatófenýlazó)-4-hýdroxýnaftalen-2-súlfónat (2), trínatríum-6-(2,4-díhýdroxýfenýlazó)-3-(4-(4-(7-(2,4-díhýdroxýfenýazó)-1-hýdroxý-3-súlfónató-2-naftýlazó)anilín)-3-súlfónatófenýlazó)-4-hýdroxýnaftalen-2-súlfónat (3), blanda af (1), (2) og (3)	Xi	36	(2)-26		400-570-4	016-040-00-7	
dínatríum-6-((4-klór-6-(*N*-metýl)-2-tólúidínó)-1,3,5-tríazín-2-ýlamínó)-1-hýdroxý-2-(4-metoxý-2-súlfónatófenýlazó)-naftalen-3-súlfónat	Xi	43	(2)-22-24-37	86393-35-3	400-380-1	016-038-00-6	
dódekýl-3,4,5-tríhýdroxýbenzóat	Xi	43	(2)-24-37	1166-52-5	214-620-6	607-200-00-2	
endotal	T	21-25-36/37/38	(1/2)-36/37/39-45	145-73-3	205-660-5	607-150-00-1	Ú
etóprófos	Tx	25-27	(1/2)-36/37/39-45	13194-48-4	236-152-1	015-107-00-8	Ú
etýl-*trans*-3-dímetýlamínóakrýlat	Xi	43	(2)-24-37	924-99-2	402-650-4	607-185-00-2	
etýl-*S*,*S*-díprópýldítíófosfat	Tx	25-27	(1/2)-36/37/39-45	13194-48-4	236-152-1	015-107-00-8	Ú
(etýl-3-oxóbútanóató-*O*'1,*O*'3)(2-dímetýlamínóetanólató)(1-metoxý-2-própanólató)ál(III), tvílíða	Xi	10-41	(2)-26-39	149057-70-5	402-370-2	013-006-00-3	
1,10-fenantrólín	T	25	(1/2)-45	66-71-7	200-629-2	613-092-00-8	Ú
2-fenoxýetanól	Xn	22-36	(2)-26	122-99-6	204-589-7	603-098-00-9	

Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
fenýletýlamín [1], DL-α-metýlbenzýlamín [2]	C	21/22-34	(1/2)-26-28-36/37/39-45	[1] 98-48-0 [2] 618-36-0	[1] 202-706-6 [2] 210-545-8	612-107-00-5	
1-fenýletýl-3-(dímetoxý-fosfínýloxý)ísókrótonat	T	24/25	(1/2)-28-36/37-45	7700-17-6	231-720-5	015-109-00-9	Ú
gúajakól	Xn	22-36/38	(2)-26	90-05-1	201-964-7	604-031-00-6	
heptansýra	C	34	(1/2)-26-28-36/37/39-45	111-14-8	203-838-7	607-196-00-2	
5-heptýl-1,2,4-tríazól-3-ýlamín (1), 5-nónýl-1,2,4-tríasól-3-ýlamín (2), blanda af (1) og (2)	Xn; N	22-36-51/53	(2)-22-26-61		401-940-8	613-077-00-6	
N-hexadekýl(eða oktadekýl)-*N*-hexadekýl(eða oktadekýl)benzamíð	Xi	38-43	(2)-24-37		401-980-6	616-023-00-X	
hexaklóraseton	Xn	22	(2)-24/25	116-16-5	204-129-5	606-032-00-7	
hexametýlendíamín	C	21/22-34-37	(1/2)-22-26-36/37/39-45	124-09-4	204-679-6	612-104-00-9	
hexametýlentetramín	F; Xn	11-42/43	(2)-16-22-24-37	100-97-0	202-905-8	612-101-00-2	
hexanatríum-7-(4-(4-(4-(2,5-dísúlfónatóanilín)-6-flúor-1,3,5-tríazín-2-ýlamínó)-2-metýlfenýlazó)-7-súlfónatónaftýlazó)naftalen-1,3,5-trísúlfónat	Xi	43	(2)-22-24-37	85665-96-9	401-650-1	016-047-00-5	
ioxýniloktanóat	Xn	22-63	(2)-36/37	3861-47-0	223-375-4	608-018-00-6	
ísóbútýlnítrít	F; Xn	11-20/22	(2)-16-24-46	542-56-3	208-819-7	007-017-00-2	
3-(4-ísóprópýlfenýl)-1,1-dímetýlþvagefni	Xn	22-40	(2)-36/37	34123-59-6	251-835-4	006-044-00-7	
4,4'-ísóprópýlidendífenól	Xi	36/37/38-43	(2)-24-26-37	80-05-7	201-245-8	604-030-00-0	
ísóprópýlklórasetat	T	10-25-36/37/38	(1/2)-26-37/39-45	105-48-6	203-301-7	607-206-00-5	Ú
exó-4-ísóprópýl-1-metýl-1,4-epoxýsýklóhexan-2-ól	O; Xn	8-22-36	(2)-26	*107133-87-9 87172-89-2	402-470-6	603-091-00-0	
ísóprótúron	Xn	22-40	(2)-36/37	34123-59-6	251-835-4	006-044-00-7	

Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
kalíum-μ-flúór-bis(tríetýlál)	F; C	11-14/15-20-35	(1/2)-16-30-36/39-43-45	12091-08-6	400-040-2	009-017-00-8	
kalíumnatríum-5-(4-klór-6-(*N*-(4-(4-klór-6-(5-hýdroxý-2,7-dísúlfónató-6-(2-súlfónatófenýl-azó)-4-naftýlamínó)-1,3,5-tríazín-2-ýlamínó)fenýl-*N*-metýl)amínó)-1,3,5-tríazín-2-ýlamínó)-4-hýdroxý-3-(2-súlfónatófenýlazó)naftalen-2,7-dísúlfónat	Xi	36-43	(2)-22-24-26-37	118578-11-3	402-150-6	016-050-00-1	
kalsíum-2,5-díklór-4-(4-((5-klór-4-metýl-2-súlfónatófenýl)azó)-5-hýdroxý-3-metýlpýrazól-1-ýl)benzensúlfónat	Xn	20	(2)	94612-72-3	400-710-4	016-041-00-2	
karbendazím	Xn	40	(2)-36/37	10605-21-7	234-232-0	613-048-00-8	
2-klór-2',6'-díetýl-*N*-(metoxýmetýl)asetanilíð	Xn	22-40-43	(2)-36/37/39	15972-60-8	240-110-8	616-015-00-6	
2-klóretýlklórprópýl-2-klóretýl-fosfónat, blanda ísómera (1), 2-klóretýlklórprópýl-2-klórprópýl-fosfónat, blanda ísómera (2), blanda af (1) og (2)	Xn	22	(2)		401-740-0	015-143-00-4	
3-(4-klórfenýl)-1,1-dímetýlúroníumtríklórasetat	Xn	36/38-40	(2)-36/37	140-41-0		006-043-00-1	
3-(4-klórfenýl)-1,1-dímetýlþvagefni	Xn	22-40	(2)-36/37	150-68-5	205-766-1	006-042-00-6	
klórtalóníl	Xn	40	(2)-36/37	1897-45-6	217-588-1	608-014-00-4	
4,4'-kolefnisimídóýlbis[*N*,*N*-dímetýlanilín]	Xn; N	22-36-40-51/53	(2)-36/37-61	492-80-8	207-762-5	612-096-00-7	
4,4'-kolefnisimídóýlbis[*N*,*N*-dímetýlanilín]sölt	Xn; N	22-36-40-51/53	(2)-36/37-61			612-097-00-2	A
kólofóníum	Xi	43	(2)-24-37	*8050-09-7 8052-10-6 73138-82-6	232-475-7 232-484-6 277-299-1	650-015-00-7	
krótoxýfos	T	24/25	(1/2)-28-36/37-45	7700-17-6	231-720-5	015-109-00-9	Ú

Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
litíumnatríumhýdrógen-4-amínó-6-(5-(5-klór-2,6-díflúorpýrimidín-4-ýlamínó)-2-súlfónatófenýlazó)-5-hýdroxý-3-(4-(2-(súlfónatóoxý)etýl-súlfónýl)fenýlazó)naftalen-2,7-dísúlfónat	Xi	43	(2)-22-24-37	108624-00-6	401-560-2	016-045-00-4	
mangansúlfat	Xn	48/20/22	(2)-22	7785-87-7	232-089-9	025-003-00-4	
metansúlfónsýra	C	34	(1/2)-26-36-45	75-75-2	200-898-6	607-145-00-4	
metenamín	F; Xn	11-42/43	(2)-16-22-24-37	100-97-0	202-905-8	612-101-00-2	
3-metoxýbútýlasetat	Xi	36	(2)-25	4435-53-4	224-644-9	607-202-00-3	
2-metoxýfenól	Xn	22-36/38	(2)-26	90-05-1	201-964-7	604-031-00-6	
2-metoxý-1-metýletýlasetat	Xi	10-36	(2)-25	108-65-6	203-603-9	607-195-00-7	
metýlbenzimídasól-2-ýlkarbamat	Xn	40	(2)-36/37	10605-21-7	234-232-0	613-048-00-8	
2-metýl-*m*-fenýlendíamín	Xn; N	21/22-40-43-50/53	(2)-24-36/37-60-61	823-40-5	212-513-9	612-111-00-7	
metýlklórasetat	T	10-23/25-37/38-41	(1/2)-26-37/39-45	96-34-4	202-501-1	607-205-00-X	Ú
metýl-2-(3-(4-metoxý-6-metýl-1,3,5-tríazín-2-ýl)3-metýlúreidósúlfónýl)benzóat	Xi	43	(2)-22-24-37	101200-48-0	401-190-1	607-177-00-9	
metýl-3-súlfamóýl-2-tenóat	Xi	43	(2)-24-37	59337-93-8	402-050-2	607-182-00-6	
molybdentríoxíð	Xn	36/37-48/20/22	(2)-22-25	1313-27-5	215-204-7	042-001-00-9	
morfólín-4-karbónýlklóríð	Xn	14-36/38-40	(2)-26-30-36-38	15159-40-7	239-213-0	613-041-00-X	
mónúron	Xn	22-40	(2)-36/37	150-68-5	205-766-1	006-042-00-6	
mónúron-TCA	Xn	36/38-40	(2)-36/37	140-41-0		006-043-00-1	
natríum-3,5-díklór-2-(5-sýan-2,6-bis(3-hýdroxýprópýlamínó)-4-metýlpýridín-3-ýlazó)benzensúlfónat	Xi	41-52/53	(2)-26-61	115035-41-1	401-870-8	016-048-00-0	
1,1',1"-nítrílótríprópan-2-ól	Xi	36	(2)-26	122-20-3	204-528-4	603-097-00-3	

Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
nónansýra	C	34	(1/2)-26-28-36/37/39-45	112-05-0	203-931-2	607-197-00-8	
oktýl-3,4,5-tríhýdroxýbenzóat	Xn	22-43	(2)-24-37	1034-01-1	213-853-0	607-199-00-9	
7-oxabísýkló[2,2,1]heptan-2,3-díkarboxýlsýra	T	21-25-36/37/38	(1/2)-36/37/39-45	145-73-3	205-660-5	607-150-00-1	Ú
parakvat	T	24/25-36/37/38	(1/2)-22-36/37/39-45	4685-14-7	225-141-7	613-006-00-9	Ú
pentaklórbenzen	F; Xn; N	11-22-50/53	(2)-41-46-50-60-61	608-93-5	210-172-0	602-074-00-5	
pentanatríum-5-anilín-3-(4-(4-(6-klór-4-(3-súlfónatóanilín)-1,3,5-tríazín-2-ýlamínó)-2,5-dímetýlfenýlazó)-2,5-dísúlfónatófenýlazó)-4-hýdroxýnaftalen-2,7-dísúlfónat	Xi	36	(2)-22-26	93983-23-4	400-120-7	016-035-00-X	
pentýlmetýlfosfínat (1), 2-metýlbútýlmetýlfosfínat (2), blanda af (1) og (2)	C	34	(1/2)-26-36/37/39-45	87025-52-3	402-090-0	015-144-00-X	
pentýlnítrít [1], blanda ísómera [2]	F; Xn	11-20/22	(2)-16-24-46	[1] 463-04-7 [2] 110-46-3	[1] 207-332-7 [2] 203-770-8	007-020-00-9	
2-piperazín-1-ýletýlamín	C	21/22-34-43-52/53	(1/2)-26-36/37/39-45-61	140-31-4	205-411-0	612-105-00-4	
própýlendíamín	C	10-21/22-35	(1/2)-26-37/39-45	78-90-0	201-155-9	612-100-00-7	
própýlenkarbónat	Xi	36	(2)	108-32-7	203-572-1	607-194-00-1	
2-(própýloxý)etanól	Xn	10-21-36	(2)-24/25-36/37	2807-30-9	220-548-6	603-095-00-2	
própýl-3,4,5-tríhýdroxýbenzóat	Xn	22-43	(2)-24-37	121-79-9	204-498-2	607-198-00-3	
sinksúlfat	Xi	36/38	(2)-22-25	7733-02-0	231-793-3	030-006-00-9	
sítral	Xi	38-43	(2)-24/25-37	5392-40-5	226-394-6	605-019-00-3	
sýklóokt-4-en-1-ýlmetýlkarbónat	Xi	43	(2)-24-37	87731-18-8	401-620-8	006-071-00-4	
rósín	Xi	43	(2)-24-37	*8050-09-7 8052-10-6 73138-82-6	232-475-7 232-484-6 277-299-1	650-015-00-7	
3*a*,4,7,7*a*-tetrahýdró-4,7-metanóinden	F; Xn; N	11-20/22-36/37/38-51/53	(2)-36/37-61	77-73-6	201-052-9	601-044-00-9	

Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
tetrahýdrótíófen	F; Xn	11-20/21/22-36/38	(2)-16-23-36/37	110-01-0	203-728-9	613-087-00-0	
tetraklórísótalónítríl	Xn	40	(2)-36/37	1897-45-6	217-588-1	608-014-00-4	
N,N,N',N'-tetrametýletýlendíamín	F; C	11-20/22-34	(1/2)-16-26-36/37/39-45	110-18-9	203-744-6	612-103-00-3	
tetranatríum-5-benzamídó-3-(5-(4-flúor-6-(1-súlfónató-2-naftýlamínó)-1,3,5-tríazín-2-ýlamínó)-2-súlfónatófenýlazó)-4-hýdroxýnaftalen-2,7-dísúlfónat	Xi	36/38-43	(2)-22-24/25-37	85665-97-0	400-790-0	016-042-00-8	
tetranatríum-2-(6-klór-4-(4-(2,5-dímetýl-4-(2,5-dísúlfónató-fenýlazó)fenýlazó)-3-úreidóanilín)-1,3,5-tríazín-2-ýlamínó)benzen-1,4-dísúlfónat	Xi	43	(2)-22-24-37	149057-74-9	400-430-2	016-039-00-1	
tetranatríum-3,3'-(piperazín-1,4-díýlbis((6-klór-1,3,5-tríazín-4,2-díýl)imínó(2-asetamídó)-4,1-fenýlenazó))bis(naftalen-1,5-dísúlfónat)	Xi	43	(2)-22-24-37	81898-60-4	400-010-9	016-034-00-4	
tin(II)metansúlfónat	C	22-34-43	(1/2)-22-26-36/37/39-45	53408-94-9	401-640-7	050-018-00-8	
tíókarbónýlklóríð	T	22-23-36/37/38	(1/2)-7-9-36/37-45	463-71-8	207-341-6	607-201-00-8	Ú
(tris(klórmetýl)talósýanínató)-kopar(II), myndefni með *N*-metýlpiperazín og metoxýediksýru	Xi	36	(2)-26	118800-27-4	401-260-1	029-005-00-6	
tríetoxýíósóbútýlsílan	Xi	38	(2)-24	17980-47-1	402-810-3	014-007-00-1	
S-(3-trímetoxýsílýl)própýl-19-ísósýanató-11-(6-ísósýanató-hexýl)-10,12-díoxó-2,9,11,13-tetraazanónadekantíóat	Xn	10-42/43	(2)-23-24-37	85702-90-5	402-290-8	607-184-00-7	
1,2,4-trímetýlbenzen	Xn	10-20-36/37/38	(2)-26	95-63-6	202-436-9	601-043-00-3	

Heiti efna	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
trínatríum(6-anilín-2-(5-nítró-2-oxídófenýlazó)-3-súlfónató-1-naftólató)(4-súlfónató-1,1'-azódí-2,2'-naftólató)krómat(1-)	Xi; N	41-51/53	(2)-26-39-61	104105-46-6	402-500-8	024-013-00-6	
trínatríumbis(7-asetamídó-2-(4-nítró-2-oxídófenýlazó)-3-súlfónató-1-naftólató) krómat(1-)	Xn	40	(2)-22-36/37		400-810-8	024-012-00-0	
trínatríum-7-(4-(6-flúor-4-(2-(2-vínýlsúlfónýletoxý)etýlamínó)-1,3,5-tríazín-2-ýlamínó)-2-úreidófenýlazó)naftalen-1,3,6-trísúlfónat	Xi	43	(2)-22-24-37	106359-91-5	402-170-5	016-051-00-7	
týmól	C	22-34	(1/2)-26-28-36/37/39	89-83-8	201-944-8	604-032-00-1	
valínamíð	Xi	36-43	(2)-24-26-37	20108-78-5	402-840-7	616-025-00-0	

* við CAS-nr. þýðir að númerið á við hópfærslu.

SAMÞYKKT

um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Hveragerðisbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa hans.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.

II. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, að jafnaði annan fimmtudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar, varaforseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarins, bæjarskrifstofu á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti bæjarstjórnar nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni, skal hann víkja sæti og kosning fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaforseti skal kjörinn til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta bæjarstjórnar til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti bæjarstjórnar deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa nýjan forseta bæjarstjórnar í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta bæjarstjórnar fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar, skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann boða varamann í sinn stað. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta bæjarstjórnar. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti bæjarstjórnar, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta bæjarstjórnar. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti bæjarstjórnar óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu

annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef bæjarfulltrúi óskar þess og bæjarstjórn samþykkir.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta bæjarstjórnar.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja

blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriða í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem starf forseta bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti bæjarstjórnar ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi einhverra hluta vegna sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar, getur bæjarstjórn auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

IV. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar kl. 17.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann boða varamann í sinn stað.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal setja nefndum erindisbréf þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra og valdsvið.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir til afgreiðslu. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðar bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög eða reglur mæla fyrir um:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Atvinnu- og markaðsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 28. nóvember 1996.
3. *Bygginga- og brunamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og fer með brunamál sbr. 4. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992.
4. *Ferlinefnd um málefni fatlaðra.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn félagsþjónustu bæjarins skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 82/1989, jafnréttismál skv. lögum nr. 28/1991, áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 58/1992.
6. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
8. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 8. desember 1994.
9. *Skipulags- og náttúruverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um skipulagsmál skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, umhverfismál og náttúruvernd skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, gróðurvernd skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, búfjárhald skv. lögum nr. 46/1991 og gerir nefndin tillögu um búfjáreftirlitsmann og annan til vara skv. 9. gr. laganna. Þá sér nefndin einnig um umferðarmál.
10. *Skólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Nefndin fer einnig með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
11. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
12. *Stjórn Veitustofnana Hveragerðis.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin fer með málefni hitaveitu og rafveitu skv. reglugerð nr. 452/1992.
13. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
14. *Íþrótta- og æskulýðsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
15. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

C. Kosning og tilnefning fulltrúa í nefndir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, Árnessýslu og Sambands íslenskra sveitarfélaga eftir því sem lög, reglur og samþykktir segja til um.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn og bæjarráð. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni bæjarins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Skrifstofustjóri gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli það öðrum.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum, þ.e. forstöðumenn sviða og yfirmenn stofnana, og veitir þeim lausn frá störfum. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við starfsmenn í stjórnunarstöðum þar sem meðal annars skal kveðið á um kaup og kjör.

62. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn bæjarins en þá sem greinir í 61. gr. og veitir þeim lausn frá störfum, nema á annan veg sé mælt í reglugerðum eða reglum er bæjarstjórn setur.

63. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða eftir ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarins.

64. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna

á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

65. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 64. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

66. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundi, enda hafi breytingartillögur verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

67. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

68. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 64. gr. og þriggja ára áætlun skv. 67. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun og breytta skv. 66. gr.

69. gr.

Ársreikningur bæjarins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðenda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarins og fyrirtækja eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

VII. KAFLI
Gildistökuákvæði.

70. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 294/1987, sbr. samþykkt nr. 423/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. ágúst 1999.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Kristín Benediktsdóttir.

Nr. 550 5. ágúst 1999

REGLUGERÐ

um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til innheimtu krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu við nauðungarsölu, heimilda til samninga og skilyrða fyrir afskriftum slíkra krafna.

2. gr.

Kröfur Íbúðalánasjóðs teljast hafa glatað veðtryggingu annars vegar þegar sjóðurinn kaupir fasteign við nauðungarsölu og kröfur sjóðsins eru hærri en matsverð hennar við uppboð, sbr. 57. gr. laga nr. 90/1991 og hins vegar þegar aðrir kaupa fasteign við nauðungarsölu og kröfur sjóðsins sem hvíla á fasteign fást ekki að fullu greiddar af söluverði hennar.

3. gr.

Íbúðalánasjóður skal tilkynna skuldara bréflega um niðurstöðu uppgjörs á nauðungarsölunni um leið og frumvarp um úthlutun á söluverði og verðmat íbúðar liggur fyrir.

Í tilkynningu skal m.a. gera grein fyrir heimildum til að semja um uppgjör kröfunnar auk þess sem vekja skal athygli á því að skuldin beri dráttarvexti frá dagsetningu tilkynningar.

4. gr.

Náist ekki samningar sbr. 3. gr. skal þegar hefja innheimtuaðgerðir vegna krafna Íbúðalánasjóðs sem glata veðtryggingu við nauðungarsölu.

Innheimta skal reynd hjá skuldara allt þar til eignaleysi hans hefur verið sannað með árangurslausri aðfarargerð eða á annan tryggilegan hátt.

5. gr.

Íbúðalánasjóði er heimilt að skuldbreyta kröfu sem glatað hefur veðtryggingu með því að taka við nýju skuldabréfi til allt að 10 ára. Skuldabréfið skal vera vísitölutryggt og bera sömu vexti og fasteignaveðbréf Íbúðalánasjóðs á hverjum tíma. Skuldabréfið skal tryggt með veði í fasteign innan markaðsverðs hennar.

Íbúðalánasjóður getur heimilað skuldara veðbreytingu (flutning) á lánum samkvæmt þessari grein. Veðkröfur sjóðsins eru þær sömu og í 1. mgr.

Hafi skuldari ekki samið um greiðslu kröfunnar við Íbúðalánasjóð sendir sjóðurinn honum árlega yfirlit yfir skuldastöðu hans.

6. gr.

Skuldarar fá ekki fyrirgreiðslu að nýju hjá Íbúðalánasjóði fyrr en kröfur sjóðsins á hendur þeim hafa verið greiddar, samið hefur verið um greiðslu þeirra skv. 5. gr. eða þær afskrifaðar skv. 7. gr.

Þegar skuldari hefur gefið út skuldabréf til greiðslu á kröfu getur hann sótt um fyrirgreiðslu hjá Íbúðalánasjóði að nýju. Skuld samkvæmt slíku skuldabréfi skal tilgreind í greiðslumati ásamt öðrum skuldum og tekið tillit til hennar við mat á greiðslugetu skuldara.

7. gr.

Að liðnum 5 árum frá nauðungarsölu er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að afskrifa kröfur sem glatað hafa veðtryggingu enda liggi þá fyrir að krafan sé óinnheimtanleg.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 47. og 50. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. ágúst 1999.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

9. ágúst 1999 Nr. 551

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Búðahreppi.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í Búðahreppi sbr. 2. gr. stafl. b samþykkta um hunda- og kattahald í Búðahreppi er 8.500 kr. fyrir árið 1999.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí 1999.

2. gr.

Handsömunargjald sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera 3.000 kr. í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í 6.000 kr. ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda kött í Búðahreppi sbr. 8. gr. stafl. b samþykkta um hunda- og kattahald í Búðahreppi er 6.600 kr. fyrir árið 1999.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí 1999.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Búðahrepps staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að gilda á árinu 1999.

Framangreind gjaldskrá var samþykkt í tveim umræðum í hreppsnefnd Búðahrepps, þann 9. mars 1999 og 20. maí 1999 og í aukaumfjöllun 6. júlí 1999.

Fáskrúðsfirði, 9. ágúst 1999.

F.h. Búðahrepps,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar fimm manna vísindasiðanefnd til fjögurra ára í senn, til að fjalla um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu menntamálaráðherra, einn eftir tilnefningu dómsmálaráðherra og einn eftir tilnefningu landlæknis. Tveir skulu skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þess skal gætt að innan nefndarinnar séu aðilar með sérþekkingu á sviði heilbrigðisvísinda, siðfræði rannsókna og mannréttinda.

2. gr.

Á Ríkisspítölum, Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri skulu starfa þverfaglegar siðanefndir skipaðar af stjórnum viðkomandi sjúkrahúsa. Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu landlæknis og skal hann vera óháður viðkomandi sjúkrahúsi. Innan heilsugæslunnar skal starfa þriggja manna siðanefnd, sem skipuð skal af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu Landssamtaka heilsugæslustöðva, einn samkvæmt tilnefningu landlæknis og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Siðanefndir samkvæmt 2. gr. skulu meta áætlanir um vísindarannsóknir sem gera skal á vegum viðkomandi aðila.

Siðanefndir skv. 2. gr. skulu senda vísindasiðanefnd niðurstöður sínar.

Vísindasiðanefnd skal meta samstarfsverkefni, fjölþjóðlegar rannsóknir og aðrar áætlanir um vísindarannsóknir, sem ekki falla undir verksvið siðanefnda skv. 2. gr.

Beiðni um mat skal fylgja nákvæm rannsóknaráætlun ásamt öðrum gögnum samkvæmt nánari ákvörðun vísindasiðanefndar.

Vísindasiðanefnd getur kallað sérfræðinga til ráðuneytis þegar þörf krefur.

4. gr.

Með vísindarannsókn er átt við rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem gerir m.a. kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma.

Mat vísindasiðanefndar, eða siðanefndar skv. 2. gr., á vísindarannsókn verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg og/eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar.

Líffræðilegar rannsóknir á mönnum skulu ekki leyfðar nema að undangengnu mati á hugsanlegri áhættu annars vegar og gagnsemi hins vegar. Við það mat skulu hagsmunir einstaklings þó ætíð vega þyngra en hagsmunir vísinda eða samfélags.

Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar skv. 2. gr. eða vísindasiðanefndar skv. 1. gr.

Sjúklingur skal fyrirfram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn. Áður en slíkt samþykki er veitt skal gefa honum ítarlegar upplýsingar um vísindarannsóknina, áhættu sem henni kann að fylgja og hugsanlegan ávinning og í hverju þátttakan er fólgin. Upplýsingarnar skulu gefnar á þann hátt að þátttakandi geti skilið þær. Sjúklingi skal gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn og hann geti hvenær sem er hætt þátttöku eftir að hún er hafin.

5. gr.

Aðgangur að sjúkraskrám vegna vísindarannsóknar er óheimill nema rannsóknin hafi áður hlotið samþykki tölvunefndar, sbr. 30. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og samþykki siðanefndar skv. 2. gr. eða vísindasiðanefndar.

Vísindarannsókn á lífsýnum úr mönnum er óheimil nema rannsóknin hafi áður hlotið samþykki siðanefndar skv. 2. gr. eða vísindasiðanefndar skv. 1. gr.

Um skráningu og vinnslu persónuupplýsinga gilda ákvæði laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga nr. 121/1989.

6. gr.

Vísindasiðanefnd skal fylgjast með framvindu rannsókna, sem hún hefur samþykkt. Hún getur krafist þess að rannsóknaraðili sendi nefndinni áfangaskýrslur og niðurstöður. Vísindasiðanefnd getur afturkallað samþykki sitt fyrir rannsókn telji hún að framkvæmd hennar sé ekki í samræmi við þá rannsóknaáætlun og gögn sem rannsóknaraðili lagði fyrir vísindasiðanefnd og að hún uppfylli ekki lengur skilyrði 4. gr. fyrir samþykki vísindarannsóknar. Hafi samþykki verið afturkallað skal hætta rannsókn þegar í stað.

Sömu reglur gilda um siðanefndir skv. 2. gr.

7. gr.

Ráðherra setur vísindasiðanefnd skv. 1. gr. starfsreglur að fengnum tillögum hennar og skulu þær jafnframt gilda um starf siðanefnda skv. 2. gr. eftir því sem við á. Reglurnar skulu vera í samræmi við ráðleggingar ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkjanna, Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðafélags lækna: Ráðleggingar til leiðbeiningar fyrir lækna um læknisfræðilegar vísindarannsóknir á mönnum og alþjóðlegum siðfræðilegum ráðleggingum um læknisfræðilegar vísindarannsóknir á mönnum.

Reglur varðandi stýrðar lyfjaprófanir á mönnum skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 284/1986 um klínískar rannsóknir á lyfjum og leiðbeiningar um góða klíníska hætti við lyfjaprófanir sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðherra getur sett nánari reglur um mat á sértækum rannsóknum svo sem erfðarannsóknum.

8. gr.

Vísindasiðanefnd og siðanefndir skv. 2. gr. skulu gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við ákvarðanir sínar. Heimilt er að kæra niðurstöðu siðanefndar skv. 2. gr. til vísindasiðanefndar.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 29. gr., sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 449/1997 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. júlí 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017.

Með vísan til 19. gr. og 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hafa umhverfisráðherra og utanríkisráðherra í dag staðfest aðalskipulag Sandgerðisbæjar 1997-2017.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 5. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Utanríkisráðuneytinu, 5. ágúst 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Benedikt Ásgeirsson.

Nr. 554 30. júní 1999

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 4.975
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 3.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:	
Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á	hálft tímagjald
Ný starfsemi:	
Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	eitt tímagjald
Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:	
Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á	eitt tímagjald

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 109/1987 fyrir heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis, með síðari breytingum, gjaldskrá nr. 149/1988 fyrir mengunareftirlit Vesturlandssvæðis, gjaldskrá nr. 108/1987 fyrir heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis með síðari breytingum og gjaldskrá nr. 176/1992 fyrir mengunareftirlit Akranessvæðis.

Borgarnesi, 30. júní 1999.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Helgi Helgason.

VIÐAUKI A

Atvinnugreinar	**Gjald kr.**
Svínarækt < 2000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	28.600
Alifuglarækt < 40.000 stæði	21.100
Loðdýrabú	21.100
Hundahótel	3.400
Kattahótel	3.100
Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 150 þús. seiði og afrennsli	10.600
Land- og kvíaeldi	26.100
Malar- og sandnám; vikurnám	5.000
Sláturhús < 50t/dag	42.300
Saltfiskverkun	14.900
Heitloftsþurrkun fiskafurða	17.400
Harðfiskverkun	17.400
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	17.400
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	21.100
Vinnsla á ferskum fiski, stór	28.600
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	19.900
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta lítil	24.600
Sultu- og ávaxtagrautargerð	22.200
Salatgerð	22.200
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	23.600
Mjólkurbú og ostagerð	125.500
Framleiðsla húsdýrafóðurs	3.700
Bakarí, miðlungs	24.600
Kökugerð, lítil	14.900
Súkkulaði- og sælgætisgerð	11.200
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	28.600

Atvinnugreinar	**Gjald kr.**
Trésmíðaverkstæði með lökkun	9.900
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	4.400
Prentiðnaður, lítill	4.700
Prentiðnaður með framköllun	13.100
Garðaúðun	3.700
Plastiðnaður	9.900
Vinnsla með plast- og frauðefni	9.900
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	6.800
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	10.600
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	16.200
Meðferð og húðun málma	11.800
Blikksmíði	3.700
Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	4.000
Rafvélaverkstæði	3.700
Stálsmíði og stálskipagerð	26.100
Spennistöðvar	3.100
Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	42.000
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	28.000
Vatnsveitur < 1.000 íbúa	7.000
Vatnsveitur, einka	5.800
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	4.000
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	4.400
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	11.200
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	14.300
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirkur	12.400
Bón- og bílaþvottur, handvirkur	6.200
Smurstöðvar	15.500
Bensínstöðvar	19.900
Bensínstöðvar með matvöru	47.300
Bensínstöðvar með veitingasölu	65.700
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	9.300
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	24.600
Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	41.800
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	17.400
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	13.700
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	22.200
Áfengisverslun	7.500
Apótek	8.700
Snyrtivöruverslun	8.700
Byggingavöruverslanir, litlar	23.600
Járnvöruverslanir	10.600
Málningarvöruverslanir	14.300
Hótel með veitingasölu, lítið	23.600
Hótel með veitingasölu, miðlungs	52.200
Hótel með veitingasölu, stórt	60.700
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	21.100
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	8.100
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	4.000
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	8.100
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	10.600
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	10.600
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	8.100
Matsölustaðir, litlir	24.900

Atvinnugreinar	**Gjald kr.**
Matsölustaðir, miðlungs	38.300
Skyndibitastaðir, litlir	27.400
Skemmtistaðir með matsölu	19.900
Krár, kaffihús með matsölu	19.900
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	17.400
Veruflutningamiðstöðvar	23.600
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	18.700
Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	9.300
Ljósmyndastofur með framköllun	8.100
Fangelsi, lítið	5.000
Fangelsi, miðlungs	23.600
Grunnskólar án mötuneytis	9.900
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	27.100
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	25.900
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	25.900
Tónlistarskólar	4.400
Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs með móttökueldhúsi	26.100
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með móttökueldhúsi	21.100
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með fullbúnu eldhúsi	32.300
Vistheimili	9.900
Áfengismeðferð	19.900
Heilsugæslustöðvar	4.400
Læknastofur	4.400
Tannlæknastofur	4.400
Sjúkraþjálfun	4.400
Fótaaðgerðarstofur	8.700
Yoga-stofur, heilun o.fl.	8.700
Dýralæknastofur án röntgen	3.400
Heimili fyrir börn og unglinga	8.700
Leikskólar með fullbúið eldhús	23.400
Gæsluvellir	8.700
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	9.900
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	19.900
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	25.900
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	22.400
Aðrar skólphreinsistöðvar	
Gámastöð	4.400
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	4.000
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	4.000
Sorpflutningar og sorphirða	5.600
Áhaldahús sveitarfélags	
Kirkjur	3.700
Kvikmyndahús	11.800
Sundstaðir, litlir	31.400
Sundstaðir, miðlungs	60.800
Íþróttahús, lítil	8.700
Íþróttahús, miðlungs	11.200
Íþróttavellir	4.400
Skíðaskálar, skíðasvæði	5.000
Hestahald (hesthúsahverfi)	5.000
Skotvellir	9.300
Þvottahús og efnalaugar	8.700

Atvinnugreinar	Gjald kr.
Efnalaugar	9.900
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	9.900
Hárgreiðslustofur	8.700
Snyrtistofur	8.700
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	17.400
Líkamsræktarstöðvar, stórar	18.700
Sólbaðstofur án heitra potta	8.700
Nuddstofur	8.700

6. júlí 1999 Nr. 555

REGLUGERÐ

um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf.

1. gr.

Rétt til að kalla sig sérfræðing á sérsviði innan félagsráðgjafar hafa þeir félagsráðgjafar einir, er til þess hafa fengið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Til þess að félagsráðgjafi geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skal hann hafa fullnægt þeim kröfum, er hér greinir:

1. Hlotið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að kalla sig félagsráðgjafa, sbr. 1. gr. laga nr. 95/1990 um félagsráðgjöf.
2. Lokið framhaldsnámi og aðfararnámi samkvæmt 3. gr. sbr. 13. gr.
3. Stundað sérnám og starfsþjálfun samkvæmt 7. og 8. gr.
4. Lokið ritsmíð og fullnægt ákvæðum 10. gr.

3. gr.

Til þess að geta hafið sérnám í félagsráðgjöf skal félagsráðgjafi hafa lokið eigi minna en 5 ára háskólanámi með framhaldsnámi í félagsráðgjöf. Grunnnám má vera í annarri háskólagrein, sem er tengd félagsráðgjöf.

4. gr.

Sérnám og starfsþjálfun samkvæmt 7. og 8. gr. má einungis fara fram á þeim fræðslu-, þjónustu- og meðferðarstofnunum, sem viðurkenndar eru. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið veitir slíka viðurkenningu að fengnum tillögum sérfræðinefndar sbr. 13. gr., sem metur starfsemi stofnana og hæfni leiðbeinenda og handleiðara. Nefndin endurskoðar mat sitt á tveggja ára fresti.

Félagsráðgjafar, sem stunda sérnám, skulu að jafnaði vera í fullu starfi á þeim stofnunum þar sem þeir nema, en þó aldrei minna en 50% og lengist þá starfsþjálfunartíminn og fjöldi handleiðslutíma að sama skapi.

Heimilt er að veita þeim félagsráðgjöfum sérfræðileyfi, sem fengið hafa sérfræðileyfi eða lokið sérnámi í öðrum löndum, séu kröfur sambærilegar, enda þótt námstilhögun sé með öðrum hætti. Sérnám ásamt starfsþjálfun með handleiðslu má þó aldrei standa skemur en í 4 ár að loknu framhaldsnámi.

5. gr.

Félagsráðgjafi getur sótt um sérfræðileyfi á einu af fjórum sérsviðum félagsráðgjafar:

1. Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði - klínísk félagsráðgjöf.
2. Félagsráðgjöf í félagsþjónustu.

3. Félagsráðgjöf á fræðslu- og skólasviði.
4. Félagsráðgjöf í fangelsismála- og dómskerfi.

Veita má sérfræðileyfi á öðrum sviðum en þeim sem nú er gert ráð fyrir, ef félagsráðgjafi hefur uppfyllt sömu kröfur og þar eru gerðar. Sérfræðinefnd úrskurðar um slík mál.

Heimilt er að veita sérfræðileyfi í undirgrein og fer það eftir mati sérfræðinefndar hvað telja má undirgrein.

6. gr.

Til þess að fá sérfræðileyfi þarf félagsráðgjafi að hafa lokið starfsþjálfun eigi skemur en í 5 ár á aðalsviði skv. eftirfarandi lýsingu. Til þess að fá sérfræðileyfi í undirgrein skal hann þar af hafa lokið tveggja ára viðurkenndri þjálfun á sviði undirgreinar.

1. Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði - klínísk félagsráðgjöf.
   a) 36 mánuðir á deildum eða stofnunum, sem veita heilbrigðisþjónustu. Þar af minnst 12 mánuðir á almennum geðdeildum, 12 mánuðir á barna- og unglingageðdeild, 12 mánuðir á almennum sjúkradeildum.
   b) 12 mánuðir á deildum eða stofnunum heilbrigðisþjónustu fyrir börn, fullorðna eða aldraða.
   c) 12 mánuðir á deildum eða stofnunum, sem tengjast greininni.
2. Félagsráðgjöf í félagsþjónustu.
   a) 36 mánuðir á sviði félagsþjónustu á vegum ríkis- og sveitarfélaga, þar af minnst 12 mánuðir með börnum og unglingum.
   b) 12 mánuðir á félagsmálastofnunum eða félagsmálanefnd/félagsmálaráði sveitarfélaga.
   c) 12 mánuðir á vettvangi sem tengist greininni.
3. Félagsráðgjöf á fræðslu og skólasviði.
   a) 36 mánuðir á fræðslusviði, í skólum eða á meðferðarstofnunum fyrir börn og unglinga á skólaaldri.
   b) 12 mánuðir á ráðgjafar- eða fræðsluskrifstofu, félagsmálastofnun með þjónustu við skóla.
   c) 12 mánuðir á deildum eða stofnunum, sem tengjast greininni.
4. Félagsráðgjöf í réttarkerfi: fangelsismála- og dómskerfi.
   a) 36 mánuðir á sviði fangelsis- og dómsmála; við fangelsi, skilorðseftirlit eða stofnanir, sem undirbúa mál fyrir dómi/úrskurði.
   b) 12 mánuðir á stofnunum er veita meðferð, ráðgjöf eða aðra þjónustu fyrir gerendur/þolendur og fjölskyldur þeirra.
   c) 12 mánuðir á deildum eða stofnunum, sem tengjast greininni.

7. gr.

Til þess að fá viðurkenningu sem sérfræðingur þarf félagsráðgjafi að hafa fengið handleiðslu á starfsþjálfunartímanum sem nemur 120 handleiðslutímum í einstaklingshandleiðslu og 40 tímum í hóphandleiðslu.

8. gr.

Til þess að fá viðurkenningu sem sérfræðingur þarf félagsráðgjafi að hafa lokið fræðilegu námi sem nánari skilyrði eru sett um í vinnureglum sérfræðinefndar.

9. gr.

Til þess að fá viðurkenningu sem sérfræðingur þarf félagsráðgjafi að hafa samið ritsmíð um fræðilegt efni í félagsráðgjöf innan sérfræðisviðsins. Gerð er krafa um sjálfstætt

fræðilegt ritverk sem byggir á eigin rannsókn á sviðinu. Ritverkið skal hafa verið birt í viðurkenndu vísindatímariti eða í sérstöku riti/bæklingi/bók þar sem fræðilegum kröfum er fylgt.

10. gr.

Heimilt er að synja félagsráðgjafa um sérfræðileyfi, þótt hann fullnægi ákvæðum þessarar reglugerðar, ef óeðlilega langur tími telst liðinn frá því hann lauk samfelldu sérnámi eða ef aðrar gildar ástæður mæla gegn veitingu sérfræðileyfis.

11. gr.

Sérfræðingur skal endurnýja sérfræðileyfi sitt á tíu ára fresti og staðfesta að hann starfi og hafi viðhaldið menntun sinni á því sviði sem hann hefur sérfræðileyfi á.

12. gr.

Umsóknir um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf ásamt staðfestum vottorðum yfirmanna, leiðbeinenda og handleiðara og öðrum nauðsynlegum fylgiskjölum ásamt ritsmíð til sérfræðiviðurkenningar skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið veitir sérfræðileyfi í félagsráðgjöf að fenginni umsögn landlæknisembættisins og þriggja manna sérfræðinefndar sem ráðherra skipar. Í nefndinni skal einn tilnefndur af Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, einn fulltrúi félagsráðgjafar við Háskóla Íslands og einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Sérfræðinefnd skal setja sér vinnureglur um aðfararnám, handleiðslu, fræðilegt nám og nýjar undirgreinar.

Sérfræðinefndinni til ráðgjafar er 3ja manna matsnefnd. Hún skal skipuð tveimur fulltrúum frá Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa og fulltrúa félagsráðgjafar við Háskóla Íslands og er hann formaður matsnefndarinnar.

Áður en sérfræðileyfi í félagsráðgjöf á félagssviði (aðalsvið), í barnavernd (undirgrein) og fötlun (undirgrein) er veitt skal leitað umsagnar félagsmálaráðuneytisins. Áður en sérfræðileyfi í réttarfélagsráðgjöf (aðalsvið) er veitt skal leitað umsagnar dómsmálaráðuneytisins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heldur skrá yfir þá sem hafa sérfræðileyfi hverju sinni.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 4. gr. laga nr. 95/1990 um félagsráðgjöf og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 3. og 4. gr. og viðurkenna starfsreynslu og fræðilega þekkingu félagsráðgjafa, sem starfað hafa í meira en 25 ár, í eitt ár frá því að reglugerð þessi tekur gildi. Krafan um ritsmíð skv. 10. gr. er ófrávíkjanleg.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 6. júlí 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

Stjórnartíðindi B 74, nr. 548–555. Útgáfudagur 20. ágúst 1999.

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 1999

Nr. 556 1696 17. ágúst 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 517, 27. júlí 1999, um veiðieftirlitsgjald og á reglugerð nr. 520, 27. júlí 1999, um greiðslu gjalds til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins fiskveiðiárið 1999/2000.

1. gr.

Á undan orðinu „skrápflúra“ í 5. gr. rg. nr. 517/1999 og í 3. gr. rg. nr. 520/1999, komi: þykkvalúra 1,35.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Stjórnartíðindi B 75, nr. 556. Útgáfudagur 18. ágúst 1999.

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 - 1999

20. ágúst 1999 1697 Nr. 557

AUGLÝSING

um deiliskipulag á lóð úr landi Mela, Leirár- og Melahreppi.

Sveitarstjórn Leirár- og Melahrepps hefur hinn 30. júlí 1999 í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag um lóð úr landi Mela, Leirár- og Melahreppi. Deiliskipulagssvæðið er 63.000 m^2 og er ætlað til byggingar athafnahúsnæðis vegna svínaeldis fyrir um 20.000 grísi á ári eða um 6.000-8.000 grísi að staðaldri.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gildi þessa deiliskipulags er bundið eftirfarandi fyrirvörum: 1) Gildi og framkvæmd skipulagsins hvað varðar byggingu athafnahúsa fyrir eldi á um 20.000 grísum á ári eða um 6.000-8.000 grísum að staðaldri frestast ef umhverfisráðherra ákveður að meta skuli umhverfisáhrif af byggingu og rekstri slíks svínabús. 2) Komi til þess að úrskurður um mat á umhverfisáhrifum gangi þvert á efnisatriði deiliskipulagsins, sbr. ofangreint, má búast við því að deiliskipulagið verði tekið til endurskoðunar.

Leirár- og Melahreppi, 20. ágúst 1999.

Sigurður Valgeirsson oddviti.

Stjórnartíðindi B 76, nr. 557. Útgáfudagur 23. ágúst 1999.

B 109
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 77 - 1999

Nr. 558 1698 21. ágúst 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Reykjavíkurflugvöllur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Breytingin varðar:

1. Sett er inn tengibraut með helgunarsvæði, frá Hringbraut að fyrirhugaðri flugstöð innan flugvallarsvæðis í framhaldi af tengibraut sem sýnd er að flugvallarvegi á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016. Við það breytist landnotkun á almennu útivistarsvæði í helgunarsvæði meðfram stofn- og flugbrautum.

2. Bæjarstæði Nauthóls, sem er innan flugvallarsvæðis, færist út fyrir svæðið og við það breytist landnotkun af hluta svæðisins suðaustan flugvallar úr athafnasvæði í útivistarsvæði til sérstakra nota og útivistarsvæði við Nauthólsvík stækkar.

3. Helgunarsvæði suðurenda flugbrautar 02-20 stækkar til suðvesturs og við það flyst stofngöngustígur skv. aðalskipulagi út fyrir öryggissvæði flugbrautar á uppfyllingu í sjó.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 21. ágúst 1999.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 515, 27. júlí 1999, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1999/2000, og á reglugerð nr. 516, 27. júlí 1999, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000.

1. gr.

Í stað „34.976“ í 1. gr. reglugerðar nr. 515/1999 og í 2. gr. reglugerðar nr. 516/1999, komi: 34.494, og í stað „208.698“ í 2. gr. reglugerðar nr. 516/1999, komi: 209.180.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

24. ágúst 1999 Nr. 560

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík, Reykjavíkurflugvöllur.

Reykjavíkurflugvöllur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. júní 1999, nýtt deiliskipulag fyrir Reykjavíkurflugvöll.

Skipulagsstofnun hefur verið sent deiliskipulagið til yfirferðar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi eldri deiliskipulagsuppdráttur.

Reykjavík, 24. ágúst 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1999

Nr. 561 1700 27. ágúst 1999

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður frá og með 1. september 1999 til og með 30. júní 2000 verði 25% af dilkum sem slátrað verður í september og október en 10% af slátrun 1.-14. nóvember. Útflutningshlutfall verði ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé og dilkum, sem slátrað verður eftir 14. nóvember.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sbr. síðari breytingar og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. ágúst 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 562 26. ágúst 1999

REGLUGERÐ

um afnám banns við rækjuveiðum.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 806, 29. desember 1998, um bann við rækjuveiðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Stjórnartíðindi B 78, nr. 561–562. Útgáfudagur 30. ágúst 1999.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 1999

9. ágúst 1999 1701 Nr. 563

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Harðbalahverfis, Kjósarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Kjósarhrepps þann 3. maí 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Harðbalahverfis í Kjósarhreppi, dags. 6. nóvember 1995.

Breytingin er lóð til viðbótar að austanverðu við núverandi skipulag. Lóðin er íbúðarlóð á sömu skilmálum og Harðbali 1-4. Lóðin heitir Litla Tunga og er 31.150 m^2 að stærð. Litla Tunga hefur sjálfstæða aðkomu af þjóðveginum.

Greinargerð og uppdráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt skipulag fyrir sama svæði frá 6. nóvember 1995.

Kjós, 9. ágúst 1999.

F. h. sveitarstjórnar Kjósarhrepps,

Ólafur Halldórsson byggingafulltrúi.

12. ágúst 1999 Nr. 564

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðarinnar Langholtsvegar 84 og breytingu á deiliskipulagi lóða nr. 62, 66 og 68 við Skipholt í Reykjavík.

Langholtsvegur 84.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. júní 1999, að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir lóðina að Langholtsvegi 84. Engar athugasemdir bárust við tillöguna. Skipulags- og umferðarnefnd samþykkti skipulagstillöguna á fundi sínum þann 19. júlí 1999. Í hinu nýja skipulagi felst breyting á skipulagi lóðar auk þess sem gert er ráð fyrir fjórum nýjum íbúðum í því húsi á lóðinni sem áður var nýtt fyrir verslun.

Skipulagsstofnun hefur verið sent deiliskipulagið til yfirferðar og voru ekki gerðar við það athugasemdir.

Gutenberg

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skipholt 62, 66 og 68.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 23. júlí 1999, breytingu á deiliskipulagi, samþykktu í bæjarráði 14. mars 1961, fyrir Vatnsholt, Hjálmholt, Skipholt og Bólstaðarhlíð. Breytingin lýtur að því að byggingarreitir á lóðunum Skipholti 62, 66 og 68 voru skilgreindir upp á nýtt í takt við núverandi byggðamynstur. Settir voru nýir skilmálar fyrir greindar lóðir er gera m.a. ráð fyrir 3 íbúðum á hverri lóð.

Skipulagsstofnun hefur verið sent deiliskipulagið til yfirferðar og voru ekki gerðar við það athugasemdir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. ágúst 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

Nr. 565 17. ágúst 1999

GJALDSKRÁ

vegna afgreiðslu ríkisábyrgða og endurlána ríkissjóðs.

1. gr.

Við veitingu ríkisábyrgðar eða endurláns ríkissjóðs skal ábyrgðarþegi eða lánþegi greiða auk áhættugjalds, lántökugjald og afgreiðslugjald eins og segir í gjaldskrá þessari.

1. Lántökugjald vegna endurlána ríkissjóðs skal vera 0,5% af lánsfjárhæð.
2. Vaxtakjör endurlána í íslenskum krónum skulu taka mið af síðasta útboði sambærilegra ríkisverðbréfa. Auk þess skal greiða 0,15% álag á viðmiðunarvexti lánsins. Hafi útboð ekki átt sér stað síðustu sex vikur áður en gengið er frá lánveitingu, skulu vextir miðast við vexti af sambærilegum lánum á Verðbréfaþingi Íslands. Sé endurlánað af tilteknu erlendu lánsfé, skulu vextir vera þeir sömu og ríkissjóður þarf að greiða af hinu erlenda láni að viðbættu 0,15 % álagi.
3. Afgreiðslugjald skal greiða við veitingu ríkisábyrgða og endurlána ríkissjóðs eins og hér segir:
   a) Vegna skjalagerðar og heimildaöflunar þegar ekki er þörf sérstakra trygginga, kr. 120.000.
   b) Þegar um verulega skjalagerð er að ræða, heimildaöflun og/ eða teknar eru sérstakar tryggingar, kr. 240.000.

Í ofangreindum tilvikum skal allur útlagður kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðivinnu við möt eða þess háttar greiðast sérstaklega.

Ekki skal greiða afgreiðslugjald af endurlánum til ríkisaðila í B- og C-hluta ríkissjóðs.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir og 10. gr. laga nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins og öðlast þegar gildi. Aðilar sem greitt

hafa afgreiðslugjald vegna ríkisábyrgða frá gildistöku laga nr. 121/1997, en fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, eiga endurkræfa þá fjárhæð sem er umfram það sem kveðið er á um í gjaldskrá þessari.

Fjármálaráðuneytinu, 17. ágúst 1999.

Geir H. Haarde.

Þórhallur Arason.

20. ágúst 1999 Nr. 566

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Grafarholt.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Gerð er landnotkunarbreyting í Grafarholti sunnan Vesturlandsvegar. Nyrsti hluti fyrirhugaðrar íbúðabyggðar breytist í athafnasvæði. Jafnframt verður hluti almenns útivistarsvæðis milli Vesturlandsvegar og Grafarholts og helgunarsvæði stofnbrauta fært undir athafnasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. ágúst 1999

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

20. ágúst 1999 Nr. 567

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Grafarholt (Leirdalur).

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Landnotkun í Grafarholti breytist þannig að tengibraut um Grafarholt, Leirdal, og Reynivatnsheiði er felld niður. Lega tengibrautar norðan Grafarholts (Reynivatnsvegur) er færð til norðurs inn á útivistarsvæði. Í norðurjaðri Grafarholts verða lóðir fyrir athafna- og þjónustusvæði og skólagarðar í botni Leirdals í stað íbúðasvæðis. Þar sem megingönguleiðir þvera umferðargötur er gert ráð fyrir undirgöngum. Á þeim hluta íbúðasvæðis á Grafarholti þar sem hljóðstig fer yfir viðmiðunarmörk mengunarvarnareglugerðar (55dB) verða útfærðir hljóðtálmar eða gerðar aðrar ráðstafanir til að draga úr umferðarhávaða.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. ágúst 1999.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 568 20. ágúst 1999

GJALDSKRÁ

fyrir nautgripasæðingar á svæði Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

1. Fyrir fyrstu sæðingu á kú, þegar bóndi tekur þátt í skýrsluhaldi, greiðast kr. 1.700 fyrir hverja kú. Önnur og þriðja sæðing er innifalin.
2. Þeir sem ekki taka þátt í skýrsluhaldi greiða kr. 2.200 fyrir sæðingu á hverri kú.
3. Fyrir endursæðingar, fjórðu sæðingu á kú og sæðingar umfram það, greiðast kr. 900 fyrir hverja kú.
4. Fyrir hverja holdanautasæðingu greiðast kr. 2.300.
5. Þeir sem ekki eru mjólkurinnleggjendur greiða kr. 4.000 fyrir hverja sæðingu.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. ágúst 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 569 11. ágúst 1999

REGLUGERÐ

um sakaskrá ríkisins.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkissaksóknari heldur tölvufærða sakaskrá fyrir allt landið og nefnist hún: Sakaskrá ríkisins.

2. gr.

Tilgangur sakaskrár er:

a. að skrá niðurstöður í opinberum málum til notkunar við rannsókn og meðferð opinberra mála,

b. að gefa út sakavottorð og veita upplýsingar úr skránni eftir því sem mælt er fyrir um í III.–VI. kafla,
c. að vera grundvöllur sakfræðilegra rannsókna og til úrvinnslu á tölfræðilegum upplýsingum um opinber mál.

Ríkissaksóknari getur sett nánari reglur um færslu sakaskrárinnar og rekstur, svo og um fyrirkomulag upplýsingagjafar og útgáfu sakavottorða.

II. KAFLI
Færsla í sakaskrá.

3. gr.

Í sakaskrá skal færa upplýsingar um opinber mál á hendur einstaklingi eða lögaðila þegar máli er lokið með:

a. dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni,
b. dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á öðrum lögum þegar ákveðin er fangelsisrefsing, ákvörðun refsingar er frestað eða ákveðin er réttinda- eða leyfissvipting eða dæmd sekt 50.000 krónur eða hærri,
c. lögreglustjórasátt í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni,
d. lögreglustjórasátt eða sektargerð tollstjóra í máli vegna brots á öðrum lögum þegar sekt er 50.000 krónur eða hærri eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar,
e. ákærufrestun.

Einnig skal færa upplýsingar um mál í sakaskrá þegar niðurstaða þess hefur samkvæmt heimild í viðkomandi lögum ítrekunaráhrif á síðara brot.

Sýknudóma skal ekki færa í sakaskrá nema sýkna byggist á 15. gr. almennra hegningarlaga. Þó skal færa í sakaskrá sýknudóma sem áfrýjað er.

4. gr.

Í sakaskrá skal færa sömu eða sambærilegar upplýsingar og greinir í 3. gr. í málum þar sem íslenskir ríkisborgarar eða erlendir menn búsettir hér á landi hafa verið dæmdir til viðurlaga erlendis eða undirgengist viðurlög hjá erlendum stjórnvöldum, enda berist sakaskrá upplýsingar um slíkar niðurstöður.

Með sama hætti skal skrá erlendar ákvarðanir um viðurlög þegar fullnusta þeirra fer fram hér á landi.

5. gr.

Í sakaskrá skal einnig færa upplýsingar um:

a. uppgjöf sakar í málum, sem lokið hefur verið fyrir dómstólum,
b. uppreisn æru,
c. náðun og breytingar á skilorðstíma,
d. reynslulausn og breytingar á skilorðstíma,
e. ákvörðun um að afplána skuli refsingu eða eftirstöðvar refsingar sem gefin hefur verið eftir með skilorðsbundinni náðun eða reynslulausn,
f. áfrýjun mála sem færð eru í sakaskrá,
g. lok afplánunar fangelsisrefsingar,
h. úrlausn um niðurfellingu öryggisráðstafana skv. VII. kafla almennra hegningarlaga,
i. endurveitingu réttinda, sem sakborningur hefur verið sviptur,
j. aðrar breytingar á niðurstöðum sem getið er í 3. gr.

6. gr.

Hafi dómi verið áfrýjað til Hæstaréttar og sakborningur er þar sýknaður skal afmá úr sakaskrá niðurstöður héraðsdóms. Sama gildir þegar Hæstiréttur ónýtir ákvörðun um viðurlög sem sakborningur hefur undirgengist skv. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála, vísar máli frá héraðsdómi eða ómerkir málsmeðferð héraðsdóms.

Þegar mál, sem lokið hefur verið að sakborningi fjarstöddum, er enduruppteki ð og dæmt skal héraðsdómur tilkynna sakaskrá um þann dóm og skal þá afmá úr sakaskrá fyrri innfærslu um niðurstöðu máls.

Þegar ríkissaksóknari fellir úr gildi ákvörðun um viðurlög sem sakborningur hefur undirgengist samkvæmt boði lögreglustjóra eða tollstjóra afmáir hann jafnframt viðkomandi ákvörðun úr sakaskrá hafi hún verið skráð þar.

7. gr.

Héraðsdómstólar, lögreglustjórar og tollstjórar tilkynna um niðurstöður í málum sem lokið er hjá þeim og færa skal í sakaskrá.

Ríkissaksóknari sér um að niðurstöður Hæstaréttar, ákærufrestanir sem hann afgreiðir og mál skv. 4. gr. verði færð.

Dómsmálaráðuneytið og Fangelsismálastofnun ríkisins tilkynna um þau atriði sem færa ber skv. 5. gr.

Tilkynningar til sakaskrár skulu vera skriflegar og ákveður ríkissaksóknari að öðru leyti form þeirra.

III. KAFLI
Upplýsingar úr sakaskrá til hins skráða.

8. gr.

Gefa skal út sakavottorð handa þeim sem þess óskar um hann sjálfan. Sakavottorð handa þeim sem er yngri en 18 ára skal þó aðeins láta í té að fyrir liggi samþykki þess sem fer með forsjá viðkomandi.

Í sakavottorði samkvæmt þessum kafla skal einungis tilgreina upplýsingar um brot á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni með eftirgreindum takmörkunum:

a. niðurstöður máls skv. 3. gr. aðrar en fangelsisdóma skal ekki tilgreina ef liðin eru 3 ár frá því máli var lokið,
b. fangelsisdómur skal ekki tilgreindur ef liðin eru 5 ár frá dómsuppkvaðningu eða frá því dómþoli var látinn laus hafi hann afplánað refsingu,
c. ráðstafanir skv. 62.-67. gr. almennra hegningarlaga skal ekki tilgreina ef liðin eru 5 ár frá því ráðstöfun var felld niður.

Ríkissaksóknari getur í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá tímamörkum sem tilgreind eru í 2. mgr.

Sakavottorð samkvæmt þessum kafla skal hafa að geyma upplýsingar um hvað tilgreina ber á vottorði skv. 2. mgr.

9. gr.

Beiðni um útgáfu sakavottorðs samkvæmt þessum kafla skal beina til lögreglu og skal hún vera skrifleg og undirrituð.

Sakavottorð verður ekki látið í té nema sá sem eftir því leitar sanni með framvísun fullnægjandi persónuskilríkja að vottorð varði hann. Óski annar en maður sjálfur eftir sakavottorði skal tryggt að viðkomandi hafi heimild til að veita því viðtöku.

IV. KAFLI
Upplýsingar úr sakaskrá til yfirvalda.

10. gr.

Auk þess sem ríkissaksóknari gefur út sakavottorð til eigin afnota skulu vottorð gefin út til eftirtalinna samkvæmt beiðni:

a. dómstóla,
b. dómsmálaráðuneytisins,
c. umboðsmanns Alþingis,
d. lögreglu,
e. fangelsismálastofnunar,
f. útlendingaeftirlitsins.

Ríkissaksóknari gefur út sakavottorð til erlendra yfirvalda vegna rannsóknar og meðferðar opinbers máls eða vegna öflunar ríkisfangs eða ökuréttinda.

11. gr.

Í sakavottorð samkvæmt þessum kafla skal ekki greina þær upplýsingar sem skráðar hafa verið um viðkomandi einstakling eða lögaðila þegar 10 ár eru liðin frá síðustu af eftirtöldum tímamörkum:

a. lokum afplánunar fangelsisrefsingar,
b. lokum reynslutíma reynslulausnar,
c. uppkvaðningu úrskurðar um niðurfellingu ráðstöfunar skv. 62.-67. gr. almennra hegningarlaga,
d. lokum réttindasviptingar eða endurveitingu réttinda,
e. uppkvaðningu endanlegs dóms eða dagsetningu ákvörðunar sem ekki fellur undir a-d lið.

Hafi viðkomandi hlotið tvo eða fleiri fangelsisdóma ber að færa þá alla í sakavottorð þótt aðeins einn þeirra sé innan þeirra tímamarka sem getur í 1. mgr. Ríkissaksóknari getur einnig ákveðið í sérstökum tilvikum að í sakavottorði séu upplýsingar um niðurstöður eldri mála.

12. gr.

Ríkissaksóknari getur ákveðið að aðrir opinberir aðilar en þeir sem greinir í 10. gr. fái afhent sakavottorð eða ákveðnar upplýsingar úr sakaskrá, enda hafi þeir lögvarða hagsmuni af að fá slíkar upplýsingar.

13. gr.

Beiðni um sakavottorð samkvæmt þessum kafla skal vera skrifleg en ríkissaksóknari getur fallist á að þeir sem taldir eru í 10. gr. setji fram beiðni með rafrænum pósti.

V. KAFLI
Upplýsingar úr sakaskrá til einkaaðila.

14. gr.

Upplýsingar úr sakaskrá má ekki veita einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, nema það leiði af 15. eða 16. gr. eða fyrir því sé heimild í lögum.

15. gr.

Ríkissaksóknari getur veitt einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum ákveðnar upplýsingar úr sakaskrá, enda sé það gert til þess að mögulegt verði að gæta lögvarinna

hagsmuna sem greinilega eru ríkari en þeir hagsmunir sem felast í að halda upplýsingunum leyndum.

VI. KAFLI
Upplýsingar til notkunar í vísindalegu skyni.

16. gr.

Upplýsingar úr sakaskrá má veita samkvæmt tilteknum skilyrðum þegar þær eru nauðsynlegar til vísindalegra eða tölfræðilegra rannsókna sem hafa verulega þýðingu.

VII. KAFLI
Öryggisreglur.

17. gr.

Ríkissaksóknari ákveður hverjir hafa aðgang að sakaskrá og gefur út persónulegt og leynilegt auðkennisorð sem viðkomandi verður að nota til að geta tengst skránni. Auðkennisorð skulu endurnýjuð ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Auðkennisorð skulu ekki vera lesanleg á skjá. Í hvert sinn sem sá, sem aðgang hefur að sakaskrá, víkur frá skjá, skulu gerðar þær ráðstafanir, að áframhaldandi aðgangur krefjist þess að auðkennisorð sé skráð á ný.

18. gr.

Aðgangur að sakaskrá er þessi:

a. fyrirspurn,
b. að prenta út sakavottorð og upplýsingar,
c. að skrá upplýsingar,
d. að leiðrétta og breyta skráðum upplýsingum og að afmá skráðar upplýsingar.

Þegar auðkennisorð er gefið út skal jafnframt ákveðið hvers konar aðgang viðkomandi hefur að sakaskránni.

19. gr.

Í lok hvers vinnudags skal taka öryggisafrit af sakaskránni og það varðveitt í læstri eldtraustri hirslu.

Ekki sjaldnar en með fjögurra vikna millibili skal taka öryggisafrit af sakaskránni og það varðveitt í læstri hirslu í öðru húsnæði en þar sem sakaskráin er varðveitt.

VIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um sakaskrá ríkisins, nr. 249 29. júní 1992, ásamt síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. ágúst 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Benedikt Bogason.

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 4. mgr. 12. gr. og 1.-6. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 1999 að telja um 4% frá því sem þau voru í ágúst 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 65. gr. sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. ágúst 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

30. ágúst 1999 Nr. 571

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík, Grafarholt.

Grafarholt.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 20. júlí 1999, þrjár nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir íbúðabyggð í Grafarholti.

Áætlanirnar voru sendar Skipulagsstofnun til yfirferðar og gerði hún ekki athugasemdir við þær.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. ágúst 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

25. ágúst 1999 Nr. 572

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Grafargil við Vesturlandsveg.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Breytt er afmörkun borgarverndaðs svæðis austast í Grafargili, göng undir Vesturlandsveg við Laxalón eru færð til austurs og stígakerfi breytt beggja vegna Vesturlandsvegar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 573 12. júlí 1999

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflið b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, með síðari breytingum, skal vera kr. 10.000 fyrir hvern hund. Eindagi gjaldsins er 1. mars ár hvert. Eindagi hundaleyfisgjalda fyrir árið 1999 skal þó vera 15. ágúst 1999.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausa hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórnum Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 268/1996 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

Suðurnesjum, 12. júlí 1999.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum,

Magnús H. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Nr. 574 24. ágúst 1999

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðið „hérlendis“ í c-lið 1. mgr. 1. gr. fellur brott.

2. gr.

1. málsliður 9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Rétt til endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla eiga þeir sem flytja inn verksmiðjuframleidd íbúðarhús eða framleiða íbúðarhús í verksmiðju hér á landi.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 24. ágúst 1999.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

13. ágúst 1999 Nr. 575

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema samkvæmt 5. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðast svo:

Nú verður tilnefningaraðili ekki við ósk menntamálaráðuneytisins um tilnefningu fulltrúa í áfrýjunarnefndina innan tveggja mánaða frá því að tilnefningar var fyrst óskað og skipar þá menntamálaráðherra fulltrúa þess aðila án tilnefningar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 13. ágúst 1999.

Björn Bjarnason.

Valur Árnason.

27. ágúst 1999 Nr. 576

GJALDSKRÁ

fyrir Kvótaþing Íslands fiskveiðiárið 1999-2000.

1. gr.

Þóknun fyrir skráningu og greiðslumiðlun vegna tilboðs sem skráð er á Kvótaþingi Íslands skal vera kr. 700 auk 0,13% af verðmæti viðskipta á grundvelli tilboðsins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett með stoð í 7. gr. laga nr. 11/1998 og samþykkt af stjórn Kvótaþings Íslands staðfestist hér með og öðlast gildi 1. september 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 438 22. júní 1999, um togveiðar á kolmunna.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30'V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°05,90 N - 20°30,00 V
2. 63°11,40 N - 19°07,30 V
3. 63°07,50 N - 18°38,00 V
4. 63°09,00 N - 18°27,00 V
5. 63°07,00 N - 18°02,00 V
6. 63°12,50 N - 17°00,00 V
7. 63°20,00 N - 16°03,00 V
8. 63°22,50 N - 15°51,00 V
9. 63°26,00 N - 15°29,00 V
10. 63°30,70 N - 15°00,00 V
11. 63°33,60 N - 14°41,70 V
12. 63°43,40 N - 13°53,00 V
13. 64°00,00 N - 13°07,00 V
14. 64°21,70 N - 12°17,30 V
15. 64°32,30 N - 11°41,00 V
16. 65°00,00 N - 11°28,00 V
17. 65°27,00 N - 11°24,00 V
18. 65°50,00 N - 11°32,00 V
19. 66°06,00 N - 11°33,00 V
20. 66°15,00 N - 12°00,00 V

og þaðan í rv. 360° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 578 23. ágúst 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag á lóð úr landi Melaleitis í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Hreppsnefnd Leirár- og Melahrepps hefur samþykkt deiliskipulag á lóð úr landi Melaleitis. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Leirár- og Melahreppi, 23. ágúst 1999.

Sigurður Valgeirsson oddviti.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.

1. gr.

Við viðauka 1, A hluta, sem ber yfirskriftina „Eingildur áburður, sem aðeins inniheldur eitt aðalnæringarefni, 1 köfnunarefni“ bætast töluliðirnir 1e, 15b, 15c og 18 eftir því sem við á og um getur í viðauka I við þessa reglugerð. Töluliður 15 í núgildandi reglugerð verður töluliður 15a í samræmi við breytinguna.

2. gr.

Við viðauka 1, C hluta, sem ber yfirskriftina „Áburður með aukanæringarefnin kalk, magnesíum eða brennistein sem aðaluppistöðu“ bætast töluliðirnir 5.2. og 5.3. eftir því sem við á og um getur í viðauka II með þessari reglugerð.

3. gr.

Við viðauka 5, A hluta, sem ber yfirskriftina „Eingildur áburður. Frávik í N, P, K, og Cl“, undir lið 1, sem ber yfirskriftina „Köfnunarefnisáburður N“ bætist eftirfarandi vara og vikmörk:

Þvagefnisammóníumsúlfat	0,5%
Kalknítrat í vökvaformi	0,4%
Köfnunarefnisáburðarlausn með þvagefnisformaldehýði	0,4%
Köfnunarefnisáburðarupplausn með þvagefnisformaldehýði	0,4%

4. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við tilskipun ráðsins (EBE) nr. 116/76 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð, sbr. breytingar á þeirri reglugerð með tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 28/96 og 3/98 og samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 1999.

Guðni Ágústsson.

Dís Sigurgeirsdóttir.

VIÐAUKI I

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og meginhráefni.	Lámarksnæringarefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringarefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringarefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
...	...	...	...	...	...
„1e	Kalknítrat í vökvaformi.	Vara með kalknítrati uppleystu í vatni.	8% N. Köfnunarefni gefið upp sem heildarmagn köfnunarefnis eða sem nítrats og ammóníakskköfnunarefni. Hámarksinnihald ammóníakskköfnunarefnis:1,0%. 14% CaO. Kalsíum gefið upp sem vatnsleysanlegt CaO.	Heimilt er að láta eina af eftirfarandi ábendingum fylgja tegundarheitinu: -notist til laufúðunar -notist í næringarefnalausnir og -sviflausnir -notist sem fljótandi áburður.	Heildarmagn köfnunarefnis. Nítratsköfnunarefni. Vatnsleysanlegt kalsíumoxíð.
...	...	...	...	...	...
15b	Köfnunarefnisáburðarlausn með þvagefnisformaldehýði.	Vara unnin með kemískri aðferð eða með því að leysa þvagefnisformaldehýð upp í vatni og inniheldur köfnunarefnisáburð úr töluliðum 1-14 í viðauka 1, A-hluta-1, þessarar reglugerðar nr. 398/1995, að vörunum í 3 a), 3 b) og 5 undanskildum.	18% N gefið upp sem heildarmagn köfnunarefnis. Minnst þriðjungur af yfirlýstu heildarmagni köfnunarefnis verður að koma úr þvagefnisformaldehýði . Hámarksinnihald biúrets: (þvagefnis-N + þvagefnisformaldehýð N) x 0,026.		Heildarmagn köfnunarefnis. Ef magn þess er minnst 1%: -nítratsköfnunarefni -ammóníakskköfnunarefni. Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði
15c	Köfnunarefnisáburðarupplausn með þvagefnisformaldehýði.	Vara unnin með kemískri aðferð eða með því að leysa þvagefnisformaldehýð upp í vatni og inniheldur köfnunarefnisáburð úr töluliðum 1-14 í viðauka 1, A-hluta-1, þessarar reglugerðar nr. 398/1995, að vörunum í 3 a), 3 b) og 5 undanskildum.	18% N gefið upp sem heildarmagn köfnunarefnis. Minnst þriðjungur af yfirlýstu heildarmagni köfnunarefnis verður að koma úr þvagefnisformaldehýði en af því verða minnst þrír fimmtu að vera uppleysanlegir í heitu vatni. Hámarksinnihald biúrets: (þvagefnis-N + þvagefnisformaldehýð N) x 0,0026.		Heildarmagn köfnunarefnis. Ef magn þess er minnst 1%: -nítratsköfnunarefni -ammóníakskköfnunarefni -þvagefnisköfnunarefni. Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði. Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði sem er uppleysanlegt í köldu vatni. Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði sem er aðeins uppleysanlegt í heitu vatni.
...	...	...	...	...	...
18	Þvagefnisammóníumsúlfat.	Vara unnin með kemískri aðferð úr þvagefni og ammóníumsúlfati.	30% N. Köfnunarefni gefið upp sem ammóníaks- og þvagefnisköfnunarefni. Lágmarksinnihald ammóníakskköfnunarefnis: 4% Lágmarksinnihald brennisteins gefið upp sem brennisteinsþríoxíð: 12%. Hámarksinnihald biúrets: 0,9%.		Heildarmagn köfnunarefnis Ammóníakskköfnunarefni Þvagefnisköfnunarefni Vatnsleysanlegt brennisteinsþríoxíð.“

VIÐAUKI II

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og meginhráefni.	Lámarksnæringarefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringarefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringarefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2.	3	4	5	6
...	...	...	...	...	...
„5.2	Magnesíumhydroxíð.	Vara unnin með kemískri aðferð, undirstöðuefni er magnesíumhydroxíð.	60% MgO. Kornastærð: minnst 99% komast í gegnum sigti með möskvavídd 0,063 mm.		Heildarmagn magnesíumoxíðs.
5.3	Magnesíumhydroxíð-vökvi.	Vara unnin með því að leysa upp magnesíumhydroxíð.	24% MgO.		Heildarmagn magnesíumoxíðs.“

Stjórnartíðindi B 79, nr. 563–579. Útgáfudagur 31. ágúst 1999.

Nr. 580 1716 30. ágúst 1999

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi suðaustur Hvaleyrarholts, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi suðaustur Hvaleyrarholts, sem staðfest var þann 14. ágúst 1979. Breytingin felst í að byggingareitum Lyngbarðs 1-9 er breytt, þannig að möguleiki er á tengibyggingu milli húss og bílskúrs.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 30. ágúst 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

Nr. 581 25. ágúst 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts 1989-2009, Biskupstungnahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts í Biskupstungum 1989 - 2009, frá 27. júní 1990.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- garðyrkjulóðir norðan Skyrklettagötu breytast í verslun og þjónustu,
- garðyrkjulóðir sunnan Skyrklettagötu breytast í frístundabyggð,
- iðnaður á sláturhúsalóð breytist í verslun og þjónustu,
- landbúnaður og opin svæði til ákveðinna nota við Laugarásbýlið breytist í iðnað,
- landbúnaðarsvæði á Laugarásnum breytist í opin svæði til sérstakra nota,
- landbúnaðarsvæði á Laugarásnum breytist í íbúðabyggð,
- lega opinna óbyggðra svæða, landbúnaðarlóðar og íbúðabyggðar syðst á svæðinu breytast og opið svæði til sérstakra nota bætist við,
- Sólveigarstaðir breytast úr garðyrkjulóð í verslunarlóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Biskupstungnahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um (6.) breytingu á auglýsingu nr. 745/1998 um skrá yfir ríki, svæði og starfstöðvar, sem innflutningur sjávarafurða og annarra afurða sem falla undir reglugerð um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, er heimill frá.

Flokkur I-I

Á lista yfir starfstöðvar í **Bangladesh** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
CXB-50	Meenhar Fisheries Ltd.	JHILONJA COX'S BAZAR	PP
JES-55	M.U. Sea Foods Ltd.	BSCIC IND. ESTATE JESSORE	PP
KLN-06	National Sea Food Ind. Ltd.	CHAR RUPSHA	PP
KLN-07	Bangladesh Sea Food Ind. Ltd.	SHIPYARD ROAD KHULNA	PP
KLN-09	Southern Foods Ltd.	RUPSHA KHULNA	PP
KLN-19	Amam Sea Food Ind.Ltd	AICHGHAT KHULNA	PP
SAT-62	Sekai Corporation Ltd.	DEVHATA SATKHIRA	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Brasilíu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
2103	Frigofish Comércio e Exportação de Pescado Ltda.	QUISSAMÃ	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Chíle** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
05004	Pesquera Papudo S.A.	PAPUDO	PP
05200	Pesquera Catalina S.A.	SAN ANTONIO	PP
05235	Sociedad Comercial Trimar Ltda.	SAN ANTONIO	PP
05245	Bruno Alberto Rodriguez Ortega	VALPARAISO	PP
08288	Pesquera El Golfo S.A.	TALCHUANO	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
10210	Sociedad Comercial Industrial Agromar Ltda.	DALCAHUE	PP
10636	Salmones Pacífico Sur	PUERTO MONTT	PP
10637	Salmones Multiexport Ltda.	PUERTO MONTT	PP
10638	Alimentos Pacific Star S.A.	QUELLÓN	PP
10639	Pacific Cold Storage S.A.	PUERTO MONTT	PP

Af lista yfir starfstöðvar í **Chíle** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
01065	Pesquera Vamar Ltda.	IQUIQUE	PP
2020	Mar del Sur I (Pesquera Mar del Sur SA)		FV
02030	Sociedad Abaroa y Gómez Ltda.	ANTOFAGASTA	PP
10030	Soceiedad Pesquera Isla Tenglo Ltda.	PUERTO MONIT	PP
10032	Soceiedad Pesquera Eicomar SA	PUERTO MONIT	PP
10105	Alimentos Multiexport SA	PUERTO MONIT	PP
10123	Salmopack SA	PUERTO MONIT	PP
10258	Pesquera Quellon Ltda	QUELLÓN	PP
10603	S.M.S SA	PUERTO MONIT	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Ekvador** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
107	Productos Cultivados del Mar (Proculmar) Cia. Ltda.	GUAYAQUIL GUAYAS	PP
385	Piscícola Tonchigue S.A.	PORTOVIEJO MANABI	PP
504	Sociedad Atunera Kihara Nuñez (Sakana) Cia. Ltda.	MONTECRISTI MANABI	PP

Á lista yfir starfstöðvar á **Filippseyjum** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
834	A.A. Agua-Agri Corp.	OZAMIS CITY REGION 12	PP
1178	South Sea Fishing Venrures Philippina Inc	GENERAL SANTOS CITY REGION 11	PP
1404	General Tuna Corporation	GENERAL SANTOS CITY REGION 11	PP
2137	Seachamp International Export Corp./Sedgewick	PASAY CITY REGION 4	PP

Af lista yfir starfstöðvar á **Filippseyjum** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
9-1478	Ocean Family, Incorporated	ZAMBOANGA CITY REGION 9	PP
1633	Isla del Pacifico Marine Products Corporation	MANDAUE CITY CEBU	PP
2193	King-Daisho Corporation	CALAMBA LAGUNA REGION 4	PP
4616	Sancanco Canning Corporation	VALENZUELA METRO MANILA	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Færeyjum** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
213	Jens Christian Svabo	HVANNASUND	ZV
219	Borgin	FUGLAFJOROUR	ZV
211	Sjúrðaberg	KLAKSVIK	FV
212	Borooyanes	KLAKSVIK	ZV
260	Fuglfiroingur	FUGLAFJOROUR	ZV

Af lista yfir starfstöðvar í **Færeyjum** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
165	Tomba Sandavág	SANDAVAGUR	PP
202	Guldrangur	FUGLAFJOROUR	FV

Á lista yfir starfstöðvar í **Gambíu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
GAM/FV/01/98	Solo Gratia II		FV

Á lista yfir starfstöðvar á **Indlandi** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
208	Accelerated Freeze Drying Company Limited (Taloja)	MUMBAI MAHARASHTRA	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Indónesíu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
299.02.B	PT. Laris Mutiakara	MEDAN NORTH SUMATERA	PP
319.21.B	PT. Misaja Mitra	TARAKAN EAST KALIMANTAN	PP
320.21.B	PT. Aromah Nelayan Mandiri	BALIKPAPAN EAST KALIMANTAN	PP
321.13.B	PT. Eratama Putra Mandiri	SIDOARJO EAST JAVA	PP
322.13.B	PT. Aneka Boga Nusantara	SURABAYA EAST JAVA	PP
323.13.B	PT. Kamal Cahaya Putra	SIDOARJO EAST JAVA	PP
324.13.B	PT. Austindo Bahari	SURABAYA EAST JAVA	PP
325.10.B	PT. Mandaga Wiratama	JAKARTA	PP
326.10.A	PT. Mandaga Wiratama	JAKARTA	PP
327.10.B	PT. Korina Indah Samudra	JAKARTA	PP
328.10.B	PT. Korina Indah Samudra	JAKARTA	PP
329.10.B	PT. Perikanan Perken Utama	JAKARTA	PP
330.10.A	PT. Perikanan Perken Utama	JAKARTA	PP
331.10.B	PT. Ratu Indah Miura Indonesia	JAKARTA	PP
332.10.A	PT. Ratu Indah Miura Indonesia	JAKARTA	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
333.10.B	PT. Tridaya Banawa	JAKARTA	PP
334.26.B	PT. Hasil Tambak Amboina Unit I	MALUKU TENGAH MALUKU	PP
335.26.B	PT. Hasil Tambak Amboina Unit II	MALUKU TENGAH MALUKU	PP
336.26.B	PT. Hasil Tambak Amboina Unit III	MALUKU TENGAH MALUKU	PP
337.09.B	PT. Pertiwi Alam Samudra Unit I	KARAWANG WEST JAVA	PP
338.09.B	PT. Pertiwi Alam Samudera Unit II	KARAWANG WEST JAVA	PP
339.08.C	PT. Phillips Seafoods	LAMPUNG	PP
340.10.B	PT. Ocean Mitrms (KM. Mitramas 3)	JAKARTA	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Kanada** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
0013	Leading Tickles Seafoods Inc.	LEADING TICKLES NEWFOUNDLAND	PP
0014	RJP Seafoods Limited	JACKSONS ARM NEWFOUNDLAND	PP
0056	Labrador Saltfish Products Ltd	RED BAY NEWFOUNDLAND	PP
0070	North Atlantic Aquaponics Ltd	CARTYVILLE NEWFOUNDLAND	PP
0127	Breakwater Fisheries Limited	CHANGE ISLANDS NEWFOUNDLAND	PP
0169	The Harbour Grace Shrimp Company Ltd	FERMEUSE NEWFOUNDLAND	PP
0272	Hopkins & Devino Fisheries Ltd	WOODS HARBOUR NOVA SCOTIA	PP
0839	Paturel International Company	CAP BIMET NEW BRUNSWICK	PP
0994	Fanny Bay Oysters Ltd.	FANNY BAY BRITISH COLUMBIA	PP
0999	Limberis Seafoods Processing Ltd.	LADYSMITH BRITISH COLUMBIA	PP
1074	St. Anthony Seafoods Limited Partnership	ST. ANTHONY NEWFOUNDLAND	PP
1403	Hopkins & Devine Fisheries Ltd.	WOODS HARBOUR NOVA SCOTIA	PP
1757	Aliments Piatto-Mare Foods	CHUTE-BLONDEAU ONTARIO	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
1778	North Channel Fisheries Ltd.	BLIND RIVER ONTARIO	PP
1956	Mid Ocean Fisheries Ltd	RICHMOND BRITISH COLUMBIA	PP
3298	Connors Bros., Limited - No. 19 Plant	BLACK'S HARBOUR NEW BRUNSWICK	PP
3705	Fairway Fisheries Incorporated	CHURCH POINT NOVA SCOTIA	PP
5799	I & S Seafoods (9036-4514 Quebec Inc.)	BRADORE BAY QUÉBEC	PP

Af lista yfir starfstöðvar í **Kanada** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
0059	Bonavista Seafoods Ltd	BONAVISTA NEWFOUNDLAND	PP
0076	Beothic Fish Processors Ltd	NEWTOWN NEWFOUNDLAND	PP
0093	The Earle Freighting Service Ltd	CARBONEAR NEWFOUNDLAND	PP
0107	Grand Ocean Fishing Company Ltd	GRAND BANK NEWFOUNDLAND	PP
0143	Aqua Shell Processors Ltd	CAPE FREELS NORTH NEWFOUNDLAND	PP
0722	B.C. Packers Ltd	RICHMOND BRITISH COLUMBIA	PP
0750	Redonda Sea Farms Ltd	LUND BRITISH COLUMBIA	PP
0941	Angler Smoke House	RICHMOND BRITISH COLUMBIA	PP
1091	Sea-Delite Ltd	HARBOUR GRACE NEWFOUNDLAND	PP
2100	ConPak Seafoods Inc	ANCHOR POINT NEWFOUNDLAND	PP
2151	Long Range Sea Products Inc.	ISLE AUX MORTS NEWFOUNDLAND	PP
3276	True North Salmon Co. Ltd	WELSHPOOL NEW BRUNSWICK	PP
3330	Har-Wen Farms	PORT MEDWAY NOVA SCOTIA	PP
AC0052	Thomas J. Lipton Inc.	BRAMPTON ONTARIO	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Marokkó** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
2004	T..K FISH	TÉTOUAN	PP
2806	TAN TAN MAREE OUCHARA	TAN TAN	PP
2808	GOLD SEA FISH	DAKHLA	PP
2813	CABALLO	AL HOCHEIMA	PP
2817	BEAUX FRIGOS	DAKHLA	PP
859	REDA EXPORT	AGADIR	PP
CO 1501	DARRAMAN II (FISHINGOD)	AGADIR	ZV
CO 1502	DARRAMAN III (FISHINGOD)	AGADIR	ZV
CO 3603	PULMAR I (PULMAR)	AGADIR	ZV
CO 3604	DAFIR I (ULTRA FISHING)	AGADIR	ZV
CO 3606	MARPECHE I (MARRECA PECHE)	AGADIR	ZV
CO 3610	BASILIA (GENERAL FISHERIES)	AGADIR	ZV

Af lista yfir starfstöðvar í **Marokkó** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
1064	MORSAD MOHAMED	CASABLANCA	PP
1265	COTRAPÉHE	TAN TAN	PP
1896	UNION MARÉE	CASABLANCA	PP
2132	FRUTOS DEL MAR	TETOUAN	PP
2184	COMPAGNIE MARITIME DE NEGOCE	AZEMMOUR	PP
2212	LE POISSONNIER	CASABLANCA	PP
2314	PESCADOS NOLY	KENITRA	PP
2388	MOUTEI ET CONZALEZ	MEHDIYA	PP
2474	GELMAR	EL JADIDA	PP
2507	CENTRAL FISH	CASABLANCA	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
CO 2704	KENZA 4 (MAKO FISHERIES)	AGADIR	ZV
CO 3001	MAREAZUL I (MAREAZUL)	LAAYOUNE	ZV
CO 7701	AGADIR 2 (ZIMA FISH COMP.)	AGADIR	ZV

Á lista yfir starfstöðvar í **Nígeríu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
FDF/C/05	Allison Fisheries Ltd.	LAGOS	PP
FDF/C/10	West Coast Fisheries Ltd.	LAGOS	PP
FDF/C/11	Ocean Fisheries Ltd.	LAGOS	PP
FDF/C12	Federal Coastal Fisheries Terminal	PORT HARCOURT RIVER STATE	PP
FDF/C/13	Manucorn Fishing Company Ltd.	LAGOS	PP
FDF/C/14	Dolphine Fisheries Ltd.	LAGOS	PP
FDF/E/06	Delicious Foods Nig. Ltd	LAGOS	PP
FDF/V/01-05	Faud L' (Allison Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/01-06	Saadia S' (Allison Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/02/08	ORC II (ORC Fishing and Food Processing Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/02/09	Marigold (ORC Fishing and Food Processing Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/02/10	Orire (ORC Fishing and Food Processing Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/02/11	ORC III (ORC Fishing and Food Processing Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/02/12	Golden Harvest (ORC Fishing and Food Processing Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/03-04	Adebisi (Honeywell Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/03-05	Ifeolu (Honeywell Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
FDF/V/03-06	Tamilore (Honeywell Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/03-07	Ibukun (Honeywell Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/03-08	Tobilola (Honeywell Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-05	Rishika (Ocean Fisheries (Nig) Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-06	Suren (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-07	Vinay I (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-08	Lili (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-09	Sunbird (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-10	Vickram (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-11	Midnight Sun (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-12	Sky Hawk (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-13	Ashishi (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-14	Arti (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-15	Storm Bird (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-16	Navin (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-17	Misty Dawn (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/06-18	Night Stalker (Ocean Fisheries (Nig) Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/07-06	Taraba II (Tarabaroz Fisheries Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/07-07	Taraba III (Tarabaroz Fisheries Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/13-03	Benguela III (Benguela Fishing Company Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/14-07	Kingfisher V (Offshore Trawlers)	PORT HARCOURT RIVER STATE	ZV
FDF/V/14-08	Kingfisher VI (Offshore Trawlers)	PORT HARCOURT RIVER STATE	ZV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
FDF/V/15-01	Balanta (West Coast Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/15-02	Dalal (West Coast Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/15-03	Minav (West Coast Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/15-04	Zahra (West Coast Fisheries Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/16-01	Baba I (Seagold Fishing Company (Nig) Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/16-02	Baba II (Seagold Fishing Company (Nig) Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/16-03	Lady Jessica (Seagold Fishing Company (Nig) Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/16-04	Hau Wau Tanko (Seagold Fishing Company (Nig) Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/17-01	Daisy (Taraba Fisheries Ltd.)	PORT HARCOURT RIVER STATE	ZV
FDF/V/17-02	Ishaya (Taraba Fisheries Ltd.)	PORT HARCOURT RIVER STATE	ZV
FDF/V/17/03	Saraya (Taraba Fisheries Ltd.)	PORT HARCOURT RIVER STATE	ZV
FDF/V/18-01	Galicia (Nispain Fisheries Nig. Ltd)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/19-01	Trade Wind (Marine Services Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/20-01	Toke I (Toke-Lat Fishing Ind.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/20-02	Toke II (Toke-Lat Fishing Ind.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/21-01	Captain P (Dynamic Resources Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/22-01	Agino III (Agino Lines Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/23-01	Orbit I (Manucorn Fishing Company Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/23-02	Orbit II (Manucorn Fishing Company Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/23-03	Delina II (Manucorn Fishing Company Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/23-04	Henry (Manucorn Fishing Company Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/23-05	Bolex (Manucorn Fishing Company Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
FDF/V/24-01	Dolphine 9 (Dolphine Fisheries Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/24-02	Dolphine 10 (Dolphine Fisheries Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/24-03	Dolphine 11 (Dolphine Fisheries Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/24-04	Dolphine 12 (Dolphine Fisheries Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/25-01	Hartman (Obelawo Farcha Fishing Industry Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/25-02	Lius Selma (Obelawo Farcha Fishing Industry Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/25-03	Alhaja Rabiatu (Obelawo Farcha Fishing Industry Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/25-04	Jose P. Farcha (Obelawo Farcha Fishing Industry Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/25-05	Doni Pepe Dominguez (Obelawo Farcha Fishing Industry Ltd.)	APAPA LAGOS	ZV
FDF/V/26/01	F/T Caty (Fisheries Consultant and Research Ltd.)	JETTY APAPA	ZV
FDF/V/26/02	F/T Sharky (Fisheries Consultant and Research Ltd.)	JETTY APAPA	ZV

Af lista yfir starfstöðvar í **Nígeríu** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
FDF/V/12D-25	??? (Atlantic Shrimpers Ltd)	APAPA LAGOS	ZV

Á lista yfir starfstöðvar á **Nýja-Sjálandi** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
PH 111	Fresco Seafood Limited	CHRISTCHURCH	PP
PH 385	Marlborough Abalone Processors Limited	RIVERLANDS INDUSTRIAL ESTATE	PP
PH 508	MacLab (NZ) Limited	TAHUNANUI NELSON	PP

Af lista yfir starfstöðvar á **Nýja-Sjálandi** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
FPH 131	Tide Farm Seafoods	WARKWORTH	PP
PH 74	Moana Pacific Fisheries Limited	MASTERTON	PP
PH 96	Moana Pacific Fisheries Limited	MASTERTON	PP
PH 145	Bluff Fisherman's Co-op Ltd	BLUFF	PP
PH 200	Moana Pacific Fisheries Limited	FEATHERSTON	PP
PH 386	Seafresh New Zealand Ltd	WHAKATU	PP
PH 410	Newfoundland Lynx		FV
S 35	Sealord Group Ltd		PP

Á eftir lista yfir starfstöðvar á **Nýja-Sjálandi** kemur:

Oman

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
QC92/1	Oman Fisheries Co. Muscat (Ghala)	Ruwi	PP
QC92/10	Al-Arkan Trading Co. Sohar	Sohar	PP
QC92/20	Anees Trad. Centre LLC Muscat (Darseit)	Muttrah	PP
QC92/33	Al-Muqalla Trading Est. Sur	Sur	PP

Panama

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
59 P	Caribbean Sea Food Export	San Francisco	PP
66 P	Grupo Panalang Union	San Francisco	PP
77 P	Vigomar SA	Aguadulce	PP
60 P	Altrix de Panamá SA	Aguadulce	PP
52 P	Agromarina	Aguadulce	PP
73 P	Empacadora Alimenticas / Empak Food	Puerto Vacamont	PP
65 P	Mariscos Islas de la Perlas	Puerto Vacamont	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
49 P	Productos Océanos SA	Ciudad de Panamá	PP
81 P	Oceanic Export Corp. / Oceanic Products	Pueblo Nuevo	PP
75 P	Aquachame SA	Chame, El Líbano	PP
106 BC	M/V Amazons		ZV
101 BC	Txori Aundi	Panamá	ZV
105 BC	Juan María Soroa	Panamá	ZV
126 BC	Nave The Fisher	Panamá	ZV
129 BC	Nave The Valiant	Panamá	ZV
125 BC	Nave Nao		ZV
109 BFRIG	M/V Montesol		ZV
108 BFRIG	M/V Montelaura		ZV
107 BFRIG	M/V Montecruz		ZV
127 BFRIG	Platte Reefer		ZV
130 BFRIG	Plaslin Reefer		ZV
102 BF	Cheung Shing		FV

Á lista yfir starfstöðvar í **Perú** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
P074-PAI-MOFS	Moon Fish S.A.	PAITA	PP
P075-CAL-MAQU	Maquimar S.A.	CALLAO	PP
P076-PIS-POPS	Productos Pesqueros AMV S.A.	PISCO	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Rússlandi** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
01D	Kaliningradskiye Moreprodukty (000 "Kaliningradskiye Moreprodukty")	SVETLY KALININGRAD	PP
02D	Tesla (JSC "Tesla")	SAINT-PETERSBURG	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
81C	Gemini (Limited liability company "Rybachiy-2")	ARKHANGELSK	FV
82C	Atlantic Surf II (JSC "Sevrybkholodflot")	MURMANSK	FV
83C	Aleksandr Kosarev (JSC "Murmansk Trawl Fleet")	MURMANSK	FV
84C	Nagorsk (GP "Sevrybpromrazvedka")	MURMANSK	FV
85C	Mikhail Poroshenko (JSC "Severny Promisel")	OLYUTORSY REGION KORYAK AUTONOMOUS AREA	FV
86C	Krasnoselsk (JSC "Conserv Fish")		FV
87C	Rosta ("Yagry" Ltd)	ARKHANGELSK	FV
88C	Yagry ("Yagry" Ltd)	ARKHANGELSK	FV
89C	Giatsint ("Pionerskaya Basa Okeani-tcheskogo Rybolovnogo Flota")	PIONERSKY KALININGRAD	FV
90C	Khvalynsk ("Arkhangelsk Trawlfleet base")	ARKHANGELSK	ZV
91C	Udarnik (Fishing collective farm "Udarnik")	KOLA DISTRICT MURMANSK	ZV
92C	Maria Melentyeva (JSC "Murmansk Trawl Fleet")	MURMANSK	ZV
93C	Darya Pecherskaya (JSC "Severny Promisel")	OLYUTORSKY REGION KORYAK AUTONOMOUS AREA	ZV
94C	Lida Zykova (JSC "Severny Promisel")	OLYUTORSKY REGION KORYAK AUTONOMOUS AREA	ZV
95C	Elektron (JSC "Kors")	MURMANSK	ZV
96C	Ivan Zimakov (JSC "Murmanrybprom")	MURMANSK	ZV
97C	Vladimir Brodyuk (JSC "Murmanrybprom")	MURMANSK	ZV
98C	Factoria (JSC "Factoria")	PIONERSKIY	PP
99C	Northern World Limited ("Northern World Limited")	SAINT-PETERSBURG	PP

Af lista yfir starfstöðvar í **Rússland** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
01C	Komissarovo (JSC „Dalmore“)	VLADIVOSTOK	ZV
02B	Floating Caviar Factory N 2 (JSC Russkaya ikra)	ASTRACHAN	FV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
02C	Sposobnyy (JSC „Dalmore“)	VLADIVOSTOK	ZV
03B	Floating Caviar Factory N 3 (JSC Russkaya ikra)	ASTRACHAN	FV
03C	Ivan Moshlyak (JSC „Dalmore“)	VLADIVOSTOK	ZV
04C	Tungor (JSC „Dalmore“)	VLADIVOSTOK	ZV
27C	Scientific-Industrial Center of Inshore Fishing and Aquiculture	VLADIVOSTOK	PP
32A	Salmi ('Briz' CO)	MOSCOW	ZV
33A	Preobrazenie ('Briz' CO)	MOSCOW	ZV
60	Sovetskaya Rossia (Dalmoreproduct)	VLADIVOSTOK	FV
63A	Aleksei Stakhanov (JSC 'Okeanrybflot')	PETRPAVLOVSK - KAMCHATSKY	ZV
67A	Hihon (Vladivostok base of trawling and refrigeratory fleet)	VLADIOVOSTOK	FV
87	Baltiyskaya Slava (Reftransflot Fishing Ltd)	KALININGRAD	FV
97B	Kapitan Chernov (JSC „Dalmore“)	VLADIVOSTOK	ZV
98B	Tekhnolog Sarkisov (JSC „Dalmore“)	VLADIVOSTOK	ZV
99B	Tsunami (JSC „Dalmore“)	VLADIVOSTOK	ZV
P94	Professor Nestor Smirov (Archangelsk Trawling Fleet Base	ARCHANGELSK	ZV

Á lista yfir starfstöðvar í **Senegal** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
002/99/C	Dakar Export	DAKAR	PP

Breyting verður á nöfnum eftirtalinna starfstöðva í **Senegal:**

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
001/92/C	Delphinus Import Export	DAKAR	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
001/93/C	Narbo Marée Senegal	DAKAR	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Singapore** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
VPH-FE-004	Thai Hin Long Group (Singapore) Pte Ltd.	SINGAPORE	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Suður-Kóreu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
KORF-081	Haengbok 519 (Dongah Flour Mills Co., Ltd)	YONGDUNGPO-GU SEOUL-SI	FV
KORF-087	No. 35 Chungyong (Daerim Corporation)	SEOCHO-GU SEOUL-SI	FV
KORF-088	Bellesol 7 (Poonglim Fisheries Co., Ltd.)	CHUNG-GU PUSAN-SI	FV
KORF-089	Garoe (Intra Co., Ltd)	SEO-GU PUSAN-SI	FV
KORF-090	Lawrence (Daerim Corporation)	SEOCHO-GU SEOUL-SI	FV
KORF-091	No. 707 Bonanza (Dongyang Fisheries Co., Ltd)	YOUNGDO-GU PUSAN-SI	FV

Á lista yfir starfstöðvar í **Tævan** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
3FH0001	Laurel Enterprises Corporation	TAIPEI HSIEN	PP
6FJ0001	Ta Seng Frozen Food Co., Ltd.	TAINAN	PP
6FZ0001	Chen Hsiang Foods Industrrial Co., Ltd.	CHIA-I HSIEN	PP
7F40023	Ace Union Foods Corporation	PING-TUNG HSIEN	PP
7FH0004	Chin Chi Shun Industrial Co., Ltd.	KAOHSIUNG HSIEN	PP
CT7-0043	Shian Maan 12 (Shian Maan Fishery Co., Ltd.)	TAINAN	ZV
CT7-0048	Win Heng 2 (Shin Ming Yang Fishing Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
CT7-0056	Chii Fu 6 (Chii Fuh Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0061	Kin Chuan Hsing (Chin Ping Ocean Enterprise Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0063	Jih Shin 16 (Jenn Kuan Fishery Co., Ltd.	KAOHSIUNG CITY	ZV
CT7-0066	Chii Jyh 66 (Chii Jyh Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0077	Fa Chun 6 (Fa Chun Ocean Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG CITY	ZV
CT7-0080	Hsin Harng (Hsin Hang Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0089	Jih Shun 16 (Mow Chern Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG CITY	ZV
CT7-0091	Chun Ying 6 (Chun Ying Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0092	Hsin Ying 6 (Hsin Ying Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG CITY	ZV
CT7-0095	Hwa Jaan 16 (Hwa Jaan Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0096	Shinn Li (Shinn Li Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0099	Her Ching 101 (Her Jye Oceanic Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0106	Win Ying Far (Win Ying Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0107	Win Far Tsair 66 (Win Far Fishery Co., Ltd.)	KASHSIUNG	ZV
CT7-0108	Jui I Hsing (Jen Shuenn Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0116	Fu Chang Chun (Fu Chang Chun Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0127	Yuh Long Fa (Yeong Shenq Far Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0128	Lih Chi (Lih Chi Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0132	Shun Chi 66 (Shun Yuh Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0133	Win Der Far (Win Der Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0137	Long Wei 866 (Long Wei Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0138	Chia Der 1 (Chia Der Marine Products Co., Ltd.)	KAOHSIUNG CITY	ZV
CT7-0143	Maan Shian 12 (Maan Shian Fishery Co., Ltd.)	TAINAN	ZV
CT7-0149	Ping Chieh 101 (Ping Chieh Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0161	Win Szu Fu (Win Yu Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0165	Jin Jiun (Jin Jiung Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0166	Fu Tsai Chun (Fu Tsai Chun Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
CT7-0169	Her Yang 1 (Her Yang Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0170	Fu Chun (Fu Chun Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0171	Yeou Dar 101 (Yeou Dar Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0176	Shuenn Ying 1 (Shuenn Ying Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0177	Yung Kai (Max Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG CITY	ZV
CT7-0180	Yung Hsuan (Yun Hsuan Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0186	Lian Chi Cheng 3 (Lian Chi Cheng Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0218	Jui Ying 1 (Jui Ying Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0219	Shinn Dar (Shinn Dar Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0223	Lien Dar (Lien Dar Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0227	Hsiang Man Feng (Hsiang Yeun Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0229	Feng Ying 16 (Feng Ying Ocean Enterprise Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0231	Kwang Jann 666 (Kwang Jann Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0233	Yun Hao 1 (Yun Hao Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG CITY	ZV
CT7-0238	Ping Chun 101 (Ping Chun Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0266	Chieh Hsiang 3 (Chieh Sun Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0273	Chuan Fu 11 (Yih Fa Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0303	Yuh Chuan Haw (Chun Ing Ocean Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0307	San I 23 (San Yi Ocean Enterprise Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0309	Chieh Hsiang 661 (Chieh Yng Marine Products Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0337	Hsiang Man Chuen 17 (Yeou Hsiang Marine Enterprise Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0357	Shun Ying 3 (Ruey Shing Oceanic Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0378	Win Fu Lai (Win Tai Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0379	Win Yu Yih (Win Feng Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0261	Jin Yuh Long (Yeong Sheng Feng Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0491	Jui Ying (Chyuan Ying Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0492	Kin Ping Hai 21 (Gin Jau Yang Fishery Production Co., Ltd.)	KAOHSIUNG CITY	ZV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
CT7-0494	Hsiang Hao 6 (Hsiang Hao Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0496	Shuenn Man 1 (Shuenn Man Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0498	Shun Man 3 (Ming Maan Fishing Corp.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0499	Sun Big 6 (Wa Iy Ocean Enterprise Co., Ltd.)	KAOHSIUNG CITY	ZV
CT7-0502	Jih Shin 6 (Yuh Shyang Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0504	Win Lien Sheng 3 (Win Hong Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0505	Win Far Tsair 616 (Win Hand Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0509	Her Hung 12 (Her Huang Fishery Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0660	Fu Yuan 21	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0699	Feng Ya 21	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0712	Horng Wei 6	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0722	Hung Yao 2	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0736	Kao Feng 287	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0747	Chin Fu 1	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0753	Horng Wei 1	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0755	Si Ying 166	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0756	Kao Feng 3	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0776	Ching Hsin	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0796	Si Hong 122	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0807	Yu Shih Hsiang	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0905	Si Chuen 1	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0906	Si Long 1	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0908	Chin Yao Zung	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0936	Yung Chan	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0948	Yuh Sheng Shiang 7	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0953	Hung Yu 6	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0962	Shye Jin 1	KAOHSIUNG	ZV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
CT6-0978	Kien Chang 33	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0982	Yuh Jih Hsiang 16	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0990	Hsieh Yung 101	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0998	Meng Toong 305	KAOHSIUNG	ZV
CT6-0021	Meng Fa 126	KAOHSIUNG	ZV

Af lista yfir starfstöðvar í **Tævan** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
6FH0001	Chin Hu Freeze Enterprise Co. Ltd.	CHIA-YI HSIEN	PP
7F30073	Shining Dove Enterprise Co. Ltd.	KAOHSIUNG HSIEN	PP

Á eftir lista yfir starfstöðvar í **Tælandi** kemur:

Yemen

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
01-A	Coastal Fishing Corporation	Almahra	PP
02	Public Corporation for Services and Fish Marketing	Aden	PP
03	Burum Fishing and Marketing Co.	Alsheher	PP
04	Sheher Fisheries Co.	Alsheher	PP
05	Mussallam Trading Est.	Hodeida	PP
07	Qataria Fish Processing Co. Ltd	Hodeida	PP
09	Trust Company (Abubakar Hassan Est)	Alsheher	PP
08-A	Yathrib (Fisheries Investment Co..Ltd)	Almahra	ZV

Á lista yfir starfstöðvar í **Uruguay** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
FV-01	Dorita (Dalvasur sa)	MONTEVIDEO	ZV
FV-27	Isla Gorriti (Plestin S.A)	MONTEVIDEO	FV
FV-28	Holberg (Fripur S.A)	MONTEVIDEO	FV
FV-30	Ivan Dvorsky (Nika S.A)	MONTEVIDEO	FV

Flokkur I-II

Eftirtalin ríki bætast við lista yfir ríki sem ekki hefur verið tekin sérstök ákvörðun um að fullnægi heilbrigðiskröfum Evrópusambandsins við framleiðslu sjávarafurða og annarra afurða samkvæmt tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins 91/493/EBE:

Búlgaría

Eftirtalin ríki falla af lista yfir ríki sem ekki hefur verið tekin sérstök ákvörðun um að fullnægi heilbrigðiskröfum Evrópusambandsins við framleiðslu sjávarafurða og annarra afurða samkvæmt tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins 91/493/EBE:

Panama

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. ágúst 1999.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Guðrún M. Eysteinsdóttir.

25. ágúst 1999 Nr. 583

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Djúpárhrepps 1998-2010.

Með vísan til 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 25. ágúst 1999 staðfest aðalskipulag Djúpárhrepps 1998 - 2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Djúpárhrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 16. gr. kemur ný málsgrein svohljóðandi: Löggildingarstofa hefur eftirlit með persónuhlífum sem settar eru á markað hér á landi og ætlaðar eru fyrst og fremst til einkanota, sbr. reglugerð um persónuhlífar til einkanota. Samvinnunefnd Löggildingarstofu og Vinnueftirlits ríksins gerir árlega tillögu til stjórnar Vinnueftirlitsins sem ákveður hvaða persónuhlífar eru fyrst og fremst ætlaðar til einkanota.

2. gr.

Lokamálsliður 19. gr. fellur brott.

3. gr.

Reglur þessar, sem eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið hvað varðar þátt Löggildingarstofu samkvæmt lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eru hér með staðfestar af félagsmálaráðuneytinu til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. ágúst 1999.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

Nr. 585 25. ágúst 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, undirgöng við Skeiðarvog.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Breytingin felst í gerð undirganga undir Skeiðarvog sunnan hringtorgs á mótum Skeiðarvogs og Suðurlandsbrautar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits á Norðurlandssvæði eystra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 4.800
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 3.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:	
Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á.	eitt tímagjald
Ný starfsemi:	
Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	eitt tímagjald
Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:	
Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	eitt tímagjald

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 443/1991 og gjaldskrá nr. 541/1991 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar, með síðari breytingum og jafnframt gjaldskrár nr. 172/1992 og nr. 49/1986 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

Akureyri, 23. ágúst 1999.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Valdimar Brynjólfsson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

1. flokkur kr. 3.000
Hundahótel
Trésmíðaaðstaða
Vinnsla með plast og frauðefni – lítil
Rafvélaverkstæði
Viðgerðaraðstaða fyrir bifreiðar og vélar
Bón og bílaþvottur – handvirkur
Gæludýraverslun
Fjallaskálar
Tjaldstæði – lítið
Ökuskólar, flugskólar o.fl.
Tónlistarskólar
Læknastofur
Dýralæknastofur
Dagvist í heimahúsum > 6 börn í vistun
Kirkjur án safnaðarheimilis
Dansskólar
Húsdýragarðar
Annað sambærilegt.

2. flokkur kr. 6.000
Aðstaða til vinnslu á ferskum fiski
Trésmíðaverkstæði án lökkunar – lítið (1-2 starfsmenn)
Offsetprentun – lítil
Snyrtivöruframleiðsla
Bifreiða- og vélaverkstæði – lítið (1-2 starfsmenn)
Hjólbarðaverkstæði
Gistiskálar og heimagisting án veitingasölu – lítil
Farfuglaheimili
Tjaldstæði – miðlungs
Orlofshúsasvæði, bændagisting án veitingasölu
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur
Vistheimili
Endurhæfing
Sjúkraþjálfun
Yoga-stofur, heilun o.fl.
Dýralæknastofur með röntgen
Dýraspítalar
Heimili fyrir börn og unglinga
Gæsluvellir
Íþróttavellir
Skíðasvæði og skíðaskálar án sölu óvarinna matvæla
Skotvellir
Þvottahús
Annað sambærilegt.

3. flokkur kr. 12.000
Land- og kvíaeldi
Saltfiskverkun
Vinnsla á ferskum fiski – miðlungs
Kartöfluvinnsla – pökkun
Framleiðsla húsdýrafóðurs
Framleiðsla fiskeldisfóðurs
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli
Trésmíðaverkstæði án lökkunar
Prentiðnaður – lítill
Garðaúðun
Gúmmívinnsla
Framleiðsla á plötum og rörum úr plasti
Framleiðsla á umbúðaplasti
Skurður og vinnsla á glerplötum
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu
Blikksmíði
Vélsmíða- og viðgerðarverkstæði
Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði
Spennistöðvar
Vatnsveitur < 1.000 íbúar
Bifreiða- og vélaverkstæði – miðlungs
Bifreiðaréttingar
Bón- og bílaþvottur – sjálfvirk
Verkstæði fyrirtækja
Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu
Apótek
Snyrtivöruverslanir
Byggingavöruverslanir – litlar
Véla- og tækjasölur
Sala eiturefna og hættulegra efna
Smásala með notaða muni í verslunum
Gistiheimili, gistiskálar og heimagisting án veitingasölu – miðlungs
Tjaldsvæði – stór
Vörugeymslur – litlar
Kæli- og frystigeymslur
Gasbirgðastöðvar
Grunnskólar án mötuneytis
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi án mötuneytis
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis
Heilsugæslustöðvar – litlar
Tannlæknastofur
Fótaaðgerðarstofur
Húðflúrstofur
Húðgötun
Leikskólar án mötuneytis
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi án sölu óvarinna matvæla
Sorpflutningar og sorphirða
Áhaldahús sveitarfélaga

Kvikmyndahús
Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur
Íþróttahús lítil
Efnalaugar
Hárgreiðslu- og hársnyrtistofur
Snyrtistofur
Líkamsræktarstöðvar án heitra potta
Sólbaðsstofur án heitra potta
Nuddstofur
Annað sambærilegt

4. flokkur kr. 18.000
Seiðaeldisstöðvar >150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn
Malar- og sandnám
Steinmölun og framleiðsla ofaníburðar
Nám og vinnsla á steinefnum til lífefnaiðnaðar og áburðargerðar
Sláturhús – lítil
Harðfiskverkun
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
Fúavörn á viði
Trésmíðaverkstæði með lökkun
Prentun dagblaða
Prentiðnaður – stór
Prentiðnaður með framköllun
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
Meðferð og húðun málma
Endurvinnsla úrgangs
Vatnsveitur 1.000-5.000 íbúa
Bifreiða og vélaverkstæði stórt/eða með lökkun
Bifreiðasprautun
Ryðvarnarverkstæði
Smurstöðvar
Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru
Bílapartasölur
Bensínstöðvar – sjálfvirkar
Bensínstöðvar án sölu óvarinnar matvöru
Söluturnar án sölu óvarinna matvæla
Áfengisverslanir
Byggingavöruverslanir – stórar
Málningarvöruverslanir
Smásala efna í flokkum X, A og B
Bændagisting með veitingasölu
Samkomusalir með móttökueldhúsi
Mötuneyti með móttökueldhúsi – lítil og miðlungs
Vörugeymslur – stórar
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu
Framköllunarþjónusta – sérhæfð
Ljósmyndastofur með framköllun
Fangelsi – lítil
Sumarbúðir
Sjúkrahús – lítil / án mötuneytis
Dvalar- og hjúkrunarheimili án mötuneytis
Gámastöð
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
Aðilar sem sérhæfa sig við flutning og hreinsun á seyru
Íþróttahús – miðlungs og stór/ ásamt íþróttavöllum
Líkamsræktarstöðvar með heitum pottum
Sólbaðsstofur með heitum pottum
Annað sambærilegt

5. flokkur kr. 22.700
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn
Sláturhús – stór
Vinnsla á ferskum fiski – stór
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta – lítil
Bakarí – lítil
Kökugerðir – litlar
Framleiðsla vöru til matvælavinnslu
Krydd- og bragðefnaframleiðsla og pökkun
Málningarverksmiðjur
Hreinlætisvöruverksmiðjur
Stálsmíði og stálskipagerð
Vatnsveitur 5.000–10.000 íbúar
Heildverslanir með ávexti og grænmeti
Heildverslanir með sykur, súkkulaði og sælgæti
Heildverslanir með önnur matvæli, drykkjarvörur og tóbak
Heildverslanir með hreingerningarefni
Heildverslanir með snyrtivöru
Heildverslanir með eiturefni og hættuleg efni
Matvöruverslanir án vinnslu – litlar
Söluturnar með óvarin matvæli – litlir
Smásala á brauðum, kökum og sætabrauði án vinnslu
Gististaðir án veitingasölu – stórir
Matsöluvagnar
Brauðstofur
Skemmtistaðir án matsölu
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – lítil
Mötuneyti með móttökueldhúsi – stór
Sala á tilbúnum mat – lítil starfsemi
Fangelsi – miðlungs
Grunnskólar með móttökueldhúsi
Fræðslustarfssemi á framhaldsskólastigi með móttökueldhúsi
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi
Sjúkrahús – miðlungs/með móttökueldhúsi
Dvalar- og hjúkrunarheimili – miðlungs/með móttökueldhúsi
Leikskólar með móttökueldhúsi

Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi
Leikhús með móttökueldhúsi
Annað sambærilegt

6. flokkur kr. 31.000
Heitloftsþurrkun fiskafurða
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta – miðlungs
Kexverksmiðjur
Kökugerðir – stórar
Vatnsveitur > 10.000 íbúar
Bensínstöðvar með matvöru
Söluturnar með óvarin matvæli –miðlungs
Gististaðir með veitingasölu – litlir
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – miðlungs
Vöruflutningamiðstöðvar
Fangelsi – stór
Grunnskólar með fullbúið eldhús
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með fullbúið eldhús
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúið eldhús
Leikskólar með fullbúið eldhús
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúið eldhús
Leikhús með fullbúið eldhús
Annað sambærilegt.

7. flokkur kr. 38.200
Kjötvinnslur – litlar
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta – stór
Matvöruverslanir án vinnslu – miðlungs
Söluturnar með óvarin matvæli –stórir
Fiskbúðir – litlar
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu
Skyndibitastaðir – litlir
Skemmtistaðir með matsölu
Krár, kaffihús án matsölu
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – stór
Sala á tilbúnum mat – miðlungs starfsemi
Sundstaðir – litlir
Annað sambærilegt

8. flokkur kr. 45.400
Kjötvinnslur með reykingu – litlar
Salatgerð
Smjörlíkisgerð
Bakarí – miðlungs
Súkkulaði- og sælgætisgerð
Te- og kaffiframleiðsla
Bjórgerð
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja
Bensínstöðvar með veitingasölu
Matvöruverslanir með vinnslu – litlar
Matvælaverslun án vinnslu – stór
Fiskbúðir – stórar
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu
Hótel með veitingasölu – miðlungs
Matsölustaðir – litlir
Skyndibitastaðir – miðlungs
Krár, kaffihús með matsölu
Sala á tilbúnum mat – stór
Sundstaðir – miðlungs
Annað sambærilegt

9. flokkur kr. 54.800
Kjötvinnslur – miðlungs
Mjólkurbú
Bakarí – stór
Stórmarkaðir án matvælavinnslu
Matvöruverslun með vinnslu – miðlungs
Matsölustaðir – miðlungs
Skyndibitastaðir – stórir
Dvalar- og hjúkrunarheimili – stór/með fullbúnu eldhúsi
Sundstaðir – stórir
Annað sambærilegt

10. flokkur kr. 71.400
Kjötvinnslur með reykingu – miðlungs
Mjólkurbú og ostagerð
Matvöruverslanir með vinnslu – stórar
Matsölustaðir – stórir
Sjúkrahús – stór með fullbúnu eldhúsi
Annað sambærilegt

11. flokkur kr. 78.400
Kjötvinnslur – stórar
Hótel með veitingasölu – stór
Annað sambærilegt

12. flokkur kr. 88.000
Kjötvinnslur með reykingu – stórar
Stórmarkaðir með matvælavinnslu
Annað sambærilegt

GJALDSKRÁ

fyrir heimæðagjöld hjá Vatnsveitu Garðabæjar.

1. gr.

Almenn heimild.

Til að standa straum af kostnaði vatnsveitu við lagningu heimæðar frá dreifiæð í stofnkrana húss og uppsetningu hans skulu fasteignareigendur greiða heimæðargjald til bæjarsjóðs Garðabæjar samkvæmt gjaldskrá þessari. Um heimæðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 og reglugerð um reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, sbr. reglugerð nr. 175/1994 og 614/1994.

2. gr.

Grunnur heimæðagjalda og lágmarksgjald.

Fjárhæð heimæðargjalds miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar við lóðamörk að tengistað mannvirkis (inntaksstað). Ennfremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af vatnsveitunni.

I Íbúðarhús.

A) einbýli, par- og raðhús

• 32 mm heimtaug grunngjald	50.000	kr./íbúð
• Viðbótargjald fyrir heimæð > 10 m	500	kr./m heimæðar (umfram 10 m)

B) fjölbýli (án sprinklerskerfis)

• 40 mm heimtaug grunngjald	61.000	kr./heimtaug
• 50 mm heimtaug grunngjald	74.000	kr./heimtaug
• 63 mm heimtaug grunngjald	93.000	kr./heimtaug
• Viðbótargjald fyrir heimæð > 10 m	800	kr./m heimæðar (umfram 10 m)

C) Fjölbýli með sprinkler sjá iðnaðarhús

II Iðnaðarhús.

• 75 mm heimtaug grunngjald	121.000	kr./heimtaug
• 90 mm heimtaug grunngjald (m/sprinkler)	134.000	kr./heimtaug
• 110 mm heimtaug grunngjald (m/sprinkler)	156.000	kr./heimtaug
• Viðbótargjald fyrir heimæð > 20m	800	kr./m heimæðar (umfram 20 m)

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 4.000 kr./m vegna skurðgraftrar. Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða þegar frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sem greiðist eftir á:

	Dýpt	Kr./lengdarmetra
Klaki/klöpp	< 30 cm	1.170 kr.
Klaki/klöpp	≥ 30 cm	2.350 kr.

Sé sótt um byggingarvatn um leið og sótt er um heimæð er gjaldið fyrir byggingarvatnskrana kr. 5.440. Sé aðeins sótt um byggingarvatnskrana greiðist áætlaður kostnaður fyrir tengingu og aftengingu hans.

3. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimæðargjald fellur í gjalddaga er vatnsveitan hefur samþykkt beiðni fasteignareiganda um lagningu heimæðar og skal það greitt áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu heimæðar. Gjaldið getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð heimæðagjalds.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í febrúar 1998 og endurreiknast miðað við breytingar á byggingarvísitölu á 6 mánaða fresti (í janúar og júlí).

5. gr.

Gildistaka gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarráði Garðabæjar samkvæmt 11. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991 og 16. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, sbr. reglugerð nr. 614/1996, til að öðlast gildi þegar í stað.

Garðabæ, 13. júlí 1999.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

26. ágúst 1999 Nr. 588

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurlandi.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti á starfssvæði heilbrigðisnefndar Suðurlands og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaganna heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skulu aðildarsveitarfélögin innheimta gjald sem hér segir, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni skv. eftirlitsáætlun:

	kr.		kr.
1. flokkur	5.000	11. flokkur	80.000
2. flokkur	10.000	12. flokkur	90.000
3. flokkur	15.000	13. flokkur	100.000
4. flokkur	20.000	14. flokkur	110.000
5. flokkur	25.000	15. flokkur	120.000
6. flokkur	30.000	16. flokkur	140.000
7. flokkur	40.000	17. flokkur	150.000
8. flokkur	50.000	18. flokkur	160.000
9. flokkur	60.000	19. flokkur	180.000
10. flokkur	70.000	20. flokkur	200.000

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 3.900.

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur viðurkenndan samning við faggilta skoðunarstofu eða vottað gæðakerfi eða viðurkennt innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:
Starfsleyfisgjald kr. 5.500
og auglýsingakostnaður ef við á.

Ný starfsemi:
Starfsleyfisgjald kr. 9.000
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:
Starfsleyfisgjald kr. 9.000
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,
úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða kr. 5.500.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaga annast innheimtu eftirlitsgjalda og innheimta jafnframt önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni er heimilt að innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, í þeim flokki sem hærri er og hálft gjald fyrir aðra þætti.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 586/1994 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

26. ágúst 1999.

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

VIÐAUKI A

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Svínarækt < 2000	4. fl.	Fiskmjölsvinnsla	15. fl.
Svínarækt > 2000	8. fl.	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	5. fl.
Alifuglarækt < 40.000 stæði	4. fl.	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	7. fl.
Alifuglarækt > 40.000 stæði	8. fl.	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	12. fl.
Loðdýrabú	4. fl.	Önnur ótalin fiskvinnsla	5. fl.
Hundahótel	2. fl.	Grænmetisvinnsla og pökkun, lítil	1. fl.
Kattahótel	2. fl.	Grænmetisvinnsla og pökkun, miðlungs	3. fl.
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	6. fl.	Kartöfluvinnsla - pökkun	3. fl.
Malar- og sandnám; vikurnám	2. fl.	Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	6. fl.
Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	1. fl.	Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	9. fl.
Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	1. fl.	Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	6. fl.
Saltvinnsla	5. fl.	Sultu- og ávaxtagrautargerð	6. fl.
Sláturhús < 50t/dag	7. fl.	Salatgerð	6. fl.
Sláturhús > 50t/dag	10. fl.	Laukssteikingarverksmiðjur	5. fl.
Kjötvinnsla, alifuglakjöts	7. fl.	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	6. fl.
Kjötvinnsla, lítil	6. fl.	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	9. fl.
Kjötvinnsla, miðlungs	11. fl.	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	5. fl.
Kjötvinnsla, stór	17. fl.	Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	5. fl.
Kjötvinnsla með reykingu, lítil	7. fl.	Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	4. fl.
Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	13. fl.	Kaldhreinsun lýsis	4. fl.
Kjötvinnsla með reykingu, stór	18. fl.	Smjörlíkisgerð	6. fl.
Kjötpökkunarstöð	11. fl.	Mjólkurbú og ostagerð	19. fl.
Saltfiskverkun	5. fl.	Mjólkurbú	14. fl.
Heitloftsþurrkun fiskafurða	4. fl.	Ostagerð	12. fl.
Harðfiskverkun	4. fl.	Ísgerð	11. fl.
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	5. fl.	Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag	2. fl.
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	6. fl.		
Vinnsla á ferskum fiski, stór	7. fl.		
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	12. fl.		

Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	6. fl.
Framleiðsla húsdýrafóðurs	6. fl.
Framleiðsla fiskeldisfóðurs	1. fl.
Brauðverksmiðjur	17. fl.
Bakarí, lítið	4. fl.
Bakarí, miðlungs	7. fl.
Bakarí, stórt	12. fl.
Kexverksmiðjur	11. fl.
Kökugerð, lítil	4. fl.
Kökugerð, miðlungs	6. fl.
Kökugerð, stór	7. fl.
Súkkulaði- og sælgætisgerð	8. fl.
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	4. fl.
Te- og kaffiframleiðsla	4. fl.
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	2. fl.
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	6. fl.
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	7. fl.
Framleiðsla mjólkurdufts	8. fl.
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	7. fl.
Bjórgerð	8. fl.
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítið	7. fl.
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	8. fl.
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	15. fl.
Trésmíðaverkstæði með lökkun	2. fl.
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	2. fl.
Ullarþvottastöðvar	9. fl.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	1. fl.
Litun og bleiking < 10 tonn á dag	10. fl.
Leðurvinnsla	2. fl.
Framleiðsla á krossviði, spónaplötum, límtré o.þ.h.	8. fl.
Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	1. fl.
Prentun dagblaða	8. fl.
Offset- og hæðarprentun	5. fl.
Sáldprentun	5. fl.
Prentiðnaður, lítill	3. fl.
Prentiðnaður, miðlungs	3. fl.
Prentiðnaður, stór	7. fl.
Prentiðnaður með framköllun	3. fl.
Prentsmið	3. fl.
Framleiðsla á iðnaðargasi	2. fl.
Garðaúðun	3. fl.
Málningarverksmiðjur	10. fl.
Lyfjagerð	2. fl.
Hreinlætisvöruverksmiðjur	4. fl.
Snyrtivöruframleiðsla	2. fl.
Gúmmívinnsla	2. fl.

Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Framl. á plötum og rörum úr plasti	4. fl.
Plastiðnaður	6. fl.
Framleiðsla á umbúðaplasti	4. fl.
Framleiðsla á glerplötum	1. fl.
Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	2. fl.
Framleiðsla gleríláta	1. fl.
Leirmunaverkstæði afkastageta < 75t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m^3	4. fl.
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	3. fl.
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	5. fl.
Steinsmíði	1. fl.
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	3. fl.
Málmsteypa < 20 tonn á dag	13. fl.
Meðferð og húðun málma	3. fl.
Blikksmíði	2. fl.
Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	2. fl.
Skrúfuframleiðsla, renniverkstæði	2. fl.
Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	4. fl.
Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	3. fl.
Rafvélaverkstæði	2. fl.
Stálsmíði og stálskipagerð	6. fl.
Viðhald, niðurrif skipa og flotkvíar	6. fl.
Húsgagnaiðnaður með lökkun	1. fl.
Endurvinnsla úrgangs	3. fl.
Spennistöðvar, litlar	2. fl.
Spennistöðvar, aðal	3. fl.
Spennaviðgerðir	5. fl.
Vatnsveitur 5.000-10.000 íbúa	9. fl.
Vatnsveitur < 1.000 íbúa	9. fl.
Vatnsveitur, einka	3. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæði lítið	2. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	2. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	3. fl.
Ryðvarnarverkstæði	5. fl.
Smurstöðvar	3. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	2. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	3. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	4. fl.
Bifreiðasprautun	1. fl.
Bifreiðaréttingar	2. fl.
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	2. fl.
Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	3. fl.
Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	4. fl.
Bílapartasölur	4. fl.

Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Bensínstöðvar, sjálfvirkar	4. fl.
Bensínstöðvar án matvöru	5. fl.
Bensínstöðvar með matvöru	7. fl.
Bensínstöðvar með veitingasölu	9. fl.
Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	4. fl.
Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	5. fl.
Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	7. fl.
Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	6. fl.
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	4. fl.
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	5. fl.
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	7. fl.
Heildverslun með hreingerningarefni	9. fl.
Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	9. fl.
Heildverslun með snyrtivöru	9. fl.
Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	3. fl.
Niðurrif bifreiða	2. fl.
Móttaka brotamálms	15. fl.
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	2. fl.
Stórmarkaðir > 400 m^2, með matvælavinnslu	20. fl.
Stórmarkaðir > 400 m^2, án matvælavinnslu	11. fl.
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	5. fl.
Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	6. fl.
Matvöruverslun með vinnslu, stór	12. fl.
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	4. fl.
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	4. fl.
Matvöruverslun án vinnslu, stór	9. fl.
Söluturnar án óvarinna matvæla	2. fl.
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	2. fl.
Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	5. fl.
Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	6. fl.
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	5. fl.
Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	6. fl.
Fiskbúðir með vinnslu, stórar	7. fl.
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	4. fl.
Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	5. fl.
Fiskbúðir án vinnslu, stórar	6. fl.
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	4. fl.
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	5. fl.
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	6. fl.
Áfengisverslun	3. fl.
Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	6. fl.
Apótek, stór	3. fl.
Snyrtivöruverslun	1. fl.
Byggingavöruverslanir, stórar	9. fl.
Byggingavöruverslanir, litlar	4. fl.
Járnvöruverslanir	4. fl.
Málningar- og veggfóðurverslun	4. fl.
Málningavöruverslanir	3. fl.
Gæludýraverslun	1. fl.
Véla- og tækjasölur	4. fl.
Varahlutaverslanir, ekki bíla	4. fl.
Smásala efna í flokkum X, A og B	4. fl.
Sala eiturefna og hættulegra efna	8. fl.
Smásala með notaða muni í verslunum	4. fl.
Markaðir, sölumarkaðir á útihátíðum o.fl. tímabundið	4. fl.
Hótel með veitingasölu, lítið	5. fl.
Hótel með veitingasölu, miðlungs	10. fl.
Hótel með veitingasölu, stórt	12. fl.
Gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)	3. fl.
Gistiheimili án veitingasölu, miðlungs	5. fl.
Gistiheimili án veitingasölu, stórt	6. fl.
Fjallaskálar, farfuglaheimili, heilsársnotkun	7. fl.
Fjallaskálar, farfuglaheimili, sumarnotkun	3. fl.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	1. fl.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	2. fl.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	5. fl.
Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	6. fl.
Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	2. fl.
Þjóðgarðar með tjaldsvæðum og þjónustuhús m/veitingum	7. fl.
Matsölustaðir, litlir	5. fl.
Matsölustaðir, miðlungs	6. fl.
Matsölustaðir, stórir	10. fl.
Skyndibitastaðir, litlir	5. fl.
Skyndibitastaðir, miðlungs	7. fl.
Skyndibitastaðir, stórir	8. fl.
Matsöluvagnar	5. fl.
Brauðstofur	6. fl.
Skemmtistaðir með matsölu	9. fl.
Skemmtistaðir án matsölu	2. fl.
Kaffihús, smurt brauð	5. fl.
Krár, kaffihús með matsölu	7. fl.
Krár, kaffihús án matsölu	4. fl.
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	2. fl.
Samkomusalir með móttökueldhúsi	3. fl.
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	7. fl.

Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	5. fl.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	6. fl.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	7. fl.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	2. fl.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	5. fl.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	6. fl.
Sala á tilbúnum mat, lítil	5. fl.
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	6. fl.
Sala á tilbúnum mat, stór	10. fl.
Bið- og endastöðvar áætlunarbifreiða	1. fl.
Biðstöðvar leigubifreiða	1. fl.
Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest	
Vörugeymslur, litlar	2. fl.
Vörugeymslur, miðlungs	4. fl.
Vörugeymslur, stórar	5. fl.
Fyrirtæki sem geyma klórgas	1. fl.
Kæli- og frystigeymslur	3. fl.
Gasbirgðastöðvar með > 100 m^3 geymslurými (STP)	5. fl.
Gasbirgðastöðvar með < 100 m^3 geymslurými (STP)	2. fl.
Vöruflutningamiðstöðvar	2. fl.
Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	8. fl.
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	5. fl.
Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	3. fl.
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	3. fl.
Ljósmyndastofur með framköllun	3. fl.
Fangelsi, lítið	6. fl.
Fangelsi, miðlungs	7. fl.
Fangelsi, stórt	14. fl.
Æfingasvæði slökkviliðs	1. fl.
Grunnskólar án mötuneytis	3. fl.
Grunnskólar með móttökueldhúsi	7. fl.
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	7. fl.
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis	3. fl.
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	6. fl.
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	7. fl.
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis	3. fl.
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	6. fl.
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	7. fl.
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - verknám í matvælavinnslu	8. fl.
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	3. fl.
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	6. fl.
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	7. fl.
Ökuskólar, flugskólar o.fl.	1. fl.
Tónlistarskólar	2. fl.
Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	1. fl.
Deildskipt sjúkrahús, lítið, án mötuneytis	3. fl.
Deildskipt sjúkrahús, miðlungs, með móttökueldhúsi	6. fl.
Deildskipt sjúkrahús, stórt, með fullbúnu eldhúsi	9. fl.
Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	3. fl.
Endurhæfing	2. fl.
Endurhæfing með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stórt	12. fl.
Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil, án mötuneytis	3. fl.
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs, með móttökueldhúsi	7. fl.
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór, með fullbúnu eldhúsi	7. fl.
Vistheimili, lítil	3. fl.
Áfengismeðferð	3. fl.
Heilsugæslustöðvar	3. fl.
Læknastofur	1. fl.
Læknahús með aðgerðarstofum	3. fl.
Tannlæknastofur	3. fl.
Tannsmíðar	2. fl.
Sjúkraþjálfun	2. fl.
Rannsóknarstofur í læknisfræði	2. fl.
Röntgenstofur	2. fl.
Fótaaðgerðarstofur	2. fl.
Kírópraktor	1. fl.
Yoga-stofur, heilun o.fl.	1. fl.
Húðflúrstofur	4. fl.
Húðgötun	4. fl.
Dýralæknastofur án röntgen	2. fl.
Dýralæknastofur með röntgen	2. fl.
Dýraspítalar	3. fl.
Heimili fyrir börn og unglinga	2. fl.
Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús	5. fl.
Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús	3. fl.
Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús	6. fl.
Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhús	2. fl.
Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið	4. fl.
Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs	4. fl.
Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs	5. fl.
Dagmömmur með > 6 börn	1. fl.
Leikskólar með móttökueldhús	5. fl.
Leikskólar með fullbúið eldhús	7. fl.

Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Gæsluvellir	2. fl.
Skóladagheimili, fullbúið eldhús	4. fl.
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	3. fl.
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	5. fl.
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúið eldhús	7. fl.
Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 p.e.	2. fl.
Skólphreinsistöðvar > 10.000 p.e. og afrennsli til strandsjávar eða > 2000	9. fl.
Aðrar skólphreinsistöðvar	
Gámastöð	4. fl.
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	4. fl.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru og ristarúrgangi	2. fl.
Sorpflutningar og sorphirða	5. fl.
Sorpförgun, flokkun og vinnsla	10. fl.
Áhaldahús sveitarfélaga og stofnana	4. fl.
Kirkjur	1. fl.
Kvikmyndahús	3. fl.
Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	1. fl.
Leikhús með móttökueldhús	3. fl.
Leikhús með fullbúið eldhús	6. fl.
Dansskólar	1. fl.
Húsdýragarðar	4. fl.
Sundstaðir, litlir	6. fl.
Sundstaðir, miðlungs	13. fl.
Sundstaðir, stórir	16. fl.
Íþróttahús, lítil	2. fl.
Íþróttahús, miðlungs	3. fl.
Íþróttahús, stór	6. fl.
Sundstaðir og íþróttamannvirki, sambyggt	16. fl.
Íþróttavellir	1. fl.
Skíðaskálar, skíðasvæði	4. fl.
Hestahald, tamningar, stóðhestahús	3. fl.
Skotvellir	2. fl.
Þvottahús og efnalaugar	3. fl.
Þvottahús	2. fl.
Efnalaugar	3. fl.
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	2. fl.
Hárgreiðslu- og rakarastofur	2. fl.
Snyrtistofur	2. fl.
Baðhús	2. fl.
Líkbrennslur	1. fl.
Líkamsræktarstöðvar, litlar	2. fl.
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	5. fl.
Líkamsræktarstöðvar, stórar	5. fl.
Líkamsræktarstöðvar, litlar, með heitum pottum	5. fl.
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs, með heitum pottum	6. fl.
Líkamsræktarstöðvar, stórar, með heitum pottum	6. fl.
Sólbaðstofur án heitra potta	2. fl.
Sólbaðstofur með heitum pottum	5. fl.
Nuddstofur	2. fl.

20. ágúst 1999 Nr. 589

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

Hámarkshraði verði 30 km/klst. á Digranesvegi milli Vallartraðar og gatnamóta Digranesvegar við Skólatröð og Grænutungu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Kópavogi, 20. ágúst 1999.

Sýslumaðurinn í Kópavogi,

Þorleifur Pálsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykholts í Biskupstungum 1989-2009, Biskupstungnahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts í Biskupstungum 1989 - 2009, frá 27. júní 1990.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- verslunarlóð á suðvesturhorni þjóðvegar og Norðurbrúnarvegar stækkar til suðurs og vesturs,
- garðyrkjulóðir norðan íþróttavallar breytast í opin svæði til sérstakra nota,
- íbúðabyggð vestan íþróttavallar breytist í opin svæði til sérstakra nota,
- svæði opinberra stofnana vestan Skólavegar breytist í opið svæði til sérstakra nota,
- garðyrkjulóð á suðausturhorni Skólavegar og þjóðvegar breytist í verslun og íbúðabyggð,
- íbúðarhúsalóð á vesturhluta Dalbrúnar breytist í iðnaðar- og garðyrkjulóð,
- garðyrkjulóð við enda Norðurbrúnarvegar breytist í íbúðarhúsalóð,
- opið svæði til sérstakra nota sunnan Fljótsholts breytist í íbúðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Biskupstungnahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 591 31. ágúst 1999

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum:

Stöðvunarskylda er á Heiðarvegi gagnvart umferð um Kirkjuveg í Vestmannaeyjum.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 31. ágúst 1999.

Karl Gauti Hjaltason.

Stjórnartíðindi B 80, nr. 580–591. Útgáfudagur 10. september 1999.

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 1999

9. september 1999 1753 Nr. 592

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 420/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á kartöflum, bökunar, í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	10.09. - 30.09.99	ótilgr.	15	30

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. september 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

2. september 1999 Nr. 593

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987, með síðari breytingum.

1. gr.

14. gr. orðist svo:
Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannafæri.
Borgarstjórn er heimilt að setja samþykktir um farandsölu og sölu á götum og torgum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

B 113
Gutenberg

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 36 18. maí 1998 um lögreglusamþykktir, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. september 1999.

F. h. r.
Björg Thorarensen.

Stefán Eiríksson.

Nr. 594 9. september 1999

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 770/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.10.-31.12.99	1.200	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.10.-31.12.99	3.200	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. september 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

6. september 1999 1755 Nr. 595

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi skólalóðar við Lækjarhlíð, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi skólalóðar við Lækjarhlíð, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 18. ágúst 1999.

Breytingin felst í því að útbúinn er byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur á lóð grunnskólans.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn 17. mars 1999.

Mosfellsbæ, 6. september 1999.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

7. september 1999 Nr. 596

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 28. apríl 1999.

Breytingin felst í því að byggingarreitir allra parhúsa í hverfinu og einbýlishúsa við Rituhöfða eru rýmkaðir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag Höfðahverfis sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 24. júní 1998.

Mosfellsbæ, 7. september 1999.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

9. september 1999 Nr. 597

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Hæðargarðs, ásamt móttökustað fyrir úrgang á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt, þann 6. júní 1999, deiliskipulag af frístundabyggð í landi Hæðargarðs, við Hæðargarðsvatn í Skaftárhreppi.

Einnig hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 12. október 1998, samþykkt deiliskipulag á móttökustað fyrir garðaúrgang, urðun á sláturúrgangi og geymslu á brotajárni, á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi.

Skipulög þessi eru nánar tilgreind á uppdráttum sem hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 9. september 1999.

F.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

Benedikt Lárusson byggingarfulltrúi.

Nr. 598 6. september 1999

REGLUGERÐ

um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

I. KAFLI
Bókun rafrænna viðskipta.

Skilgreiningar.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Rafræn viðskipti: Viðskipti þar sem pöntun, reikningsútgáfa eða greiðslur fara fram með rafrænum hætti.

Rafrænt bókhald: Bókhald, eða sá hluti bókhalds, sem byggist á gögnum og færslum sem eiga uppruna sinn í gagnavinnslukerfum og send eru á milli þeirra með skeytum.

Skeyti: Safn samstæðra gagna sem raðað er samkvæmt ákveðnum stöðlum til gagnaflutnings og mynda fylgiskjöl í rafrænu bókhaldi.

Gagnaflutningur: Sending skeyta með rafeindaboðum milli gagnavinnslukerfa þar sem skeytið er þannig forsniðið að unnt sé að lesa það í slíku kerfi og vinna sjálfvirkt á rafrænan og ótvíræðan hátt.

Gagnavinnslukerfi: Ein eða fleiri tölvur, fylgitæki og hugbúnaður sem notuð eru til skipulagðra aðgerða á bókhaldsfærslum.

Gagnamiðill: Seguldiskar, segulbönd, geisladiskar og annar sambærilegur búnaður sem á eru settar upplýsingar eða geymir upplýsingar sem vinna má sjálfvirkt í gagnavinnslukerfi.

Gagnadagbók: Skrá á rafrænu formi sem tekur við og geymir bæði send og móttekin skeyti í tímaröð.

Skilyrði.

2. gr.

Þegar fært er rafrænt bókhald skulu auk skriflegra lýsinga á skipulagi bókhaldsins og uppbyggingu í samræmi við 7. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, liggja fyrir skriflegar lýsingar vegna gagnaflutninganna sjálfra og þeirra viðskiptafærslna sem rekja má til þeirra. Lýsingar þessar skulu gefa skýra mynd af öryggi og rekjanleika færslna, hvort sem þær eru í bókhaldskerfinu sjálfu eða sérstöku gagnavinnslukerfi vegna gagnaflutninganna.

Þegar færslur í bókhaldinu eiga rætur að rekja til gagnaflutninga skulu liggja fyrir upplýsingar um það með hvaða hætti þeir aðilar sem stunda slík rafræn viðskipti haga samskiptum sínum, m.a. skráningu í gagnadagbók. Ef aðilar hafa gert samskiptasamninga við gagnaðila sinn vegna gagnaflutninga skulu þeir og liggja fyrir.

Áreiðanleiki skeyta.

3. gr.

Sérhver færsla í rafrænu bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi skeytum sem rekja má til viðskiptanna hvort sem uppruni þeirra er utan fyrirtækisins eða innan. Með fullnægjandi skeyti er átt við annars vegar ytri frumgögn sem verða til við móttöku skeytis frá viðskiptaaðila, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 145/1994, og hins vegar er átt við innri frumgögn sem eru skeyti sem verða til innan fyrirtækisins, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 145/1994. Skeyti sem liggja til grundvallar viðskiptum þegar svo háttar til um að bókhaldsskyldan hvílir eingöngu á seljanda vöru og þjónustu teljast vera innri frumgögn í þessu sambandi.

Skeytin skulu bera sömu upplýsingar og fram eiga að koma á hefðbundnum fylgiskjölum.

Gagnadagbók.

4. gr.

Öll skeyti sem rekja má til viðskipta milli aðila skal skrá í sérstaka dagbók, sem nefnist gagnadagbók.

Gagnadagbók skal vera tvískipt. Annars vegar skal vera gagnadagbók sem tekur við öllum innsendum skeytum til fyrirtækisins og hins vegar gagnadagbók sem tekur við öllum skeytum sem uppruna sinn eiga í fyrirtækinu. Heimilt er að skipta hvorri gagnadagbók upp eftir tegund skeyta sem móttekin eru eða send eða eftir tilteknum tímabilum. Skeytin skulu geymd í tímaröð og fá númer í samfelldri röð.

Innihaldi gagnadagbókar má ekki vera unnt að breyta eða eyða.

Skráning sendra og móttekinna skeyta.

5. gr.

Skeyti sem fela í sér upplýsingar um viðskipti sem ber að skrá í bókhald sendanda sem og móttakanda, skulu mynda fylgiskjöl bókhaldsins og falla inn í viðkomandi fylgiskjalaröð. Á auðveldan hátt skal vera unnt að tengja skeyti í gagnadagbókinni við fylgiskjal bókhaldsins. Á læsilegan hátt skal vera unnt að birta á skjá bæði skeytin og færslurnar og prenta þær eftir þörfum.

Rafrænn sölureikningur skal auk númers í gagnadagbók og sem fylgiskjal í bókhaldi fá númer í samfelldri númeraröð. Þetta númer skal ávallt koma fram í gagnadagbók og á rafrænu fylgiskjali bókhalds, bæði hjá sendanda og móttakanda svo og á prentuðu eintaki hans.

Hvenær skeyti telst skráð.

6. gr.

Skeyti, sbr. 5. gr., telst vera skráð í bókhald viðkomandi aðila þegar færsla þess hefur áhrif á niðurstöðu reikninga í bókhaldinu.

Leiðréttingar.

7. gr.

Eftir að færsla í bókhald skv. 6. gr. hefur átt sér stað er óheimilt að breyta eða eyða færslunni. Þurfi að gera breytingu eða leiðréttingu á færslu skal það gert með annarri færslu með vísan til sérstaks fylgiskjals.

Aðgangur að gögnum.

8. gr.

Allir þeir sem hafa aðgang að rafrænu bókhaldi og hafa heimild til að senda eða taka á móti skeytum sem verða fylgiskjöl í bókhaldinu eða skrá í bókhaldið þær færslur sem verða til vegna viðskipta sem rekja má til skeyta, sbr. 5. gr., skulu hafa sérstakt auðkenni þannig að rekja megi hverja færslu til upprunans, þ.e. hvar og hvenær færsla er gerð og á hvers ábyrgð.

Starfsmönnum, þ.m.t. kerfisstjóra, sem vinna við kerfisþróun, forritun og uppsetningu rafræns bókhaldskerfis þ. á m. kerfis vegna gagnasendinga, er óheimilt að annast hvers konar verkefni sem snerta færslu gagna inn í kerfið, þ. á m. gagna vegna gagnasendinganna. Verði þessu ekki komið við vegna smæðar fyrirtækisins skal það liggja fyrir skriflega í gögnum þess.

II. KAFLI
Um geymslu rafrænna fylgiskjala og bókhalds.

Geymslutími rafrænna gagna.

9. gr.

Rafrænt bókhald og rafræn fylgiskjöl þess skulu geymd í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Sömu ákvæði gilda um varðveislu gagnadagbóka.

Varðveisla gagnamiðla.

10. gr.

Gagnamiðil skal geyma með tryggilegum hætti, þannig að læsileiki hans sé tryggður til loka geymslutímans og með einföldum hætti sé fljótlegt að finna færslur á honum þegar á þarf að halda.

III. KAFLI
Lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

Kröfur til hugbúnaðar og seljanda hans.

11. gr.

Hver sá sem selur bókhaldskerfi til færslu rafræns bókhalds, þ.á m. hugbúnað vegna gagnaflutnings þ.e. vegna móttöku og sendingar skeyta á milli gagnavinnslukerfa og skráningar í gagnadagbók, skal láta fylgja sölunni ítarlegar upplýsingar um hugbúnaðinn, hvernig hann vinnur og um þá eftirlitsþætti sem hann hefur upp á að bjóða til að stemma af, sannprófa, stýra vinnslu gagna og endurskoðun þeirra.

Hugbúnaðurinn skal uppfylla þau skilyrði sem fram koma í reglugerð þessari til að bókhaldið sé fært í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

Tryggja skal að unnt sé að rekja feril gagna gegnum bókhaldskerfið og hvorki sé hægt að breyta eða eyða færslum né skeytum.

Í rafrænu bókhaldskerfunum skal m.a. vera unnt að sjá í einstökum færslum auðkenni þess sem skráði færslu, auðkenni þeirrar útstöðvar sem færsla var skráð á, dagsetningu og tíma skráningar og fylgiskjalanúmer færslu. Einnig þarf að vera hægt að sjá forsendur kerfisins, m.a. vegna ýmissa sjálfvirkra vinnslna, t.d. vegna einstakra tegunda bókhaldsreikninga sem kalla á sjálfvirkan útreikning fjárhæða og skiptingu þeirra á milli reikninga, auk þess sem unnt skal að sjá hvenær forsendum hefur verið breytt. Skrár skal vera hægt að prenta á einstökum vinnslustigum til að staðfesta innihald þeirra.

Tengsl rafrænna bókhaldskerfa.

12. gr.

Þar sem hugbúnaður bókhaldskerfis byggist á sjálfvirku gagnaflæði milli fjárhagsbókhalds og undirbókhaldskerfa skal undirbókhaldið tengjast fjárhagsbókhaldinu með reglubundnum hætti um tiltekna bókhaldsreikninga sem ekki eru nýttir í öðrum tilgangi, hvort sem reikningarnir varða tekjur eða gjöld, eignir eða skuldir.

Þar sem gagnavinnslukerfi byggjast á sjálfvirku gagnaflæði yfir í bókhaldskerfi skal tryggja rekjanleika á milli gagnavinnslukerfa á einfaldan hátt.

Öryggisafrit.

13. gr.

Öryggisafrit skal taka af rafrænt færðu bókhaldi og öllum rafrænt færðum fylgiskjölum þess svo og gagnadagbók reglulega samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum og í samræmi við umfang viðskiptanna. Verklagsreglur þessar skulu liggja fyrir í gögnum bókhaldsins. Skal öryggisafritið varðveitt á tryggan og öruggan hátt aðskilið frá frumgögnum bókhaldsins. Það skal staðfest að hægt sé að endurbyggja gögnin með öryggisafritunum. Að loknu reikningsári skal taka a.m.k. eitt heildarafrit af öllum gagnaskrám er snerta bókhaldið og það skal geymt á öruggum stað aðskilið frá bókhaldinu og bókhaldsgögnunum.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Eftirlit.

14. gr.

Eftirlitsaðilar bókhalds og aðrir þeir sem eiga rétt á upplýsingum úr bókhaldi, skulu hafa hindrunarlausan og ókeypis aðgang að nauðsynlegum hjálpartækjum til afnota hjá hinum bókhaldsskylda aðila til að finna og lesa færslur og gögn úr rafrænum bókhaldskerfum.

Öryggisafrit, sbr. 13. gr., skulu vera aðgengileg eftirlitsaðilum á hverjum tíma.

Viðurlög.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. IV. kafla laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 42. gr. laga um bókhald, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 6. september 1999.

Geir H. Haarde.

Maríanna Jónasdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. kemur nýr málsliður svohljóðandi:

Þegar um er að ræða rafrænan sölureikning skal reikningurinn uppfylla ákvæði 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 4. gr.:

a. Í stað orðsins „söluuppgjörsblað“ kemur: söluuppgjörsyfirlit.

b. Við málsgreinina bætist nýr málsliður er orðist svo: Þegar um er að ræða rafrænan sölureikning skal ákvæði um frumrit, samrit og eintak í réttri röð eða söluuppgjörsyfirlit teljast uppfyllt þegar farið er eftir ákvæðum I. kafla reglugerðar nr. 598/1999.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. og 3. mgr. 5. gr. A:

a. Í stað orðsins „söluuppgjörsblað“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr.: og 3. mgr. kemur: söluuppgjörsyfirlit.

b. Í stað orðsins „áritað“ í 2. mgr. kemur: staðfest.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 8. gr.:

a. Í stað orðsins „kassakvittun“ kemur: greiðslukvittun sjóðvélar.

b. Á eftir 4. málslið kemur nýr málsliður svohljóðandi: Þegar notuð er sjóðvél sem hefur rafræna dagbók í stað innri strimils, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., er fullnægjandi að seljandi afhendi kaupanda greiðslukvittun sjóðvélar í stað reiknings enda skal greiðslukvittun sjóðvélar að formi og efni fullnægja kröfum 4. og 5. gr.

c. Í stað fjárhæðarinnar „3000 kr.“ kemur: 6000 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

a. Í stað orðsins „kassakvittun viðskiptamanns“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: greiðslukvittun sjóðvélar.

b. Á eftir orðunum „Innri strimli“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: eða rafrænni dagbók.

c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Öryggisafrit af rafrænni skráningu dagbókar, sbr. 2. tölul. 1. mgr., skal tekið í lok hvers starfsdags.

6. gr.

Orðin: „eftir skjölum sem flutt eru á milli tölva og“ í 1. mgr. 10. gr. falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr.:

a. Í stað orðanna „útsláttarstrimli vélarinnar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: dagsöluyfirliti sjóðvélar.

b. Í stað orðsins „söluuppgjörsblað“ í 1. málsl. kemur: söluuppgjörsyfirlit
c. Í stað orðsins „söluuppgjörsblaði“ í 3. málsl. kemur: söluuppgjörsyfirliti
d. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þá skal einnig koma fram á dagsöluyfirliti sjóðvélar eða á söluuppgjörsyfirliti:
1. Dagsetning.
2. Fjöldi opnana fjárhirslu sjóðvélar án skráningar sölu.
3. Heildarfjöldi afgreiðslna úr sjóðvél.
4. Heildarsala samkvæmt hverjum teljara fyrir sig.
5. Uppsöfnuð fjárhæð sem sýnir heildarsölu þá sem slegin hefur verið inn frá upphafi (grand total) og stöðu teljarans við hvert söluuppgjör.
e. Í stað orðsins „árituð“ í 2. mgr. kemur: staðfesta.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr.:
a. Í stað orðanna „frumrit gíróseðla og afreikningar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: frumrit gíróseðla, afreikningar og rafrænir sölureikningar.
b. Á eftir orðinu „sölureiknings“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: fullnægjandi rafrænn sölureikningur.
c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þegar um er að ræða rafrænan sölureikning skal ákvæðið um áritað frumrit teljast uppfyllt ef áritað prentað eintak reikningsins liggur fyrir hjá hverjum aðila kaupanna ásamt greinargerðinni.

9. gr.

Í stað orðsins „söluuppgjörsblaði“ í 19. gr. kemur: söluuppgjörsyfirliti.

10. gr.

Á eftir orðunum „frumrit reikningsins“ í 1. mgr. 21. gr. kemur: eða áritað prentað eintak rafræns sölureiknings.

11. gr.

2. mgr. 23. gr. orðast svo: Tekjur og gjöld skal aðgreina í bókhaldi á aðskilda reikninga eftir skatthlutföllum.

12. gr.

Við 32. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Öryggisafrit rafræns bókhalds og rafrænna bókhaldsgagna skal taka reglulega samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum og í samræmi við umfang viðskiptanna. Verklagsreglur þessar skulu liggja fyrir í gögnum bókhaldsins og skal staðfest að hægt sé að endurbyggja gögnin með öryggisafritunum. Skulu öryggisafritin varðveitt í tryggri geymslu á mismunandi stöðum og vera aðgengileg fyrir opinbert eftirlit þegar þess er krafist. Þá skulu vera fyrir hendi leiðbeiningar og greinargóð lýsing á því hvernig nálgast megi þau gögn sem öryggisafritin geyma með rafrænum hætti.

13. gr.

33. gr. fellur brott.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 21. gr., 23. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytinum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 6. september 1999.

Geir H. Haarde.

Maríanna Jónasdóttir.

Nr. 600 6. september 1999

REGLUGERÐ

um færslu og geymslu lausblaðabókhalds.

Geymslubindi.

1. gr.

Þegar bókhaldsbækur eru færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu bóka-, korta-, eða lausblaðakerfi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, skal gögnum og prentuðum listum bókhaldsins, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna, raðað í skipulagða röð og þau innbundin, heft eða á annan hátt lögð í geymslubindi.

Þá er þeim heimilt sem færa bókhald í samræmi við 1. mgr. að gera reikningsyfirlit eða jöfnuð í lok hvers bókhaldstímabils, sbr. 18. gr. laga nr. 145/1994, á laus yfirlitsblöð í stað færslu í innbundna og tölusetta aðalbók. Reikningsyfirlitið skal a.m.k. bera með sér það tímabil, sem það tekur til, og númer og jöfnuð hvers bókhaldsreiknings. Reikningsyfirlitum skal raðað jafnóðum í skipulega röð og þau innbundin, heft eða á annan hátt fest í geymslubindi.

Um fylgiskjöl.

2. gr.

Útgáfa fylgiskjala, þ.m.t. útgáfa tekjuskráningargagna, bókhaldsskyldra aðila sem ekki eru með virðisaukaskattskylda starfsemi skal hagað samkvæmt ákvæðum reglugerðar um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila sem gefin er út skv. lögum nr. 50/1988, eftir því sem við á.

Um geymslu gagna.

3. gr.

Þegar bókhaldsskyldur aðili flytur bókhald og/eða fylgiskjöl bókhaldsins á örfilmur, skannar bókhald og/eða fylgiskjöl þess á geisladisk eða á annan sambærilegan búnað, sem ekki er unnt að vinna með í gagnavinnslukerfi skal samanlagður geymslutími frumgagna og hins nýja geymslumiðils eigi vera skemmri en 7 ár frá lokum þess reikningsárs er gögnin tilheyra. Eigi má farga frumgögnum sem flutt hafa verið á geymslumiðil fyrr en einu ári eftir lok viðkomandi reikningsárs, enda liggi þá fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

Tryggt skal að allar upplýsingar sem fram koma í gögnum þeim sem flutt eru á geymslumiðilinn komi þar fram og upplýsingarnar séu óumbreytanlegar. Strax skal kannað hvort geymslumiðillinn sé læsilegur, réttur og ógallaður. Ef sú er ekki raunin, skulu frumgögn geymd á venjulegan hátt þar til fullnægjandi geymslukröfum er náð.

Aðferðir við flutning gagna og geymslu miðilsins skulu fyrirfram skipulagðar og fyrir skal liggja skrifleg lýsing á þeim. Skulu koma fram upplýsingar um hvar og hvenær flutn-

ingur gagna hefur farið fram, á hvaða geymslumiðli gögnin er að finna og skal það staðfest eða vottað af þeim sem ábyrgð bera á flutningnum.

Öryggisafrit.
4. gr.

Taka skal öryggisafrit af geymslumiðlum, sbr. 3. gr. samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum. Verklagsreglur þessar skulu liggja fyrir í gögnum bókhaldsins. Skal öryggisafritið varðveitt á tryggan og öruggan hátt aðskilið frá öðrum gögnum bókhaldsins.

Eftirlit.
5. gr.

Eftirlitsaðilar bókhalds og aðrir þeir sem eiga rétt á upplýsingum úr bókhaldi, skulu hafa hindrunarlausan og ókeypis aðgang að nauðsynlegum hjálpartækjum til afnota hjá hinum bókhaldsskylda aðila til að finna og lesa færslur og gögn sem flutt hafa verið á geymslumiðil, sbr. 3. gr.

Öryggisafrit, sbr. 4. gr., skulu vera aðgengileg eftirlitsaðilum á hverjum tíma.

Viðurlög.
6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingum skv. IV. kafla laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Gildistaka.
7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 42. gr. laga um bókhald, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 417/1982, um bókhald.

Fjármálaráðuneytinu, 6. september 1999.

Geir H. Haarde.

Maríanna Jónasdóttir.

3. september 1999 Nr. 601

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

I. KAFLI
Um stjórn fjallskilamála o.fl.
1. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður (Austur-Skaftafellssýsla) er eitt fjallskilaumdæmi. Yfirstjórn fjallskilamála í sýslunni er á hendi bæjarstjórnar Hornafjarðar, sem jafnframt fer með hlutverk héraðsnefndar skv. lögum og reglugerðum.

2. gr.

Fjallskiladeildir í sýslunni skulu vera Lón (með sömu mörk og Bæjarhreppur áður), Nes (með sömu mörk og Nesjahreppur og Hafnarkauptún áður), Mýrar (með sömu mörk og Mýrahreppur áður) Suðursveit (með sömu mörk og Borgarhafnarhreppur áður) og Öræfi (með sömu mörk og Hofshreppur áður).

3. gr.

Landbúnaðarnefnd Hornafjarðar fer með fjallskilamál í sýslunni í umboði bæjarstjórnar. Nefndin skipar fimm menn í fjallskilastjórn sem sér um stjórn og framkvæmd hinna árlegu fjallskila. Skal þess gætt að í fjallskilastjórn sitji einn aðili frá hverri fjallskiladeild og er sá jafnframt fjallskilastjóri innan sinnar deildar. Fjallskilastjórn kýs sér formann úr hópi stjórnarmanna.

Hlutverk fjallskilastjórnar er:

- að mæla fyrir um lögleitir og réttir í sýslunni, göngur í fjalllendi og aðrar þær smalanir sem samþykkt þessi tekur til,
- að gefa út fjallskilabréf fyrir hverja deild þar sem fram kemur hvernig einstök svæði skuli hreinsuð af fé og fjallskilum jafnað niður,
- að ákveða eftirleitir ef ástæða er til og sjá um hreinsun heimalanda og vorsmölun samkvæmt ákvörðun landbúnaðarnefndar.

Í störfum sínum skal fjallskilastjórn sérstaklega gæta að samræmi í dagsetningum á milli svæða þannig að ekki þurfi að leggja aukaverk í smalanir á svæðum sem þegar hafa verið hreinsuð.

4. gr.

Land það sem fjallskilasamþykkt þessi nær til skiptist í heimalönd, afrétti og öræfi.

Heimalönd eru fullkomin eignarlönd manna. Í skilningi samþykktar þessarar skiptast heimalönd í heimahaga og útlendur. Til heimahaga teljast svæði á láglendi næst húsum, ræktarland og önnur svæði innan hagagirðinga. Til útlendna teljast aðrir hlutar heimalanda, svo sem sameiginleg sumarbeitilönd í fjalllendi.

Það teljast afréttir sem að fornu hafa verið, hvort sem þeir eru í eigu sveitarfélagsins, upprekstrarfélaga eða einstaklinga.

Almenningar eða öræfi kallast þau lönd sem óbyggð eru og sem ekki verða talin til afrétta eða heimalanda.

Landbúnaðarnefnd skal láta gera skilmerkilegt kort af sveitarfélaginu þar sem fram koma mörk einstakra jarða, og sú skipting svæða sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessari grein. Skal kortið, ásamt viðfestum skrám, vera fjallskilastjórn til reiðu við niðurdeilingu verka og teljast grundvöllur réttinda og skyldna að öðru leyti.

Landbúnaðarnefnd annast viðhald skráa og korta yfir skiptingu svæða og sér um að slík gögn séu tryggilega birt og öllum aðgengileg.

5. gr.

Bæjarstjórn getur með sérstakri samþykkt, stofnað fjallskilasjóð fyrir Austur-Skaftafellssýslu. Fjallskilasjóðurinn skal vera deildaskiptur samkvæmt skiptingu í fjallskilaumdæmi, sbr. 2. gr. Nánar skal kveðið á um hlutverk sjóðsins í stofnskrá, en heimilt er m.a. að fela sjóðnum umsjón rétta og annarra slíkra mannvirkja í sýslunni. Ennfremur er heimilt að gera vinnuframlög í tengslum við fjallskil upp í gegnum sjóðinn, en að öðrum kosti skal hlutverk sjóðsins takmarkast við að greiða fjallskilakostnað sem ekki verður inntur af hendi með vinnuframlögum.

Tekjur sjóðsins geta samkvæmt þessu verið eftirfarandi:

1. Greiðsla í peningum eða reiknuðu vinnuframlagi sem hagsmunaaðilar inna af hendi vegna einstakra verka í tengslum við fjallskil.
2. Greiðsla í peningum sem fénaðareigendur inna af hendi vegna réttarbygginga.
3. Framlag sveitarfélagsins m.a. vegna rétta og annarra mannvirkja.
4. Andvirði óskilafjár.
5. Sektir vegna brota eða vanrækslu á fyrirmælum samþykktar þessarar.

Stjórn sjóðsins ákvarðar greiðslur sem sjóðurinn innir af hendi í peningum, til þess að standa straum af fjallskilakostnaði, viðhaldi rétta og annarra verka sem sjóðnum eru falin skv. stofnskrá.

Reikningar sjóðsins skulu haldnir sérstaklega en hann skal gerður upp og endurskoðaður með sama hætti og bæjarsjóður.

6. gr.

Landeigandi sér sjálfur um alla smölun heimahaga á eigin kostnað, sjá þó 22. og 23. gr.

Fjallskilastjórn sér um fjallskil á afréttum og útlendum jarða. Skal að öllu jöfnu við það miðað, að kostnaði við verk sem fjallskilastjórn mælir fyrir um, sé jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings innan viðkomandi fjallskiladeildar. Landbúnaðarnefnd getur ákveðið að á tilteknum svæðum skuli kostnaði jafnað á milli hagsmunaaðila, fjáreigenda og landeigenda, í ákveðnum hlutföllum, sbr. heimild í 42. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

II. KAFLI
Um rekstur á afrétti.

7. gr.

Um upprekstrarrétt á afrétti einstaklinga fer eftir fornri venju eða samningum. Í framangreint afréttarland má taka búpening til sumargöngu af utansveitarmönnum sem eigi hafa þar upprekstrarrétt en til þess þarf leyfi sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem land liggur. Ekki má veita framangreint leyfi ef ætla má að afrétturinn sé þegar fullnýttur af innansveitarmönnum.

8. gr.

Komi í ljós við ítölu eða á annan sannanlegan hátt að afréttur upprekstrarfélags er ekki fullnýttur en heimahagar jarða í samfélagi ofsetnir, er sauðfjáreigendum þeirra jarða skylt að reka til afréttar þann hluta búfjárins sem er fram yfir leyfða ítölu. Verði misbrestur hér á getur sveitarstjórn látið reka fénað á kostnað eiganda. Verði ágreiningur út af grein þessari má vísa honum til úrskurðar sýslumanns.

9. gr.

Heimilt er landráðanda sem verður fyrir ágangi afréttarpenings að gera kvörtun um það til hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við 31. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

10. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að takmarka og tímasetja rekstur til afrétta á vori.

Þegar rekið er til afréttar gegnum heimalönd manna, skal það gert á þann hátt að sem minnstur bagi verði að og er bæjarstjórn heimilt að ákveða hvaða leiðir skuli fara. Aldrei má án leyfis eiganda reka fé á afrétt nema víst sé að það eigi að vera þar.

11. gr.

Eftir að fé er sleppt í afrétt og allt til fyrstu gangna má enginn smala afrétt né gera afréttarpeningi annað sambærilegt ónæði nema bæjarstjórn leyfi.

III. KAFLI
Fjallskil.

12. gr.

Með fjallskilum í samþykkt þessari er átt við reglulegar afréttargöngur og smölun útlendna.

Sérhver sauðfjáreigandi er skyldur til að gera fjallskil með þeim hætti sem bæjarstjórn ákveður. Bæjarstjórn getur ákveðið að smölun heimahaga skuli metin til fjallskila.

Bæjarstjórn jafnar niður öllum kostnaði við fjallskil í réttu hlutfalli við sauðfjáreign. Forðagæsluskýrslur og skattframtöl skulu lögð til grundvallar niðurjöfnunar fjallskilakostnaðar. Eigendur eyðibýla eru skyldir til að gera fjallskil ef bæjarstjórn ákveður og skal þá fjallskilakostnaður miðast við landverð jarðar að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Bæjarstjórn getur undanþegið þá menn fjallskilaskyldu sem hafa fé sitt í afgirtum heimahögum eða eyjum.

13. gr.

Skyldur er hver maður að gera fjallskil í því sveitarfélagi sem hann á heimili í. Full fjallskil skal maður inna af höndum í því sveitarfélagi sem fénaði hans er framfleytt í árlangt, enda þótt hann eigi ekki lögheimili þar.

Nú nota einstaklingar eða upprekstrarfélög til upprekstrs annan afrétt eða heimaland en þeim ber. Skulu þeir aðilar þá inna af höndum full fjallskil eftir sömu reglum og heimamenn í því upprekstrarfélagi sem land liggur í. Skal þá miða við fénaðarfjölda þann sem aðkomumenn reka í landið. Þó er heimilt að gera sérstakan samning um fjallskilin.

Sá sem notar land utan upprekstrarfélagsins, skal tilkynna það sveitarstjórn í því sveitarfélagi sem hann á heima í áður en tvær vikur eru af sumri.

14. gr.

Fjallgöngur skulu vera þrennar hvert haust. Landbúnaðarnefnd getur þó ákveðið að fjallgöngur séu tvennar. Skulu göngur fara sem mest saman í þeim löndum sem saman liggja.

Samhliða fjallgöngum skal smala til réttar heimahaga sem afréttarfénaður og sumarbeitarpeningur gengur að jafnaði í. Að auki skal gerð eftirleit ef fjallskilastjórn telur ástæðu til.

Fjallskilastjórn ákveður að hve miklu leyti smölun heimahaga skuli metin til fjallskila.

15. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal fjallskilastjóri jafna niður í tæka tíð. Skal fjallskilabréf hafa borist fjallskilaskyldum aðilum eigi síðar en einni viku fyrir fyrsta gangnadag.

Kærur út af niðurjöfnun fjallskila skulu hafa borist oddvita bæjarstjórnar eigi síðar en 15. september. Náist ekki samkomulag getur aðili skotið máli sínu til úrskurðar sýslumanns.

16. gr.

Í fjallskilabréfi skal tekið nákvæmlega fram hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ennfremur hverjir skulu leggja menn á hvert afréttarsvæði fyrir sig, nefna til gangnastjóra, svo og þá sem sækja skulu fé í utansveitaréttir.

Vanræki fjallskilaskyldur aðili að gera þau skil sem honum ber skal hann borga þau eins og kostar að inna þau af hendi. Að auki varðar slíkt sektum sem hækka ef brotin eru ítrekuð.

17. gr.

Sveitarstjórnir skulu skipa einn duglegan gangnastjóra eða gangnaforingja fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjórinn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í rétt eða nátthaga. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum.

18. gr.

Gangnastjóri skal áminna gangnamenn að fara svo vel sem unnt er að fénaði í göngum. Ef kindur koma fyrir sem ekki verður komið lifandi til réttа skal slátra þeim, skrá númer eða önnur auðkenni og tilkynna eiganda.

19. gr.

Ef fjáreigandi eða jarðeigandi hefur engan færan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal tilkynna það fjallskilastjórn þremur dögum áður en skilin eiga að vinnast en þessir aðilar útvega mann eða annað sem vantar, svo sem hesta eða fæði. Borgar þá fjáreigandi sektarlaust allan þann kostnað sem af fjallskilum leiðir.

20. gr.

Fjallskilastjórn skal koma upp hentugum skýlum fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf og skal kostnaður sá er af þessu leiðir greiðast úr fjallskilasjóði.

IV. KAFLI
Hreinsun heimalanda.

21. gr.

Hver bóndi er skyldur til að smala heimahaga sína á haustum. Sama gildir um eigendur eyðibýla þótt þeir eigi þar ekki fjárvon.

22. gr.

Fjallskilastjórn skal skipa fyrir um reglulegar smalanir heimahaga jafnframt hverjum fjallgöngum. Þar sem heimahagar eru víðlendir skulu smalanir þessar fara fram undir umsjón manns sem hún skipar. Allan óskilafénað sem kemur fyrir skal fara með samkvæmt fyrirmælum fjallskilastjórnar. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá ákvæðum 21. og 22. gr. þar sem fé gengur í afgirtum heimahögum eða eyjum.

23. gr.

Fjallskilastjórn skal sjá um að eftir réttir á haustin séu allir heimahagar rækilega smalaðir svo oft er hún telur nauðsynlegt og að fénu verði komið áfram eftir þeim leiðum er hún ákveður.

Þeir sem þurfa að smala víðáttumikla heimahaga eiga rétt á að þau gangnaskil séu metin til fjallskila í fjallskilabréfi.

V. KAFLI
Göngur og réttir.

24. gr.

Sé talin þörf á skulu fjárleitir á öræfum ákveðnar og kostaðar af bæjarstjórn. Heimilt er bæjarstjórn að ákveða að fé sem finnst við öræfaleit skuli lógað sama haust.

25. gr.

Réttir í Austur-Skaftafellssýslu eru sem hér segir:

Aðalréttir	*Aukaréttir*
Hvammsrétt	Setbergsrétt
Meðalfellsrétt	

Bæjarstjórn ákveður hvenær skuli smala til hverrar réttar og hvaða leitarsvæði skuli gengin til hverrar réttar. Skal það tilkynnt hverju sinni í fjallskilabréfi. Fjallskilabréf skal gefið út a.m.k. einni viku fyrir fyrstu smölun.

26. gr.

Fénaðareigendur eru skyldir til að kosta byggingu rétta, þ.e. almennings og dilka, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Nú verður ekki samkomulag um hvernig kostnaði við byggingu réttar skuli jafnað niður og sker þá bæjarstjórn úr. Við hverja aðalrétt skal byggður ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu byggðir nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum.

27. gr.

Fjallskilastjórn skal fela sérstökum manni eftirlit með viðhaldi rétta, dilka og nátthaga. Skal hann sjá um að rétt, dilkar og nátthagar séu í góðu lagi þegar þarf að nota þá.

28. gr.

Fjallskilastjórn skal skipa duglegan réttarstjóra við hverja rétt og má réttarstjórnin teljast með gangnaskilum. Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni og einangra þær strax og þeirra verður vart. Hann skal sjá um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sér dilk svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Frá aukarétt skulu ómerkingar ganga til aðalréttar með öðru óskilafé.

Réttarstjóri kveður menn til að skoða óskil vandlega eftir markaskrá og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrr en lokið er nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess að fé þeirra verði ekki eftir í óskilum. Réttarstjóri skal sjá til þess að allt fé sé tekið úr réttum og komið til skila.

29. gr.

Í réttum má enginn marka fénað án þess að skýra réttarstjóra frá því hvaða heimild hann hafi til mörkunarinnar.

VI. KAFLI
Hirðing fjár úr utansveitaréttum.

30. gr.

Fjallskilastjórn skal, sé þess þörf, skipa glögga og gegna menn til að fara í utansveitaréttir þar sem helst er fjárvon og þar sem fé gengur saman. Skulu þeir hirða allt fé úr sínu sveitarfélagi.

VII. KAFLI
Um meðferð óskilafénaðar.

31. gr.

Ómerkingum og óskilafé sem kemur fyrir í réttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi og sér hreppstjóri um að svo sé gert.

Öllum ómerkingum fjallskilasjóðs eða sveitarsjóðs skal lógað í sláturhúsi.

Með fé sem farið hefur yfir varnarlínur skal fara skv. 25. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Sé um óskilahross að ræða sem finnst á afréttum eða heimalöndum, skulu þau, ef enginn finnst eigandi, tilkynnt hreppstjóra. Ef þörf gerist sendir hreppstjóri lýsingar á hrossunum til sveitarstjórna nærliggjandi sveitarfélaga. Ennfremur skal hreppstjóri auglýsa óskilahrossin til sölu á uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

Að öðru leyti gilda reglur um lausafjáruppboð um sölu hrossanna. Skylt er landráðanda þar sem hrossin finnast að annast þau til söludags en rétt á hann á hæfilegu endurgjaldi fyrir.

32. gr.

Fyrir árslok skal sýslumaður birta í Lögbirtingablaði greinilega lýsingu á öllum óskilafénaði sem seldur hefur verið í sýslunni. Í ómakslaun og prentunarkostnað greiðist hæfilegt gjald.

33. gr.

Af andvirði óskilafénaðar greiðist:

1. Gæslukostnaður
2. Sölukostnaður (sölulaun og vottalaun)
3. Auglýsingakostnaður
4. Fundarlaun og björgunarlaun

Að öðru leyti greiðist andvirði fjárins til eigenda ef þeir sanna eignarrétt sinn fyrir septemberlok næst á eftir. Annars rennur andvirðið í fjallskilasjóð.

VIII. KAFLI
Um eftirleit einstakra manna.

34. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið má sveitarstjórn leyfa einstökum mönnum eftirleitir á afréttum, annaðhvort fyrir ákveðna greiðslu eða á kostnað leitarmanns sjálfs. Fundarlaun fyrir fé sem finnst í slíkri eftirleit má vera helmingur af verði fjárins.

35. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða það fé er finnst í heimahögum hans eftir að almennum smölunum er lokið og tilkynna fjáreigendum.

IX. KAFLI
Um sveltistökur.

36. gr.

Verði gangnamenn eða aðrir varir við fé í ógöngum eða svelti, skal tilkynna það strax fjallskilastjórn eða eiganda lands. Síðan skal svo fljótt sem unnt er gerð tilraun til að handsama féð og færa til skila sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem féð er teppt, sbr. 57. gr. laga nr. 6/1986. Heimilt er fjallskilastjórn að krefja eiganda fjárins um kostnað við sveltistöku, þó ekki meiri en andvirði fjárins nemur.

Sé mjög erfitt að ná fé úr svelti að mati fjallskilastjórnar, er henni skylt að láta skjóta það, ef unnt er.

X. KAFLI
Um mörk og markaskrár.

37. gr.

Búfjármörk eru örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk.

Skyldur er hver fjáreigandi að hafa glöggt eyrnamark á öllu fé sínu. Sé eyrnamark óskýrt skal hyrnt fé brennimerkt á hægra horni marki fjáreiganda, en kollótt fé sama marki með plötumerki í hægra eyra.

38. gr.

Allt sauðfé, veturgamalt og eldra, skal brennimerkja með merki fjallskiladeildar í vinstra horn eða merkja með sama merki á plötu í vinstra eyra.

Merki fjallskiladeilda í Austur-Skaftafellssýslu eru sem hér segir:

Lón	Z-1
Nes	Z-2
Höfn	Z-3
Mýrar	Z-4
Suðursveit	Z-5
Öræfi	Z-6

39. gr.

Fjármörk geta menn erft, keypt eða eignast að gjöf. Heimilt er að taka upp nýtt mark en enginn má taka upp mark er líkist svo mörkum sem fyrir eru í markaskrá sýslunnar eða nærliggjandi sýslna að hætta sé á misdrætti. Mikil særingarmörk má ekki taka upp né heldur þau mörk sem vandkvæði er á að marka svo glöggt sé. Fleiri en tvö undirben má ekki hafa saman á sama eyra.

40. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind sem mark ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi.

Óheimilt er manni að draga sér kind sem ekki ber hans rétta mark, hversu lítið sem umfram er eða á vantar.

Ef kind er með brennimarki annars manns en þess er á eyrnamarkið skal sá talinn eigandi sem á brennimarkið. Sönnur skal eigandi brennimarks færa fyrir eignarrétti sínum ef eigandi eyrnamarks krefst þess.

Nú vill maður eigna sér kind ómarkaða, afeyrða eða með óþekkjanlegu eða vafasömu marki og skal þá bæjarstjórn kveða til tvo óvilhalla menn til að meta með sér ástæður þær sem hlutaðeigandi hefur máli sínu til stuðnings. Komi þeim öllum saman um að mestar líkur séu til að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign, annars telst hún til óskila. Við sönnun á eign á búpeningi er örmerki rétthæst, þar næst frostmerki, síðan brennimark, þá plötumerki og síðast eyrnamark.

41. gr.

Bæjarstjórn skal láta prenta markaskrá áttunda hvert ár. Bæjarstjórn felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð markaskrár. Hann sér einnig um birtingu nýrra marka í Lögbirtingablaði. Markavörður safnar mörkum í markaskrár með aðstoð fjallskilastjórna. Sérhver markeigandi er skyldur til að láta birta mörk sín í markaskrá og greiða gjald fyrir sem bæjarstjórn ákveður.

Markavörður skal gæta þess að ekki séu tekin upp ný mörk sem notuð eru í héruðum þar sem búast má við samgangi sauðfjár, sbr. reglugerð um búfjármörk o.fl. nr. 200/1998, gr. 12.3.14. varðandi sammerkingar á sauðfé.

Nú vill einhver taka upp nýtt mark eða nota aðflutt mark milli þess sem markaskrár eru gefnar út, skal hann fá til þess samþykki markavarðar sem síðan auglýsir markið í Lögbirtingablaði.

Enginn má nota mark nema það sé birt í markaskrá eða tilkynnt í Lögbirtingablaði. Þeir sem taka upp ný mörk milli þess sem markaskrá er prentuð skulu greiða kostnað við tilkynningu þess. Sama gildir um aðflutt mörk.

Markavörður skal fá þóknun fyrir starf sitt eftir samningi af tekjum þeim sem falla til við prentun markaskrár. Markaskrána skal prenta í það mörgum eintökum að allir markeigendur geti fengið eintak og að auki nokkur til vara.

XI. KAFLI
Um rekstur og flutning búfjár.

42. gr.

Svo skal rekstrum haga að sem minnstur bagi verði þeim sem lönd eiga sem um er rekið eða í er áð. Varast skal að rekstrar lendi saman við annað fé.

Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja nema brýn nauðsyn sé. Eigi má leggja upp með rekstur fyrr en sauðljóst er orðið.

43. gr.

Óheimilt er að reka hóp búfjár á vegum og í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til. Heimilt er lögreglustjóra að loka vegum um skemmri tíma fyrir annarri umferð en fjárrekstrum.

Utan þéttbýlis má reka búfjárhópa eftir vegum en fylgja skulu hverjum rekstri nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar á vegum skal einn gæslumanna fara fyrir hópnum. Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum ef þess gerist þörf.

XII. KAFLI
Um meðferð og hirðingu búfjár og ágang.

44. gr.

Alltaf skal leitast við að fara svo vel með búfé sem unnt er. Eigi má svelta fé við réttir, í rekstrum, í sláturhúsum eða annars staðar, frekar en unnt er.

Fé sem hýst er í sláturhúsum næturlangt skal hafa aðgang að vatni.

45. gr.

Bannað er að hundbeita fénað í reksti eða smölun að óþörfu. Ekki má heldur misþyrma búfénaði á nokkurn annan hátt. Valdi hundar tjóni á búfé er eiganda þeirra skylt að bæta það að fullu.

46. gr.

Ef búfé annarra veldur óeðlilega miklum ágangi er eigandi þess skyldur að sækja það þá honum hefur verið tilkynnt um það. Ágangsfénaði skal eigandi koma fyrir í vörslu eða á afrétti.

Ágangsþoli getur skotið máli sínu til bæjarstjórnar skv. 31. og 34. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sinni fjáreigandi ekki ósk hans um að koma í veg fyrir ágang.

Sá sem tekur fé í vörslu sína má ekki fara illa með það á nokkurn hátt. Hann skal sjá um að nægilegt fóður og vatn sé fært fénu.

47. gr.

Kinda sem fara fullgildar girðingar, að dómi úttektarmanna, skulu eigendur gæta svo og stórgripa sem brjóta hlið og girðingar.

Geri þeir það ekki má bæjarstjórn taka ágangspening og selja fyrir kostnaði og uslagjöldum.

XIII. KAFLI

Refisákvæði og gildistaka.

48. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hornafjarðar hefur fjallað um og afgreitt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Skaftafellssýslu, nr. 484, 30. ágúst 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. september 2000 skal bæjarstjórn Hornafjarðar endurskoða fjallskilasamþykkt þessa. Við þá endurskoðun skal í 25. gr. samþykktarinnar tilgreina a.m.k. eina aðalrétt í hverri fjallskiladeild innan sveitarfélagsins.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. september 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 602 6. september 1999

REGLUR

um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um varasöm efni og vörutegundir sem nota á við atvinnurekstur sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með varasömum efnum og vörutegundum er átt við eftirfarandi efni og vörutegundir:

a) Efni sem flokkuð eru samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, ásamt síðari breytingum, um eiturefni eða hættuleg efni og vörutegundir sem innihalda slík efni.
b) Efni sem eru á skrá í reglum nr. 154/1999 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.
c) Eiturefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og til útrýmingar meindýra, samkvæmt reglugerð nr. 50/1984.
d) Sprengiefni er falla undir gildandi reglugerð um sprengiefni.
e) Efni og vörutegundir sem vegna efna- eða eðlisfræðilegra eiginleika geta að mati Vinnueftirlits ríkisins valdið heilsutjóni eða skapað slysahættu við notkun á vinnustöðum.

Ákvæði þessara reglna gilda ekki um efni sem falla undir vopnalög nr. 16/1998 nema hvað varðar sprengiefni, sbr. d-lið 2. mgr. þessarar greinar, lyfjalög nr. 93/1994 og lög nr. 117/1985 um geislavarnir, nema hvað varðar aðra varasama eiginleika en geislavirkni.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Sá sem afhendir varasöm efni eða vörutegundir sem falla undir reglur þessar, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi, seljandi eða dreifingaraðili, skal sjá viðtakanda fyrir öryggisleiðbeiningum með upplýsingum sem greinir í 3. gr.

Öryggisleiðbeiningar skulu vera á íslensku.

Öryggisleiðbeiningar skulu afhentar viðtakanda honum að kostnaðarlausu.

Við endurskoðun á öryggisleiðbeiningum skulu allir þeir sem fengið hafa viðkomandi efni eða vörutegund á síðustu 12 mánuðum fá nýjar öryggisleiðbeiningar sér að kostnaðarlausu óski þeir eftir því.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar á ekki við ef um er að ræða sölu í verslunum sem almenningur á aðgang að, nema nota eigi efni eða vörutegund við atvinnurekstur og viðkomandi fari fram á að fá öryggisleiðbeiningar.

Öryggisleiðbeiningar skulu fylgja með efnum og vörutegundum þegar viðtakandi tekur á móti þeim í fyrsta skipti og þegar breytingar hafa verið gerðar á þeim vegna nýrra upplýsinga um öryggi er varðar heilsu starfsmanna og verndun umhverfis. Þegar öryggisleiðbeiningum hefur verið breytt skal koma fram á þeim að um endurskoðaða útgáfu sé að ræða.

Þeir sem nota efni eða vörutegundir við atvinnurekstur skulu sjá til þess að öryggisleiðbeiningar séu til staðar á notkunarstað. Þeir skulu óska eftir að fá öryggisleiðbeiningar við móttöku efna eða vörutegunda þegar þess er þörf.

Ekki er skylt að láta öryggisleiðbeiningar fylgja með efnum og vörutegundum við afhendingu til almenningsnota enda séu umbúðir merktar samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, með síðari breytingum. Öryggisleiðbeiningar skal ávallt afhenda ef farið er fram á það og nota á efni eða vörutegund við atvinnurekstur.

3. gr.

Upplýsingar í öryggisleiðbeiningum.

Öryggisleiðbeiningar sem um getur í 2. gr. skulu innihalda upplýsingar í samræmi við viðauka I um eftirfarandi efnisþætti með þessum fyrirsögnum:

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.
2. Samsetning/upplýsingar um innihald.
3. Varúðarupplýsingar.
4. Skyndihjálp.
5. Bruni/aðferðir við að slökkva eld.
6. Efnaleki.
7. Meðhöndlun og geymsla.
8. Eftirlit með mengun/persónulegur hlífðarbúnaður.
9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.
10. Stöðuleiki og hvarfgirni.
11. Eiturfræðilegar upplýsingar.
12. Hættur gagnvart umhverfinu.
13. Förgun.

14. Flutningur.
15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.
16. Aðrar upplýsingar.

Framleiðanda, innflytjanda eða seljanda er skylt að veita viðtakanda efna og vörutegunda upplýsingar um þá efnisþætti sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í formi öryggisleiðbeininga.

Öryggisleiðbeiningar skal dagsetja.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ákvæði 12. liðar í viðauka I eru sett að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið með stoð í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 10. tl. XV. kafla. II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun nr. 91/155/EBE og eins og henni var breytt með tilskipun nr. 93/112/EBE. Reglur þessar eru hér með staðfestar til að öðlast gildi við birtingu. Um leið falla úr gildi reglur nr. 498/1996 um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. september 1999.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Elín Blöndal.

VIÐAUKI I

Leiðbeiningar við gerð öryggisleiðbeininga.

Eftirfarandi útskýringar eru leiðbeinandi. Þær eiga að tryggja að upplýsingar undir sérhverri fyrirsögn 3. gr. reglnanna geri notendum varasamra efna eða vara sem innihalda slík efni kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir með tilliti til öryggis og hollustuhátta á vinnustöðum og verndun umhverfis.

Upplýsingar skulu vera á íslensku og á aðgengilegu og skýru máli.

Í ljósi þess að efni eða vörur geta haft margs konar eiginleika getur verið þörf á enn frekari upplýsingum en hér er fjallað um. Ef upplýsingar um vissa eiginleika eiga ekki við eða það er tæknilega ómögulegt að gefa ákveðnar upplýsingar skal geta ástæðnanna fyrir því.

Æskilegt er að röðun yfirskriftanna sem tilteknar eru í 3 gr. reglnanna sé fylgt.

Þegar breytingar hafa verið gerðar á öryggisleiðbeiningum skal athygli viðtakanda vakin á þeim.

1. Söluheiti efnis eða vöru. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

1.1. Söluheiti efnis eða vöru skal vera það sama og notað er á umbúðum þeirra.

1.2. Gefa skal upp nafn og heimilisfang þess íslenska aðila sem ber ábyrgð á markaðssetningu efnis eða vöru, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi eða seljandi. Heimilisfangið verður að vera fullnægjandi ásamt símanúmeri viðkomandi.

1.3. Við fyrrgreindar upplýsingar skal bæta símanúmeri sem nota má í neyðartilvikum.

2. *Samsetning/upplýsingar um innihald.*
Upplýsingarnar eiga að gefa móttakandanum möguleika á að geta á skjótan hátt fundið út hvaða hættur fylgja notkun efnis eða vöru.
Gefa skal upp öll eiturefni og hættuleg efni ef þau eru í svo miklum styrk að taka skuli tillit til þeirra við hættuflokkun vörunnar samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, með síðari breytingum.
Gefa skal upp öll efni af skrá í viðauka I í reglum nr. 154/1999 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, ef styrkur þeirra er yfir 0,1%.
Geta skal þeirrar hættuflokkunar þ.e. hættuflokks, hættusetningar og varnaðarsetningar sem varan hefur fengið samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

3. *Varúðarupplýsingar.*
Gera skal grein fyrir í stuttu en skýru máli helstu hættum við efni eða vöru og sömuleiðis helstu hættum fyrir menn og umhverfið.
Lýsa skal helstu skaðlegu áhrifum og einkennum sem efni eða vara getur haft á heilsu fólks við notkun og einnig við hugsanlega misnotkun.
Upplýsingarnar skulu vera í samræmi við upplýsingar á umbúðum en þurfa ekki að vera endurtekning á þeim.

4. *Skyndihjálp.*
Brýnt er að geta þess hvort þörf er á læknisaðstoð þegar í stað ef óhapp verður.
Upplýsingar um skyndihjálp skulu vera stuttar og auðskiljanlegar fyrir þann sem hefur skaðast og þá sem veita skyndihjálp. Geta skal stuttlega um einkenni og áhrif. Í upplýsingunum skal koma fram hvað gera skuli á staðnum ef óhapp verður og einnig ef búast má við síðkomnum áhrifum.
Skipta skal upplýsingunum í undirflokka eftir því hvernig efni eða vara kemst í snertingu við fólk, þ.e. innöndun, snertingu við húð og augu og inntöku. Geta skal þess hvenær þörf er á eða ráðlegt að leita til læknis.
Stundum er nauðsynlegt að til staðar sé á vinnustöðum sérstakur búnaður eða efni, s.s. lyf, vegna sérstakrar skjótrar meðferðar við óhapp. Ef notkun efnis krefst þess ber að geta þess sérstaklega.

5. *Bruni/aðgerðir við að slökkva eld.*
Geta þarf þess hvaða viðbrögð eru æskileg/nauðsynleg ef kviknar í efni eða vöru eða ef eldur er laus í nágrenni.
Gefa skal upp:
- viðeigandi slökkviefni,
- slökkviefni sem af öryggisástæðum ekki má nota,
- hættur sem stafa frá efnum sem myndast við brunann,
- sérstakan persónulegan hlífðarbúnað sem nota skal við slökkvistörf.

6. *Efnaleki.*
Nauðsynlegt getur verið að gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði, allt eftir því um hvaða efni eða vöru er að ræða:
- Öryggisráðstafanir til verndar fólki:
fjarlægja íkveikjuvalda, nægileg loftræsting/öndunargrímur, eftirlit með ryki, ráðstafanir til að fyrirbyggja snertingu við húð og augu o.fl.
- Öryggisráðstafanir til verndar umhverfi:
að hindra að efni eða vara berist í niðurfall, yfirborðs- eða grunnvatn eða jörðu, hugsanlega er þörf á að aðvara nágranna o.fl.

- Aðferðir við hreinsun:
  notkun á ísogsefnum (t.d. sandi, kísilgúr, sýrubindiefni, alhliða bindiefni, sagi o.s.frv.), takmörkun á gas-/reykmyndun með hjálp vatns, þynning o.fl.

Gæta skal að þörf á notkun reglna eins og t.d.: Notið aldrei .....; Hlutleysist með .....

Vísa ber í 8. og 13. tl. þegar það á við.

7. *Meðhöndlun og geymsla.*

7.1. Meðhöndlun.

Gefa skal upp öruggar meðhöndlunarreglur þar með taldar tillögur að tæknibúnaði svo sem almenna og sérstaka loftræstingu, aðgerðir til að hindra úða- og rykmyndun og til að koma í veg fyrir bruna og sérstakar kröfur eða reglur um efni eða vöru (t.d. um búnað sem er bannaður eða ráðlagður).

7.2. Geymsla.

Gefa skal upp hvað teljast öruggar geymsluaðstæður, t.d. ef þörf er á sérstakri hönnun húsnæðis (t.d. með tilliti til loftræstingar), hvaða efni eða vörur megi ekki geyma með hlutaðeigandi efni eða vöru, geymsluaðstæður (hita- og rakastig o.s.frv.), sérstakan rafbúnað og ef koma þarf í veg fyrir stöðurafmagn.

Þegar það á við skal gefa upp hámarksmagn sem má hafa í geymslu.

Veita skal upplýsingar um kröfur, ef nokkrar, um það efni sem nota má í umbúðir um hlutaðeigandi/viðkomandi efni eða vöru.

8. *Eftirlit með mengun/persónuhlífar.*

Með eftirliti með mengun er átt við m.a. allar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem grípa skal til við notkun efnis eða vöru til að draga úr þeirri mengun sem starfsmenn geta orðið fyrir.

Grípa skal til tæknilegra aðgerða áður en þörf verður á persónuhlífum. Gefa skal upp hentugan búnað, t.d. lokað kerfi og aðstæður, til viðbótar því sem fjallað er um undir lið 7.1.

Gefa skal upp mengunarmörk, þar með talin líffræðileg mengunarmörk, með tilvísunum. Veita skal upplýsingar um heppilegar aðferðir til að mæla eða meta hvort mengun sé undir eða yfir mörkum.

Ofantaldar leiðbeiningar og mörk skulu vera í samræmi við reglur nr. 154/1999 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Ef þörf er á persónuhlífum skal veita upplýsingar um hvers konar búnaður er nauðsynlegur eða æskilegur.

- Öndunargrímur.
  Ef um er að ræða varasamar lofttegundir, úða eða ryk skal íhuga hvers konar búnaður er heppilegur, t.d. ferskloftsgríma eða gríma með viðeigandi síu.
- Til hlífðar höndum.
  Gefa skal upp hvers konar hanskaefni skal nota við meðhöndlun á efni eða vöru. Ef nauðsyn krefur skal gefa upplýsingar um annan búnað eða ráð til að verja húð og hendur.
- Til hlífðar augum.
  Gefa skal upp hvers konar hlífðarbúnaður er nauðsynlegur eða heppilegur, t.d. hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
- Til hlífðar húð.
  Ef þörf er á að hlífa öðrum líkamshlutum en höndum skal veita upplýsingar um gerð persónuhlífa, t.d. hlífðarsvuntu, stígvél o.s.frv. Ef nauðsyn krefur skal gefa upp sérstakar hreinlætisráðstafanir og nauðsynlega hreinlætisaðstöðu.

Vísa skal til viðkomandi CEN staðla eftir því sem við á.

9. *Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.*
Þessi hluti skal fjalla um eftirfarandi þætti eftir því sem við á:

Útlit:	Gefa skal upp á hvaða formi efni eða vara er (fast, fljótandi, loftkennt) og lit efnis eða vöru við afhendingu.
Lykt:	Ef efni eða vara hefur lykt skal lýsa henni í stuttu máli.
Sýrustig (pH):	Gefa skal upp pH-gildi efnis eða vörunnar eins og það er þegar efnið eða varan er sett á markað eða á vatnslausn efnis eða vöru. Í síðara tilvikinu skal gefa upp styrkinn.
Suðumark/suðumarksbil	
Bræðslumark/bræðslumarksbil	
Blossamark/logamark	
Íkveikjumark	
Hætta á sjálftendrun	
Sprengimörk	
Eldnærandi eiginleikar	
Gufuþrýstingur	
Eðlisþyngd	
Leysanleiki:	- Vatnsleysanleiki - Fituleysanleiki (gefa skal upp leysiefnið)
Deilistuðull:	n-oktanól/vatn
Aðrar upplýsingar:	Hér skal gefa upplýsingar sem skipta máli með tilliti til öryggis eins og t.d. eðlismassa gufu, blöndunareiginleika, uppgufunarhraða, leiðni, seigju o.s.frv.

Vísað er til prófunaraðferða hvað varðar framangreinda eiginleika, sbr. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

10. *Stöðugleiki og hvarfgirni.*
Hér skal veita upplýsingar um stöðugleika efnis eða vöru og möguleika á hættulegum efnahvörfum undir vissum kringumstæðum.
Aðstæður sem skal forðast:
Gefa skal upp aðstæður, t.d. hitastig, þrýsting, lýsingu, stuð sem geta komið af stað hættulegu hvarfi og gefa jafnframt stutta lýsingu á því ef þess er nokkur kostur.
Efni sem skal varast:
Gefa skal upp efni, t.d. vatn, loft, sýrur, basa, oxandi efni eða önnur efni sem geta komið af stað hættulegu hvarfi og lýsa því ef þess er nokkur kostur.
Varasöm niðurbrotsefni:
Gefa skal upp þau varasömu efni sem myndast í hættulega miklu magni við niðurbrot.
Einkum skal tiltaka:
- nauðsyn á sérstöku efni til að auka stöðugleikann og hvort þau eru fyrir hendi,
- möguleikann á hættulegu útvörmu hvarfi,
- öryggissjónarmið sem taka verður mið af vegna breytinga á eðlisfræðilegu formi efnis eða vöru,
- varasöm niðurbrotsefni sem geta myndast við snertingu við vatn,
- möguleikann á niðurbroti í óstöðug efni.

11. *Eiturfræðilegar upplýsingar.*
Þessi hluti fjallar um þörfina á stuttri en fullnægjandi og auðskiljanlegri lýsingu á hinum mismunandi eituráhrifum (heilsufarsáhrifum) sem notandi getur orðið fyrir komist efni eða vara í snertingu við hann.

Veita skal upplýsingar um hættuleg áhrif á heilsuna af völdum efnis eða vöru sem byggðar eru á bæði reynslu og ályktunum út frá vísindalegum rannsóknum. Lýsingin skal innihalda upplýsingar um með hvaða hætti efni eða vara getur haft skaðleg áhrif (innöndun, inntaka, snerting við húð og augu), ásamt lýsingu á einkennum sem eru af eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegum toga. Einnig skal veita upplýsingar um þekkt bráð og síðkomin áhrif og þá einnig langtímaáhrif vegna bæði skammvinnrar og langtíma mengunar, t.d. ofnæmi, krabbamein, stökkbreytingar, áhrif á æxlun, þar á meðal fósturskemmdir sem og svæfingar- og deyfiáhrif.

Með tilliti til þeirra upplýsinga sem fram koma samkvæmt grein 2 um *samsetningu/upplýsingar um innihald* getur verið nauðsynlegt að veita upplýsingar um áhrif einstakra efna á heilsuna.

12. *Hættur gagnvart umhverfi.*

Veita skal upplýsingar um hugsanleg áhrif, virkni og afdrif efnis eða efnavöru og notkun sem hægt er að sjá fyrir með góðu móti. Útvega skal sambærilegar upplýsingar um hættulegar afurðir sem verða til við niðurbrot efna og efnavara.

Dæmi um vistfræðilegar upplýsingar sem máli skipta eru taldar upp hér á eftir:

hreyfanleiki:	- þekkt eða fyrirsjáanleg dreifing efnis til umhverfisþátta
	- yfirborðsspenna
	- ísog/afsog
	- aðrir eðlisefnafræðilegir eiginleikar, sjá 9. lið
niðurbrotshæfni:	- lífrænt og ólífrænt niðurbrot
	- niðurbrot með og án súrefnis
	- þrávirkni
hugsanleg uppsöfnun:	- hugsanleg uppsöfnun í lífverum
	- lífmögnun

skamm- og langtíma áhrif varðandi:

umhverfiseituráhrif:	- vatnalífverur
	- jarðvegslífverur
	- landplöntur og -dýr
önnur skaðleg áhrif:	- hugsanleg ósoneyðing
	- hugsanleg ljósefnafræðileg ósonmyndun
	- hugsanleg hækkun hitastigs á jörðinni
	- áhrif á skólphreinsunarstöðvar

Athugasemdir.

Tryggja skal að upplýsingar sem máli skipta fyrir umhverfið séu einnig tilgreindar í öðrum liðum öryggisleiðbeininganna, einkum ráð varðandi losun undir eftirliti, ráðstafanir vegna losunar af slysni og hvað varðar förgun í 6., 7., 13., og 15. lið.

Með fyrirvara um viðmið vegna mats á umhverfisáhrifum efnavöru skal veita framangreindar upplýsingar um efni sem eru í efnavöru og hægt er að flokka sem hættuleg umhverfinu.

13. *Förgun.*

Ef förgun á efni eða vöru (umframmagn eða úrgangur vegna fyrirsjáanlegrar notkunar) skapar hættu skal gefa lýsingu á afgangsefnum og upplýsingar um örugga meðferð.

Gefa skal upp viðeigandi aðferðir við förgun bæði á efni eða vöru og menguðum ílátum (brennsla, endurvinnsla, urðun o.s.frv.).

Athugasemd: Vísa skal til gildandi reglugerða um förgun úrgangs.

14. *Flutningur.*

Benda skal á reglur sem notandi eða sá sem annast flutning verður að þekkja til hvort sem um er að ræða tilfærslu á vinnustað eða utan hans.

Hægt er að veita viðbótarupplýsingar úr leiðbeiningum Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðasamþykktum um flutning og umbúðir um varasöm efni og vörur.

15. *Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnis eða vöru.*
Endurtaka skal þær upplýsingar sem eru á umbúðum vegna ákvæða í reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.
Ef sérstök ákvæði (t.d. takmarkanir á notkun) gilda um efni eða vöru skal geta þess undir þessum lið.

16. *Aðrar upplýsingar.*
Veita skal aðrar upplýsingar sem skipt geta máli fyrir öryggi og heilsu og verndun umhverfis, eins og t.d.:
- ráðleggingar um menntun/þjálfun,
- ráð um notkun eða takmarkanir á notkun,
- ítarlegri upplýsingar (skriflegur heimildarlisti og/eða tæknilegur upplýsingaraðili),
- heimildir og annað hliðsjónarefni við gerð öryggisleiðbeininga.

Hér skal dagsetning öryggisleiðbeininga einnig koma fram sé hennar ekki getið annars staðar í þeim.

3. september 1999 Nr. 603

AUGLÝSING

um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla hefur menntamálaráðherra gefið út skrá um viðurkenndar prófgráður á háskólastigi og inntak þeirra, sem birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 3. september 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

Skrá um viðurkenndar prófgráður á háskólastigi og inntak þeirra.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Nám til fyrstu háskólagráðu:
cand.theol. próf í guðfræði til embættisprófs. 5 ár til 150 eininga.
B.A. próf í guðfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.A. próf í djáknanámi. 3 ár til 90 eininga.
cand.med. et chir. próf í læknisfræði. 6 ára nám.
B.S. próf í læknisfræði. 1 ár á milli 3 og 4 árs í læknisfræði.
cand.pharm. í lyfjafræði lyfsala. 5 ár til 150 eininga.
B.S. próf í hjúkrunarfræði. 4 ár til 120 eininga.
B.S próf í sjúkraþjálfun. 4 ár til 120 eininga.
cand.juris. próf í lögfræði. 5 ár til 150 eininga.

cand.oecon. próf í viðskiptafræði. 4 ár til 120 eininga.
B.S. próf í viðskiptafræði. 3 ár til 90 eininga.
B.A. econ. próf í hagfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. econ. próf í hagfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.A. próf í almennri bókmenntafræði. 3 ár til 93 eininga.
B.A. próf í almennum málvísindum. 3 ár til 93 eininga.
B.A. próf í dönsku. 3 ár til 93 eininga.
B.A. próf í ensku. 3 ár til 93 eininga.
B.A. próf í finnsku. 2 ár til 60 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
B.A. próf í frönsku. 3 ár til 93 eininga.
B.A. próf í grísku. 2 ár til 60 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
B.A. próf í heimspeki. 3 ár til 93 eininga.
B.A. próf í íslensku. 3 ár til 93 eininga.
B.A. próf í ítölsku. 1 ár til 30 eininga. Aukagrein.
B.A. próf í latínu. 2 ár til 60 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
B.A. próf í norsku. 2 ár til 60 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
B.A. próf í rússnesku. 2 ár til 60 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
B.A. próf í sagnfræði. 3 ár til 93 eininga.
B.A. próf í spænsku. 2 ár til 60 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
B.A. próf í sænsku. 2 ár til 60 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
B.A. próf í þýsku. 3 ár til 93 eininga.
B.A. próf í kynjafræði. 1 ár til 30 eininga. Aukagrein (sameiginlegt með félagsvísindadeild).
B.Ph.Isl. próf í íslensku fyrir erlenda stúdenta. 3 ár til 90 eininga.
cand.odont. próf til tannlækninga. 6 ára nám.
B.S. próf í umhverfis- og byggingarverkfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í véla- og iðnaðarverkfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í rafmagns- og tölvuverkfræði. 3 ár til 90 eininga.
cand.scient. próf í umhverfis- og byggingarverkfræði. 4 ár til 120 eininga.
cand.scient. próf í véla- og iðnaðarverkfræði. 4 ár til 120 eininga.
cand.scient. próf í rafmagns- og tölvuverkfræði. 4 ár til 120 eininga.
B.S. próf í stærðfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í eðlisfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í jarðeðlisfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í efnafræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í lífefnafræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í líffræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í jarðfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í landafræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í tölvunarfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í matvælafræði. 3 ár til 90 eininga.
B.A. próf í bókasafns- og upplýsingafræði. 3. ár til 90 eininga.
B.A. próf í félagsfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.A. próf í mannfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.A. próf í sálarfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.A. próf í stjórnmálafræði. 3 ár til 90 eininga.
B.A. próf í uppeldis- og menntunarfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.A. próf í þjóðfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.A. próf í kynjafræði. 1 ár til 30 eininga. Aukagrein (sameiginlegt með heimspekideild).

Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:
M.A. próf í guðfræði. 1-2 ár til 30 eða 60 eininga.
M.S. próf í heilbrigðisvísindum. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í hjúkrunarfræði. 2 ár til 60 eininga.
cand.obst. próf í ljósmóðurfræði til embættisprófs. 2 ár til 36 eininga.
M.S. econ. próf í hagfræði. 1,5 ár til 45 eininga.
M.S. próf í viðskiptafræði. 1,5 ár til 45 eininga.
M.S. próf í sjávarútvegsfræðum. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í umhverfisfræðum. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í almennri bókmenntafræði. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í dönsku. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í ensku. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í heimspeki. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í íslenskum bókmenntum. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í íslenskri málfræði. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í íslenskum fræðum. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í sagnfræði. 2 ár til 60 eininga.
M.paed. próf í íslensku. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í byggingarverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.
M.S. próf í umhverfisverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.
M.S. próf í vélaverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.
M.S. próf í iðnaðarverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.
M.S. próf í rafmagnsverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.
M.S. próf í tölvuverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.
M.S. próf í sjávarútvegsfræðum. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.
M.S. próf í umhverfisfræðum. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.
M.S. próf í byggingarverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.
M.S. próf í umhverfisverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.
M.S. próf í vélaverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.
M.S. próf í iðnaðarverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.
M.S. próf í rafmagnsverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.
M.S. próf í tölvuverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.
M.S. próf í sjávarútvegsfræðum. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.
M.S. próf í umhverfisfræðum. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.
M.S. próf í stærðfræði. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í eðlisfræði. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í jarðeðlisfræði. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í vísindasögu. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í efnafræði. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í lífefnafræði. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í líffræði. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í jarðfræði. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í landafræði. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í tölvunarfræði. 1,5 ár til 45 eininga.
M.S. próf í matvælafræði. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í næringarfræði. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í sjávarútvegsfræðum. 2 ár til 60 eininga.
M.S. próf í umhverfisfræðum. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í bókasafns- og upplýsingafræði. 2 ár til 60 eininga.

M.A. próf í félagsfræði. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í mannfræði. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í sálarfræði. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í stjórnmálafræði. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í uppeldisfræði; tvær brautir. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í sjávarútvegsfræðum. 2 ár til 60 eininga.
M.A. próf í umhverfisfræðum. 2 ár til 60 eininga.

Starfsmiðað nám (Diploma/Certificate) eftir fyrstu háskólagráðu:
Djáknanám. Viðbótarnám. 1,5 ár til 30 eininga.
Hagnýt fjölmiðlun. Viðbótarnám. 1 ár til 32 eininga.
Félagsráðgjöf. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.
Kennslufræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga til kennararéttinda.
Bókasafnsfræði. Viðbótarnám. 2 ár til starfsréttinda sem bókasafnsfræðingur.
Nám fyrir skólasafnverði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.
Námsráðgjöf. Viðbótarnám. 1 ár til 34 eininga.
Stærðfræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.
Eðlisfræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.
Jarðeðlisfræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.
Efnafræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.
Lífefnafræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.
Líffræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.
Jarðfræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.
Landafræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.
Matvælafræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Framhaldsnám til þriðju háskólagráðu:
Ph.D. próf (doktorspróf) í læknisfræði. 5 ára nám.
Ph.D. próf (doktorspróf) í lyfjafræði. 5 ára nám.
dr.phil. próf (doktorspróf) í íslenskum bókmenntum. 2 til 3 ár.
dr.phil. próf (doktorspróf) í íslenskri málfræði. 2 til 3 ár.
dr.phil. próf (doktorspróf) í sagnfræði. 2 til 3 ár.
dr.scient.ing. (doktorspróf) í verkfræði. 3 ár til 150 eininga eftir M.S. próf.
Ph.D. (doktorspróf) í raunvísindum. 3 til 4 ár til 90 -120 eininga eftir B.S. eða M.S. próf.

Sjálfstætt grunnnám og/eða undirbúningsnám (Diploma/Certificate):
Eðlisverkfræði. 2 ár til 60 eininga.
Efnaverkfræði. 2 ár til 60 eininga.
Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja - veiðar og vinnsla. 1,5 ár til 45 eininga.
Ferðamálafræði. 1,5 ár til 45 eininga.
Rekstur fyrirtækja og tölvunotkun. 1,5 ár til 46 eininga.
Viðskiptatungumálanám. 1,5 ár til 45 eininga.
Markaðs- og útflutningsfræði. 1,5 ár til 45 eininga.
Rekstrarstjórnun. 1,5 ár til 45 eininga.
Hagfræði. 1,5 ár til 45 eininga.
Hagnýtt íslenskunám. 1,5 ár til 45 eininga.
Hagnýtt dönskunám fyrir atvinnulífið. 1,5 ár til 45 eininga.
Hagnýtt frönskunám fyrir atvinnulífið. 1,5 ár til 45 eininga.
Hagnýtt spænskunám fyrir atvinnulífið. 1,5 ár til 45 eininga.
Hagnýtt þýskunám fyrir atvinnulífið. 1,5 ár til 45 eininga.

Hagnýtt enskunám fyrir atvinnulífið. 1,5 ár til 45 eininga.
Þýðingar. 1,5 ár til 45 eininga.

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS

Nám til fyrstu háskólagráðu:
B.Ed. próf almennt kennaranám. 3 ár til 90 eininga.
B.Ed. próf íþróttakennaranám. 3 ár til 90 eininga.
B.Ed. próf leikskólakennaranám. 3 ár til 90 eininga.
B.Ed. próf þroskaþjálfanám. 3 ár til 90 eininga.

Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:
M.Ed. próf í uppeldis- og menntunarfræðum. Fjarnám til 60 eininga.

Starfsmiðað nám (Diploma/Certificate) eftir fyrstu háskólagráðu:
Uppeldis- og kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara til kennsluréttinda. 1 - 2 ár til 15 - 30 eininga.
Sérkennslufræði: Börn og unglingar með sérþarfir. Fjarnám til 30 eininga eftir fullgilt starfsmenntunarnám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og a.m.k. tveggja ára starfsreynslu.
Stjórnun. Fjarnám til 30 eininga eftir fullgilt starfsmenntunarnám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar.
Uppeldis- og kennslufræði til 15 eininga eftir fullgilt starfsmenntunarnám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og a.m.k. tveggja ára starfsreynslu.
Íslenskukennsla. Fjarnám til 15 eininga fyrir kennara á öllum skólastigum.
Tölvu- og upplýsingatækni. Fjarnám til 15 eininga eftir fullgilt starfsmenntunarnám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og a.m.k. tveggja ára starfsreynslu.
Uppeldis- og kennslufræði. Fjarnám til 15 eininga eftir fullgilt starfsmenntunarnám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og a.m.k. tveggja ára starfsreynslu.

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Nám til fyrstu háskólagráðu:
B.S. próf í rekstrarfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í tölvu- og upplýsingafræði 3 ár til 90 eininga.
B.Ed. próf almennt kennaranám. 3 ár til 90 eininga.
B.Ed. próf leikskólakennaranám. 3 ár til 90 eininga.
B.Ed. próf fyrir starfandi leikskólakennara 1,5 ár til 20 eininga.
B.S. próf í sjávarútvegsfræðum. 4 ár til 120 eininga.
B.S. próf í matvælaframleiðslu. 4 ár til 120 eininga.
B.S. próf í hjúkrunarfræði. 4 ár til 120 eininga.
B.S. próf í iðjuþjálfun. 4 ár til 120 eininga.

Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:
M.A. próf í hjúkrunarfræði. 1 ár til 30 eininga.

Starfsmiðað nám (Diploma/Certificate) eftir háskólagráðu:
Uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda. 2 ár til 30 eininga (hálft nám).
Nám í gæðastjórnun. Viðbótarnám í 1 ár til 30 eininga.

Sjálfstætt grunnám og/eða undirbúningsnám (Diploma/Certificate):
Iðnrekstrarfræði. 2 ár til 60 eininga.

TÆKNISKÓLI ÍSLANDS

Nám til fyrstu háskólagráðu:
B.S. próf í meinatækni. 4 ár til 120 eininga.
B.S. próf í röntgentækni. 4 ár til 120 eininga.
B.S. próf í byggingatæknifræði. 3,5 ár til 105 eininga.
B.S. próf í rafmagnstæknifræði. 3,5 ár til 105 eininga.
B.S. próf í tæknifræði. 3,5 ár til 105 eininga.
B.S. próf í alþjóðamarkaðsfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í vörustjórnunarfræði. 3 ár til 90 eininga.

Sjálfstætt grunnám og/eða undirbúningsnám (Certificate/Diploma):
Rekstrarfræði. 2 ár til 60 eininga.
Byggingaiðnfræði. 1,5 ár til 45 eininga.
Rafmagnsiðnfræði. 1,5 ár til 45 eininga.
Véliðnfræði. 1,5 ár til 45 eininga.

SAMVINNUHÁSKÓLINN BIFRÖST

Nám til fyrstu háskólagráðu:
B.S. próf í rekstrarfræði, deild II. 3 ár til 90 eininga. Eftir 60 eininga undirbúningsnám.
B.S. próf í rekstrarfræði, fjarnámsdeild til 90 eininga. Eftir 60 eininga undirbúningsnám.

Sjálfstætt grunnám og/eða undirbúningsnám (Certificate/Diploma):
Rekstrarfræði I. 2 ár til 60 eininga.

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Nám til fyrstu háskólagráðu:
B.S. próf í tölvunarfræði. 3 ár til 90 eininga.
B.S. próf í viðskiptafræði. 3 ár til 90 eininga.

Sjálfstætt grunnám og/eða undirbúningsnám (Certificate/Diploma):
Tölvunarfræði. 2 ár til 60 eininga. Kerfisfræði VHR.
Viðskiptafræði. 2 ár til 60 eininga. - diplóma í viðskiptafræði.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

Nám til fyrstu háskólagráðu:
B.A. próf í myndlist. 3 ár til 90 eininga.

Framhaldsnám til annarar prófgráðu:
M.A. próf í listgrafík. 1,5 ár til 60 eininga.

* *Sjálfstætt grunnnám og/eða undirbúningsnám (Diploma/Certificate):*
Málun. 3 ár til 90 eininga.
Skúlptúr. 3 ár til 90 eininga.
Grafík. 3 ár til 90 eininga.
Fjöltækni. 3 ár til 90 eininga.
Leirlist. 3 ár til 90 eininga.
Textíll. 3 ár til 90 eininga.
Grafísk hönnun. 3 ár til 90 eininga.

* Eingöngu í boði fyrir fyrrverandi nemendur í Myndlista- og handíðaskóla Íslands sem hefja nám við Listaháskóla Íslands haustið 1999.

STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 1999

14. september 1999 1785 Nr. 604

REGLUGERÐ

um tegundir sem undanþegnar eru viðskiptum á Kvótaþingi.

1. gr.

Heimilt er að flytja aflamark í Norðuríshafsþorski, hörpudiski og innfjarðarækju milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt tillögu stjórnar Kvótaþings með stoð í 3. tl. 1. gr. laga nr. 11/1998 um Kvótaþing til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 478, 30. júlí 1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. september 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

20. september 1999 Nr. 605

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi Áslands í Hafnarfirði.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 31. ágúst 1999 var samþykkt, að fengnu umboði bæjarstjórnar, tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Áslands, 1. áfanga, sem samþykkt var í bæjarstjórn 26. janúar 1999. Breytingin felst í breytingu á byggingarreit á lóðinni nr. 3 við Blikaás og færslu stígs. Tillagan var auglýst skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. september 1999.

F. h. bæjarstjóra Hafnarfjarðar,

Halldór Árnason.

Stjórnartíðindi B 83, nr. 604–605. Útgáfudagur 20. september 1999.

B 115
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1999

20. september 1999 1786 Nr. 606

REGLUGERÐ

um lágmarksmöskvastærðir í loðnunótum.

1. gr.

Við mælingu möskvastærðar í loðnunótum skal miðað við fjölda möskva á alin, sem telst 62,7 sm. Hámarksfjöldi möskva á alin í loðnunótum sem heimilt er að nota til loðnuveiða er þessi:

1. Séu möskvar nótarinnar ferhyrndir skulu ekki vera fleiri en 32 möskvar á alin.
2. Séu möskvar nótarinnar sexhyrndir skulu ekki vera fleiri en 25 möskvar á alin. Við talningu á sexhyrndum möskvum telst einn möskvi vera möskvi að viðbættum legg að næsta möskva.

2. gr.

Þegar fjöldi möskva á alin er mældur skal möskvinn teygður horna á milli eftir lengd netsins. Reglugerð nr. 24, 15. janúar 1998 um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga gildir um mælingar á möskvum í loðnunótum, eftir því sem við á.

3. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 313, 1. júní 1994, um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. september 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 2/1999 um útgáfu húsbréfa á árinu 1999 fyrir Íbúðalánasjóð.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Samanlögð fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 1998 skal ekki vera umfram 34.207 milljónir króna á árinu 1999 miðað við reiknað markaðsvirði húsbréfanna. Þannig skal samanlögð fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta 1998 og 1999 úr 1. og 2. flokki húsbréfa 1998 ekki fara umfram 53.707 milljónir króna miðað við fyrrnefnt reiknað markaðsvirði.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 24. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. september 1999.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1999

Nr. 608 1788 27. september 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 494 12. ágúst 1998, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Við 2. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðist svo: Þrátt fyrir 1. mgr. eru veiðar með fiskibotn- og flotvörpu heimilar á svæðinu norðan 66°52'00 N og austan 21°10'00 V á tímabilinu 28. september til 31. desember 1999 að báðum dögum meðtöldum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 28. september 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. september 1999.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 85, nr. 608. Útgáfudagur 27. september 1999.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1999

10. september 1999 1789 Nr. 609

REGLUR

um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um þá krana og þann lyftibúnað sem er í notkun eða verður tekinn í notkun eftir gildistöku reglna þessara og fellur ekki undir gildandi reglur um vélar og tæknilegan búnað. Þeir kranar og sá lyftibúnaður sem reglur þessar gilda um er skilgreindur í viðauka I með reglunum.

2. gr.
Almenn ákvæði.

Þær kröfur sem gerðar eru í reglum þessum um öryggisbúnað eru lágmarkskröfur og því heimilt að nota annan búnað sem að mati Vinnueftirlits ríkisins er jafn góður eða betri.

3. gr.
Grindarbómukranar.

1. Grindarbómukranar skulu vera með vog sem á ótvíræðan hátt gefur stjórnanda kranans til kynna hversu þungri byrði er verið að lyfta eða reyna að lyfta.

2. Á grindarbómukrönum skal vera hallamælir fyrir bómu sem stjórnandi kranans getur auðveldlega lesið af úr stjórnsæti og sjálfvirkur útsláttur á bómuhífingu sem kemur í veg fyrir að bóman verði reist meira en leyfilegt er.

3. Á bómu og framlengingarbómu grindarbómukrana skal vera öryggi sem hindrar að bómur geti farið afturyfir sig.

4. Á grindarbómukrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar hífingu, eða búnaður sem gefur stjórnanda aðvörun með ljós- eða hljóðmerki, áður en krókurinn er kominn of nærri bómuhausnum.

4. gr.
Kranar með skotbómu.

1. Kranar með skotbómu skulu vera með vog sem á ótvíræðan hátt gefur stjórnanda kranans til kynna hversu þungri byrði er verið að lyfta eða reyna að lyfta.

2. Á krönum með skotbómu skal vera hallamælir fyrir bómu og bómulengdarmælir sem stjórnandi kranans getur auðveldlega lesið af úr stjórnsæti.

3. Á krönum með skotbómu skal vera hæðarstopp sem stöðvar hífingu eða búnaður sem gefur stjórnanda aðvörun með ljós- eða hljóðmerki áður en krókur eða blökk er komin of nærri bómuhausnum.

5. gr.
Byggingakranar.

1. Byggingakranar skulu vera með yfirátaksvörn og vægisrofa sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta með þeim þyngri byrði en leyfilegt er miðað við fjarlægð byrðar frá snúningsmiðju kranans.

2. Í byggingakrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar krók eða blökk í öruggri fjarlægð frá bómuhausnum eða hlaupaketti kranans og búnaður sem kemur í veg fyrir að vírnum sé slakað of mikið út af vindunni.

3. Byggingakranar, sem eru með breytilegan bómuhalla, skulu vera með sjálfvirka stöðvun fyrir mesta og minnsta leyfilegan halla bómunnar.

4. Byggingakranar sem ganga á braut skulu vera með útsláttarrofa sem stöðvar kranann áður en hann kemur að endastoppi og flautu eða bjöllu sem gefur hljóðmerki þegar kraninn er færður til á brautinni.

6. gr.

Hafnarkranar.

1. Hafnarkranar skulu vera með yfirátaksvörn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta þyngri byrði en leyfilegt er.

2. Í hafnarkrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar krók eða blökk í öruggri fjarlægð frá bómuhaus eða vindu kranans.

3. Hafnarkranar sem ganga á braut skulu vera með flautu eða bjöllu sem gefur hljóðmerki þegar kraninn er færður til á brautinni. Brautir, sem hafnarkranar eru á, skulu vera með endastoppi.

7. gr.

Brúkranar, hlaupakettir og talíur.

1. Brúkranar, hlaupakettir og talíur sem eru með lyftigetu 1000 kg og meira, skulu vera með yfirátaksvörn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta með þeim þyngri byrði en leyfilegt er.

2. Brúkranar, hlaupakettir og talíur sem eru með lyftigetu 1000 kg og meira, skulu vera með hæðarstoppi sem kemur í veg fyrir að hægt sé að hífa krókinn of nærri vindunni og stöðvunarbúnaði sem kemur í veg fyrir að hægt sé að slaka lyftirvír eða keðju of mikið út af henni.

3. Eigendur eða umráðamenn brúkrana, hlaupakatta og talía, sem eingöngu eru notaðar við framleiðslustörf, geta sótt um undanþágu frá ákvæðum í 1. mgr. þessarar greinar til Vinnueftirlits ríkisins. Undanþágu má veita fyrir lyftibúnað með allt að 5000 kg lyftigetu. Staðfest skal að hverfandi lítil hætta stafi af notkun búnaðarins án þessa öryggisbúnaðar.

8. gr.

Löndunarkranar.

1. Löndunarkranar skulu vera með yfirátaksvörn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta þyngri byrði en leyfilegt er.

2. Í löndunarkrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar krók í öruggri fjarlægð frá bómuhausnum.

3. Vindur á löndunarkrönum skulu vera með vélrænum hemlum eða þannig gerðar að byrði geti ekki sigið eða fallið þótt aflfærsla til vindunnar rofni.

9. gr.

Ýmis ákvæði.

1. Á spori fyrir krana sem ganga eftir ákveðinni braut skal vera endastopp sem tryggir að kraninn geti ekki farið út af enda sporsins. Einnig skal vera búnaður á krananum til að festa hann, sé hætta á að hann renni til á sporinu vegna ytri áhrifa. Séu tvö eða fleiri lyftitæki á sömu braut eða spori skulu vera á þeim nálgunarrofar til að koma í veg fyrir árekstur.

2. Byggingarkranar og allir aðrir kranar sem eru með stjórnhúsi skulu vera með flautu.
3. Allir kranar skulu merktir hámarkslyftigetu og aðrir kranar en brúkranar og löndunarkranar skulu vera með greinilega lyftitöflu úr varanlegu efni.

10. gr.
Krókar.

1. Allir krókar sem notaðir eru við hífingar skulu vera með króköryggi eða þannig búnir að ásláttarbúnaður geti ekki losnað úr þeim óvart.
2. Hægt er að veita undanþágu frá ákvæði 1. mgr. þessarar greinar ef staðfest er að hverfandi lítil hætta stafi af notkun búnaðarins án þessa öryggisbúnaðar.

11. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af reglugerð nr. 534/1995 um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða, sbr. 12. gr. tilskipunar nr. 83/189/EBE eins og henni var breytt með tilskipunum 88/182/EBE og 94/10/EB, staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 616/1995 um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. september 1999.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Elín Blöndal.

VIÐAUKI I
Skilgreining hugtaka:


Krani:	Vinnuvél sem getur lyft byrði sem ekki er í stýringum, slakað henni, flutt hana til hliða og að sér og frá.
Lyftibúnaður:	Vélknúinn lyftibúnaður sem gerður er til að lyfta byrði sem ekki er í stýringum og slaka henni.
Farandkrani:	Krani sem getur flutt sig til með eigin vélarafli og hefur ekki takmarkaða akstursstefnu.
Grindarbómukrani:	Farandkrani á hjólum eða beltum með bómu sem sett er saman úr einingum sem byggðar eru upp af langböndum og skástífum.
Krani með skotbómu:	Farandkrani með bómu sem sett er saman úr einingum sem ganga hver inn í aðra og hægt er að lengja eða stytta með vökvatjökkum.
Byggingakrani:	Staðbundinn krani eða krani á braut sem er með bómu í fastri stöðu eða með breytanlegum halla.
Hafnarkrani:	Staðbundinn krani eða krani á spori með meiri lyftigetu en 3.500 kg.
Brúkrani:	Krani á braut sem getur lyft byrði, slakað, flutt hana til hliðanna og fram og aftur.
Hlaupaköttur:	Lyftibúnaður á braut sem getur lyft byrði, slakað henni og flutt hana fram og til baka.

Talía:	Staðbundinn lyftibúnaður sem getur lyft byrði og slakað henni.
Löndunarkrani:	Staðbundinn krani eða krani á braut sem getur lyft byrði, slakað henni, flutt hana til og er ekki með meiri lyftigetu en 3.499 kg.
Hallamælir bómu:	Mælir sem sýnir halla kranabómu í gráðum.
Hæðarstopp:	Búnaður sem stöðvar hífingu á fyrirfram ákveðnum stað.
Endastopp:	Búnaður sem stöðvar færslu krana eða lyftibúnaðar eftir braut eða spori.
Bómulengdarmælir:	Mælir sem gefur til kynna lengd bómu á hverjum tíma.
Bómuhaus:	Fremsti hluti kranabómu.
Framlengingarbóma:	Aukabóma sem notuð er til að framlengja aðalbómu.
Skotbóma:	Kranabóma sem sett er saman úr einingum sem geta gengið hver inn í aðra.
Vægi:	Margfeldi af armi og þyngd. Þegar fjallað er um krana er vægi gefið upp í tonn x metrar, skammstafað tm.
Vægisrofi:	Rofi sem skynjar vægi og stöðvar aðgerðir sem auka vægi.
Útsláttur:	Búnaður sem takmarkar ákveðnar aðgerðir með því að stöðva á fyrirfram ákveðnum mörkum.
Lyftitafla:	Tafla sem gefur til kynna hámarkslyftigetu við mismunandi lengd á bómu og halla hennar.
Yfirátaksvörn:	Öryggisbúnaður sem annaðhvort tekur völd af stjórnanda krana þannig að hann getur ekki framkvæmt neinar aðgerðir sem auka átak á kranann, eða gefa honum ljós- eða hljóðmerki um að ekki megi auka átak á hann.
Nálgunarrofar:	Rofar sem stöðva brautarfærslu krana eða hægja mjög á henni þegar hann er kominn í ákveðna fjarlægð frá öðrum krana eða ákveðnum punkti.
Ásláttarbúnaður:	Stroffur eða annar búnaður sem notaður er til að lyfta vöru og tengja hana við krók kranans.
Króköryggi:	Öryggisbúnaður á lyftikrók, sem koma á í veg fyrir að ásláttar-búnaður geti losnað úr honum fyrir vangá.
Vinda:	Vélknúinn búnaður sem snýr strengjum upp á sig og rekur þá út af sér.
Snúningsmiðja:	Hugsaður ás sem krani snýst um.


VIÐAUKI II

Skilgreining á krönum og lyftibúnaði.


Skýringarmyndir:




Grindarbómukrani




Krani með skotbómu







Byggingarkranar




Hafnarkrani



Hlaupaköttur



Brúkrani



Löndunarkrani

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, sbr. síðari breytingar.

1. gr.

Tölulíður nr. 5 í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 456/1994 hljóðar svo:

Heimilt er að veiða rjúpu frá 15. október til 22. desember, nema innan svæðis sem afmarkast af lögsagnarumdæmi Kópavogs, Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Þá nær hið friðaða svæði yfir allt Bláfjallasvæðið í Selvogs- og Ölfushreppi, allan austurhluta Mosfellsheiðar í Ölfus-, Grafnings- og Þingvallahreppi, og Skálafell og Skálafellsháls í Þingvalla- og Kjósarhreppi. Bláfjallasvæðið utan Kópavogs og Reykjavíkur markast að sunnan af línu sem hugsast dregin úr Bláfjallahorni í Litla-Sandfell í Þrengslum, þaðan eftir malarvegi yfir á Þrengslaveg (39) og síðan Þrengslavegi í norður að vegamótum við þjóðveg 1. Austurhluti Mosfellsheiðar markast að sunnan af þjóðvegi 1 við Þrengslavegamót og þaðan austur að ónúmeruðum malarvegi við Litla-Reykjafell, þeim vegi fylgt að Kolviðarhóli og þaðan ráða austurmörkunum rætur Húsmúla og Þjófahlaups að Nesjavallavegi við Brekku, og síðan Nesjavallavegur í austur og norður að vegamótum við Grafningsveg (360), þaðan Grafningsvegur að vegamótum við Þingvallaveg (36), síðan Þingvallavegur til vesturs að vegamótum við Kjósarskarðsveg (48). Hið friðaða svæði í Skálafelli og Skálafellshálsi markast af Kjósarskarðsvegi frá vegamótum við Þingvallaveg að vegamótum við Meðalfellsveg (461) og þaðan að brú á Svínadalsá og ánni síðan fylgt að mörkum Reykjavíkur í Skarðskinn í Skálafelli.

Innan ofangreindra marka, sjá meðfylgjandi kort, er öll rjúpnaveiði óheimil til ársins 2002, en þá verður þetta ákvæði reglugerðarinnar endurskoðað.

2. gr.


Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 7. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisráðuneytinu, 17. september 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Þráinsson.

Fylgiskjal.


Friðun rjúpu 1999 - 2001
Samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra
Blikdalur
Esja
Svínadalsá
Skálafellsháls
Skarðskinn
Skálafell
Stíflisdalsvatn
Leirvogsvatn
Þingvallavatn
Grímarsfell
(Grímannsfell)
Úlfarsfell
Hafravatn
Mosfellsheiði
Brekka
Nesjavellir
Rauðavatn
Elliðavatn
Heiðmörk
Þjófahlaup
Hengill
Húsmúli
Vífilsfell
Húsfell
Reykjafell
Bláfjöll
Bláfjallahorn
Litla-Sandfell
Mælikvarði 1:200.000
0 1 2 3 4 5 km
Heiðin há
Geitafell
Náttúrufræðistofnun Íslands 1999

REGLUGERÐ

um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun uppþvottavéla til heimilisnota.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Rafknúnum uppþvottavélum til heimilisnota, sem nefnd eru tæki hér á eftir, skulu við markaðssetningu og tilboð um sölu eða leigu fylgja upplýsingar um orkunotkun samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin gildir ekki um tæki sem nota aðra orkugjafa en raforku og hún nær ekki til endursölu notaðra tækja eða tækja sem hætt er að framleiða við gildistöku hennar.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Birgðasali: Framleiðandi tækja, viðurkenndur fulltrúi framleiðanda á Evrópska efnahagssvæðinu, innflytjandi tækja eða sá sem markaðssetur tækin á efnahagssvæðinu.

Seljandi: Smásöluaðili eða annar sem selur, leigir eða sýnir notendum tæki.

III. KAFLI
Merkingar og upplýsingar.

3. gr.

Tæki skal merkt með merkimiða sem sýnir orkunotkun þess o.fl. Merkimiðinn skal vera með þeim hætti sem tilgreint er í I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EBE. Skal miðanum komið fyrir utanvert á framhlið eða ofan á tæki sem boðið er til sölu eða leigu eða er til sýnis þannig að hann sjáist greinilega og ekkert skyggi á hann.

Á þeim tækjum, sem dreift er á Íslandi, skulu merkimiðarnir vera á íslensku.

Aðra merkimiða, merki, tákn eða áletranir en skv. 1. mgr. má ekki setja á tæki ef slíkt kann að vera villandi.

4. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að tækjum fylgi upplýsingablað sem veiti staðlaðar upplýsingar um viðkomandi tæki. Blaðið skal setja inn í kynningarrit frá birgðasala. Séu slík rit ekki fyrir hendi hjá birgðasala skal upplýsingablaðið vera sérstakt skjal. Blaðið skal vera í samræmi við II. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EBE.

Upplýsingablöð um tæki, sem dreift er á Íslandi, skulu vera á íslensku.

5. gr.

Upplýsingar á merkimiðum skv. 3. gr. og upplýsingablöðum skv. 4. gr. skulu byggðar á tæknilegum gögnum um viðkomandi tæki.

Tæknilegu gögnin skulu hafa að geyma:

1. nafn og heimilisfang birgðasala;
2. almenna lýsingu á tækinu sem nægir til að bera kennsl á það;
3. upplýsingar, þar með talið teikningar eftir þörfum, um helstu hönnunareinkenni gerðar, einkum atriði sem hafa afgerandi áhrif á orkunotkun hennar;

4. skýrslur um viðeigandi mælingarpróf sem gerð hafa verið á grundvelli staðla skv. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EBE;
5. leiðbeiningar um notkun ef þær eru fyrir hendi.

6. gr.

Upplýsingar um hávaða, sem berst frá tæki, ber að meta í samræmi við reglugerð nr. 524/1994 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum.

IV. KAFLI
Skyldur birgðasala og seljanda.

7. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að merkimiðar, upplýsingablöð og tæknileg gögn skv. 3.-6. gr. séu fyrir hendi.

Birgðasali skal hafa til reiðu öll tæknileg gögn sem nægja til að leggja mat á nákvæmni upplýsinga vegna hugsanlegrar skoðunar á tæki næstu fimm árin eftir að það var síðast framleitt.

8. gr.

Birgðasali skal láta seljanda í té merkimiða á íslensku án endurgjalds.

9. gr.

Seljandi, sem stillir tæki út til sýnis, skal festa merkmiða skv. 3. gr. við tækið.

Seljandinn skal gefa kaupanda kost á að kynna sér upplýsingablað um tækið skv. 4. gr.

10. gr.

Séu tæki boðin til sölu eða leigu og þeim komið á framfæri með prentaðri orðsendingu, svo sem póstpöntunarlista, verðlista eða öðrum hætti þar sem hugsanlegur kaupandi getur ekki séð tækið útstillt og neytendur eru hvattir til að panta tækið til afhendingar beint, skal orðsending hafa að geyma allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í III. viðauka (póstverslun og önnur fjarsala) við tilskipun 97/17/EBE, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

V. KAFLI
Eftirlit.

11. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd reglugerðar þessarar. Ráðherra getur falið öðrum aðilum að annast eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt. Kallast þeir aðilar eftirlitsaðilar.

12. gr.

Eftirlitsaðilar geta farið fram á að birgðasalar afhendi þeim merkimiða skv. 3. gr., upplýsingablöð skv. 4. gr. og orðsendingar skv. 10. gr. varðandi tæki.

Seljandi skal gefa eftirlitsaðilum upplýsingar um það frá hvaða birgðasala tækið sé ef þess er óskað.

13. gr.

Telji eftirlitsaðilar að upplýsingar þær sem veittar hafa verið séu rangar er þeim heimilt að krefja birgðasala og seljanda um öll gögn, m.a. tæknileg gögn, sem nauðsynleg eru við eftirlit.

Ef upplýsingar þær sem veittar hafa verið eru ekki taldar byggjast á fyrirliggjandi gögnum getur eftirlitsaðilinn krafist þess að birgðasalinn endurskoði merkimiðann, upplýsingablaðið og önnur gögn innan ákveðins frests.

14. gr.

Verði birgðasali ekki við kröfu eftirlitsaðila skv. 2. mgr. 13. gr. er eftirlitsaðilum heimilt að krefjast þess að birgðasali leggi án endurgjalds fram tæki til skoðunar. Skal birgðasalinn greiða kostnað við skoðunina nema upplýsingar hans hafi reynst réttar.

Birgðasali skal bera kostnað af eftirliti.

15. gr.

Hafi iðnaðarráðuneytið falið öðrum aðila eftirlit með ákvæðum reglugerðar þessarar getur birgðasali kært ákvörðun þess eftirlitsaðila til ráðuneytisins. Kæran skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Að öðru leyti gildir 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um kærufresti.

VI. KAFLI

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Reglugerðin er sett á grundvelli eftirfarandi ákvæða EES-samningsins, sbr. IV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum sem greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (tilskipunin er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB á árinu 1994);

2. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB frá 16. apríl 1997 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla (tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB);

3. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 99/9/EB frá 26. febrúar 1999 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla (tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB);

4. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/1999 frá 26. mars 1999 um breytingar á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB).

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. september 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni, skulu breytast þannig:
Í 5. gr. komi kr. 30.386 í stað kr. 29.217.
Í 6. gr. komi kr. 30.386 í stað kr. 29.217.
Í 10. gr. komi kr. 24.412 í stað kr. 23.473.
Í 14. gr. komi kr. 24.412 í stað kr. 23.473.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. september 1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. september 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

13. september 1999 Nr. 613

AUGLÝSING

um aukaleik Íslenskra getrauna.

Ráðuneytinu hefur með bréfi Íslenskra getrauna, dags. 8. þ.m., borist tilkynning um aukaleik Íslenskra getrauna undir nafninu *Sigurinn, aukaleikur um veðreiðar hestamannafélagsins Fáks 1999* í samræmi við 3. tl. 4. gr. og 36. gr. reglugerðar fyrir Íslenskar getraunir nr. 543/1995. Leik þennan á að starfrækja til og með 2. október 1999.

Ráðuneytið samþykkir að leikur þessi verði starfræktur og um hann gildi reglur þær sem Íslenskar getraunir hafa gefið út. Fylgja þær hér með sem fylgiskjal.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. september 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Jón Thors.

Fylgiskjal.

Spilareglur í aukaleik Íslenskra getrauna um veðreiðar Fáks 1999:
SIGURINN

1 Almennar reglur.

1.1 SIGURINN er samheiti yfir getraunaform þar sem þátttakandinn giskar á sigurvegarann í fyrirfram ákveðnu veðhlaupi á vegum hestamannfélagsins Fáks. Hver keppni á SIGRINUM er sjálfstæð getraun.

1.2 SIGURINN er hægt að spila á Internetinu og hjá þeim söluaðilum sem hafa beinlínutengdan aðgang að sölukerfi Íslenskra getrauna á Internetinu.

1.3 Getraunatímabil er frá því sala hefst í ákveðnum getraunaleik og þar til allt að einni mínútu áður en viðkomandi keppni fer fram. Upplýsingar um áætlaðan keppnisdag, getraunatímabil, getraunaumferð og lokunartíma skulu vera aðgengilegar fyrir þátttakendur.
1.4 Getraunaumferð er sá dagur eða dagar sem keppnin fer fram á, hér löglegir keppnisdagar. Flytjist keppnin út fyrir þessa daga, fellur getraunin niður og þátttakendur fá endurgreidda ágiskun sína.

2 Þátttökuform, greiðsla vinninga og ógildingar.

2.1 Verð hverrar einingar í SIGRINUM er 20 kr. Þátttakandi getur valið sér minnst 5 og mest 600 einingar (100 – 12.000 kr.). Þáttökugjald skal hlaupa á jöfnum 100 krónum.
2.2 Einstaklingar spila SIGURINN á Internetinu og er þátttaka þá greidd með greiðslukorti. Vinningar eru þá eingöngu færðir á sama greiðslukort og greiddi fyrir þátttöku.
2.3 Íþrótta- og ungmennafélög sem og aðrir sem hafa umboð frá Íslenskum getraunum geta selt SIGURINN til þátttakenda með sérstöku söluforriti á Internetinu. Greiðsla fer þá fram með greiðslukorti þátttakenda eða greiðslukorti umboðsaðila. Vinningar eru þá annaðhvort færðir á greiðslukortið sem greiddi fyrir þátttökuna eða þátttakandi gefur upp númer á bankareikningi, og eru þá vinningar færðir inn á viðkomandi reikning.
2.4 Þátttakendur eru ábyrgir fyrir því að gefa upp réttan bankareikning, enda komi þær upplýsingar greinilega í ljós á kvittun.
2.5 Vinningar eru að jafnaði greiddir út daginn eftir að ágiskunarkeppninni lýkur. Ef vafi kemur upp um úrslit, þá hafa Íslenskar getraunir rétt til að fresta vinningsútborgun þar til kærufrestur er útrunninn.
2.6 Aðeins er hægt að skila inn þátttöku þegar móðurtölvan er opin.
2.7 Allar þátttökukvittanir eru geymdar miðlægt í móðurtölvunni en þátttakendur og umboð geta prentað út þessar kvittanir. Ef mismunur er á þátttökukvittun í móðurtölvu og prentaðri kvittun, þá gildir sú í móðurtölvunni. Á þátttökukvittuninni er öryggisnúmer sem er sérstakt fyrir hverja kvittun.
2.8 Þátttaka er aðeins gild í því formi og í því umfangi sem skráð er í móðurtölvunni.
2.9 Vilji þátttakandi afturkalla ágiskun sína sem hann keypti hjá umboði, verður hann að gera það hjá sama umboði og hann skilaði henni inn til, sama dag og innan 15 mínútna frá því hann keypti hana. Seinustu 15 mínúturnar þar til keppnin hefst, styttist þessi tími niður í minnst 1 mínútu. Aldrei er hægt að afturkalla ágiskun eftir að keppnin sem hún tekur til er hafin.
2.10 Þátttakandi ber ábyrgð á að þátttökukvittunin eigi við um rétta umferð, fjöldi þeirra sé réttur og sé í samræmi við þær ágiskanir sem hann óskaði eftir.
2.11 Hvorki félagið né umboð eru skaðabótaskyld vegna tjóns sem þátttakandi verður fyrir vegna þess að félagið eða umboð vöktu ekki athygli hans á skyssu sem hann gerði í sambandi við ágiskunina.

3 Úrslit og endurgreiðslur.

3.1 Vinningur fæst aðeins fyrir rétta ágiskun.
3.2 Rétt ágiskun telst vera sú, sem sá aðili sem skipuleggur keppnina lýsir sem sigurvegara eftir þeim keppnisreglum sem þar gilda.
3.3 Ef giskað hefur verið á ákveðinn keppanda í SIGRINUM og hann mætir ekki til leiks í þeirri keppni, sem getraunin tekur til, fellur þátttaka niður á viðkomandi keppanda og er þá þátttökugjald endurgreitt á stuðlinum 1,00. Mæti aðeins 2 keppendur til leiks, skal öll getraunin felld niður og hún öll endurgreidd á stuðlinum 1,00.

3.4 Sé keppni felld niður af einhverjum orsökum s.s. vegna veðurs, skal endurgreiða alla þátttöku í viðkomandi getraun á stuðlinum 1,00.
3.5 Verði úrslit í keppni sem er á SIGRINUM, þannig að fleiri en einn ágiskunarkostur teljist réttur, skal umreikna vinningsstuðla með tilliti til fjölda réttra ágiskana.
3.6 Keppni í SIGRINUM telst hafa lokið með þeim úrslitum sem fyrir lágu við lok getraunaumferðar. Úrslit sem fást t.d. eftir kæru, gilda ekki.

4 Útreikningur stuðla og vinningsupphæða.

4.1 Í SIGRINUM eru notaðir breytilegir stuðlar. Breytilegur stuðull merkir að hann umreiknast í hvert sinn sem ágiskun er skilað inn.
4.2 Breytilegur stuðull reiknast þannig að vinningsprósenta (V) er margfölduð með T/U, þar sem U er upphæð í krónum sem greitt er fyrir viðkomandi ágiskun og T er heildarupphæð í getrauninni þegar útreikningur fer fram (V x T / U). Stuðlar eru reiknaðir með tveimur aukastöfum skv. almennri reglu.
4.3 60% heildarsölu skal varið í vinninga.
4.4 Endanlegir stuðlar til ákvörðunar á vinningi, eru þeir stuðlar sem eru reiknaðir skv. 4.2 eftir að sölu hefur verið hætt fyrir viðkomandi keppni.
4.5 Ef útreiknaður stuðull skv. 4.2 er lægri en 1,00 þá gildir stuðullinn 1,00.
4.6 Vinningsupphæð fyrir rétta ágiskun fæst með því að margfalda vinningsstuðul getraunarinnar með þátttökugjaldinu og er vinningsupphæð hækkuð eða lækkuð í næstu heila krónu skv. almennri reglu.
4.7 Ef enginn þátttakandi giskar á rétt úrslit, greiðast engir vinningar út.
4.8 Félagið sér um að birta endanlegar vinningsupphæðir á Internetinu.

5 Kærur vegna vangreiddra vinninga.

5.1 Þátttakandi, sem telur sig ekki hafa fengið réttmætan vinning eða ranga vinningsupphæð verður að senda inn skriflega kæru til félagsins.
5.2 Kæra á að hafa borist skrifstofu félagsins innan fjögurra vikna frá viðkomandi getraunaumferð.
5.3 Kæru sem berst eftir að kærufrestur er liðinn eða nauðsynlegar upplýsingar vantar til að hægt sé að finna ágiskunina, er hafnað.
5.4 Að öðru leyti eru kærur meðhöndlaðar skv. reglugerð Íslenskra getrauna nr. 543 frá 1995.

6 Gildistími.

6.1 Spilareglur þessar eru útgefnar af Íslenskum getraunum, skv. reglugerð um Íslenskar getraunir nr. 543 frá 13. október 1995 og taka gildi frá og með 9. september 1999.

Reykjavík, 9. september 1999.

Íslenskar getraunir,

Stefán Snær Konráðsson stjórnarformaður.

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Eyjafjarðarsveitar og Gnúpverjahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 13. september 1999 staðfest samþykkt hreppsnefndar Eyjafjarðarsveitar frá 22. september 1996 og samþykkt hreppsnefndar Gnúpverjahrepps frá 2. september 1999 um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Samkvæmt samþykktunum verða mörk sveitarfélaganna með eftirfarandi hætti:

Stjórnsýslumörk Eyjafjarðarsveitar á móti Gnúpverjahreppi eru úr hátindi Klakks, eftir Háöldukvísl í Þjórsá.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. september 1999.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 615 16. september 1999

REGLUGERÐ

um takmörkun á markaðssetningu lampaolíu, skrautmuna, leikfanga og spaug- eða gabbvarnings með tilteknum efnum.

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða takmarka framleiðslu, innflutning eða dreifingu lampaolíu, leikfanga, skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings sem innihalda tiltekin efni.

Skrautmunir og olíulampar.

2. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn eða dreifa skrautmunum sem í eru efni í vökvaformi sem flokkast hættuleg, skv. reglugerð nr. 236/1990[1)], og ætluð eru til að ná fram ljós- eða litaáhrifum með mismunandi fösum. Dæmi um slíka hluti eru skrautlampar og öskubakkar.

3. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn eða dreifa olíu, sem nota má sem eldsneyti á lampa, ef hún inniheldur ilm- eða litarefni og er í umbúðum sem eru minni en 15 lítrar þegar hún flokkast hættuleg og skal merkt með hættusetningunni H65 „Getur valdið lungnaskaða við inntöku“ skv. reglugerð nr. 236/1990.

[1)] Reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, með síðari breytingum.

4. gr.

Umbúðir lampaolíu sem heimilt er að markaðssetja skulu, auk annarra lögbundinna merkinga, merktar með eftirfarandi áletrun með skýru og óafmáanlegu letri: „Geymið lampa sem fylltir eru með þessum vökva þar sem börn ná ekki til“. Umbúðirnar skulu búnar öryggislokum sem börn geta ekki opnað, sbr. reglugerð nr. 609/1997, um öryggislok og áþreifanlega viðvörun.

5. gr.

Óheimilt er að selja eða dreifa á almennum markaði í úðabrúsum efnablöndum sem flokkast sem eldfimar, mjög eldfimar eða afar eldfimar, skv. reglugerð nr. 236/1990, ef þær eru ætlaðar til skemmtunar eða skreytinga fyrir almenning, t.d. glimmer, gervisnjór, skrautflögur og skrautlöður.

Umbúðir efnavöru sem tilgreind er í 1. mgr. og leyfð er til faglegra nota skulu, auk annarra lögbundinna merkinga, merktar með eftirfarandi áletrun með skýru og óafmáanlegu letri: „Notist aðeins af fagfólki“.

Leikföng og leikir.

6. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, eða dreifa spilum eða leikjum sem ætluð eru fyrir einn eða fleiri þátttakendur ef í þeim eru efni eða efnablöndur í vökvaformi sem flokkast hættuleg skv. reglugerð nr. 236/1990.

7. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn eða dreifa leikföngum sem innihalda bensen (CAS-nr.[2] 71-43-2) ef styrkur óbundins bensens er meiri en 5 mg/kg miðað við þyngd leikfangsins eða hluta þess.

Spaug- og gabbvarningur.

8. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni eða efnablöndur í vökvaformi, sem flokkast hættuleg skv. reglugerð nr. 236/1990, í spaug- eða gabbvarning, t.d. í hnerriduft eða fýlubombur. Enn fremur eru eftirtalin efnasambönd og efni unnin úr náttúruafurðum óheimil til slíkra nota:

- duft úr sápuberki (Quillaja saponaria) ásamt afleiðum þess sem innihalda saponín,
- duft úr rótum Helleborus viridis (fjallaskuggi) og Helleborus niger (jólarós),
- duft úr rótum Veratrum album (hvít hnerrarót) og Veratrum nigrum (svört hnerrarót),
- viðarduft (sag),
- bensidín CAS- nr. 92-87-5,
- bensidínafleiður,
- *o*-nítróbensaldehýð CAS- nr. 552-89-6,
- ammóníumsúlfíð CAS- nr. 12135-76-1,
- ammóníumvetnissúlfíð CAS- nr. 12124-99-1,
- ammóníumfjölsúlfíð CAS- nr. 12259-92-6,
- rokgjarnir esterar brómediksýru:
  - metýlbrómasetat CAS- nr. 96-32-2,
  - etýlbrómasetat CAS- nr. 105-36-2,
  - própýlbrómasetat CAS- nr. 35223-80-4,
  - bútýlbrómasetat CAS- nr. 18991-98-5.

[2] CAS nr.: Chemical Abstract Service - Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.

Eftirlit, viðurlög og gildistaka.

9. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

10. gr.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála. Um viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi fyrir samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Höfð er hliðsjón af ákvæðum 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, eins og henni er breytt með tilskipunum 79/663/EBE, 82/806/EBE, 83/264/EBE, 89/677/EBE, 94/48/EB og 97/64/EB).

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 694/1994, um takmörkun við framleiðslu, notkun og innflutningi leikfanga, skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings sem innihalda tiltekin efni.

Umhverfisráðuneytinu, 16. september 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 616 15. september 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 671/1997 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fengnum meðmælum yfirdýralæknis að veita almenna undanþágu í allt að eitt ár frá ákvæðum 2. ml. 13. tl. 10. gr. samkvæmt nánari skilyrðum sem yfirdýralæknir setur.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991 ásamt síðari breytingum, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. september 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.
A-hluti.

Almennt.

Gjaldskráin gildir á orkuveitusvæði Rafveitu Hafnarfjarðar. Hún skiptist í tvo hluta:

A-hluta, sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku. Einnig fjallar hann um skilgreiningu á raforkutöxtum, mælaleigu, heimtaugagjöldum, tengigjaldi, innheimtugjaldi, enduropnunargjaldi og álestrargjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta, sem sýnir gildandi verð fyrir raforku og aðra gjaldskrárliði.

Skýringar

	Tákn	*Eining*	*Heiti*
	A	Amper	Straumur
	V	Volt	Spenna
	kW	kílówatt	afl
	kW/ár	árskílówatt	árskílówatt
	kWh	kílówattstund	orka

Notandi: Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli.
Orkukaupandi: Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla.
Húsveita: Búnaður notanda, sem tengist einum mæli.
Ársnotkun: Fjöldi kWh, sem notaður er á einu ári.
Afltoppur: Mesta mælda afl, kW á árinu.
Fast gjald: Gjald, sem greitt er fyrir 365 daga.

Rafveita Hafnarfjarðar selur rafmagn á þann hátt og á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár rafveitunnar. Virðisaukaskattur leggst á gjaldskrárliði samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

A. Almenn notkun.

A1. Taxti A1. Gildir fyrir alla almenna notkun.

Sjá einnig taxta C1, Afl- og orkunotkun, varðandi notendur með ársnotkun minni en 200.000 kWh.

Sölu til heimila er heimilt að sérgreina með taxtaheiti **B1**.

B2 Blönduð notkun.

Taxti B2 er fyrir sumarhús, hesthús og bátaskýli. Hann gildir fyrir rafmagnsnotkun þar sem blandast saman almenn notkun og notkun til rafhitunar. Öll raforka er afhent órofin. Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald. Raforkukaup til rafhitunar í sumarhúsum eftir D-hitatöxtum er óheimil. Heimilt er að selja raforku til þessara nota, eftir taxta A1 eða B1, ef hagstæðara reynist.

C. Aflmæld notkun.

C1. Taxti C1. Gildir fyrir orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og meiri.

Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxta og afl- og orkutaxta.

Taxti C1 skiptist í vetrarorkugjald, sumarorkugjald, fast gjald og aflgjald.

Orkugjald greiðist fyrir hverja kílówattstund, vetrarorkuverð á tímabilinu 1. október til og með 30. apríl og sumarorkuverð á tímabilinu 1. maí til og með 30. september.

Fast gjald inniheldur fastan kostnað, óháðan rafmagnsnotkun.

Aflnotkun reiknast eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Aflgjald er reiknað eftir hæsta afltoppi almanaksárs.

Notandi greiðir aflgjald eftir áætlaðri aflnotkun, sem miðast að jafnaði við notkun fyrra árs, eða áætlaðri rökstuddri aflnotkun yfirstandandi árs.

Reynist mældur ársafltoppur hærri en hinn áætlaði greiðir notandi mismuninn.

Notanda með ársnotkun minni en 200.000 kWh er heimilt að kaupa raforku samkvæmt taxta C1 sé það honum hagstætt. Notandi skal þá greiða lágmark 200.000 kWh á ári en afltoppur greiðist samkvæmt mælingu.

Notandi á taxta C1 er fluttur á taxta A1 verði ársnotkun minni en 200.000 kWh og sé taxti C1 honum óhagstæður. Annars verður hann áfram á taxta C1 og greiðir að lágmarki 200.000 kWh á ári. Það sem á vantar í 200.000 kWh greiðist að hálfu með vetrarorkugjaldi og að hálfu með sumarorkugjaldi.

C2. Taxti fyrir götu- og útilýsingu.

Lýsingin stjórnast að jafnaði með stjórnbúnaði rafveitunnar, sem stjórnar eftir dagsbirtu.

Notandi greiðir samkvæmt uppsettu afli ljósbúnaðar, aflgjald, viðhaldsgjald og stofnkostnað að fullu.

Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.

Rafveitan setur upp ljósbúnað til götu- og útilýsingar samkvæmt óskum notanda.

Ljósbúnaður skal fullnægja kröfum rafveitunnar.

C6. Taxti fyrir órofna útilýsingu og magnara í fjarskiptakerfum.

Fyrir notkun sem ekki þolir rof t.d. undirgöng í gatnakerfi, magnara í fjarskiptakerfum, umferðarskilti og umferðarljós.

Notandi sér um viðhald á notendabúnaði.

C7. Órofin útilýsing.

Sama og C6 nema að rafveitan sér um viðhald á notendabúnaði.

D. Hitun.

D1. Órofin húshitun. Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Fyrir hitun, sem ekki þolir rof.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D3. Rofin húshitun, óreglulegur roftími, allt að 3 klst. á sólarhring.

Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D4. Rofin iðnaðarhitun, óreglulegur roftími, allt að 3 klst. á sólarhring.

Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D5. Rofin húshitun, fastur roftími, 2 x 2 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 10.30 til 12.30 og kl. 17.15 til 19.15.

Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D6. Rofin iðnaðarhitun, fastur roftími, 2 x 2 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 10.30 til 12.30 og kl. 17.15 til 19.15.

Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D7. Næturhitun, húshitun, fastur roftími allt árið á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.
Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

DN. Næturhitun, iðnaðarhitun, fastur roftími allt árið á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.
Notandi greiðir eitt orkuverð og fast gjald.

D8. Rofin iðnaðarhitun, roftími 2 x 2 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.30 og kl. 17.00 til 19.30.
Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.
Notandi greiðir vetrarorkugjald á tímabilinu 1. október til og með 30. apríl og sumarorkugjald á tímabilinu 1. maí til og með 30. september.
Ennfremur greiðir notandi fast gjald.

DT. Tvígjaldstaxti, iðnaðarhitun.
Taxti DT skiptist í lágorkugjald, háorkugjald og fast gjald.
Háorkugjald greiðist á tímabilinu kl. 10.00-12.00 og 17.00-19.00 frá 15. september til og með febrúar. Á öðrum tíma greiðist lágorkugjald.
Skiptingu á milli lágorkugjalds og háorkugjalds er stjórnað með álagsstýrikerfi rafveitunnar.

D9. Næturhitun, iðnaðarhitun, fastur roftími allt árið á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00.
Orkunotkun 200.000 kWh eða meiri á ári.
Notandi greiðir vetrarorkugjald á tímabilinu 1. október til og með 30. apríl og sumarorkugjald á tímabilinu 1. maí til og með 30. september.
Ennfremur greiðir notandi fast gjald.

Skýringar.
Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á mismunandi daghitataxta.
Notanda með vaxandi ársnotkun, sem keypt hefur raforku samkvæmt taxta D4 eða D6, er heimilt að kaupa raforku samkvæmt þeim töxtum þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Verði ársnotkun meiri en 200.000 kWh á ári, *er honum heimil notkun* á taxta D8.
Notandi sem greiðir samkvæmt taxta D8 er fluttur á taxta D4 eða D6 verði ársnotkun minni en 200.000 kWh og sé taxti D8 honum óhagstæður. Annars er notkun áfram á taxta D8 þar til ársnotkun verður minni en 180.000 kWh, þá er notkun flutt á taxta D4 eða D6.
Sömu ákvæði varðandi flutning milli taxta og gilda gagnvart töxtum D4, D6 og D8, gilda gagnvart næturhitatöxtunum DN og D9.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitanotkunar:
a) Sækja skal skriflega um kaup á raforku til hitunar á eyðublöðum sem rafveitan lætur í té.
b) Að veitukerfið og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
c) Að raforkunotkun með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
d) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
e) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, og að hitatæki séu fasttengd. Ekki er heimilt að setja tengla á greinar, sem flytja raforku sem seld er eftir D-töxtum.

f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir byggingastöðlum.
g) Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum sem breyti henni í hitaorku.
h) Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins, mega vera tengd og sammæld með hitatækinu, enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg.
Undir D-taxta í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið A, B eða C eftir því sem við á.

F. Önnur notkun.

F1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt á framangreindum gjaldskrárákvæðum á liðunum A til og með D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

F2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Leiga fyrir þessi tæki er innifalin í fastagjaldi viðkomandi taxta.

Óski notandi þess leigir rafveitan honum mælitæki og stjórntæki til annarra nota en að framan greinir.

Ársleiga fyrir önnur mæli- eða stjórntæki skal vera sem næst 15% af nýverði viðkomandi tækis.

H. Fast gjald greiðist af hverri sérmældri notkun.

2. Heimtaugagjöld.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar og samþykkt hefur verið af henni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Aðalheimtaug.

Greitt skal fyrir aðalheimtaug samkvæmt töflu í B-hluta.

Gjald fyrir heimtaug með meiri flutningsgetu en taflan greinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 230 V kerfi og 1200 A í 400 V kerfi.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð eða húsnæði undir stöðina samkvæmt sérstöku samkomulagi og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal hann greiða fullt verð fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu verði hinnar fyrri heimtaugar, hvorttveggja eftir gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt samkvæmt töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytinga á stofnlínu í götu, greiðir húseigandi heimtaugargjald samkvæmt töflu. Húseigandi kostar breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og tekur á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.

Ef 3x230 V notendakerfi er breytt í 3x400 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi

kostar breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og tekur á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.

Bráðabirgðaheimtaug.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greitt samkvæmt töflu í B-hluta gjaldskrár.

Lengdargjald jarðstrengsheimtaugar er reiknað af lengd hennar í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í dreifistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu að frádregnum allt að 5 m ef þeir eru innan lóðarmarka.

Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu, sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

Lengdargjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast fyrir hvern stólpa umfram einn frá lágspennukerfi rafveitunnar að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sumarhúsaheimtaugar.

Heimtaugar til sumarhúsa eru 1-fasa 35 A (8 kVA), eða þrífasa 3 x 35 A. Fyrir stærri heimtaugar til sumarhúsa en 3 x 35 A greiðist samkvæmt kostnaði þó ekki lægra gjald en fyrir 3 x 35 A heimtaug.

Mælatafla sem rafveitan leggur til er innifalin í gjaldinu. Mælataflan er staðsett utanhúss - helst á norðurvegg.

Verði kostnaður við tengingu einstaks sumarhúss við kerfi rafveitunnar meiri en 50% hærri en sumarhúsaheimtaugagjald, samkvæmt gildandi gjaldskrá, skal rafveitunni greiddur sá kostnaður sem er umfram 50%.

Smáheimtaugar.

Eru fyrir magnara í fjarskiptakerfum, sem venjulega eru í götuskápum, lýsingu í undirgöngum undir vegi, umferðarskilti og umferðarljós.

Varðandi aðalheimtaugar, bráðabirgðaheimtaugar og smáheimtaugar.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar frá veitukerfi rafveitunnar eða annarra aðstæðna, svo sem að svæði sem leggja á rafstreng eða loftlínu um, sé óskipulagt eða ófrágengið fyrir endanlega lögn, að kostnaður við lagningu verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal rafveitunni greiddur sá kostnaður sem er umfram 50%.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaugin sé lögð þegar frost er í jörðu skal hann greiða aukagjald samkvæmt ákvörðun rafveitunnar.

Tengigjald.

Rafveitan getur látið í té tengingu við dreifikerfi rafveitunnar vegna skammtímanotkunar þar sem tenging við kerfið er aðgengileg.

Fyrir slíka tengingu er greitt tengigjald. Tengigjaldið er innheimt tvívegis, fyrir tengingu og fyrir aftengingu. Sé tenging eða aftenging framkvæmd utan venjulegs dagvinnutíma greiðist álag á tengigjaldið. Dagvinnutími telst vera frá kl. 8.00 til kl. 16.00 alla virka daga.

Innifalið í tengigjaldi er leiga á sérsmíðaðri töflu og búnaði, tenging eða aftenging, úttekt á viðkomandi rafkerfi og akstur.

3. Ýmis ákvæði.

Greiðsluskilmálar.

Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, getur rafveitan áskilið sér dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum af því sem gjaldfallið er talið frá og með gjalddaga.

Innheimtugjald.
Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

Enduropnunargjald.
Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða gjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar við innheimtugjald samkvæmt fyrri málsgrein.

Álestrargjald.
Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í raforkugjöldum gjaldskrár.
Óski notandi þess að oftar sé lesið á mælitæki, er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

Launafl.
Ef meðallaunafl nemur 48,4% eða meira af mesta meðalraunafli á mánuði, miðað við (fasviksstuðull < 0,9), er heimilt að hækka aflgjald og orkugjald um 15%.

Fasviksjöfnun.
Við fasviksjöfnun þarf að taka tillit til álagsstýringar rafveitunnar.
Varðandi fasviksjöfnun gilda ákvæði í tæknilegum tengiskilmálum rafveitna.
Notanda og eða húseiganda er skylt að kynna sér ákvæði rafveitunnar áður en fasviksjöfnunarbúnaður er ákveðinn.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. október 1999. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá nr. 544 6. október 1994.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. september 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 618 20. september 1999

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.
B-hluti.

1. Raforka og aðrir gjaldskrárliðir.
Nánari skýringar á gjaldskrárliðum er að finna í A-hluta gjaldskrár.

A1. Almenn notkun.

Orkugjald	6,05	kr./kWh
Fast gjald	2.616,00	kr./ár

B1. Heimilisnotkun. Sama verð og skilmálar og gilda fyrir taxta A1.

B2. Blönduð notkun.

Orkugjald	3,28	kr./kWh
Fast gjald	10.100,00	kr./ár

C1. Afl- og orkumæld notkun, sem er 200.000 kWh á ári eða meiri.

Vetrarorkugjald, okt. til apríl	3,77	kr./kWh
Sumarorkugjald, maí til sept.	1,74	kr./kWh
Fast gjald	45.114,00	kr./ár
Aflgjald	7.643,00	kr./kW/ár

C2. Götu- og útilýsing.

Aflgjald	20.909,00	kr./kW/ár
Viðhaldsgjald	22.042,00	kr./kW/ár

C6. Órofin útilýsing, magnarar í fjarskiptakerfum.

Aflgjald	32.900,00	kr./kW/ár

C7. Órofin útilýsing.

Aflgjald	32.900,00	kr./kW/ár
Viðhaldsgjald	37.600,00	kr./kW/ár

D1. Órofin húshitun.

Orkugjald	6,05	kr./kWh
Fast gjald	2.616,00	kr./ár

D3. Rofin húshitun, 3 klst. á dag, óreglulegt rof.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Orkugjald	2,89	kr./kWh
Fast gjald	7.498,00	kr./ár

D4. Rofin iðnaðarhitun, 3 klst. á dag, óreglulegt rof.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Orkugjald	2,89	kr./kWh
Fast gjald	7.498,00	kr./ár

D5. Rofin húshitun, 2 x 2 klst. á dag, fast rof.
Kl. 10.30 - 12.30 og 17.15 - 19.15.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Orkugjald	3,14	kr./kWh
Fast gjald	7.498,00	kr./ár

D6. Rofin iðnaðarhitun, 2 x 2 klst. á dag, fast rof.
Kl. 10.30 - 12.30 og 17.15 - 19.15.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Orkugjald	3,14	kr./kWh
Fast gjald	7.498,00	kr./ár

D7. Næturhitun, húshitun, rofin allt að 12 klst. á dag.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Orkugjald	2,37	kr./kWh
Fast gjald	7.498,00	kr./ár

DN. Næturhitun, iðnaðarhitun, rofin allt að 12 klst. á dag.
Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.

Orkugjald	2,37	kr./kWh
Fast gjald	7.498,00	kr./ár

D8. Rofin iðnaðarhitun, allt að 2 x 2 klst. á dag.
Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.

Vetrarorkugjald, október til apríl	3,63	kr./kWh
Sumarorkugjald, maí til sept.	1,78	kr./kWh
Fast gjald	7.498,00	kr./ár

D9. Næturhitun, iðnaðarhitun, rof allt að 12 klst. á dag.
Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.

Vetrarorkugjald, okt. til apríl	2,83	kr./kWh
Sumarorkugjald, maí til sept.	1,45	kr./kWh
Fast gjald	7.498,00	kr./ár

DT. Tvígjaldstaxti, iðnaðarhiti.

Lágorkugjald	3,80	kr./kWh
Háorkugjald 15. sept.-28./29. feb. kl. 10.00-12.00 og 17.00-19.00	21,03	kr./kWh
Fast gjald	7.498,00	kr/kWh

G. Mælaleiga.

G1.	Orkumælir, einfasa	67,40	kr/mán.
G2.	Orkumælir, þrífasa	266,00	kr./mán.
G3.	Orkumælir, þrífasa með straumspennum	449,00	kr./mán.
G4.	Afl- og orkumælir með straumspennum	674,00	kr./mán.
G5.	Tvígjaldsorkumælir	434,00	kr./mán.
G6.	Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	661,00	kr./mán.
G7.	Móttökuliði	448,00	kr./mán.

2. Heimtaugar.

Aðalheimtaugar

Málstraumur stofnvara *230 V kerfi*	Jarðstrengur Heimtaugargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstrengsheimtaug kr.	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3 x 63 A kr.
63 A 1- fasa	57.730	18.590	
63 A 3- fasa	63.880	21.040	11.250
100 A 3- fasa	102.180	110.780	
200 A 3- fasa	129.480		
300 A 3- fasa	213.930		

Aðalheimtaugar

Málstraumur stofnvara *400 V kerfi*	Jarðstrengur Heimtaugargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstrengsheimtaug kr.	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3 x 63 A kr.
63 A 1- fasa	57.730	18.590	
63 A 3- fasa	63.880	21.040	22.410
100 A 3- fasa	102.180	49.820	
200 A 3- fasa	201.760		
300 A 3- fasa	303.180		
400 A 3- fasa	412.150		
600 A 3- fasa	608.520		
900 A 3- fasa	912.780		
1.200 A 3- fasa	1.219.200		

Bráðabirgðaheimtaugar.

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr./m	Lengdargjald Loftlína kr./stólpa
63 A- 1- fasa	11.550	1.715	21.680
63 A- 3- fasa	15.970	1.715	25.040
100 A- 3- fasa	17.050	2.233	29.030
200 A- 3- fasa	64.420	2.233	32.260

Sumarhúsaheimtaugar.

35 A- 1- fasa	193.800
35 A- 3- fasa	219.400

Smáheimtaugar, fyrir magnara í fjarskiptakerfum.

16 A- 3- fasa	43.600

Tengigjald.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar, unnið á dagvinnutíma	5.675 kr.
Ef tengt er utan dagvinnutíma reiknast álag, 55 %	8.797 kr.

Innheimtugjald.

Vegna undirbúnings að stöðvun á orkuafhendingu vegna vanskila notanda	862 kr.

Enduropnunargjald.

Opnað á dagvinnutíma	1.300 kr.
Opnað utan dagvinnutíma	2.600 kr.

Álestrargjald.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	1.130 kr.

Gjaldskrárbreytingar.

Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum í B-hluta gjaldskrár þessarar um allt að 60% af þeirri breytingu.

Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. jan 1996 hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu.

Ávallt skal miða við að tekjur standi undir rekstri, aukningu veitukerfis og að Rafveitan skili arði.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, raforka og aðrir gjaldskrárliðir, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. október 1999. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá nr. 141 23. febrúar 1998 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. september 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samningsins, II. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92, frá 23. júlí 1992, um inn- og útflutning hættulegra efna.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94, frá 11. janúar 1994, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94, frá 15. desember 1994, um breytingu á I. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
4. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1492/96, frá 26. júlí 1996, um breytingu á II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
5. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1237/97, frá 27. júní 1997, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.

2. gr.

Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468-473, (1994).

Reglugerð ráðsins nr. 41/94 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 1. árgangur, 17. desember 1994, bls. 39-41.

Reglugerð ráðsins nr. 3135/94 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 45, 3. árgangur, 3. október 1996, bls. 60-62.

Reglugerð ráðsins nr. 1492/96 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 42, 5. árgangur, 15. október 1998, bls. 40-71.

Reglugerð ráðsins nr. 1237/97 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 30, 6. árgangur, 8. júlí 1999, bls. 100-126.

3. gr.

Með brot gegn ofantöldum reglugerðum skal farið samkvæmt 25. og 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni ásamt síðari breytingum og skv. 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum. Auglýsingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 51 frá 16. janúar 1996.

Umhverfisráðuneytinu, 16. september 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 5/1996 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum og beingreiðslur 1996-2000.

1. gr.

Við 6. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Ennfremur getur landbúnaðarráðherra lækkað ásetningshlutfall skv. 2. mgr. 5. gr. úr 0,6 í 0,5 vetrarfóðraðar kindur við ásetning haustið 1999, að því tilskildu að kaltjón á þeim lögbýlum sem í hlut eiga, sé 25% eða meira árið 1999. Umsókn um lækkað ásetningshlutfall skal send Framleiðsluráði landbúnaðarins í hverju tilviki. Umsókn skal fylgja úttekt ráðunautar á hlutfalli kals í túnum, þó skal heimilt að láta umsögn til Bjargráðasjóðs um kaltjón gilda. Umsóknir skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins eigi síðar en 31. desember 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. september 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

17. september 1999 Nr. 621

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 410/1999 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 1999-2000.

1. gr.

Við 5. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Þrátt fyrir ákvæði a. liðar 2. mgr. 3. gr. getur landbúnaðarráðherra ákveðið að fullri greiðslu skv. þeim lið verði náð að því tilskildu að framleiðsla lögbýlis sé að minnsta kosti 50% greiðslumarks á tímabilinu í stað 85% að því tilskyldu að kaltjón á þeim lögbýlum, sem í hlut eiga sé 25% eða meira árið 1999. Umsókn um lækkun framleiðsluskyldu skal í hverju tilviki send Framleiðsluráði landbúnaðarins. Umsókn skal fylgja úttekt ráðunautar á hlutfalli kals í túnum, þó skal heimilt að láta umsókn til Bjargráðasjóðs um kaltjón gilda. Umsóknir skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins eigi síðar en 31. desember 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. september 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

SAMÞYKKT

um kattahald í Reykjavík.

1. gr.

Kattahald í Reykjavík sætir eftirfarandi takmörkunum.

2. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer eða örmerkingu skv. stöðlum Alþjóða staðalráðsins (ISO 11784 eða 11785).

3. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

4. gr.

Eigendum eða umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta.

5. gr.

Eigi má hleypa köttum inn í svæði þau, sem um ræðir í III.-V. og XI.-XVII. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

6. gr.

Ketti skal ormahreinsa og bólusetja reglulega samkvæmt leiðbeiningum dýralækna.

7. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn.

8. gr

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Starfsmenn Meindýravarna Reykjavíkurborgar starfa í umboði heilbrigðisnefndar og er sem slíkum heimilt að fanga ketti.

9. gr.

Borgaryfirvöld skulu gera ráðstafanir til útrýmingar á villi- eða flækingsköttum. Í því skyni er heimilt að koma fyrir búrum, agni eða sambærilegum tækjum til að fanga ketti enda sé framkvæmdin auglýst með áberandi hætti með sjö daga fyrirvara og kattaeigendum þannig gert kleift að halda köttum sínum inni meðan sú aðgerð stendur yfir.

10. gr.

Sé köttur fangaður er skylt að geyma hann í sjö daga. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan þess tíma skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða aflífaður. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað.

11. gr.

Ef kvartað er ítrekað undan ágangi katta á tilteknu svæði er starfsmönnum Meindýravarna Reykjavíkurborgar heimilt að handsama þá í búr og flytja í dýrageymslu að undangenginni auglýsingu, sem birtast skal a.m.k. tveimur sólarhringum áður en framkvæmdin hefst.

12. gr.

Um brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 15. september 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

31. ágúst 1999 Nr. 623

GJALDSKRÁ

vegna handsömunar og geymslu katta í Reykjavík.

1. gr.

Af flækingsköttum sem teknir eru og fluttir í geymslu af starfsmönnum Meindýravarna Reykjavíkurborgar skal greiða handsömunar- og geymslugjald sem hér segir:

Handsömun í fyrsta skipti	kr. 2.500
Handsömun að fimmta skipti	kr. 5.000
Hver handsömun eftir það	kr. 12.500
Geymsla á dag	kr. 500

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar við birtingu.

Reykjavík, 31. ágúst 1999.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

REGLUGERÐ

um íslensk vegabréf.

I. KAFLI
Vegabréfaskylda.

1. gr.

Við brottför úr landi og komu til landsins er íslenskum ríkisborgurum heimilt að fara beint til og koma beint frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð án þess að hafa í höndum vegabréf eða annað ferðaskilríki.

Í öðrum tilvikum skulu íslenskir ríkisborgarar hafa vegabréf er þeir fara úr landi og koma til landsins.

Þegar sérstaklega stendur á getur Útlendingaeftirlitið heimilað komu til landsins og för úr landi enda þótt hlutaðeigandi geti ekki gert grein fyrir sér með vegabréfi.

2. gr.

Brottför úr landi og koma til landsins er aðeins heimil um staði sem dómsmálaráðherra hefur ákveðið með auglýsingu, nema sérstaklega standi á og Útlendingaeftirlitið eða hlutaðeigandi lögreglustjóri leyfi.

II. KAFLI
Flokkar, gerð, form og efni vegabréfa.

3. gr.

Vegabréf skiptast í sex flokka:

a. Almenn vegabréf.
b. Diplómatísk vegabréf.
c. Þjónustuvegabréf.
d. Ferðaskilríki fyrir flóttamenn.
e. Vegabréf fyrir útlendinga.
f. Vegabréf til bráðabirgða (neyðarvegabréf).

4. gr.

Á forsíðu vegabréfs skal Íslands getið skýrum stöfum og einnig skal skjaldarmerki Íslands vera þar greinilegt. Tegund vegabréfs skal tilgreind með áberandi hætti á forsíðu.

Kápuefni skal vera úr slitþolnu efni. Litur á kápu skal vera heiðblár, en áletrun gyllt. Persónusíða skal vera gerð úr öryggispappír eða gerviefni.

5. gr.

Vegabréf skal innihalda fjögur stig öryggisþátta, í samræmi við tilmæli Alþjóða flugmálastofnunarinnar (ICAO).

Útlendingaeftirlitið geymir nákvæma lýsingu á öryggisþáttum vegabréfsins.

6. gr.

Vegabréf skal vera í bókarformi, 88 x 125 mm að stærð. Vegabréf, önnur en neyðarvegabréf, skulu vera 34 eða 66 tölusettar blaðsíður, auk kápunnar.

Vegabréf skal vera vélrænt lesanlegt og í samræmi við alþjóðlegar reglur og staðla.

7. gr.

Upplýsingar í vegabréfi skulu vera á íslensku, ensku og frönsku.

Persónusíða vegabréfs skal innihalda upplýsingar um nafn, þjóðerni, hæð, fæðingardag, kennitölu, kyn og fæðingarstað handhafa vegabréfsins. Einnig skal tilgreina útgáfudag vegabréfsins og gildistíma þess, ásamt upplýsingum um það stjórnvald sem gefur vegabréfið út. Á persónusíðu skal einnig vera ljósmynd af handhafa vegabréfsins.

III. KAFLI
Umsókn um vegabréf.

8. gr.

Útlendingaeftirlitið lætur gera umsóknareyðublað sem umsækjandi um vegabréf fyllir út og afhendir lögreglustjóra, ásamt tilskilinni greiðslu fyrir útgáfu vegabréfsins. Umsókn um vegabréf má afhenda lögreglustjóra óháð búsetu umsækjanda.

Utanríkisráðherra setur reglur um móttöku og meðferð umsókna um vegabréf hjá sendistofnunum Íslands erlendis.

Í umsókn skal koma fram:

a. Fullt nafn, heimilisfang, kennitala, fæðingarstaður, þjóðerni, hæð og kyn umsækjanda.
b. Tegund vegabréfs sem sótt er um.
c. Númer vegabréfs, sem síðast var gefið út á nafn umsækjanda, útgáfudagur þess og útgáfustaður.
d. Tegund skilríkis sem umsækjandi framvísar til að sanna á sér deili.
e. Hvert umsækjandi vill láta senda vegabréfið.
f. Hvernig afgreiðslu óskað er eftir.

Með umsókn um vegabréf skal fylgja:

a. Vegabréf sem á að endurnýja, ef ekki er sótt um fyrsta vegabréf. Ef vegabréf hefur glatast skal skila inn útfylltu eyðublaði þar sem rakin eru afdrif vegabréfsins.
b. Ljósmynd af umsækjanda (andlitsmynd án höfuðfats), sem líkist umsækjanda vel, 35 x 45 mm að stærð. Myndin skal vera á endingargóðum ljósmyndapappír, merkja- og stimplalaus. Heimilt er taka við ljósmynd af umsækjanda með höfuðfat ef umsækjandi fer fram á það af trúarlegum ástæðum.
   Þegar sótt er um neyðarvegabréf skal skila inn 2 ljósmyndum.
   Víkja má frá kröfum um gæði ljósmyndar þegar sótt er um hraðafgreiðslu á vegabréfi.
c. Þegar sótt er um vegabréf fyrir barn undir 18 ára aldri skal leggja fram skriflegt samþykki þeirra sem fara með forsjá barnsins. Nú er annað forsjárforeldri ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða af öðrum ástæðum og er þá samþykki hins fullnægjandi. Samþykki lögráðamanns þarf til að gefið verði út vegabréf til þess sem sviptur hefur verið sjálfræði. Útlendingaeftirlitið getur heimilað að vikið sé frá þessum skilyrðum ef sérstaklega stendur á.

9. gr.

Þegar umsókn hefur verið lögð fram skal umsækjandi, í viðurvist fulltrúa lögreglustjóra, rita nafn sitt í þar til gerðan reit á umsóknareyðublaði sem ljósmynd af umsækjanda skal fest við. Víkja má frá skilyrði um undirritun umsækjanda á grundvelli aldurs hans eða fötlunar.

10. gr.

Við móttöku umsóknar um vegabréf skal starfsmaður gæta þess að umsóknin sé rétt útfyllt og allar nauðsynlegar upplýsingar fyrirliggjandi. Útlendingaeftirlitið skal gefa út leiðbeiningar um starfsskyldur starfsmanna við könnun á umsóknum.

IV. KAFLI
Útgáfa vegabréfa.

11. gr.

Útlendingaeftirlitið annast útgáfu vegabréfa.

Íslenskur ríkisborgari, sem jafnframt er ríkisborgari í öðru ríki, getur fengið íslenskt vegabréf útgefið. Ekki skal gerð krafa um innköllun eða ógildingu erlends vegabréfs hlutaðeigandi af þessu tilefni.

Utanríkisráðherra setur reglur um útgáfu diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa. Utanríkisráðherra setur einnig reglur um útgáfu íslenskra sendistofnana á neyðarvegabréfum til íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis.

12. gr.

Vegabréf skal útgefið á fullt nafn umsækjanda samkvæmt þjóðskrá, svo framarlega sem öll nöfn komast fyrir innan viðkomandi reits í vegabréfinu. Ef fullt nafn er of langt, má skammstafa eiginnafn og millinafn eftir þörfum, en að öllu jöfnu skal þó að minnsta kosti eitt eiginnafn umsækjanda vera ritað fullum stöfum í vegabréfinu.

13. gr.

Þegar Útlendingaeftirlitið hefur gefið út vegabréf, samkvæmt beiðni lögreglustjóra, skal vegabréfið sent til lögreglustjóra, þar sem umsækjandi getur fengið það afhent. Umsækjandi getur einnig fengið vegabréfið sent í pósti, gegn greiðslu sendingarkostnaðar.

Vegabréf skal gefið út innan 10 virkra daga frá móttöku umsóknar.

V. KAFLI
Aukavegabréf.

14. gr.

Útlendingaeftirlitinu er heimilt að gefa út fleiri en eitt vegabréf fyrir sama einstakling. Aukavegabréf verður þó ekki gefið út nema umsækjandi sýni fram á þörf fyrir handhöfn fleiri vegabréfa en eins.

Eftir notkun skal skila aukavegabréfi til lögreglu.

Útlendingaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að aukavegabréfum sé skilað.

15. gr.

Aukavegabréf skal gefa út með gildistíma sem háður er lengd ferðar. Þó skal aldrei gefa aukavegabréf út til lengri tíma en tveggja ára.

VI. KAFLI
Vegabréf til bráðabirgða (neyðarvegabréf).

16. gr.

Lögreglustjórar mega gefa út vegabréf til bráðabirgða (neyðarvegabréf) þegar sérstaklega stendur á.

Gildistími neyðarvegabréfs skal miðaður við lok ferðar. Þó skal slíkt vegabréf aldrei gilda lengur en í 12 mánuði. Handhafa neyðarvegabréfs ber að skila því til lögreglu eftir notkun.

Neyðarvegabréf skal vera í bókarformi, 88 x 125 mm að stærð. Í bókinni skulu vera, auk kápunnar, 8 tölusettar blaðsíður.

VII. KAFLI
Hópvegabréf.

17. gr.

Útlendingaeftirlitinu er heimilt að gefa út hópvegabréf fyrir hóp ferðamanna undir 21 árs aldri.

18. gr.

Í umsókn um útgáfu hópvegabréfs skal tilgreina upplýsingar um ákvörðunarstað ferðar og tilgang hennar. Umsókn skal fylgja, í fjórriti, listi yfir þá sem telja skal upp í vegabréfinu, ásamt upplýsingum um fullt nafn, heimilisfang, kennitölu, fæðingarstað og ríkisborgararétt viðkomandi.

Með hópnum skal vera fararstjóri. Skal fararstjóri hafa náð 21 árs aldri og vera handhafi gilds vegabréfs.

Fararstjóri skal sjálfur staðfesta þær upplýsingar sem fram koma í umsókn um hópvegabréf, þar með talið samþykki lögráðamanna ólögráða aðila.

19. gr.

Hópvegabréf verða aðeins gefin út til íslenskra ríkisborgara. Hámarksfjöldi í hóp er 50 manns en lágmarksfjöldi fimm manns.

Hópvegabréf skal takmarka við ákveðin ríki og skal gildistími þess miðast við skipulagða ferðaáætlun. Hópvegabréf skal þó aldrei gilda lengur en í þrjá mánuði. Í vegabréfinu skal, auk gildistíma, tilgreina upplýsingar um útgefanda, útgáfustað og útgáfudag. Þá skal þar einnig tilgreina nafn og vegabréfsnúmer fararstjóra, auk upplýsinga um nöfn, fæðingarstað og fæðingardag allra þátttakenda hópferðarinnar. Í vegabréfinu skal einnig tilgreina ríki sem hópferðinni er heitið til.

VIII. KAFLI
Ferðaskilríki fyrir flóttamenn og vegabréf til útlendinga.

20. gr.

Útlendingaeftirlitið getur gefið út ferðaskilríki fyrir flóttamenn. Ferðaskilríki skal einungis gefið út til þeirra sem stjórnvöld hafa viðurkennt að hafi stöðu flóttamanna hér á landi og dvelja löglega hérlendis, sbr. 28. gr. samnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951.

Ferðaskilríki fyrir flóttamann má binda við tiltekið svæði. Einnig má ákvarða slíku skilríki skemmri gildistíma en mælt er fyrir um í 1. mgr. 22. gr.

21. gr.

Útlendingaeftirlitið getur gefið út vegabréf fyrir útlendinga, sem ekki geta með öðrum hætti aflað sér vegabréfs eða annars ferðaskilríkis.

Vegabréf fyrir útlending verður því aðeins gefið út að umsækjandi sé löglega búsettur hér á landi og geti sýnt fram á að hann geti ekki fengið útgefin ferðaskilríki þar sem hann á ríkisfang, eða hann sé ríkisfangslaus.

Vegabréf fyrir útlending má binda við tiltekið svæði. Einnig má ákvarða slíku vegabréfi skemmri gildistíma en mælt er fyrir um í 1. mgr. 22. gr.

IX. KAFLI
Gildistími vegabréfs, gjöld o.fl.

22. gr.

Gildistími vegabréfs skal vera tíu ár frá útgáfudegi. Þó skal gildistími vegabréfs fyrir barn yngra en 18 ára vera fimm ár frá útgáfudegi.

Útlendingaeftirlitið getur bundið vegabréf við tiltekið svæði. Það getur og ákvarðað vegabréfi skemmri gildistíma en mælt er fyrir um í 1. mgr. 22. gr., þegar ákvæði 5. gr. laga um vegabréf eiga við eða ætla má að viðkomandi hafi misfarið með vegabréf. Sömu heimild má beita hafi viðkomandi ítrekað glatað vegabréfi án þess að gera trúverðuga grein fyrir afdrifum þess.

23. gr.

Heimilt er að framlengja gildistíma vegabréfs, sem runnið hefur út á síðustu 12 mánuðum, eða sem renna mun út innan skamms tíma, ef ekki er unnt að gefa út nýtt vegabréf í tæka tíð.

Vegabréf skal framlengt með áritun þar um. Framlenging á gildistíma vegabréfs skal miðast við lok fyrirhugaðrar ferðar umsækjanda. Þó má aldrei framlengja vegabréf til lengri tíma en eins árs.

Upplýsingar um framlengingu vegabréfs skal færa í vegabréfaskrá.

Ekki má framlengja vegabréf oftar en einu sinni.

24. gr.

Meðan vegabréf er í gildi getur handhafi þess ekki fengið útgefið nýtt vegabréf, nema lögreglan hafi ógilt vegabréf hans, eða viðkomandi tilkynnt að vegabréf hans hafi eyðilagst eða glatast.

25. gr.

Útlendingaeftirlitið skal annast hraðafgreiðslu vegabréfa.

26. gr.

Um gjöld fyrir útgáfu vegabréfa fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs hverju sinni.

X. KAFLI
Skrá um vegabréf.

27. gr.

Útlendingaeftirlitið skal halda miðlæga skrá á tölvutæku formi um öll útgefin vegabréf, þar með talin diplómatísk vegabréf, þjónustuvegabréf, vegabréf fyrir útlendinga, ferðaskilríki fyrir flóttamenn og vegabréf til bráðabirgða.

Skráin skal geyma allar upplýsingar sem skráðar eru í vegabréf um handhafa þess. Ljósmynd af handhafa vegabréfs skal einnig geymd í skránni. Þeir sem taka við umsóknum um vegabréf, skulu annast skráningu þessara upplýsinga. Jafnframt skal Útlendingaeftirlitið, þegar vegabréf er gefið út, skrá útgáfudag, gildistíma og númer vegabréfs.

Skráin skal búin aðgangstakmörkunum þannig að hægt verði að veita mismunandi aðgang að kerfinu eftir þörfum notenda.

Útlendingaeftirlitið ákveður hvaða aðilar fái aðgang að skránni og setur nánari reglur um hana að fenginni umsögn tölvunefndar.

XI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

28. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 11. gr. laga um vegabréf nr. 136 22. desember 1998 og 1. og 2. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45 12. maí 1965, öðlast gildi 1.

október 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um íslensk vegabréf nr. 270 14. apríl 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. september 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Arnar Þór Jónsson.

27. september 1999 Nr. 625

REGLUR

um útgáfu vegabréfa til íslenskra ríkisborgara erlendis.

I. KAFLI
Útgáfa vegabréfa.

1. gr.

Útlendingaeftirlitið annast útgáfu almennra vegabréfa til íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis.

Þegar sérstaklega stendur á gefa íslensk sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur (sendistofnanir) út vegabréf til bráðabirgða (neyðarvegabréf) til íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis. Utanríkisráðuneytið ákveður hvaða sendistofnanir hafa heimild til útgáfu slíkra vegabréfa.

II. KAFLI
Umsókn um vegabréf.

2. gr.

Íslenskar sendistofnanir afhenda eyðublöð fyrir umsóknir um vegabréf til íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis. Þeim skulu fylgja leiðbeiningar um frágang þeirra.

Íslenskar sendistofnanir taka við umsóknum um almenn vegabréf og neyðarvegabréf, en þær taka ekki við umsóknum um ferðaskilríki fyrir flóttamenn, vegabréf fyrir útlendinga eða hópvegabréf.

3. gr.

Starfsmenn íslenskra sendistofnana skulu votta undirritun umsækjanda á umsóknareyðublaði, sem ljósmynd af umsækjanda er fest við, enda sanni hann deili á sér.

Sendistofnanir skulu framsenda útlendingaeftirlitinu umsóknir um vegabréf, fylgigögn og greiðslu fyrir útgáfu vegabréfsins og öðrum kostnaði svo fljótt sem unnt er.

Þegar sérstaklega stendur á getur íslenskt sendiráð, fastanefnd eða sendiræðisskrifstofa (sendiskrifstofa) heimilað að starfsmenn sendistofnana annarra norrænna ríkja, lögbókandi í viðkomandi landi eða annar opinber aðili, sem til þess er bær samkvæmt lögum viðkomandi ríkis, votti undirritun umsækjanda á umsóknareyðublaði um vegabréf, enda framsendi vottunaraðilinn sendiskrifstofunni umsóknina.

III. KAFLI
Gildistími vegabréfa, skil þeirra o.fl.

4. gr.

Sendistofnunum Íslands er heimilt að framlengja gildistíma almenns vegabréfs sem runnið hefur út á síðustu 12 mánuðum, eða sem renna mun út innan skamms tíma, ef ekki er unnt að gefa út nýtt vegabréf í tæka tíð.

Vegabréf skal framlengt með áritun þar um. Þó má aldrei framlengja vegabréf til lengri tíma en eins árs.

5. gr.

Um gjöld fyrir útgáfu vegabréfa fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs hverju sinni. Gjöld vegna póstsendingar- og bankakostnaðar við útgáfu vegabréfa skulu ákveðin í reglugerð um embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

IV. KAFLI

Gildistaka o.fl.

6. gr.

Við útgáfu vegabréfa og móttöku og meðferð umsókna um vegabréf skal að öðru leyti en að framan greinir beita ákvæðum reglugerðar um íslensk vegabréf eftir því sem við á.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 18. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971, sbr. 1. gr. laga um vegabréf nr. 136/1998, reglugerðar um íslensk vegabréf og 2. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 300/1999 um útgáfu vegabréfa til íslenskra ríkisborgara erlendis.

Utanríkisráðuneytinu, 27. september 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Nr. 626 27. september 1999

REGLUR

um diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf.

I. KAFLI

Útgáfa vegabréfa.

1. gr.

Útlendingaeftirlitið annast útgáfu diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið diplómatísk vegabréf:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrrverandi forsetar Íslands.
3. Forsetar Alþingis.
4. Hæstaréttardómarar.
5. Ráðherrar.
6. Biskupinn yfir Íslandi.
7. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.-5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og þeir aðrir starfsmenn hennar og venslamenn sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
8. Ráðuneytisstjórar.
9. Umboðsmaður Alþingis.
10. Ríkisendurskoðandi.

11. Ríkissaksóknari.
12. Ríkissáttasemjari.
13. Ríkislögreglustjóri.
14. Ríkislögmaður.
15. Aðalbankastjórar Seðlabankans.
16. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, þegar þeir eru í fylgd með forseta.
17. Þeir sem gegna meiri háttar trúnaðarstörfum fyrir Ísland í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
18. Fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
19. Fyrrverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar úr 1. og 2. flokki, sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971, sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
20. Makar og börn þeirra sem taldir eru í 1.-19. tölul., börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

3. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið þjónustuvegabréf:

1. Alþingismenn.
2. Skrifstofustjóri Alþingis.
3. Hæstaréttarritari.
4. Skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands.
5. Aðstoðarmenn ráðherra.
6. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem ekki eru taldir upp í 7. tölul. 2. gr.
7. Kjörræðismenn Íslands erlendis.
8. Forstjórar helstu ríkisstofnana.
9. Forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.
10. Borgarstjórinn í Reykjavík.
11. Þeir sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar, þegar sérstaklega stendur á og að því tilskildu að hlutaðeigandi ráðuneyti óski þess skriflega að vegabréf sé gefið út.
12. Fulltrúar Íslands í stjórn, á þingum eða í starfsliði fjölþjóðlegra ríkjasamtaka.
13. Þeir sem ferðast í erindum meiri háttar viðskiptasamtaka, þegar sérstaklega stendur á.
14. Fyrrverandi hæstaréttardómarar.
15. Fyrrverandi ráðherrar.
16. Fyrrverandi ráðuneytisstjórar.
17. Fyrrverandi aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands.
18. Þeir sem gegnt hafa meiri háttar trúnaðarstörfum í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
19. Makar og börn þeirra sem taldir eru upp í 1.-18. tölul., börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

Enn fremur er heimilt að gefa út þjónustuvegabréf til handa fyrrverandi starfsmönnum utanríkisþjónustunnar sem ekki falla undir 19. tölul. 2. gr. svo og þeim sem greinir í 2.-5. tölul., sbr. 19. tölul. þessarar greinar, þegar þessir starfsmenn hafa látið af starfi fyrir aldurs sakir.

II. KAFLI
Umsókn um vegabréf.

4. gr.

Umsókn um diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf skal afhenda utanríkisráðuneytinu. Þar skal koma fram fullt nafn, staða, heimilisfang, kennitala, fæðingarstaður, þjóðerni, hæð og kyn umsækjanda. Að öðru leyti skal beita reglugerð um íslensk vegabréf eftir því sem við á.

III. KAFLI
Gildistími vegabréfa, skil þeirra o.fl.

5. gr.

Þegar diplómatísk vegabréf eða þjónustuvegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar skulu þau eingöngu látin gilda fyrir þann tíma er ætla má að ferðin muni standa. Ella má láta vegabréf þessi gilda allt að fimm árum nema ljóst sé að réttur handhafa til diplómatískra vegabréfa eða þjónustuvegabréfa falli niður fyrir þann tíma.

6. gr.

Nú hættir maður að gegna starfi er heimildin til að fá diplómatískt vegabréf eða þjónustuvegabréf samkvæmt 2. eða 3. gr. fylgir og er þá vegabréfshafa skylt að afhenda útlendingaeftirlitinu, utanríkisráðuneytinu eða næsta íslenska sendiráði, fastanefnd eða sendiræðisskrifstofu (sendiskrifstofu) vegabréf sitt. Sama á við um vegabréf maka vegabréfshafa og barna hans sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 20. tölul. 2. gr. eða 19. tölul. 3. gr.

Utanríkisráðuneytið getur gert undanþágu frá aldursákvæðum 20. tölul. 2. gr. og 19. tölul. 3. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Íslenskum sendiskrifstofum er heimilt að framlengja gildistíma diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa ef brýna nauðsyn ber til og ekki er unnt að gefa út nýtt vegabréf í tæka tíð. Ekki er heimilt að framlengja gildistíma diplómatískra vegabréfa nema með heimild utanríkisráðuneytisins, en tilkynna skal ráðuneytinu um framlengingu gildistíma þjónustuvegabréfa.

Framlengja skal gildistíma vegabréfa samkvæmt 1. mgr. með áritun til allt að sex mánaða.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

8. gr.

Við útgáfu vegabréfa og móttöku og meðferð umsókna um diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf skal að öðru leyti en að framan greinir beita ákvæðum reglugerðar um íslensk vegabréf eftir því sem við á.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 1. gr. laga um vegabréf nr. 136/1998, sbr. 18. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971 og 2. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 299/1999 um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til utanríkisráðuneytinu verður kleift að annast skráningu upplýsinga um handhafa diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa í vegabréfaskrá annast útlendingaeftirlitið skráningu þeirra.

Utanríkisráðuneytinu, 27. september 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

AUGLÝSING

um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 1999-2000.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum og samkvæmt tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga hefur verið ákveðið að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 1999-2000, verði kr. 131,25 á hvert kg af dilkakjöti.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

27. september 1999 Nr. 628

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			**kg**	**%**	**kr./kg**
0702.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.10.-31.10.99	ótilgr.	15	30
Tollnúmer:					
0702.0001	Tómatar, nýir eða kældir	01.11.-15.03.00	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	11.10.-17.10.99	ótilgr.	22,5	149
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	18.10.-31.10.99	ótilgr.	15	99
0704.2000	Rósakál	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	25.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0705.1111	Jöklasalat	01.11.-15.03.00	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat	01.10.-31.10.99	ótilgr.	30	0
0705.1191	Annað (salat)	01.11.-15.03.00	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	01.10.-31.10.99	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.10.-31.10.99	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.11.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffiífilsblöð	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.10.-31.10.99	ótilgr.	15	97
0705.2900	Annað	01.11.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.-15.03.00	ótilgr.	22,5	102
0706.9001	Gulrófur	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0706.9009	Annars	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr./kg
0706.9009	Rauðrófur	01.10.-05.12.99	ótilgr.	22,5	102
Tollnúmer:					
0707.0011	Gúrkur	01.11.-15.03.00	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	11.10.-17.10.99	ótilgr.	22,5	148
0707.0021	Gúrkur	18.10.-31.10.99	ótilgr.	15	99
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	25.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	01.10.-15.03.00	ótilgr.	7,5	100
0709.6002	Paprika	01.11.-15.03.00	ótilgr.	0	0
0709.6003	Paprika	01.10.-17.10.99	ótilgr.	22,5	298
0709.6003	Paprika	18.10.-31.10.99	ótilgr.	15	199
Úr tollnúmeri:					
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	01.10.-10.10.99	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	11.10.-17.10.99	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	18.10.-31.10.99	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 15. mars 2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. september 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 11. ágúst 1999 staðfest samþykkt hreppsnefndar Eyjafjarðarsveitar frá 12. september 1996 og samþykkt hreppsnefndar Akrahrepps frá 13. október 1996 um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Til að ákvarða hnattstöðu brotpunktamarka voru notuð kort í mælikvarðanum 1:50 000 sem voru unnin og gefin út af kortagerðarstofnun bandaríska varnarmálaráðuneytisins og Landmælingum Íslands. Þetta eru eftirfarandi kortablöð:

Nýjabæjarafrétt, 1915 II gert 1990, (C761)
Öxnadalsheiði, 1915 IV gert 1988, (C761)
Bleiksmýrardalur, 2015 IV gert 1990, (C761)
Sprengisandur, 1914 I gert 1989, (C761)

Þessi kortablöð hafa viðmiðunina Hjörsey 1955 og þverstæða Mercator kortavörpun.

Samkvæmt samþykktunum verða mörk sveitarfélaganna með eftirfarandi hætti:

„Ekki verður breytt þeirri markalínu, sem þegar hefur verið sett á kort, og endar að sunnan á svokölluðum Miðás, sem er nokkurn veginn mitt á milli draga Tinnárdals og Torfufellsdals.

Hnattstaða: N 65°17,75'
V 18°31,60'

Þaðan er dregin bein lína að hæðarpunkti 1.026 m á korti.

Hnattstaða: N 65°15,00'
V 18°30,00'

Þaðan dregin bein lína í suðurenda Urðarvatns nyrðra.

Hnattstaða: N 65°12,72'
V 18°21,10'

Þaðan liggur línan eftir kvísl milli Urðarvatna og eftir miðju Urðarvatni syðra að vörðunni „Drottningu" sunnan Urðarvatna.

Hnattstaða: N 65°09,94'
V 18°21,64'

Þaðan bein lína í „Svarta hornið" (við Geldingsá).

Hnattstaða: N 65°06,46'
V 18°19,32'

Þaðan bein lína í vörðu, sem hlaðin var í ferð hreppsnefndarmanna, á bungu norðan Laugafellshnjúks, vestan skálanna við Laugafell.

Hnattstaða: N 65°01,88'
V 18°22,19'

Þaðan áfram suður í Hnjúkskvísl þar sem hún sveigir lengst í norður, norðan Laugafellshnjúks, og fylgir henni síðan suður með hnjúknum að austan og síðan eftir Jökulkvísl, sem er heiti á efsta hluta Hnjúkskvíslar, í tindinn Klakk, austan Hofsjökuls, en þar er endapunktur línunnar."

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. september 1999.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1998.

Sameinaður rekstrarreikningur.

	kr.
Fjármunatekjur:	
Vaxtatekjur og verðbætur	12.729.558
Fjármunatekjur alls:	12.729.558
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld	83.684
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga	2.141.075
Fjármagnsgjöld alls:	2.224.759
Hreinar fjármunatekjur:	10.504.799
Aðrar tekjur:	
Framlag sveitarfélaga	24.589.600
Framlag ríkissjóðs	15.000.000
Búnaðargjald	32.262.750
Gjald af söluv. landbúnaðarins	17.313.401
Aðrar tekjur alls:	89.165.751
Tekjur alls:	99.670.550
Styrkveitingar:	
Styrkir	58.579.606
Styrkveitingar alls:	58.579.606
Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld:	41.090.944
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	11.800.000
Sérkostnaður	3.398.343
Innheimtulaun búvörugjalds	346.268
Afskriftir	421.741
Rekstrargjöld alls:	15.966.352
Hagnaður fyrir skatta:	25.124.592
Fjármagnstekjuskattur	1.272.953
Hagnaður ársins:	23.851.639

Sameinaður efnahagsreikningur 31. desember.

Eignir.

Fastafjármunir:	**kr.**
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhöld	293.019
Fasteignir	12.359.233
Fastafjármunir alls:	12.652.252
Veltufjármunir:	
Skammtímakröfur:	
Óinnheimtar tekjur	2.747.847
Aðrar skammtímakröfur	126.675
Veltufjármunir alls:	2.874.522
Handbært fé:	
Bankainnstæður	205.650.027
	205.650.027
Veltufjármunir alls:	208.524.549
Eignir samtals:	221.176.801

Skuldir og eigið fé.

Eigið fé:	
Endurmatsreikningur	161.934.903
Óráðstafað eigið fé	39.724.043
Eigið fé alls:	201.658.946
Skuldbindingar:	
Lífeyrisskuldbinding	15.751.000
Skammtímaskuldir:	
Viðskiptaskuldir	3.766.855
Skammtímaskuldir alls:	3.766.855
Skuldir og skuldbindingar alls:	19.517.855
Skuldir og eigið fé samtals:	221.176.801

Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 1998. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því áliti sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber mér að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úr-

takskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 1998, efnahag hans 31. desember 1998 og breytingu á handbæru fé á árinu 1998, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 14. maí 1999.

Gísli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi.

Reykjavík, 28. apríl 1999.

Sesselja Árnadóttir.

Ríkharð Brynjólfsson. **Guðbjartur Gunnarsson.**

Hörður Harðarson. **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.**

Áritun framkvæmdastjóra.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal
aðstoðarframkvæmdastjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 - 1999

29. september 1999 1833 Nr. 631

REGLUR

um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna.

1. gr.

Barn yngra en 15 ára skal nota hlífðarhjálm við hjólreiðar.

2. gr.

Barni er ekki skylt að nota hlífðarhjálm við hjólreiðar ef það hefur fengið læknisvottorð, sem undanþiggur það notkun hans af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

3. gr.

Lögreglan skal vekja athygli barna á skyldu skv. 1. gr.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 72. gr. a umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. október 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. september 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 87, nr. 631. Útgáfudagur 30. september 1999.

B 118
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 1999

Nr. 632 1834 1. október 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 307 27. maí 1998, um veiðar á gulllaxi.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gulllaxveiðar eru aðeins heimilar á svæði undan Vestur- og Suðurlandi vestan 19°30'00 V og sunnan 66°00'00 N á dýpra vatni en 220 föðmum. Á svæði austan 19°30'00 V austur um að 64°30'00 N eru veiðar heimilar utan línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 63°19,00 N - 19°30,00 V
2. 63°20,00 N - 19°20,00 V
3. 63°16,30 N - 19°00,00 V
4. 63°13,30 N - 18°30,00 V
5. 63°12,70 N - 18°14,00 V
6. 63°11,00 N - 17°53,00 V
7. 63°14,50 N - 17°28,00 V
8. 63°16,60 N - 17°10,00 V
9. 63°18,40 N - 16°58,50 V
10. 63°22,00 N - 16°29,00 V
11. 63°23,50 N - 16°08,00 V
12. 63°24,70 N - 16°00,00 V
13. 63°28,50 N - 15°41,00 V
14. 63°31,00 N - 15°20,70 V
15. 63°34,70 N - 15°00,00 V
16. 63°36,00 N - 14°49,60 V
17. 63°36,60 N - 14°40,50 V
18. 63°41,30 N - 14°28,10 V
19. 63°47,82 N - 14°06,17 V
20. 63°54,00 N - 13°45,00 V
21. 64°01,20 N - 13°21,50 V
22. 64°02,50 N - 13°09,00 V
23. 64°30,00 N - 12°00,00 V

Ofangreind heimild veitir skipinu aðeins rétt til að stunda veiðar á þeim svæðum sem því er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með þeim takmörkunum sem slíkum veiðum eru settar í sérstökum reglugerðum og skyndilokunum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 5. október 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. október 1999.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 628/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á litaðri papriku (paprika, önnur en græn) í 2. gr. reglugerðarinnar:

Vara		Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	05.10. - 31.10.99	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. október 1999.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 1999

Nr. 634 1836 11. ágúst 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Bárðdælahrepps og Skútustaðahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 11. ágúst 1999 staðfest samþykkt hreppsnefndar Bárðdælahrepps frá 14. ágúst 1996 og samþykkt hreppsnefndar Skútustaðahrepps frá 8. ágúst 1996 um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Samkvæmt samþykktunum verða mörk sveitarfélaganna með eftirfarandi hætti: „Stjórnsýslumörk Bárðdælahrepps og Skútustaðahrepps eru bein lína sem dregin er frá Bræðrum við Svartárvatn um hátind Trölladyngju og áfram bein lína í Vatnajökul."

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. ágúst 1999.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 635 29. september 1999

REGLUGERÐ

um persónuhlífar til einkanota.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um persónuhlífar sem fyrst og fremst eru ætlaðar til einkanota og settar eru á markað hér á landi hvort sem þær eru boðnar til sölu eða leigu.

2. gr.

Í reglum nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa með áorðnum breytingum er kveðið á um skilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu persónuhlífa innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), til þess að tryggt sé að þær uppfylli kröfur um heilsu og öryggi notenda. Um skilgreiningu hugtaka, kröfur um öryggi og skilyrði fyrir markaðssetningu persónuhlífa vísast til þeirra reglna og viðauka þeirra, eftir því sem við á, um persónuhlífar til einkanota.

Sömu takmarkanir á gildissviði og umfangi og um getur í 3. tl. 1. gr. ofangreindra reglna gilda um persónuhlífar til einkanota.

3. gr.

Reglugerðin nær yfir persónuhlífar sem einstaklingar klæðast eða halda á til einkanota, sér til verndar gegn hættu eða hættum er ógna kunna heilsu og öryggi þeirra.

Um nánari skilgreiningu á orðinu persónuhlíf vísast til 2. tl. 2. gr. reglna nr. 501/1994.

4. gr.

Ákvæði laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995 ná yfir persónuhlífar til einkanota eftir því sem við á.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

5. gr.

Eingöngu er heimilt að setja á markað persónuhlífar til einkanota sem vernda eiga heilsu og tryggja öryggi notenda, án þess að stofna heilsu eða öryggi annarra í hættu þegar þær eru notaðar og þeim haldið við eins og ætlast er til.

6. gr.

Persónuhlífar til einkanota sem settar eru á markað hér á landi skulu annaðhvort vera hannaðar og framleiddar í samræmi við samhæfða evrópska staðla eða hannaðar og framleiddar í samræmi við eintak sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu tilnefnds aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Með útgáfu samræmisyfirlýsingar skal framleiðandi staðfesta að uppfylltar séu kröfur til markaðssetningar á persónuhlífum til einkanota. Hann skal hafa tiltæk tæknigögn um framleiðsluna, sé þess óskað að þau verði lögð fram.

Óheimilt er að setja á markað hér á landi persónuhlífar sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar nema þær séu merktar með CE-merkinu.

III. KAFLI
Opinber markaðsgæsla og eftirlit.

7. gr.

Með opinberri markaðsgæslu skal unnið að því að persónuhlífar til einkanota á markaði uppfylli settar reglur og hafi ekki hættu í för með sér fyrir notendur.

Löggildingarstofa fer með stjórnvaldsþátt markaðsgæslu og eftirlit á markaði með öryggi persónuhlífa til einkanota. Að öðru leyti ber Vinnueftirlit ríkisins ábyrgð á öryggi persónuhlífa á markaði.

Heimilt er að fela faggiltri skoðunarstofu eftirlit á markaði með öryggi persónuhlífa til einkanota. Samskipti Löggildingarstofu, Vinnueftirlits ríkisins og skoðunarstofu skal fara fram á vettvangi samvinnunefndar.

8. gr.

Að beiðni Löggildingarstofu er skoðunarstofu heimilt að skoða persónuhlífar til einkanota á markaði og krefjast upplýsinga um framleiðanda, svo og að taka sýnishorn vöru til rannsóknar. Skoðunarstofa getur krafið framleiðanda eða fulltrúa hans um vottorð, yfirlýsingu um samræmi við reglur og staðla, prófunarskýrslu, tæknilegar upplýsingar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna öryggi vöru.

Starfsmenn Löggildingarstofu, skoðunarstofu og fulltrúar í samvinnunefnd eru bundnir þagnarskyldu um atriði er fram koma við rannsókn og viðskiptaleynd hvílir yfir. Það skal þó ekki vera því til fyrirstöðu að birtar séu opinberlega upplýsingar um hættulegar persónuhlífar til einkanota ef brýna nauðsyn ber til sökum þeirrar hættu sem af vörunni stafar.

IV. KAFLI
Notkunarleiðbeiningar.

9. gr.

Framleiðandi skal útbúa notkunarleiðbeiningar sem fylgja skulu persónuhlífum til einkanota sem hann setur á markað.

Með persónuhlífum til einkanota skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar, ritaðar á íslensku til þess að tryggja örugga notkun þeirra.

V. KAFLI
Gildistaka o.fl.
10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. tilskipun 89/686/EBE um samræmingu aðildarlandanna um persónuhlífar eins og henni var breytt með tilskipunum 93/95/EBE, 93/68/EBE og 96/58/EBE.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 29. september 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 636 30. september 1999

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 247/1999, um einkennisbúninga, merki og búnað tollgæslunnar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. gr. reglugerðarinnar:

a. Á eftir orðunum „*Sérhæfður tollvörður*“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: *og flokkstjóri.*
b. 2. málsl. 7. mgr. orðast svo: Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skal vera þversum ein einkennisrönd 6 mm breið nær axlarbrún og önnur 3 mm breið nær kraga, ísaumaðar með gylltum tvinna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Breyting samkvæmt a-lið 1. gr. skal þó ekki koma til framkvæmda fyrr en gefin hefur verið út reglugerð um starfsheiti tollvarða skv. 2. mgr. 31. gr. tollalaga.

Fjármálaráðuneytinu, 30. september 1999.

F. h. r.
Maríanna Jónasdóttir.

Bergþór Magnússon.

AUGLÝSING

um breyting á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 1999 - 2000, sbr. auglýsingu nr. 383/1999.

Menntamálaráðherra hefur með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum og samþykktar stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna á stjórnarfundi hinn 17. september 1999 staðfest svohljóðandi breytingu á grein 1.2.2. og grein 2.2.1. úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 1999-2000, sbr. auglýsingu nr. 383/1999:

Grein 1.2.2. breytist þannig að á eftir „Garðyrkjuskóla ríkisins“ komi svohljóðandi viðbót: Leiðsöguskólinn.

1. mgr. greinar 2.2.1. orðist þannig:

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Miða skal fullt nám við stysta skipulegan námstíma samkvæmt námskrá, sem yfirstjórn skóla hefur staðfest. Þegar um meistara- eða doktorsnám er að ræða er þó heimilt að bæta einu misseri við framangreindan námstíma til samræmis við persónubundna námsáætlun um fullt nám sem yfirstjórn námsgreinar hefur staðfest. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs, fái námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri. Þannig reiknast metnar einingar úr fyrra námi ekki til námsframvindu.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 21. september 1999.

Árni M. Mathiesen.

Guðríður Sigurðardóttir.

23. september 1999 Nr. 638

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar við Bauluvatn í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar við Bauluvatn í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 23. september 1999.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðanna nr. 1, 3 og 5 við Laugarbraut, Laugarvatni, Laugardalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 7. september 1999 samþykkt deiliskipulag lóðanna nr. 1, 3 og 5 við Laugarbraut, Laugarvatni, Laugardalshreppi.

Greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. september 1999.

Oddviti Laugardalshrepps,

Guðmundur Rafnar Valtýsson.

Nr. 640 23. september 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 470/1986 fyrir Seðlabanka Íslands.

1. gr.

60. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Samkvæmt 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands skal starfa við bankann innri endurskoðun undir umsjón bankaráðs. Yfirmaður innri endurskoðunar skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Bankaráð setur honum erindisbréf.

Yfirmaður innri endurskoðunar skal vinna í nánu samstarfi við daglega yfirstjórn bankans að viðfangsefnum skv. 61. grein. Hann skal hafa fullt sjálfstæði til ákvarðana um verklag og umfang einstakra kannana. Hann undirritar ársreikning bankans ásamt bankastjórn og aðalbókara. Eigi sjaldnar en árlega skal hann gefa bankaráði skýrslu um starfsemi innri endurskoðunar. Skýrslur til bankaráðs skulu einnig sendar Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sbr. 62. gr.

2. gr.

61. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Innri endurskoðun skal framkvæma eftir góðri endurskoðunarvenju og í því sambandi gera þær kannanir á bókhaldi og öðrum gögnum, sem nauðsynlegar kunna að þykja.

Verkefni innri endurskoðunar eru m.a. eftirfarandi:

a) Að kanna áreiðanleika fjárhags- og rekstrarupplýsinga.
b) Að kanna og fylgjast með að virk innri eftirlitskerfi séu fyrir hendi og beinist að þeim þáttum rekstrar þar sem áhættan er mest.
c) Að fylgjast með því að upplýsingakerfi bankans séu virk og að fyllsta rekstraröryggis sé ávallt gætt.
d) Að kanna hvort fyrir hendi séu skýrar og greinargóðar starfsreglur, sem endurspegla m.a. ákvæði laga, reglugerða, reglna og samþykkta, sem um bankann gilda á hverjum tíma.
e) Að fylgjast með að varðveisla og skráning eigna sé með viðeigandi hætti.
f) Að meta hagkvæmni og hagsýni í notkun fjármagns og mannafla sem er til ráðstöfunar.

3. gr.

62. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Ársreikningur Seðlabanka Íslands skal endurskoðaður og áritaður af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skoðunarmaður skal hafa löggildingu sem endurskoðandi.

Að lokinni endurskoðun og áritun ársreiknings Seðlabanka Íslands skal ráðherra og bankaráði send endurskoðunarskýrsla.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 36 5. maí 1986 um Seðlabanka Íslands, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. september 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þorgeir Örlygsson.

27. september 1999 Nr. 641

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 11/1999 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/1999, sbr. nr. 7/1999 og nr. 9/1999, um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1999.

Frá og með 1. október 1999 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja sem launamaður fær greiddar vegna ferða í þágu launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Frá sama tíma breytast fjárhæðir dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar innanlands.

Fjárhæðirnar verða sem hér segir:

1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) *Almennt gjald*:

Fyrir:	1 - 10.000 km	verður	kr.	41,65
	10.001 - 20.000 km	verður	kr.	37,50
	> 20.001 km	verður	kr.	33,30

b) *Sérstakt gjald.*

Sérstakt gjald verður 15% hærra en almennt gjald samkvæmt a) eða sem hér greinir:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr.	47,90
	10.001 - 20.000 km	kr.	43,13
	> 20.001 km	kr.	38,30

c) *Torfærugjald.*

Torfærugjald verður 45% hærra en almennt gjald samkvæmt a) eða sem hér greinir:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr.	60,40
	10.001 - 20.000 km	kr.	54,38
	> 20.001 km	kr.	48,29

2. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 4.3. í auglýsingunni:

		kr.
Gisting og fæði í einn sólarhring	verði	8.500
Gisting í eina nótt	verði	4.500

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberrra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. október 1999.

Reykjavík, 27. september 1999.

Indriði H. Þorláksson.

Nr. 642

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1998.

Rekstrarreikningur.

	kr.
Fjármunatekjur:	
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum	372.033.571
Aðrar vaxtatekjur	17.617.008
Lántökugjald	15.189.000
Fjármunatekjur alls:	404.839.579
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum	64.194.826
Önnur vaxtagjöld	12.829
Lántökugjöld	2.466.279
Fjármagnsgjöld alls:	66.673.934
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu	338.165.645
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	-67.115.365
Hreinar fjármunatekjur:	271.050.280
Aðrar tekjur:	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	29.655.029
Aðrar tekjur alls:	29.655.029
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	15.300.000
Sérkostnaður Lánasjóðs	4.247.721
Afskrifaðir varanlegir rekstrarfjármunir	1.014.713
Rekstrargjöld alls:	20.562.434
Tekjuafgangur ársins:	280.142.875

Efnahagsreikningur 31. desember 1998.

Eignir.

Fastafjármunir:	
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Fasteign	29.734.699
Varanlegir rekstrarfjármunir alls:	29.734.699
Áhættufé:	
Hlutabréfaeign	420.588
Áhættufé alls:	420.588
Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	6.755.792.743
Afborganir til greiðslu á næsta ári	-949.962.518
Langtímakröfur alls:	5.805.830.225
Fastafjármunir alls:	5.835.985.512
Veltufjármunir:	
Útistandandi skuldir	11.999.393
Gjaldfallnar afborganir og vextir	54.612.938
Áfallnir útistandandi vextir	138.082.674
Afborganir sem gjaldfalla á næsta ári	918.202.376
Bankainnstæður	144.317.770
Sjóður	80.815
Veltufjármunir alls:	1.267.295.966
Eignir samtals:	7.103.281.478

Skuldir og eigið fé.

Eigið fé:	
Endurmatsreikningur	2.315.593.484
Óráðstafað eigið fé	3.347.509.189
Eigið fé alls:	5.663.102.673
Langtímaskuldir:	
Ábyrgðarskuldbinding:	
Lífeyrisskuldbinding v/starfsmanna	15.750.500
Ábyrgðarskuldbinding alls:	15.750.500
Langtímalán:	
Framkvæmdasjóður Íslands	0
Seðlabanki Íslands	2.917.158
Norræni fjárfestingabankinn	1.022.426.628
Búnaðarbanki Íslands	127.721.891
Landsbanki Íslands	238.480.717
	1.391.546.394
Afborganir næsta árs	-95.522.216
Langtímalán alls:	1.296.024.178

Skammtímaskuldir:

Skuldheimtumenn	4.491.470
Áfallnir ógreiddir vextir	28.390.441
Afborganir næsta árs af langtímaskuldum	95.522.216
Skammtímaskuldir alls:	128.404.127
Skuldir alls	1.440.178.805
Skuldir og eigið fé samtals:	7.103.281.478

Reykjavík, 18. ágúst 1999.

Kristján Magnússon stjórnarformaður.

Karl Björnsson. **Ingvar Viktorsson.**
Óli Jón Gunnarsson. **Ásgeir Magnússon.**
Þórður Skúlason. **Birgir L. Blöndal.**

Áritun endurskoðenda.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1998. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-11.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1998, efnahag 31. desember 1998 og breytingu á handbæru fé á árinu 1998 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 9. september 1999.

Ingimundur Sigurpálsson
skoðunarmaður.

Sveinn Sæmundsson
löggiltur endurskoðandi.

AUGLÝSING

um (7.) breytingu á auglýsingu nr. 745/1998 um skrá yfir ríki, svæði og starfstöðvar, sem innflutningur sjávarafurða og annarra afurða sem falla undir reglugerð um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, er heimill frá.

Á lista yfir starfstöðvar í **Ástralíu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
920	James Bowes Pty. Ltd.	GERALDTON WESTERN AUSTRALIA	PP
1087	Allan Barnett Fishing Co. Pty. Ltd.	BRIDPORT TASMANIA	PP
1228	Angelakis Bros Pty. Ltd.	ADELAIDE SOUTH AUSTRALIA	PP
1685	Michelle (Michelle Fisheries Pty. Ltd.)	PORT LINCOLN SOUTH AUSTRALIA	FV
1801	Balmoral (George William & Carolyn Margaret Goddard)	CAIRNS QUEENSLAND	FV
1815	Parkway Holdings Pty. Ltd. (Wa Fish Processing)	KARPINYA WESTERN AUSTRALIA	PP
1861	Vagabond PK (Delos No 24 Pty. Ltd.)	TOWNSVILLE QUEENSLAND	FV
2267	Botany Cold Storage Pty. Ltd.	BOTANY NEW SOUTH WALES	PP
2763	Tourville Bay (Kingslake Pty. Ltd.)	PORT ADELAIDE SOUTH AUSTRALIA	FV
2933	Alliance (Schulz Fisheries Pty. Ltd.)	HERVEY BAY QUEENSLAND	FV
3097	Hellmann Worldwide Logistics Pty. Ltd. (Hellmann Perishable Logistics)	TULLAMARINE VICTORIA	PP
3369	Guiding Star (Schulz Fisheries Pty. Ltd.)	URANGAN QUEENSLAND	FV
3630	Scarborough Trawler Fishing Co Pty. Ltd. (Morgan's Fresh Seafoods)	SCARBOROUGH QUEENSLAND	PP
3793	Produce Management Services Pty. Ltd.	TULLAMARINE VICTORIA	PP
4339	Warlock (Advance Pty. Ltd.)	GLADSTONE QUEENSLAND	FV
4345	Pegasus-T (Beach Street Fishing Enterprises Pty. Ltd.)	BUNDABERG QUEENSLAND	FV
4372	Petersen (Ocean Fresh Fisheries Pty. Ltd.)	HOBART TASMANIA	FV
4374	RFL Australia Limited	EAST DEVONPORT TASMANIA	PP
4419	Ena-Mary (Ian Johnston)	TOWNSVILLE QUEENSLAND	FV
4517	Ocean Dawn (Ocean Fresh Fisheries Pty. Ltd.)	HOBART TASMANIA	FV
4925	Pemberton Aquaculture Producers Pty. Ltd.	PEMBERTON WESTERN AUSTRALIA	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
4995	Emma Rose (Madoc Pty. Ltd. & Jaz Pty. Ltd.)	PORT LINCOLN SOUTH AUSTRALIA	FV
6155	David Park Export Pty. Ltd.	PORT LINCOLN SOUTH AUSTRALIA	PP

Af lista yfir starfstöðvar í **Ástralíu** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
149	P&O COLD STORAGE LTD	FOOTSCRAY VICTORIA	PP
1387	NW KOKS (EDGEMERE PTY. LTD., STORKS FISHERIES)	FREMANTLE WESTERN AUSTRALIA	FV
1666	MIA EXPORT PTY. LTD.	PORT LINCOLN SOUTH AUSTRALIA	PP
1885	SHAMROCK II (PETER RODERICK LECORNU)	TOWNSVILLE QUEENSLAND	FV
2001	F.V. SIL (ANTARCTIC POLAR PTY. LTD.)	FREMANTLE WESTERN AUSTRALIA	FV
2333	WITNEY PTY. LTD. (WA SEA PRODUCTS)	KARDINYA WESTERN AUSTRALIA	PP
2670	LC FAY (KENNETH ROY & CHRISTINA MARY RODER)	INNISFAIL QUEENSLAND	FV
3345	RIVERLEA STAR (DONALD LESLIE & LOLA DOROTHY CARLYON)	BOWEN QUEENSLAND	FV
3535	MONTAGUE COLD STORAGE (TAS) PTY. LTD.	DEVONPORT TASMANIA	PP
3646	Westmore (Brian Peter Byass, Byass Fisheries)	POINT SAMSON WESTERN AUSTRALIA	FV
3685	Ocean Achiever (Ocean Trawlers Pty. Ltd.)	FREMANTLE WESTERN AUSTRALIA	FV
4422	JACK B, ROBIN W HUTCHINGS & CHARLENE J GRIBBLE (FRESHWATER AUSTRALIAN CRAYFISH TRADERS)	KALBAR QUEENSLAND	PP
6013	SEA RAKER FISHERIES PTY. LTD.	ESSENDON AIRPORT VICTORIA	PP
6458	BRAHMAN (HENCHMAN FISHING COMPANY PTY. LTD.)	URANGAN QUEENSLAND	FV

Á lista yfir starfstöðvar í **Ekvador** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
197	Pescados, Camarones y Mariscos S.A. DOCAPES	SALINAS GUAYAS	PP
325	Gambas del Pacifico S.A.	GUAYAQUIL GUAYAS	PP
497	DUNCI S.A.	GUAYAQUIL GUAYAS	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Mexíkó** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
BMSSA0071	Tizoc (Compañía Atunera del Pacífico S.A. de C.V.)	MAZATLÁN SINALOA	ZV
BMSSA0072	Tlaloc (Baja Atunera S.A. de C.V.)	MAZATLÁN SINALOA	ZV
BMSSA0073	Don Agustín (Pesquera Jusajeli S.A. de C.V.)		ZV
BMSSA0074	Don Agustín II (Pesquera Jusajeli S.A. de C.V.)		ZV
BMSSA0075	Don Agustín III (Pesquera Jusajeli S.A. de C.V.)		ZV
BMSSA0076	Don Agustín IV (Pesquera Jusajeli S.A. de C.V.)		ZV
BMSSA0077	Don Agustín V (Pesquera Jusajeli S.A. de C.V.)		ZV
BMSSA0078	Mazcu I (Pesquera Mazcu I S.A. de C.V.)		ZV
BMSSA0079	Manolo (Pesquera Piedra Anegada S.A. de C.V.)		ZV
BMSSA0080	Famtiza (Pesquera Piedra Anegada S.A. de C.V.)		ZV
BMSSA0081	Atún X (Soc. Coop. De Prod. Pesq. Atún Mexicanos S.C.L.)		ZV
BMSSA0082	Don Fernando (P.M.A. de Sinaloa S.A. de C.V.)		ZV

Af lista yfir starfstöðvar í **Mexíkó** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
BMSSA0068	Estado 29 (Soc. Coop. De Prod. Pesquera Estado 29, S.C. de R.S.)		ZV
BMSSA0069	Atun VIII (Soc. Coop. De Prod. Pesquera Estado 29, S.C. de R.S.)		ZV
BMSSA0070	Cedmex (Planta Procesadora y Conservadora de Productos Marinos)		ZV
NIN-751218 D97	Nair Industrias SA de CV	MAZATLAN SINALOA	PP
SCP-420620 6W5	Planta Empacadora de Mariscos de Isla Natividad	MULEGE BAJA CALIFORNIA SUR	PP
SEM-960417 2E7	Sur Este Mexicana SA de CV	GUAYMAS SONORA	PP

Á lista yfir starfstöðvar á **Nýja-Sjálandi** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
PH 138	Sea Products (1998) Limited	AUCKLAND	PP
PH 191	Egmont Seafoods Limited	NEW PLYMOUTH	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
PH 511	American Empress	NELSON	FV
S 160	North Port Coolstores (1998) Limited	WHANGAREI	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Suður-Kóreu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
KORF-092	Palmera (Borim Fisheries Co., Ltd)	CHUNG-GU PUSAN-SI	FV

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. september 1999.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.

Nr. 644 26. september 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. október 1993.

1. gr.

22. gr. breytist þannig:

Liður 22.30 (4), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:

(4) Takmörkun hljóðstyrks í eyrnahæð ökumanns dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 77/311 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 og ákvörðun nr. 96/627 eru uppfyllt.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1997, svo og með hliðsjón af II. kafla II. viðauka EES samningsins, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. september 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi suðaustur Hvaleyrarholts, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi suðaustur Hvaleyrarholts, sem staðfest var þann 14. ágúst 1979. Breytingin felst í að byggingareitum Lyngbarðs 1-9 er breytt, þannig að möguleiki er á tengibyggingu milli húss og bílskúrs og að byggja sólstofu á vesturgafli íbúðarhúss.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi á útgáfudegi B-deildar Stjórnartíðinda.

Hafnarfirði, 4. október 1999.

Magnús Gunnarsson bæjarstjóri.

5. október 1999 Nr. 646

REGLUR

um fjárveitingar til háskóla skv. 20. gr. laga nr. 136/1997.

I. KAFLI
Framlög vegna kennslu.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hverjum háskóla, sem fær framlag úr ríkissjóði samkvæmt samningi, árlegt framlag, nemendaframlag, vegna sérhvers nemanda sem stundar nám til viðurkenndra námsloka (grunnnámsprófs, fyrsta háskólaprófs eða meistaraprófs) í samræmi við reglur þessar. Fullt nám er 30 einingar á námsári og endurspeglar alla námsvinnu nemenda; viðveru í kennslustundum, verkefnavinnu og þátttöku í prófum. Hver námseining gerir kröfu til vinnuframlags nemanda við nám, sem svarar vinnuviku. Hverjar fullar 30 námseiningar, sem þreyttar eru á námsbraut, teljast nemandaígildi.

Nemendaframlag er mishátt eftir námsbrautum sbr. 2. gr. Byggist það á gefnum forsendum um umfang og gæði þjónustu og húsnæði og annan aðbúnað í háskóla.

Nemendaframlagi er ætlað að standa undir öllum venjulegum kostnaði skóla vegna kennsluþáttarins í rekstri hans, m.a. kennslu, þjónustu, húsnæði, búnaði og annarri aðstöðu sem nemendum og starfsmönnum skólans er látin í té vegna námsins og kennslunnar. Skóli getur aflað viðbótartekna til að standa straum af umframkostnaði við kennsluþáttinn í samræmi við lagaheimildir hans.

2. gr.

Nemendur skulu flokkaðir í nemendabókhaldi skóla á námsbrautir í samræmi við áætluð námslok, þannig að hver nemandi og námseiningar sem hann þreytir, falli aðeins í einn flokk. Enginn getur talist í námi nema á einni námsbraut á hverri önn og teljast einingar hans til tilsvarandi flokks, enda séu námsgreinarnar hluti af áföngum námsbrautarinnar samkvæmt námskrá. Heimilt er að telja einingar vegna prófa sem nemendur taka án fullnægjandi árangurs. Endurtaki nemendur í þeim tilvikum próf á sama skólaári skulu viðkomandi einingar hans aðeins taldar einu sinni. Hvorki er gerður greinarmunur á fjarnámi

og staðbundnu námi við talningu námseininga né heldur á námi til grunnnámsprófs, fyrsta háskólaprófs eða meistaraprófs á sömu námsbraut.

Við flokkunina skal fylgja eftirfarandi viðmiðunum og ákvarðar menntamálaráðuneytið endanlega flokkun.

Flokkur 1. Kennslan fer bæði fram í fyrirlestrum og æfingatímum. Undir þetta fellur nám á sviði félags- og mannvísinda, landafræði, guðfræði og lögfræði.

Flokkur 2. Kennslan fer bæði fram í fyrirlestrum, æfingatímum og með verklegum æfingum í notkun sérhæfðs búnaðar. Undir þetta fellur nám á sviði tölvufræða og stærðfræði.

Flokkur 3. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, æfingatímum og verklegri þjálfun við meðhöndlun sjúklinga undir handleiðslu. Undir þetta fellur nám á sviði hjúkrunarfræða.

Flokkur 4. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, æfingatímum og æfingakennslu undir handleiðslu kennara. Undir þetta fellur kennaranám og nám á sviði uppeldisfræða.

Flokkur 5. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, æfingatímum og verklegum æfingum á rannsóknastofum og í notkun sérhæfðs búnaðar. Undir þetta fellur nám á sviði verkfræði, tæknifræði, eðlisfræði, efnafræði, lyfjafræði, jarðfræði og lífvísinda. Námið felur að jafnaði í sér verulega þjálfun í hönnun eða rannsóknastofuvinnu.

Flokkur 6. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, æfingatímum, verklegum æfingum á rannsóknastofum og verklegri þjálfun við meðhöndlun sjúklinga undir handleiðslu. Undir þetta fellur nám í læknisfræði.

Flokkur 7. Tannlæknanám.

3. gr.

Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla til fimm ára í senn. Fjárhagsleg samskipti skólans og menntamálaráðuneytisins skulu vera í samræmi við skriflegan samning aðila. Sé samningur ekki í gildi eða áætlanagerð skólans í ósamræmi við gildandi samning gerir ráðuneytið sjálfstæða tillögu um fjárveitingu.

Í fjárhags- og starfsáætlun háskóla með tillögu um fjárveitingu til háskóla úr ríkissjóði skal, eins og nánar er ákveðið í samningi við menntamálaráðuneytið, gera grein fyrir áætluðum fjölda nemendaígilda og skiptingu þeirra á námsbrautir og verðflokka.

Háskólaráð hvers skóla ákvarðar skiptingu fjárveitingar til háskólans samkvæmt fjárlögum með samþykktri rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir háskólann og fyrir hverja deild, nema annað sé berum orðum tekið fram í sérlögum eða reglugerð um hvern skóla.

Uppgjör á framlagi ríkisins fyrir liðið almanaksár fer fram í árslok og eigi síðar en 31. janúar næsta ár. Skal uppgjörið byggjast m.a. á upplýsingum skólans, sem afhentar eru ráðuneytinu í árslok um fjölda nemendaígilda í hverjum reiknilokki sbr. 2. mgr. 2. gr. á því skólaári, sem lauk á árinu.

4. gr.

Nemendaframlög ákvarðast þannig miðað við flokkun í 2. mgr. 2. gr.:

Flokkur 1	267	þús. kr.	Flokkur 5	642	þús. kr.
Flokkur 2	444	þús. kr.	Flokkur 6	883	þús. kr.
Flokkur 3	496	þús. kr.	Flokkur 7	1.477	þús. kr.
Flokkur 4	479	þús. kr.			

Frá reiknuðu framlagi skv. 1. mgr. þessarar greinar skal draga skrásetningargjald sem nemur allt að 25.000 kr. á nemandaígildi.

II. KAFLI
Framlög vegna kennsluhúsnæðis.

5. gr.

Húsnæðisframlag er annars vegar vegna fjárbindingar og hins vegar vegna viðhalds.

Við ákvörðun á húsnæðisframlagi til háskóla skal margfalda saman fjölda nemendaígilda, sbr. 1. mgr. 2. gr. og fermetrafjölda á nemandaígildi samkvæmt eftirfarandi flokkun, sem svarar til flokkunar í 2. mgr. 2. gr. Summa margfeldanna er fermetravísir skólans vegna kennslu.

Flokkur 1	6,6 fm.	Flokkur 5	10,2 fm.
Flokkur 2	7,4 fm.	Flokkur 6	14,6 fm.
Flokkur 3	8,1 fm.	Flokkur 7	25,0 fm.
Flokkur 4	6,6 fm.		

Framlag vegna viðhalds fæst þá með því að margfalda saman fermetravísi og 2.266 kr.

Framlag vegna fjárbindingar skal einungis greitt vegna húsnæðis sem hvorki hefur verið fjármagnað með beinum greiðslum úr ríkissjóði né af lögbundnum tekjustofni. Framlag vegna fjárbindingar getur verið vegna húsnæðis, sem tekið er á leigu.

Ef fermetravísir er stærri tala en brúttó fermetrafjöldi þess húsnæðis, sem háskólinn notar vegna kennslu, og skólinn telst eiga og fjármagnað hefur verið með beinum greiðslum úr ríkissjóði og af lögbundnum tekjustofni, skal áætla honum framlag vegna fjárbindingar einungis vegna þess fermetrafjölda, sem á vantar, þ.e. margfalda saman mismun fermetravísis og þess fermetrafjölda, sem notaður er, og 5.665 kr.

Ef fermetravísirinn er minni tala en háskólinn notar vegna kennslu, og skólinn telst eiga og fjármagnað hefur verið með beinum greiðslum úr ríkissjóði og af lögbundnum tekjustofni, reiknast honum ekki framlag vegna fjárbindingar. Menntamálaráðuneytið ákveður hve stórt hlutfall húsnæðis skóli telst nota vegna kennslu. Skóla, sem notar einungis húsnæði, sem hvorki er fjármagnað með beinum greiðslum úr ríkissjóði né af lögbundnum tekjustofni, reiknast framlag vegna fjárbindingar, sem fæst með því að margfalda saman fermetravísinn og 5.665 kr.

6. gr.

Við gildistöku reglna þessara miðast framlög samkvæmt 4. og 5. gr. við áætlað meðalverðlag ársins 2000 og taka þau breytingum í samræmi við mat á launa- og verðlagsforsendum hverju sinni við samþykkt fjárlaga. Menntamálaráðherra endurskoðar fjárhæðir skv. 4. og 5. gr. a.m.k. árlega.

III. KAFLI
Rannsóknir og rannsóknarhúsnæði.

7. gr.

Árleg fjárveiting til skóla vegna rannsókna, nýsköpunar og þróunar og vegna húsnæðis, sem þeirri starfsemi tengist, er ákveðin með samningi milli menntamálaráðuneytis og viðkomandi háskóla.

8. gr.

Reglur þessar, eru settar samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla og öðlast gildi 1. janúar 2000.

Menntamálaráðuneytinu, 5. október 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 647 1. október 1999

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Hámarkshraði verður 30 km í hverfi sem afmarkast af Kaupvangsstræti í norðri, Þórunnarstræti í vestri, Þórunnarstræti (Naustavegi) í suðri og Drottningarbraut í austri.

Skólastígur:

Bifreiðastöður verða bannaðar beggja vegna Skólastígs frá Hrafnagilsstræti í suðri og að beygju við hús nr. 13 við Skólastíg.

Eyrarlandsvegur:

Bifreiðastöður verða bannaðar austan og norðan við Eyrarlandsveg frá Kaupvangsstræti að Hrafnagilsstræti.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 1. október 1999.

Björn Jósef Arnviðarson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1999

6. október 1999 1853 Nr. 648

REGLUGERÐ

um löggiltar iðngreinar.

1. gr.

Í reglugerð þessari er kveðið á um hverjar skuli vera löggiltar starfsgreinar.

Um aðra þætti iðnnáms vísast til reglugerðar um námssamninga og starfsþjálfun og reglugerðar um sveinspróf svo og til aðalnámskrár framhaldsskóla og námskrár fyrir iðnsveina til iðnmeistaraprófs.

2. gr.

Löggiltum iðngreinum er skipað í iðngreinaflokka sem hér segir:

Bygginga- og mannvirkjagreinar:
húsasmíði
húsgagnabólstrun
húsgagnasmíði
málaraiðn
múraraiðn
pípulagnir
veggfóðrun
Farartækja- og flutningsgreinar:
bifreiðasmíði
bifvélavirkjun
bílamálun
Hönnun, listir, handverk:
feldskurður
glerslípun og speglagerð
gull- og silfursmíði
hattasaumur
hljóðfærasmíði
kjólasaumur
klæðskurður karla
klæðskurður kvenna
leturgröftur
myndskurður
skósmíðaiðn:
  skósmíði
  skóviðgerð
steinsmíði
söðlasmíði
úrsmíði
Matvæla- og veitingagreinar:
bakaraiðn
framreiðsluiðn
kjötiðn
kökugerð
matreiðsla
mjólkuriðn
Málm-, véltækni og framleiðslugreinar:
blikksmíði
flugvélavirkjun
málmsteypa
mótasmíði
netagerð
rennismíði
skipa- og bátasmíði
stálsmíði:
  stálskipasmíði
  stálvirkjasmíði
  málmsuða, sérgrein
vélvirkjun:
  kæli- og frystivélavirkjun, sérgrein
Náttúrunýting:
skrúðgarðyrkja

Gutenberg
B120

Rafiðngreinar:
símsmíði
rafeindavirkjun
rafveituvirkjun
rafvélavirkjun
rafvirkjun
Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:
bókband
ljósmyndun:
almenn ljósmyndun
persónuljósmyndun
prentsmíð
prentun
Þjónustugreinar:
hársnyrtiiðn
snyrtifræði
tannsmíði

3. gr.

Komi til álita að starfsgrein, sem ekki er talin upp í 2. gr. þessarar reglugerðar, verði löggilt iðngrein skulu hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda senda menntamálaráðherra beiðni þar um og leggja jafnframt fyrir hann tillögur um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma og kunnáttu- og prófkröfur.

Ráðuneytið leitar umsagnar starfsgreinaráðs viðkomandi iðngreinaflokks um erindið.

Fallist ráðuneytið á að löggilda greinina breytir það þessari reglugerð til samræmis.

Ef fyrir hendi eru aðstæður sem valda því að ekki reynist unnt að fullnægja ákvæðum námskrár um nám og starfsþjálfunartíma í löggiltri iðngrein, setur menntamálaráðherra reglur um sérstaka tilhögun náms og starfsþjálfunar í iðngreininni, að fengnum tillögum hlutaðeigandi starfsgreinaráðs. Áður en til staðfestingar kemur skal afla umsagnar viðkomandi starfsgreinaráða.

Eigi er skylt að halda uppi stöðugri kennslu í fámennum iðngreinum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 6. október 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 649 6. október 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 175, 10. mars 1999, um heimild færeyskra, norskra og rússneskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 1999.

1. gr.

Á eftir orðunum: „óheimilt að stunda síldveiðar innan“ í 2. mgr. 3. gr. kemur orðið: (vestan).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998 til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. október 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 1999

14. október 1999 1855 Nr. 650

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 628/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blómkáli og selju, annarri en seljurót (sellery) í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	**Tímabil**	**Vörumagn**	**Verðtollur**	**Magntollur**
Tollnúmer:			**kg**	**%**	**kr./kg**
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	18.10.99 - 15.03.00	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	18.10.99 - 15.03.00	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. október 1999.

F. h. r.
Björn Sigurbjörnsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Stjórnartíðindi B 91, nr. 650. Útgáfudagur 15. október 1999.

Gutenberg

Nr. 651 1856 4. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, leikskólalóð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992 - 2012.

Breytingin felst í því að íbúðarlóð og hluti opins svæðis verður að stofnanalóð og opnu svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 652 4. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hvaleyrarholt.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytt er landnotkun úr stofnana-, iðnaðar-, verslunar- og þjónustusvæði í stofnana- og íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Gutenberg

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015, Nesjar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin felst í því að landbúnaðarland, 3,5 ha, sem tilheyrir landi Nesja í Grafningi, verður tekið undir eina sumarbústaðalóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

4. október 1999 Nr. 654

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015, Búrfell og Snæfoksstaðir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Um er að ræða breytingu á landnotkun á jörðunum Búrfelli I og II þar sem landbúnaðarsvæði er breytt í sumarbústaðasvæði. Annars vegar er um að ræða viðbót við fyrirliggjandi sumarbústaðasvæði en hins vegar nýtt svæði. Á Snæfoksstöðum er landnotkun breytt á fimm stöðum úr landbúnaðarlandi í sumarbústaðasvæði. Þrír staðanna eru norðan við veg nr. 35 en tveir sunnan við. Sunnan vegar verða lóðir 17 talsins, en norðan vegar 24 lóðir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015, Kringla.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði sem tilheyrir landi Kringlu í Grímsnesi breytist í sumarbústaðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 656 4. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015, Reykjanes.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði sem tilheyrir landi Reykjaness í Grímsnes- og Grafningshreppi er tekið undir sumarbústaðasvæði þar sem gert er ráð fyrir 14 lóðum 0,65 - 1,3 ha að stærð og sameiginlegu svæði fyrir leiksvæði og skógrækt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 657 4. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015, Vaðnes.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Um er að ræða breytingu úr landbúnaðarlandi í sumarbústaðasvæði (frístundabyggð). Land það sem um ræðir er 2,5-3,0 ha og er á milli Höskuldslækjar og núverandi sumarbústaðasvæðis í landi Vaðness.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

4. október 1999 Nr. 658

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis, 1993-2013, Hverhamar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis, 1993-2013, frá 19. maí 1994.

Lóðinni Hverhamar er breytt úr íbúðarlóð í verslunar- og þjónustulóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

6. október 1999 Nr. 659

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á suðvestur Hvaleyrarholti.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 2. september 1999 breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á suðvestur Hvaleyrarholti sem samþykkt var 10. janúar 1990, breytt 25. október 1995 og 26. mars 1996 í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Breytingin felst í að hætt er við verslunar- og þjónustusvæði við Háholt og svæðinu skipt í leikskóla- og íbúðarlóð.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. október 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag þéttbýlisins í Brautarholti á Skeiðum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skeiðahrepps þann 19. ágúst 1999 samþykkt deiliskipulag þéttbýlisins í Brautarholti.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjahlíð, 6. október 1999.

F.h. hreppsnefndar Skeiðahrepps,

Sveinn Ingvarsson oddviti.

Nr. 661 5. október 1999

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag íþróttasvæðis í Ölfusdal, Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 9. september 1999 samþykkt nýtt deiliskipulag íþróttasvæðis í Ölfusdal, Hveragerði. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 5. október 1999.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson.

Nr. 662 6. október 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Lónsbraut, vegna Lónsbrautar 6.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 21. september 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Lónsbraut sem samþykkt var 6. ágúst 1998 í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Breytingin felst í breytingu á byggingarreit og fyrirkomulagi bílastæða við Lónsbraut 6.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. október 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Mosahlíðar - breyting á skipulagsskilmálum fyrir Efstuhlíð, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 21. september 1999 breytingu á deiliskipulagi Mosahlíðar sem staðfest var þann 14. september 1999. Breytingin felst í að breyta skipulagsskilmálum fyrir útbyggingar rað- og parhúsa ofan við götu í Efstuhlíð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. október 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

3. október 1999 Nr. 664

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar á svæði C í landi Lunds í Hálshreppi.

Hreppsnefnd Hálshrepps hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Lunds, Hálshreppi. Deiliskipulagið varðar C lóðir nr. C 01, C 02, C 04 og C 15. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. skipulags- og byggingarlögum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Illugastöðum, 3. október 1999.

F.h. hreppsnefndar Hálshrepps,

Jón Þ. Óskarsson oddviti.

4. október 1999 Nr. 665

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Stóruskóga í landi Snorrastaða II, Laugardalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 7. september 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Stóruskóga í landi Snorrastaða II. Greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breyting deiliskipulagsins öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. október 1999.

Guðmundur Rafnar Valtýsson oddviti.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Málningarverksmiðjuna Hörpu hf., Stórhöfða 44, Reykjavík.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Málningarverksmiðjuna Hörpu hf., Stórhöfða 44, Reykjavík, kt. 600169-2629. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. janúar 2004.

Reykjavík, 6. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Jón Gíslason
staðgengill forstjóra.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Málningarverksmiðju Slippfélagsins í Reykjavík hf., Dugguvogi 4, Reykjavík.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Málningarverksmiðju Slippfélagsins í Reykjavík hf., kt. 600269-0549. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. janúar 2004.

Reykjavík, 6. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Jón Gíslason
staðgengill forstjóra.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

REGLUGERÐ

um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara.

1. gr.

Prófnefnd þriggja manna sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, annast námskeið og próf til viðkenningar bókara. Prófnefnd er heimilt að fela öðrum að annast námskeið og próf samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Námskeið og próf skulu að jafnaði haldin einu sinni ár hvert og skal auglýsa þau með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara.

3. gr.

Prófnefnd tekur ákvörðun um prófsefni það sem prófað er úr. Námskeiðið skiptist í þrjá hluta, I hluta, reikningshald, II. hluta, skattskil, og III. hluta, samskipti og upplýsingamiðlun. Miða skal við að kennsla í hverjum hluta verði 30 klst. Að loknum námskeiðum skal halda próf úr öllum hlutunum. Kennslugreinar eru þessar og skiptast þannig á milli námskeiðshluta:

I. hluti
Grundvallarreglur reikningsskila.
Lög og reikningsskilavenjur.
Reikningsskilagerð.

II. hluti
Lög og reglur.
Samkipti við skattyfirvöld.
Úrskurðir, dómar og álit.

III. hluti
Vistun bókhaldsupplýsinga.
Upplýsingamiðlun á milli framteljanda og skattyfirvalda.
Hagnýtir þættir tengdir rafrænum gagnaflutningi.

4. gr.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg. Við skrifleg og raunhæf verkefni skal prófmaður hafa a.m.k. 4. klst. til þess að vinna að úrlausn sinni.

5. gr.

Skriflegar prófúrlausnir skulu merktar prófnúmerum.

Við mat á úrlausnum skal gefin einkunn fyrir hverja prófgrein.

Einkunnir skulu gefnar í heilum eða heilum og hálfum tölum frá 0-10. Til þess að standast fullnaðarpróf þarf prófmaður að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr öllum prófgreinum. Lágmarkseinkunn til að standast próf er 5,0 í hverri prófgrein. Ef prófmaður nær ekki tilskilinni lágmarkseinkunn er honum heimilt að þreyta próf að nýju þegar próf eru haldin skv. 2. gr.

Einkunnir skulu birtar prófmönnum innan 45 daga frá því að prófum lýkur.

Prófmaður á rétt á því að skoða prófúrlausn sína ef hann æskir þess innan fimmtán daga frá birtingu einkunna. Heimilt er að skjóta mati kennara til sérstaks prófdómara til endurmats. Mat hans á úrlausnum er endanlegt.

Prófnefnd skal afhenda þeim prófmönnum sem standast próf skírteini því til staðfestingar.

6. gr.

Til að standa straum af kostnaði við námskeið og próf samkvæmt reglugerð þessari skulu þátttakendur greiða gjald um leið og skráning fer fram. Miða skal við að tekjur af gjaldinu standi undir kostnaði við námskeið og próf. Fjárhæð gjaldsins skal koma fram í auglýsingu, sbr. 2. gr.

Gjald skv. 1. mgr. er endurkræft ef af námskeiði verður ekki eða ef sá er skráð hefur sig á námskeið, fellur frá þátttöku 30 dögum áður en námskeiðið hefst eða sérstakar ástæður mæla með endurgreiðslu.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 145/1994, um bókhald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 1. október 1999.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 669 1. október 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 151/1999, um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, j, sem hljóðar svo:

j. Kælimiðlar.

Um gjaldtöku og flokkun á kælimiðlum, sem eru halógenafleiður kolvatnsefna, eftir tollskrárnúmerum gilda ákvæði viðauka X.

2. gr.

III. viðauki reglugerðarinnar er felldur úr gildi í stað kemur nýr III. viðauki sem hljóðar svo:

Halógeneruð efnasambönd.

Á halógeneruð efnasambönd, sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, skal leggja spilliefnagjald.

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna**	
	Mettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatsefna:	kr./kg
2903.1100	Klórmetan (metylklóríð) og klóretan (etylklóríð)	22,00
2903.1200	Díklórmetan (metylenklóríð)	22,00
2903.1300	Klóróform (tríklórmetan)	22,00
2903.1400	Kolefnistetraklóríð	22,00
2903.1500	1,2-Díklóretan (etylenklóríð)	22,00
2903.1600	1,2-Díklórprópan (própylendíklóríð) og díklórbútan	22,00
	Aðrar:	
2903.1901	1,1,1-Þríklóretan (metýl klóróform)	22,00
2903.1909	Annars	22,00
	Ómettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.2100	Vinylklóríð (klóretylen)	22,00
2903.2200	Tríklóretylen	22,00
2903.2300	Tetraklóretylen (perklóretýlen)	22,00
2903.2900	Önnur	22,00
	Flúor-, bróm eða joðafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	

		kr./kg
2903.3090	Aðrar:	22,00
	Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4300	Þríklórþríflúoretan	22,00
	Aðrar:	
2903.4910	Brómklórmetan	22,00
	Halógenafleiður cyclan-, cyclen eða cyclóterpenkolvatnsefna:	
2903.5100	1,2,3,4,5,6-Hexaklórcyclóhexan	22,00
2903.5900	Önnur:	22,00
	Halógenafleiður arómatískra kolvatnsefna:	
2903.6100	Klórbensen, o-díklórbensen og p-díklórbensen	22,00
2903.6200	Hexaklórbensen og DDT (1,1,1,-tríklór- 2,2-bis (p-klórfenyl) etan)	22,00
2903.6900	Aðrar:	22,00
Úr 3814	**Lífrænt samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:**	
3814.0002	Málningar- eða lakkeyðar	22,00

3. gr.

Við bætist nýr X viðauki sem hljóðar svo:

Kælimiðlar.

Á kælimiðla sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna**	
	Flúor-, bróm eða joðafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	kr./kg
2903.3010	Tetraflúoretan	98,00
	Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4100	Þríklórflúormetan	98,00
2903.4200	Díklórdíflúormetan	98,00
2903.4400	Díklórtetraflúoretan og klórpentaflúoretan	98,00
	Aðrar perhalógenafleiður einungis með flúor og klór:	
2903.4510	Klórþríflúormetan	98,00
2903.4520	Pentaklórflúoretan	98,00
2903.4530	Tetraklórdiflúoretan	98,00
2903.4540	Heptaklórflúorprópan	98,00
2903.4550	Hexaklórdíflúorprópan	98,00
2903.4560	Pentaklórþríflúorprópan	98,00
2903.4570	Tetraklórtetraflúorprópan	98,00
2903.4580	Þríklórpentaflúorprópan	98,00
2903.4591	Díklórhexaflúorprópan	98,00
2903.4599	Klórheptaflúorprópan	98,00
2903.4700	Aðrar perhalógenafleiður:	98,00
	Aðrar:	
2903.4920	Klórdíflúormetan	98,00

Úr 3824	**Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrulegum efnum) ót. a.; úrgangsefni kemísks eða skylds iðnaðar, ót.a.**	
	Blöndur með perhalógenafleiðum raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	kr./kg
3824.7100	Blöndur með perhalógenafleiðum raðtengdra kolvatnsefna, einungis með flúor eða klór	98,00
3824.7900	Aðrar:	98,00
	Annað:	
3824.9005	Kælimiðlablöndur sem innihalda klórtetraflúoretan, klórflúoretan eða klórdíflúormetan	98,00
3824.9006	Aðrir kælimiðlar:	98,00

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. staflið b. og c. í. 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. nóvember 1999 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar.

Umhverfisráðuneytinu, 1. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 670 17. mars 1999

AUGLÝSING

um reglu reikningsskilaráðs um sjóðstreymi.

1. *Fyrirtæki skal semja yfirlit um sjóðstreymi í samræmi við reglur þessar og birta það sem óaðskiljanlegan hluta af reikningsskilum sínum fyrir hvert tímabil sem það birtir reikningsskil fyrir.*

2. Upplýsingar um sjóðstreymi fyrirtækis geta komið lesendum reikningsskila að góðu gagni við að meta hæfi þess til að afla handbærs fjár og hvernig ráðstöfun þess er háttað. Þegar til lengdar lætur er fyrirtæki nauðsynlegt að rekstur þess skili nægilegu fé til þess að unnt sé að standa við greiðsluskuldbindingar. Yfirlit um sjóðstreymi er einkum samið til þess að veita lesendum reikningsskila upplýsingar um þessi atriði. Þegar upplýsingar í sjóðstreymi eru notaðar ásamt upplýsingum í öðrum töluyfirlitum kemur það að gagni við að meta breytingar á fjárhagslegum styrk fyrirtækis, breytingar á fjárhagslegri skipan þess, hæfi þess til að afla ráðstöfunarfjár og til að leggja mat á framtíðargreiðsluflæði, sem m.a. má nota til að komast að niðurstöðu um verðmæti fyrirtækis.

3. Yfirlit um sjóðstreymi er til skýringar á því hvernig handbært fé hefur breyst frá einum tíma til annars. Til þess að auðvelda lestur yfirlitsins er því venjulega skipt í þrjá hluta. Einn hlutinn skýrir frá framlagi rekstrar af handbæru fé eða því hversu mikið fé til hans rann, annar hlutinn skýrir frá breytingum á fjármunahlið efnahagsreiknings og þriðji hlutinn

greinir frá breytingum á fjármagnshlið efnahagsreikningsins. Nauðsynlegt er að skilgreina handbært fé og í hvaða flokk breytingar á handbæru fé falla.

Skilgreiningar á hugtökum.

4. Helstu hugtök við gerð yfirlits um sjóðstreymi eru þessi:

Handbært fé er samheiti fyrir seðla, mynt, bankainnstæður og skammtímaverðbréf. Með bankainnstæðum er átt við óbundnar innstæður á tékkareikningum, sparisjóðsbókum og aðrar innstæður hjá fjármálastofnunum sem ekki eru háðar takmörkunum á notkun. Þá teljast einnig til handbærs fjár bankainnstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

Skammtímaverðbréf eru skuldabréf sem eru skráð á opinberum markaði en eitt einkenni slíkra bréfa er að þau er unnt að selja með skömmum fyrirvara og án fyrirhafnar og lítil óvissa er um verðmæti þeirra. Skammur tími merkir að sala eða innlausn bréfanna er ráðgerð innan þriggja mánaða. Við gerð yfirlits um sjóðstreymi eru verðbréf þessi talin meðal handbærs fjár.

Rekstrarhreyfingar eru hreyfingar á handbæru fé sem stafa af helstu tekjuöflunarstarfsemi fyrirtækis, þ.e. hreyfingar sem varða rekstrarreikning þess, og annarri starfsemi sem ekki er unnt að flokka sem fjárfestingarhreyfingar eða fjármögnunarhreyfingar.

Fjárfestingarhreyfingar eru hreyfingar á handbæru fé sem stafa af kaupum og/eða sölu á eignum, aðallega fastafjármunum fyrirtækis. Fastafjármunir taka til varanlegra rekstrarfjármuna og fjárfestinga í áhættufjármunum öðrum en þeim sem falla í flokk markaðsskráðra skammtímaverðbréfa og teljast til handbærs fjár.

Fjármögnunarhreyfingar eru hreyfingar á handbæru fé sem stafa af breytingum á eiginfjármögnun fyrirtækis og lánsfjármögnun þess. Aðallega tekur slík lánsfjármögnun til langtímalána en hún getur einnig tekið til lánafyrirgreiðslu lánastofnana eða annarra aðila sem er til skamms tíma.

5. Venjulega er ljóst hvaða liðir teljast til handbærs fjár. Nokkur álitaefni geta þó komið upp í þessu sambandi. T.d. getur verið erfitt að flokka skammtímafjárfestingar í skuldabréfum en við þá flokkun getur komið að gagni að horfa til tilgangs fjárfestingarinnar. Hafi hann verið að festa laust fé í skuldabréfum í því skyni að ávaxta það til skamms tíma skal fjárfestingin teljast til handbærs fjár, en að öðrum kosti telst fjárfesting í skuldabréfum til áhættufjármuna og breytingar á þeim kæmu þá í flokk fjárfestingarhreyfinga. Fjárfesting í hlutabréfum á opinberum markaði telst ekki til skammtímaverðbréfa við gerð yfirlits um sjóðstreymi.

6. Þá getur einnig verið álitamál hvernig á að flokka stöðu á yfirdráttarreikningi í banka. Eigi fyrirtæki laust fé á bankareikningum sem er hærra en yfirdrátturinn skal hann dreginn frá heildarinnstæðum eignamegin til að fá fram hreina stöðu á handbæru fé. Ef á hinn bóginn yfirdrátturinn er veruleg fjárhæð er raunhæfara að líta á hann sem sérstaka lánafyrirgreiðslu frá viðskiptabanka og við þær aðstæður fer betur á því að hreyfingar á yfirdrættinum komi fram sem breyting á fjármögnun fyrirtækis. Þá skal einnig líta á breytingu á yfirdrætti sem fjármögnunarhreyfingu, þó að hann sé óverulegur, þegar þannig stendur á að fyrirtæki á engar bankainnstæður, enda getur handbært fé ekki orðið neikvætt samkvæmt orðanna hljóðan.

Framsetning yfirlits um sjóðstreymi.

7. Í reikningsskilum fyrirtækis skal yfirliti um sjóðstreymi skipað í þrjá flokka. Einn skal skýra frá rekstrarhreyfingum, annar frá fjárfestingarhreyfingum og sá þriðji frá fjármögnunarhreyfingum. Fyrirtæki ber að greina frá samsetningu handbærs fjár í upphafi og lok reikningsskilatímabilsins og því ber að gæta þess að fjárhæðir í yfirliti um sjóðstreymi

stemmi við samsvarandi liði í efnahagsreikningi. Samanburðarfjárhæðir sjóðstreymis á fyrra reikningsskilatímabili skal einnig birta. Hafi flokkun sjóðstreymis verið breytt skal gera grein fyrir því í skýringum og þess gætt að tölur séu samanburðarhæfar í yfirliti um sjóðstreymi.

8. Það fer eftir eðli starfsemi fyrirtækja hvaða liðir koma fram í þremur ofangreindum flokkum. Í hverjum flokki geta komið fyrir innborganir og útborganir handbærs fjár. Nauðsynlegt er að skilgreina greiðslu- eða innheimtuhreyfingar þröngt, þ.e. þannig að aðeins raunveruleg hreyfing á handbæru fé komi fram. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum færist samkvæmt því sem fjárfestingarhreyfing aðeins að því marki sem hún hefur verið greidd. Við gerð yfirlits um sjóðstreymi getur þó verið erfitt að fylgja þessum fyrirmælum nákvæmlega eftir og því er heimilt að víkja frá þeim með vísan til mikilvægisreglunnar (regla 4.7) í reglum reikningsskilaráðs nr. 1 um *grundvöll reikningsskila*. Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir því hvernig skal skýra frá hreyfingum í hverjum flokki.

Rekstrarhreyfingar.

9. Fyrirtæki er heimilt að nota annað hvort beina eða óbeina aðferð við að draga fram rekstrarhreyfingar eða framlag rekstrar í yfirliti um sjóðstreymi. Ef beina aðferðin er notuð skal framlag rekstrar einnig sýnt samkvæmt óbeinu aðferðinni annað hvort neðanmáls á yfirliti um sjóðstreymi eða í sérstakri skýringu.

10. Reikningsskilaráð gefur bæði kost á beinni og óbeinni aðferð við að sýna framlag rekstrar. Með beinu aðferðinni er auðveldara að vekja athygli á atriðum sem áhrif hafa á greiðsluflæði rekstrar í framtíðinni, en slíkar upplýsingar geta komið að góðu gagni t.d. við mat á fyrirtækjum. Þá segir framlag rekstrar einnig mikið um hæfi fyrirtækja til þess að greiða af lánum og greiða arð til hluthafa. Miklu varðar því að fjárhæð framlags rekstrar af handbæru fé sé rétt tilgreind í yfirliti um sjóðstreymi.

11. Þegar beinu aðferðinni er beitt eru helstu flokkar innborgana og útborgana sýndir. Mikilvægt er að forðast að heiti einstakra hreyfinga sé kennt við tekjur og gjöld, þar sem slík framsetning væri til þess fallin að framlag rekstrar af handbæru fé, hvort sem það er jákvætt eða neikvætt, sé túlkað sem afkoma fyrirtækis. Greiðsluframlagið getur þó skipt máli við mat á afkomu fyrirtækis. Þegar beinu aðferðinni er beitt er gerð krafa um að þær upplýsingar sem fram koma samkvæmt óbeinu aðferðinni skuli birta. Þetta er einkum gert til þess að vekja máls á stærðinni hreint veltufé frá rekstri en hún kemur ekki fram samkvæmt beinu aðferðinni. Einnig þykir rétt að fram komi breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum, enda geta þær veitt fróðleik sem ekki kemur fram samkvæmt beinu aðferðinni.

12. Framlag rekstrar má draga fram samkvæmt beinu aðferðinni með tvennum hætti. Annars vegar með því að sundurgreina einstakar hreyfingar á handbæru fé, er rekstur varða, á því tímabili sem er til skoðunar eða með því að reikna út framlag einstakra liða með aðstoð rekstrarliða og stöðu efnahagsliða í upphafi og lok viðkomandi uppgjörstímabils. Seinni kosturinn er fyrirferðarminni en báðar aðferðirnar ættu að gefa sömu niðurstöðu, sbr. þó heimild til frávika sem gerð var grein fyrir í tölulið 8 hér að framan.

13. Þegar óbeinu aðferðinni er beitt er framlag rekstrar af handbæru fé dregið fram með því að bæta við eða draga frá afkomu samkvæmt rekstrarreikningi tvenns konar liði. Annar flokkurinn varðar rekstrarliði sem ekki hreyfa handbært fé en hinn tekur til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum. Rétt þykir að skýra þessa liði frekar.

14. Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé eru tekju- og gjaldaliðir í rekstrarreikningi sem ekki hafa áhrif á greiðsluflæði. Þessir rekstrarliðir eiga það sameiginlegt að mótbókun

við færslu í rekstrarreikning er annað hvort í flokki fastafjármuna, langtímaskulda eða eigin fjár í efnahagsreikningi. Dæmi um rekstrarliði sem í þennan flokk falla eru afskriftir fastafjármuna, gengismunur vegna langtímaskulda og verðbreytingarfærsla á peningalega stöðu fyrirtækis sem færist á eigið fé. Eins og fram kemur í viðauka þykir fara vel á því að sýna hreint veltufé frá rekstri sem millistærð, en hún tekur til afkomu samkvæmt rekstrarreikningi að teknu tilliti til umræddra rekstrarliða sem ekki hreyfa handbært fé.

15. Seinni flokkurinn tekur til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum. Þessir liðir eiga það sameiginlegt að mótbókun þeirra við eigna- eða skuldareikninga er í rekstrarreikningi. Til þess að framlag rekstrar sé rétt tilgreint í yfirliti um sjóðstreymi er þýðingarmikið að eignir og skuldir séu nákvæmlega sundurliðaðar með tilliti til þess hvort þær varða rekstur. Ljóst er að það hefur áhrif á framlag rekstrar ef skammtímaskuldir sem varða fjárfestingu eru flokkaðar sem rekstrartengdar skuldir. Einnig hefur það áhrif á framlag rekstrar að flokka rekstrartengdar skuldir sem skuldir vegna fjármögnunar, t.d. væru vanskil við birgja ekki fjármögnunarliður í yfirliti um sjóðstreymi.

Fjárfestingarhreyfingar.

16. Fyrirtæki skulu draga greiðslur vegna fjárfestingar saman í nokkra meginflokka í yfirliti um sjóðstreymi. Hið sama gildir um innborganir sem teljast til fjárfestingarhreyfinga. Sérstaklega skal skýra frá sjóðstreymi sem stafar af kaupum og sölu á dótturfélögum eða öðrum rekstrareiningum.

17. Útborganir og innborganir sem falla í flokk fjárfestingarhreyfinga varða eignahlið efnahagsreiknings, einkum fastafjármuni. Hér skulu koma fram greiðslur vegna kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum og áhættufjármunum. Aðeins skal tilgreina þann hluta af kaupverði sem greiddur hefur verið. Kaupverð getur samkvæmt því verið fært í yfirlit um sjóðstreymi á fleiri en eitt tímabil. Til athugunar kæmi þó að sýna heildarkaupverð sem ráðstöfun en þá yrði að sýna í þessum flokki breytingu á skammtímaskuld sem tengdist fjárfestingunni. Einnig geta fallið í þennan flokk greiðslur vegna eigna sem flokkaðar eru sem veltufjármunir. Til að mynda gæti fyrirtæki hafa fest fé í verðbréfum sem eru til skamms tíma án þess að þau teljist til markaðsskráðra skuldabréfa og kæmu þá greiðsluáhrif vegna slíkrar fjárfestingar fram meðal fjárfestingarhreyfinga.

18. Hið sama gildir um innborganir vegna sölu á fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum og áhættufjármunum; þær skal aðeins sýna að því marki sem innheimta hefur farið fram.

19. Við kaup á varanlegum rekstrarfjármunum er nauðsynlegt að hyggja að áhrifum óinnheimts virðisaukaskatts á yfirlit um sjóðstreymi. Sá hluti viðskiptastöðu gagnvart hinu opinbera sem stafar af virðisaukaskatti, þ.e. innskatti, skal hafa áhrif á fjárfestingarhreyfingar en ekki rekstrarhreyfingar. Hafi fyrirtæki t.d. greitt fyrir fjárfestingu að fullu á tilteknu reikningsári, þ.m.t. virðisaukaskatt, kemur sú greiðsla sem ráðstöfun í flokki fjárfestingarhreyfinga en innheimta innskatts sem innborgun á næsta tímabili í sama flokki. Með þessum hætti hefur staða fyrirtækis gagnvart virðisaukaskatti sem varðar fjárfestingu ekki áhrif á framlag rekstrar. Í þessu efni gildir hið sama um sölu varanlegra rekstrarfjármuna og tilsvarandi útskatt af þeim viðskiptum. Frá þessum fyrirmælum má þó víkja ef um óverulegar fjárhæðir er að ræða.

20. Eigi fyrirtæki óinnheimt hlutafjárloforð skal innheimta á þeim koma fram sem fjármögnunarhreyfing fremur en sem fjárfestingarhreyfing, enda er í raun ekki um fjárfestingu að ræða, þó að krafan sé sýnd í efnahagsreikningi sem eign.

Fjármögnunarhreyfingar.

21. Í yfirliti um sjóðstreymi skulu fyrirtæki draga saman í meginflokka helstu greiðslur og innborganir vegna fjármögnunar.

22. Innborganir og útborganir handbærs fjár sem falla í flokk fjármögnunarhreyfinga varða skuldahlið efnahagsreiknings. Hér er gerð grein fyrir nýjum lántökum, afborgunum af eldri lánum og breytingum á innborguðu eigin fé. Að auki skal færa greiddan arð í þennan flokk í sjóðstreymi því að sú greiðsla varðar breytingu á fjármögnun eða fjárhagslegri skipan fyrirtækis.

23. Þó að algengast sé að breytingar á fjármögnun fyrirtækis varði langtímafjármagn geta einnig komið fyrir breytingar á skammtímafjármögnun fyrirtækis, enda hafi verið stofnað til slíkrar fjármögnunar til að bæta fjárreiðustöðu þess. Meginmáli í þessu sambandi skiptir að innborgun eða útborgun skammtímafjármögnunar, hvort sem hún er frá viðskiptabanka fyrirtækis eða ekki, gangi til breytingar á stöðu handbærs fjár.

Óreglulegir liðir.

24. Áhrif óreglulegra rekstrarliða á greiðslustöðu skulu sérgreind í yfirliti um sjóðstreymi.

25. Til þess að unnt sé að sýna áhrif reglulegs rekstrar á fjárreiðustöðu fyrirtækis er nauðsynlegt að einangra áhrif óreglulegra liða. Með óreglulegum liðum í þessu sambandi er átt við innborganir eða útborganir sem ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig í bráð. Auk óreglulegra rekstrarliða geta fallið til óreglulegir liðir sem varða hina flokka yfirlits um sjóðstreymi, þ.e. fjárfestingarhreyfingar eða fjármögnarhreyfingar.

Sérstakar upplýsingar í yfirliti um sjóðstreymi.

26. Sérstaklega skal skýra frá greiðsluáhrifum vaxta af langvinnu fjármagni, vaxta af skammtímarekstrarlánum svo og vaxtatekna af verðbréfum, þ.m.t. mótteknum arði af hlutabréfaeign.

27. Sérstaklega skal skýra frá greiddum tekjuskatti og eignarskatti. Þessa skatta má einnig fella í flokk fjárfestingarhreyfinga og fjármögnunarhreyfinga enda sé unnt að tengja þá sérstaklega við þær hreyfingar.

28. Aðallega koma tveir kostir til greina við frásögn af greiddum og mótteknum vöxtum og greiddum sköttum. Annar er sá að upplýsa neðanmáls á yfirliti um sjóðstreymi eða í skýringum um vexti og skatta og væru þeir þá fólgnir í framlagi rekstrar. Hinn framsetningarkosturinn er að sýna sérstaklega greiðsluáhrif þessara liða í yfirliti um sjóðstreymi þannig að framlag rekstrar sé einangrað, þ.e. sýnt án áhrifa greiddra og innheimtra vaxta og skatta. Að gagni getur komið að veita upplýsingar um greiðsluáhrif þessara liða, því að framlag rekstrar án vaxta hefur þýðingu, t.d. við mat á fyrirtækjum.

29. Við framsetningu á greiddum og mótteknum vöxtum kemur einnig til greina að fella greiðslu þeirra í flokk fjármögnunarhreyfinga eða fjárfestingarhreyfinga og sérgreina þar. Með þeim hætti væri samræmi í meðhöndlun kostnaðar af fjármagni, því svo sem gerð var grein fyrir í tölulið 22 hér að framan, skal færa greiðslu arðs í flokk fjármögnunarhreyfinga. Í þessu sambandi skal þó bent á að huga þarf að framsetningu skattalegra áhrifa á þessa liði.

Mikilvægar fjárfestingar og mikilvæg fjármögnun sem ekki hefur áhrif á handbært fé.

30. Upplýsa skal í skýringum um mikilvægar fjárfestingar og mikilvæga fjármögnun sem ekki hefur áhrif á handbært fé.

31. Þar sem yfirlit um sjóðstreymi tekur aðeins til raunbreytinga á stöðu handbærs fjár koma ekki fram í slíku yfirliti fjárfestingar og fjármögnun sem ekki hefur greiðslur í för með sér. Af þeim sökum er nauðsynlegt að veita upplýsingar um fjárfestingu og fjármögnun sem er án greiðslna. Dæmi um þetta væri ef fyrirtæki kaupir fasteign og fjármagnar kaupin að öllu leyti eða að hluta til með skuldabréfaláni frá seljanda; hið sama gildir um fjármögnunarleigusamning sem er eignfærður og skuldfærður. Aðeins sá hluti kaupverðsins sem greiddur er kæmi sem fjárfestingarhreyfing í yfirliti um sjóðstreymi, en til þess að upplýsa um þann hluta sem ekki var greiddur verður að gera það með sérstakri skýringu. Annað dæmi væri ef fyrirtæki breytti langtímaláni í hlutafé. Hér gæti verið um mikilvæga breytingu á fjármögnun fyrirtækis sem nauðsynlegt væri að upplýsa um en sjóðstreymi skýrir ekki frá, enda fóru engar greiðslur fram sem breyttu handbæru fé. Upplýsingar um slíka breytingu á fjármögnun gætu þá komið fram neðanmáls á yfirliti um sjóðstreymi eða í skýringum, svo sem gerð er grein fyrir í viðauka með reglum þessum.

Önnur atriði.

32. Greina skal frá mikilvægum atriðum sem snerta yfirlit um sjóðstreymi í sérstakri skýringu um yfirlitið. Þá skal sérstaklega frá því skýrt ef einhverjar takmarkanir eru á notkun handbærs fjár. Við framsetningu sjóðstreymis er það meginregla að innborganir og útborganir skal ekki fella saman. Heimilt er að fella liði saman, en þá skal frá því greint í skýringum. Sjóðstreymi sem stafar af viðskiptum í erlendri mynt skal bókfæra við því gengi sem var í gildi þegar greiðslan átti sér stað.

33. Ýmis tilefni geta gefist til að veita frekari upplýsingar en er að finna í eiginlegu yfirliti um sjóðstreymi. Til að mynda gæti verið gagnlegt að fá upplýsingar um greiðsluframlag rekstrar eftir einstökum starfsþáttum í rekstri fyrirtækis. Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga getur átt við að upplýsa um tekjur einstakra starfsþátta og í því sambandi gætu greiðsluáhrif einstakra starfsþátta einnig verið áhugaverðar. Þá væri einnig gagnlegt með hliðsjón af takmörkunum yfirlits um sjóðstreymi að semja sérstaka skýringu um framlag rekstrar fyrir nokkur undangengin ár. Í samstæðureikningi gætu aðstæður valdið því að samstæðan getur ekki ráðstafað handbæru fé, t.d. vegna hamla á gjaldeyrisviðskiptum.

Gildistaka.

34. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 80. gr. laga um ársreikninga nr. 144/1994, taka til reikningsskila sem samin eru fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2000 eða síðar. Reikningsskilaráð mælir þó með því að reglurnar verði teknar í notkun fyrr ef unnt reynist.

Reykjavík, 17. mars 1999.

Reikningsskilaráð,

Heimir Haraldsson.

Árni Ólafur Lárusson. **Guðmundur Guðbjarnason.**

Sigurður Þórðarsson. **Stefán Svavarsson.**

AUGLÝSING

um reglu reikningsskilaráðs um tekjuskatt.

1. *Fyrirtæki skal færa tekjuskatt í samræmi við reglur þessar.*

2. Kjósi fyrirtæki að færa tekjuskatt þegar til hans er stofnað skal farið eftir reglum þessum. Ef fyrirtæki kýs á hinn bóginn að færa aðeins þann tekjuskatt sem til greiðslu fellur verður að upplýsa í skýringum með reikningsskilum hvaða tekjuskattsskuldbindingar kunni að hvíla á fyrirtækinu og hvaða reiknaðar skattinneignir það kann að eiga þegar svo ber undir. Reglur þessar taka ekki aðeins til útreiknings á tekjuskattsskuldbindingum og reiknuðum skattinneignum, heldur fjalla þær einnig um framsetningu tekjuskatts í reikningsskilum. Reikningsskilaráð mælir sérstaklega með því að fyrirtæki færi tekjuskatt þegar til hans er stofnað, hvort sem hann kemur til greiðslu á næsta ári eða ekki.

Skilgreiningar á hugtökum.

3. Helstu hugtök við skráningu tekjuskatts í reikningsskil eru þessi:
Reikningshaldsleg afkoma er hagnaður eða tap fyrir skatta samkvæmt reikningsskilum fyrirtækis.
Skattaleg afkoma er skattskyldur hagnaður eða frádráttarbært tap á tímabili sem ákvörðuð er í samræmi við reglur skattalaga á hverjum tíma.
Gjaldfærður (tekjufærður) tekjuskattur er samtala fyrir reiknaðan tekjuskatt tímabils og frestaðan tekjuskatt sem getur annaðhvort leitt til tekjuskattsskuldbindingar eða reiknaðrar skattinneignar.
Reiknaður tekjuskattur er sú fjárhæð sem ber að greiða í tekjuskatt á næsta tímabili af skattskyldum hreinum tekjum yfirstandandi tímabils.
Tekjuskattsskuldbinding er sú fjárhæð sem ber að greiða í tekjuskatt á síðari tímabilum vegna skattskylds tímabundins mismunar.
Reiknuð skattinneign er tekjuskattur sem unnt er að endurheimta síðar vegna:
a) frádráttarbærs tímabundins mismunar,
b) ónotaðs skattafsláttar[1)], eða
c) yfirfærðs ónýtts skattalegs taps.
Tímabundinn mismunur er mismunur milli bókfærðs verðs eignar eða skuldar í efnahagsreikningi og skattalegs verðs hennar. Tímabundinn mismunur getur ýmist verið:
a) *skattskyldur tímabundinn mismunur* sem er mismunur sem verður skattskyldur síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu og stafar af því að bókfært verð eignar er hærra en skattalegt verð hennar eða að bókfært verð skuldar er lægra en skattalegt verð hennar,
b) *frádráttarbær tímabundinn mismunur* sem er mismunur sem verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu og stafar af því að bókfært verð eignar er lægra en skattalegt verð hennar eða að bókfært verð skuldar er hærra en skattalegt verð hennar.
Skattalegt verð eignar eða skuldar er sú fjárhæð sem þessi eign eða skuld er metin á við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Skattalegt verð.

4. Skattalegt verð eignar er sú fjárhæð sem draga má frá tekjum sem af eigninni stafa í framtíðinni. Ef endurheimt eignar leiðir ekki til skattskyldra tekna er skattalegt verð jafnt bókfærðu verði. Dæmi: a) kostnaðarverð vélar er 1.000 og búið er að afskrifa eignina til

[1)] Samkvæmt IAS 12 getur reiknuð skattinneign stafað af ónotuðum skattafsláttum (e. tax credits) og jafnvel þótt slík fyrirbæri eigi ekki við samkvæmt íslenskum skattalögum eru þau meðtalin í þessari upptalningu.

skatts um 300 og er þá skattalegt verð hennar 700; þá fjárhæð má draga frá tekjum sem síðar verða til af notkun vélarinnar, og b) viðskiptakrafa er 500 í lok tímabils og hefur hún orðið til vegna skattskyldra tekna fyrir þeirri fjárhæð og er þá skattalega verðið jafnt bókfærðu verði kröfunnar.

5. Skattalegt verð skuldar er bókfært verð skuldar að frádregnum þeim fjárhæðum sem verða frádráttarbærar síðar og varða skuldina. Dæmi: a) bókfærð áfallin skuld nemur 1.000 en kostnaður sem henni tengist er frádráttarbær við greiðslu og er þá skattalegt verð skuldarinnar núll, b) bókfærð áfallin skuld nemur 2.000 og hefur kostnaður sem henni tengist nú þegar verið dregin frá við ákvörðun skatts og er þá skattalegt verð skuldarinnar 2.000, og c) bókfært verð tekins láns er 3.000 en endurgreiðsla á höfuðstól þess mun engar skattalegar afleiðingar hafa og er þá skattalegt verð lánsins sama og bókfært verð þess.

Bókun reiknaðs tekjuskatts.

6. Reiknaðan tekjuskatt tímabilsins og tekjuskatt vegna fyrri ára skal skrá sem skuld hafi hann ekki verið greiddur að fullu. Ef greiðslur upp í reiknaðan tekjuskatt nema hærri fjárhæð en reiknuðum skatti skal færa mismuninn sem eign. Þá skal einnig færa til eignar kröfur sem verða til vegna ákvæða í skattalögum um bakfæranlegan tekjuskatt, þ.e. þegar tekjuskattur fæst endurgreiddur vegna rekstrar á undangengnum árum vegna taps á yfirstandandi ári.

Bókun tekjuskattsskuldbindinga og reiknaðra skattinneigna.

7. Tekjuskattsskuldbindingu skal færa vegna alls skattskylds tímabundins mismunar. Tekjuskattsskuldbindingu af fjárfestingu í dóttur- og hlutdeildarfélögum skal skrá í samræmi við grein 17.

8. Það felst í skráningu eigna að bókfært verð þeirra muni fást endurheimt í framtíðinni. Ef bókfært verð eignar er hærra en skattalegt verð hennar verða skattskyldar tekjur af eigninni hærri en sú fjárhæð sem unnt er að draga frá þeim tekjum. Þessi mismunur veldur skattskyldum tímabundnum mismun og er hann tilefni færslna á reikninginn tekjuskattsskuldbinding. Smátt og smátt lækkar sú skuld eftir því sem bókfært verð eignarinnar fæst endurheimt. Þegar bókfært verð eigna er hærra en skattalegt verð þeirra hvílir á þeim skuldbinding til þess að greiða skatta og þá skuldbindingu verður að bókfæra. Dæmi: Vél kostaði 150 en bókfært verð hennar er 100. Samsöfnuð afskrift til skatts er 90 og skatthlutfall er 25%. Samkvæmt þessu er skattalegt verð vélarinnar 60 og tekjuskattsskuldbindingin verður 10, þ.e. 25% af 40, sem er mismunur bókfærðs verðs og skattalegs verðs. Til þess að endurheimta bókfært verð vélarinnar verða skattskyldar tekjur að vera 100 en frádráttur á móti þeim tekjum er aðeins 60 og því hvílir skattkvöð á mismuninum.

9. Tímabundinn mismunur myndast við það að tekjur og gjöld eru ekki skráð á sama tímabil í reikningshaldslegu og skattalegu tilliti. Enginn munur er þó á tekju- eða gjaldfærslu þegar til lengdar lætur, heldur er tímasetningin ólík. Dæmi um skattskyldan tímabundinn mismun gætu verið þessi: a) afskrift varanlegra rekstrarfjármuna er ekki eins í bókhaldi og á skattframtali; í heild er þó afskriftin jafnhá en gjaldfærsla hennar er á mismunandi tímabilum, b) afskrift affalla eða gengisauka af skuldabréfum gæti verið með ólíkum hætti á skattframtali og í bókhaldi, c) tekjufærsla af hlutabréfaeign getur verið með ólíkum hætti, því óinnleystur hagnaður kynni að vera færður í bókhaldi en ekki á skattframtali fyrr en við sölu, og d) rannsóknar- og þróunarkostnaður kynni að vera eignfærður í bókhaldi en gjaldfærður á skattframtali og veldur það einnig tímabundnum mismun. Loks gæti tímabundinn mismunur einnig myndast vegna þess að eignir eru skráðar með sérstöku endurmati umfram kostnaðarverð í bókhaldi en ekki á skattframtali. Þá gæti einnig myndast tímabund-

inn mismunur samkvæmt kaupverðsaðferð við gerð samstæðureikningsskila, sem yrði tilefni til tekjuskattsskuldbindingar, enda væri þá matsverð varanlegra rekstrarfjármuna hærra en skattalegt verð þeirra.

10. Færa ber reiknaða skattinneign vegna alls frádráttarbærs tímabundins mismunar ef líklegt má telja að skattskyldar tekjur í framtíð verði hærri en sá tímabundni mismunur. Reiknuð skattinneign af fjárfestingu í dóttur- og hlutdeildarfélögum skal skráð í samræmi við grein 17.

11. Það felst í skráningu skulda að bókfært verð þeirra verði greitt í framtíð. Ef bókfært verð skuldar er hærra en skattalegt verð hennar, má frekar gera ráð fyrir að greiðsla hennar leiði til frádráttar frá tekjum í framtíð. Þessi mismunur veldur frádráttarbærum tímabundnum mismun og myndar hann reiknaða skattinneign. Dæmi: Ábyrgðarskuldbinding bókfærð á 1.000 en frádráttur færist ekki á skattframtal fyrr en við greiðslu þessara skuldbindinga í framtíð. Í greiðslu skuldarinnar felst eign sem stafar af lægri skatti en ella yrði á lagður. Af þeim sökum verður að mynda reiknaða skattinneign að fjárhæð 250, ef skattþrepið er 25%. Ef greiddar eru 400 á næsta ári vegna skuldbindingarinnar lækkar hin reiknaða skattinneign að sama skapi og verður 150 í lok þess árs. Það getur einnig leitt til myndunar reiknaðrar skattinneignar ef bókfært verð eignar er lægra en skattalegt verð hennar.

12. Tímabundinn mismunur myndast við það að tekjur og gjöld eru ekki skráð á sama tímabil í reikningshaldslegu og skattalegu tilliti. Enginn munur er þó á tekju- eða gjaldfærslu þegar til lengdar lætur, heldur er tímasetningin ólík. Dæmi um frádráttarbæran tímabundinn mismun gætu verið þessi: a) ábyrgðarskuldbindingar, b) lífeyrisskuldbindingar en lífeyriskostnaður fæst frádreginn á skattframtali við greiðslu en er færður í bókhaldi þegar hann fellur til, c) bókfært verð eignar er lægra en skattverð þar sem bókhaldsreglur kveða á um niðurfærslu sem ekki er heimil á skattframtali, og d) niðurfærsla viðskiptakrafna gæti verið hærri en heimilt er á skattframtali og leiðir það til reiknaðrar skattinneignar.

13. Færa skal reiknaða skattinneign vegna yfirfæranlegs taps að því marki sem líklegt er talið að tapið muni nýtast á móti skattskyldum tekjum í framtíð.

14. Sömu kröfur eru gerðar til myndunar á reiknaðri skattinneign sem stafar af yfirfæranlegu tapi og frádráttarbærum tímabundnum mismun. Þó verður til þess að líta að yfirfæranlegt tap er til vitnis um rekstrarárangur í fortíð og séu engin teikn á lofti um betri rekstur í framtíð eru ekki efni til myndunar reiknaðrar skattinneignar, enda væri þá óvissa um nýtingu þess. Eigi að síður þarf að gera grein fyrir yfirfæranlegu tapi og þeim reiknuðu skattinneignum sem af því stafa í skýringum með reikningsskilum hvort sem reiknuð skattinneign er færð eða ekki.

15. Sérstaklega er nauðsynlegt vegna myndunar reiknaðrar skattinneignar að fyrirtæki líti til eftirfarandi atriða: a) hvort fyrirtæki á nægan skattskyldan tímabundinn mismun sem nýtast mun á móti yfirfæranlegu tapi, b) hvort fyrirtæki mun hafa nægar skattskyldar tekjur áður en réttur til yfirfæranlegs taps fyrnist, c) hvort yfirfæranlegt tap hefur myndast vegna atburða sem ekki er líklegt að muni endurtaka sig, og d) hvort fyrirtæki hafi gert spár um skattgreiðslur sem fela í sér nýtingu á yfirfæranlegu tapi. Að því marki sem ekki er líklegt að tap muni nýtast á móti skattskyldum tekjum síðar skal ekki mynda reiknaða skattinneign.

16. Við hver reikningsskil skal fara fram endurmat á því hvort ekki séu efni til að skrá reiknaða skattinneign sem áður þótti ekki rétt að mynda. Bætt rekstrarskilyrði gætu leitt til þess að ástæða sé til þess að skrá reiknaða skattinneign.

17. Fyrirtæki skal skrá tekjuskattsskuldbindingu vegna alls skattskylds tímabundins mismunar sem stafar af fjárfestingum í hlutdeildar- eða dótturfélögum nema að því marki sem báðum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt: a) fjárfestir eða dótturfélag getur stýrt því hvenær

tímabundinn mismunur snýst við, og b) tímabundinn mismunur mun líklega ekki snúast við í framtíð. Sömu reglur gilda um skráningu reiknaðrar skattinneignar sem stafar af frádráttarbærum tímabundnum mismun vegna fjárfestingar í hlutdeildar- og dótturfélögum, hana skal ekki skrá nema ofangreindum tveimur skilyrðum sé fullnægt.

18. Þar sem móðurfélag stýrir í raun arðgreiðslum dótturfélags getur það haft áhrif á viðsnúning tímabundins mismunar sem því tengist. Þá getur að auki verið nokkrum vandkvæðum bundið að ákvarða tekjuskatt þegar viðsnúningur á tímabundnum mismun á sér stað. Af þeim sökum á móðurfélag ekki að mynda tekjuskattsskuldbindingu ef ekki liggur fyrir hvernig eða hvort hagnaði dótturfélags verður skilað til móðurfélags. Um myndun reiknaðrar skattinneignar vegna fjárfestingar í hlutdeildar- og dótturfélögum gildir sú almenna regla að sé mikil óvissa um nýtingu frádráttarbærs tímabundins mismunar vegna þeirrar fjárfestingar skal ekki skrá reiknaða skattinneign.

Reglur um mælingu tekjuskattsskuldbindinga og reiknaðra skattinneigna.

19. Áætlaðan reiknaðan tekjuskatt eða tekjuskattsinneign vegna yfirstandandi tímabils eða fyrri ára skal færa miðað við þá fjárhæð sem ætla má að verði greidd eða innheimt og miðað við það skatthlutfall sem gildir á uppgjörsdegi og á grundvelli gildandi laga um tekjuskatt.

20. Reiknaða skattinneign og tekjuskattsskuldbindingu skal færa miðað við það skatthlutfall sem ætla má að gildi þegar tekjuskattur verður greiddur eða innheimtur og á grundvelli gildandi laga um tekjuskatt.

21. Skatthlutfall það sem í gildi er á hverjum tíma skal nota við ákvörðun reiknaðs tekjuskatts og tekjuskattsskuldbindingar. Hafi hins vegar verið ákveðið með lögum hvert skatthlutfall verður á næstu árum skal nota það skatthlutfall sem við á vegna viðsnúnings tímabundins mismunar í framtíð en ekki gildandi skatthlutfall sé það annað.

22. Fyrirtæki ber að færa tekjuskattsskuldbindingu eða reiknaða skattinneign þannig að þær endurspegli þær skattalegu afleiðingar sem hljótast af nýtingu þeirra eigna og skulda sem leiða til slíkra tekjuskattsskuldbindinga og reiknaðra skattinneigna.

23. Það kann að skipta máli við ákvörðun skatthlutfalls hvernig eignir og skuldir eru nýttar. Sé svo skal tekjuskattsskuldbindingin eða reiknaða skattinneignin endurspegla þá nýtingu. Dæmi: Bókfært verð eignar er 100 en skattstofn er 60. Ef eignin er seld yrði söluhagnaður ákvarðaður með 20% tekjuskattshlutfalli en ef eignin er nýtt til fulls og skatthlutfall gagnvart öðrum tekjum er 30% gildir það um myndun tekjuskattsskuldbindingar. Þannig væri tekjuskattsskuldbindingin 8, þ.e. 20% af tímabundna mismuninum ef eignina á að selja, en hins vegar væri tekjuskattsskuldbindingin 12, þ.e. 30% af tímabundna mismuninum ef eignina á að nýta til fulls.

24. Reiknaðar skattinneignir og tekjuskattsskuldbindingar skal ekki færa til núvirðis.

25. Þar sem það er verulegum vandkvæðum bundið að spá fyrir um viðsnúning tímabundins mismunar og samsvarandi skattinneigna og skattskulda, skal skrá þessa efnahagsliði miðað við nafnverðsfjárhæðir. Mjög mismunandi aðferðum kynni að vera beitt í þessu efni og af þeim sökum er þess hvorki krafist né leyft að reiknaðar skattinneignir og tekjuskattsskuldbindingar miðist við núvirðisfærslu.

26. Bókfært verð reiknaðra skattinneigna skal kannað við gerð hverra reikningsskila. Bókfærða verðið skal lækkað að því marki sem nauðsynlegt er með hliðsjón af skertum tekjumöguleikum í framtíð. Slíka lækkun skal bakfæra ef efni standa til með hliðsjón af breyttum og betri tekjumöguleikum í framtíð.

Tekju- og gjaldfærsla reiknaðrar skattinneignar og tekjuskattsskuldbindingar.

27. Reiknaða skattinneign og tekjuskattsskuldbindingu skal skrá í rekstrarreikning til ákvörðunar á afkomu viðkomandi tímabils nema að því marki sem tekjuskatturinn varðar atburði eða viðskipti sem færð eru beint á eiginfjárreikninga.

28. Flestar tekjuskattsskuldbindingar og reiknaðar skattinneignir stafa af því að tekjur og gjöld eru ekki færð á sama tímabil í reikningshaldslegu og skattalegu tilliti. Mótbókun við þessa eigna- og skuldaliði er gerð í rekstrarreikning. Bókfært verð reiknaðra skattinneigna og tekjuskattsskuldbindinga getur breyst án þess að um tímabundinn mismun sé að ræða. Ástæður þess gætu verið breytingar á skatthlutföllum eða breytingar á mati reiknaðra skattinneigna. Hinn frestaði tekjuskattur sem af þessum breytingum hlýst færist á rekstur nema að því marki sem þær varða tekjuskatt sem áður var færður beint á eiginfjárreikninga.

29. Reiknaður tekjuskattur og frestaður tekjuskattur sem varðar liði sem færðir voru beint á eigið fé skulu einnig færðir þar.

30. Samkvæmt Alþjóðlegum stöðlum um reikningsskil er heimilt í nokkrum tilvikum að gera færslur beint á eigið fé án þess að um innborgun frá eigendum sé að ræða, útborgun vegna kaupa á eigin hlutabréfum eða arðgreiðslu. Dæmi um slíkar færslur væru sérstakt endurmat varanlegra rekstrarfjármuna, leiðréttingar vegna skekkja á fyrri árum og mismunur sem fram kemur við umbreytingu reikningsskila dótturfélaga eða útibúa úr einum gjaldmiðli í annan. Meginreglan er að tekjuskattur sem þessum færslum tengist, hvort sem honum er frestað eða ekki, skal fylgja viðkomandi eiginfjárfærslum. Sé það vandkvæðum bundið skal eigi að síður skipta tekjuskattinum eftir því sem skynsamlegt þykir í hverju tilviki.

Framsetning.

30. Skattinneignum og skattskuldum skal haldið aðgreindum frá öðrum eignum og skuldum í reikningsskilum. Reiknuðum skattinneignum og tekjuskattsskuldbindingum skal haldið aðgreindum frá reiknuðum og álögðum sköttum og skattinneignum.

31. Þegar fyrirtæki gerir greinarmun á skammtíma- og langtímaeignum og skammtíma- og langtímaskuldum, er hvorki heimilt að flokka reiknaðar skattinneignir sem veltufjármuni né tekjuskattsskuldbindingar sem skammtímaskuldir.

32. Fyrirtæki skal fella saman skattinneignir sem teljast veltufjármunir og skattskuldir sem teljast skammtímaskuldir, ef, og aðeins ef, a) fyrirtæki á lagalegan rétt til þess að skuldajafna skattalegum eignum og skuldum, og b) fyrirtæki hefur í hyggju að gera upp þessar eignir og skuldir samtímis.

33. Fyrirtæki eiga venjulega lagarétt til þess að jafna saman skattinneignum og skattskuldum vegna álagðra skatta. Við gerð samstæðureikningsskila þarf hins vegar að huga að lagalegum rétti til slíkrar skuldajöfnunar og ef hann er ekki fyrir hendi er óheimilt að fella saman skattinneignir og skattaskuldir vegna álagðra skatta.

34. Fyrirtæki ber að fella saman reiknaða skattinneign á móti tekjuskattsskuldbindingu, ef, og aðeins ef, a) fyrirtæki á lagalegan rétt til að skuldajafna álögðum skattalegum inneignum og skuldum, b) reiknaða skattinneignin og tekjuskattsskuldbindingin varðar tekjuskatt sem yrði lagður á af sama álagningaraðila og sá skattur yrði lagður annaðhvort á sama fyrirtæki eða fleiri fyrirtæki og þau hafa í hyggju að gera upp skattalega stöðu sína með samjöfnun álagðra skattalegra eigna og skulda.

35. Í því skyni að koma í veg fyrir flókið uppgjör á viðsnúningi tímabundins mismunar og samsvarandi reiknuðum skattinneignum og tekjuskattsskuldbindingum er skylt að fella þessa liði saman enda hafi fyrirtæki rétt til þess að skuldajafna álögðum skattinneignum

og skattskuldum. Framsetning skal vera meðal langtímaeigna í flokki langtímakrafna eða í flokki skuldbindinga meðal skulda, allt eftir því hvor fjárhæðin er hærri, þ.e. reiknuð skattinneign eða tekjuskattsskuldbinding.

36. Reiknaðan tekjuskatt af reglulegri starfsemi fyrirtækis skal sýna sérstaklega í rekstrarreikningi.

37. Við gerð reikningsskila er heimilt að fella gengismun af reiknuðum skattinneignum og tekjuskattsskuldbindingum vegna erlendra útibúa eða dótturfélaga inn í reiknaðan tekjuskatt tímabilsins, ef best þykir fara á því. Að öðrum kosti væri slíkur gengismunur flokkaður með fjármunatekjum eða fjármagnsgjöldum eftir því sem við getur átt.

Aðrar upplýsingar.

38. Upplýsa skal sérstaklega um helstu efnisþætti gjaldfærðs (eða tekjufærðs) tekjuskatts í skýringum.

39. Eftirfarandi liðir geta falist í gjaldfærðum (eða tekjufærðum) tekjuskatti í rekstrarreikningi: a) reiknaður skattur tímabilsins eða skattinneign tímabilsins, b) leiðréttingar vegna reiknaðs skatts frá fyrra ári, c) tekjuskattsskuldbinding eða reiknuð skattinneign tímabilsins sem stafar annaðhvort af upphafi frestunar eða lokum hennar (viðsnúningi), d) breyting á tekjuskattsskuldbindingu eða reiknaðri skattinneign sem stafa af breytingu á skatthlutfalli, e) fjárhæð áður óinnleysts skattalegs taps sem leiðir til lækkunar á álögðum skatti eða frestuðum skatti, f) frestuðum skatti sem stafar af lækkun reiknaðrar skattinneignar, og g) skattur sem fylgir leiðréttingum vegna fyrri ára sem færðar eru á rekstur eða skattur sem fylgir reglubreytingum við gerð reikningsskila.

40. Um eftirfarandi atriði er varða færslu tekjuskatts ber að veita upplýsingar í reikningsskilum: a) fjárhæð reiknaðrar skattinneignar og tekjuskattsskuldbindingar sem færður er á eigið fé, b) tekjuskatt sem svarar til óreglulegra rekstrarliða, c) skýringu á tengslum bókfærðs tekjuskatts og reikningshaldslegrar afkomu, d) breytingu á skatthlutfalli miðað við fyrra reikningsskilatímabil, e) fjárhæð frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfæranlegs taps ef ekki hefur verið mynduð reiknuð skattinneign vegna þessara liða, f) fjárhæð skattskylds tímabundins mismunar hafi ekki verið mynduð tekjuskattsskuldbinding vegna þess liðar, g) fjárhæð reiknaðrar skattinneignar og tekjuskattsskuldbindingar sem stafar af tímabundnum mismun og yfirfæranlegu tapi hafi þessir efnahagsliðir verið færðir; hið sama gildir um gjaldfærðan eða tekjufærðan frestaðan tekjuskatt, og h) fjárhæð tekjuskatts vegna aflagðrar starfsemi á viðkomandi uppgjörstímabili og samsvarandi afkomu og tekjuskatt á fyrra ári vegnar þeirrar starfsemi.

41. Fyrirtæki ber að veita upplýsingar um reiknaða skattinneign ef færsla hennar byggist á því að skattskyldar tekjur verði hærri en viðsnúningur skattskylds tímabundins mismunar í framtíðinni og ef fyrirtækið hefur verið rekið með tapi á yfirstandandi og undanförnum reikningsskilatímabilum.

42. Það getur verið gagnlegt fyrir lesanda reikningsskila fyrirtækis að fá upplýsingar um þann tekjuskatt sem tilheyrir óreglulegum rekstrarliðum, jafnvel þótt nokkrum erfiðleikum geti verið bundið að skipta tekjuskatti á milli reglulegra og óreglulegra liða, og þegar við á annarra liða. Komi þær upplýsingar ekki beint fram í rekstrarreikningi skal koma þeim á framfæri í skýringum.

43. Upplýsingar sem skýra sambandið á milli reiknað tekjuskatts og afkomu fyrir skatta geta verið mjög gagnlegar fyrir lesendur reikningsskila. Af þeim sökum er gert ráð fyrir að veittar séu upplýsingar í skýringum um sambandið milli þessara liða í rekstrarreikningi þegar þess er þörf.

44. Loks þykir vera gagnlegt fyrir lesendur reikningsskila að fá upplýsingar um reiknaða skattinneign og tekjuskattsskuldbindingu sem ekki hefur þótt ástæða til að færa í bækur og hvað veldur því.

Gildistaka.

45. Reglur þessar um skráningu tekjuskatts, sem settar eru samkvæmt heimild í 80. gr. laga um ársreikninga nr. 144/1994, taka til reikningsskila sem samin eru fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2000 eða síðar. Reikningsskilaráð mælir þó með því að reglurnar verði teknar í notkun fyrr ef unnt reynist.

Reykjavík, 17. mars 1999.

Reikningsskilaráð,

Heimir Haraldsson.

Árni Ólafur Lárusson. **Guðmundur Guðbjarnason.**

Sigurður Þórðarsson. **Stefán Svavarsson.**

Nr. 672 1. október 1999

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lund, rekstrarfélag til fjármögnunar, smíði og rekstrar heimavista við Menntaskólann á Akureyri.

1. gr.

Lundur er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn, stofnuð í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Heimili og varnarþing sjálfseignarstofnunarinnar er á Akureyri. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnfé er 500.000,00 – fimm hundruð þúsund – krónur sem Heimavistarsjóður Menntaskólans á Akureyri leggur fram. Stofnféð er höfuðstóll sem ekki má skerða en ávaxta skal með tryggum hætti.

3. gr.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að fjármagna, reisa og reka heimavistir við Menntaskólann á Akureyri. Nemendur allra framhaldsskóla á Akureyri eiga aðgang að heimavistunum.

Til þess að ná tilgangi sínum leigir stofnunin núverandi hús Heimavistar Menntaskólans á Akureyri með þeim sköttum og skyldum sem fylgja samkvæmt sérstökum leigusamningi við menntamálaráðuneytið um leigu lóðar og afnot af húsum Menntaskólans á Akureyri svo og annarra eigna á lóðinni. Einnig getur stofnunin að fengnu samþykki menntamálaráðuneytins reist nýtt húsnæði á lóð Menntaskólans á Akureyri, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður, og leigt annað húsnæði til þess að reka í heimavistir í samræmi við tilgang sinn.

Heimilt er sjálfseignarstofnuninni að reka aðra starfsemi til uppbyggingar og styrktar heimavistum skólans, þar með talin stofnun sérstaks styrktarsjóðs eða styrktarsjóða fyrir stofnunina sem hafi sjálfstæðan fjárhag og starfi eftir sérstakri skipulagsskrá.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar er heimilt að eiga samstarf við aðra aðila og gerast aðili að samstarfssamningi eða samstarfssamningum um lengri eða skemmri tíma um rekstur heimavista og sumarhótels í húsum stofnunarinnar.

4. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar auk vaxta af stofnframlagi eru:

a) Tekjur frá ríkissjóði vegna umsjónar, rekstrar og þjónustu við íbúa heimavistanna, sbr 40. grein laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, samkvæmt sérstökum samningi.
b) Leigutekjur.
c) Aðrar leigutekjur, vaxtatekjur o.fl.
d) Framlög frá einstaklingum og stofnunum.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar renna til þess að standa straum af kostnaði við rekstur og fjárfestingar á vegum stofnunarinnar, sbr. 3. grein.

5. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skipa fimm fulltrúar: fjórir tilnefndir af skólanefnd Menntaskólans á Akureyri til þriggja ára og skulu þeir ekki eiga sæti í skólanefnd, og einn íbúi heimavistanna, tilnefndur af nemendafélagi Menntaskólans á Akureyri. Varafulltrúar í stjórn stofnunarinnar skulu tilnefndir á sama hátt. Stjórnin kýs sér formann og ritara til eins árs í senn.

Stjórnin heldur fundi eftir þörfum, en þó eigi færri en tvo á ári. Formaður stjórnar boðar til funda með dagskrá með 7 daga fyrirvara. Stjórnarfundur er lögmætur ef þrír stjórnarmenn sækja löglega boðaðan fund. Samþykki þriggja stjórnarmanna þarf til afgreiðslu mála. Ef tveir stjórnarmenn óska skriflega eftir að fundur sé haldinn skal formaður boða til fundar með dagskrá með 7 daga fyrirvara innan tveggja vikna frá því ósk berst. Fundarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnin tekur allar meiriháttar ákvarðanir á vegum stofnunarinnar og ber ábyrgð á rekstri, fjárhag, bókhaldi og eignum hennar. Stjórnin ákveður starfstilhögun og setur sér og stofnuninni starfsreglur og gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stofnunina til þriggja ára. Stjórnin semur árlega skýrslu um starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar sem send er menntamálaráðuneytinu. Stjórninni er heimilt að skuldbinda stofnunina fjárhagslega og taka lán fyrir hennar hönd. Stjórn stofnunarinnar tekur ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap á reikningsárinu. Formaður staðfestir skuldbindingar stofnunarinnar í umboði stjórnar. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum ákvörðunum í stjórn stofnunarinnar.

6. gr.

Ársfund sjálfseignarstofnunarinnar skal halda í maímánuði ár hvert. Formaður stjórnar boðar til ársfundar með dagskrá, tveimur vikum fyrir fund. Á ársfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga stofnunarinnar til kynningar svo og fjárhagsáætlun og ársskýrslu. Ársfundur er opinn þeim sem aðild eiga að heimavistum stofnunarinnar, s.s. nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum svo og foreldrum heimavistarbúa.

7. gr.

Ekki má veðsetja eignir stofnunarinnar nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Eigi má binda eignir hennar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari - svo og ákvörðun um að hætta rekstri sjálfseignarstofnunarinnar - skulu hljóta samþykki meirihluta stjórnar og staðfestingu dómsmálaráðherra. Verði stofnunin lögð niður renna eignir hennar til ríkissjóðs vegna Menntaskólans á Akureyri.

9. gr.

Reikningar sjálfseignarstofnunarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem ráðinn er af stjórn til a.m.k. þriggja ára í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun og menntamálaráðuneyti eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár á undan ásamt skýrslu um hverning fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að öðru leyti eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 673 5. október 1999

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð vegna kyrrðardaga á vegum íslensku þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður vegna kyrrðardaga á vegum íslensku þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Heimili sjóðsins er á Biskupsstofu í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja árlega kyrrðardaga sem haldnir eru á vegum íslensku þjóðkirkjunnar og undir hennar stjórn.

4. gr.

Arður sjóðsins, sbr. 6. gr., skal árlega renna til styrktar málefninu samkvæmt nánari ákvörðun sjóðstjórnar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Dr. Michael Fell að fjárhæð ísl. kr. 500.000. Óheimilt er að skerða stofnfé sjóðsins að raungildi. Ávaxta skal sjóðinn tryggilega. Sjóðnum er heimilt

að leita framlaga frá öðrum. Sjóðstjórn ber ábyrgð á fjárvörslum fyrir sjóðinn. Annast ber fjárfestingu og endurfjárfestingu sjóðsins á þann hátt og á þeim stað, svo og samkvæmt leiðbeiningum fjárfestingarráðgjafa, sem sjóðstjórnin kann að ákveða á hverjum tíma að eigin vild.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður, þar með taldir vextir, af stofnfé sjóðsins og öðrum eignum er honum kann að áskotnast fyrir gjöf eða með öðrum hætti. Gjöfum og framlögum skal bæta við höfuðstól sjóðsins og er óheimilt að skerða þær. Gjafir og framlög skal ávaxta með sama hætti og stofnfé. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír: Biskup Íslands sem er formaður stjórnar og vígslubiskupar á Hólum og í Skálholti. Meirihluti ræður ákvörðun stjórnar. Stjórn sjóðsins skal ekki þiggja þóknun fyrir starfa sinn.

8. gr.

Sjóðstjórn úthlutar árlega einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum. Ef forsendur fyrir styrkveitingu reynast af einhverjum ástæðum ekki vera til staðar, skal styrkfjárhæðinni bætt við höfuðstól sjóðsins og er óheimilt að skerða hana.

9. gr.

Reikningsár er almanaksárið. Gerð ársreiknings skal lokið innan þriggja mánaða frá áramótum. Reikningar skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Samþykki allra stjórnarnanna þarf fyrir breytingum á stofnskrá þessari. Henni skal einungis breytt ef nauðsyn krefur til að ná markmiðum sjóðsins eða svipuðum markmiðum og skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til íslensku þjóðkirkjunnar. Skal þess gætt að þær renni til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum.

Um breytingar á stofnskrá þessari, sameiningu eða niðurfellingu sjóðsins fer að öðru leyti að lögum.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Stóri-Lambhagi II, Skilmannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, frá 26. apríl 1994, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna.

Um er að ræða breytta landnotkun þar sem 5 ha landbúnaðarspilda í landi Stóra-Lambhaga II breytist í frístundahúsabyggð og skógrækt. Landspildan liggur að Laxá að norðvestan, en afmarkast að öðru leyti af skurðum og girðingum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin hefur fengið samþykki annarra sveitarfélaga er standa að svæðisskipulaginu, þ.e. Akraneskaupstaður, Innri-Akraneshreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur og Leirár- og Melahreppur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 675 4. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja, 1988-2008, Brekkuhús.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin felst í því að hluti af öryggissvæði og opnu svæði við flugbraut verður íbúðarsvæði. Svæðið afmarkast af þeim tveimur byggingum sem fyrir eru ásamt lóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 676 5. október 1999

SAMÞYKKT

um hundahald í Reykdælahreppi.

1. gr.

Einstaklingum búsettum í Reykdælahreppi, öðrum en ábúendum lögbýla, er óheimilt að halda hunda nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar og að uppfylltum þeim skilyrðum og þeim reglum sem tilgreindar eru í samþykkt þessari. Þarfahunda við búrekstur á lögbýlum er skylt að skrá en þeir eru undanþegnir gjaldtöku, en skulu að öðru leyti hlíta ákvæðum samþykktar þessarar.

2. gr.

Leyfi til hundahalds er bundið nafni og heimili lögráða einstaklinga og er leyfið ekki framseljanlegt. Allir hundar sem fá leyfi eru skráðir á skrifstofu Reykdælahrepps og þar skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram: Tegund, kyn, aldur, litur og önnur útlitseinkenni og nafn.

Eiganda hundsins er afhent merkt plata, sem hundurinn skal ávallt bera um hálsinn. Ekki er þó skylt að skrá hunda fyrr en þeir hafa náð þriggja mánaða aldri. Sé sótt um leyfi til handa hundi í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki annarra húsráðenda fylgja umsókn.

Húsráðendur geta skriflega afturkallað samþykki sitt. Við afturköllun samþykkis fær hundaeigandi hæfilegan frest til að finna hundinum annan samastað.

Hundaeiganda er skylt að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi.

3. gr.

Leyfishafar skulu fylgja eftirfarandi reglum:

a) Hundurinn skal ekki ganga laus á almannafæri.
b) Hundaeigandi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. (Eiganda er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.)
c) Óheimilt er að fara með hund inn í verslanir, þjónustustofnanir, sjúkra- og skólahús, dagvistanir og dvalarheimili hvers konar, félagsheimili, kvikmyndahús, sundlaugar og önnur íþróttahús, hótel og gististaði.
d) Bannað er að fara með hund inn á skipulögð leiksvæði barna.
e) Leyfishafar skulu árlega færa hunda sína til skoðunar og hreinsunar hjá dýralækni eða hundahreinsunarmanni.
f) Leyfishafar skulu framvísa ár hvert á skrifstofu hreppsins, kvittun fyrir ábyrgðartryggingu og vottorði um hreinsun og skoðun.

4. gr.

Árlega skal sveitarsjóði greitt gjald fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir, samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjald þetta má ekki vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

5. gr.

Við brot á samþykkt þessari skal veita umráðamanni hunds viðvörun og gera honum ljóst að endurtekin brot varða sviptingu leyfis. Við þriðja brot er leyfið fellt úr gildi. Leita má aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur vegna brota á samþykkt þessari.

Hunda sem ganga lausir má handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óskráða.

Tilkynna skal eigendum strax um töku merktra hunda.

Teljist hundur hættulegur að mati dýralæknis og eftirlitsmanns, er heimilt að lóga hundinum þegar í stað. Aðra hunda má afhenda sé leyfi framvísað innan 7 daga frá því að hundur kom í vörslu. Heimilt er að lóga hundinum að þeim fresti liðnum, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér.

6. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra og samþykkt af sveitarstjórn Reykdælahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 5. október 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 677 4. október 1999

SAMÞYKKT

um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Bolungarvík.

1. gr.

Bolungarvíkurkaupstaður annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun) og hreinsun opinna svæða í Bolungarvík samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn tæknideildar Bolungarvíkur og eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

2. gr.

Verktakar sem annast sorphreinsun almenns sorps samkvæmt samningi við Bolungarvíkurbæ skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Bolungarvík er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Húsráðendur skulu halda sorpílátum hreinum, hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett un flokkun úrgangs, sbr. 3. grein. Ekki má setja í sorpílát mold, grjót, byggingarefni, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætt er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

6. gr.

Sorphreinsun almenns heimilissorps fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti. Bæjarstjórn ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd hversu oft sorphreinsun fer fram á vegum bæjarfélagsins. Flokkaðan úrgang er heimilt að hirða sjaldnar. Æski húsráðendur að úrgangur verði fjarlægður oftar bera þeir sjálfir kostnað af slíkum viðbótarheinsunum.

7. gr.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllum öðrum úrgangi en heimilissorpi skal skila í gámastöð eða geymslusvæði sem bæjaryfirvöld tilgreina. Jarðvegsefnum skal komið fyrir á sérstökum losunarstað fyrir jarðvegsefni samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

8. gr.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um sorphirðu, en greiða fyrir förgun til sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá, skipti þau við sveitarfélagið. Frágangur og umgengni um sorpílát svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum, skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta sorphirðu- og sorpeyðingagjöld á vegum bæjarins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuvernd og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Bolungarvíkurbær lætur birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu á vegum Bolungarvíkurbæjar skal bera upp við starfsmenn áhaldahúss bæjarins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá bæjaryfirvöldum, getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

11. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð eða geymslu úrgangs skulu sorphirðumenn tilkynna það heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

12. gr.

Ekki má henda rusli, garðaúrgangi eða sorpi á opin svæði, götur, gangstíga eða fjörur innan bæjarmarkanna, eða skilja þar eftir númerslausa bíla, vélar og önnur tæki. Starfsmenn áhaldahúss Bolungarvíkurbæjar hafa í umboði heilbrigðisnefndar, eftirlit með því að hlutir séu ekki geymdir þannig að í bága fari við reglugerðir settar með stoð í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þetta á t.d. við um númerslausar bifreiðar, bílflök, kerrur, báta, tæki eða vinnuvélar. Þeim er heimilt að fjarlægja slíka hluti að undangenginni viðvörun sem límd hefur verið á tækið. Ákvörðun þar að lútandi er heimilt að skjóta til heilbrigðisnefndar.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

14. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Bolungarvíkur, er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 678 4. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988 - 2008, Skeiðahreppur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 1. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988-2008 frá 14. febrúar 1990.

Breytingin felst í því að reitur S1 opinberar stofnanir (skóli, félagsheimili) verður reitur fyrir skóla, félagsheimili og leikskóla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skeiðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 679 30. september 1999

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Margrétar Leósdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Margrétar Leósdóttur. Heimili og varnarþing hans er í Ísafjarðarbæ.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Margréti Leósdóttur, Hafnarstræti 7, Ísafirði, sem andaðist 11. ágúst 1998. Stofnandi sjóðsins er eftirlifandi eiginmaður Margrétar, Jóhann Júlíusson, Hafnarstræti 7, Ísafirði og leggur hann fram kr. 500.000 sem stofnfé sjóðsins. Tekjur sjóðsins til framtíðar verða gjafafé, frjáls framlög, andvirði minningarspjalda, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem stjórn sjóðsins aflar. Eignir sjóðsins skulu aldrei vera minni en kr. 500.000 að raungildi miðað við vísitölu neysluverðs í júnímánuði 1999.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að endurmenntun starfandi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Tilganginum skal m.a. náð með beinum styrkjum til hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða til endurmenntunar, námsskeiðahaldi, kaupum á fræðsluefni og tækjum. Til þessara verkefna er stjórn sjóðsins heimilt að veita á hverjum tíma þeirri upphæð sem hún telur fært hverju sinni án þess að rýra stofnfé sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tilnefndir af stjórn Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, skal einn þeirra vera ættingi Margrétar Leósdóttur, annar starfandi læknir við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og sá þriðji starfandi hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði við sjúkrahúsið.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hlutverk stjórnar er að vinna að tilgangi sjóðsins og annast rekstur hans. Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og skal færa í gerðabók skipulagsskrá þessa, niðurstöðutölur ársreiknings og allar samþykktir sjóðstjórnar, þ.m.t. ákvarðanir um úthlutun styrkja.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og úthlutun úr honum. Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun sjóðsins á sem tryggastan og hagkvæmastan hátt.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ.

6. gr.

Ákveði sjóðstjórn að leggja sjóðinn niður, skulu eignir hans að frádregnum skuldum, renna til aðila sem að mati fráfarandi stjórnar vinna að þeim markmiðum sem sjóðnum höfðu verið sett. Ákvörðun um að leggja sjóðinn niður þarf að hljóta samþykki allra stjórnarmanna.

7. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu flugverja.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að ráðstafanir verði gerðar til að stuðla að því að öryggi og heilsa flugverja verði bætt.

Í þessu skyni eru í reglugerð þessari settar fram almennar meginreglur um forvarnir gegn áhættu við störf, verndun öryggis og heilsu, útilokun þeirra þátta er bjóða hættu heim eða valda slysum, upplýsingar, samráð, eðlilega þátttöku starfsmanna og fulltrúa þeirra, svo og almennar viðmiðanir við framkvæmd téðra meginreglna.

2. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um alla vinnu flugverja frá því að mætt er á vakt og lýkur er flugverji er laus við alla vinnuskyldu.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda þó ekki þegar flugöryggi er stefnt í hættu, um störf að löggæslu og björgun eða þegar önnur störf að almannavörnum gera frávik nauðsynleg.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Flugverji er áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins. Flugverji er hver sá sem ráðinn er í vinnu í áhöfn loftfara af vinnuveitanda, þar með taldir nemar og þeir sem ráðnir eru tímabundið. Hugtakið flugverji tekur bæði til flugliða og þjónustuliða.

Flugliði er áhafnarliði sem er handhafi fullgilds flugliðaskírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfrækslu loftfars meðan á fartíma stendur.

Þjónustuliði er áhafnarliði sem er starfsmaður vinnuveitanda og falið er starf um borð í loftfari meðan á fartíma stendur sem er nauðsynlegt öryggi farþega, þó ekki starf flugliða.

Öryggistrúnaðarmaður flugverja er hver sá einstaklingur sem kosinn er, valinn eða tilnefndur í samræmi við 51. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 til að vera fulltrúi flugverja þegar upp koma mál í tengslum við öryggi og heilsu þeirra við vinnu.

Vinnuveitandi er hver sá aðili sem hefur flugverja í vinnu um borð í loftfari.

Forvarnir eru allar aðgerðir eða ráðstafanir sem hafa verið eða verða gerðar í tengslum við alla þætti í starfsemi loftfarsins, er miða að því að fyrirbyggja eða draga úr áhættu við störf.

II. KAFLI
Skyldur vinnuveitanda.

4. gr.
Almenn ákvæði.

Vinnuveitanda er skylt að tryggja öryggi og heilsu flugverja við allar aðstæður í vinnu.

Þótt vinnuveitandi fái til liðs við sig hæfa utanaðkomandi þjónustuaðila eða einstaklinga, skv. 4. mgr. 6. gr., leysir það hann ekki undan ábyrgð skv. 1. mgr.

Skyldur flugverja á sviði öryggis og hollustu við vinnu skulu ekki hafa áhrif á meginregluna um ábyrgð vinnuveitandans.

5. gr.

Almennar skyldur vinnuveitanda.

Ábyrgð vinnuveitanda felst í því að hann skal gera nauðsynlegar ráðstafanir er lúta að öryggi og heilsuvernd flugverja, þar með taldar forvarnir gegn áhættu í starfi, fræðsla og þjálfun, svo og að séð sé fyrir nauðsynlegri skipulagningu og viðbúnaði. Vinnuveitandi skal vera vakandi fyrir því að laga þessar ráðstafanir að breyttum kringumstæðum og hafa að markmiði að bæta ríkjandi aðstæður.

Vinnuveitandi skal koma í framkvæmd ráðstöfunum þeim sem um getur í 2. málslið 1. mgr. er byggjast á þeim almennu meginreglum um forvarnir sem hér fara á eftir:

a) að forðast áhættu;
b) að meta þær hættur sem ekki er til fulls hægt að fyrirbyggja;
c) að aðlagast tækniframförum;
d) að skipta á því sem er hættulegt og því sem er ekki hættulegt eða er síður hættulegt;
e) að móta heildstæða stefnu um forvarnir sem tekur til tækni, skipulagningar vinnunnar, vinnuskilyrða, félagslegra tengsla og þátta er tengjast vinnuumhverfi;
f) að flugverjar fái viðeigandi tilsögn.

Að teknu tilliti til annarra ákvæða reglugerðar þessarar og með hliðsjón af því hvers eðlis starfsemi loftfarsins er, skal vinnuveitandi:

a) meta þá áhættu sem tekin er hvað varðar öryggi og heilsu flugverja, meðal annars með vali á tækjum, efnum eða efnablöndum sem notaðar eru, sem og við val á innréttingum. Eftir að áhættan hefur verið metin og á þann hátt sem nauðsynlegt er, skulu forvarnir, vinnu- og framleiðsluaðferðir sem vinnuveitandi beitir:
   - tryggja flugverjum betri vernd með tilliti til öryggis og heilsu,
   - vera felldar inn í alla starfsemi loftfara og á öllum þrepum;
b) þegar flugverja eru falin tiltekin verkefni, taka tillit til færni hans að því er varðar heilsu og öryggi;
c) tryggja að þegar gerðar eru áætlanir um nýja tækni eða hún innleidd sé haft samráð við flugverja og/eða fulltrúa þeirra, hvað varðar afleiðingar sem val á tækjum, vinnuskilyrði og vinnuumhverfi hafa fyrir öryggi og heilsu flugverja;
d) að taka viðeigandi skref í þá átt að tryggja að einungis þeir flugverjar sem hlotið hafa nægilega tilsögn hafi aðgang að svæðum þar sem alvarleg og sérstök hætta er á ferðum.

Kostnað af ráðstöfunum er tengjast öryggi, hollustuháttum og heilbrigði um borð í loftförum skal vinnuveitandi greiða.

6. gr.

Forvarnarstarf.

Að teknu tilliti til skyldna vinnuveitanda skv. 4. og 5. gr., skal vinnuveitandi þar sem starfa einn til fjórir flugverjar hafa náið samstarf við flugverja um úrbætur á vinnuumhverfi og vinnu að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi.

Hjá vinnuveitanda, þar sem vinna fimm flugverjar eða fleiri skal tilnefna einn eða fleiri öryggistrúnaðarmenn fyrir hverja tegund loftfara eða annað afmarkað vinnusvæði til að vinna að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi.

Hjá vinnuveitanda þar sem vinna fimm flugverjar eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Þeir flugverjar sem tilnefndir eru öryggistrúnaðarmenn sbr. 51. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og eða sitja í öryggisnefnd sbr. 52. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og eða vinnuverndarráði, sbr. 55. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 skulu í engu gjalda vinnu sinnar að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi. Flugverjum, sem tilnefndir eru, skal ætlaður nægilegur tími til að sinna skyldum þeim er reglugerð þessi leggur þeim á herðar.

Ef ekki er unnt að gera slíkar ráðstafanir til verndar eða forvarna, vegna þess að hæft starfsfólk er ekki að finna í loftfarinu skal vinnuveitandi fá til liðs við sig hæfa utanaðkomandi þjónustuaðila eða einstaklinga. Þegar vinnuveitandi fær slíka þjónustuaðila eða einstaklinga til liðs við sig skal hann upplýsa þá um þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna og skulu þeir hafa aðgang að upplýsingum þeim sem um getur í 2. mgr. 10. gr. Starfsmenn og þjónustaðilar skulu hafa með sér nauðsynlegt samstarf og samráð.

Undir öllum kringumstæðum skulu:

a) þeir starfsmenn sem tilnefndir eru hafa nauðsynlega færni og aðstöðu,
b) þeir utanaðkomandi þjónustuaðilar eða einstaklingar, sem leitað er ráða hjá, hafa nauðsynlega hæfni og faglega þekkingu, og
c) starfsmenn sem eru tilnefndir og utanaðkomandi þjónustuaðilar eða ráðgjafar vera nægilega margir til að fást við skipulagningu verndar- og forvarnarráðstafana, með hliðsjón af stærð loftfara og/eða þeirri áhættu sem starfsmenn búa við, sem og því hvernig hún dreifist í loftförunum.

Einn eða fleiri starfsmenn, eða þjónustuaðilar í loftfarinu eða utan þess, skulu bera ábyrgð á vernd og forvörnum gegn þeirri áhættu varðandi öryggi og heilsu sem grein þessi fjallar um.

7. gr.

Vinnuverndarráð.

Um skipun fulltrúa vinnuverndarráðs fer samkvæmt 55. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998. Vinnuverndarráð skal koma saman að lágmarki tvisvar á ári. Skipunartími formanns, nefndar- og varamanna skal vera fjögur ár.

8. gr.

Neyðartilvik.

Vinnuveitandi skal tilgreina fyrir hverja tegund flugvélar, hverjar skyldur hvers flugliða eru í neyðartilvikum eða við aðstæður sem krefjast neyðarrýmingar flugvélar. Í þjálfunaráætlun vinnuveitanda skal gert ráð fyrir þjálfun í neyðarviðbrögðum og skal hún fela í sér kennslu í notkun alls neyðar- og björgunarútbúnaðar sem krafist er að sé um borð, svo og æfingu í neyðarrýmingu flugvélarinnar.

9. gr.

Ýmsar skyldur vinnuveitenda.

Vinnuveitandi skal:

a) vinna hættumat varðandi öryggi og hollustu á vinnustað er taki sérstakt mið af þeirri áhættu sem flugverjum er búin. Skal Flugmálastjórn Íslands afhent afrit af hættumati;
b) ákveða hvaða verndarráðstafanir skal gera og, ef nauðsyn krefur, hvaða hlífðarbúnað ber að nota;
c) halda skrá yfir vinnuslys sem valda því að flugverji er frá vinnu lengur en þrjá vinnudaga;
d) taka saman skýrslur um vinnuslys sem flugverjar verða fyrir í starfi til handa Flugmálastjórn Íslands og eftir því sem við á, sbr. ákvæði reglugerðar um tilkynningarskyldu flugslysa og flugatvika nr. 126/1998.
e) Heimilt skal að fella efni reglugerðar þessarar inn í flugrekstrarhandbók hlutaðeigandi flugrekanda þannig að framkvæmd ákvæða hennar falli undir gæðaeftirlit flugrekandans og almennt eftirlit Flugmálastjórnar Íslands.

10. gr.

Upplýsingar til starfsmanna.

Vinnuveitandi skal gera þær ráðstafanir til að flugverjar og/eða fulltrúar þeirra fái allar nauðsynlegar upplýsingar um þá áhættu sem öryggi og heilsu þeirra er búin og verndar- og forvarnarráðstafanir og aðgerðir er snerta bæði loftför almennt og hverja gerð vinnuaðstöðu og/eða starfs.

Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að flugverjum sem sérstaklega er ætlað að sinna verndun öryggis og heilsu eða öryggistrúnaðarmenn flugverja hafi, eftir því sem unnt er aðgang að:

a) hættumati því og verndarráðstöfunum sem um getur í 9. gr.;
b) skránni og skýrslunum sem um er rætt í c- og d-liðum 9. gr.;
c) upplýsingum þeim er í ljós koma við verndar- og forvarnarráðstafanir og upplýsingum frá eftirlitsstofnunum og aðilum sem bera ábyrgð á málefnum er varða öryggi og hollustuvernd.

11. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.

Vinnuveitendur skulu hafa samráð við flugverja og/eða fulltrúa þeirra og heimila þeim að taka þátt í umræðum um öll mál er tengjast öryggi og hollustu um borð í loftförum. Þetta felur í sér:

a) að haft er samráð við flugverja;
b) að flugverjar eða fulltrúar þeirra hafi tillögurétt;
c) eðlilega þátttöku í samræmi við landslög og/eða venjur.

Flugverjum þeim sem bera sérstaka ábyrgð á öryggi og hollustuvernd, eða öryggistrúnaðarmönnum, skal tryggð eðlileg þátttaka í samræmi við landslög og/eða venjur, eða að vinnuveitandi hafi samráð fyrirfram og tímanlega við þá, í sambandi við:

a) allar ráðstafanir sem geta haft umtalsverð áhrif á öryggi og hollustu;
b) tilnefningu þeirra flugverja sem um getur í 6. gr.;
c) upplýsingarnar sem um getur í 9. gr. og 10. gr.;
d) ráðningu hæfra þjónustuaðila eða einstaklinga utan loftfarsins, eins og um getur í 6. gr., eftir því sem við á;
e) skipulagningu og fyrirkomulag þjálfunar þeirrar sem um getur í 12. gr.

Öryggistrúnaðarmenn flugverja og fulltrúar flugverja í öryggisnefndum skulu hafa rétt til að æskja þess að vinnuveitandi geri viðeigandi ráðstafanir og til að leggja fyrir hann tillögur þar að lútandi, til að draga úr hættu sem flugverjum er búin og/eða komast fyrir orsakir hennar. Ætíð skal Flugmálastjórn Íslands heimilt að krefja vinnuveitanda um skýrslugjöf vegna þeirra atriða er snerta aðbúnað og hollustu flugverja um borð í loftförum.

Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar flugverja í öryggisnefndum sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu í engu gjalda þeirra starfa sinna.

Vinnuveitendum er skylt að heimila öryggistrúnaðarmönnum og fulltrúum flugverja í öryggisnefnd að taka þann tíma frá vinnu sem með þarf án þess að laun skerðist og gera þeim kleift að beita rétti sínum og inna þær skyldur af hendi sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

Flugverjar og/eða fulltrúar þeirra eiga rétt á að skjóta málum til Flugmálastjórnar Íslands, telji þeir að ráðstafanir þær sem gerðar hafa verið og úrræði þau sem vinnuveitandi notast við tryggi ekki öryggi og hollustu á vinnustað svo viðunandi sé. Áður en að Flugmálastjórn Íslands tekur ákvörðun skal leitað umsagnar flugrekanda.

Fulltrúum flugverja ber að fá tækifæri til að leggja athugasemdir sínar fyrir fulltrúa Flugmálastjórnar Íslands þegar hann kemur til að sinna eftirliti með loftfari.

12. gr.

Þjálfun starfsmanna.

Vinnuveitandi skal tryggja að hver flugverji fái nægilega þjálfun að því er varðar öryggi og hollustu, meðal annars með upplýsingum og tilsögn sem sniðin er að vinnuaðstöðu hans og starfi:

a) um leið og hann er ráðinn til starfa,
b) ef hann er fluttur á annan stað eða í annað starf,
c) ef nýr búnaður er tekinn í notkun eða búnaði breytt,
d) ef ný tækni er innleidd.

Þjálfunina skal:

a) laga að nýjum eða breyttum áhættuþáttum, og
b) endurtaka reglulega ef þörf er á.

Öryggistrúnaðarmenn og eða fulltrúar í öryggisnefnd starfsmanna eiga rétt á viðeigandi þjálfun.

Kostnað við þjálfunina sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skal flugrekandi greiða.

Þjálfunin sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skal fara fram á vinnutíma.

III. KAFLI
Skyldur starfsmanna.

13. gr.

Sérhver flugverji er ábyrgur fyrir því að gæta eigin öryggis og heilsu eftir því sem hann hefur tök á, svo og annarra einstaklinga sem aðgerðir hans eða aðgerðaleysi á vinnustað snertir, í samræmi við þjálfun hans og fyrirmæli þau er vinnuveitandi hefur gefið honum.

Í þessu skyni ber flugverjum einkum í samræmi við þjálfun sína og fyrirmæli þau er vinnuveitandi hefur gefið, að gæta þess að:

a) nota vélar, tæki, verkfæri, hættuleg efni, flutningatæki og annan búnað á réttan hátt;
b) nota persónuhlífar sem þeim er séð fyrir á réttan hátt og skila þeim á sinn stað eftir notkun;
c) taka ekki úr sambandi, né heldur breyta eða fjarlægja að geðþótta uppsettan öryggisbúnað og nota öryggisbúnaðinn rétt;
d) upplýsa vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu án tafar um allar aðstæður við vinnu þar sem ljóst má telja að öryggi og heilsu sé bráð hætta búin og um alla ágalla á fyrirkomulagi sem ætlað er til verndar;
e) hafa samstarf við vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu, svo lengi sem þörf kann að vera til að hægt sé að sinna þeim verkum eða verða við þeim kröfum sem settar hafa verið til verndunar öryggis og heilsu starfsmanna á vinnustöðum;
f) hafa samstarf við vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu, svo lengi sem þörf kann að vera á til að vinnuveitandi geti tryggt öruggt vinnuumhverfi og vinnuskilyrði og svo að öryggi og heilsu sé engin hætta búin á athafnasvæði þeirra.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Heilbrigðiseftirlit.

Tryggja ber að litið sé eftir heilsu starfsmanna í samræmi við áhættuna sem starf þeirra felur í sér gagnvart öryggi þeirra og heilsu.

15. gr.

Sérstök áhætta.

Huga skal að þeirri sérstöku áhættu sem fylgir störfum í loftförum þannig að leitast sé við að draga úr henni.

16 gr.

Vinnustaðir á jörðu niðri.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, gilda um vinnuumhverfi áhafna á jörðu niðri eins og unnt er.

17. gr.

Persónuhlífar.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 497/1994, um notkun persónuhlífa, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er og við getur átt.

18. gr.

Tæki.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 431/1997, um notkun tækja, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er og við getur átt.

19. gr.

Öryggi og hollusta þegar byrðar eru handleiknar.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 499/1994, um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er og við getur átt.

20. gr.

Krabbameinsvaldandi efni.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 621/1994, um vinnu með krabbameinsvaldandi efni, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er.

21. gr.

Líffræðilegir skaðvaldar.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 554/1996, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er.

22. gr.

Öryggis- og heilbrigðismerki.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er og við á.

23. gr.

Þungaðar konur.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 679/1998, um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er og við getur átt.

24. gr.

Starfsmenn í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglugerðar nr. 433/1997, um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi, gilda um flugverja eins og unnt er.

25. gr.

Hávaðaeftirlit og heyrnareftirlit starfsmanna.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu reglur nr. 500/1994 um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna, gilda um vinnu í loftförum eins og unnt er.

26. gr.

Asbestos efni.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu reglur nr. 379/1996 um asbestos efni, gilda um vinnu í loftförum eins og unnt er og við getur átt.

27. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir.

V. KAFLI
Lagastoð og gildistaka.

28. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 145. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, sbr. VI. kafla, og með hliðsjón af tilskipunum ráðsins nr. 89/391 EBE frá 12. júní 1989, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum öðlast þegar gildi. Þá hefur einnig verið höfð hliðsjón af eftirtöldum tilskipunum ráðsins sem settar eru samkvæmt ofangreindri tilskipun:

nr. 89/654/EBE, frá 30. nóvember 1989, um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum (fyrsta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 89/655/EBE, frá 30. nóvember 1989, um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota tæki á vinnustöðum (önnur sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 89/656/EBE, frá 30. nóvember 1989, um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota persónuhlífar á vinnustöðum (þriðja sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 90/269/EBE, frá 29. maí 1990, um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar og hætta er á að starfsmenn verði fyrir bakmeiðslum (fjórða sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 90/394/EBE, frá 28. júní 1990, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 90/679/EBE, frá 26. nóvember 1990, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 92/58/EBE frá 24. júní 1992, um lágmarkskröfur um uppsetningu öryggis- og heilbrigðismerkja á vinnustöðum (níunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 92/85/EBE frá 19. október 1992, um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti (tíunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);
nr. 91/383/EBE frá 25. júní 1991, um starfsmenn í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi.
Reglugerð þessi er jafnframt sett með hliðsjón af þriðju tilskipun ráðsins nr. 80/1107/EEC en tilskipun nr. 86/188 hávaðaeftirlit og heyrnareftirlit starfsmanna er sett samkvæmt henni svo og tilskipun nr. 83/477/EBE og 91/382 um asbestos efni á vinnustað.

Samgönguráðuneytinu, 5. október 1999.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

30. september 1999 Nr. 681

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 12/1999 um breytingu í samræmi við 3. gr. og 12. gr. laga nr. 154/1998 á reglum samkvæmt auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 8/1997 um jöfnunarverðmæti hlutabréfa samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 97/1996.

1. gr.

1. málsliður 1. gr. reglnanna falli niður.

2. gr.

Í stað orðanna: „með framtalsskilum á árunum 1997, 1998 eða 1999“ í 1. mgr. 10. gr. reglnanna komi orðin: í síðasta lagi í árslok 1999.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 11. gr.:

a) Við 1. mgr. greinarinnar bætist nýr málsliður er orðist svo:
Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996, þegar það hefur verið framreiknað samkvæmt verðbreytingarstuðli til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.

b) Í stað orðanna „með skattframtali 1999“ í 3. mgr. 11. gr. reglnanna komi orðin: í árslok 1999.

4. gr.

12. og 13. gr. reglnanna falli niður.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 97/1997, sbr. og 3. og 12. gr. laga nr. 154/1998. Gilda þær um mat á jöfnunarverðmæti hlutabréfa sem lokið skal fyrir árslok 1999.

Reykjavík, 30. september 1999.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs nr. 609/1996.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samsettar umbúðir: umbúðir sem settar eru saman úr mismunandi efnum og ekki er unnt að taka í sundur með handafli.

2. gr.

5. gr. orðast svo:

Auðkenningarkerfi.

Til að greiða fyrir söfnun, endurnotkun og endurnýtingu umbúða og umbúðaúrgangs, þar með talin endurvinnsla, skal tilgreina úr hverju umbúðaefnið/efnin eru gerð til að hægt sé að greina þau og flokka sbr. viðauka II.

Umbúðirnar skulu merktar á viðeigandi hátt, annaðhvort á umbúðirnar sjálfar eða á merkimiða sem á þær er festar. Merkingarnar skulu vera augsýnilegar og auðlæsilegar.

Merkingarnar á umbúðunum skulu vera endingargóðar og greinilegar eftir að umbúðirnar eru opnaðar.

3. gr.

Viðauki II orðast svo:

Auðkenningarkerfi.

Auðkenna skal plast með tölunum 1-19, 20-39 fyrir pappír og pappa, 40-49 fyrir málma, 50-59 fyrir við, 60-69 fyrir textílefni, 70-79 fyrir gler og 80-99 fyrir samsett efni. Í auðkenningarkerfinu má einnig nota viðurkenndar skammstafanir fyrir viðeigandi efni innan hvers flokks fyrir sig.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, í 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, og í samræmi við 7. tölulið XVII. kafla í II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Tafla 1

Magn umbúða sem er markaðssett í aðildarríkinu.

I. VIÐAUKI Tafla 1 Magn umbúða sem er markaðssett í aðildarríkinu

(í tonnum)

Efni		Framleiðsla	Innflutningur tómra umbúða	Útflutningur (tómar umbúðir og fylltar umbúðir)	Markaðssett magn (tómar umbúðir og fylltar umbúðir)
-1		-2	-3	-4	-5
GLER					
PLAST	PET				
	PE				
	PVC				
	PP				
	PS				
	Annað				
	Samtals				
PAPPÍR OG PAPPI					
MÁLMAR	Al				
	Stál				
	Samtals				
SAMSETT EFNI					
VIÐUR					
ANNAÐ					
SAMTALS					

1. Fylla skal út 2., 3. og 4. dálk ef aðferðin sem notuð er við að útfylla 5. dálk á við um framleiðslu og hagtölur um innflutning og útflutning.

2. Skipta má 3. og 4. dálki í dálka fyrir tómar og fylltar umbúðir.

3. Valfrjálst er hvort lögð eru fram gögn um skiptingu í mismunandi flokka plastefna, skiptingu málma í stál og ál, um samsett efni og við. Valfrjálst er hvort skyggðir reitir eru fylltir út.

4. Gögn varðandi samsett efni má færa með heildarþyngd helsta efnisþáttarins eða sérstaklega.

Tafla 2

Endurnýtanlegar umbúðir.

II. VIÐAUKI Tafla 2 Endurnýtanlegar umbúðir

Efni		Gerð umbúða	Vara	Magn vöru í endurnýtanlegum umbúðum	Heildarmagn vöru í endurnýtanlegum umbúðum og einnota umbúðum af sömu gerð	Meðalfjöldi umferða á ári	Endingartími	Markaðssettar einingar einnota umbúða af sömu gerð
GLER		Flöskur	Drykkir					
			Annað					
PLASTEFNI		Flát						
		Föt - tunnur > 20 l — < 250 l	Matur					
			Annað					
		Tunnur > 250 l	Matur					
			Annað					
			Drykkir					
		Stórsekkir	Annað					
		Flöskur						
		Kassar						
		Flát						
		Grindur						
PAPPI		Vörubretti						
		Kassar						
		Tunnur						
		Flát						
MÁLMAR	Ál	Vörubretti	Matur					
			Annað					
		Flát - föt < 50 l	Matur					
			Annað					
	Stál	Flát - föt > 50 l - < 300 l	Matur					
			Annað					
		Flát - föt < 50 l	Matur					
			Annað					
VIÐUR		Flát - föt > 50 l - < 300 l						
		Kassar						
		Grindur						
		Viðarhylki						
		Vörubretti						
		Brettakassar						

Gefa skal upp magn drykkja/vökva í lítrum, en allt annað í kílógrömmum.

Valfrjálst er hvort tafla 2 er útfyllt og er hún aðeins ætluð fyrir þá flokka vöru og/eða umbúða sem innlend yfirvöld telja skipta máli í tengslum við 7. tölulið XVII. kafla í II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (sbr. 5. gr. tilskipunar 94/62/EB)

Í samræmi við það er dálkunum fyrir tegundir umbúða og vara ætlað að ná yfir þær tegundir umbúða og vara sem kunna að skipta máli að því er varðar endurnýtingu, en aðeins ber að útfylla þá reiti sem skipta máli gagnvart innlendum endurnýtingarkerfum. Ef þörf er á er heimilt að laga yfirskriftirnar að viðkomandi kerfi.

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er heimilt að skipta almennu liðunum drykkir/matur/annað í sérstaka liði svo sem ölkelduvatn, gosdrykki, mjólk, áfenga drykki, kjöt, fisk, þvottaefni o.s.frv.

Gögnin og nákvæmni þeirra skulu háð því hversu aðgengileg þau eru og kostnaði við öflun þeirra og er heimilt að taka þar mið af aðstæðum aðildarríkjanna.

Athugasemdir:

„Einingar í umferð“: *merkir fjölda eininga í umferð í endurskilakerfinu.*
„Fjöldi umferða á ári“: *merkir fjölda umferða sem einingarnar fara að meðaltali í kerfinu á ári.*

Svartir reitir teljast í engum tilvikum skipta máli.

Tafla 3

Magn umbúðaúrgangs (í tonnum) sem til fellur og er meðhöndlað í aðildarríkinu.

III. VIÐAUKI Tafla 3 Magn umbúðaúrgangs (í tonnum) sem til fellur og er meðhöndlað í aðildarríkinu

(í tonnum)

Efni		Samtals	Flokkað til endurvinnslu	Endurnýtt með						Ráðstafað með	
				lífrænni endurvinnslu	annars konar endurvinnslu	endurvinnslu samtals	orkuvinnslu	annars konar endurnýtingu	endurnýtingu samtals	brennslu	urðun
GLER											
PLAST	PET										
	PE										
	PVC										
	PP										
	PS										
	Annað										
	Samtals										
PAPPÍR OG PAPPI											
MÁLMAR	Ál										
	Stál										
	Samtals										
SAMSETT EFNI											
VIÐUR											
ANNAÐ											
SAMTALS											

Tafla 4.1

Magn umbúðaúrgangs (í tonnum) sem til fellur í aðildarríkinu og er endurheimt utan þess og eftirlit er haft með.

Tafla 4.1 Magn umbúðaúrgangs (í tonnum) sem til fellur í aðildarríkinu og er endurheimt utan þess og eftirlit er haft með

(í tonnum)

Efni		Endurnýtt með					
		lífrænni endurvinnslu	annars konar endurvinnslu	endurvinnslu samtals	orkuvinnslu	annars konar endurnýtingu	endurnýtingu samtals
GLER							
PLAST	PET						
	PE						
	PVC						
	PLAST PP						
	PS						
	Annað						
	Samtals						
PAPÍR OG PAPPI							
METALL	Ál						
	Stál						
	Samtals						
SAMSETT EFNI							
VIÐUR							
ANNAÐ							
SAMTALS							

Tafla 4.2

Magn umbúðaúrgangs (í tonnum) sem til fellur utan aðildarríkisins en er endurheimt innan þess og eftirlit er haft með.

Athugasemd við töflur 3, 4.1 og 4.2

Tafla 4.2 Magn umbúðaúrgangs (í tonnum) sem til fellur utan aðildarríkisins en er endurheimt innan þess og eftirlit er haft með

(í tonnum)

Efni		Endurnýtt með					
		lífrænni endurvinnslu	annars konar endurvinnslu	endurvinnslu samtals	orkuvinnslu	annars konar endurnýtingu	endurnýtingu samtals
GLER							
PLAST	PET						
	PE						
	PVC						
	PLAST PP						
	PS						
	Annað						
	Samtals						
PAPÍR OG PAPPI							
METALL	Al						
	Stál						
	Samtals						
SAMSETT EFNI							
VIÐUR							
ANNAÐ							
SAMTALS							

1. *Valfrjálst er hvort gögnunum í töflu 3 er skipt í úrgang sveitarfélaga og annan úrgang.*

2. *Dálkurinn „samtals“ er skyldubundinn. Dálkurinn „flokkað til endurvinnslu“ er valfrjáls.*

3. *Dálkarnir „lífræn endurvinnsla“ og „annars konar endurvinnsla“ eru valfrjálsir. Dálkurinn „endurvinnsla samtals“ er skyldubundinn.*

4. *Dálkarnir „orkuvinnsla“ og „annars konar endurnýting“ eru valfrjálsir. Dálkurinn „endurnýting samtals“ er skyldubundinn.*

5. *Dálkarnir „brennsla“ og „urðun“ eru valfrjálsir.*

6. *Valfrjálst er hvort lögð eru fram gögn um skiptingu í mismunandi flokka plastefna, skiptingu málma í stál og ál, um samsett efni og við.*

7. *Gögn varðandi samsett efni má færa með heildarþyngd helsta efnisþáttarins eða færa þau sérstaklega.*

8. *Svartir reitir teljast í engu tilviki skipta máli. Valfrjálst er hvort skyggðir reitir eru fylltir út.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 1999

22. október 1999 1901 Nr. 683

AUGLÝSING

um bann við flutningi fullorðins fjár til slátrunar yfir varnarlínur á Austurlandi, Suðausturlandi og Suðurlandi.

1. gr.

1. Óheimilt er að flytja fullorðið fé til slátrunar á Hornafirði, úr Mýrdals- og Skaftártunguhólfum og einnig af svæðinu norðan Hamarsár.
2. Óheimilt er að flytja fullorðið fé úr varnarhólfum vestan Þjórsár til slátrunar í varnarhólfum austan Þjórsár.
3. Flutningur á fullorðnu fé úr Mýrdalshólfi og Skaftártunguhólfi er eingöngu heimilaður til slátrunar vestan Þjórsár.

2. gr.

Með brot gegn auglýsingu þessari skal farið samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum.

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 22. október 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Stjórnartíðindi B 93, nr. 683. Útgáfudagur 22. október 1999.

B 123
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 1999

Nr. 684 1902 11. október 1999

REGLUGERÐ

um sprengiefni.

I. KAFLI
Skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.
Skilgreiningar.

Sprengiefni: Fast eða fljótandi efni eða efnablanda, sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni, svo sem hvellhettur og kveikiþræðir.

Markaðssetning: Fyrsta afhending sprengiefnis gegn greiðslu eða án endurgjalds, í því skyni að dreifa því og/eða nota það hér á landi eða í öðru ríki sem aðild á að Evrópska efnahagssvæðinu.

Rekstaraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem hefur leyfi eða heimild til að framleiða, geyma, nota eða færa til sprengiefni eða stunda viðskipti með sprengiefni.

Tilflutningur: Öll tilfærsla á sprengiefni innan yfirráðasvæðis þeirra ríkja sem aðild eiga að Evrópska efnahagssvæðinu, að undanskildum tilflutningi innan sömu lóðar.

Sprengiefnageymsla: Lokað rými til geymslu á sprengiefni.

Sprengistjóri: Sá er fengið hefur réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu.

Tilskipun 93/15/EBE: Tilskipun ráðsins nr. 93/15/EBE frá 5. apríl 1993 um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota.

2. gr.
Gildissvið.

Reglugerðin gildir um framleiðslu, geymslu og flutning sprengiefnis, þ. á m. lestun og losun, svo og um kaup, notkun, förgun, verslun og inn- og útflutning sprengiefnis. Reglugerðin gildir einnig um tæki og efni sem notuð eru við hverskyns meðferð sprengiefnis.

Undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar eru:

a. sprengiefni í eigu landhelgisgæslu og lögreglu,
b. flugeldar og
c. flutningur sprengiefnis í skipum og flugvélum.

Geymsla og notkun sprengiefnis um borð í skipum fellur undir ákvæði reglugerðarinnar, svo og notkun sprengiefnis við köfun frá skipum og landi.

Ríkislögreglustjórinn úrskurðar ef vafi leikur á hvort sprengiefni eða tæki og búnaður falli undir gildissvið reglugerðarinnar.

II. KAFLI
Markaðssetning.

3. gr.
Gerðarviðurkenning.

Óheimilt er að markaðssetja eða hafa undir höndum sprengiefni sem ekki hafa hlotið gerðarviðurkenningu og bera CE-samræmismerki samkvæmt 4. gr. Viðurkennd sprengiefni skulu standast grunnkröfur þær sem tilgreindar eru í viðauka I.

Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir sprengiefni hér á landi. Umsókn um viðurkenningu skulu fylgja nauðsynleg gögn frá framleiðanda og viðurkenndum prófunarstofnunum um eiginleika efnanna. Við viðurkenningu skal farið eftir þeirri aðferð sem tilgreind er í viðauka II við tilskipun ráðsins nr. 93/15/EBE.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má viðurkenna sprengiefni til tiltekinna takmarkaðra nota hér á landi samkvæmt ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins.

Sprengiefni sem hlotið hafa viðurkenningu í öðru ríki til notkunar á Evrópska efnahagssvæðinu eru sjálfkrafa viðurkennd til notkunar hér á landi. Sprengiefni sem framleidd eru eftir samræmdum evrópskum staðli skulu enn fremur hljóta viðurkenningu, enda teljist slíkir staðlar standast grunnkröfur viðauka I.

Hráefni, sem ekki eru ein sér flokkuð sem sprengiefni, en ætluð eru til framleiðslu sprengiefnis á vegum þeirra sem annast sprengingar, eru viðurkenningarskyld á sama hátt og sprengiefni, t.d. ammóníumnítrat.

4. gr.

CE-samræmismerkið og hættuflokkun.

Viðurkennd sprengiefni skulu bera CE-samræmismerkið, sbr. viðauka II. CE-merkingin skal, á sýnilegan, auðlæsilegan og óafmáanlegan hátt, fest á sprengiefnin sjálf eða, verði ekki hjá því komist, á merkiplötu sem fest er við þau. Verði merkingin ekki fest með framangreindum hætti er heimilt að festa hana á umbúðirnar. Merkiplatan skal vera þannig gerð að hún verði ekki notuð á ný.

Sprengiefni skal flokkað í hættuflokka og aðskilnaðarflokka í samræmi við leiðbeiningar sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um flutning hættulegra efna.

5. gr.

Afturköllun gerðarviðurkenningar.

Vinnueftirlit ríkisins getur afturkallað viðurkenningu sprengiefnis ef í ljós kemur að upplýsingar sem lagðar voru til grundvallar viðurkenningunni hafa ekki verið fullnægjandi eða meiri hætta fylgir notkun efnisins en fyrirsjáanlegt var.

III. KAFLI
Umbúðir og merking.

6. gr.

Umbúðir.

Umbúðir um sprengiefni skulu hafa nægan styrk til að þola hnjask sem varan kann að verða fyrir við eðlilega meðferð, flutning og geymslu.

Umbúðir skulu þannig gerðar og vera úr þannig efnum að ekki sé hætta á að snerting innihaldsins við yfirborð umbúðanna að innanverðu leiði til hættu á sprengingu eða bruna. Umbúðir skulu enn fremur þannig gerðar að ekki sé hætta á að innihaldið hreyfist við flutning og meðferð svo að hætta stafi af.

7. gr.

Merking umbúða.

Varnaðarmerki og varnaðarorð á íslensku skulu vera hlið við hlið á ystu umbúðum, greinilega aðskilin frá annarri merkingu.

Ystu umbúðir skulu greinilega merktar með tækniheiti efnisins, eða vöruheiti ef um þekkt vörumerki er að ræða. Enn fremur skal varan merkt með skráningarnúmeri (SÞ-númeri) því sem sérfræðinefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um flutning á hættulegum efnum, hefur ákveðið.

Á ystu umbúðum skal vera ferhyrnt varúðarmerki a.m.k. 10 sm á hverja hlið, rauðgult að lit með svörtu letri, sbr. viðauka III. Á varúðarmerki skal tiltaka hættuflokk og aðskilnaðarflokk efnisins auk upplýsinga um flutningstakmarkanir ef við á.

Á ystu umbúðum skal tilgreind eigin þyngd vörunnar, heildarþyngd að umbúðum meðtöldum og framleiðsludagur.

Merkingar, sem fjallað er um í 1.-4. mgr., skulu einnig vera á innri umbúðum ef slíkt er nauðsynlegt til að tryggja örugga meðferð efnisins.

8. gr.

Öryggisleiðbeiningar.

Þegar sprengiefni er afhent skulu fylgja því öryggisleiðbeiningar á íslensku í samræmi við ákvæði reglna um öryggisleiðbeiningar við afhendingu hættulegra efna.

IV. KAFLI
Framleiðsla, innflutningur og verslun.

9. gr.

Framleiðsla.

Með framleiðslu er átt við hverskyns aðgerðir sem leiða til myndunar sprengiefnis, svo og pökkun efnisins og annan frágang. Blöndun ammóníumnítrats og olíu telst framleiðsla sprengiefnis.

Framleiðsla sprengiefnis er óheimil nema með leyfi ríkislögreglustjórans, sbr. þó 3. mgr. Framleiðslustaður skal auk þess háður samþykki Brunamálastofnunar ríkisins og búnaður og framleiðsluaðferðir skulu háðar samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt einstaklingum, sem öðlast hafa leyfi til að fara með sprengiefni, heimild til að framleiða sprengifima blöndu ammóníumnítrats og olíu á sprengistað, enda geri þeir nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Óheimilt er að flytja slíkt sprengiefni til annarra staða nema með sérstöku leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

Blöndun ammóníumnítrats skal fara fram í a.m.k. 60 m fjarlægð frá sprengiefnageymslu. Vinnueftirlit ríkisins getur þó heimilað minni fjarlægð í einstökum tilvikum ef aðstæður krefjast þess.

10. gr.

Innflutningur, sala og heildsala.

Innflutningur, sala og heildsala sprengiefnis er óheimill nema með leyfi ríkislögreglustjórans. Slíkt leyfi má aðeins veita þeim sem fullnægir ákvæðum a. og b. liða 30. gr. um kunnáttu í meðferð sprengiefna og hefur yfir að ráða fullnægjandi geymslu fyrir sprengiefni samkvæmt VI. kafla, enda uppfylli hann ákvæði annarra laga og reglna sem varða rekstrinn. Leyfin skulu gilda til allt að 5 ára í senn.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. skal jafnframt gilda sem tilflutningsleyfi samkvæmt 9. gr. tilskipunar 93/15/EBE. Skal leyfið þá staðfest á þar til gerðum eyðublöðum sem innflytjandi skal senda lögbærum yfirvöldum í þeim löndum Evrópska efnahagssvæðisins sem efnið fer um.

Þeir sem hyggjast flytja til Íslands sprengiefni til eigin nota og hafa ekki leyfi samkvæmt 1. mgr. skulu afla til þess sérstaks tilflutningsleyfis, enda uppfylli þeir ákvæði a-, b- og c-liða 30. gr. Vinnueftirlit ríkisins gefur út tilflutningsleyfi og tilkynnir lögreglustjórum þeirra umdæma sem efnið fer um. Þeir sem hyggjast flytja sprengiefni frá Íslandi til áfangastaðar í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu á sama hátt afla sér tilflutningsleyfis hjá þarlendu lögbæru yfirvaldi.

Heildsalar skulu ársfjórðungslega senda Vinnueftirlitinu upplýsingar um tegund og magn selds sprengiefnis, hvellhettna og kveikjuþráðar.

11. gr.

Sala til notenda.

Sprengiefni má aðeins selja þeim, sem fengið hefur leyfi lögreglustjóra til að kaupa það og hafa í sinni vörslu. Óheimilt er að afhenda sprengiefni nema gegn framvísun leyfisins.

Ef kaupandi er lögaðili skal hann tilnefna einn starfsmann sinn sem sérstakan ábyrgðarmann til að hafa umsjón með vörslu efnisins og skal ábyrgðarmaður fullnægja skilyrðum a- liðar 30. gr. Umsókn um leyfi til kaupa á sprengiefni skal fylgja yfirlýsing viðkomandi einstaklings um að hann taki að sér hlutverk ábyrgðarmanns ásamt staðfestingu forráðamanns fyrirtækisins.

Láti ábyrgðarmaður af störfum eða geti hann ekki sinnt starfi sínu lengur, skal þegar í stað tilnefna annan ábyrgðarmann. Að öðrum kosti telst leyfi skv. 1. mgr. fallið úr gildi.

Ábyrgðarmaður skal tryggja að flutningur og geymsla sprengiefnis, sem og birgðaskráning í fyrirtæki hans, sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Sá sem hefur leyfi til kaupa á sprengiefni skal hafa yfir að ráða fullnægjandi geymslu samkvæmt ákvæðum VI. kafla.

Sá sem hefur leyfi til kaupa á sprengiefni öðlast jafnframt rétt til tilflutnings sprengiefnis í samræmi við 9. gr. tilskipunar 93/15/EBE, enda sé magn efnis í hverjum flutningi ekki yfir 50 kg og leyfishafi annist hann sjálfur.

V. KAFLI
Búnaður við framleiðslu, geymslu, sölu eða notkun sprengiefnis.

12. gr.

Búnaður.

Við framleiðslu og notkun sprengiefnis er einungis heimilt að nota vélar, áhöld og annan búnað sem viðurkenndur er af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt nánari reglum er það setur.

Búnaður sem hlotið hefur viðurkenningu til notkunar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins telst viðurkenndur á Íslandi.

VI. KAFLI
Geymsla sprengiefnis.

13. gr.

Flokkun, samþykki og tilkynningarskylda.

Sprengiefnageymslur skiptast í þrjá flokka:

1. flokkur: Færanlegar sprengiefnakistur fyrir minni forða, allt að 50 kg sprengiefnis, 100 hvellhettur og 100 m af sprengiþræði.
2. flokkur: Færanlegar sprengiefnageymslur, t.d. gámar.
3. flokkur: Staðbundnar sprengiefnageymslur, t.d. geymslur heildsala, skipafélaga, hafna eða bæjarfélaga.

Geymslur í 1. og 2. flokki skulu viðurkenndar af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt nánari reglum sem stofnunin setur.

Óheimilt er að koma fyrir færanlegri sprengiefnageymslu án leyfis lögreglustjóra í umdæminu, sem tilkynnir það hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra og Vinnueftirliti ríkisins. Í umsókn skal tilgreina áætlað magn sem fyrirhugað er að geyma.

Hönnun og staðsetning geymslna í 3. flokki skal samþykkt af Brunamálastofnun ríkisins.

14. gr.

Almenn ákvæði.

Sprengiefnageymsla skal þannig gerð, innréttuð og staðsett, að ekki skapist sérstök hætta á bruna eða sprengingu og að tryggt sé að sprengiefni komist ekki í hendur óviðkomandi.

Sprengiefni skal ávallt geymt í viðurkenndri sprengiefnageymslu. Laust sprengiefni skal tafarlaust flutt í viðurkennda geymslu, t.d. ef hlé verður á framkvæmdum á vinnusvæði. Sprengiefnakistur skal geyma í sprengiefnageymslu eða innanhúss í rammlega læstu rými sem óviðkomandi hafa ekki aðgang að.

Sprengiefnageymslur skulu ávallt rammlega læstar þegar ekki er verið að ganga um þær.

15. gr.

Umgengnisreglur í og við sprengiefnageymslur.

Reykingar, meðferð opins elds og radíósenda í sprengiefnageymslum og í grennd við þær er bönnuð.

Við geymslu eða aðra meðhöndlun skal sprengiefni vera í upprunalegum umbúðum frá framleiðanda eða búið um það á annan jafntryggan hátt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Önnur vinna en sú sem varðar meðhöndlun og umbúnað sprengiefnis má ekki fara fram í sprengiefnageymslu. Óheimilt er að geyma þar önnur tæki og búnað sem tilheyra sprengivinnunni, t.d. mælitæki, hnalla og þess háttar.

16. gr.

Merkingar geymslna og aðskilnaður sprengiefna.

Sprengiefnageymslur í flokki 3 skulu rammlega girtar af. Hlið með traustri læsingu skal vera á girðingu. Sama gildir um sprengiefnageymslur í flokki 2 sem settar eru niður á sama stað í 12 mánuði eða lengur, t.d. í tengslum við verklegar framkvæmdir.

Á girðingum og geymslum skulu vera greinilegar merkingar og viðvaranir um hættu af völdum sprengiefna.

Við geymslu sprengiefna skal gæta þess að reglum um aðskilnað sprengiefna sé framfylgt. Einungis má geyma þau efni saman sem eru í sama aðskilnaðarflokki, sbr. 2. mgr. 4. gr.

17. gr.

Öryggisfjarlægðir.

Sprengiefni skal geyma í öruggri fjarlægð frá híbýlum manna og frá stöðum þar sem gera má ráð fyrir að fólk dveljist eða komi saman og frá mannvirkjum, umferðargötum og þjóðvegum. Til viðmiðunar eru þær fjarlægðir sem settar eru fram í viðauka IV.

Um öryggisfjarlægðir milli sprengistaðar og háspennulína og radíósendibúnaðar gilda ákvæði viðauka IV.

Lögreglustjóri getur í samráði við slökkviliðsstjóra heimilað frávik frá þessum viðmiðunum þegar sérstaklega stendur á.

18. gr.

Birgðabókhald.

Sá sem hefur með höndum sprengiefni skal, í þar til gerðri rekstrardagbók, halda nákvæmt birgðabókhald, þar sem fram kemur magn móttekins sprengiefnis, tilflutningur efnis milli geymslna, notað efni og magn sem tiltækt er í hverri sprengiefnageymslu.

Ábyrgðarmaður samkvæmt 2. mgr. 11. gr. skal tryggja að farið sé að ákvæðum 1. mgr. Rekstrardagbók skal sýnd lögreglu eða Vinnueftirliti ríkisins þegar þess er óskað.

VII. KAFLI
Flutningur á landi.

19. gr.
Tilhögun flutnings.

Auk ákvæða reglugerðarinnar gildir um flutning sprengiefnis á landi reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

Um vörslu sprengiefnis á flutningsmiðstöðvum gilda ákvæði VI. kafla.

Hvellhettur skulu ávallt fluttar í traustum umbúðum til að koma í veg fyrir ótímabæra sprengingu.

Ekki er heimilt að flytja sprengiefni með öðrum hættulegum efnum í sama ökutæki eða með annarri vöru ef slíkt eykur hættu á bruna eða sprengingu.

Einungis er heimilt að flytja í sama ökutæki sprengiefni sem fullnægja skilyrðum um aðskilnaðarflokkun samkvæmt viðauka V.

Þá skulu leyfi sem nauðsynleg eru, sbr. 2. og 3. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 21. gr., vera fyrir hendi, auk fyrirmæla lögreglustjóra ef við á, sbr. 23. gr.

20. gr.
Ökutæki.

Ökutæki sem notað er til flutnings á sprengiefnum skal vera í góðu ástandi og fullnægja öllum ákvæðum umferðarlaga og reglna um gerð og búnað ökutækja. Ef flutt er meira en 50 kg af sprengiefni, að umbúðum undanskildum, skal ökutæki vera viðurkennt fyrir slíkan flutning í samræmi við reglugerð um flutning á hættulegum farmi. Eigandi, notandi og ökumaður ökutækis sem flytur sprengiefni eru, hver um sig, ábyrgir fyrir því að ökutækið standist þær kröfur sem gerðar eru.

21. gr.
Flutningsleyfi, takmarkanir o.fl.

Óheimilt er að flytja milli staða innanlands meira en 50 kg sprengiefnis með sama ökutæki nema til komi leyfi lögreglustjóra á áfangastað. Þegar um er að ræða flutning á landi skal lögreglustjóri tilkynna um flutninginn og hafa samráð við lögreglustjóra þeirra umdæma sem flutningurinn fer um, varðandi kröfur eða fyrirmæli sem flutningsaðila eru settar, sbr. 23. gr. Skal slíks getið í leyfisbréfi.

Heimilt er að flytja með ökutæki allt að 50 kg af sprengiefni með Sameinuðu þjóða númer 0081, 0082, 0084, 0241, 0331, 0332 og 0482 samkvæmt flokkun Sameinuðu þjóðanna án þess að uppfylla öll skilyrði reglugerðar um flutning á hættulegum farmi. Við slíkan flutning skal fylgja farmbréf, vottorð sendanda og a. m. k. eitt 2 kg slökkvitæki. Umbúðir skulu vera viðurkenndar og merktar og fara skal eftir samlestunarákvæðum í viðauka V.

Innan athafnasvæðis þar sem önnur umferð fer ekki fram er heimilt að flytja samtímis í ökutæki milli sprengiefnageymslu og sprengistaðar 500 kg af sprengiefni með efnisnúmer 4 og allt að 1000 hvellhettur með efnisnúmer 1. Sprengiefni og hvellhettum skal haldið aðskildu með öryggiskistu eða lokuðu rými þannig að tryggt sé að fjarlægðin á milli þeirra verði aldrei minni en 1 m.

Óheimilt er að flytja sprengiefni með hópbifreiðum og öðrum samgöngutækjum sem samtímis eru notuð til fólksflutninga á landi.

22. gr.

Merking ökutækis.

Ökutæki sem flytur meira en 50 kg af sprengiefni skal merkt að framan og aftan með appelsínugulu hættuskilti 300 x 400 mm að stærð. Á skiltinu skal vera 15 mm breið svört rönd á jaðri. Þar að auki skal merkja ökutæki á báðum hliðum og að aftan með varúðarmerki samkvæmt gildandi reglum um flutning hættulegs farms á vegum.

23. gr.

Flutningsleiðir.

Til að draga úr hættu á óhöppum við flutning sprengiefnis geta lögreglustjórar gefið fyrirmæli um flutningsleiðir, flutningstíma, hámarksmagn sprengiefnis, lögreglufylgd og önnur þau atriði sem þeir telja nauðsynleg til að tryggja nægjanlegt öryggi við flutninginn.

Sá sem annast flutning sprengiefnis skal gera lögreglustjóra viðvart með hæfilegum fyrirvara ef fyrirhugað er að flytja óvenjumikið magn sprengiefnis eða sprengiefni sem sjaldan er flutt með ökutækjum og sérstök hætta fylgir.

24. gr.

Stjórnandi ökutækis.

Stjórnandi ökutækis sem flytur sprengiefni skal hafa næga þekkingu á eiginleikum efnisins, meðhöndlun þess og þeim ráðstöfunum sem gera skal ef óhapp verður eða eldur kemur upp. Ef flutt er meira en 50 kg af sprengiefni skal ökumaður hafa gilt vottorð um starfsþjálfun samkvæmt reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja hættulegan farm.

25. gr.

Lestun og losun.

Við lestun og losun sprengiefnis skal gætt ýtrustu varúðar. Tæki og áhöld sem notuð eru skulu vera þannig gerð að umbúðir vörunnar skemmist ekki og að ekki sé hætta á að varan falli af eða úr tækjunum.

Óheimilt er að taka við sprengiefni til flutnings nema það sé í umbúðum sem þola eðlilegt álag. Hafi umbúðir vörunnar skemmst þannig að hætta sé á að þær þoli ekki flutninginn skal vörunni komið fyrir á öruggum stað og sendanda eða móttakanda gert viðvart.

Skorða skal sprengiefni sem flutt er með ökutæki þannig að það hreyfist ekki við flutning. Sprengiefni skal varið fyrir höggum og núningi og skal því þannig fyrir komið að ekki sé hætta á að umbúðir láti undan.

26. gr.

Flutningur í gámum.

Um flutning sprengiefnis í gámum fer samkvæmt reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

27. gr.

Flutningur í ökutæki.

Ökutæki sem flytur sprengiefni skal vera undir stöðugu eftirliti meðan á flutningi stendur.

Meðferð opins elds og reykingar eru óheimilar í eða nærri ökutæki sem flytur sprengiefni.

28. gr.

Viðbrögð við óhöppum.

Verði óhapp við flutning sprengiefnis þannig að stöðva verði flutninginn skal óhappið þegar í stað tilkynnt næstu lögreglu- og slökkvistöð. Stafi umferð hætta af óhappinu skal hún stöðvuð.

Nú er ekki unnt að halda flutningi áfram með sama ökutæki og skal þá sprengiefnið fjarlægt af staðnum með ýtrustu varúð og því komið fyrir með öruggum hætti.

VIII. KAFLI
Notkun sprengiefnis.

29. gr.

Réttindi til að annast sprengivinnu - sprengistjóri.

Enginn má fara með sprengiefni og annast sprengivinnu nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra samkvæmt 1. mgr. 27. gr. vopnalaga.

Lögreglustjóri veitir réttindi skv. 1. mgr. og gefur út skírteini til handa leyfishafa því til staðfestingar til 5 ára í senn. Þeim einum má veita slík réttindi sem framvísar vottorði Vinnueftirlits ríkisins um að hann hafi lokið tilskildu námi og staðist próf samkvæmt 30. gr.

Réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu eru tvenns konar:

A-réttindi: Gildir fyrir alla sprengivinnu.

B-réttindi: Gildir fyrir þá sérhæfðu og takmörkuðu notkun sprengiefnis sem tiltekin er í leyfinu, svo sem sprengingar í málmbræðsluofnum, sprengingar í rannsóknaskyni (jarðskorpumælingar) o.fl.

Lögreglustjóri tilkynnir Vinnueftirliti ríkisins um útgefin sprengiefnaréttindi.

Við endurnýjun réttinda skal umsækjandi leggja fram vottorð Vinnueftirlits ríkisins um hæfi umsækjanda og staðfestingu þess að hann hafi stundað sprengivinnu á síðastliðnum fimm árum. Fullnægi umsækjandi því ekki skal hann gangast undir próf samkvæmt b- og c- liðum 30. gr.

Sprengistjóri skal ávallt bera á sér skírteini við sprengivinnu og skal hann framvísa því þegar lögregla eða starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins óska þess.

30. gr.

Námskeið og próf.

Til að fá vottorð Vinnueftirlits ríkisins um næga kunnáttu til að annast sprengivinnu þarf að fullnægja þessum skilyrðum:

a. vera orðinn 20 ára að aldri,
b. hafa sótt námskeið sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir og staðist bóklegt próf,
c. hafa staðist verklegt próf, sem prófdómari á vegum Vinnueftirlits ríkisins hefur lagt fyrir.

31. gr.

Skyldur og ábyrgð sprengistjóra.

Sprengivinna skal ávallt vera undir stjórn og á ábyrgð sprengistjóra.

Sprengistjóri ber ábyrgð á að sprengivinna sé framkvæmd á öruggan hátt. Hann ber einnig ábyrgð á að meðferð og notkun sprengiefnis og búnaðar, sem notaður er við sprengingar, sé í samræmi við gildandi reglur, svo og að farið sé eftir leiðbeiningum framleiðanda og fyrirmælum eftirlitsmanns.

Sprengistjóra er heimilt að fela manni, sem ekki hefur réttindi til að fara með sprengiefni, einstök verkefni við undirbúning sprengingar, enda hafi hann hlotið nauðsynlega

tilsögn. Eftir að hleðsla hefst og þar til skot hefur riðið af og gengið hefur verið úr skugga um að allar hleðslur hafi sprungið, skal sprengistjóri ávallt vera á sprengistað og tryggja að fyllsta öryggis sé gætt.

32. gr.

Meðferð sprengiefnis á sprengistað.

Sprengiefni og hvellhettur sem teknar hafa verið úr geymslu til notkunar skulu ávallt vera undir eftirliti og þannig fyrir komið að óviðkomandi hafi ekki aðgang að.

Sprengiefni og hvellhettur má ekki taka með sér inn í íbúðarhúsnæði, starfsmannarými eða vinnustað sem óviðkomandi er sprengivinnunni.

33. gr.

Rafkveikibúnaður og straumleiðslur.

Einungis skal nota viðurkenndan kveiki- og mælibúnað, sbr. 1. mgr. 3. gr. Við notkun skal þess gætt að allur búnaður henti þeirri gerð og þeim fjölda hvellhettna sem notaðar eru.

Í hverri hleðslu skulu allar hvellhettur vera af sömu gerð (frá sama framleiðanda) og í sama flokki.

Koma skal í veg fyrir að leiðslur verði fyrir togkrafti svo að hætta sé á að þær dragist út úr hvellhettum.

Þegar ætla má að hætta geti verið á ótímabærri sprengingu vegna straummyndunar í leiðslum skulu notaðar hvellhettur sem þurfa aukinn straumstyrk eða kveikibúnaður sem er ekki háður rafstraumi.

Til að koma í veg fyrir ótímabæra sprengingu þegar sprengt er nálægt háspennulínum skal fylgja fjarlægðartakmörkunum í viðauka IV eða nota öryggishvellhettur sem tryggja að ekki verði ótímabær sprenging. Þess skal vandlega gætt að leiðslur og tengingar myndi hvergi samband við jörð og skulu tengingar og vírendar vandlega einangraðir í þessu skyni.

Við sprengivinnu og meðferð sprengiefnis og kveikibúnaðar skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu af völdum radíósenda. Minnsta fjarlægð milli sprengistaðar og sendibúnaðar skal vera samkvæmt viðauka IV, en auk þess skulu gerðar eftirfarandi varúðarráðstafanir:

a. Þess skal vandlega gætt að leiðslur og tengingar myndi hvergi leiðandi samband við jörð og skulu tengingar og leiðsluendar vandlega einangraðir í þessu skyni.
b. Leiðslunetið skal leggja sem næst lárétt, þ.e. í jafnri hæð, á jörðu eða yfir, og eins nálægt jörðu og kostur er.
c. Einungis má nota hvellhettur með upphaflegri og óskertri leiðslulengd. Þó er heimilt að lengja leiðslur ef nauðsyn krefur. Séu leiðslur of langar skal brjóta þær varlega saman og stinga laust niður í borholu.
d. Við sprengivinnu nær þjóðvegi eða umferðargötu en 10 m skal ávallt nota tregar hvellhettur í 2. eða 3. flokki.

Skot- og millileiðslur má ekki leggja á veggi sem í eru rafleiðslur. Fjarlægð frá vatnsrörum, þrýstiloftsleiðslum og þvíumlíku skal vera minnst 1 m. Endar skotleiðslu skulu einangraðir þar til þeir eru tengdir hleðslutæki.

Við sprengivinnu nærri háspennulínum skal festa skot- og millileiðslur við jörð, svo að ekki sé hætta á að þær kastist yfir háspennulínuna við sprengingu.

Áður en skotleiðsla er tengd hleðslutæki skal mæla viðnám í leiðslunetinu með viðurkenndum viðnámsmæli. Við sprengivinnu þar sem vatn er í borholum eða berggrunnur leiðandi skal einnig mælt hvort leiðslunetið leiði í jörð áður en sprengt er.

Við alla tengivinnu skal þess sérstaklega gætt að óeinangraðir leiðsluendar komist ekki í snertingu við óviðkomandi hluti.

Óheimilt er að hlaða borholur og tengja hleðslur í þrumuveðri eða þegar slíku veðri er spáð.

34. gr.

Kveikibúnaður sem ekki flytur rafstraum.

Við notkun púðurkveikiþráða, sundrunarþráða eða annarra kveikiþráða sem ræsa hvellhettur og ekki eru rafknúnir, skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

35. gr.

Borun.

Borun má einungis framkvæma af sprengistjóra eða aðstoðarmanni undir eftirliti hans. Ef borun og hleðsla fer fram samtímis skal þess gætt að hafa örugga fjarlægð á milli borunar og hleðslu og aldrei minna en 5 metra. Aldrei má bora nær hlaðinni holu en 2 metra.

Áður en sprengivinna hefst skal sprengistjóri gera áætlun um það hvernig staðið skuli að borun og hleðslu. Eftirfarandi upplýsingar skulu að jafnaði koma fram í áætluninni:

a. Þvermál hola.
b. Bormynstur, forsetning og holubil.
c. Dýpt borholu og undirborun miðað við jarðvegshæð eftir sprengingu.
d. Halli og stefna borhola.
e. Tegund og númer hvellhettna og fjöldi í hverri holu.
f. Tilhögun tengingar.
g. Gerð sprengiefnis og stærð túpa.
h. Efni í forhlaði og lengd þess.
i. Sprengiefnanotkun á rúmmetra bergs.
j. Byrging.
k. Grenndarkynning.
l. Hættumat, sbr. 37. og 38. gr.
m. Mælingar á bylgjuhraða ef við á, sbr. 3. mgr. 37. gr.
n. Öryggisgæsla og viðvörunarmerki.

Sprengistjóri skal ávallt hafa sprengiáætlun tiltæka á sprengistað og sýna hana eftirlitsmanni Vinnueftirlits ríkisins eða lögreglu þegar eftir því er leitað.

Sprengistjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. við námavinnslu, enda sé tryggt að hætta geti ekki stafað af sprengivinnunni.

36. gr.

Byrging.

Sprengistjóri skal sjá til þess að skotsvæði sé byrgt með sprengimottum eða öðru efni á fullnægjandi hátt, þannig að grjót kastist ekki frá sprengistað.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sprengt er á víðavangi og fullvíst er, að mati sprengistjóra, að grjótflug geti ekki valdið tjóni.

37. gr.

Umhverfi, tjónvarnir og tjónaeftirlit.

Áður en sprengivinna hefst skal gerð úttekt á því svæði þar sem ætla má að tjón geti orðið vegna framkvæmdanna. Skoða skal byggingar og mannvirki í samráði við eigendur þeirra þannig að hægt verði að fá úr því skorið hvort tjón hafi orðið vegna sprengiframkvæmdanna eða ekki.

Þegar sprengt er nærri mannvirkjum skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir skemmdir, t.d. nota hvellhettur með tímaseinkun. Við það skal miðað að bylgjuhraði fari ekki yfir þau mörk sem tilgreind eru í viðauka VI.

Ef hætta er talin á að mannvirki geti orðið fyrir skemmdum skal sá er ábyrgð ber á sprengivinnu setja upp titringsmæla af viðurkenndri gerð í eða við þau mannvirki sem í hættu kunna að vera, í samráði við eigendur þeirra.

38. gr.

Öryggisgæsla, viðvaranir og grenndarkynning.

Sprengistjóri skal fyrir skot gera ráðstafanir sem tryggja að enginn dveljist á eða ferðist um það svæði umhverfis sprengistað, þar sem ætla má að hætta skapist. Setja skal upp merkingar sem vara við hættu sé slíkt nauðsynlegt til að koma boðum til óviðkomandi. Skömmu fyrir skot skal gefið hljóðmerki til merkis um að skot sé yfirvofandi.

Þegar ætla má að sprengivinna geti valdið íbúum í nálægri byggð ónæði skal þeim gert viðvart.

39. gr.

Skot.

Skot skal framkvæma strax að lokinni hleðslu, þegar nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar. Aftengja skal skothleðslu frá skothnalli strax að skoti loknu. Sprengistjóri skal ganga úr skugga um að skot hafi tekist vel og að öruggt sé að hefja vinnu á sprengistað að nýju.

Ef ætla má að hluti hleðslna hafi ekki sprungið við skot skal sprengistjóri sjá til þess að allir séu varaðir við, sem í hættu kunna að vera. Ef rafkveikjur eða nonelkveikjur springa ekki skal bíða í 10 mínútur áður en athugun á sprengisvæðinu fer fram. Hafi púðurþráður verið notaður skal biðtími vera 30 mínútur. Vakta skal sprengisvæðið þar til ósprungnum hleðslum hefur verið eytt.

40. gr.

Óvenjuleg sprengivinna.

Ef um er að ræða óvenjulega sprengivinnu, svo sem sprengingar neðansjávar, sprengiformun málma, sprengingar í málmbræðsluofnum, sprengingar vegna vísindarannsókna, snjóflóðavarna, ísstíflulosunar o.s.frv., skal unnið eftir skriflegri verklýsingu þar sem meðal annars komi fram nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna og annarra.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

41. gr.

Refsingar.

Brot á reglum þessum varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum nema þyngri refsing liggi við lögum samkvæmt.

42. gr.

Eignaupptaka.

Gera má upptækt til ríkissjóðs sprengiefni sem flutt hefur verið til landsins eða framleitt hefur verið hér á landi án heimildar. Með sama hætti er heimilt að gera upptækt sprengiefni sem finnst vörslulaust eða í vörslu manns án heimildar samkvæmt lögum eða reglugerð þessari.

Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

43. gr.

Afturköllun leyfa.

Leyfi samkvæmt reglugerð þessari getur leyfisveitandi afturkallað ef eigi teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, ef leyfishafi hefur eigi farið eftir settum fyrirmælum eða ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni eða tæki sem leyfið tekur til.

Þegar um er að ræða leyfi til notkunar og meðferðar á sprengiefni skal lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfishafi á lögheimili taka ákvörðun um leyfissviptingu, án tillits til þess hvar leyfið var upphaflega gefið út.

Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla leyfi til bráðabirgða án þess að með mál sé farið samkvæmt reglum stjórnsýslulaga enda sé hætta á tjóni fyrir menn eða muni. Eftir að afturköllun til bráðabirgða hefur farið fram skal leyfisveitandi við endanlega ákvörðun fara eftir reglum stjórnsýslulaga.

44. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998, svo og með hliðsjón af XXIX. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 93/15/EBE), öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sprengiefni, nr. 497 12. ágúst 1996.

Þau ákvæði reglugerðarinnar er varða öryggi starfsmanna á vinnustöðum eru ennfremur sett í samræmi við samþykkt stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 38. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980.

EB gerðin sem vísað er til er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 3, bls. 663-679.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem hafa gild réttindi, sem aflað hefur verið í samræmi við ákvæði 25. og 26. gr. laga um skotvopn, skotelda og sprengiefni nr. 46 13. maí 1977, skulu við endurnýjun réttinda sinna fá útgefin skírteini samkvæmt 29. gr., enda fullnægi þeir skilyrðum greinarinnar.

Að öðru leyti gildir reglugerðin um störf þeirra.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Arnar Þór Jónsson.

VIÐAUKI I

Grunnkröfur um öryggi.

Þær grunnkröfur um öryggi sprengiefnis sem hér greinir eru í samræmi við tilskipun nr. 93/15/EBE. Koma þessar kröfur fram í viðauka I við tilskipunina.

I. Almennar kröfur.

1. Sprengiefni verður að hanna, framleiða og afhenda á þann hátt að lífi og heilsu manna stafi sem minnst hætta af og komist verði hjá tjóni á eignum og umhverfi við eðlilegar, fyrirsjáanlegar aðstæður, einkum að því er varðar öryggisreglur og viðteknar venjur og einnig áður en sprengiefnið er notað.
2. Sprengiefni verður að hafa þá afkastagetu sem framleiðandi tilgreinir til tryggingar hámarksöryggis og áreiðanleika þess.
3. Sprengiefni verður að hanna og framleiða á þann hátt að hægt sé að farga því með viðeigandi tækni þannig að það hafi sem minnst áhrif á umhverfið.

II. Sérstakar kröfur.

1. Allt sprengiefni verður að prófa við raunverulegar aðstæður. Sé það ekki unnt á rannsóknarstofu verður að framkvæma prófanir við þau skilyrði sem sprengiefnið skal notað við. Eftir því sem við á verður að minnsta kosti að taka tillit til nokkurra atriða sem varða eiginleika efnisins o.fl. Þau eru:

a. bygging og einkennandi eiginleikar, þar á meðal efnasamsetning, blöndunarstig og, eftir því sem við á, stærð og dreifing kornastærðar,
b. eðlis- og efnafræðilegur stöðugleiki sprengiefnisins við öll umhverfisskilyrði sem geta haft áhrif á það,
c. næmi fyrir höggum og núningi,
d. samrýmanleiki allra íhluta að því er varðar eðlis- og efnafræðilegan stöðugleika,
e. efnafræðilegur hreinleiki sprengiefnisins,
f. hve vel sprengiefnið þolir vatn ef nota á sprengiefnið í raka eða bleytu og vatn getur dregið úr öryggi og áreiðanleika þess,
g. hve vel sprengiefnið þolir lágt og hátt hitastig ef geyma á sprengiefnið eða nota við slík skilyrði og áhrif kælingar og hitunar á einstaka íhluta eða sprengiefnið allt ef slíkar aðstæður geta dregið úr öryggi og áreiðanleika þess,
h. hve vel sprengiefnið hentar til notkunar við hættulegar aðstæður (t.d. þar sem hætta er á eldfimum lofttegundum, heitum massa o.s.frv.) ef nota á sprengiefnið við þær aðstæður,
i. öryggisráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir ótímabæra ræsingu eða íkveikju af slysni,
j. rétt hleðsla og virkni sprengiefnisins þegar það er notað eins og til er ætlast,
k. viðeigandi leiðbeiningar á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökuríkisins og, ef þörf krefur, merkingar er varða örugga meðhöndlun, geymslu, notkun og förgun,
l. sá eiginleiki sprengiefnisins, umbúða þess eða annarra íhluta að skemmast ekki við geymslu fyrir „síðasta notkunardaginn“ sem framleiðandi tilgreinir,
m. skrá yfir allan búnað og fylgihluta sem þörf er á til að sprengiefnið verki á áreiðanlegan og öruggan hátt.

2. Einstakir flokkar sprengiefna verða einnig að standast þessar kröfur:

A. Sprengiefni.

a. Fyrirhuguð aðferð við ræsingu verður að tryggja að sprengiefnið sundrist eða brenni til fulls svo óbrigðult sé og ekkert beri út af. Sé um svart púður að ræða skal kanna hversu auðveldlega það brennur.

b. Þegar sprengiefni eru í hulsum verður það að sundrast örugglega og tryggilega í gegnum alla hulsurununa.
c. Lofttegundir frá sprengiefnum sem ætluð eru til nota neðanjarðar mega aðeins innihalda kolmónoxíð, köfnunarefnislofttegundir, aðrar lofttegundir, gufur eða leifar fastra efna sem berast um loftið, í því magni að það sé ekki heilsuspillandi við venjulegar notkunaraðstæður.

B. Sprengi-, öryggis- og kveikiþræðir ásamt forsprengjum.
a. Efni utan um sprengi-, öryggis- og kveikiþræðina verður að vera nógu sterkt og verja sprengiefnið nægilega við eðlilegt álag.
b. Tilgreina skal færibreytur fyrir brennslutíma öryggisþráða og fylgja þeim nákvæmlega.
c. Sprengiþræðina þarf að vera unnt að ræsa tryggilega. Þeir verða að hafa nægilega ræsigetu og standast kröfur um geymsluþol, jafnvel við sérstök loftslagsskilyrði.

C. Hvellhettur (þar á meðal tímahvellhettur) og tengihlutar.
a. Hvellhettur verða að ræsa sundrun sprengiefnisins, sem nota á með þeim, tryggilega við öll fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.
b. Tengihluta verður að vera hægt að ræsa tryggilega.
c. Raki má ekki geta dregið úr ræsigetunni.
d. Seinkunartími tímahvellhettna verður að vera nógu jafn til að tryggja að líkur á tímaskörun samliggjandi seinkana séu óverulegar.
e. Tilgreina skal rafeiginleika rafmagnshvellhettna á umbúðunum (t.d. straumþröskuld innan öryggismarka, viðnám o.s.frv.).
f. Leiðslurnar í rafmagnshvellhettunum verða að vera nógu vel einangraðar og sterkar. Með því er einnig átt við hversu traustar tengingar við hvellhettuna eru, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar þeirra.


D. Drifefni og eldflaugaeldsneyti.
a. Þessi efni mega ekki sundrast ef þau eru notuð á fyrirhugaðan hátt.
b. Drifefni (t.d. þau sem eru að stofni til nítrósellulósi) verður að verja gegn niðurbroti ef þörf krefur.
c. Þegar eldflaugaeldsneyti í föstu formi er samþjappað eða steypt mega ekki vera í því aukarifur eða loftbólur sem hafa hættuleg áhrif á virkni þeirra.

VIÐAUKI II

Samræmismerking.

Samræmismerking sú er hér greinir er samkvæmt IV. viðauka tilskipunar nr. 93/15/EBE

CE-samræmismerkingin er upphafsstafirnir CE eins og á myndinni hér fyrir neðan:



Þótt merkingin sé smækkuð eða stækkuð verður að halda sömu hlutföllum og í kvörðuðu myndinni hér að ofan.

VIÐAUKI III

SÞ merkið fyrir 1. hættuflokk (sprengiefni), varúðarmerki.



Sprengiefni



Hvellhettur

VIÐAUKI IV
Öryggisfjarlægðir.

1. Öryggisfjarlægðir fyrir sprengiefnageymslur.

Hámarksmagn sprengiefna í kílóum (kg)	Fjarlægð í metrum (m) frá sprengiefnageymslu mannvirkis			
	Sjúkrahús, skólar, leikvellir, stærri samkomustaðir og mjög fjölfarnar götur	Íbúðabyggð	Fjölfarnir vegir, hafnarmannvirki o.þ.h	Aðrar byggingar og almennir vegir
100	800	400	180	50
250	800	400	180	55
500	800	400	180	70
1.000	800	400	180	90
2.000	800	400	180	110
3.000	800	400	215	130
4.000	800	400	235	140
5.000	800	420	255	150
6.000	800	460	270	165
7.000	800	500	285	170
8.000	800	540	300	180
9.000	800	570	310	190
10.000	800	600	320	190
15.000	800	740	365	220
20.000	810	810	405	240
25.000	880	880	435	260
30.000	930	930	460	280
40.000	1030	1030	510	300
50.000	1100	1100	550	330
100.000	1400	1400	690	420

2. Öryggisfjarlægðir milli sprengistaða og háspennuleiðara.

Til að forðast ótímabæra sprengingu við not á rafmagnshvellhettum í nágrenni háspennulína og jarðstrengja skal miða við eftirfarandi öryggisfjarlægðir:

	Lágmarksfjarlægð að háspennuleiðara í metrum (m)	
Spenna á háspennuleiðara í kílóvoltum (kV)	Flokkur 1, almennar hvellhettur	Flokkur 2 og 3, tregar hvellhettur (VA og HU hvellhettur)
0,4 – 6	20	5
7 – 12	50	5
13 – 24	70	10
25 – 52	100	15
53 – 72,5	200	20
72,6 – 123	200	20
124 – 245	200	20
> 245	200	20

3. Öryggisfjarlægðir milli sprengistaða og sendistöðva.

Til að forðast ótímabæra sprengingu við not á rafmagnshvellhettum í nágrenni útvarps-, sjónvarps- og fjarskiptasendistöðva skal miða við eftirfarandi öryggisfjarlægðir:

	Lágmarksfjarlægð í metrum		
Sendiorka í kílówöttum (kW)	1. flokkur, almennar hvellhettur	2. flokkur, tregar hvellhettur (VA-hvellhettur)	3. flokkur, tregar hvellhettur, (HU-hvellhettur)
0,025	15	-	-
0,05	20	-	-
0,1	25	-	-
1	80	30	-
4	160	60	20
10	250	100	35
40	500	200	70
100	800	300	100
200	1200	450	150
400	1600	600	200
2000	3600	1400	500
Sendimöstur	300	50	40

VIÐAUKI V
Leyfi til flutnings efna í mismunandi aðskilnaðarflokkum.

Sprengiefni eru flokkuð í **aðskilnaðarflokka** en slík flokkun segir til um hvaða efni megi geyma eða flytja saman.

Aðskilnaðarflokkar:

A. Hreint frumsprengiefni.

B. Hlutur sem inniheldur frumsprengiefni og hefur færri en 2 kveikingarhindranir.

C. Sprengiefni þar sem brunaorkan umbreytist í hreyfikraft að hluta eða hlutur sem inniheldur slíkt sprengiefni. Dæmi: púður í skotfæri, eldsneyti á eldflaugahreyfla.

D. Sprengiefni til mannvirkjagerðar (flest algeng sprengiefni sem seld eru hér á landi). Hlutir sem innihalda slík efni án kveikju eða drifefnis. Hlutir sem innihalda frumsprengiefni og tvær eða fleiri kveikingarhindranir. Dæmi: anólít, dínamít.
Aðskilja verður þau sprengiefni sem byggð eru upp á klórati frá þeim sem byggð eru upp á nítrati.

E. Hlutur sem hefur að geyma tregt sprengiefni án kveikju, en með drifefni.

F. Hlutur sem hefur að geyma tregt sprengiefni með kveikju og með eða án drifefnis.

G. Eldfim efni (t.a.m. í flugeldum), eldfimir hlutir, sem einnig geta innihaldið sprengiefni.

H. Hlutur sem inniheldur bæði sprengiefni og hvítan fosfór.

J. Hlutur sem inniheldur bæði sprengifimt efni og eldfiman vökva eða hlaup.

K. Hlutur sem inniheldur bæði sprengiefni og eiturefni.

L. Sprengifimt efni eða hlutur sem inniheldur sprengifimt efni og felur í sér sérstaka hættu sem krefst aðskilnaðar hvors þáttar.

N. Hlutir sem innihalda sérlega óviðkvæmar hvellhettur.

S Efni eða hlutur sem er þannig pakkað og gerð að þau eiga ekki að geta valdið tjóni nema ef þau kynnu að lenda í eldi, sem verður af slysni. Dæmi: kveikjur í flugeldum.

Aðskilnaðarflokkar sprengiefna segja til um hvaða efni megi flytja saman.

	A	B	C	D	E	F	G	H	J	L	N	S
A	👍	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
B	-	👍	-	1)	-	-	-	-	-	-	-	👍
C	-	-	👍	👍	👍	-	👍	-	-	-	2), 3)	👍
D	-	1)	👍	👍	👍	-	👍	-	-	-	2), 3)	👍
E	-	-	👍	👍	👍	-	👍	-	-	-	2), 3)	👍
F	-	-	-	-	-	👍	-	-	-	-	-	👍
G	-	-	👍	👍	👍	-	👍	-	-	-	-	👍
H	-	-	-	-	-	-	-	👍	-	-	-	👍
J	-	-	-	-	-	-	-	-	👍	-	-	👍
L	-	-	-	-	-	-	-	-	-	4)	-	-
N	-	-	2), 3)	2), 3)	2), 3)	-	-	-	-	-	2)	👍
S	-	👍	👍	👍	👍	👍	👍	👍	👍	-	👍	👍

👍 Má flytja og geyma saman.

1) Pakka með hlutum úr aðskilnaðarflokki B og efni eða hluti úr aðskilnaðarflokki D má flytja í sama farartæki ef þeir eru í aðskildum hólfum eða hlutum farartækisins og farartækið hafi verið viðurkennt af lögbærum yfirvöldum eða aðilum sem þau viðurkenna þannig að ekki sé hætta á að sprenging í hlutum í aðskilnaðarflokki B geti flust yfir í efni eða hluti í aðskilnaðarflokki D.
2) Efni í flokki 1.6, aðskilnaðarflokki N, má einungis flytja með efnum í sama flokki og aðskilnaðarflokki ef fyrir liggur staðfesting á því að það skapi ekki hættu á sprengingu. Ef ekki skal meðhöndla efnið eins og það væri í flokki 1.1.
3) Ef flytja á efni í aðskilnaðarflokki N með efnum í aðskilnaðarflokkum C, D eða E skal meðhöndla það samkvæmt eiginleikum efna í aðskilnaðarflokki D.
4) Efni í aðskilnaðarflokki L má eingöngu flytja með efnum í sama aðskilnaðarflokki og af sömu tegund.

VIÐAUKI VI

Hámarksbylgjuhraði (V = mm/sek.) fyrir mannvirki.

[V= mm/sek.]

150 Byggingar úr járnbentri steinsteypu þar sem sökklar standa á hörðum samstæðum bergtegundum.

140

130 Byggingar sem standa á steinsteyptum undirstöðum á hörðum samstæðum bergtegundum. Steypt gólf og veggir. Aðeins eitt skot.

120

110 Byggingar eins og lýst er hér að ofan. Við síendurteknar sprengingar.

100

90
80
70 Vanalegar byggingar á hörðu samstæðu bergi (vanalega mesta álag sem leyft er af stjórnvöldum og vátryggingafélögum við síendurteknar sprengingar).
60
50 Vanalegar byggingar á meðalhörðu bergi. Síendurteknar sprengingar í bæjum þar sem fleira en ástand byggingar ræður úrslitum.
40
30 Vanalegar byggingar á mjúku bergi. Síendurteknar sprengingar.
20 Vanalegar byggingar á mjúkum grunni (sandi og leir). Síendurteknar sprengingar
15 Þar sem mannlegir þættir ráða úrslitum - 10 Hz.
10
5 Þar sem mannlegir þættir ráða úrslitum - 25 Hz.
0

Nr. 685 6. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 1. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 6. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Skaftárhreppi frá 21. maí 1990.

Breytingin varðar tvö svæði:

Landnotkun á hluta svæðis sem ætlað er fyrir opinberar stofnanir (S2) breytist á þann veg að þar verði sorpeyðingarstöð með varmaendurvinnslu. Stærð lóðar er um 625 ferm. Aðkomuvegur verður skilgreindur sem gatnasvæði.

Iðnaðarsvæði við Klausturveg 3-5 verður íbúðabyggð og opið svæði til sérstakra nota.

Úrskurður skipulagsstjóra ríkisins um mat á umhverfisáhrifum sorpförgunar Byggðarsamlagsins Hulu, þar sem fjallað er um sorporkustöð á Kirkjubæjarklaustri, er frá 16. apríl 1998.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Flateyrar 1996-2016, Flateyraroddi, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Flateyrar 1996-2016.

Breyting er gerð á gatnakerfi á Flateyrarodda, þannig að Hafnarstræti er lokað við hús Sparisjóðs Önundarfjarðar og umferð niður á Oddann beint um Túngötu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

6. október 1999 Nr. 687

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Iðavellir við Gránufélagsgötu.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018.

Breytingin felur í sér að almennu útivistarsvæði austan leikskóla er breytt í stofnanalóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

11. október 1999 Nr. 688

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi suðurhluta Oddeyrar, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi suðurhluta Oddeyrar. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að lóð leikskólans Iðavalla við Gránufélagsgötu er stækkuð til austurs og fellt þar niður almennt útivistarsvæði. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 11. október 1999.

F.h. Akureyrarbæjar,

Árni Ólafsson skipulagsstjóri Akureyrar.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Brekkubæjarskóla og nýtt deiliskipulag við Grundaskóla, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 28. september 1999 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Brekkubæjarskóla og nýtt deiliskipulag við Grundaskóla, Akranesi.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Brekkubæjarskóla þar sem afmarkaður er sameiginlegur byggingareitur skólans og íþróttahússins við Vesturgötu og nýtt deiliskipulag við Grundaskóla.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 24. júní 1999 til og með 20. ágúst 1999. Engar athugasemdir bárust.

Framangreint skipulag skólalóða tekur þegar gildi.

Akranesi, 11. október 1999.

Skúli Lýðsson bygginga- og skipulagsfulltrúi.

Nr. 690 6. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, göngubrú yfir Miklubraut.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 6. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Göngubrú yfir Miklubraut á móts við Grundargerði færist um 120 m til vesturs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 691 6. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Skaftárhreppi, við Hæðargarðsvatn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 1. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 6. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Skaftárhreppi frá 21. maí 1990.

Breytingar varða landnotkun við Hæðargarðsvatn: Opnu óbyggðu svæði er breytt í frístundabyggð með tilheyrandi akstursaðkomu, opnu óbyggðu svæði er breytt í landbúnaðarsvæði og opið óbyggt svæði verður opið svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skaftárhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 6. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

4. október 1999 Nr. 692

REGLUGERÐ

um flugskóla.

1. gr.

Flugskóli telst skóli, sem fengið hefur heimild Flugmálastjórnar Íslands til að starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum Flugöryggissamtaka Evrópu, JAR-FCL, og gefur nemendum sínum kost á almennu verklegu og/eða bóklegu flugnámi til þeirra réttinda sem tiltekin eru í starfsleyfi. Flugskóli getur einnig, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru, fengið leyfi Flugmálastjórnar til að annast flugkennslu til aukinna réttinda flugmanna.

2. gr.

Flugkennsla skal eingöngu fara fram við flugskóla sem viðurkenndir hafa verið af Flugmálastjórn. Viðurkenning er tvenns konar. Gerður er greinarmunur á samþykktum flugskólum og skráðum flugskólum. Í skráðum flugskólum getur m.a. farið fram verkleg og bókleg kennsla fyrir einkaflugmannsskírteini, næturflugsáritun og flokksáritun á einshreyfils einstjórnarloftför.

Í samþykktum flugskólum getur auk þess m.a. farið fram bókleg og verkleg kennsla fyrir atvinnuflugmannsskírteini og blindflugsréttindi, flugkennaraáritanir og tilheyrandi aukin réttindi ásamt bóklegri kennslu fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks. Í samþykktum tegundaráritunarskólum getur farið fram kennsla fyrir tegundaráritanir og áhafnarsamstarf.

3. gr.

Sækja skal um leyfi til reksturs flugskóla til Flugmálastjórnar. Umsókn skal greina nákvæmar upplýsingar um eftirgreind atriði:

a) nafn umsækjanda, heimilisfang, kennitölu og símanúmer.
b) þjóðerni umsækjanda, viðskiptabanka hans og/eða fjármögnunaraðila. Ef um félag er að ræða skal tilgreina félagsform og skiptingu eignaraðildar. Ef eignaraðild er erlend skal sérstök grein gerð fyrir því. Hlutafé skal greina sé um slíkt félag að ræða og hver hluti þess sé innborgaður svo og nöfn stjórnarmanna. Einnig skal koma fram hvort umsækjandi hefur annan atvinnurekstur með höndum og þá hvaða.
c) skipulag og stjórn fyrirhugaðrar flugkennslustarfsemi. Gera skal grein fyrir hæfni tilnefnds skólastjóra, yfirflugkennara, yfirkennara bóklegrar kennslu, flugrekstrarstjóra og tæknistjóra til að taka þessi störf að sér.
d) greina skal þau loftför sem nota á við kennsluna og færa skal sönnur á umráðarétt yfir þeim ef umsækjandi er ekki skráður eigandi þeirra. Gera skal grein fyrir starfstöð skólans og viðhaldsstöð.

e) hversu mikið fjármagn er handbært til flugkennslustarfseminnar, ásamt gagngerum upplýsingum og útreikningum um rekstrargrundvöll næstu tvö ár, bæði með starfsáætlunum og fjárhagsáætlunum. Skal eigið fé nægja til að standa straum af kostnaði vegna undirbúnings fyrirhugaðs flugrekstrar, að viðbættum meðalkostnaði við þriggja mánaða rekstur sömu tveggja ára. Flugskóli þarf að geta hvenær sem er í 24 mánuði frá upphafi rekstrar staðið við gildandi skuldbindingar og aðrar skuldbindingar sem stofna þarf til. Skal umsækjandi leggja fram fullnægjandi upplýsingar þessu til staðfestu.

Þegar umsókn ásamt öllum þeim gögnum sem krafist er að fylgi, berst Flugmálastjórn fer stofnunin yfir hana og gerir úttekt á væntanlegri starfsemi. Ferlið frá því að öll gögn berast og þar til niðurstaða á að liggja fyrir getur tekið allt að þrjá mánuði. Binda má leyfið þeim takmörkunum sem Flugmálastjórn telur nauðsynlegt hverju sinni. Leyfið skal eigi gefið út til lengri tíma en eins árs í fyrsta sinn, en Flugmálastjórn getur síðan framlengt það til allt að þriggja ára í senn. Leyfið skal bundið því skilyrði, að Flugmálastjórn sé tafarlaust tilkynnt ef forsendur leyfisveitingar breytast, eða ef þær eru ekki lengur fyrir hendi.

4. gr.

Flugskólar skulu gera og halda við flugrekstrarhandbók og þjálfunarhandbók sem skal háð samþykki Flugmálastjórnar, ásamt öðrum þeim bókum og gögnum sem nánar er kveðið á um í JAR-FCL. Í flugrekstrarhandbók skal lýsa skipulagi skólans og skólastarfsins og hún skal hafa að geyma þær starfsreglur sem fylgja ber, þ.m.t. þær reglur um vinnutímamörk og hvíldartíma sem fylgja ber. Þjálfunarhandbók skal hafa að geyma kennsluáætlun fyrir hvert stig flugkennslunnar.

5. gr.

Verklega kennslu má ekki hefja fyrr en hlutaðeigandi nemi hefur numið með viðhlítandi hætti þær reglur sem flugið er háð og flugneminn má eigi fara í sitt fyrsta einflug fyrr en hann hefur fengið útgefið heilbrigðisvottorð samkvæmt JAR-FCL.

6. gr.

Flugskólum er skylt að kaupa og halda í gildi vátryggingum þeim sem mælt er fyrir um í loftferðalögum og reglugerð um skylduvátryggingu vegna loftferða. Vátryggingarskírteini skal bera með sér að hlutaðeigandi loftfar sé notað til flugkennslu.

7. gr.

Ef nemandi reynist óhæfur til flugnáms að áliti flugskólans, eða hann brýtur reglur flugskólans skal farið með mál það samkvæmt starfsreglum í flugrekstrarhandbók og tilkynna flugöryggissviði Flugmálastjórnar það jafnframt.

8. gr.

Flugskólar skulu árlega skila Flugmálastjórn skýrslu um starfsemi sína og skal hún berast flugöryggissviði, eigi síðar en 1. mars ár hvert, fyrir undanfarandi ár. Flugmálastjórn hefur eftirlit með starfsemi flugskóla og gerir þær úttektir á starfsemi þeirra sem stofnunin telur nauðsynlegar. Flugskóla er skylt að veita stofnuninni aðgang að öllum húsakynnum sínum og gögnum í þessu skyni og skulu þau vera til reiðu við slíkar úttektir Flugmálastjórnar.

9. gr.

Verklegri kennslu skal stjórnað af yfirflugkennara, sem Flugmálastjórn samþykkir. Bóklegri kennslu skal stjórnað af aðila, sem jafnframt er háður því að Flugmálastjórn samþykki útnefningu hans til starfans.

10. gr.

Yfirkennarar bera m.a. ábyrgð á því að:

a) Bókleg kennsla og verkleg þjálfun sé skipulögð og fari fram í samræmi við reglugerðir um flugmál og handbækur viðkomandi flugskóla.
b) Nemandi sé ekki sendur í bókleg né verkleg próf fyrr en hann hefur lokið tilskilinni undirbúningsþjálfun með fullnægjandi árangri.

11. gr.

Flugkennarar skulu hafa þau réttindi sem krafist er í gildandi reglugerðum. Þeir skulu einnig hafa samþykki yfirkennara flugskólans til þeirrar kennslu sem þeir annast. Yfirflugkennari skal með formlegum hætti á tólf mánaða fresti sannfæra sig um hæfni kennara skólans. Yfirflugkennara ber að halda staðfest yfirlit um hæfniprófin og annað það sem varðar reynslu og réttindi flugkennara, þannig að rekja megi þá stöðu eins og hún hefur verið á hverjum tíma.

12. gr.

Sérhverjum flugskóla ber að hafa í starfi hjá sér, framkvæmdastjóra (skólastjóra), tæknistjóra og flugrekstrarstjóra. Tæknistjóri sér um og ber ábyrgð á skoðunum og viðhaldi loftfara skólans í samræmi við gildandi reglur um viðhald loftfara sem rekin eru í atvinnuskyni. Flugrekstrarstjóri sér um og ber ábyrgð á að starfsreglum sé fylgt. Útnefningar framkvæmdastjóra (skólastjóra), tæknistjóra og flugrekstrarstjóra til starfa við flugskóla, skulu háðar því að Flugmálastjórn samþykki störf þeirra við skólann og skal þeim óheimilt að hefja störf fyrr en slíkt samþykki liggur fyrir. Telji Flugmálastjórn ástæðu til skulu þessir aðilar gangast undir sérstakt próf hjá stofnuninni til að sanna hæfni sína til starfans.

13. gr.

Skólinn skal ráða yfir húsnæði sem nothæft er og hentugt til þess að ræða við nemendur, fyrir og eftir flug, fyrir stjórn á starfsemi skólans, svo og að vera afdrep eða biðsalur fyrir nemendur. Í húsnæði þessu skal a.m.k. vera eftirfarandi:

a) Þjálfunarhandbók og flugrekstrarhandbók.
b) Sími, myndsími eða tölvupóstur.
c) Mappa fyrir hvern einstakan nemanda skólans, sem færðar eru í allar upplýsingar um fræðilegt og verklegt nám hans og framfarir.
d) Kennsluáætlun skólans sem tryggir samhæfingu í kennslu og þjálfun.
e) Skírteinareglugerð ásamt JAR-FCL.
f) Aðrar reglugerðir er snerta starfsemina, t.d. flutningaflugsreglugerð ásamt JAR-OPS, reglugerðir um loftferðir, reglugerð um flugskóla og lög um loftferðir.
g) Gögn sem nauðsynleg eru til flugáætlunargerðar.
h) AIP/flugmálahandbók.
i) Öll nauðsynleg kennslugögn, eins og skólatafla, sjónflugskort og allt annað sem Flugmálastjórn telur nauðsynlegt fyrir kennsluna.

Skólanum ber að tryggja að alltaf sé um að ræða nýjustu upplýsingar svo sem nýjustu útgáfu af reglugerðum og reglum, rétta AIP bók og uppfært sjónflugskort.

14. gr.

Flugskóli skal hafa yfir að ráða hæfilegum fjölda loftfara miðað við þá starfsemi sem þar er stunduð.

15. gr.

Loftförum sem notuð eru til kennsluflugs skal viðhaldið og þau starfrækt samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru um viðhald og rekstur loftfara í atvinnuskyni. Þau skulu vera rekin af flugskólanum og hafa lofthæfisskírteini sem gildir til kennsluflugs. Loftförin skulu uppfylla ákvæði reglna um búnað slíkra loftfara eins og þær eru á hverjum tíma.

16. gr.

Þegar nemandi er, að áliti skólans, tilbúinn til prófs skal yfirflugkennari eða staðgengill hans staðfesta við Flugmálastjórn að svo sé, um leið og farið er fram á verklegt flugpróf með prófdómara Flugmálastjórnar.

17. gr.

Prófgjöld, og gjöld þeim tengd, skal greiða samkvæmt gildandi gjaldskrá Flugmálastjórnar á hverjum tíma.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að 5 árum, auk þess sem Flugmálastjórn er heimil svipting flugkennsluleyfis brjóti leyfishafi í mikilvægum atriðum lagaboð, skilyrði leyfis, önnur fyrirmæli um starfsemina, eða hann reynist ófær um að reka hana.

19. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 145. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, sbr. ákvæði 31. gr. og IX. kafla þeirra laga, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um flugskóla nr. 503/1979.

Samgönguráðuneytinu, 4. október 1999.

Sturla Böðvarsson.

Jón Birgir Jónsson.

Nr. 693 11. október 1999

REGLUR

um störf nefndar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998.

1. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara.

Hæstiréttur tilnefnir einn nefndarmann, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Dómarafélag Íslands tilnefnir einn nefndarmann úr hópi héraðsdómara og Lögmannafélag Íslands tilnefnir einn úr hópi starfandi lögmanna. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

Hver nefndarmaður er skipaður til þriggja ára í senn, en þó þannig að skipunartími eins nefndarmanns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvisvar samfleytt.

2. gr.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 3. - 5. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Varamaður tekur sæti í nefndinni í forföllum aðalmanns og þegar aðalmaður er vanhæfur til umsagnar um umsækjendur. Í forföllum varamanns eða ef hann er einnig vanhæfur skal sá aðili sem tilnefndi hann, tilnefna mann í hans stað.

Varamaður tekur einnig sæti í nefndinni ef aðalmaður færist undan störfum í nefndinni af sérstökum ástæðum, öðrum en þeim sem áður eru taldar.

Ef aðalmaður lætur af störfum í nefndinni skal sá aðili sem tilnefndi hann, tilnefna nýjan aðalmann og nýjan varamann ef þörf krefur.

Telji umsækjandi að nefndarmaður sé vanhæfur til að fjalla um umsókn skal hann gera ráðherra grein fyrir þeirri afstöðu sinni innan viku frá því að umsóknarfresti lauk. Slíkar athugasemdir skulu sendar nefndinni til úrlausnar.

3. gr.

Innan viku frá því að frestur til að sækja um embætti héraðsdómara rann út, skal dómsmálaráðherra senda dómnefndinni þær umsóknir sem borist hafa.

Dómnefndin skal skila umsögn um umsækjendur innan fjögurra vikna frá því að umsóknirnar bárust henni. Sá frestur getur þó orðið allt að tveimur vikum lengri, ef sérstakar ástæður valda nauðsyn þess, svo sem mikill fjöldi umsækjenda o.þ.h.

4. gr.

Dómnefnd skal kanna hvort umsækjendur uppfylli skilyrði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla.

Þá skal nefndin hafa til hliðsjónar eftirtalin atriði við mat á hæfni umsækjenda:

1. starfsferill,
2. fræðileg þekking,
3. almenn og sérstök starfshæfni,
4. góð tök á íslensku máli.

Dómnefndin getur sett sér frekari verklagsreglur við mat á hæfni umsækjenda sem dómsmálaráðherra skal samþykkja.

Nefndin getur boðað umsækjendur í viðtal og krafið þá um ýmis gögn, svo sem öll prófskírteini, sakavottorð, vottorð um endurmenntun og sýnishorn af lögfræðilegum verkefnum.

Þá getur dómnefnd aflað sér vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem samskipti hafa átt við umsækjanda vegna starfa hans.

5. gr.

Dómnefndin skal skila skriflegri umsögn um umsækjendur þar sem fram kemur:

a) rökstutt álit á hæfni hvers umsækjanda,
b) rökstutt álit á því hvern eða hverja nefndin telur hæfastan og eftir atvikum samanburður og röðun á umsækjendum eftir hæfni.

Ef samkomulag verður ekki um sameiginlega umsögn nefndarmanna getur hver þeirra um sig samið sérálit um hæfni umsækjenda.

6. gr.

Nefndarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði er varða umsækjendur og þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða eru rædd á fundum nefndarinnar. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi í nefndinni.

7. gr.

Dómnefndin skal senda dómsmálaráðherra umsögn sína ásamt umsóknum og fylgigögnum sem hún hefur aflað sér.

Dómsmálaráðherra skal kynna hverjum umsækjanda álit dómnefndar skv. a lið 1. mgr. 5. gr. um hann sjálfan og álit dómnefndar skv. b lið 1. mgr. 5. gr. og gefa honum kost á að gera skriflegar athugasemdir. Berist ráðherra athugasemdir skulu þær bornar undir dómnefndina.

Umsögn nefndarinnar er ekki bindandi við skipun í embætti héraðsdómara.

8. gr.

Dómsmálaráðuneytið varðveitir umsóknir um embætti héraðsdómara, umsagnir dómnefndar og fylgigögn.

Þeir sem sitja í dómnefnd hverju sinni eiga rétt á að kynna sér fyrri umsagnir nefndarinnar.

9. gr.

Nefndarmönnum skal greidd þóknun úr ríkissjóði fyrir störf sín í nefndinni.

Dómsmálaráðuneytið ákveður fjárhæð þóknunar.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum í 4. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15 25. mars 1998, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um störf nefndar samkvæmt 5. gr. laga nr. 92/1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Margrét Hauksdóttir.

Nr. 694

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1998.

Rekstrarreikningur árið 1998

Tekjur:	Kr.
Ríkisframlag	3.246.638.816
Sveitarfélög	2.431.537.226
Tekjur alls	5.678.176.042
Gjöld:	
Bundin framlög	736.296.683
Sérstök framlög	726.392.188
Jöfnunarframlög	978.601.290
Húsaleigubætur	279.117.548
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	2.387.118.938
Stofnkostnaðarframlög	400.000.000
Framlög samtals	5.507.526.647

	Kr.
Rekstrarkostnaður:	
Laun og launatengd gjöld	10.267.665
Önnur gjöld	4.223.519
Rekstrarkostnaður samtals	14.491.184
Gjöld alls	5.522.017.831
Tekjuafgangur án fjármagnsliða	156.158.211
Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld):	
Vaxtatekjur	62.777.277
Vaxtagjöld	(3.229)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls	62.774.048
Tekjuafgangur fyrir skatta	218.932.259
Skattar:	
Fjármagnstekjuskattur	6.277.726
Tekjuafgangur	212.654.533

Efnahagsreikningur 31. desember 1998

Eignir:	Kr.
Veltufjármunir:	
Skammtímakröfur:	
Áfallnar vaxtatekjur	33.282.513
Virðisaukaskattur af þjónustu	145.144
Aðrar skammtímakröfur	129.921.657
Skammtímakröfur samtals	163.349.314
Handbært fé:	
Bankareikningar	530.906.929
Eignir alls	694.256.243
Skuldir og eigið fé:	
Eigið fé:	
Eigið fé í ársbyrjun	14.864.702
Tekjuafgangur	212.654.533
Eigið fé samtals	227.519.235
Skammtímaskuldir:	
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	3.328.251
Ógreidd staðgreiðsla	0
Ógreitt tryggingagjald	0
Ógreiddir vextir	0
Óhafin framlög	382.198.519
Aðrar skammtímaskuldir	81.210.238
Skammtímaskuldir samtals	466.737.008
Skuldir samtals	466.737.008
Skuldir og eigið fé alls:	694.256.243

Sjóðstreymi

Framlag rekstrar:	Kr.
Tekjuafgangur	218.932.259
Breyting liða innan hreins veltufjár:	
(Aukning) minnkun viðskiptakrafna	(145.100.901)
Aukning (minnkun) viðskiptaskulda	136.329.255
.....Breytingar innan hreins veltufjár	(8.771.646)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	210.160.613
Handbært fé í ársbyrjun	329.645.106
Handbært fé í árslok	539.805.719

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1998. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-14. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustar grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1998, efnahag 31. desember 1998 og breytingum á handbæru fé á árinu 1998 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 20. september 1998.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.
Sveinn Arason skrifstofustjóri.

Staðfesting ársreiknings

Þær breytingar hafa orðið á reikningsskilaaðferðum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að nú eru áfallnar tekjur færðar til tekna í bókhaldi án tillits til hvenær þær eru innleystar. Með sama hætti eru áfallin bundin framlög og skuldbindingar færð á því ári sem þau tilheyra án tillits til greiðslu. Breytingar þessar eru gerðar í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 en þau tóku gildi á árinu 1998.

Á árinu 1998 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 212.655 þús kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 1998 var 227.519 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1998 með áritun sinni.

Reykjavík, 20. september 1999.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.
Húnbogi Þorsteinsson formaður ráðgjafarnefndar.

18. október 1999 Nr. 695

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Deiliskipulag fyrir jörðina Efra-Skarð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 8. september 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir jörðina Efra-Skarð í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Deiliskipulagið nær til reits sem er 2534 m^2 að stærð og er vestan núverandi aðkomuvegar, gengt núverandi íbúðarhúsi jarðarinnar, sjá deiliskipulagsuppdrátt. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss á byggingarreitnum auk bifreiðageymslu. Auk þess nær deiliskipulagið yfir svæði þar utan sem ætlað er fyrir aðstöðu til fiskeldis.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulag fyrir jörðina Hurðarbak.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 8. september 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir jörðina Hurðarbak í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Deiliskipulagið nær til jarðarinnar allrar. Í því er gert ráð fyrir byggingu sex alifuglahúsa, 2500 m^2 að stærð hvert, og þriggja íbúðarhúsa. Áfram er gert ráð fyrir nýtingu eldri húsa jarðarinnar.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hlöðum, 18. október 1999.

Oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps,

Jón Valgarðsson.

18. október 1999 Nr. 696

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009, jörðin Þorlákshöfn.

Með vísan til 19. gr. og 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 18. október 1999 staðfest aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfuss 1997-2009, að því er tekur til Þorlákshafnarjarðarinnar. Frestað er staðfestingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins að öðru leyti.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Ölfuss hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Þorlákshafnar 1994-2014 sem staðfest var 12. september 1995.

Umhverfisráðuneytinu, 18. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 697 29. október 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Grafarbakka, Hrunamannahreppi.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Flúðum, 29. október 1999.

Oddviti Hrunamannahrepps,

Loftur Þorsteinsson.

Nr. 698 20. október 1999

GJALDSKRÁ

fyrir bílastæðagjöld á Akranesi.

1. gr.

Gjald vegna hvers bílastæðis sem á vantar vegna þess að ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um er kr. 300.000.

2. gr.

Um framkvæmd og fyrirkomulag gjaldtöku fer samkvæmt reglum um bílastæðagjöld á Akranesi sem samþykktar voru á fundi bæjarstjórnar Akraness 24. ágúst 1999. Gjöld þessi renna í sérstakan sjóð sem varið skal til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Akraness staðfestist hér með samkvæmt 54. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. október 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín L. Árnadóttir.

TILKYNNING

nr. 2/1999 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum sem hér segir frá og með 1. nóvember 1999 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,60	kr. á lítra
gasolía	0,70	kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	1,00	kr. á kg
flugvélabensín	0,20	kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05	kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 21. október 1999.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

11. október 1999 Nr. 700

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um notkun erlendra ökutækja, nr. 267 1. júlí 1993.

1. gr.

Í stað 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. komi: Ökutækið skal og búið

a. þjóðernismerki með þjóðernisbókstaf/stöfum að aftan í samræmi við ákvæði 20. gr. og viðauka 4 við Genfarsamninginn um umferð á vegum frá 19. september 1949 eða 37. gr. og viðauka 3 við Vínarsamninginn um umferð á vegum frá 8. nóvember 1968, og/eða

b. sömu þjóðernisbókstöfum á ökutæki frá ríki Evrópusambandsins sem komið er fyrir á vinstri hlið skráningarmerkisins í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2411/98.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2411/98 um viðurkenningu á þjóðernismerki skráningarlands bifreiða og bifhjóla og eftirvagna þeirra í umferð innan bandalagsins skulu gilda hér á landi með þeirri aðlögun sem leiðir af XIII. viðauka við EES samninginn, bókun I við samninginn og samningnum að öðru leyti.

3. gr.

6. gr., sbr. reglugerðir nr. 96/1996 og nr. 313/1999, orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 66. gr. og 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af 8., 9. og 10. tölul. IX. viðauka við EES samninginn

(tilskipun 72/166/EBE með breytingum samkvæmt tilskipunum 72/430/EBE, 84/5/EBE og 90/232/EBE og ákvörðunum 91/323/EBE, 93/43/EBE, 97/828/EB og 99/103/EB) og 24. b tölul. XIII. viðauka við samninginn (reglugerð 98/2411/EB).

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 66. gr. og 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 701 13. október 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Miðhúsa, Hvolhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hvolhrepps, þann 7. október 1999, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Miðhúsa, Hvolhreppi. Breytingin felst í því að lóðum er fjölgað úr fjórum í átta.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 13. október 1999.

F. h. sveitarstjórnar Hvolhrepps,

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

Nr. 702 19. október 1999

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar, kt. 631293-2639. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 2003.

Reykjavík, 19. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir brennslu úrgangs í Funa og urðun úrgangs við Klofning, Ísafjarðarbæ.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir brennslu úrgangs í Funa og urðun úrgangs við Klofning, Ísafjarðarbæ, kt. 480394-2169. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 2003.

Reykjavík, 19. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

29. október 1999 Nr. 704

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsasvæðis, Heiðarbyggð í landi Ásatúns í Hrunamannhreppi.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Flúðum, 29. október 1999.

Oddviti Hrunamannahrepps,

Loftur Þorsteinsson.

15. október 1999 Nr. 705

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um vörugjald af ökutækjum, nr. 254/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

3. og 4. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, öðlast gildi 1. nóvember 1999.

Fjármálaráðuneytinu, 15. október 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Bergþór Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976.

1. gr.

1. málsl. 7. gr., sbr. reglugerð nr. 406 15. júlí 1996, orðist svo: Verð ársmiða er kr. 9.600,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 800,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 719/1995 um leyfi afplánunarfanga til afplánunar utan fangelsis.

1. gr.

Við 4. mgr. 9. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:
Sama gildir ef fangi neitar að láta í té þvag-, öndunar- og eða blóðsýni.

2. gr.

2. mgr. 24. gr. orðist svo:
Hafi fanga verið heimiluð dvöl utan fangelsis samkvæmt þessum kafla er ekki heimilt að veita honum slíkt leyfi aftur fyrr en liðnir eru fullir tveir mánuðir frá síðasta leyfi.

3. gr.

3. mgr. 24. gr. orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis ef hann hefur verið í samfelldri afplánun í tvö ár hið minnsta, og hefur áður verið heimiluð dvöl utan fangelsis samkvæmt þessum kafla sex sinnum hið minnsta og hann hafi ekki misnotað það leyfi eða rofið skilyrði eða reglur þess, þegar einn mánuður er liðinn frá síðasta leyfi.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 36. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 19. maí 1988 sbr. lög nr. 123 15. desember 1997, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. október 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Hjalti Zóphóníasson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur og er stofnaður 25. maí 1983 til minningar um Guðnýju Ellu Sigurðardóttur yfirkennara Þroskaþjálfaskóla Íslands er andaðist 29. janúar 1983.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms nemendur er lokið hafa námi við Þroskaþjálfaskóla Íslands eða Þroskaþjálfaskor Kennaraháskóla Íslands. Við styrkveitinguna skal hafa það sjónarmið að veita ekki fleiri styrki en svo að þeir komi styrkþegum að verulegum notum.

3. gr.

Stofnendur eru kennarar, nemendur og skólastjórn Þ.S.Í., Félag þroskaþjálfa ásamt nokkrum öðrum aðilum.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 23.300 kr.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af eignum hans, svo og gjafir og áheit, er honum kunna að berast.

Fé sjóðsins skal ávaxta á þann hátt, er sjóðstjórn telur hagkvæmastan.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fulltrúi tilnefndur af Þroskaþjálfaskor Kennaraháskóla Íslands, þrír fulltrúar tilnefndir af Þroskaþjálfafélagi Íslands og fulltrúi úr fjölskyldu Guðnýjar Ellu.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Halda skal sérstaka gerðarbók fyrir sjóðinn, færa í hana árlega reikninga sjóðsins og skrá í hana allar gerðir, er sjóðinn varða.

9. gr.

Telji sjóðstjórn að nauðsyn beri til að breyta skipulagsskrá þessari vegna breyttra aðstæðna er það henni heimilt, enda samþykki dómsmálaráðuneytið breytinguna.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 10. júní 1994.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 709 15. október 1999

REGLUR

um tilkynningarfrest slysa samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Tilkynning um slys.

Þegar að höndum ber slys sem ætla má bótaskylt samkvæmt III. kafla laga um almannatryggingar nr. 117/1993 (slysatryggingar) skal atvinnurekandi eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins. Tilkynningin skal vera í því formi sem stofnunin ákveður. Utan Reykjavíkur má þó senda tilkynningu til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans og lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunar ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

Hinum slasaða eða þeim öðrum sem vilja gera kröfu til bóta vegna slyssins ber að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni sé fullnægt og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna.

2. gr.

Tilkynningarfrestur.

Ef sá sem átti að tilkynna um slys hefur vanrækt það skal það eigi vera því til fyrirstöðu að sá sem fyrir slysinu varð eða eftirlátnir vandamenn hans geti gert kröfu til bóta ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slys bar að höndum. Tilkynningarfrestur er því eitt ár frá slysdegi. Heimilt er þó að greiða bætur samkvæmt reglum þessum þótt liðið sé ár frá því að slys bar að höndum ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

3. gr.

Skilyrði þess að fallið sé frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests.

Skilyrði þess að fallið sé frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests er að fyrir liggi öll nauðsynleg gögn sem varpað geta ljósi á málið, þar með talið gögn frá þeim lækni sem sá slasaða fyrst eftir slys eða þeirri sjúkrastofnun sem hann leitaði fyrst til, svo og gögn um fyrra heilsufar slasaða. Jafnframt er skilyrði að fyrir liggi læknisfræðilegt mat á orsakasambandi, þ.e. að unnt sé að meta orsakasamband slyssins og heilsutjóns slasaða.

Almennt skal ekki fallið frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests þegar liðið hafa meira en 10 ár frá því að slys bar að höndum og þar til það er tilkynnt til Tryggingastofnunar.

4. gr.

Fyrning bótaréttar.

Bætur slysatrygginga almannatrygginga eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

Bætur vegna sjúkrahjálpar, dagpeninga og dánarbætur skal aldrei úrskurða lengra aftur í tímann en tvö ár frá þeim tíma þegar slysið var tilkynnt til Tryggingastofnunar. Tímamark þetta gildir ekki að því er varðar slysalífeyri. Krafa um endurgreiðslu reikninga vegna sjúkrahjálpar fyrnist á fjórum árum.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 2. ml. 2. mgr. 23. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og taka þegar gildi.

Tryggingastofnun ríkisins, 15. október 1999.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

19. október 1999 Nr. 710

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorporkustöð Vestmannaeyja.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorporkustöð Vestmannaeyja, kt. 580298-2309. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 2003.

Reykjavík, 19. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

20. október 1999 Nr. 711

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík.

Háskóli Íslands, austursvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 28. september 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir Háskóla Íslands, austursvæði.

Uppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. október 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um afgreiðslu umsókna um framlengingu bóta, þrátt fyrir sjúkrahúsvist skv. 5. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Heimilt er þó að víkja frá þessum tímamörkum og greiða lífeyrisþega bætur í allt að sex mánuði til viðbótar í samræmi við reglur þessar.

2. gr.

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins skipar samráðsnefnd innan stofnunarinnar sem afgreiðir umsóknir um framlengingu bóta.

3. gr.

Ekki skal veita framlengingu ef mánaðarleg greiðslubyrði umsækjanda nemur lægri fjárhæð en mánaðarlegum nettótekjum hans eftir að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins hafa fallið niður.

4. gr.

Ef tekjur umsækjanda eru hærri en sem nemur óskertum grunnlífeyri og tekjutryggingu einhleypings, skal ekki veita framlengingu. Sé umsækjandi í hjónabandi eða skráðri sambúð er heimilt að veita framlengingu ef sameiginlegar tekjur umsækjanda og maka hans eða sambúðaraðila eru ekki hærri en sem nemur tvöföldum grunnlífeyri og tekjutryggingu á mánuði.

5. gr.

Framlengingu skal ekki veita ef umsækjandi eða maki/sambúðaraðili hans á eignir í peningum eða verðbréfum yfir þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru hverju sinni varðandi heimild til greiðslu frekari uppbótar á lífeyri.

6. gr.

Ákvæði 3. - 5. gr. skulu höfð til viðmiðunar við afgreiðslu umsókna um framlengingu bóta þrátt fyrir sjúkrahúsvist. Einnig skal tekið tillit til allra aðstæðna umsækjanda, félagslegra sem efnahagslegra, sem áhrif geta haft við mat á því hvort samþykkja skuli umsókn eða henni synjað.

7. gr.

Ákvörðun um framlengingu greiðslna getur náð til allt að þriggja mánaða í senn. Ef óskað er frekari framlengingar skal sækja um það sérstaklega.

8. gr.

Lífeyrisþegi, sem þegar hefur fengið framlengingu greiðslna í samtals sex mánuði, á kost á að sækja um framlengingu að nýju að liðnum tveimur árum frá samþykkt síðustu framlengingar.

9. gr.

Nýti lífeyrisþegi ekki til fullnustu framlengingartíma greiðslna, t.d. vegna útskriftar, fellur sá tími sem eftir er niður einu ári eftir að framlenging var veitt.

10. gr.

Sækja skal um framlengingu á eyðublöðum sem liggja frammi hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í umsókn skal gerð grein fyrir fyrirhuguðum legutíma, fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum umsækjanda ásamt öðrum þeim atriðum sem máli geta skipt varðandi afgreiðslu umsóknar.

11. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 5. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og taka þegar gildi.

Tryggingastofnun ríkisins, 15. október 1999.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

14. október 1999 Nr. 713

REGLUGERÐ

um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

I. KAFLI

Prófnefnd.

1. gr.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 77/1998 verður umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður að standast prófraun til þess að öðlast þau réttindi.

Þriggja manna prófnefnd annast prófraunina. Dómsmálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, eftir því sem nánar er fyrir mælt í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/1998.

2. gr.

Formaður prófnefndar stýrir nefndarfundum og kemur fram fyrir hönd nefndarinnar út á við.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

II. KAFLI

Námskeið.

3. gr.

Prófnefnd skipuleggur og stendur fyrir námskeiðum til undirbúnings prófraun.

Námskeið skulu að jafnaði haldin á hverju ári og skal auglýsa þau með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Ef færri en tíu hafa skráð sig til þátttöku á námskeiði innan tilskilins skráningarfrests er heimilt að fella námskeiðið niður. Þó skal efnt til námskeiðs ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Námskeið skulu haldin í Reykjavík eða nágrenni. Að auki er prófnefnd heimilt að efna til námskeiðs annars staðar á landinu ef næg þátttaka fæst.

4. gr.

Prófraun skiptist í tvo hluta eftir því sem nánar er fyrir mælt í 7. og 10. gr., auk verklegrar prófraunar, sbr. 15. gr. Námskeið til undirbúnings fyrri hluta prófs skal haldið í janúar- og febrúarmánuðum og námskeið til undirbúnings síðari hluta prófs í apríl- og maímánuðum ár hvert, sbr. þó 2. mgr. 3. gr.

Þeir einir geta sótt námskeið til undirbúnings fyrri hluta prófs sem lokið hafa embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands. Ennfremur þeir, sem lokið hafa sambærilegu prófi frá öðrum háskóla, enda telji prófnefnd sýnt að þeir hafi öðlast næga þekkingu á íslenskum lögum. Til að sannreyna það er nefndinni heimilt að leggja fyrir þá að gangast undir sérstakt próf á vegum hennar í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

Þeir einir geta sótt námskeið til undirbúnings síðari hluta prófs sem lokið hafa fyrri hluta prófi.

5. gr.

Kennslugreinar á námskeiðum eru þessar og skiptast þannig á milli fyrri og síðari hluta námskeiðs:

Námskeið fyrir fyrri hluta próf:

1. Sönnun, þ.e. öflun sönnunargagna og sönnunarfærsla fyrir dómi.
2. Málflutningur.
3. Störf verjenda og réttargæslumanna.
4. Skiptastjórn og önnur störf lögmanna að fullnustugerðum.
5. Önnur störf lögmanna en þau, sem talin eru upp í 1.-4. tölul., svo sem samningsgerð, ráðgjöf og meðferð stjórnsýslumála.

Námskeið fyrir síðari hluta próf:

6. Réttindi og skyldur lögmanna, þ. á m. siðareglur lögmanna og þóknun fyrir lögmannsstörf.
7. Rekstur lögmannsstofa, þ.m.t. varðveisla fjármuna á vörslufjárreikningum.
8. Lögfræðileg skjalagerð.

Í tengslum við námskeiðið fer fram kynning á starfsemi Lögmannafélags Íslands og einstökum þáttum hennar.

6. gr.

Kennslustundir skulu vera 50-60 á námskeiði fyrir fyrri hluta próf og 35-45 á námskeiði fyrir síðari hluta próf. Prófnefnd ákveður fjölda kennslustunda innan þessara marka, svo og námsefni í hverri kennslugrein.

Prófnefnd hefur umsjón með kennslu og skal ráða til þess kennara. Ennfremur er prófnefndinni heimilt að fela Háskóla Íslands eða Lögmannafélagi Íslands að annast kennslu í einstökum kennslugreinum.

III. KAFLI
Prófraun.

7. gr.

Prófraun skiptist í fyrri hluta próf, sem fram fer í byrjun marsmánaðar, og síðari hluta próf sem fram fer í lok maímánaðar ár hvert.

Að auki skal prófmaður þreyta verklega prófraun eftir því sem nánar er fyrir mælt í 15. gr.

8. gr.

Þeir einir geta þreytt próf, sem sótt hafa námskeið til undirbúnings prófsins með fullnægjandi hætti að mati prófnefndar. Nefndinni er heimilt að taka sérstakt tillit til þeirra sem stunda atvinnu utan Reykjavíkur og nágrennis eða utan annarra svæða þar sem námskeið er haldið.

Ef maður hefur lokið námskeiði samkvæmt framansögðu hefur hann rétt til að þreyta próf á því ári og næstu tveimur árum sem á eftir fylgja. Að þeim tíma loknum þarf hann að taka þátt í námskeiði að nýju til undirbúnings prófi.

Ef maður hefur lokið fyrri hluta prófi skal hann ljúka síðari hluta prófi og verklegri prófraun innan þriggja ára. Að þeim tíma liðnum þarf hann að taka þátt í námskeiði að nýju til undirbúnings fyrri hluta prófi og þreyta prófið að nýju. Ef maður hefur lokið verklegri prófraun þarf hann ekki að endurtaka hana.

9. gr.

Prófnefnd tekur ákvörðun um prófsefni og getur það hvort sem er verið ritað námsefni og fyrirlestrar og annað, tengt kennslu á námskeiðum.

Markmið með prófraun er að tryggja að prófmaður hafi:

— tileinkað sér almenna þekkingu á störfum lögmanna,
— öðlast þekkingu á hlutverki lögmanna og réttindum þeirra og skyldum,
— öðlast þjálfun við að flytja mál fyrir dómi,
— öðlast þjálfun við að leysa úr helstu álitaefnum er koma til kasta lögmanna,
— kynnst starfsemi Lögmannafélags Íslands og úrskurðarnefndar lögmanna.

10. gr.

Prófgreinar eru þessar og skiptast þannig milli prófhluta:

Fyrri hluta próf:

1. Sönnun, þ.e. öflun sönnunargagna og sönnunarfærsla fyrir dómi.
2. Málflutningur.
3. Störf verjenda og réttargæslumanna.
4. Skiptastjórn og önnur störf lögmanna að fullnustugerðum.
5. Önnur störf lögmanna en þau, sem talin eru upp í 1. - 4. tölul., svo sem samningsgerð, ráðgjöf og meðferð stjórnsýslumála.

Síðari hluta próf:

6. Réttindi og skyldur lögmanna, þ. á m. siðareglur lögmanna og þóknun fyrir lögmannsstörf.
7. Rekstur lögmannsstofa, þ.m.t. varðveisla fjármuna á vörslufjárreikningum.
8. Lögfræðileg skjalagerð.

11. gr.

Próf í hvorum hluta skulu að jafnaði haldin í framhaldi af námskeiði, sbr. 4. og 7. gr. Ef námskeið er fellt niður vegna ónógrar þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr., skal próf engu að síður haldið fyrir þá sem sótt hafa námskeið og öðlast rétt til að taka próf.

Ef maður mætir ekki í próf á hann þess ekki kost að þreyta það að nýju fyrr en að ári.

12. gr.

Prófnefnd tilkynnir þátttakendum á námskeiði, svo og öðrum þeim sem öðlast hafa rétt til að þreyta próf, sbr. 8. gr., hvar og hvenær próf eru haldin.

Próf skulu ýmist vera munnleg eða skrifleg samkvæmt ákvörðun prófnefndar. Nefndin ákveður lengd prófтíma og aðra tilhögun prófa.

13. gr.

Prófnefndarmenn semja og leggja prófverkefni fyrir prófmenn. Skulu þeir jafnframt gefa einkunnir fyrir úrlausnir, ásamt óháðum prófdómurum sem dómsmálaráðherra skipar. Prófnefndarmenn geta falið kennurum, sem annast hafa kennslu á námskeiðum, að aðstoða sig við framkvæmd prófa.

Mat prófnefndarmanns og prófdómara á úrlausn er endanlegt.

14. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast próf í hvorum hluta fyrir sig þarf prófmaður að hljóta a.m.k. 5,0 í hverri prófgrein og a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr öllum prófgreinum.

Prófnefnd afhendir þeim, sem staðist hafa prófraun, þ.m.t. verklega prófraun, skírteini þess efnis.

15. gr.

Prófmaður skal leggja fyrir prófnefnd vottorð sjálfstætt starfandi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns um að hann hafi þreytt verklega prófraun. Prófraun skal prófmaður þreyta eftir að hann hefur lokið fyrri hluta prófi og innan sex mánaða frá því að hann lýkur síðari hluta prófi. Prófnefnd er heimilt að framlengja þann frest í sérstökum tilvikum.

Verkleg prófraun er fólgin í því að veita lögmanni aðstoð við flutning eins máls fyrir héraðsdómi, þ. á m. að veita honum aðstoð við að afla sönnunargagna og undirbúa málflutningsræðu. Prófmanni ber jafnframt að vera lögmanni til aðstoðar við aðalmeðferð málsins.

Prófnefnd skal staðfesta fyrir sitt leyti að dómsmál sé þess eðlis að með aðstoð við flutning þess reyni á þá kunnáttu prófmanns sem hann hefur tileinkað sér á námskeiði fyrir fyrri hluta próf. Skal nefndin hafa milligöngu um að útvega honum slíkt mál ef þörf krefur.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

16. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni tillögu prófnefndar, gjald sem þátttakendur skulu greiða fyrir námskeið, próf og verklega prófraun.

Gjaldið skal ákveðið sérstaklega fyrir hvorn námskeiðshluta og eftirfarandi próf, svo og fyrir verklega prófraun, og skal gjaldið nema kostnaði við námskeið, próf og stjórnun.

Greiða skal þátttökugjald við skráningu og er það því aðeins endurkræft að námskeið sé fellt niður.

17. gr.

Prófnefnd getur ákveðið að þeir, sem lokið hafa prófi í tiltekinni eða tilteknum kjörgreinum við lagadeild Háskóla Íslands, þurfi ekki að sækja kennslu og þreyta próf í einhverri eða einhverjum þeirra greina eða hluta þeirra greina sem taldar eru upp í 5. og 10. gr.

18. gr.

Prófnefnd er heimilt að fela Háskóla Íslands eða Lögmannafélagi Íslands að hafa umsjón með framkvæmd námskeiða og prófa, fyrir hönd nefndarinnar, þ. á m. að sjá um skráningu á námskeið og innheimtu gjalda skv. 16. gr.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um lögmenn nr. 77 15. júní 1998, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. október 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Máka ehf. í Fljótum, Skagafirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Máka ehf. í Fljótum, Skagafirði, kt. 541092-2189. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2003.

Reykjavík, 13. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

12. október 1999 Nr. 715

SKIPULAGSSKRÁ

Þórdísarsjóðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Þórdísarsjóður og er stofnaður með dánargjöf Þórdísar Briem, bókavarðar og læknaritara.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Lögheimili sjóðsins skal ávallt vera sama og lögheimili Geðlæknafélags Íslands.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.300.000 og skal það haldast óskert að raungildi sbr. einnig 6. gr. samþykkta þessara.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja við hverskonar starfsemi til framgangs sállækninga innan Geðlæknafélags Íslands og í samfélaginu.

5. gr.

Styrkhæf starfsemi sjóðsins er fyrst og fremst stofnun sállækningaseturs. Einnig má veita styrki til fyrirlestrahalds, ráðstefna, námskeiðahalds og rannsókna.

6. gr.

Árlegar fjármagnstekjur sjóðsins mega ganga til styrkhæfrar starfsemi. Heimilt er stjórn sjóðsins að geyma úthlutun úr sjóðnum í allt að þrjú ár. Hafi árlegum fjármagnstekjum þriggja ára samfellt ekki verið úthlutað, skulu þær renna saman við höfuðstól sjóðsins. Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, þeim sömu og skipa sállækninganefnd Geðlæknafélags Íslands hverju sinni. Sjóðinn skal varðveita aðskilinn frá öðrum sjóðum Geðlæknafélags Íslands og skal hann ávaxtaður eins arðbært og mögulegt er.

8. gr.

Kjörnir endurskoðendur Geðlæknafélags Íslands skulu endurskoða reikninga sjóðsins en einnig skal skila reikningsyfirliti árlega til samþykkis á aðalfundi Geðlæknafélags Íslands.

9. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari og eins ákvörðun um að hætta starfsemi og leggja sjóðinn niður. Slíkar ákvarðanir skulu bornar undir aðalfund Geðlæknafélags Íslands og þarf þá aukinn meirihluta fundarmanna eða 2/3 greiddra atkvæða. Verði sjóðurinn lagður niður og starfsemi hætt skulu eignir hans ganga til annarrar starfsemi sem fellur undir 2. mgr. 4. gr. erfðafjárlaga nr. 83/1984.

Reykjavík, 5. október 1999.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 716 18. október 1999

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

1. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim.

2. gr.

Tímagjald	kr. 4.200
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 3.500

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta árlegt gjald af eftirlitsskyldri starfsemi eins og fram kemur í viðauka með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni samkvæmt eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi af starfsleyfisskyldri starfsemi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:
Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
Auk auglýsingakostnaðar ef við á

Ný starfsemi:
Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:
Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,
úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. október og eindagi 1. nóvember ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, ásamt áföllnum innheimtukostnaði.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá af þeirri starfsemi sem ber hærra eftirlitsgjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og sett af sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999, og að fenginni umsögn hollustuháttaráðs og heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 695/1995 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, með síðari breytingum.

18. október 1999.

F. h. heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis,

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Heiti atvinnugreinar	Alls álögð gjöld kr.	Heiti atvinnugreinar	Alls álögð gjöld kr.
Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	11.000	Kjötvinnsla, miðlungs	62.000
Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	23.000	Kjötvinnsla, stór	107.000
Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	47.000	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	55.000
Alifuglarækt < 40.000 stæði	23.000	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	79.000
Alifuglarækt > 40.000 stæði	47.000	Kjötvinnsla með reykingu, stór	132.000
Loðdýrabú	23.000	Kjötpökkunarstöð	62.000
Kanínurækt	23.000	Saltfiskverkun	6.000
Hundahótel	5.000	Heitloftsþurrkun fiskafurða	18.000
Kattahótel	5.000	Harðfiskverkun	15.000
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	20.000	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	16.000
Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	10.000	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	16.000
Seiðaeldi annað en ofangreint og ekki í tengslum við fiskeldi	4.000	Vinnsla á ferskum fiski, stór	33.000
Land- og kvíaeldi	5.000	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	34.000
Malar- og sandnám; vikurnám	4.000	Fiskmjölsvinnsla	42.000
Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	8.000	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta lítil	21.000
Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	4.000	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	31.000
Saltvinnsla	17.000	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	67.000
Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	17.000	Önnur ótalin fiskvinnsla	12.000
Sláturhús < 50 t/dag	26.000	Kartöfluvinnsla - pökkun	12.000
Sláturhús > 50 t/dag	53.000	Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	21.000
Alifuglasláturhús	26.000	Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	39.000
Dreifingarstöð fyrir alifugla	27.000	Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	21.000
Kjötvinnsla, lítil	39.000	Sultu- og ávaxtagrautargerð	27.000
		Salatgerð	27.000
		Laukskeikingarverksmiðjur	18.000
		Framleiðsla á mjöli og feiti úr slátur-úrgangi < 10 tonn á dag	18.000
		Framleiðsla á mjöli og feiti úr slátur-úrgangi > 10 tonn á dag	36.000

Heiti atvinnugreinar	Alls álögð gjöld kr.
Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	18.000
Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	22.000
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	18.000
Kaldhreinsun lýsis	18.000
Smjörlíkisgerð	21.000
Mjólkurbú og ostagerð	128.000
Mjólkurbú	82.000
Ostagerð	68.000
Ísgerð	75.000
Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	31.000
Framleiðsla húsdýrafóðurs	12.000
Framleiðsla fiskeldisfóðurs	12.000
Brauðverksmiðjur	79.000
Bakarí, lítið	20.000
Bakarí, miðlungs	26.000
Bakarí, stórt	60.000
Kexverksmiðjur	56.000
Kökugerð, lítil	13.000
Kökugerð, miðlungs	20.000
Kökugerð, stór	22.000
Súkkulaði- og sælgætisgerð	32.000
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	9.000
Te- og kaffiframleiðsla	11.000
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	14.000
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	23.000
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	30.000
Framleiðsla mjólkurdufts	32.000
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	28.000
Bjórgerð	28.000
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil	24.000
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	32.000
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	79.000
Ullarþvottastöðvar	53.000
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	20.000
Litun og bleiking < 10 tonn á dag	54.000
Leðurvinnsla og sútun	54.000
Fúavörn á við	8.000
Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	7.000
Trésmíðaverkstæði með lökkun	8.000
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	7.000
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	15.000
Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	3.000
Prentun dagblaða	33.000
Offset- og hæðarprentun	17.000
Sáldprentun	17.000
Prentiðnaður, lítill	7.000
Prentiðnaður, miðlungs	10.000
Prentiðnaður, stór	29.000
Prentiðnaður með framköllun	10.000
Prentsmið	8.000
Framleiðsla á iðnaðargasi	25.000
Garðaúðun	14.000
Málningarverksmiðjur	45.000
Lyfjagerð	16.000
Hreinlætisvöruverksmiðjur	45.000
Snyrtivöruframleiðsla	45.000
Gúmmívinnsla	20.000
Plastiðnaður	22.000
Vinnsla með plast- og frauðefni	12.000
Framleiðsla á umbúðaplasti	13.000
Framleiðsla á glerplötum	3.000
Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	6.000
Framleiðsla gleríláta	3.000
Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m^3	3.000
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	4.000
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	4.000
Steinsmíði	3.000
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	16.000
Málmsteypa < 20 tonn á dag	12.000
Meðferð og húðun málma	8.000
Blikksmíði	5.000
Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur.	12.000
Skrúfuframleiðsla	12.000
Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	12.000
Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	6.000
Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	4.000
Rafvélaverkstæði	6.000
Stálsmíði og stálskipagerð	23.000
Viðhald og niðurrif skipa	16.000
Húsgagnaiðnaður með lökkun	7.000
Endurvinnsla úrgangs	11.000
Spennistöðvar	5.000
Spennaviðgerðir	17.000
Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	85.000
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	64.000
Vatnsveitur < 1.000 íbúa	15.000
Vatnsveitur, einka	6.000
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	6.000
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	7.000
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	8.000
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	9.000
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	10.000
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	11.000
Bifreiðasprautun	11.000
Bifreiðaréttingar	6.000
Bón og bílaþvottur, sjálfvirkur	11.000
Bón og bílaþvottur, handvirkur	5.000

Heiti atvinnugreinar	Alls álögð gjöld kr.
Ryðvarnarverkstæði	16.000
Smurstöðvar	19.000
Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	9.000
Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	16.000
Bílapartasölur	11.000
Bensínstöðvar, sjálfvirkar	18.000
Bensínstöðvar án matvæla	28.000
Bensínstöðvar með matvöru	42.000
Bensínstöðvar með veitingasölu	63.000
Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	16.000
Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	20.000
Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	30.000
Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	22.000
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	7.000
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	20.000
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	28.000
Heildverslun með hreingerningarefni	20.000
Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	20.000
Heildverslun með snyrtivöru	20.000
Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	20.000
Móttaka brotamálms	80.000
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	7.000
Stórmarkaðir >400 m^2, með matvælavinnslu	70.000
Stórmarkaðir >400 m^2, án matvælavinnslu	43.000
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	25.000
Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	41.000
Matvöruverslun með vinnslu, stór	53.000
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	16.000
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	16.000
Matvöruverslun án vinnslu, stór	39.000
Söluturnar án óvarinna matvæla	8.000
Söluturnar með óvarin matvæla, litlir	12.000
Söluturnar með óvarin matvæla, miðlungs	17.000
Söluturnar með óvarin matvæla, stórir	21.000
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	16.000
Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	16.000
Fiskbúðir með vinnslu, stórar	16.000
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	13.000
Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	15.000
Fiskbúðir án vinnslu, stórar	18.000
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	13.000
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	23.000
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	26.000
Áfengisverslun	6.000
Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	23.000
Apótek	14.000
Snyrtivöruverslun	14.000
Byggingavöruverslanir, stórar	48.000
Byggingavöruverslanir, litlar	14.000
Járnvöruverslanir	14.000
Málningavöruverslanir	14.000
Gæludýraverslun	3.000
Véla- og tækjasölur	16.000
Varahlutaverslanir, ekki bíla	16.000
Smásala efna í flokkum X, A og B	16.000
Sala eiturefna	40.000
Smásala með notaða muni í verslunum	16.000
Markaðir, stórir	91.000
Markaðir, miðlungs	40.000
Markaðir, litlir	14.000
Hótel með veitingasölu, lítið	18.000
Hótel með veitingasölu, miðlungs	36.000
Hótel með veitingasölu, stórt	49.000
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)	6.000
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs	7.000
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	9.000
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	3.000
Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	3.000
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	16.000
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	7.000
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	3.000
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	8.000
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	3.000
Matsölustaðir, litlir	20.000
Matsölustaðir, miðlungs	28.000
Matsölustaðir, stórir	36.000
Skyndibitastaðir, litlir	18.000
Skyndibitastaðir, miðlungs	26.000
Skyndibitastaðir, stórir	32.000
Matsöluvagnar	15.000
Brauðstofur	22.000
Skemmtistaðir með matsölu	18.000
Skemmtistaðir án matsölu	6.000
Kaffihús, smurt brauð	12.000
Krár, kaffihús með matsölu	22.000
Krár, kaffihús án matsölu	14.000
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu upphvottur	3.000
Samkomusalir með móttökueldhúsi	9.000
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	27.000
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	20.000
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	24.000
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	34.000
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	14.000
Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	19.000
Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	23.000
Sala á tilbúnum mat, lítil	16.000

Heiti atvinnugreinar	Alls álögð gjöld kr.
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	23.000
Sala á tilbúnum mat, stór	48.000
Bið- og endastöðvar strætisvagna	2.000
Biðstöðvar leigubifreiða	2.000
Vörugeymslur, litlar	14.000
Vörugeymslur, miðlungs	20.000
Vörugeymslur, stórar	24.000
Fyrirtæki sem geyma klórgas	9.000
Kæli- og frystigeymslur	9.000
Gasbirgðastöðvar með > 100 m^3 geymslurými (STP)	20.000
Gasbirgðastöðvar með < 100 m^3 geymslurými (STP)	16.000
Vöruflutningamiðstöðvar	24.000
Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	36.000
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	7.000
Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	6.000
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	8.000
Ljósmyndastofur með framköllun	7.000
Fangelsi, lítið	16.000
Fangelsi, miðlungs	20.000
Fangelsi, stórt	24.000
Æfingasvæði slökkviliðs	3.000
Grunnskólar án mötuneytis	11.000
Grunnskólar með móttökueldhúsi	28.000
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	37.000
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis	11.000
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	28.000
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	37.000
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis	11.000
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	28.000
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	37.000
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - verknám í matvælavinnslu	47.000
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	11.000
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	28.000
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	37.000
Ökuskólar, flugskólar o.fl.	3.000
Tónlistarskólar	7.000
Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	3.000
Deildskipt sjúkrahús, lítið, án mötuneytis	11.000
Deildskipt sjúkrahús, miðlungs, með móttökueldhúsi	28.000
Deildskipt sjúkrahús, stórt, með fullbúnu eldhúsi	37.000
Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	11.000
Endurhæfing	7.000
Endurhæfing, með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stórt	48.000
Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil, án mötuneytis	8.000
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs, með móttökueldhúsi	23.000
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór, með fullbúnu eldhúsi	31.000
Vistheimili	7.000
Áfengismeðferð	8.000
Heilsugæslustöðvar	7.000
Læknastofur	4.000
Læknahús með aðgerðarstofum	8.000
Tannlæknastofur	9.000
Tannsmíðar	5.000
Sjúkraþjálfun	6.000
Rannsóknarstofur í læknisfræði	3.000
Röntgenstofur	6.000
Fótaaðgerðarstofur	7.000
Kírópraktor	3.000
Yoga-stofur, heilun o.fl.	3.000
Húðflúrstofur	15.000
Húðgötun	15.000
Dýralæknastofur án röntgen	3.000
Dýralæknastofur með röntgen	6.000
Dýraspítalar	9.000
Heimili fyrir börn og unglinga	3.000
Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús	20.000
Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús	6.000
Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús	13.000
Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhúsi	6.000
Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið	13.000
Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs	13.000
Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs	13.000
Dagmömmur með > 6 börn	3.000
Leikskólar með móttökueldhúsi	20.000
Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	25.000
Gæsluvellir	7.000
Skóladagheimili, fullbúið eldhús	13.000
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	8.000
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	19.000
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	27.000
Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe	12.000
Aðrar skólphreinsistöðvar	7.000
Gámastöð	8.000
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	3.000

Heiti atvinnugreinar	Alls álögð gjöld kr.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	3.000
Sorpflutningar og sorphirða	19.000
Sorpeyðingarstöð, sorphaugar	113.000
Áhaldahús sveitarfélags	6.000
Kirkjur	3.000
Kvikmyndahús	9.000
Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	3.000
Leikhús með móttökueldhúsi	9.000
Leikhús með fullbúnu eldhúsi	23.000
Dansskólar	3.000
Sundstaðir, litlir	33.000
Sundstaðir, miðlungs	57.000
Sundstaðir, stórir	86.000
Íþróttahús, lítil	7.000
Íþróttahús, miðlungs	9.000
Íþróttahús, stór	23.000
Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggð	74.000
Íþróttavellir	3.000
Skíðaskálar, skíðasvæði	4.000
Hestahald	3.000
Skotvellir	3.000
Þvottahús og efnalaugar	7.000
Þvottahús	3.000
Efnalaugar	7.000
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	7.000
Hárgreiðslustofur	6.000
Snyrtistofur	6.000
Baðhús	6.000
Líkbrennslur	3.000
Líkamsræktarstöðvar, litlar	6.000
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	15.000
Líkamsræktarstöðvar, stórar	16.000
Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	16.000
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	26.000
Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	19.000
Sólbaðstofur án heitra potta	13.000
Sólbaðstofur með heitum pottum	17.000
Nuddstofur	6.000

Nr. 717 19. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018.

Með vísan til 19. gr. og 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 19. október 1999 staðfest aðalskipulag Gerðahrepps 1998-2018.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Gerðahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Gerðahrepps 1988-2008 sem staðfest var 23. janúar 1990.

Umhverfisráðuneytinu, 19. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Íslenska brúðuleikhúsið Jón E. Guðmundsson.

1. gr.
Heiti.

Jón Eyþór Guðmundsson, kt. 050115-4539, stofnar hér með sjálfseignarstofnunina „Íslenska brúðuleikhúsið - Jón E. Guðmundsson“ (hér eftir nefnd stofnun), samkvæmt viljayfirlýsingu hans, dags. 5. október 1996.

2. gr.
Aðsetur.

Aðsetur stofnunarinnar er að heimili Jóns Eyþórs Guðmundssonar að Kaplaskjólsvegi 61, Reykjavík, svo lengi sem hann býr þar og stýrir stofnuninni.

3. gr.
Fyrsti stjórnarmaður/ábyrgðarmaður/framkvæmdastjóri.

Stjórn stofnunarinnar er í höndum Jóns E. Guðmundssonar, svo lengi sem hann hefur heilsu og vilja til.

4. gr.
Annar stjórnandi.

Bresti Jón E. Guðmundsson vilja eða heilsu til að stjórna stofnuninni, eða falli hann frá, taki næst við stjórn stofnunarinnar sonarsonur hans, dr. Eyþór Eyjólfsson, sbr. viljayfirlýsingu Jóns E. Guðmundssonar, dags. hinn 5. október 1996.

5. gr.
Kjör stjórnanda.

Bresti stjórnanda stofnunarinnar heilsu eða vilja til að fara með stjórn stofnunarinnar, boðar fulltrúaráð (sbr. 6. gr.) alla afkomendur Jóns E. Guðmundssonar á fund. Velja þeir úr sínum hópi einn aðila (mann) til að fara með stjórn stofnunarinnar. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og þarf hinn kjörni stjórnandi að fá a.m.k. 60% greiddra atkvæða.

Falli stjórnandi skyndilega frá skal fulltrúaráð boða alla afkomendur Jóns E. Guðmundssonar á fund, sem velur nýjan stjórnanda stofnunarinnar með sama hætti og greinir í 1. mgr. þessarar greinar.

Nái enginn aðili 60% greiddra atkvæða skal fara fram önnur atkvæðagreiðsla. Sá sem flest atkvæði hlýtur í þeirri kosningu skal taka við stjórn stofnunarinnar.

6. gr.
Fulltrúaráð.

Skipa skal þriggja manna fulltrúaráð, sem verði stjórnanda stofnunarinnar til ráðuneytis, óski hann þess. Fyrsta fulltrúaráð skal skipað þremur börnum Jóns E. Guðmundssonar, sbr. viljayfirlýsingu hans dags. 15. ágúst 1997. Bresti fulltrúa vilja eða heilsu til setu í fulltrúaráði eða falli hann frá, skal nýr fulltrúi kosinn samkvæmt ákvæðum 5. gr. Fulltrúaráð getur ekki tekið ákvarðanir nema það sé fullskipað. Fulltrúaráði er almennur og daglegur rekstur stofnunarinnar óviðkomandi nema því aðeins að hann brjóti í bága við ákvæði þessarar skipulagsskrár, sbr. einkum 9. gr.

Hlutverk fulltrúaráðs er:

1. að boða alla afkomendur Jóns E. Guðmundssonar á fund, er kjósa skal nýjan stjórnanda bresti hann vilja eða heilsu til að fara með stjórn stofnunarinnar, sbr. 5. gr.;

2. að boða alla afkomendur Jóns E. Guðmundssonar á fund, er kjósa skal nýjan stjórnanda, hafi rekstur stjórnanda brotið í bága við ákvæði þessarar skipulagsskrár, sbr. 7. gr.;
3. að verða stjórnanda til ráðuneytis óski hann þess.

7. gr.
Uppsögn stjórnanda.

Brjóti rekstur stjórnanda í bága við ákvæði þessarar skipulagsskrár, eða gerist hann sekur um vanrækslu á geymslu muna í eigu stofnunarinnar, skal fulltrúaráð boða alla afkomendur Jóns E. Guðmundssonar til fundar er kjósa skal nýjan stjórnanda í samræmi við ákvæði 5. gr.

8. gr.
Endurskoðun reikninga.

Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

9. gr.
Markmið.

Helsta markmið stofnunarinnar er að varðveita í einni heild öll listaverk Jóns E. Guðmundssonar. Stjórnendum stofnunarinnar, fyrr sem síðar, og afkomendum Jóns E. Guðmundssonar, er óheimilt að selja stofnunina eða selja eða gefa úr henni muni sem teljast til stofnfjár hennar. Munir stofnunarinnar skulu varðveittir af stjórnanda stofnunarinnar.

10. gr.
Rekstur.

Daglegur rekstur stofnunarinnar (s.s. sýningar, farandsýningar, útgáfa póstkorta af munum stofnunarinnar o.þ.h.), er alfarið í höndum stjórnanda hennar. Stjórnanda er heimilt að reka stofnunina í þeirri mynd sem hann kýs, svo framarlega sem rekstur hennar brýtur ekki í bága við skipulagsskrá þessa og almenn lög um sjálfseignarstofnanir. Stjórnanda stofnunarinnar er heimilt að ráða fólk til þess að sjá um rekstur stofnunarinnar, svo fremi sem rekstur hennar stendur undir kostnaði þar að lútandi.

Stjórnanda er heimilt að greiða sér hæfileg laun fyrir vinnu sína við rekstur stofnunarinnar. Upphæð launa og kjör ákveður stjórnandi í samráði við fulltrúaráð.

Sé viðkomandi stjórnanda ekki unnt að halda sýningar á munum stofnunarinnar, ber honum að sjá til þess að þeir séu varðveittir og geymdir á viðeigandi stað.

Stjórnandi stofnunarinnar ber ábyrgð á varðveislu þeirra muna er hún hefur að geyma og skal sjá til þess að listaverkin verði ekki fyrir tjóni. Honum ber einnig að tryggja verkin samkvæmt hlutlausu mati tryggingafélags á þeim.

11. gr.
Eignir.

Stofnfé stofnunarinnar eru þau listaverk, sem talin eru upp í meðfylgjandi eignaskrá nr. 1, sem er hluti þessarar skipulagsskrár, öll önnur listaverk (málverk, útskornir munir, leikbrúður, tæki), sem eru í eigu Jóns E. Guðmundssonar, önnur en þau sem prýða heimili hans. Stofnfé stofnunarinnar er einnig bílageymsla og innréttingar hennar að Flyðrugranda 20 í Reykjavík, samtals að verðmæti kr. 527.000.

Óheimilt er að skerða listaverk stofnunarinnar og raungildi bílageymslunnar skal ávallt haldast óskert. Verði stofnuninni ánefndar aðrar eignir skulu gerðar um þær sérstakar eignaskrár, sem verða sjálfkrafa hluti skipulagsskrárinnar.

12. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki stjórnanda stofnunarinnar og allra fulltrúaráðsmanna. Sama gildir um niðurlagningu stofnunarinnar.

Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til afkomenda Jóns E. Guðmundssonar.

13. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Fylgiskjal.

Eignaskrá nr. 1.

Myndir teknar í Brúðuleikhúsi Jóns E. Guðmundssonar 31. mars 1997.

1. Rauðhetta	
2. Veiðimaðurinn	
3. Mamma Rauðhettu	
4. Amma Rauðhettu	
5. Úlfurinn	
6. Píanóleikari	
7. Gítarleikari	
8. Kona frá Snæfellsnesi	
9. Sveitamaður	
10. Flautuleikari	
11. Fugl	
12. Bangsi með blöðruna	
13. Flautuleikari með slöngu	Höggvin úr íslenskri furu
14. Köttur	
15. Dvergur (Tregur)	úr leikritinu Mjallhvít, hendur og andlit ísl. fura
16. Veiðimaðurinn	úr leikritinu Mjallhvít, hendur og andlit ísl. fura
17. Drottningin	úr leikritinu Mjallhvít, hendur og andlit ísl. fura
18. Prinsinn	úr leikritinu Mjallhvít, hendur og andlit ísl. fura
19. Dvergur (Krókur)	úr leikritinu Mjallhvít, hendur og andlit ísl. fura
20. Fiðluleikari	hendur og andlit úr eik, fiðlan úr furu
21. Kabarett dansmær	hendur og andlit úr eik
22. Hólabiskup	andlit mótað í leir, pappír og skinn
23. Útilegukarl	Norður kaldan kjöl, mótaður í leir, pappír og skinn

24. Útilegukerling — Norður kaldan kjöl, mótuð í leir, pappír og skinn
25. Biskupsfrúin — Norður kaldan kjöl, mótuð í leir, pappír og skinn
26. Skálholtsbiskup — Norður kaldan kjöl, mótaður í leir, pappír og skinn
27. Álfkonan — Norður kaldan kjöl, mótuð í leir, pappír og skinn
28. Stúlka — Norður kaldan kjöl, mótuð í leir, pappír og skinn
29. Siggi snarráði — Norður kaldan kjöl, mótaður í leir, pappír og skinn
30. Montni Hans — Norður kaldan kjöl, mótaður í leir, pappír og skinn
31. Nornin — úr Eldfærunum öll höggvin úr ísl. furu
32. Kóngurinn — úr Eldfærunum allur höggvinn úr ísl. furu
33. Drottningin — úr Eldfærunum öll höggvin úr ísl. furu
34. Hermaður — úr Eldfærunum allur höggvinn úr ísl. furu
35. Hermaður — úr Eldfærunum allur höggvinn úr ísl. furu
36. Prinsessan — úr Eldfærunum öll höggvin úr ísl. furu
37. Sauðamaður — úr Grámanni höggvinn úr ísl. furu
38. Kerling — úr Garðshorni höggvin úr ísl. furu
39. Karlinn — úr Garðshorni höggvinn úr ísl. furu
40. Kóngurinn — í Grámanni í Garðshorni höggvinn úr ísl. furu
41. Drottningin — í Grámanni í Garðshorni höggvin úr ísl. furu
42. Kóngsdóttirin — í Grámanni í Garðshorni höggvin úr ísl. furu
43. Grámann — í Grámanni í Garðshorni höggvinn úr ísl. furu
44. Engill — í Grámanni í Garðshorni höggvinn úr ísl. furu
45. Presturinn — í Grámanni í Garðshorni höggvinn úr ísl. furu
46. Böðullinn — úr páskahelgileik
47. Kristur með krossinn
48. Tveir saman böðullinn og Kristur
49. Útskurðamynd — á leiksviði Brúðuleikhúss, höggvin úr ísl. birki
50. Útskurðamynd — á leiksviði Brúðuleikhúss, höggvin úr ísl. birki
51. Séra Sigvaldi — úr leikritinu Maður og kona, höggvinn úr furu
52. Vonda drottningin — úr leikritinu Mjallhvít og dvergarnir sjö, höggvin
53. Mjallhvít — úr leikritinu Mjallhvít og dvergarnir sjö, höggvin
54. Hjálmar Tuddi — úr leikritinu Maður og kona, höggvinn úr furu
55. Gudda — úr leikritinu Maður og kona, höggvin úr furu
56. Þórarinn — úr leikritinu Maður og kona, höggvinn úr furu
57. Þórdís — úr leikritinu Maður og kona, höggvin úr furu
58. Rúna — úr leikritinu Maður og kona, höggvin úr furu
59. Egill — úr leikritinu Maður og kona, höggvinn úr furu
60. Þura — úr leikritinu Maður og kona, höggvin úr furu
61. Egg í hreiðri séreign Valgerðar, skorið úr birki
62. Predikarinn — skorinn úr birki
63. Gestabók — skorin úr birki
64. Skartgripaskrín — skorið úr ísl. furu
65. Maður við skriftir, búið til 1927, Jón 12 ára, skorið úr mahoný
66. Krían réði ekki við æti — skorið úr ísl. birki
67. Rósalampi — skorinn úr ísl. birki
68. Morgunbæn — skorin úr ísl. birki
69. Móðir og barn — höggvin úr ísl. birki
70. Óhappið — höggvið úr ísl. birki
71. Hjálpa manninum heim — höggvið úr ísl. birki
72. Gestabók — skorin úr birki
73. Brúður úr jólastjörnunni Stjarnan í austri, höggvin úr birki
74. Fundarhamar — höggvinn úr ísl. birki
75. Elskendur — höggnir úr mahoný
76. Dauðadæmdir — höggnir úr mahoný
77. Blindir leiða blindan — höggvið úr ísl. birki

78. Framþjáðir höggvið úr ísl. birki
79. Kreppan höggvið úr ísl. birki
80. Sjómaður höfuð úr birki, hendur úr furu
81. Konan með köttinn skorin úr eik fyrir grafik
82. Köttur í veiðihug höggvinn úr birki
83. Við viljum hjálp höggvið úr birki
84. Dans unninn úr einum trjástofni
85. Friðardúfan unnin úr einum trjástofni
86. Hestur og maður árið 1954 hendur skornar úr furu, andlit leir og skinn
87. Saxafónleikari hendur og andlit skorið úr furu
88. Söngkonan hendur og andlit skorið úr furu
89. Gítarleikarinn árið 1958 skinn og hendur úr tré, andlit úr leir
90. Óperusöngvarinn Sjáni hendur úr tré, andlit úr leir og skinn
91. Píanóleikari Nikulás árið 1954, andlit leir og skinn
92. Leikritið Hans og Gréta, 5 manns árið 1954, hendur, andlit skorið úr furu
93. Að skemmta skrattanum árið 1977, skorið út í tré
94. Söngkonan úr Mjallhvít og dvergarnir, mótuð í leir nema hendur skornar í furu, líka stóll skorinn í furu
95. Api - Handbrúða fyrir Gæsluvöll borgarinnar, búin til úr leir og skinni árið 1976
96. Jón ríki að skemmta skrattanum árið 1966, andlit og hendur skorið í furu
97. Lykla Pétur og kona að skemmta skrattanum árið 1977, hendur, andlit og fætur skorið í birki
98. Að skemmta skrattanum hendur, andlit og fætur skorið í birki
99. Að skemmta skrattanum lamb og karl, andlit og hendur skorið úr tré
100. Kabarett árið 1943-1944 sem farið var með kringum landið
101. Kabarett árið 1970
102. Brúðubíllinn J.E.G. var með hann í 3 ár. Nokkrar brúður sem þar koma fram
103. Kvartett, 4 saman. Fiðluleikari, jólasveinn og fleiri
104. Skuggasveinn, sýnt á Kjarvalsstöðum árið 1980
105. Skuggasveinn úr ýmsum stykkjum
106. Gosi unninn í leir og pappír, hendur úr tré
107. Siggi unninn í leir og pappír, hendur úr tré
108. Prestur Norður kaldan kjöl, unninn úr pappír og skinni
109. Gamall maður unninn í leir og skinn
110. Didda Hannesar, (eign hennar), leir og skinn, hendur úr tré
111. Handbrúða frá Gæsluvöllum, leir og skinn
112. Norður kaldan kjöl, norn leir og pappír
113. Norður kaldan kjöl, prestur leir og pappír
114. Óli úr Gosa, leir og pappír
115. Sýslumaður
116. Yfirlit í kjallara
117. Jón E. Guðmundsson

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að (skulu aðildarsveitarfélögin) innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 4.600
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 3.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á	eitt tímagjald

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	eitt tímagjald

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	eitt tímagjald

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Austurland gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Austurlands er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Austurlands innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 20. maí 1996.

Reyðarfirði, 20. október 1999.

F.h. heilbrigðisnefndar Austurlands,

Helga Hreinsdóttir framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Atvinnugreinar	gjald kr.
Blómarækt	6.880
Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	27.520
Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	55.040
Alifuglarækt < 40.000 stæði	23.220
Alifuglarækt > 40.000 stæði	48.590
Loðdýrabú	23.220
Kanínurækt	5.268
Kattahótel	3.440
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	24.510
Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	24.510
Land- og kvíaeldi	12.255
Malar- og sandnám; vikurnám	5.053
Nám og vinnsla á steinefnum til efna-iðnaðar og áburðargerðar	5.053
Saltvinnsla	20.210
Sláturhús < 50 t/dag	25.370
Sláturhús > 50 t/dag	59.340
Slátrun, vinnsla alifuglakjöts	11.610
Kjötvinnsla, lítil	25.920
Kjötvinnsla, miðlungs	69.040
Kjötvinnsla, stór	89.010
Kjötvinnsla með reykingu, lítil	26.660
Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	70.520
Kjötvinnsla með reykingu, stór	112.230
Kjötpökkunarstöð	67.320
Saltfiskverkun	7.848
Síldarsöltun	7.848
Heitloftsþurrkun fiskafurða	7.848
Harðfiskverkun	7.848
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	9.030
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	20.210
Vinnsla á ferskum fiski, stór	26.660
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	40.420
Fiskmjölsvinnsla	61.920
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	20.210
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	26.660
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	61.920
Önnur ótalin fiskvinnsla	13.760
Kartöfluvinnsla - pökkun	3.171
Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	20.210
Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	40.420
Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	20.210
Sultu- og ávaxtagrautargerð	22.360
Salatgerð	22.360
Lauksteikingarverksmiðjur	20.210
Framleiðsla á mjöli og feiti úr slátur-úrgangi < 10 tonn á dag	20.210
Framleiðsla á mjöli og feiti úr slátur-úrgangi > 10 tonn á dag	40.420
Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	20.210
Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	24.510
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	20.210
Kaldhreinsun lýsis	20.210
Smjörlíkisgerð	20.210
Mjólkurbú og ostagerð	42.260
Mjólkurbú	40.110
Ostagerð	66.220
Ísgerð	66.220
Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	26.660
Framleiðsla húsdýrafóðurs	6.880
Framleiðsla fiskeldisfóðurs	3.440
Brauðverksmiðjur	33.110
Bakarí, lítið	22.360
Bakarí, miðlungs	30.160
Bakarí, stórt	34.460
Kexverksmiðjur	61.120
Kökugerð, lítil	16.985
Kökugerð, miðlungs	20.210
Kökugerð, stór	22.360
Súkkulaði- og sælgætisgerð	30.960
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	13.115
Te- og kaffiframleiðsla	12.685
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	3.709
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	21.285
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	28.810
Framleiðsla mjólkurdufts	30.960
Framleiðsla annarra matvara	11.180
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	30.960
Bjórgerð	30.960
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil	26.660
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	30.960
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	81.270
Ullarþvottastöðvar	18.060
Trésmíðaverkstæði með lökkun	9.568
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	8.493
Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	3.978
Prentun dagblaða	7.740
Offset- og hæðarprentun	20.210
Sáldprentun	20.210
Prentiðnaður, lítill	9.460
Prentiðnaður, miðlungs	11.610
Prentiðnaður, stór	32.895
Prentiðnaður með framköllun	11.610
Prentsmið	10.105
Framleiðsla á iðnaðargasi	29.670

Atvinnugreinar	gjald kr.
Garðaúðun	10.105
Málningarverksmiðjur	57.835
Lyfjagerð	8.546
Hreinlætisvöruverksmiðjur	17.093
Snyrtivöruframleiðsla	8.546
Gúmmívinnsla	3.709
Plastiðnaður	8.493
Framleiðsla á umbúðaplasti	3.440
Framleiðsla plastvöru fyrir sjávarútveg	3.440
Framleiðsla glerílåta	3.171
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	3.709
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	4.784
Steinsmíði	3.225
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	30.960
Meðferð og húðun málma	9.568
Blikksmíði	3.440
Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	10.105
Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	6.396
Rafvélaverkstæði	3.709
Stálsmíði og stálskipagerð	36.335
Endurvinnsla úrgangs	4.515
Spennistöðvar	3.709
Spennaviðgerðir	20.210
Vatnsveitur > 5.000 íbúa	155.520
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	155.520
Vatnsveitur < 1.000 íbúa	25.920
Vatnsveitur, einka	10.978
Lagning gólf- og veggefna	7.955
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	7.525
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	8.600
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	9.675
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	11.073
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	12.148
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	13.223
Bifreiðasprautun	11.073
Bifreiðaréttingar	3.924
Bón og bílaþvottur, sjálfvirkur	7.955
Bón og bílaþvottur, handvirkur	6.880
Ryðvarnarverkstæði	15.588
Smurstöðvar	23.005
Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	12.900
Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	17.200
Bílapartasölur	12.255
Bensínstöðvar, sjálfvirkar	15.910
Bensínstöðvar án matvæla	24.510
Bensínstöðvar með matvöru	44.935
Bensínstöðvar með veitingasölu	63.210
Umboðsverslun með fisk	18.060
Fiskmarkaðir	16.985
Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	18.060
Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	22.360
Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	28.810
Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	20.210
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	18.060
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	51.385
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	35.260
Móttaka brotamálms	85.570
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	8.385
Stórmarkaðir > 400 m^2, með matvælavinnslu	72.575
Stórmarkaðir > 400 m^2, án matvælavinnslu	72.360
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	26.935
Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	43.335
Matvöruverslun með vinnslu, stór	55.435
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	18.060
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	30.160
Matvöruverslun án vinnslu, stór	38.760
Söluturnar án óvarinna matvæla	11.610
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	17.260
Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	25.860
Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	30.160
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	18.060
Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	25.860
Fiskbúðir með vinnslu, stórar	28.010
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	14.835
Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	16.985
Fiskbúðir án vinnslu, stórar	18.550
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	14.835
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	25.860
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	28.010
Áfengisverslun	7.418
Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	22.360
Apótek	11.180
Apótek, útibú frá apóteki með starfsleyfi á Austurlandi	3.978
Snyrtivöruverslun	11.180
Byggingavöruverslanir, stórar	52.460
Byggingavöruverslanir, litlar	34.400
Járnvöruverslanir	17.630
Málningar- og veggfóðurverslun	17.630
Málningarvöruverslanir	17.630
Gæludýraverslun	7.203
Blómaverslun	7.418
Véla- og tækjasölur	17.093
Varahlutaverslanir, ekki bíla	17.093

Atvinnugreinar	gjald kr.
Smásala efna í flokkum X, A og B	17.093
Sala eituefna	37.625
Smásala með notaða muni í verslunum	17.093
Markaðir	18.060
Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir)	28.810
Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir)	38.485
Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 gestir)	51.660
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting, < 16 rúm og heimiliseldhús)	7.418
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs	9.030
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt (> 100 gestir)	10.105
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	3.440
Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	3.440
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	6.235
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	6.880
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	9.030
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	10.105
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	6.880
Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir)	26.720
Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir)	29.300
Matsölustaðir, stórir (> 100 gestir)	38.760
Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)	21.070
Skyndibitastaðir, miðlungs (51-100 gestir)	32.310
Skyndibitastaðir, stórir (> 100 gestir)	34.460
Matsöluvagnar	18.060
Brauðstofur	24.510
Skemmtistaðir með matsölu	21.285
Skemmtistaðir án matsölu	7.418
Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi < 50 gestir)	8.600
Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi < 50 gestir, kaffi og kleinur)	4.300
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	3.978
Samkomusalir með móttökueldhúsi	11.180
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	26.660
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	22.360
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	26.660
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (>100 gestir)	36.610
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	16.985
Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	22.360
Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt (> 100 gestir)	26.660

Atvinnugreinar	gjald kr.
Sala á tilbúnum mat, lítil	18.060
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	22.360
Sala á tilbúnum mat, stór	30.960
Aðrir farþegaflutningar á vegum	5.805
Akstur flutningabíla	18.060
Bið- og endastöðvar strætisvagna	2.903
Biðstöðvar leigubifreiða	2.903
Vörugeymslur, litlar	15.910
Vörugeymslur, miðlungs	22.360
Vörugeymslur, stórar	26.660
Kæli- og frystigeymslur	2.365
Vöruflutningamiðstöðvar	26.660
Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	13.868
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	8.493
Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	3.440
Myndbandaleiga	5.805
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	8.493
Ljósmyndastofur með framköllun	8.493
Pökkunarstarfsemi	15.910
Fangelsi, lítið	6.880
Fangelsi, miðlungs	26.660
Fangelsi, stórt	30.960
Æfingasvæði slökkviliðs	3.709
Slökkvilið	4.515
Grunnskólar án mötuneytis	7.955
Grunnskólar með móttökueldhúsi	30.960
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	36.335
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis	9.030
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	30.960
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	36.335
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis	10.643
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	32.035
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	24.510
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - verknám í matvælavinnslu	35.260
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	12.255
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	30.960
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	36.335
Ökuskólar, flugskólar o.fl.	3.978
Tónlistarskólar	3.978
Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	3.978
Deildskipt sjúkrahús, lítið, án mötuneytis	6.128
Deildskipt sjúkrahús, miðlungs, með móttökueldhúsi	30.960
Deildskipt sjúkrahús, stórt, með fullbúnu eldhúsi	36.335
Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	12.255

Atvinnugreinar	gjald kr.
Endurhæfing	7.955
Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil, án mötuneytis	9.568
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs, með móttökueldhúsi	25.585
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór, með fullbúnu eldhúsi	29.885
Vistheimili	8.493
Áfengismeðferð	4.246
Heilsugæslustöðvar	4.246
Læknastofur	3.709
Læknahús með aðgerðarstofum	3.709
Tannlæknastofur	3.709
Sjúkraþjálfun	3.709
Rannsóknarstofur í læknisfræði	3.709
Röntgenstofur	7.418
Fótaaðgerðarstofur	7.418
Kírópraktor	3.709
Yogastofur, heilun o.fl.	3.709
Húðflúrstofur	16.985
Húðgötun	16.985
Dýralæknastofur án röntgen	3.440
Dýralæknastofur með röntgen	7.418
Dýraspítalar	10.105
Heimili fyrir börn og unglinga	3.709
Dvalarheimili fyrir aldraða	14.835
Dagmömmur með > 6 börn	3.709
Leikskólar án eldhúss	6.880
Leikskólar með móttökueldhúsi	22.360
Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	27.735
Gæsluvellir	10.643
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	9.568
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	21.285
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi (ekki samfelld starfsemi)	9.568
Gámastöð	9.568
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	9.568
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	9.568
Sorpflutningar og sorphirða	5.590
Sorpeyðingarstöð, sorphaugar	26.660
Sorpeyðingarstöð, sorphaugar, stórir	61.920
Áhaldahús sveitarfélags	8.493
Kirkjur	3.709
Kirkjur með safnaðarheimili með móttökueldhúsi	9.568
Önnur ótalin félagastarfssemi	3.440
Kvikmyndahús	10.643
Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	3.709
Leikhús með móttökueldhúsi	10.643
Leikhús með fullbúnu eldhúsi	25.585
Dansskólar	3.709
Húsdýragarðar	4.031
Sundstaðir, litlir	23.985
Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengt íþróttahúsum)	40.970
Sundstaðir, stórir (eða miðlungs tengt íþróttahúsi)	60.070
Íþróttahús, lítil	8.493
Íþróttahús, miðlungs	10.643
Íþróttahús, stór	12.793
Íþróttavellir	3.709
Skíðaskálar, skíðasvæði	4.784
Hestahald	3.171
Skotvellir	3.978
Þvottahús og efnalaugar	8.493
Þvottahús	3.709
Efnalaugar	8.493
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	8.493
Hárgreiðslustofur	7.418
Snyrtistofur	7.418
Baðhús	7.418
Líkbrennslur	3.709
Líkamsræktarstöðvar, litlar	7.418
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	16.985
Líkamsræktarstöðvar, stórar	18.060
Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	18.335
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	20.485
Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	21.560
Sólbaðstofur án heitra potta	7.418
Sólbaðstofur með heitum pottum	19.410
Nuddstofur	7.418
Engin starfsemi	2.903
Ótilgreind starfsemi	5.805

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur er taki gildi 1. nóvember 1999.

Frá og með 1. nóvember 1999 verður gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 555 18. október 1996, með áorðnum breytingum, sem hér segir:

1. Notendagjöld:

Orkugjald Dalvík	kr.	32,85 pr. m^3
Orkugjald Árskógsströnd	kr.	48,62 pr. m^3
Mælagjald	kr.	11,80 pr. dag
Lokunargjald	kr.	2.257

2. Tengigjöld:

Lágmarksgjald miðað við 400 m^3	kr.	116.953
Gjald fyrir hús umfram 400 m^3	kr.	147

Iðnaðarráðuneytinu, 26. október 1999.

F. h. r.
Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 1999

28. október 1999 1965 Nr. 721

AUGLÝSING

um (8.) breytingu á auglýsingu nr. 745/1998 um skrá yfir ríki, svæði og starfstöðvar, sem innflutningur sjávarafurða og annarra afurða sem falla undir reglugerð um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, er heimill frá.

Á lista yfir starfstöðvar í **Argentínu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
3748	"Tai An" (Prodesur S.A.)		FV

Á lista yfir starfstöðvar í **Ekvador** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
107	Productos Cultivados del Mar (Proculmar) Cia. Ltda.	GUAYAQUIL GUAYAS	PP
173	Productos Marinos Ecuatorianos Industrializados (Orvipesa) S.A.	GUAYAQUIL GUAYAS	PP
197	Pescados, Camarones y Mariscos S.A. DOCAPES	SALINAS GUAYAS	PP
325	Gambas del Pacífico S.A.	GUAYAQUIL GUAYAS	PP
385	Piscícola Tonchigue S.A.	PORTOVIEJO MANABI	PP
412	Exportadora del Oceano Oceanexa C.A.	MACHALA EL ORO	PP
471	Fischcorp S.A.	MANTA MANABI	PP
497	DUNCI S.A.	GUAYAQUIL GUAYAS	PP
504	Sociedad Atunera Kihara Nuñez (Sakana) Cia. Ltda.	MONTECRISTI MANABI	PP
557	"Corporación Conservera Mundo Marino Peninsular Comumap S.A."	SANTA ELENA GUAYAS	PP

Á lista yfir starfstöðvar á **Indlandi** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
252	Amison Fisheries Limited	MALVAN MAHARASHTRA	PP
658	Cochin Frozen Food Exports Pvt Ltd	ALLEPPEY KERALA	PP
664	Euro Marine Products Ltd	TRIVANDRUM KERALA	PP
680	Ameena Enterprises Pvt Ltd	ALLEPPEY KERALA	PP
682	G.K.S. Business Associates	ALLEPPEY KERALA	PP
801	Jasper Aqua Exports Limited	VISAKHAPATNAM ANDHRA PRADESH	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Marokkó** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
1389	PCS Maghreb	SIDI IFNI	PP
1720	COLOCONSA	ASILAH	PP
1896	Union Maree	SAFI	PP
2507	Central Fish	CASABLANCA	PP
2824	Sigma Pêche	AGADIR	PP
2826	Deprosud	SIDI IFNI	PP
2833	Sam-Pam	ESSAOUIRA	PP
2834	Ansa	LARACHE	PP
2847	Hafsa Samak	CASABLANCA	PP
2870	Sialco 2	AGADIR	PP

Af lista yfir starfstöðvar í **Marokkó** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
1574	SOCIETE AFRICAINE DE MONTAGE ET FROID INDUSTRIEL (SAMFI)	CASABLANCA	PP
1587	PROFRAMAR	CASABLANCA	PP
1971	COSEB	MOHAMMEDIA	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
2343	COMACRUS	AGADIR	PP
2490	ITXAS EDER	SAFI	PP
2557	CARMEN POISSON	DAKHLA	PP
2604	Gel Fish	LAAYOUNE	PP

Á lista yfir starfstöðvar á **Máritíus** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
DVS/CR 1	Ferney Aquaculture	MAHEBOURG	PP
DVS/F/9	Vieille Fishing Co. Ltd.	ROSE-HILL	PP
DVS/F/12	Societe Fok Kow & Co. Ltd.	GRANDE POINTE-AUX-PIMENTS	PP
DVS/F/C 2	Froid des Mascareignes	PORT LOUIS	PP
DVS/F/V 1	Lady Sushil I (C/o Breiz Tuna)	PORT LOUIS	FV
DVS/TF/1	Princes Tuna (Mts) Ltd.	PORT LOUIS	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Mexíkó** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
BMSSA0068	Estado 29 (Soc. Coop. De Prod. Pesquera Estado 29, S.C. de R.S.)		ZV
BMSSA0069	Atún VIII (Soc. Coop. De Prod. Pesquera Estado 29, S.C. de R.S.)		ZV
BMSSA0070	Cedmex (Planta Procesadora y Conservadora de Productos Marinos)		ZV
CEP-670329 8R5	Congeladora y Empacadora Peninsular S.A. de C.V.	CAMPECHE CAMPECHE	PP
NIN-751218 D97	Nair Industrias S.A. de C.V.	MAZATLÁN SINALOA	PP
SCP-420620 6W5	Planta Empacadora de Mariscos de Isla Natividad	MULEGE BAJA CALIFORNIA SUR	PP
SEM-960417 2E7	Sur Este Mexicana S.A. de C.V.	GUAYMAS SONORA	PP

Á lista yfir starfstöðvar á **Nýja-Sjálandi** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
FPH 131	Turner Oyster New Zealand Limited	WARKWORTH	PP
L62991	Clarabelle		FV
PH 588	Kapitan Rusak		FV

Af lista yfir starfstöðvar á **Nýja-Sjálandi** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
S 182	Polarcold Stores Limited, Kaiapoi		PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Perú** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
P074-PAI-MOFS	Moon Fish S.A.	PAITA	PP
P075-CAL-MAQU	Maquimar S.A.	CALLAO	PP
P076-PIS-POPS	Productos Pesqueros AMV S.A.	PISCO	PP
PO30-CHI-ATPS	Actividades Pesqueras S.A.	CHIMBOTE	PP
PO73-PAI-CRIG	Corporación de Ingeniería de Refrigeración S.R.L.-Coinrefri	PAITA	PP
PO77-MIG-FOPO	Frozen Products S.R.L.	SAN MIGUEL	PP
PO78-PIU-SRFI	Servicios Frigoríficos para la Exportación S.A.-Serfrex S.A.	PIURA	PP

Af lista yfir starfstöðvar í **Perú** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
P041-CHI-UIFS	Union Fishing S.A.	CHIMBOTE	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Suður-Kóreu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
KORF-092	Palmera (Borim Fisheries Co., Ltd)	CHUNG-GU PUSAN-SI	FV
KORF-093	Hedera (Borim Fisheries Co., Ltd)	CHUNG-GU PUSAN-SI	FV

Á lista yfir starfstöðvar í **Tævan** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
CT6-0194	Tung Hong No.2 (Tung Hong Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-0989	Hwa Tsan No.202 (Hwa Tsan Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-1008	Chien Hsien No.112 (Chien Hsien Fishery Co. Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-1041	Hsin Cheng Fa No.32 (Hsin Cheng Fa Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-1071	Yuh Yow No.1 (Yuh Yow Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-1072	Yuh Yow No.2 (Yuh Yow Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-1130	Yuh Yow No.6 (Yuh Kao Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-1131	Yuh Yow No.8 (Yuh Kao Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-1246	Chin Hsiang Wen (Chin Hsiang Wen Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-1288	Tai Ying No.6 (Tai Ying Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-1320	Hsin Chin Hsiang No.26 (Hsiang Fuh Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT6-1321	Hsin Chin Hsiang No.36 (Shiang Ming Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0115	Kwang Yang No.747 (Kwang Yang Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0139	Ming Tay No.76 (HoHsin Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0199	Hsin Hung No.101 (Hsin Horng Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0200	Yuh Chan No.201 (Yuh Chan Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0255	Hsin Yu Hsing (Sun Yih Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0257	Yung Chun 66 (Chun Yuh Oceanic Enterprise Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0265	Hsin Hua No.1 (Hsin Hua Marine Products Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0271	Hwa Tsai No.101 (Hwa Tsai Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0279	Yuh Yow No.327 (Shei Chui Oceanic Enterprise Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
CT7-0287	Chen Chien No.66 (Gen Chieh Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0288	Yuh Yow No.237 (Shei Chui Oceanic Enterprise Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0291	Yu I Hsiang No.121 (Yu Kin Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0297	Chen Chieh No.666 (Gen Chieh Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0298	Chin Peng (Chin Peng Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0299	Yung Yu 66 (Chun Yu Oceanic Enterprise Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0303	Yuh Chuan Haw (Chun Ing Ocean Co., Ltd.)	KAOHSIUNG	ZV
CT7-0322	Kwang Harng No.7 (Kwang Harng Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0345	Chen Chien No.336 (Gen Chieh Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0355	Yuh Yow No.101 (YH Yuean Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0356	Yuh Yow No.102 (Yuh Chang Marine Products Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0371	Hsin Hua No.3 (Trust Wealth Marine Products Co. Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0372	Yu I Hsiang No. 217 (Yu Sheng Fishery Co. Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0400	Chen Chieh No.6 (Gen Cheng Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0422	Yuh Yow No.317 (Hsin Cheng Fa Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0425	Yuh Yow No.127 (Yu Pao Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0436	Yuh Yow No.201 (Yuh Yih Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0437	Yuh Yow No.202 (Yuh Chan Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0443	Chen Chieh No.236 (Gen Cheng Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0462	Kwang Yang No.11 (Kwang Yang Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV
CT7-0500	Chen Chieh No.8 (Gen Cheng Fishery Co., Ltd)	KAOHSIUNG	FV

Af lista yfir starfstöðvar í **Úrúgvæ** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
FV-03	Sofia Star (Naifen sa)	MONTEVIDEO	FV
FV-08	Young Hwa 77 (Nadylmar sa)	MONTEVIDEO	ZV
FV-22	Del Plata I (Virex S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO	FV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
PP-03	Shelli sa	MONTEVIDEO	PP
PP-12	Compañia Comercial Greco-Uruguaya	LA PALOMA	PP
PP-22	Pescamar Uruguay sa	MONTEVIDEO	PP

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. október 1999.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Haraldsdóttir.

28. október 1999 Nr. 722

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum við Hvalbak.

1. gr.

Frá og með 1. nóvember 1999 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði við Hvalbak, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

A. 64°41'N - 13°56'V
B. 64°41'N - 13°10'V
C. 64°34'N - 12°55'V
D. 64°32'N - 12°55'V
E. 64°32'N - 14°00'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Ísland. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Ísland til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. október 1999.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Hulda Lilliendahl.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða.

1. gr.

Við e. lið 1. mgr. I. viðauka bætist eftirfarandi málsgrein:

Landbúnaðarráðherra getur veitt heimild til að víkja frá dagsetningum fyrri málsgreinar eingöngu í þeim tilvikum að um sé að ræða rannsóknarverkefni og að fengnum tillögum kjötmatsformanns.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. október 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 724 29. október 1999

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 628/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á bökunarkartöflum í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.11.99 - 15.03.00	ótilgr.	15	30

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. október 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 224/1995 um leigubifreiðar með síðari breytingum.

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda; hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi til leiguaksturs.

2. mgr. 11. gr. orðist svo:

Samgönguráðherra setur reglur um undanþágur samkvæmt 1. mgr. að fengnum tillögum umsjónarnefnda og félags eða félaga bifreiðastjóra. Reglurnar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

1. málsl. 3. mgr. 11. gr. orðist svo:

Félög bifreiðastjóra skulu annast framkvæmd á veitingu undanþága fyrir sína félagsmenn í samráði við umsjónarnefnd.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 61/1995 um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 28. október 1999.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

28. október 1999 Nr. 726

REGLUR

um breytingu á reglum um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar nr. 492/1997 með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Bifreiðastjórafélögunum Andvara, Átaki og Frama er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarsvæðið telst Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Bessastaðahreppur. Bifreiðastjórafélögin skulu leggja fram félagaskrár sínar til umsjónarnefnda fólksbifreiða á viðkomandi svæði og skulu að lágmarki tíu bifreiðastjórar vera meðlimir í viðkomandi bifreiðastjórafélagi á höfuðborgarsvæðinu.

Bifreiðastjórafélögunum Fylki og Frey er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar í Reykjanesbæ, Höfnum, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi.

Bifreiðastjórafélaginu Faxa er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar í Árborg.

Bifreiðastjórafélagi Akureyrar er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar á Akureyri.

Bifreiðastjórafélögin skulu annast framkvæmd og eftirlit undanþágna fyrir sína félagsmenn. Bifreiðastjóra sem kýs að standa utan félaga er þrátt fyrir það skylt að leita til eins af starfandi félögum bifreiðastjóra á hans svæði varðandi undanþágur frá akstri eigin bifreiðar. Hefur hann frjálst val um til hvaða ofangreinds félags hann snýr sér. Ber honum að tilkynna hlutaðeigandi umsjónarnefnd með sannanlegum hætti um val sitt. Ef bifreiðastjóri sem er utan félaga ákveður að beina umsóknum sínum um undanþágur til annars félags ber honum að tilkynna það viðkomandi umsjónarnefnd með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Sætti bifreiðastjóri sig ekki við ákvörðun bifreiðastjórafélaganna er honum heimilt að áfrýja til umsjónarnefndar fólksbifreiða á viðkomandi svæði og er úrskurður hennar endanlegur á sviði stjórnsýslunnar.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Bifreiðastjórafélögin skulu fara eftir lögum og reglum um leigubifreiðar og reglum þessum og þar sem vafamál koma upp skal hafa hliðsjón af reglum sem gilda á vinnumarkaði og skulu bifreiðastjórafélögin afgreiða þau af sanngirni þannig að jafnræðis sé gætt á milli bifreiðastjóra.

Á svæðum þar sem fleiri en eitt félag bifreiðastjóra annast útgáfu undanþágna skal hlutaðeigandi umsjónarnefnd að höfðu samráði við hlutaðeigandi bifreiðastjórafélög setja reglur um útgáfu á aksturshemildum, svo að eftirlit bifreiðastjórafélaga, málsmeðferð, form, útlit og efni aksturshemilda verði samræmt eins og kostur er.

3. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 3. gr. reglnanna:

Í stað orðsins „Frami“, kemur „Bifreiðastjórafélögunum“.

4. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 6. gr. reglnanna:

Í stað orðsins „Frama“, í b-lið 1. mgr. kemur „bifreiðastjórafélaganna“.

5. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 7. gr. reglnanna:

Í stað orðsins „Frama“, kemur „bifreiðastjórafélaganna“.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 10. gr. reglnanna:

Í stað orðsins „Frama“, í 1. mgr. kemur orðið „bifreiðastjórafélögunum“, í stað orðsins „Frama“, í 3. mgr. kemur „Bifreiðastjórafélögin“, og í stað orðsins „skal“, í 3. mgr. kemur „skulu“.

7. gr.

11. gr. orðist svo:

Leyfishöfum er heimilt að gera út bifreið sína laugardagsnætur þegar viðkomandi félag heimilar helgarútgerðir yfir vetrarmánuðina. Viðkomandi umsjónarnefnd skal ákveða tímamörk slíkra útgerða á sínu starfssvæði.

8. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 14. gr. reglnanna:
Í stað orðsins „Frama“, kemur „viðkomandi félagi“.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 15. gr. reglnanna:
Í stað orðsins „Frama“, í 1. málsl. kemur „viðkomandi félagi“, og í stað orðanna „Skal Frami“, í 2. málsl. kemur „Skal félagið“.

10. gr.

16. gr. orðist svo:

Bifreiðastjórafélögin hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt vegna sinna félagsmanna. Skulu þau ráða sér trúnaðarmenn á öllum bifreiðastöðvum sér til fulltingis. Skulu leyfishafar sem og launþegar, sýna trúnaðarmönnum viðkomandi skilríki sé þess óskað. Telji trúnaðarmaður að reglur þessar séu brotnar eða honum neitað um að sjá skilríki er honum skylt að tilkynna slíkt til viðeigandi bifreiðastjórafélags. Þá skulu bifreiðastjórafélögin ráða trúnaðarlækni varðandi undanþágur vegna veikinda.

Bifreiðastjórafélagi sem annast undanþágur samkvæmt heimild í 1. gr. ber að senda viðkomandi umsjónarnefnd á þriggja mánaða fresti yfirlit yfir allar undanþágur veittar af félaginu það tímabil. Umsjónarnefnd getur þó ætíð óskað eftir slíku yfirliti oftar ásamt því að óska eftir upplýsingum um afgreiðslur á málum einstakra leyfishafa. Telji umsjónarnefnd að bifreiðastjórafélag beiti heimildum til útgáfu á undanþágum á skjön við þær reglur sem gilda, ber nefndinni að tilkynna viðkomandi félagi um þá afstöðu með áskorun um að úr verði bætt. Verði ekki orðið við áskorun nefndarinnar ber henni að tilkynna samgönguráðuneytinu um slíkt. Áður en slíkt er gert skal þó hlutaðeigandi félagi gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum að fyrir nefndinni.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 17. gr. reglnanna:
Í stað orðsins „Frama“, kemur „Bifreiðastjórafélögunum“.

12. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 18. gr. reglnanna:
Í stað orðsins „félagið“, kemur „viðkomandi félag“.

13. gr.

Reglur þessar sem settar eru með stoð í lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 28. október 1999.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 278/1997 um sveinspróf.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðast svo:

Heimilt er að taka til verklegs sveinsprófs án réttar til inngöngu í meistaraskóla iðnnema, sem á við sértæka námsörðugleika að stríða þannig að hann telst ekki fær um að ljúka burtfararprófi úr skóla og menntamálaráðherra hefur heimilað próftöku.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðast svo:

Sá sem hefur heimild menntamálaráðherra, sbr. 2. mgr. 3. gr. til að þreyta verklegt sveinspróf eingöngu skal leggja fram bréf ráðuneytisins þar að lútandi.

3. gr.

Á eftir 13. gr. kemur ný grein, 14. gr., svohljóðandi:

Menntamálaráðherra getur viðurkennt iðnmenntun sem aflað er erlendis gegn framvísun prófvottorðs án þess að viðkomandi gangi undir sveinspróf, enda séu kröfur til námsins sambærilegar við þær sem gerðar eru til viðkomandi starfsnáms hér á landi. Gengið skal úr skugga um slíkt með samanburði við íslenska námskrá í viðkomandi iðngrein.

Einnig er heimilt að leyfa einstaklingi með starfsmenntapróf erlendis frá að sanna kunnáttu sína með sveinsprófi ef erfitt reynist að fá fram nægilega örugg gögn.

4. gr.

14. gr. verður 15. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi

Menntamálaráðuneytinu, 20. október 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

4. nóvember 1999 1977 Nr. 728

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar í Reykjavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 31. ágúst 1999, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, frá 1. október 1987, breyttu 2. febrúar 1989. Breytingin felst í því að landnotkun bakhúsa Aðalstrætis 4 er takmörkuð á þann veg að óheimilt er að reka þar veitinga-, vínveitinga- og skemmtistaði. Að öðru leyti er heimilt að vera með aðra starfsemi í húsunum sem samræmist landnotkun aðalskipulags Reykjavíkur 1996-2016 og gildandi deiliskipulags.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. nóvember 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson, skipulagsstjóri.

25. október 1999 Nr. 729

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við u-beygju á mótum Sæbrautar og Héðinsgötu úr austri í austur.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. október 1999.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sjávargötu 32, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 21. september 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sjávargötu 32 í Bessastaðahreppi frá skipulagi, dagsettu 15. október 1993. Breytingin felst í því að byggingarreitur bílskúrs er stækkaður um 3 metra til vesturs á lóðinni.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 27. október 1999.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

Nr. 731 4. nóvember 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskiplagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Ásum, Hraunsholti, lóð nr. 1 við Bergás í Garðabæ. Breytingin felst í því, að byggingarreitur er stækkaður og tilhögun bílastæða og innkeyrslna er breytt. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 4. nóvember 1999.

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 - 1999

15. október 1999 1979 Nr. 732

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum, með síðari breytingum nr. 563/1995, 574/1997 og 750/1998.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 2:

a) Hámarksgildi eftirfarandi varnarefna falla úr gildi en í stað þeirra koma hámarksgildi samkvæmt viðauka þessarar reglugerðar.

Cypermetrín	Karbendazim
Deltametrín	Klórótalóníl
Dítíókarbamöt	Klórpyrifos
Fenvalerat	Klórpyrifosmetyl
Glyfosat	Permetrín
Imazalil	Prokymidon
Iprodion	

b) Hámarksgildi eftirfarandi varnarefna breytast fyrir te.

Efni	*Hámarksgildi (mg/kg)*
Bifentrin	5
Díkofol	20
Fenitrotion	0,5
Malation+malaoxon	0,5
Metidation	0,1*
Profenofos	0,1*
Propargite	5
Quinalfos	2[x]

* Sjá skýringar við viðauka 2 í reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum.

[x] Ef gildið er ekki staðfest eða því breytt fyrir 1. júlí árið 2000 skal miða við greiningarmörk efnisins.

c) Hámarksgildi eru sett eða þeim breytt fyrir asefat, metamíðofos og vinklózólín í þeim matvælum sem fram koma hér að neðan.

Asefat	
Matvæli	*Hámarksgildi (mg/kg)*
Kjarnaávextir	1
Ferskjur	0,2[x]
Plómur	2
Eggaldin	0,5
Blómstrandi kál	2
Baunir (með belg)	3
Ertur (með belg)	3
Ætiþistill	0,2

Metamíðofos	
Matvæli	*Hámarksgildi (mg/kg)*
Kjarnaávextir	0,05
Aprikósur	0,1
Ferskjur	0,05
Plómur	0,3
Blómstrandi kál	0,5
Baunir (með belg)	0,5
Ertur (með belg)	0,5
Ætiþistill	0,1

x Ef gildið er ekki staðfest eða því breytt fyrir 1. júlí árið 2000 skal miða við greiningarmörk efnisins.

Vinklózólín	
Matvæli	*Hámarksgildi (mg/kg)*
Plómur	2
Rifsber	10
Sólber	10
Gulrætur	0,5
Kíví (loðber)	10
Baunir (án belgs)	0,5
Ertur (án belgs)	0,3
Baunir (þurrkaðar)	0,5
Ertur (þurrkaðar)	0,5

d) Í stað 30. apríl árið 2000 í neðanmálsgrein kemur 1. júlí árið 2000.

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við skýringar viðauka 2:

E) Með eggjum er einnig átt við eggjavörur svo sem eggjarauður.
Ef fituinnihald eggja og eggjavara er hærra en 10% skal reikna hámarksgildi sem mg/kg fitu. Í þeim tilfellum er leyfilegt hámarksgildi tífalt hærra en fram kemur í viðauka 2.
Eftirfarandi bætist við stjörnumerkta skýringu (*):
Skýringar B, C og E gilda ekki þar sem hámarksgildi eru stjörnumerkt.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XII. kafla, tilskipun 97/71/EB og 98/82/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Cypermetrín 3)	Deltametrín	Dítiokarbamöt 9)	Fenvalerat	Glyfosat	Imazalil	Iprodion
1. Ávextir, ferskir, þurrkaðir,							
ósoðnir, varðir með frystingu,							
en ekki með viðbættum sykri							
(i) Sítrusávextir	2	0,05*	5	0,05*	0,1*	5	
Greipaldin							
Sítrónur							5
Súraldin							
Mandarínur							2
Appelsínur							
Pómelóaldin							
Annað							0,02*
(ii) Trjáhnetur	0,05*	0,05*	0,1*	0,05*	0,1*	0,02*	
Möndlur							
Brasilíuhnetur							
Kasúhnetur							
Kastaníuhnetur							
Kókoshnetur							
Heslihnetur							0,2
Makademía hnetur							
Pekan hnetur							
Furu hnetur							
Hjartaaldin							
Valhnetur							
Annað							0,02*
(iii) Kjarnaávextir	1	0,1	3	1[x]	0,1*	5	10
Epli							
Perur							
Kveði							
Annað							
(iv) Steinaldin		0,1		0,05*	0,1*	0,02*	5
Apríkósur	2		2				

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Cypermetrín 3)	Deltametrín	Dítiokarbamöt 9)	Fenvalerat	Glyfosat	Imazalil	Iprodion
Kirsuber	1		1				
Ferskjur	2		2				
Nektarínur	2		2				
Plómur	1		1				
Annað	0,05*		0,05*				
(v) Ber og aðrir smáir ávextir							
(a) Vínber	0,5	0,1	2	1[x]	0,1*	0,02*	10
Til víngerðar							
Önnur							
(b) Jarðarber (önnur en villt)	0,05*	0,05*	2	0,05*	0,1*	0,02*	10
(c) Reyr ávextir (aðrir en villtir)	0,5		0,05*	0,05*	0,1*	0,02*	5
Brómber		0,5					
Blá hindber							
Loganber							
Hindber		0,5					
Annað		0,05*					
(d) Aðrir smáávextir og ber	0,05*			0,05*	0,1*	0,02*	
(annað en villt)							
Bláber							10
Trönuber							
Garðaber		0,2	5				10
Rifsber (rauð og hvít)		0,2	5				10
Sólber		0,2	5				10
Annað		0,05*	0,05*				0,02*
(e) Villt ber og villtir ávextir	2	0,05*	0,05*	0,05*	0,1*	0,02*	0,02*
(vi) Ýmsir ávextir	0,05*		0,05*	0,05*			
Lárperur							
Bananar							3
Döðlur							
Fíkjur							
Loðber (kíví)							5
Dvergappelsína							

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Cypermetrín 3)	Deltametrín	Dítiokarbamöt 9)	Fenvalerat	Glyfosat	Imazalil	Iprodion
Litkaber							
Mangó							
Ólífur		0,1*					
Ólífur (til neyslu)					0,1*		
Ólífur (til olíugerðar)					2		
Ástaraldin							
Ananas							
Granatepli							
Annað		0,05*			0,1*	0,02*	0,02*
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið,							
frosið eða þurrt.							
(i) Rótar- og hnýðisgrænmeti	0,05*	0,05*		0,05*	0,1*	0,02*	
Rauðrófur							0,5
Gulrætur			0,2				0,3
Hnúðselja			0,2				
Piparrót							0,1
Ætifífill							
Nípa							0,1
Steinseljurót							
Hreðkur (radísur)			0,2				0,3
Hafursrót			0,2				
Sætuhnúðar							
Gulrófur							
Næpur							
Kínakartöflur							
Annað			0,05*				0,02*
(ii) Laukar				0,05*	0,1*	0,02*	
Hvítlaukur	0,1	0,1	0,5				5
Laukur	0,1	0,1	0,5				5
Skalotlaukur	0,1	0,1	0,5				5
Perlulaukur		0,1					3
Annað	0,05*	0,05*	0,05*				0,02*

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Cypermetrín 3)	Deltametrín	Dítiokarbamöt 9)	Fenvalerat	Glyfosat	Imazalil	Iprodion
(iii) Grænmetisaldin							
(a) Kartöfluætt	0,5	0,2			0,1*		5
Tómatar			3	1[x]		0,5	
Paprikur				0,2[x]			
Eggaldin							
Annað			2	0,05*		0,02*	
(b) Graskersætt-neysluhæft hýði	0,2	0,1			0,1*	0,2	2
Gúrkur			0,5	0,2[x]			
Þrúgugúrkur			2				
Grasker			2				
Annað			0,05*	0,05*			
(c) Graskersætt-óneysluhæft hýði	0,2	0,05*	0,5		0,1*		
Melónur				0,2[x]		2	0,3
Grasker				0,5[x]			
Vatnsmelónur				0,5[x]			
Annað				0,05*		0,02*	0,02*
(d) Sykurmaís	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,1*	0,02*	0,02*
(iv) Kál							
(a) Blómstrandi kál	0,5	0,1	1	1[x]	0,1*	0,02*	0,05
Spergilkál							
Blómkál							
Annað							
(b) Höfuðkál	0,5	0,1	1	0,05*	0,1*	0,02*	
Rósakál							0,5
Höfuðkál							5
Annað							0,02*
(c) Blaðkál	1	0,5	0,5		0,1*	0,02*	
Kínakál				1[x]			5
Grænkál							
Annað				0,05*			0,02*
(d) Hnúðkál	0,2	0,05*	0,1*	0,05*	0,1*	0,02*	0,1

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Cypermetrín 3)	Deltametrín	Dítiokarbamöt 9)	Fenvalerat	Glyfosat	Imazalil	Iprodion
(v) Blaðgrænmeti og							
ferskar kryddjurtir.							
(a) Salöt	2	0,5	5	0,05*	0,1*	0,02*	10
Karsi (garðperla)							
Vorsalat							
Íssalat							
Höfuðsalat							
Blaðsalat							
Vetrarsalat							
Annað							
(b) Spínat	0,5	0,5	0,05*	0,05*	0,1*	0,02*	0,02*
Blaðbeðja (strandblaðka)							
(c) Vatnakarsi	0,05*	0,05*	0,3	0,05*	0,1*	0,02*	0,02*
(d) Jólasalat	0,05*	0,05*	0,2	0,05*	0,1*	0,02*	2
(e) Kryddjurtir	2	0,5	5	0,05*	0,1*	0,02*	10
Kerfill							
Graslaukur							
Blaðselja							
Steinselja							
Annað							
(vi) Ertur og belgávextir (ferskir)				0,05*	0,1*	0,02*	
Baunir (með belg)	0,5	0,2	1				5
Baunir (án belgs)			0,1				
Ertur (með belg)	0,5	0,1	1				1
Ertur (án belgs)			0,1				0,2
Annað	0,05*	0,05*	0,05*				0,02*
(vii) Stilkgrænmeti				0,05*	0,1*	0,02*	
Spergill							
Fingrakornblóm							
Stilkselja			0,5				
Fennika (sígóð)							
Ætibistill	2	0,1					

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Cypermetrín 3)	Deltametrín	Dítiokarbamöt 9)	Fenvalerat	Glyfosat	Imazalil	Iprodion
Blaðlaukur	0,5	0,2	3				
Rabarbari							0,2
Annað	0,05*	0,05*	0,05*				0,02*
(viii) Sveppir		0,05*	0,05*	0,05*		0,02*	0,02*
(a) Ætisveppir	0,05*				0,1*		
(b) Villtir ætisveppir	1				50		
3. Belgjurtir (þurrkaðar)	0,05*	1	0,05*	0,05*		0,02*	0,2
Baunir					2		
Linsubaunir							
Ertur					3		
Annað					0,1*		
4. Olíufræ				0,1[x]		0,02*	
Hörfræ	0,2				10		0,1
Jarðhnetur							
Valmúafræ (birki)	0,2						
Repjufræ	0,2	0,1	0,5		10		0,5
Sesamfræ	0,2						
Sólblómafræ	0,2						
Sojabaunir					20		
Baðmullarfræ	0,2						
Sinnepsfræ					10		
Annað	0,05*	0,05*	0,1*		0,1*		0,02*
5. Kartöflur (jarðepli)	0,05*		0,05*	0,05*	0,1*		0,02*
Snemmvaxnar		0,05*				0,02*	
lðnaðarkartöflur		0,5				5	
6. Te	0,5	5	0,1*	10[x]	0,1*	0,1*	0,1*
7. Humall	30	5	25	5[x]	0,1*	0,1*	0,1*

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Cypermetrín 3)	Deltametrín	Dítiokarbamöt 9)	Fenvalerat	Glyfosat	Imazalil	Iprodion
Korn og kornvörur		1				0,02*	
Hveiti			1		5		0,05
Bókhveiti							
Rúgur					5		
Bygg	0,2		2	0,2	20		1
Hafrar	0,2		2	0,2	20		
Hrísgrjón			1				3
Maís							
Hirsi							
Dúrra					20		
Rúghveiti					5		
Annað	0,05*		0,05*	0,5*	0,1*		0,02*
Mjólk og mjólkurvörur	0,02		0,05*	0,05	0,1*	0,02*	
Kjöt og kjötvörur	0,2		0,05*	0,5	0,1*	0,02*	
Alifuglakjöt	0,05*	0,05*		0,05*			
Kindakjöt							
Kjúklingar							
Svínakjöt							
Svínanýru					0,5		
Nautgripakjöt							
Nautgripa-, geita- og kindanýru					2		
Nautgripa- og kindalifur							
Annað							
Egg	0,05*	0,05*	0,05*	0,05*	0,1*	0,02*	
Fiskur og fiskafurðir							

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Iprodion/Prokym-íðon/Vinklozolin 21a)	Karbendazim 22)	Klórótalóníl	Klórpyrifos	Klórpyrifosmetyl	Permetrín 35)	Prokymidon
1. Ávextir, ferskir, þurrkaðir, ósoðnir, varðir með frystingu, en ekki með viðbættum sykri							
(i) Sítrusávextir		5	0,01*			0,5	0,02*
Greipaldin				0,3			
Sítrónur				0,2	0,3		
Súraldin				0,3			
Mandarínur				2	1		
Appelsínur				0,3	0,5		
Pómelóaldin				0,3			
Annað				0,3	0,05*		
(ii) Trjáhnetur		0,1*	0,01*	0,05*	0,05*		0,05*
Möndlur						0,1	
Brasilíuhnetur							
Kasúhnetur							
Kastaníuhnetur							
Kókoshnetur							
Heslihnetur							
Makademía hnetur							
Pekan hnetur							
Furu hnetur							
Hjartaaldin							
Valhnetur							
Annað						0,05*	
(iii) Kjarnaávextir		2	1	0,5	0,5	1	
Epli							
Perur							1
Kveði							
Annað							0,02*
(iv) Steinaldin						1	
Apríkósur		1	1				

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Iprodion/Prokym-íðon/Vinklozolin 21a)	Karbendazim 22)	Klórótalóníl	Klórpyrifos	Klórpyrifosmetyl	Permetrín 35)	Prokymidon
Kirsuber				0,3			0,02*
Ferskjur		1	1	0,2	0,5		
Nektarínur		1	1	0,2	0,5		
Plómur		0,5		0,2			
Annað		0,1*	0,01*	0,05*	0,05*		2
(v) Ber og aðrir smáir ávextir							
(a) Vínber		2		0,5	0,2	1	5
Til víngerðar			3				
Önnur			1				
(b) Jarðarber (önnur en villt)			3	0,2	0,5	1	5
(c) Reyr ávextir (aðrir en villtir)		0,1*	10*		0,05*	0,05*	
Brómber				0,5			
Blá hindber							
Loganber							
Hindber				0,5			10
Annað				0,05*			0,02*
(d) Aðrir smáávextir og ber		0,1*			0,05*	0,05*	0,02*
(annað en villt)							
Bláber							
Trönuber			2				
Garðaber			10	1			
Rifsber (rauð og hvít)			10	1			
Sólber			10	1			
Annað			0,01*	0,05*			
(e) Villt ber og villtir ávextir		0,1*	0,01*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*
(vi) Ýmsir ávextir					0,05*		
Lárperur							
Bananar		1	0,2	3			
Döðlur							
Fíkjur							
Loðber (kíví)				2		1	5
Dvergappelsína							

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Iprodion/Prokym-íðon/Vinklozolin 21a)	Karbendazim 22)	Klórótalóníl	Klórpyrifos	Klórpyrifosmetyl	Permetrín 35)	Prokymidon
Litkaber							
Mangó							
Ólífur							
Ólífur (til neyslu)							
Ólífur (til olíugerðar)							
Ástaraldin							
Ananas							
Granatepli							
Annað		0,1*	0,01*	0,05*		0,05*	0,02*
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, frosið eða þurrt.							
(i) Rótar- og hnýðisgrænmeti		0,1*			0,05*		0,02*
Rauðrófur							
Gulrætur			1	0,1			
Hnúðselja			0,5			0,1	
Piparrót							
Ætifífill							
Nípa							
Steinseljurót							
Hreðkur (radísur)				0,2		0,1	
Hafursrót							
Sætuhnúðar							
Gulrófur							
Næpur							
Kínakartöflur							
Annað			0,01*	0,05*		0,05*	
(ii) Laukar		0,1*			0,05*	0,05*	
Hvítlaukur			0,5				0,2
Laukur			0,5	0,2			0,2
Skalotlaukur			0,5				0,2
Perlulaukur			5				
Annað			0,01*	0,05*			0,02*

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Iprodion/Prokym-íðon/Vinklozolin 21a)	Karbendazim 22)	Klórótalóníl	Klórpyrifos	Klórpyrifosmetyl	Permetrín 35)	Prokymidon
(iii) Grænmetisaldin							
(a) Kartöfluætt			2	0,5	0,5	0,5	2
Tómatar		0,5					
Paprikur							
Eggaldin		0,5					
Annað		0,1*					
(b) Graskersætt-neysluhæft hýði				0,05*	0,05*	0,1	1
Gúrkur		0,5	1				
Þrúgugúrkur			5				
Grasker		0,3					
Annað		0,1*	0,01*				
(c) Graskersætt-óneysluhæft hýði			1	0,05*	0,05*	0,1	1
Melónur		0,5					
Grasker		0,5					
Vatnsmelónur							
Annað		0,1*					
(d) Sykurmaís		0,1*	0,01*	0,05*	0,05*	0,1	0,02*
(iv) Kál							
(a) Blómstrandi kál		0,1*	3	0,05*	0,05*		0,02*
Spergilkál							
Blómkál						0,1	
Annað						0,05*	
(b) Höfuðkál					0,05*		0,02*
Rósakál		0,5	0,5				
Höfuðkál			3	1		1	
Annað		3	0,01*	0,05*		0,05*	
(c) Blaðkál		0,1*	0,01*		0,05*	1	0,02*
Kínakál				0,5			
Grænkál							
Annað				0,05*			
(d) Hnúðkál		0,1*	0,01*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Iprodion/Prokym-íðon/Vinklozolin 21a)	Karbendazim 22)	Klórótalóníl	Klórpyrifos	Klórpyrifosmetyl	Permetrín 35)	Prokymidon
(v) Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir.							
(a) Salöt			0,01*	0,05*	0,05*	2	5
Karsi (garðperla)							
Vorsalat							
Íssalat		5					
Höfuðsalat							
Blaðsalat							
Vetrarsalat							
Annað		0,1*					
(b) Spínat		0,1*	0,01*	0,05*	0,05*	1	0,02*
Blaðbeðja (strandblaðka)							
(c) Vatnakarsi		0,1*	0,01*	0,05*	0,05*	0,05*	0,02*
(d) Jólasalat		0,1*	0,01*	0,05*	0,05*	0,05*	2
(e) Kryddjurtir		0,1*	5	0,05*	0,05*	2	0,02*
Kerfill							
Graslaukur							
Blaðselja							
Steinselja							
Annað							
(vi) Ertur og belgávextir (ferskir)		0,1*		0,05*	0,05*		
Baunir (með belg)						0,5	2
Baunir (án belgs)			0,05				
Ertur (með belg)			2			0,1	1
Ertur (án belgs)							0,3
Annað			0,01*			0,05*	0,02*
(vii) Stilkgrænmeti					0,05*		0,02*
Spergill							
Fingrakornblóm							
Stilkselja		2^{x}	10^{x}			2	
Fennika (sígóð)							
Ætiþistill				1			

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Iprodion/Prokym-íðon/Vinklozolin 21a)	Karbendazim 22)	Klórótalóníl	Klórpyrifos	Klórpyrifosmetyl	Permetrín 35)	Prokymidon
Blaðlaukur			10			0,5	
Rabarbari		2				2	
Annað		0,1*	0,01*	0,05*		0,05*	
(viii) Sveppir				0,05*	0,05*	0,05*	
(a) Ætisveppir		1	2				
(b) Villtir ætisveppir		0,1*	0,01*				
3. Belgjurtir (þurrkaðar)			0,01*	0,05*	0,05*	0,05*	
Baunir		2					
Linsubaunir							
Ertur							
Annað		0,1*					
4. Olíufræ				0,05*			
Hörfræ							
Jarðhnetur			0,05			0,1	
Valmúafræ (birki)							
Repjufræ						0,1	
Sesamfræ							
Sólblómafræ							
Sojabaunir		0,2					
Baðmullarfræ						0,2	
Sinnepsfræ						0,1	
Annað		0,1*	0,01*			0,05*	0,05*
5. Kartöflur (jarðepli)		3x	0,01*	0,05*		0,05*	0,02*
Snemmvaxnar							
Iðnaðarkartöflur							
6. Te		0,1*	0,1*	0,1*		2	0,1*
7. Humall		0,1*	50	0,1*		0,1*	0,1*

Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg.

Matvæli	Iprodion/Prokym-ídon/Vinklozolin 21a)	Karbendazim 22)	Klórótalóníl	Klórpyrifos	Klórpyrifosmetyl	Permetrín 35)	Prokymidon
Korn og kornvörur		0,1*			3		0,02*
Hveiti			0,1				
Bókhveiti							
Rúgur			0,1	0,05*			
Bygg			0,1	0,2			
Hafrar			0,1	0,05*			
Hrísgrjón							
Maís						0,2	
Hirsi							
Dúrra							
Rúghveiti			0,1				
Annað			0,01*	0,05*		2	
Mjólk og mjólkurvörur	0,05*	0,1*	0,1*	0,01*	0,01*	0,05	
Kjöt og kjötvörur	0,05*	0,1*	0,01*		0,05*	0,5	
Alifuglakjöt				0,05*			
Kindakjöt							
Kjúklingar							
Svínakjöt							
Svínanýru							
Nautgripakjöt							
Nautgripa-, geita- og kindanýru							
Nautgripa- og kindalifur							
Annað							
Egg	0,05*	0,1*	0,01*	0,01*	0,01*	0,05	
Fiskur og fiskafurðir							

* Sjá skýringar við viðauka 2 í reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum.

x Ef gildið er ekki staðfest eða því breytt fyrir 1. júlí árið 2000 skal hámarksgildið stjörnumerkt.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir dvalar- og hjúkrunarheimilið Holtsbúð.

Stofnun.

1. gr.

Neðanskráð sveitarfélög stofna hér með sjálfseignarstofnun sem ber nafnið Holtsbúð:
Garðabær.
Bessastaðahreppur.

Stofnfé er kr. 500.000 og skal það haldast óskert að raungildi. Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum sem berast stofnuninni og notuð eru í starfsemi hennar. Að undanskildu stofnfé samkvæmt lögum bera stofnendur engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar, aðrar en þær sem ákveðnar verða í sérstökum samstarfssamningum, sbr. 6. gr.

Skuldir eru engar.

Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Garðabæ.

Markmið.

2. gr.

Tilgangur og hlutverk stofnunarinnar er að reka dvalar- og hjúkrunarheimili, er veitir öldruðum umönnun og hjúkrun í samræmi við lög og reglur þar um.

Tilgangi þessum hyggst stofnunin ná með því að:

a) Auka félagslega og heilsufarslega velferð aldraðra.
b) Beita sér fyrir skipulagningu á tómstundastarfi aldraðra.
c) Leita eftir framlagi úr hendi stjórnvalda, sbr. lög um málefni aldraðra og önnur lög er málið varðar.
d) Leita eftir samstarfssamningum.

Um stjórn.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð sex fulltrúum og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn Garðabæjar skipar fimm menn og jafnmarga til vara í stjórn og hreppsnefnd Bessastaðahrepps skipar einn mann í stjórn og annan til vara. Falli atkvæði stjórnarmanna jöfn með og á móti máli, ræður atkvæði formanns.

Kjörtímabil stjórnar skal vera hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar. Stjórnarmenn skulu hafa kosningarétt og kjörgengi í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórn stofnunarinnar skal halda fundi að jafnaði einu sinni í mánuði. Skylt er að boða til stjórnarfundar, ef þriðjungur stjórnarmanna óskar þess eða endurskoðendur gera um það tillögu. Stjórnin skal halda gerðabók þar sem fundargerðir eru færðar. Fundargerðir stjórnarinnar skulu reglulega sendar stofnendum.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar boðar stjórnarfundi á þann hátt sem stjórnin ákveður. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin getur boðað aðra starfsmenn stofnunarinnar á fund ef þurfa þykir.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar fer með fjármál hennar og annast framkvæmdir, ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk samkvæmt tillögu framkvæmdastjóra. Stjórn stofnunarinnar skal setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

Stjórn stofnunarinnar skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir stofnunina og skal hún send stofnendum í októbermánuði fyrir það ár, sem í hönd fer.

Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna skoðunarmenn. Árlega skal gera reikning stofnunarinnar samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju. Reikningur stofnunarinnar skal sendur stofnendum fyrir 1. júní ár hvert, áritaður af löggiltum endurskoðendum, skoðunarmönnum og stjórn stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri skal hafa prókúru fyrir stofnunina.

Um skoðunarmenn.

5. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar og hreppsnefnd Bessastaðahrepps skulu kjósa stofnuninni hvor sinn skoðunarmann og jafnmarga til vara. Skoðunarmenn skulu hafa kosningarétt og kjörgengi í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Aðal- og varamenn í sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélaganna eru eigi kjörgengir sem skoðunarmenn.

Kjörtímabil skoðunarmanna skal vera það sama og stjórnar. Skoðunarmenn skulu yfirfara ársreikning stofnunarinnar. Einnig skulu þeir athuga einstök fjárhagsleg málefni stofnunarinnar, eftir því sem þeim finnst ástæða til.

Um samstarfssamninga.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal gera samning við stofnendur um útvegun húsnæðis fyrir starfsemi stofnunarinnar og framlög vegna endurbóta á húsnæðinu. Óski einhver aðili eftir samstarfi í þá veru að tryggja vistrými fyrir aldraða með því að greiða stofnkostnað slíks rýmis, er stjórninni heimilt að gera um það sérsamning við hlutaðeigandi aðila. Ennfremur er stjórninni heimilt að gera samstarfssamninga við stofnendur um skipulag, umsjón og rekstur þjónustuverkefna í þágu aldraðra, s.s. um heimaþjónustu og félagsstarf aldraðra.

Um vistun

7. gr.

Stjórn heimilisins ákveður hvernig vistun skuli háttað og setur reglur þar um. Þeir einir skulu vistaðir sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða um vistun.

Starfsemi hætt.

8. gr.

Telji stjórnin sér ekki fært að annast rekstur stofnunarinnar eða hluta hennar áfram, skal hvorum stofnaðila gefinn kostur á að taka við rekstri, enda verði hlutverk óbreytt. Að þeim frágengnum fellur stofnunin með öllum eignum hennar til sveitarfélaganna með þeirri kvöð að hún verði áfram nýtt í þágu aldraðra.

Eigi ekkert þessara atriða við skal ráðstafa eignum stofnunarinnar í sem líkustum tilgangi við upprunalegan tilgang hennar.

Um nýja aðila.

9. gr.

Heimilt er að fjölga aðilum að stofnuninni með samþykki beggja stofnenda.

Breyting á skipulagsskrá.

10. gr.

Meirihluti stjórnar getur breytt skipulagsskrá þessari, enda hljóti breytingin staðfestingu réttra yfirvalda.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Jón Thors.

27. október 1999 Nr. 734

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 4.800
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 3.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með sviputum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:
Starfsleyfisgjald — eitt tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:
Starfsleyfisgjald — eitt tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:
Starfsleyfisgjald — eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,
úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá frá 1995 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit á Norðurlandi vestra.

27. október 1999.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra,

Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Atvinnugreinar	gjald kr.
Apótek	12.000
Áfengisverslun	18.000
Áhaldahús sveitarfélags	12.000
Bakarí, lítið	15.600
Bakarí, miðlungs	31.200
Bensínstöðvar,	15.600
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	7.200
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	12.000
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	19.200
Bifreiðasprautun	16.800
Blikksmiði	8.400
Bón og bílaþvottur, handvirkur	3.000
Brauðgerð, kleinur o.fl.	6.000
Byggingavöruverslanir	12.000
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	7.200
Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil, án mötuneytis	18.000
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór, með fullbúnu eldhúsi	40.800
Fangaklefar	13.200
Farfuglaheimili og fjallaskálar, stærri	12.000
Félagsheimili með eldhúsi	12.000
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	12.000
Fiskeldisstöðvar	19.200
Fjallaskálar, minni	3.000
Flugvellir	9.000
Framköllun	7.800
Framleiðsla á umbúðaplasti	7.200
Framleiðsla húsdýrafóðurs	18.000
Framleiðsla tilbúinna rétta	19.200
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, lítil	7.200
Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítil	7.200
Hárgreiðslustofur	7.200
Heildverslun með hreingerningarefni	7.200
Heilsugæslustöðvar - litlar	12.000
Hestamiðstöð	6.000
Hjólbarðaverkstæði	7.200
Hótel og gististaðir án veitingasölu	12.000
Hótel og gististaðir með veitingasölu	38.400
Hótel og gististaðir með veitingasölu, minni	28.800
Íþróttahús, lítil	12.000
Íþróttahús, miðlungs	16.800
Íþróttahús, stór	19.200
Kaffisala, opin á sumrin	6.000
Kirkjur	3.000
Kjötvinnsla, lítil	38.400
Krár, kaffihús án matsölu	15.600
Leikskólar með eldhúsi	26.400
Leikskólar með eldhúsi, minni	19.200
Líkamsræktarstöðvar, litlar	14.400
Ljósmyndastofur með framköllun	7.800
Loðdýrabú	3.000
Matsölustaðir, litlir	28.800
Matsölustaðir, miðlungs	33.600
Matsölustaðir, stórir	40.800
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	24.000
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	36.000
Matvöruverslun án vinnslu, stór	38.400
Málningaraðstaða	3.000
Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga	18.000
Mjólkurbú	144.000
Mjólkurbú og ostagerð	288.000
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	19.200
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	38.400
Nuddstofur	6.000
Ostagerð	144.000
Prentiðnaður, lítill	6.000
Prentiðnaður, miðlungs	16.800
Sala á tilbúnum mat, lítil	12.000
Sala eiturefna og hættulegra efna	12.000
Sjúkrahús, stór, með fullbúnu eldhúsi	50.400
Skólar án mötuneytis	12.000
Skólar með fullbúnu eldhúsi	26.400
Skólar með móttökueldhúsi	19.200
Skyndibitastaðir, litlir	16.800
Sláturhús, lítil	15.600
Sláturhús, stór	31.200
Snyrtistofur	7.200
Sorpflutningar og sorphirða	12.000
Sólbaðstofur	12.000
Spennistöðvar	7.200
Sultu- og ávaxtagrautargerð	33.600
Sumarbúðir	18.000
Sundstaðir, litlir	16.800
Sundstaðir, miðlungs	20.400
Söluturnar án óvarinna matvæla	13.200
Söluturnar með óvarin matvæli	13.200
Tannlæknastofur	7.200
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	6.000
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	12.000
Trésmíðaverkstæði, lítið	6.000
Trésmíðaverkstæði með lökkun	18.000
Vatnsveitur < 1.000 íbúa	12.000
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	18.000
Verkstæði fyrirtækja	14.400
Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	14.400
Viðgerðaraðstaða	7.200
Vinnsla á fiski, lítil	6.000
Vinnsla á fiski, miðlungs	16.800
Vinnsla á fiski, stór	31.200
Virkjanir	8.400
Vöruflutningamiðstöðvar	13.200
Vöruflutningamiðstöðvar, litlar	6.000
Þvottahús og efnalaugar	7.200

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, vegna Eyrartraðar 2A, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 2. september 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti sem samþykkt var 30. júní 1998 í bæjarstjórn Hafnarfjarðar og öðlaðist gildi 20. nóvember 1998.

Breytingin felst í breytingu á byggingarreit, nýtingarhlutfalli og fyrirkomulagi bílastæða við Eyrartröð 2A.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skpulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 26. október 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

Nr. 736 20. október 1999

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 13/1999 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda er lauk 30. júlí 1999.

Skattstjórar skulu í stað 28. október hafa lokið við að úrskurða kærur þann 22. desember 1999 vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1998 og eigna í lok þess árs.

Reykjavík, 20. október 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

Nr. 737 25. október 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Stafafells og Brekku í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 7. október 1999, samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar við Raftagil og Víður í landi Stafafells og Brekku í Lóni.

Deiliskipulagið er unnið af Gísla Gíslasyni landslagsarkitekt og dagsett í september 1999. Skipulagið var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hékk uppi til kynningar frá 6. ágúst til 18. september 1998. Athugasemdir bárust frá einum

aðila. Hefur bæjarstjórn Hornafjarðar tekið afstöðu til athugasemda og látið gera smávægilegar breytingar með tilliti til þeirra.

Skipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 25. október 1999.

Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi.

26. október 1999 Nr. 738

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 371/1987, sbr. samþykktir nr. 140/1996 og 582/1996.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-hluta (i) 62. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tölul. orðast svo:
Tækninefnd. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin hefur umsjón með verklegum framkvæmdum á vegum bæjarins og vatnsveitu-, hitaveitu- og fráveitumálum, eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.

b. Í stað orðanna „veitu- og umhverfisnefnd“ í upphafi 10. tölul. kemur: Umhverfisnefnd.

c. Eftirfarandi málsliður í 10. tölul. fellur brott: „Nefndin fer með vatnsveitu-, hitaveitu- og fráveitumál.“

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. október 1999.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

25. október 1999 Nr. 739

AUGLÝSING

um umferð á Hólmavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hómavík:

Aðalbrautir:
Hólmavíkurvegur.
Hafnarbraut.

Biðskylda verði af:
Skeiði gagnvart Hólmavíkurvegi.
Höfðatúni gagnvart Hafnarbraut/Hólmavíkurvegi.
Austurtúni gagnvart Hafnarbraut.
Austurtúni gagnvart Höfðatúni.
Skólabraut gagnvart Hafnarbraut.
Vitabraut gagnvart Skólabraut, beggja megin gatnamóta.
Vitabraut gagnvart Hafnarbraut.
Kópnesbraut gagnvart Hafnarbraut.
Kópnesbraut gagnvart Bröttugötu.
Brunngötu gagnvart Brekkugötu.
Miðtúni gagnvart Höfðatúni.

Stöðvunarskylda verði af:
Brekkugötu gagnvart Hafnarbraut.

Bannað er að leggja bifreiðum á:
Vitabraut að neðanverðu.
Borgarbraut að neðanverðu frá húsi nr. 4 og að ofanverðu fyrir framan hús nr. 1 og 3.
Hafnarbraut frá Kópnesbraut að húsi nr. 31.
Kópnesbraut frá gatnamótum við Hafnarbraut að húsi nr. 1.
Fyrir framan Höfðagötu 3.
Svæði frá Höfðagötu 14 að húsi nr. 18 við Hafnarbraut.

Bannað er að leggja vöruflutninga- og hópbifreiðum svo og þungavinnuvélum á eftirtöldum stöðum:

Austurtúni	Vitabraut
Höfðatúni	Skólabraut
Miðtúni	Kópnesbraut
Víkurtúni	Borgarbraut
Lækjartúni	Brunngötu
Vesturtúni	Bröttugötu

Gangbrautir verði á:
Hafnarbraut við Höfðatún.
Skólabraut við gatnamót Vitabrautar.
Vitabraut beggja vegna gatnamóta við Skólabraut.

Hámarkshraði ökutækja í Hólmavíkurkauptúni:
50 km/klst. nema annað sé tilgreint í samþykkt þessari.

Sérstök takmörkun hámarkshraða í 30 km/klst. er á:

Austurtúni	Brekkugötu
Höfðatúni	Brunngötu
Miðtúni	Borgarbraut
Víkurtúni	Bröttugötu
Lækjartúni	Kópnesbraut
Vesturtúni	Höfðagötu
Vitabraut	Hafnarbraut frá hafnarvog að Höfðagötu.

Hraðahindrun:
Á Hólmavíkurvegi skammt vestan gatnamóta við Höfðatún.

Vélsleðar:
Akstur vélsleða innan þéttbýlis í Hólmavíkurkauptúni er bannaður nema með sérstakri heimild lögreglustjóra.

Allar eldri samþykktir um umferðarmál á Hólmavík eru felldar úr gildi með samþykkt þessari. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Lögreglustjórinn á Hólmavík, 25. október 1999.

Bjarni Stefánsson.

27. október 1999 Nr. 740

SAMÞYKKT

fyrir búfjárhald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Í Bessastaðahreppi er búfjárhald heimilt, að fengu leyfi frá hreppsnefnd. Hreppsnefnd veitir leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari.

Til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari telst hald dýra, sem talin eru upp í 2. gr. laga nr. 46/1991 með síðari breytingum, hvort sem þau eru haldin til búnytja, skemmtunar eða annarra nota.

Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

Sumarbeit sauðfjár úr Bessastaðahreppi skal vera í beitarhólfi í Krýsuvík, með sauðfé úr Garðabæ og Hafnarfirði samkvæmt samningi um beitarhólf í Krýsuvík á milli Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps. Sauðfjáreigendur skulu annast alla smölun og réttarhald í beitarhólfinu ásamt öðrum sem nota það í samræmi við ákvæði fjallskilasamþykktar fyrir Landnám Ingólfs nr. 401/1996.

2. gr.

Lausaganga hrossa, sauðfjár, nautgripa og annars búfjár er óheimil í Bessastaðahreppi án leyfis hreppsnefndar og í þeim hluta sameiginlegs afréttar Bessastaðahrepps og Garðabæjar sem er vestan vörslugirðinga og Kleifarvatns.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni, að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár, að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, getur hreppsnefnd afturkallað leyfið að undangenginni aðvörun.

Leyfi miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda, þannig að ekki er heimilt að framselja leyfið. Hreppsnefnd getur veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar.

5. gr.

Búfjáreftirlitsmaður Bessastaðahrepps annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna eftir atvikum búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur.

Lausagöngufénaður skal handsamaður og skráður. Eigendum er skylt að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

Búfjáreigendum er skylt að tryggja búfé frjálsri ábyrgðartryggingu gagnvart tjóni þriðja aðila.

6. gr.

Full vörsluskylda og ábyrgð er á höndum allra búfjáreigenda og er viðkomandi skylt að halda fénaði sínum í vel afgirtum hólfum í heimalöndum.

Allar girðingar skulu vera gripheldar og er landeigendum eða umráðamönnum skylt að annast viðhald þeirra í samræmi við vörslukröfur hreppsnefndar.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að innheimta árlegt leyfisgjald til Bessastaðahrepps af hverjum þeim, sem fær leyfi til búfjárhalds. Gjald þetta miðast við tegund og fjölda gripa. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjáreftirlit.

Hreppsnefnd setur og landbúnaðarráðherra staðfestir gjaldskrá fyrir leyfisgjöld. Staðfest gjaldskrá skal birt í Stjórnartíðindum. Undanþegnir árlegu leyfisgjaldi eru búfjáreigendur á lögbýlum, sem eiga þar lögheimili.

Hreppsnefnd er heimilt að semja um innheimtu uppgræðslugjalds fyrir hverja vetrarfóðraða kind sem fer í beitarhólf í Krýsuvík.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1991.

9. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 frá 25. mars 1991, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 31 frá 14. janúar 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina, skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi til búfjárhalds. Að öðrum kosti fellur niður heimild þeirra til búfjárhalds.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. október 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bann við u-beygju á mótum Lækjargötu og Skólabrúar úr norðri í norður.
2. Bann við u-beygju á mótum Gullinbrúar og Fjallkonuvegar úr suðri í suður.
3. Að stöðvunarskylda verði á Draghálsi gagnvart umferð um Hálsabraut.
4. Að stöðvunarskylda verði á Krókhálsi gagnvart umferð um Hálsabraut.
5. Að stöðvunarskylda verði á Starhaga gagnvart umferð um Suðurgötu.
6. Að biðskylda verði á Blómvallagötu gagnvart umferð um Sólvallagötu.
7. Að biðskylda verði á Brekkustíg gagnvart umferð um Öldugötu.
8. Að biðskylda verði á Skipholti gagnvart umferð um Stórholt.
9. Að biðskylda verði á Einholti gagnvart umferð um Stórholt.
10. Að einstefna verði á Týsgötu milli Skólavörðustígs og Þórsgötu frá Skólavörðustíg til suðurs.
11. Að einstefna verði á Óðinsgötu milli Þórsgötu og Skólavörðustígs frá Þórsgötu til norðurs.
12. Að hámarkshraði verði 30 km/klst. á Seljabraut milli Jaðarsels og Engjasels.

Ákvörðun þessi tekur gildi 10. nóvember 1999.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. október 1999.

Böðvar Bragason.

27. október 1999 Nr. 742

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að hámarkshraði verði 30 km/klst. á eftirtöldum götum í Seljahverfi:

Flúðaseli
Engjaseli
Bakkaseli
Brekkuseli
Dalseli
Fífuseli
Fljótaseli
Fjarðaseli.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. desember 1999.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. október 1999.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

Gangbraut verði á Norðurgötu við inngang á skólalóð.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Siglufirði, 28. október 1999.

Guðgeir Eyjólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um útfararþjónustu nr. 232, 3. apríl 1995 með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „fastri starfsstöð“ í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar komi: Nauðsynlegri aðstöðu.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Einstaklingar er öðlast vilja leyfi skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Sanna þarf ríkisborgararétt og krefjast má sannana um önnur skilyrði.

Félög er öðlast vilja leyfi skulu vera skráð hér á landi eða á Evrópska efnahagssvæðinu. Þau mega ekki hafa farið fram á eða verið í greiðslustöðvun, vera bundin við nauðasamninga eða bú þeirra undir gjaldþrotaskiptum. Sanna skal slíkt með vottorði.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 36, 4. maí 1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. október 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 31. maí 1999 samþykkt breytt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn, dagsett 31. maí 1999.

Breytingin nær til lóðar nr. 10 við Hafnarskeið, sem bæjarstjórn hefur samþykkt að verði fyrir vöru- og tollvöruhús sem áður var gámavöllur. Lóðin liggur sunnan aðkeyrslu að Skarfaskersbryggju og markast til austurs við Skarfaskersbryggju og að Hafnarskeiði til vesturs, alls 5600 m^2.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði samþykkt af hreppsnefnd 19. ágúst 1996 og hjá Skipulagsstofnun 17. september 1996.

Þorlákshöfn, 2. nóvember 1999.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss,

Sigurður Jónsson.

2. nóvember 1999 Nr. 746

AUGLÝSING

um deiliskipulag urðunarsvæðis við Uxafótarlæk, Mýrdalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Mýrdalshrepps þann 5. mars 1998 samþykkt deiliskipulag fyrir urðunarsvæði við Uxafótarlæk.

Deiliskipulagið tekur til tveggja 2 ha svæða við Uxafótarlæk þar sem gert er ráð fyrir urðun byggingarúrgangs og seyru.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vík, 2. nóvember 1999.

F.h. Mýrdalshrepps,
Hafsteinn Jóhannesson sveitarstjóri.

29. október 1999 Nr. 747

REGLUGERÐ

um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglugerð þessi kveður á um að staðla fyrir breiðskjá- og háskerpusjónvarp og sjónvarpsútsendingar sem eru að öllu leyti stafrænar.

Breiðskjárþjónusta sjónvarps: Þjónusta þar sem dagskrárliðir eru framleiddir og klipptir svo að myndina megi sýna á breiðskjá. Stærðarhlutfallið 16:9 er viðmiðun fyrir breiðskjársjónvarp.

Útsendingarkerfi: Kerfi sem samanstendur af eftirfarandi þáttum: Myndun sjónvarpsmerkja (frumkóðun hljóðmerkja, frumkóðun myndmerkja, fléttun merkja) og aðlögun að sendimiðli (rásakóðun, mótun og ef við á orkutvístrun).

2. gr.

Staðlar fyrir sjónvarpsútsendingar.

Í sjónvarpsþjónustu fyrir almenning hvort sem er um kapalkerfi, gervitungl eða sendistöðvar á jörðu skal:

a. þegar sendingar eru fyrir breiðskjái og með 625 línum og ekki að fullu stafrænar nota 16:9 D2-MAC útsendingarkerfi eða 16:9 kerfi sem er að öllu leyti samrýmanlegt við PAL eða SECAM staðlana.
b. ef um háskerpumyndir er að ræða en ekki að fullu stafrænar nota HD-MAC útsendingarkerfið
c. ef sendingar eru að fullu stafrænar nota útsendingakerfi sem hefur verið staðlað af viðurkenndri evrópskri staðlastofnun.

3. gr.

Sjónvarpsmerki í kapalkerfum.

Sjónvarpsþjónusta fyrir 16:9 breiðskjái sem fellur undir ákvæði 2. gr. sem tekið er á móti og dreift á ný í kapalkerfum skal dreifa sem 16:9 breiðskjármerki hið minnsta.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 25. gr. laga um fjarskipti nr. 143/1996 og með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 29. október 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 748 5. nóvember 1999

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 21 við Stillholt, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 26. október 1999 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Stillholt 21, Akranesi. Um er að ræða stækkun á byggingarreit og aukningu á nýtingarhlutfalli.

Farið hefur verið með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga, grenndarkynningu. Sjö aðilum var gefinn kostur á að tjá álit sitt á breytingunni með athugasemdafresti frá 27. ágúst til 27. september 1999. Engar athugasemdir bárust.

Framangreint deiliskipulag fyrir lóðina Stillholt 21, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 5. nóvember 1999.

Skúli Lýðsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 1999

5. nóvember 1999 2009 Nr. 749

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla.

1. gr.

Í stað 26. - 30. gr. reglugerðarinnar komi nýjar greinar er orðist svo:

26. gr.

Óunninn afli samkvæmt þessum kafla er afli sem ekki hefur verið flakaður eða flattur.

Fiskistofa viðurkennir, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytis, erlenda uppboðsmarkaði sem vigtunarstaði á grundvelli athugana á vigtunaraðferðum, frágangi á vigtarnótum, uppboðsaðferðum og verðmyndun svo og á stærð markaðarins. Ef afli er seldur á viðurkenndum erlendum uppboðsmarkaði, er heimilt að endurvigta hann þar, enda hafi aflinn verið ísaður og frágenginn til útflutnings um borð í veiðiskipi.

Ef löndun, vigtun, uppboð eða skýrslugjöf vegna sölu afla á erlendum markaði er að einhverju leyti í verkahring annarra aðila en viðkomandi markaðar, er viðkomandi aðila óheimilt að annast vigtun og/eða skýrslugjöf til íslenskra stjórnvalda nema hann hafi fengið formlega viðurkenningu til þess frá Fiskistofu. Fiskistofa getur bundið slíka viðurkenningu skilyrðum og varða brot gegn þeim eða ákvæðum reglugerðar þessarar sviptingu viðurkenningarinnar.

Þeir aðilar sem fengið hafa ofangreinda formlega viðurkenningu Fiskistofu til skýrslugjafar, s.s. umboðsmaður eða uppboðsmarkaður erlendis, skulu samdægurs senda til Fiskistofu skýrslur á því formi sem Fiskistofa óskar, um sölu á afla viðkomandi skips erlendis, þar sem tilgreint er endanlegt magn hverrar fisktegundar, söluverð og skipaskrárnúmer veiðiskips.

Óheimilt er að flytja afla á erlendan markað með flugfragt sem ekki hefur endanlega verið vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs.

27. gr.

Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu erlendis, í gámum eða með öðru flutningsfari en viðkomandi veiðiskipi, sem ekki hefur endanlega verið vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs, skal skipstjóri viðkomandi veiðiskips tryggja að áður en afli er settur um borð í flutningsfarið sé tilkynnt til Fiskistofu um útflutt aflamagn sundurliðað eftir tegundum og ílátum eins nákvæmlega og unnt er, á áætlunarblaði fyrir óvigtaðan afla til útflutnings. Tilkynning skal vera á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té

(Áætlun fyrir óvigtaðan afla til útflutnings). Sé afli skips fluttur út í fleiri en einum gámi skal skila áætlunarblaði fyrir hvern gám. Í hverju íláti skal að jafnaði einungis vera ein fisktegund. Þó er heimilt að fylla ílát með öðrum tegundum og skal þá hver tegund vera aðskilin og ílátið merkt sérstaklega með upplýsingum um þær tegundir sem í því eru og skal þess sérstaklega getið á áætlunarblaðinu til Fiskistofu. Aldrei er þó heimilt að flytja út þorsk með öðrum tegundum í sama íláti.

Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu erlendis, í gámum eða með öðru flutningsfari, sem þegar hefur endanlega verið vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs, skal útflytjandi (umráðamaður viðkomandi afla) tryggja að áður en afli er settur um borð í flutningsfarið sé tilkynnt til Fiskistofu um þau veiðiskip sem veitt hafa umræddan afla og um útflutt aflamagn sundurliðað eftir tegundum eins nákvæmlega og unnt er. Tilkynning skal vera á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té (Áætlun fyrir vigtaðan afla til útflutnings). Sé afli skips fluttur út í fleiri en einum gámi skal skila áætlunarblaði fyrir hvern gám. Útflytjandi (umráðamaður viðkomandi afla) skal tryggja að Fiskistofu séu sendar samdægurs sölunótur vegna sölu erlendis, þar sem tilgreint er endanlegt magn hverrar fisktegundar, söluverð og skipaskrárnúmer veiðiskips.

Óheimilt er að flytja út í sama gámnum afla sem endanlega hefur verið vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs, og afla sem fluttur er til endurvigtunar á viðurkenndan uppboðsmarkað erlendis.

28. gr.

Allur óunninn afli sem fluttur er út í gámum skal brúttóvigtaður á viðkomandi hafnarvog. Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar skal gefa út flutningsnótu sbr. 9. gr., sem fylgja skal farmi uns hann er kominn um borð í flutningsfar sem flytur hann á markað erlendis. Á þeirri nótu komi fram sundurliðaðar upplýsingar um afla.

Ef afli sem sendur er til endurvigtunar á viðurkenndan uppboðsmarkað erlendis, fer þegar eftir löndun í flutningsfar má brúttóvigta aflann með því að vigta gáminn, enda liggi þá fyrir á viðkomandi hafnarvog upplýsingar um innihald gámsins undirritaðar af skipstjórnarmanni viðkomandi veiðiskips á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té (Eyðublað um innihald gáms).

Óunninn afli sem fluttur er út í gámum og endanlega hefur verið vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs, skal vigtaður í gámnum á hafnarvog, enda liggi þá fyrir á viðkomandi hafnarvog upplýsingar um innihald gámsins undirritaðar af útflytjanda (umráðamanni aflans), á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té (Eyðublað um innihald gáms).

Ef ekki er unnt að vega gám á hafnarvog þar sem afla er landað skal brúttóvigta aflann eftir tegundum á hafnarvog áður en aflinn er settur í gáminn.

Verði gámur fylltur smám saman af afla sem senda á til endurvigtunar á viðurkenndan uppboðsmarkað erlendis, þannig að afla er hlaðið oft í gáminn, er óheimilt að setja afla í gáminn eða taka afla úr honum nema að viðstöddum hafnarstarfsmanni. Hafnarstarfsmaður skal læsa gámnum eftir að afli hefur verið settur í hann. Allan afla, sem settur er í gám með þessum hætti, skal áður brúttóvigta eftir tegundum á hafnarvog og skal aflinn strax að vigtun lokinni settur í gáminn.

Afrit af flutningsnótu, ásamt upplýsingum um gámanúmer og eyðublað um innihald gámsins, skal varðveitt hjá hafnaryfirvöldum.

29. gr.

Sigli veiðiskip með eigin afla til sölu á markað erlendis, skal skipstjóri, strax þegar skipið hættir veiðum, senda Fiskistofu upplýsingar á eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té

(Áætlun skips sem siglir með eigin afla) í símskeyti, telexi, telefaxi eða með öðrum þeim hætti sem Fiskistofa heimilar, þar sem tilgreint er magn hverrar fisktegundar eins nákvæmlega og unnt er. Jafnframt skal tilgreina umboðsmann, sölustað og áætlaðan söludag. Dreifist afli til fleiri söluaðila erlendis skal þess getið sérstaklega.

30. gr.

Flutningafyrirtækjum sem annast flutning á afla á erlendan markað er skylt að senda Fiskistofu farmskýrslur á því formi sem Fiskistofa óskar og eigi síðar en 24 klst. eftir að flutningsfar lætur úr höfn.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. nóvember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

5. nóvember 1999 Nr. 750

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 516, 27. júlí 1999, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000.

1. gr.

4. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Sé botnfiskafli sem fluttur er óunninn á erlendan markað, ekki endanlega vigtaður hér á landi og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs fyrir útflutning, samkvæmt reglugerð nr. 522/1998 um vigtun sjávarafla, skal reikna hann með álagi til aflamarks. Á fiskveiðiárinu 1999/2000 skal álagið vera 17% á þorsk og 10% á aðrar botnfisktegundir sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. nóvember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 1999

Nr. 751 2012 10. nóvember 1999

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurnesjasvæði.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Suðurnesjasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 5.194
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 4.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að lækka gjöld á starfsemi sem hefur vottað gæðakerfi. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skal gera úttekt á gæðakerfi fyrirtækjanna og sannreyna að þau fullnægi kröfum heilbrigðisnefndar.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi sem hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:	
Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á	hálft tímagjald

Gutenberg

Ný starfsemi:
Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun
Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs
ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald. Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist skv. reikningi. Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 195/1996 fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit á Suðurnesjum með síðari breytingum.

Reykjanesbæ, 10. nóvember 1999.

F. h. heilbrigðisnefndar,

Magnús H. Guðjónsson.

VIÐAUKI A

Heiti atvinnugreinar	**Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki á ári kr.**
Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	32.203
Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	64.406
Alifuglarækt < 40.000 stæði	27.009
Alifuglarækt > 40.000 stæði	56.615
Loðdýrabú	27.009
Kattahótel	3.896
Ræktun veiðivatna	5.194
Ísstöðvar	11.687
Land- og kvíaeldi	14.284
Malar- og sandnám; vikurnám	5.843
Saltvinnsla	23.373
Sláturhús < 50t/dag	29.606
Sláturhús > 50t/dag	69.600
Slátrun, vinnsla alifuglakjöts	13.504
Kjötvinnsla, lítil	21.815
Kjötvinnsla, miðlungs	64.406
Kjötvinnsla, stór	104.399
Kjötvinnsla með reykingu, lítil	64.406
Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	163.772
Kjötvinnsla með reykingu, stór	180.751
Kjötpökkunarstöð	64.406
Saltfiskverkun	8.960
Síldarsöltun	8.960
Heitloftsþurrkun fiskafurða	38.955
Harðfiskverkun	8.960
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	10.388
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	23.373
Vinnsla á ferskum fiski, stór	31.164
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	46.746
Fiskmjölsvinnsla	72.716
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta lítil	23.373
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	31.164
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	72.716
Önnur ótalin fiskvinnsla	15.582
Kartöfluvinnsla - pökkun	3.571
Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	23.373
Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	46.746
Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	23.373
Sultu- og ávaxtagrautargerð	25.970
Salatgerð	34.970
Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	23.373
Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	28.567
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	23.373
Kaldhreinsun lýsis	23.373
Bakarí, lítið	31.509
Bakarí, miðlungs	58.518
Bakarí, stórt	112.190
Kexverksmiðjur	67.522
Kökugerð, lítil	20.516
Kökugerð, miðlungs	28.912
Kökugerð, stór	36.703
Súkkulaði- og sælgætisgerð	36.358
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	14.803
Te- og kaffiframleiðsla	14.284
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	24.672
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	67.522
Framleiðsla annarra matvara	12.985
Veiðarfæragerð, netaverkstæði	4.545
Fúavörn á viði	9.090
Trésmíðaverkstæði með lökkun	11.037
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	9.739
Prentun dagblaða	9.090
Offset- og hæðarprentun	23.373
Sáldprentun	23.373
Prentiðnaður, lítill	10.907
Prentiðnaður, miðlungs	13.504
Prentiðnaður, stór	38.695
Prentiðnaður með framköllun	13.504
Prentsmíð	11.687
Framleiðsla á iðnaðargasi	33.761
Garðaúðun	11.687
Málningarverksmiðjur	68.821
Lyfjagerð	10.063
Hreinlætisvöruverksmiðjur	20.127
Snyrtivöruframleiðsla	10.063

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki á ári kr.
Sólun notaðra hjólbarða	9.090
Gúmmívinnsla	4.220
Plastiðnaður	9.739
Vinnsla með plast- og frauðefni	9.219
Framleiðsla á umbúðaplasti	3.896
Framleiðsla á plastvöru fyrir sjávarútveg	3.896
Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	3.896
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	8.440
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	9.739
Steinsmíði	3.636
Eldsmíði, önnur málmsmíði og viðgerðir; sindurmótun	5.142
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	36.358
Meðferð og húðun málma	11.037
Blikksmíði	3.896
Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	11.687
Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	13.634
Rafvélaverkstæði	4.220
Stálsmíði og stálskipagerð	42.851
Viðhald og niðurrif skipa	42.851
Plastbátasmíði	9.090
Endurvinnsla úrgangs	5.194
Spennistöðvar	4.220
Spennaviðgerðir	23.373
Hitaveita	51.940
Vatnsveitur 10.000 - 50.000 íbúa	722.952
Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	178.656
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	124.656
Vatnsveitur <1.000 íbúa	38.776
Vatnsveitur, einka	4.545
Lagning gólf- og veggefna	9.090
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	8.570
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	9.869
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	11.167
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	12.855
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	14.154
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	15.452
Hjólbarðaverkstæði	7.272
Bifreiðasprautun	12.855
Bifreiðaréttingar	4.480
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirkt	9.090
Bón- og bílaþvottur, handvirkt	7.791
Ryðvarnarverkstæði	18.309
Smurstöðvar	20.776
Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	15.063
Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	20.257
Bílapartasölur	13.634
Bensínstöðvar, sjálfvirkar	18.179
Bensínstöðvar án matvæla	28.567
Bensínstöðvar með matvöru	80.507
Bensínstöðvar með veitingasölu	132.447
Umboðsverslun með fisk	20.776
Fiskmarkaðir	19.478
Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	20.776
Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	25.970
Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	33.761
Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	23.373
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	20.776
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	35.060
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	41.552
Heildverslun með hreingerningarefni	10.388
Niðurrif bifreiða	10.388
Móttaka brotamálms	101.283
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	9.609
Stórmarkaðir >400m^2, með matvælavinnslu	184.208
Stórmarkaðir >400m^2, án matvælavinnslu	106.992
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	63.537
Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs (t.d. Kjötsögun, grillun á kjúklingum)	137.552
Matvöruverslun með vinnslu, stór	168.626
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	20.776
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	66.828
Matvöruverslun án vinnslu, stór	87.604
Söluturnar án óvarinna matvæla	12.985
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	20.082
Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	56.440
Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	66.828
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	20.776
Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	56.440
Fiskbúðir með vinnslu, stórar	90.201
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	16.881
Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	19.478
Fiskbúðir án vinnslu, stórar	27.873
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	16.881
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	56.440
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	90.201
Áfengisverslun	8.440
Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	25.970
Apótek	12.985
Apótek, útibú frá apóteki með starfsleyfi á Suðurnesjum	4.545
Snyrtivöruverslun	12.985
Byggingavöruverslanir, stórar	62.328
Byggingavöruverslanir, litlar	35.319
Járnvöruverslanir	20.776
Málningar- og veggfóðurverslun	20.776
Málningavöruverslun	20.776
Gæludýraverslun	8.440
Blómaverslun	8.440
Véla- og tækjasölur	20.127

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki á ári kr.
Varahlutaverslanir, ekki bíla	20.127
Smásala efna í flokkum X, A og B	20.127
Sala eiturefna	50.642
Smásala með notaða muni í verslunum	20.127
Markaðir	20.776
Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gesti)	33.761
Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir)	90.895
Hótel með veitingasölu, stórt (>100 gestir)	175.902
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting, <16 rúm og heimiliseldhús)	8.440
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir, t.d. verbúðir ekkert eldhús eða heimiliseldhús til afnota fyrir íbúa)	10.388
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt (>100 gestir)	11.687
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	3.896
Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	3.896
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	7.012
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	7.791
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	10.388
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu (ekki gisting á einkaheimili)	11.687
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu (ekki gisting á einkaheimili)	7.791
Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir)	31.509
Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir)	77.216
Matsölustaðir, stórir (>100 gestir)	124.656
Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)	24.412
Skyndibitastaðir, miðlungs (51-100 gestir)	33.761
Skyndibitastaðir, stórir (>100 gestir)	36.358
Matsöluvagnar	25.276
Brauðstofur	28.567
Skemmtistaðir með matsölu	58.343
Skemmtistaðir án matsölu	8.440
Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi <50 gestir)	9.869
Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi <50 gestir, kaffi og kleinur)	4.934
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	4.545
Samkomusalir með móttökueldhúsi	12.985
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	31.164
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið allt að 50 gestir	25.970
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	71.328
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (>100 gestir)	116.865
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	19.478
Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	25.970
Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt (100 gestir)	62.328
Sala á tilbúnum mat, lítil	20.776
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	51.940
Sala á tilbúnum mat, stór	72.716
Akstur flutningabíla	20.776
Bið- og endastöðvar strætisvagna	3.246
Biðstöðvar leigubifreiða	3.246
Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest	2.597
Vörugeymslur, litlar	18.179
Vörugeymslur, miðlungs	25.970
Vörugeymslur, stórar	31.164
Kæli- og frystigeymslur	5.194
Vöruflutningamiðstöðvar	10.388
Rekstur hafna	12.985
Myndbandaleiga	6.493
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	9.739
Ljósmyndastofur með framköllun	9.739
Pökkunarstarfsemi	18.179
Fangelsi, lítið	7.791
Fangelsi, miðlungs	31.164
Fangelsi, stórt	36.358
Æfingasvæði slökkviliðs	4.220
Slökkvilið	5.194
Grunnskólar án mötuneytis	9.090
Grunnskólar með móttökueldhúsi	77.910
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	136.343
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis	10.388
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	36.358
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	42.851
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis	12.336
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	37.657
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	136.343
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	41.552
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	14.284
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	36.358
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	42.851
Ökuskólar, flugskólar o.fl.	4.545
Tónlistarskólar	4.545
Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	4.545
Deildskipt sjúkrahús, lítið/án mötuneytis	28.567
Deildskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	36.358
Deildskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	136.343
Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	14.284
Endurhæfing	9.090

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki á ári kr.
Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis	11.037
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	29.866
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	80.507
Vistheimili	9.739
Áfengismeðferð	4.869
Heilsugæslustöðvar	4.869
Læknastofur	4.220
Læknahús með aðgerðarstofum	4.220
Tannlæknastofur	4.220
Tannsmíðar	4.220
Sjúkraþjálfun	4.220
Rannsóknarstofur í læknisfræði	4.220
Röntgenstofur	8.440
Fótaaðgerðarstofur	8.440
Kírópraktor	4.220
Yogastofur, heilun o. fl.	4.220
Húðflúrstofur	19.478
Húðgötun	19.478
Dýralæknastofur án röntgen	3.896
Dýralæknastofur með röntgen	8.440
Dýraspítalar	11.687
Heimili fyrir börn og unglinga	4.220
Dvalarheimili fyrir aldraða	16.881
Dagmömmur með > 6 börn	4.220
Leikskólar án eldhúss	7.791
Leikskólar með móttökueldhús	25.970
Leikskólar með fullbúið eldhús	70.119
Gæsluvellir	12.336
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	11.037
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	24.672
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi (ekki samfelld starfsemi)	22.075
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi (samfelld starfsemi)	54.537
Gámastöð	11.037
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	11.037
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	11.037
Sorpflutningar og sorphirða	6.493
Áhaldahús sveitarfélags	9.739
Sorpbrennslustöðvar	98.686
Sorpbrennslustöðvar m. móttöku spilliefna	135.044
Kirkjur	4.220
Kirkjur með safnaðarheimili m/móttökueldhús	11.037
Önnur ótalin félagastarfsemi	3.896
Kvikmyndahús	12.336
Leikhús án eldhúss eða eingöngu upphvottur	4.220
Leikhús með móttökueldhúsi	12.336
Leikhús með fullbúnu eldhúsi	29.866
Önnur menningar- og afþreyingarstarfsemi	19.478
Dansskólar	4.220
Húsdýragarðar	4.610
Sundstaðir, litlir	28.478
Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengdir íþróttahúsum)	47.955
Sundstaðir, stórir (eða miðlungs tengdir íþróttahúsi)	71.843
Íþróttahús, lítil	9.739
Íþróttahús, miðlungs	16.836
Íþróttahús, stór	19.433
Íþróttavellir	4.220
Skíðaskálar, skíðasvæði	5.519
Náttúrubaðstaðir fyrir fleiri en 500 manns	134.686
Hestahald	3.571
Skotvellir	4.545
Þvottahús og efnalaugar	9.739
Þvottahús	4.220
Efnalaugar	9.739
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	9.739
Hárgreiðslustofur	8.440
Snyrtistofur	8.440
Baðhús	8.440
Líkbrennslur	4.220
Líkamsræktarstöðvar, litlar	8.440
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	19.478
Líkamsræktarstöðvar, stórar	20.776
Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	16.881
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	23.978
Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	25.276
Sólbaðstofur án heitra potta	8.440
Sólbaðstofur með heitum pottum	22.679
Nuddstofur	8.440

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 628/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blaðlauk í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0703.9001	Blaðlaukur	15.11.99 - 15.03.00	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. nóvember 1999.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 1999

12. nóvember 1999 2019 Nr. 753

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum í Meðallandsbug.

1. gr.

Frá og með kl. 16.00 15. nóvember 1999 til 1. janúar 2000 eru allar síldveiðar bannaðar á svæði í Meðallandsbug sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°44,80 N - 17°30,00 V
2. 63°20,00 N - 17°30,00 V
3. 63°20,00 N - 16°00,00 V
4. 64°07,69 N - 16°00,00 V

Að norðan afmarkast svæðið við fjöruborð.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. nóvember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 100, nr. 753. Útgáfudagur 15. nóvember 1999.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 1999

Nr. 754 2020 29. október 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðast svo:

Framleiðandi, innflytjandi og umboðsaðili efna sem skráð eru í EINECS[1)] en hafa ekki enn verið tekin inn í lista yfir eiturefni og hættuleg efni, fylgiskjali 1, skulu leita sér upplýsinga og kanna fyrirliggjandi gögn um viðkomandi efni. Á grundvelli þeirra upplýsinga skulu þeir merkja efnið til bráðabirgða samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, sbr. II. og IV. kafla ásamt fylgiskjali 5 og 6. Umbúðir efnisins skulu uppfylla ákvæði III. kafla þessarar reglugerðar.

2. gr.

Við 3. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ef hætta er á að upp komi ósamræmi í flokkun efnis vegna framangreindrar aðferðar má gera tillögu um að bráðabirgðaflokkunin verði tekin upp í fylgiskjal 1. Tillagan skal send Hollustuvernd ríkisins og með henni skulu fylgja viðeigandi vísindagögn. Slíka tillögu má einnig gera ef fram koma gögn sem vekja grun um ófullnægjandi flokkun efnis í fylgiskjali 1.

Framleiðandi eða innflytjandi sem hefur flokkað efni á eftirfarandi hátt; getur valdið krabbameini, getur valdið stökkbreytingum eða getur haft skaðleg áhrif á æxlun, sbr. fylgskjal 5, skal svo fljótt sem auðið er senda skriflega samantekt með upplýsingum um efnið til Hollustuverndar ríkisins, þar með talið tilvísanir í öll gögn sem máli skipta varðandi flokkunina. Sama gildir ef viðkomandi hefur nýjar upplýsingar um slík áhrif sem varða flokkun tiltekins efnis.

3. gr.

Felldar eru brott:

a 7. gr.
b 3. mgr. 8. gr.
c 4. mgr. 8. gr.

4. gr.

1. tl. 1. mgr. 12. gr. orðast svo:

Heiti eiturefna og hættulegra efna sem varan inniheldur, sjá jafnframt 13. gr.

5. gr.

1. mgr. 13 gr. verður 2. mgr.

[1)] EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances – Evrópuskrá yfir markaðssett efni.

6. gr.

1. mgr. 13. gr. orðast svo:

Fyrir hrein efni skal tilgreina efnaheiti eins og það er birt í fylgiskjali 1. Ef efnið er ekki í fylgiskjali 1 skal nota alþjóðlega viðurkenndar nafngiftir.

Fyrir efnablöndur skal tilgreina heiti innihaldsefna í eftirfarandi tilvikum:

1. Efni flokkuð sem sterkt eitur, eitur og hættuleg heilsu (Tx, T og Xn) ef styrkur þeirra er jafn eða hærri en flokkunarmörk þeirra sem hættuleg heilsu (Xn), sbr. fylgiskjal 5, tl. 1.1.b – 1.3.b.
2. Efni flokkuð sem ætandi (C) ef styrkur þeirra er jafn eða hærri en flokkunarmörk þeirra sem ertandi (Xi), sbr. fylgiskjal 5, tl. 1.4.b.
3. Efni sem valda krabbameini, stökkbreytingum og skaðlegum áhrifum á æxlun, í flokki 1, 2 eða 3, ef styrkur þeirra er í svo miklu magni að efnablandan flokkast sem slík, sbr. fylgiskjal 5, tl. 1.6.b.
4. Efni sem valda ofnæmi, ef styrkur þeirra er í svo miklu magni að efnablandan flokkast sem slík, sbr. fylgiskjal 5, tl. 1.5.b.
5. Fyrir þykkni sem ætluð eru sem hráefni í ilmefnablöndur er nægilegt að gefa upp það efni sem er aðalorsök ofnæmisvaldandi áhrifa, jafnvel þótt blandan innihaldi fleiri ofnæmisvaldandi efni.

Að öllu jöfnu ættu fjögur efnaheiti að nægja til að tilgreina þau efni sem mest hætta stafar af. Af ofangreindu leiðir að ekki þarf að birta á merkimiða nafn efna sem leiða til flokkunar vöru í eftirtalda hættuflokka; sprengifimt, eldnærandi, afar eldfimt, mjög eldfimt, eldfimt, hættulegt umhverfinu. Það sama gildir um efni flokkuð sem ertandi, að undanskildum ofnæmisvaldandi efnum.

7. gr.

3. mgr. 13. gr. orðast svo:

Fyrir eiturefni og hættuleg efni sem ekki eru tilgreind á efnalista í fylgiskjali 1 er vísað til gr. 3.2.

8. gr.

4. mgr. 13. gr. orðast svo:

Ef framleiðandi getur fært sönnur á að birting efnaheitis geti skaðað viðskiptahagsmuni hans er honum heimilt, fyrir efni flokkuð sem hættuleg heilsu, að gefa upp annað nafn sem vísar til virks efnahóps sem einkennir efnið. Þetta á þó ekki við um efni flokkuð með hættusetningarnar H40, H42, H48. Framleiðandi sem nýtir sér ákvæði 1. mgr. skal tilkynna það til Hollustuverndar ríkisins áður en efnablandan er sett á markað. Í tilkynningu skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn framleiðanda.
2. Nafn vörutegundar eins og hún er markaðsett innan Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Væntanleg notkun vörunnar.
4. Upplýsingar um samsetningu.
5. Flokkun efnablöndu og innihaldsefna sem ekki eru á lista yfir hættuleg efni, ásamt rökstuðningi fyrir þeirri flokkun.
6. Upplýsingar um efni hættuleg heilsu sem óskað er eftir að verði ekki tilgreind á merkimiða, þ.m.t. efnaheiti, CAS[2)]-númer, og EINECS/ELINCS[3)]-númer.
7. Greinargerð sem sýnir fram á að viðskiptahagsmunir muni skaðast ef nákvæmt efnaheiti er tilgreint á umbúðum.
8. Upplýsingar um hvernig efnið verði gefið upp á umbúðum.

[2)] CAS: Chemical Abstract Service — Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.

[3)] ELINCS: Europian List of Notified Chemical Substances – Evrópuskrá yfir tilkynnt efni.

9. gr.

15. gr. er felld brott.

10. gr.

16. gr. orðast svo:

Varnaðarmerki skal vera svart á appelsínugulum grunni og heiti flokksins ritað með svörtu letri á hvítum grunni fyrir neðan merkið. Útlit varnaðarmerkja skal vera í samræmi við fylgiskjal 2 og skal stærð hvers merkis ekki vera undir 1/10 hluta þess rýmis sem ætlað er fyrir merkingu, sbr. 17. gr.

11. gr.

18. gr. orðast svo:

Ef umbúðir eru 125 ml eða minni er ekki gerð krafa um merkingu með H- og V-setningum fyrir vörur sem flokkaðar eru sem mjög eldfimar, eldnærandi, ertandi, að undanskildum þeim sem fá hættusetningu H41, eða hættulegar umhverfinu með varnaðarmerki N.

Vörur í umbúðum sem eru 125 ml eða minni og flokkaðar eru sem eldfimar eða hættulegar umhverfinu án varnaðarmerkis skulu merktar með H-setningum en ekki er gerð krafa um V-setningar.

12. gr.

Varnaðarmerki G í fylgiskjali 2, *Varnaðarmerki,* fellur brott.

13. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á fylgiskjali 5, *Helstu forsendur hættuflokkunar:*

a. Við fylgiskjalið, fyrir framan I. hluta, Eiturefnafræðilegar forsendur, bætist inngangur sem birtur er í I. viðauka við reglugerð þessa.
b. Í stað I. hluta, *Eiturefnafræðilegar forsendur,* kemur II. viðauki við reglugerð þessa.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á fylgiskjali 6.

a. Heiti fylgiskjalsins verður *Leiðbeiningar um merkingar:*
b. Í stað A. hluta *Frumefni og efnasambönd* kemur III. viðauki við reglugerð þessa.
c. Í stað inngangs að B. hluta Samsettar efnavörur og kaflans *Hættusetningar* kemur IV. viðauki við reglugerð þessa.
d. Við kaflann *sérákvæði um merkingar* bætast þrír nýir töluliðir, tl. 2.5, 2.6 og 2.7, sem birtir eru í V. viðauka við reglugerð þessa.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Höfð er hliðsjón af ákvæðum 1. tl., XV. kafla, II. viðauka, samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, eins og henni var breytt með tilskipun 92/32/EBE, tilskipun 93/21/EBE, 4. viðauka og tilskipun 96/54/EB, 5. viðauka, svo og tilskipun 88/379/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum, eins og henni var breytt með tilskipun 93/18/EBE. Einnig er að nokkru tekið tillit til ákvæða

tilskipunar 1999/45/EB varðandi samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 29. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Efnisyfirlit.

Inngangur
I. Áhrif á heilsu
A. Hrein efni
1.1.a Bráð eiturhrif
1.2.a Varanlegur skaði eftir notkun í eitt skipti
1.3.a Alvarlegt heilsutjón við endurtekna eða langvarandi notkun
1.4.a Mjög rokgjörn efni
1.5.a Ætandi og ertandi efni
1.6.a Ofnæmisvaldandi efni
1.7.a Krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi verkun og skaðleg áhrif á æxlun
1.8.a Önnur eiturhrif
B. Samsettar efnavörur - reikniaðferðir
1.1.b Bráð eiturhrif
1.2.b Varanlegur skaði eftir notkun í eitt skipti
1.3.b Alvarlegt heilsutjón eftir endurtekna eða langvarandi notkun
1.4.b Ætandi og ertandi efni
1.5.b Ofnæmisvaldandi efni
1.6.b Krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi verkun og skaðleg áhrif á æxlun
1.7.b Önnur eiturhrif
1.8.b Loftkenndar efnablöndur
II. Eld- og sprengihætta
2.1. Sprengifimt
2.2. Eldnærandi
2.3. Afar eldfimt
2.4. Mjög eldfimt
2.5. Eldfimt
2.6. Aðrir eðlisefnafræðilegir eiginleikar
2.7. Loftkenndar efnablöndur
III. Umhverfisáhrif
3.1. Lífríki í vatni
3.2. Önnur vistkerfi

Inngangur.

Í þessu fylgiskjali eru settar fram almennar forsendur fyrir flokkun á eiturefnum, hættulegum efnum og vörutegundum sem innihalda slík efni, með tilliti til þeirrar hættu sem af þeim stafar. Markmið flokkunarinnar er að auðkenna alla eiginleika efnis sem geta haft í för með sér hættu við venjulega meðhöndlun eða notkun, þ.m.t. eiturefnafræðilega eiginleika, eðlisefnafræðilega eiginleika og skaðleg áhrif á umhverfið.

Þegar kennsl hafa verið borin á hættulega eiginleika ber að vekja athygli á þeim með merkingu efnis eða efnavöru til að vernda notendur, almenning og umhverfi. Á merkimiðanum er tekið tillit til allrar hugsanlegrar hættu sem hægt er að standa frammi fyrir við venjulega meðhöndlun og notkun vöru á því formi sem hún er markaðssett. Ef vörunni hefur verið breytt, t.d. með blöndun eða þynningu, er hugsanlegt að merkingin eigi ekki lengur við. Vakin er athygli á alvarlegustu hættunni með notkun varnaðarmerkis og hættulegir eiginleikar eru tilgreindir með stöðluðum hættusetningum. Gefin eru ráð um nauðsynlegar varúðarráðstafanir með stöðluðum varnaðarsetningum, sbr. val á varnaðarsetningum í fylgiskjali 6.

Flokkunin verður að taka til allra hættulegra eiginleika efnis og efnavöru. Líta verður til allra liða í kafla I - III, sem fjalla um áhrif efna á heilsu, eld- og sprengifimi og umhverfisáhrif. Með flokkun samkvæmt tl. 1.1.1.a er t.d. ekki gefið til kynna að sneiða megi hjá liðum á borð við 1.2.a eða 1.3.a.

Hrein efni eru flokkuð á grundvelli forsendna í kafla IA (heilsufarshætta), kafla II (eld- og sprengifimi) og kafla III (umhverfisáhrif). Skoða skal allar upplýsingar sem fyrir liggja um efni. Hægt er að afla þeirra gagna sem krafist er með niðurstöðum úr fyrirliggjandi tilraunum, upplýsingum sem liggja þurfa fyrir samkvæmt alþjóðareglum um flutning hættulegra efna, upplýsingum úr uppsláttarritum og fræðiritum svo og með upplýsingum sem byggjast á hagnýtri reynslu. Í ákveðnum tilvikum má byggja á mati sérfræðinga á upplýsingum um skyldleika efna (SAR; structure-activity relationship).

Leiðbeiningarnar í þessu fylgiskjali er hægt að nota þegar fyrir liggja tilheyrandi upplýsingar sem fengist hafa með prófunaraðferðum sem vísað er til í fylgiskjali 8 eða sambærilegum aðferðum. Í öðrum tilvikum verður að meta fyrirliggjandi upplýsingar með samanburði á þeim prófunaraðferðum sem notaðar eru, aðferðum skv. fylgiskjali 8 og forsendum í þessu fylgiskjali.

Tilteknar forsendur gera ráð fyrir mati sérfræðinga. Í slíkum tilvikum geta komið upp vafamál vegna túlkunar. Framleiðandi, innflytjandi eða dreifingaraðili skal þá flokka og merkja efnið til bráðabirgða. Bráðabirgðaflokkun skal byggð á mati sem framkvæmt er af til þess hæfum aðila.

Vörutegundir skulu metnar á sama hátt og hrein efni með tilliti til eld- og sprengifimi, þ.e. styðjast skal við prófunaraðferðir skv. fylgiskjali 8 og forsendur gefnar í þessu fylgiskjali, kafla II.

Til að meta áhrif *vörutegunda* á heilsu skal styðjast við styrkmörk og reiknireglur í kafla IB. Heimilt er þó að nota sömu aðferðir og notaðar eru til flokkunar hreinna efna, þ.e. prófanir og forsendur í kafla IA. Fyrir innihaldsefni sem valda krabbameini, stökkbreytingum eða hafa skaðleg áhrif á æxlun skal þó ætíð styðjast við styrkmörk gefin í kafla IB.

Ef samsetningu efnablöndu er breytt, og eiturefnafræðilegir eiginleikar blöndunnar fyrir breytingu voru ákvarðaðir á grundvelli prófana en ekki útreikninga, skal í eftirtöldum tilfellum fara fram ný skoðun á eiginleikum hennar, annað hvort með prófunum eða útreikningum:

1 Efni er bætt við eða skipt er um hráefni í efnablöndu, hvort sem viðkomandi efni er flokkað hættulegt eða ekki.
2 Styrk innihaldsefna er breytt. Þó þarf ekki að endurskoða flokkun blöndunnar ef breytingin er innan neðangreindra marka:

Upphaflegur styrkur innihaldsefnis	Leyfileg breyting frá upprunalegum styrk (í hundraðshlutum af upprunalegum styrk)
styrkur ≤ 2,5%	± 30%
2,5% < styrkur ≤ 10%	± 20%
10% < styrkur ≤ 25%	± 10%
25% < styrkur ≤ 100%	± 5%

Ekki er þörf á endurskoðun flokkunar ef færð eru fullnægjandi rök fyrir því að hún muni ekki leiða til breytinga.

Efni sem innihalda óhreinindi eða aukefni skal líta á sem efnablöndur. Taka skal tillit til óhreininda og aukefna ef styrkur þeirra er yfir tilteknum mörkum, sbr. kafla IB.

II. VIÐAUKI

I. Áhrif á heilsu.

Í kaflanum eru gefnar forsendur fyrir flokkun efna og efnablandna sem eru hættuleg heilsu manna. Flokkunin tekur bæði til bráðra áhrifa og langtímaáhrifa, hvort sem um er að ræða eina, endurtekna eða langvarandi áverkun. Í A-hluta er fjallað um flokkun hreinna efna og í B-hluta eru gefin styrkmörk og reiknireglur til að flokka efnablöndur. Fyrir blöndur sem innihalda efni, önnur en þau sem valda krabbameini, stökkbreytingum eða hafa skaðleg áhrif á æxlun, má nota sömu aðferðir og notaðar eru við flokkun hreinna efna.

Ef nægilegar vísbendingar eru fyrir hendi sem sýna fram á að eiturhrif efna og efnablandna á menn eru í raun ólík þeim áhrifum sem koma fram í niðurstöðum tilrauna á dýrum eða samkvæmt reiknaðferð í B-hluta, skal flokkunin taka mið af eiturhrifum þeirra á menn. Slíkar vísbendingar geta verið niðurstöður úr faraldsfræðilegum rannsóknum eða gögn um reynslu hjá mönnum, studdar með tölfræðilegum gögnum, t.d. frá eitrunarmiðstöðvum eða um atvinnusjúkdóma. Mælt er gegn tilraunum á mönnum og að öllu jöfnu ber ekki að gefa niðurstöðum úr slíkum tilraunum meira vægi en niðurstöðum dýratilrauna.

Þegar flokkun efna byggist á niðurstöðum dýratilrauna ættu niðurstöðurnar að gilda um menn að svo miklu leyti sem tilraunirnar endurspegla á viðunandi hátt hættuna sem mönnum stafar af efnunum.

Skammstafanir sem notaðar eru:

LD_{50} er skammtur sem veldur dauða 50% tilraunadýra, tilgreindur sem mg efni/kg líkamsþyngd (Lethal dose).

LC_{50} er styrkur sem veldur dauða 50% tilraunadýra, tilgreindur sem mg efni/lítra. (Lethal concentration)

ISO: International Standardization Organization – Alþjóðlegu staðlasamtökin.

A. Hrein efni.

1.1.a Bráð eiturhrif.

Flokkun efnis sem sterkt eitur, eitur eða hættulegt heilsu byggist á bráðum eiturhrifum efna í samræmi við forsendur sem gefnar eru hér á eftir. Eiturhrif skulu gefin upp sem LD_{50}- eða LC_{50}-gildi. Þetta á þó ekki við um efni og efnablöndur sem geta valdið lungnaskaða við inntöku og fá hættusetningu H65, sbr. tl. 1.1.3.a. Bráð eiturhrif við inntöku má ákvarða annað hvort með aðferð sem áætlar LD_{50}-gildið eða með því að ákvarða greiniskammt. Greiniskammtur er ákvarðaður með

svokallaðri fastaskammtsaðferð. Greiniskammtur er sá skammtur sem veldur augljósri eitrun en engum dauðsföllum og skal hann vera 5, 50, 500 eða 2000 mg á hvert kg líkamsþunga, sbr. aðferð B1(a) í fylgiskjali 8.
Með augljósri eitrun er átt við svo alvarlega eitrun að næsti skammtur fyrir ofan myndi að líkindum leiða til dauða.
Niðurstöður prófana með tilteknum skammti geta verið:
- minna en 100% lifa af,
- 100% lifa af en augljós eitrunareinkenni,
- 100% lifa af og engin augljós eitrunareinkenni.

Prófunaraðferðin gerir í ákveðnum tilvikum ráð fyrir því að einnig sé prófað með stærri eða minni skömmtum hafi fyrrnefndir skammtar ekki átt við. Skammtastærðin 2000 mg/kg, skal fyrst og fremst notuð til að fá fram upplýsingar um eiturhrif efna sem hafa lítil bráð eiturhrif og eru ekki flokkuð á grundvelli bráðra eiturhrifa.

1.1.1.a Sterkt eitur.

Sterkt eitur er efni sem í mjög litlu magni veldur dauða eða bráðum eða langvarandi áhrifum á heilsu við innöndun, við inntöku eða í snertingu við húð. Efni flokkast sem sterkt eitur og fær varnaðarmerkið STERKT EITUR (Tx) ásamt einni eða fleiri af neðangreindum hættusetningum á grundvelli eftirfarandi:

H28 Mjög eitrað við inntöku

Bráð eiturhrif :
- LD_{50} við inntöku, rottur: ≤ 25 mg/kg,
- fastaskammtsaðferð, 5 mg/kg við inntöku, rottur: minna en 100% lifa af.

H27 Mjög eitrað í snertingu við húð

Bráð eiturhrif :
- LD_{50} á húð, rottur/kanínur: ≤ 50 mg/kg.

H26 Mjög eitrað við innöndun

Bráð eiturhrif :
- LC_{50} við innöndun, úði eða agnir, rottur: ≤ 0,25 mg/lítra/4 klst.,
- LC_{50} við innöndun, lofttegundir og gufur, rottur: ≤ 0,5 mg/lítra/4 klst.

1.1.2.a Eitur.

Eitur er efni sem í litlu magni veldur dauða eða bráðum eða langvarandi áhrifum á heilsu við innöndun, við inntöku eða í snertingu við húð. Efni flokkast sem eitur og fær varnaðarmerkið EITUR (T) ásamt einni eða fleiri af neðangreindum hættusetningum á grundvelli eftirfarandi:

H25 Eitrað við inntöku

Bráð eiturhrif :
- LD_{50} við inntöku, rottur: $25 < LD_{50} \leq 200$ mg/kg,
- greiniskammtur, 5 mg/kg við inntöku, rottur: 100% lifa af en augljós eitrunareinkenni.

H24 Eitrað í snertingu við húð

Bráð eiturhrif :
- LD_{50} á húð, rottur/kanínur: $50 < LD_{50} \leq 400$ mg/kg.

H23 Eitrað við innöndun
Bráð eiturhrif :
- LC_{50} við innöndun, úði eða agnir, rottur: $0,25 < LC_{50} \leq 1$ mg/lítra/4 klst.,
- LC_{50} við innöndun, lofttegundir og gufur, rottur: $0,5 < LC_{50} \leq 2$ mg/lítra/4 klst.

1.1.3.a Hættulegt heilsu.
Efni sem er hættulegt heilsu getur valdið dauða eða bráðum eða langvarandi áhrifum á heilsu við innöndun, við inntöku eða í snertingu við húð. Efni flokkast sem hættulegt heilsu og fær varnaðarmerkið HÆTTULEGT HEILSU (Xn) ásamt einni eða fleiri af neðangreindum hættusetningum á grundvelli eftirfarandi:

H22 Hættulegt við inntöku
Bráð eiturhrif :
- LD_{50} við inntöku, rottur: $200 < LD_{50} \leq 2000$ mg/kg,
- greiniskammtur, 50 mg/kg við inntöku, rottur: 100% lifa af en augljós eitrunareinkenni,
- fastaskammtsaðferð, 500 mg/kg við inntöku, rottur: minna en 100% lifa af.

H21 Hættulegt í snertingu við húð
Bráð eiturhrif :
- LD_{50} á húð, rottur/kanínur: $400 < LD_{50} \leq 2000$ mg/kg.

H20 Hættulegt við innöndun
Bráð eiturhrif :
- LC_{50} við innöndun, úði eða agnir, rottur: $1 < LC_{50} \leq 5$ mg/lítra/4 klst.,
- LC_{50} við innöndun, lofttegundir og gufur, rottur: $2 < LC_{50} \leq 20$ mg/lítra/4 klst.

H65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku
Þunnfljótandi efni og efnablöndur sem við inntöku geta borist niður í lungu og valdið lungnaskaða:
a Efni og efnablöndur sem í er samanlagt 10% eða meira af alifatískum, hringlaga eða arómatískum kolvetnissamböndum og;
   - rennslistími er minni en 30 sek í 3 mm ISO-bikarglasi (ISO-staðall 2431),
   - seigja er minni en 7×10^{-6} m^2/sek við 40°C þegar mælt er með glerpípu seigjumæli (ISO-staðall 3104/3105),
   - seigja er minni en 7×10^{-6} m^2/sek við 40°C þegar mælt er með snúnings seigjumæli (ISO-staðall 3219).

   Efni og efnablöndur sem hafa hærri meðal yfirborðsspennu en 33 *m*N/m við 25°C eru undanþegin framangreindu skilyrði. Mælingin skal gerð með du Nouy spennumæli eða skv. prófunaraðferð A.5 í fylgiskjali 8.
b) Önnur efni og efnablöndur sem ekki uppfylla framangreindar forsendur en þar sem fyrir liggja gögn um reynslu hjá mönnum.

1.2.a Varanlegur skaði eftir notkun í eitt skipti.
Sterkar líkur eru á að notkun í eitt skipti geti valdið varanlegu heilsutjóni. Um krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi verkun og skaðleg áhrif á æxlun er fjallað sérstaklega í tl. 1.7.a.

1.2.1.a Sterkt eitur.
Efni flokkast sem sterkt eitur og fær varnaðarmerkið STERKT EITUR (Tx) ásamt neðangreindri hættusetningu á grundvelli eftirfarandi:

H39 Hætta á alvarlegu varanlegu heilsutjóni
Yfirleitt er miðað við forsendur gefnar í tl. 1.1.1.a.
Tilgreina skal íkomuleið efnis með samtengdu hættusetningunum: H39/26, H39/27, H39/28, H39/26/27, H39/26/28, H39/27/28 eða H39/26/27/28.

1.2.2.a Eitur.
Efni flokkast sem eitur og fær varnaðarmerkið EITUR (T) ásamt neðangreindri hættusetningu á grundvelli eftirfarandi:

H39 Hætta á alvarlegu varanlegu heilsutjóni
Yfirleitt er miðað við forsendur gefnar í tl. 1.1.2.a.
Tilgreina skal íkomuleið efnis með samtengdu hættusetningunum: H39/23, H39/24, H39/25, H39/23/24, H39/23/25, H39/24/25 eða H39/23/24/25.

1.2.3.a Hættulegt heilsu
Efni flokkast sem hættulegt heilsu og fær varnaðarmerkið HÆTTULEGT HEILSU (Xn) ásamt neðangreindri hættusetningu á grundvelli eftirfarandi:

H40 Getur valdið varanlegu heilsutjóni
Yfirleitt er miðað við forsendur gefnar í tl. 1.1.3.a.
Tilgreina skal íkomuleið efnis með samtengdu hættusetningunum: H40/20, H40/21, H40/22, H40/20/21, H40/20/22, H40/21/22 eða H40/20/21/22.

1.3.a Alvarlegt heilsutjón við endurtekna eða langvarandi notkun.

1.3.1.a Eitur.
Efni flokkast sem eitur og fær varnaðarmerkið EITUR (T) ásamt neðangreindri hættusetningu á grundvelli eftirfarandi:

H48 Hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi notkun
Alvarlegt heilsutjón (augljós truflun á líkamsstarfsemi eða líffærabreytingar af völdum eiturefna) getur hlotist af endurteknu eða langvarandi áreiti.
Efni er a.m.k. flokkað sem eitur ef áhrifin greinast við skammta af eftirfarandi stærð:
– við inntöku, rottur: ≤ 5 mg/kg/dag,
– á húð, rottur/kanínur: ≤ 10 mg/kg/dag,
– við innöndun, rottur: ≤ 0,025 mg/lítra, 6 klst./dag.
Tilgreina skal íkomuleið efnis með samtengdu hættusetningunum: H48/23, H48/24, H48/25, H48/23/24, H48/23/25, H48/24/25, H48/23/24/25.

1.3.2.a Hættulegt heilsu.
Efni flokkast sem hættulegt heilsu og fær varnaðarmerkið HÆTTULEGT HEILSU (Xn) ásamt neðangreindri hættusetningu á grundvelli eftirfarandi:

H48 Hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi notkun
Alvarlegt heilsutjón (augljós truflun á líkamsstarfsemi eða líffærabreytingar af völdum eiturefna) getur hlotist af endurteknu eða langvarandi áreiti.
Efni er flokkað sem hættulegt heilsu ef áhrifin greinast við eftirfarandi skammta:
– við inntöku, rottur: 5 < skammtur ≤ 50 mg/kg/dag,
– á húð, rottur/kanínur: 10 < skammtur ≤ 100 mg/kg/dag,
– við innöndun, rottur: 0,025 < skammtur ≤ 0,25 mg/lítra, 6 klst./dag.
Tilgreina skal íkomuleið efnis með samtengdu hættusetningunum: H48/20, H48/21, H48/22, H48/20/21, H48/20/22, H48/21/22, H48/20/21/22.

1.3.3.a Notkun á hættusetningu H48.

Leiðbeinandi gildi, sem gefin eru í tl. 1.3.1.a og 1.3.2.a, má nota beint þegar greindar hafa verið alvarlegar vefjaskemmdir í 90 daga eitrunarprófunum (subchronic toxicity test). Við túlkun á niðurstöðum úr 28 daga eitrunarprófunum (subacute toxicity test) ætti u.þ.b. að þrefalda gildin. Ef niðurstöður rannsókna úr tveggja ára eitrunarprófunum (chronic toxicity test) eru fyrir hendi ætti að meta hverja einstaka rannsókn sérstaklega. Ef til eru niðurstöður úr rannsóknum sem ná yfir mislangan tíma ætti allajafna að nota niðurstöður þeirrar rannsóknar sem nær yfir lengstan tíma.

Hættusetning H48 vísar til sérstakra líffræðilegra áhrifa. Með alvarlegu heilsutjóni er átt við augljósa truflun á líkamsstarfsemi eða líffærabreytingar af völdum eiturefna, svo og dauðsföll. H48 er einkum mikilvæg þegar breytingarnar eru varanlegar. Taka ber tillit til tiltekinna alvarlegra breytinga í einstaka líffæri eða líffærakerfi og einnig til vægari breytinga í fleiri líffærum eða alvarlegra breytinga á heilsufari almennt.

Eftirfarandi leiðbeiningar má nota við mat á því hvort vísbendingar séu fyrir hendi um framangreind áhrif:

1. *Rök fyrir því að nota hættusetningu H48:*
   a) Dauðsföll sem rekja má til áverkunar efnis.
   b) Verulegar breytingar á starfsemi;
      i) mið- eða úttaugakerfis, þar með talið lyktarskyn, sjón og heyrn. Breytingar þessar skal meta með klínískum athugunum eða öðrum viðeigandi aðferðum (t.d. raflífeðlisfræði),
      ii) annarra líffærakerfa (t.d. lungna).
   c) Allar varanlegar meinefna- eða blóðmeinafræðilegar breytingar sem benda til alvarlegrar röskunar á starfsemi líffæris. Blóðmeinafræðilegar truflanir eru taldar sérstaklega mikilvægar ef rök benda til þess að þær séu vegna minnkandi framleiðslu blóðfrumna í beinmerg.
   d) Alvarleg líffæraskemmd sem er greind með smásjárrannsókn eftir krufningu;
      i) útbreitt eða alvarlegt drep, bandvefsaukning eða myndun bandvefsæxlis í mikilvægum líffærum með endurnýjunarhæfni (t.d. lifur),
      ii) alvarlegar líffærabreytingar sem þurfa ekki að vera varanlegar en sýna greinileg merki um röskun á starfsemi líffæris (t.d. alvarlegar fitubreytingar í lifur, alvarleg, bráð nýrnapípnaskemmd og magasár),
      iii) merki um umtalsverðan frumudauða í mikilvægum líffærum án endurnýjunarhæfni (t.d. bandvefsaukning í hjartavöðva eða taugaskemmd) eða í stofnfrumuhópum (t.d. frumubrestur og vefjavanþroski í beinmerg).

   Framangreindar niðurstöður eru oftast fengnar með dýratilraunum. Ef notaðar eru niðurstöður sem byggjast á reynslu hjá mönnum ætti að gefa álagi vegna efnanotkunar sérstakan gaum.
2. *Rök fyrir því að nota ekki hættusetningu H48:*

   Notkun hættusetningarinnar takmarkast við *hættu á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi notkun.* Hægt er að greina ýmis áhrif af völdum efna bæði í mönnum og dýrum sem réttlæta þó ekki notkun H48. Þessi áhrif skipta máli þegar reynt er að ákvarða þann hámarksskammt efnis sem talist getur skaðlaus. Hér á eftir eru sýnd dæmi um breytingar sem réttlæta yfirleitt ekki flokkun með H48:

a) Klíníska athuganir eða breytingar á þyngdaraukningu, fæðu- eða vatnsinntöku sem geta haft tiltekna eiturefnafræðilega þýðingu en gefa ekki sem slíkar til kynna „alvarlegt heilsutjón“.
b) Smávægilegar meinefna- eða blóðmeinafræðilegar breytingar, sem hafa litla eða enga eiturefnafræðilega þýðingu.
c) Breytingar á þyngd líffæris án þess að nokkur merki séu um röskun á starfsemi þess.
d) Aðlögunarviðbrögð (t.d. flæði gleypifrumna í lungum, lifrarstækkun og framköllun ensíms, óhófleg vefjamyndun sem viðbrögð við ertandi efnum). Áhrif á afmörkuð svæði húðarinnar vegna endurtekinnar upptöku efnis í gegnum húð og væri frekar við hæfi að flokka samkvæmt H38 „Ertir húð“.
e) Þegar sýnt hefur verið fram á að eiturhrif eru háð dýrategund (t.d. vegna mismunandi umbrotsleiða).

1.4.a Mjög rokgjörn efni.

Ákveðin efni með háan gufuþrýsting falla ekki undir forsendur um áhrif á heilsu í tölulíðum 1.1.3.a, 1.2.3.a og 1.3.a og 1.8.a. Séu vísbendingar um að hætta geti stafað af slíkum efnum við venjulega meðhöndlun og notkun, þá kann að vera nauðsynlegt að flokka þau sem hættuleg. Meta þarf hvert einstakt tilvik sérstaklega.

1.5.a Ætandi og ertandi efni.

1.5.1.a Ætandi.

Efni er talið ætandi ef það veldur vefjaskemmd sem nær gegnum húðina hjá að minnsta kosti einu tilraunadýri þegar efnið er borið á óskaddaða húð í prófunaraðferð fyrir húðertingu eða með tilsvarandi aðferðum. Í sumum tilvikum er hægt að segja fyrir um niðurstöður prófana, t.d. þegar um er að ræða sterkar sýrur og basa (pH 2 eða lægra eða pH 11,5 eða hærra. Taka þarf tillit til sýru- og basaleifa). Flokkunin getur byggst á niðurstöðum úr viðurkenndum prófunum *in vitro*.

Efni flokkast sem ætandi og fær varnaðarmerkið ÆTANDI (C) ásamt annarri af neðangreindum hættusetningum á grundvelli eftirfarandi:

H35 Mjög ætandi.

– Efni veldur vefjaskemmd sem nær gegnum húð eftir að það hefur verið í 3 mín. eða skemur í snertingu við óskaddaða húð á tilraunadýri eða ef hægt er að segja fyrir um slíka niðurstöðu.

H34 Ætandi.

– Efni veldur vefjaskemmd sem nær gegnum húð eftir að það hefur verið í 4 klst. eða skemur í snertingu við óskaddaða húð á tilraunadýri eða ef hægt er að segja fyrir um slíka niðurstöðu.
– Lífræn vetnisperoxíð, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða.

1.5.2.a Ertandi.

Ertandi efni getur valdið þrota í húð við beina, langvarandi eða endurtekna snertingu við húð eða slímhimnur. Efni flokkast sem ertandi og fær varnaðarmerkið ERTANDI (Xi) ásamt einni eða fleiri af neðangreindum hættusetningum á grundvelli eftirfarandi:

1.5.2.1.a Bólga í húð

H38 Ertir húð.

– Efni veldur umtalsverðri bólgu sem varir í að minnsta kosti 24 klst. eftir að það hefur verið í snertingu við húð í 4 klst. eða skemur.

– Efni veldur umtalsverðri bólgu í húð við beina, langvarandi eða endurtekna snertingu samkvæmt gögnum um reynslu hjá mönnum.
– Lífræn peroxíð, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða.

Bólga í húð, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferð fyrir húðertingu (sbr. aðferð B.4 í fylgiskjali 8) er umtalsverð ef;

a) meðaltal stiga, reiknað fyrir öll tilraunadýrin, er 2 eða hærra fyrir hörundsroða og hrúðurmyndun eða fyrir bjúgmyndun,
b) meðaltal stiga, reiknað fyrir hvert dýr sérstaklega, er 2 eða hærra hjá tveimur dýrum fyrir hörundsroða og hrúðurmyndun eða fyrir bjúgmyndun þegar þrjú tilraunadýr hafa verið notuð.

Í báðum tilvikum skal nota öll stig úr sérhverjum aflestrartíma (24, 48 og 72 klst.) til þess að reikna meðaltölin.

Bólga í húð er einnig umtalsverð ef einkennin eru til staðar hjá að minnsta kosti tveimur dýrum við lok athugunartíma. Taka skal tillit til sérstakra áhrifa, hvort sem þau eru vefjaauki, hreistrun, upplitun, sprungumyndun, húðskorpa eða hárlos. Hugsanlega eru til niðurstöður úr annars konar prófunum (sbr. tl. 1.3.3.a, undirlið 2.d). Þær skipta máli ef áhrifin eru sambærileg við þau sem lýst er hér að framan.

Tilfinningarglöp:

Tilfinningarglöp (paresthesia), sem verða hjá mönnum vegna snertingar húðar við varnarefni af pýretroíð gerð, skal ekki líta á sem ertandi áhrif sem leiða til flokkunar með varnaðarmerki Xi og hættusetningu H36. Eigi að síður skal nota varnaðarsetningu V24 á slík efni.

1.5.2.2.a Augnskaðar

H36 Ertir augu

– Efni veldur umtalsverðum augnskaða innan 72 klst. eftir að það hefur verið borið á augu tilraunadýrs og skaðinn varir í að minnsta kosti 24 klst.
– Efni veldur umtalsverðum augnskaða, samkvæmt gögnum um reynslu hjá mönnum.
– Lífræn peroxíð, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða.

Augnskaði er umtalsverður, ef meðaltal stiga úr prófunum fyrir augnertingu svarar til eftirfarandi gilda, sbr. aðferð B.5 í fylgiskjali 8:

– ógagnsæi í hornhimnu: hærra eða jafnt 2 og lægra en 3,
– lithimnuskaði: hærra eða jafnt 1 og lægra en 1,5,
– roðamyndun í slímhúð augans: hærra eða jafnt 2,5,
– bólga í slímhúð augans (*chemosis*): hærra eða jafnt 2.

Það sama á við ef prófanir hafa verið gerðar á þremur dýrum ef vefjaskemmdir í tveimur eða fleiri dýrum samsvara einhverjum framangreindra gilda nema fyrir lithimnuskaða þar sem gildið þarf að vera hærra eða jafnt 1 og lægra en 2 og fyrir roðamyndun í slímhúð augans þar sem gildið þarf að vera hærra eða jafnt 2,5. Í báðum tilvikum skal nota öll stig úr sérhverjum aflestrartíma (24, 48 og 72 klst.) til þess að reikna meðaltölin.

H41 Hætta á alvarlegum augnskaða.

– Efni veldur alvarlegum augnskaða innan 72 klst. eftir að það hefur verið borið á augu tilraunadýrs og skaðinn varir í að minnsta kosti 24 klst.
– Efni veldur alvarlegum augnskaða, byggt á gögnum um reynslu hjá mönnum.

Augnskaði er alvarlegur, ef meðaltal stiga úr prófunum fyrir augnertingu svarar til eftirfarandi gilda, sbr. aðferð B.5 í fylgiskjali 8:

– ógagnsæi í hornhimnu: hærra eða jafnt 3,
– lithimnuskaði: hærra en 1,5.

Hið sama gildir ef prófanir hafa verið gerðar á þremur dýrum ef vefjaskemmdir í tveimur eða fleiri dýrum svara til eftirfarandi gilda:
– ógagnsæi í hornhimnu: hærra eða jafnt 3,
– lithimnuskaði: jafnt og 2.

Í báðum tilvikum skal nota öll stig úr sérhverjum aflestrartíma (24, 48 og 72 klst.) til þess að reikna meðaltölin.

Augnskaðar teljast einnig alvarlegir þegar þeir eru til staðar við lok athugunartíma eða ef efnið litar augun varanlega.

Athugasemd:

Þegar efni eða efnablanda er flokkuð sem ætandi með hættusetningar H35 eða H34, er ekki talin ástæða til að vara sérstaklega við hættu á alvarlegum augnskaða með hættusetningu H41. Ef efnablanda inniheldur hins vegar ætandi efni sem er undir styrkleikamörkum fyrir flokkun efnablöndunnar sem ætandi, skal taka tillit til þeirra við flokkun efnablöndu sem ertandi með H41 eða H36, sbr. tl. 1.4.2.3.b og 1.4.2.5.b.

1.5.2.3.a Erting öndunarfæra.

H37 Ertir öndunarfæri.

Efni sem veldur alvarlegri ertingu í öndunarfærum, byggt á:
– gögnum um reynslu hjá mönnum,
– jákvæðum niðurstöðum úr dýratilraunum.

1.5.2.4.a Notkun á hættusetningu H37.

Við túlkun á gögnum um reynslu hjá mönnum skal þess vandlega gætt að greina milli áhrifa sem leiða til flokkunar með hættusetningu H48 (sjá tl. 1.3.a) og þeirra sem leiða til flokkunar með hættusetningu H37. Áhrif sem oftast leiða til flokkunar með H37 eru ekki varanleg og yfirleitt bundin við efri hluta öndunarfæra.

Dýratilraunir geta verið almennar eitrunarprófanir, þar með talin vefjameinafræðigögn um öndunarfæri. Mælingar sem sýna að hægt hafi á öndun við tilraunir má einnig nota við mat á ertingu í öndunarfærum.

1.6.a Ofnæmisvaldandi efni.

Efni sem, í snertingu við húð eða við innöndun, getur valdið ofnæmisáhrifum þannig að frekara efnaálag valdi dæmigerðum sjúkdómseinkennum.

1.6.1.a Ofnæmi við innöndun.

Efni flokkast sem ofnæmisvaldandi og fær varnaðarmerkið HÆTTULEGT HEILSU (Xn) ásamt neðangreindri hættusetningu á grundvelli eftirfarandi:

H42 Getur valdið ofnæmi við innöndun.

– Vísbendingar um að efni geti valdið sérstöku ofnæmi í öndunarfærum.
– Dýratilraunir sýna jákvæðar niðurstöður.
– Ísósýanat, nema fyrir liggi vísbendingar um hið gagnstæða.

1.6.1.1.a Notkun á hættusetningu H42.

Vísbendingar hjá mönnum.

Vísbendingar um að efni geti kallað fram sérstakt ofnæmi í öndunarfærum byggjast oftast á reynslu hjá mönnum. Í þessu samhengi kemur ofnæmi yfirleitt fram sem astmi, en önnur ofnæmissvörun á borð við nefslímubólgu og bólgu í lungnablöðr-

um eru einnig skoðuð. Sjúkdómsástandið hefur einkenni ofnæmissvörunar. Ekki er þó nauðsynlegt að sýna fram á ónæmisviðbrögð.
Þegar athugaðar eru vísbendingar um áreiti vegna mengunar er nauðsynlegt að ákvörðun um flokkun sé byggð á eftirfarandi, auk vísbendinga um sjúkdómstilvik:
- fjölda þeirra sem urðu fyrir mengun,
- umfangi mengunar.

Vísbendingar um sjúkdómstilvik geta verið;
- sjúkrasaga og gögn úr viðeigandi prófunum á lungnastarfsemi í tengslum við mengun af völdum efnis, staðfest með öðrum vísbendingum, m.a:
- efni hefur svipaða byggingu og annað efni sem vitað er að veldur ofnæmi í öndunarfærum,
- ónæmisprófi *in vivo* (t.d. húð pikkpróf),
- ónæmisprófi *in vitro* (t.d. greining í sermi),
- rannsóknum sem kunna að benda til sérstakra verkunarleiða sem ekki hafa með ónæmi að gera, t.d. endurteknar ertingar vegna lítils magns eða vegna lyfjafræðilegra áhrifa,
- jákvæðum niðurstöðum úr berkjuáreitisprófi, sem gert er í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um ákvörðun sérstakrar ofnæmissvörunar.

Sjúkrasagan ætti að ná yfir bæði heilsufars- og atvinnusögu til að unnt sé að sýna fram á tengsl milli áreitis vegna tiltekins efnis og ofnæmis í öndunarfærum. Meðal upplýsinga sem hér skipta máli eru; þættir sem magna sjúkdómseinkennin bæði á heimili og vinnustað, upphaf og framgangur sjúkdómsins, fjölskyldu- og heilsufarssaga sjúklingsins. Heilsufarssagan ætti einnig að ná til annarra kvilla í öndunarvegi, kvilla af völdum ofnæmis allt frá bernsku og reykingavenja.
Jákvæðar niðurstöður berkjuáreitisprófa teljast nógu góðar vísbendingar til að byggja megi flokkun á þeim einum. Hugsanlegt er þó að margar af framangreindum athugununum hafi verið gerðar í fyrri rannsóknum.
Ekki ber að merkja efni með hættusetningu H42 ef það kallar aðeins fram astmaeinkenni vegna ertingar hjá fólki með ofursvörun í berkjum.

Rannsóknir á dýrum.
Prófanir á dýrum sem kunna að benda til þess að efni geti valdið ofnæmi í mönnum við innöndun, eru m.a:
- IgE-mælingar (t.d. í músum),
- sértæk lungnasvörun í naggrísum.

1.6.2.a Ofnæmi í snertingu við húð.
Efni flokkast sem ofnæmisvaldandi og fær varnaðarmerkið ERTANDI (Xi) ásamt neðangreindri hættusetningu á grundvelli eftirfarandi:

H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.
- Reynslan sýnir að efni veldur ofnæmissvörun í snertingu við húð hjá talsverðum fjölda manna.
- Dýratilraunir sýna jákvæðar niðurstöður.

1.6.2.1.a Notkun á hættusetningu H43.

Vísbendingar hjá mönnum.
Eftirfarandi vísbendingar nægja til að flokka efni með hættusetningu H43:
- jákvæðar niðurstöður úr viðeigandi plástursprófi, að jafnaði á fleiri en einni húðsjúkdómadeild,

– faraldsfræðilegar rannsóknir sem sýna að efni hefur valdið ofnæmissnertiexemi. Líta ber sérstaklega til aðstæðna þar sem dæmigerð einkenni koma fram hjá tiltölulega mörgum þeirra sem verða fyrir áreiti, jafnvel þótt tilvikin séu fá,
– jákvæð gögn úr rannsóknum á mönnum.

Eftirtalið er nægilegt til að flokka efni með hættusetningu H43 þegar viðbótarvísbendingar liggja fyrir:
– einangruð dæmi um ofnæmissnertiexem,
– faraldsfræðilegar rannsóknir þar sem hending, kerfisbundin skekkja eða óskýrt orsakasamhengi hefur ekki verið útilokað með fullnægjandi vissu.

Viðbótarvísbendingar geta verið:
– gögn úr dýraprófunum, sem gerðar eru samkvæmt gildandi leiðbeiningum, þar sem niðurstöður uppfylla ekki skilyrði varðandi rannsóknir á dýrum (sjá hér á eftir) en komast nægilega nálægt því til að teljast marktækar,
– gögn sem byggja á aðferðum sem ekki eru staðlaðar,
– tengsl milli byggingar efnis og virkni.

Rannsóknir á dýrum.

Jákvæðar niðurstöður úr viðeigandi dýraprófunum eru sem hér segir:
Að minnsta kosti 30% tilraunadýra sýna viðbrögð, þegar notað er ónæmisglæðapróf fyrir húðnæmi eða önnur ónæmisglæðapróf. Fyrir aðrar prófunaraðferðir er miðað við að 15% tilraunadýra að minnsta kosti sýni viðbrögð.

1.6.3.a Ónæmistengdur ofsakláði við snertingu.

Hluti þeirra efna, sem flokkuð eru með hættusetningu H42, kunna einnig að valda ónæmistengdum ofsakláða við snertingu. Í slíkum tilvikum ætti að nota viðeigandi varnaðarsetningar, venjulega V24 og V36/37. Upplýsingar varðandi ofsakláða við snertingu ættu að koma fram í öryggisleiðbeiningum.
Þegar efni sem kallar fram merki um ónæmistengdan ofsakláða við snertingu fullnægir ekki skilyrðum fyrir hættusetningu H42 ber að skoða hvort rétt sé að nota hættusetningu H43.
Ekki er kostur á neinu viðurkenndu dýralíkani til að prófa fyrir ónæmistengdum ofsakláða við snertingu. Flokkunin hlýtur þess vegna að jafnaði að byggja á vísbendingum hjá mönnum sem eru svipaðar þeim sem eiga við um ofnæmi í snertingu við húð (sjá umfjöllun um H43).

1.7.a Krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi verkun og skaðleg áhrif á æxlun.

1.7.1.a Efni sem geta valdið krabbameini.

Efni sem flokkast sem krabbameinsvaldandi getur við innöndun, við inntöku eða í snertingu við húð valdið eða aukið tíðni krabbameins. Slíkum efnum er skipt í þrjá flokka byggt á fyrirliggjandi þekkingu.

1.7.1.1.a Efni sem geta valdið krabbameini, flokkur 1 og 2.

Krabbameinsvaldandi efni, flokkur 1 (Carc1):

Efni sem vitað er að veldur krabbameini í mönnum. Fyrir hendi eru nægar vísbendingar til að staðfesta að samband sé á milli áverkunar efnis og myndunar krabbameins í mönnum.

Krabbameinsvaldandi efni, flokkur 2 (Carc2):

Efni sem talið er að geti valdið krabbameini í mönnum. Vísbendingar gefa sterklega til kynna að áverkun efnis geti valdið krabbameini í mönnum. Þetta er einkum byggt á:

– langtímarannsóknum á dýrum,
– öðrum upplýsingum sem við eiga.

Krabbameinsvaldandi efni sem fellur í flokk 1 eða 2 fær varnaðarmerkið EITUR (T) ásamt annarri af neðangreindum hættusetningum á grundvelli eftirfarandi:

H45 Getur valdið krabbameini.
Krabbameinsvaldandi efni, flokkur 1 og 2, að undanskildum þeim sem fá hættusetningu H49.

H49 Getur valdið krabbameini við innöndun.
Krabbameinsvaldandi efni, flokkur 1 og 2, sem eingöngu hefur í för með sér hættu á krabbameini við innöndun, t.d. sem ryk, gufa eða úði (aðrar íkomuleiðir svo sem inntaka eða snerting við húð fela ekki í sér hættu á krabbameini).

1.7.1.2.a Efni sem geta valdið krabbameini, flokkur 3.

Krabbameinsvaldandi efni, flokkur 3 (Carc3):
Efni sem er varhugavert fyrir menn þar sem það gæti hugsanlega valdið krabbameini. Ekki liggja þó fyrir nægilegar upplýsingar til að viðunandi mat á áhrifum efnis geti farið fram. Dýrarannsóknir gefa vísbendingu um slíkt, en upplýsingarnar eru ekki nægilegar til að skipa efni í flokk 2 (Carc2).
Krabbameinsvaldandi efni sem fellur í flokk 3 fær varnaðarmerkið HÆTTULEGT HEILSU (Xn) ásamt neðangreindri hættusetningu:

H40 Getur valdið varanlegu heilsutjóni.

1.7.1.3.a Nánari forsendur fyrir flokkun krabbameinsvaldandi efna.
Efni er skipað í flokk 1 á grundvelli faraldsfræðilegra upplýsinga en efni er yfirleitt skipað í flokk 2 eða 3 á grundvelli dýratilrauna.
Fyrir flokkun efnis sem krabbameinsvaldandi, flokkur 2, þurfa annað hvort að liggja fyrir jákvæðar niðurstöður hjá tveimur dýrategundum eða greinilegar jákvæðar vísbendingar hjá einni dýrategund. Niðurstöður þessar þurfa m.a. að vera studdar með erfðaeiturefnafræðilegum upplýsingum, rannsóknum á umbrotum eða lífefnafræðilegum rannsóknum, framköllun góðkynja æxla eða upplýsingum úr faraldsfræðlegum rannsóknum sem benda til tengsla. Ef bygging efnis er sambærileg við byggingu annarra þekktra krabbameinsvalda getur það stutt flokkunina.

Flokkur 3 skiptist í tvo undirflokka:

a) Efni sem hafa verið rannsökuð vel en vísbendingar um æxlisframkallandi áhrif eru ekki nægar til að hægt sé að skipa þeim í flokk 2. Ekki er búist við að frekari rannsóknir veiti nánari upplýsingar sem máli skipta varðandi flokkunina.
b) Efni sem hafa ekki verið rannsökuð nægilega. Fyrirliggjandi gögn eru ófullnægjandi en benda til þess að efnin séu varhugaverð fyrir menn. Flokkunin er til bráðabirgða, frekari rannsóknir eru nauðsynlegar áður en hægt er að taka endanlega ákvörðun.

Þegar greina skal á milli flokka 2 og 3 skipta eftirtalin atriði máli fyrir hugsanlega verkun á menn, þar eð þau draga úr mikilvægi tilrauna sem sýnt hafa fram á æxlisvöxt. Þessi atriði, einkum ef um er að ræða fleiri en eitt, leiða í flestum tilvikum til skipunar í flokk 3, jafnvel þótt æxli kunni að hafa komið fram í dýrum:

– ef krabbameinsvaldandi verkun kemur því aðeins fram að notaðir séu mjög stórir skammtar sem eru umfram hámarksþolsskammt. Hámarksþolsskammtur einkennist af því að hann hefur í för með sér eiturverkanir sem geta valdið

breytingum í líkamsstarfsemi dýrsins, svo sem dregið 10% úr vexti, þrátt fyrir að þær stytti ekki ævilengd þess,
- ef æxli koma einungis fram í einstökum líffærum tiltekinna dýrategunda sem hafa sérstaka tilhneigingu til útbreiddrar, sjálfkominnar æxlismyndunar og þá einkum við stóra skammta,
- ef æxli koma einungis fram staðbundið á íkomustað á viðkvæmum stöðum (t.d. þegar efnasambönd með staðbundna verkun eru gefin undir húð eða í kviðarhol) og hið tiltekna líffæri skiptir ekki máli í mönnum,
- ef efni veldur ekki erfðabreytingum í skammtíma rannsóknum *in vivo* og *in vitro*,
- ef til staðar er annar verkunarþáttur, sem bendir til þröskuldsgildis við tiltekna skammtastærð (t.d. áhrif hormóna á líffæri eða á lífeðlisfræðileg stjórnkerfi og langvarandi örvun frumuskiptingar),
- ef myndunarháttur æxlis er háður dýrategund (t.d. vegna sérstakra umbrotsleiða) og skiptir ekki máli fyrir menn.

Þegar greina skal á milli efna í flokki 3 og efna sem flokkast ekki sem krabbameinsvaldandi gefa eftirfarandi atriði til kynna að efni sé ekki varhugavert fyrir menn:
- ef myndunarháttur æxlis í tilraun er þekktur og vitað er að hann getur ekki átt sér stað í mönnum,
- ef fyrir liggja upplýsingar, án annarra viðbótargagna, um lifraræxli í vissum næmum músarstofnum,
- taka verður sérstakt tillit til þess ef einu gögnin sem finnast um æxlismyndun eiga við um nýmyndun æxla á stöðum og í dýrategundum, þar sem er vel þekkt að æxli koma oft fram af sjálfsdáðum.

1.7.2.a Stökkbreytandi verkun.

Efni sem veldur stökkbreytingum getur við innöndun, við inntöku eða í snertingu við húð valdið eða aukið tíðni arfgengra skaða á erfðaefni. Slíkum efnum er skipt í þrjá flokka byggt á fyrirliggjandi þekkingu.

1.7.2.1.a Efni sem geta valdið stökkbreytingum, flokkur 1 og 2.

Efni sem veldur stökkbreytingum, flokkur 1 (Mut1):

Vitað er að efni veldur stökkbreytingum í mönnum. Fyrir liggja nægilegar vísbendingar til að staðfesta að samband sé á milli áverkunar efnis og arfgengs skaða á erfðaefni.

Efni sem veldur stökkbreytingum, flokkur 2 (Mut2):

Talið er að efni geti valdið stökkbreytingum í mönnum. Vísbendingar gefa sterklega til kynna að áverkun efnis geti valdið arfgengum skaða á erfðaefni í mönnum. Þetta er einkum byggt á:
- langtímarannsóknum á dýrum,
- öðrum upplýsingum sem við eiga.

Efni sem getur valdið stökkbreytingum og fellur í flokk 1 eða 2 fær varnaðarmerkið EITUR (T) ásamt neðangreindri hættusetningu:

H46 Getur valdið arfgengum skaða

1.7.2.2.a Efni sem geta valdið stökkbreytingum, flokkur 3.

Efni sem veldur stökkbreytingum, flokkur 3 (Mut3):

Efni sem er varhugavert fyrir menn þar sem það gæti hugsanlega valdið stökkbreytingum. Rannsóknir gefa vísbendingu um slíkt, en upplýsingarnar eru ekki nægilegar til að skipa efni í flokk 2.

Efni sem getur valdið stökkbreytingum og fellur í flokk 3 fær varnaðarmerkið HÆTTULEGT HEILSU (Xn) ásamt neðangreindri hættusetningu:

H40 Getur valdið varanlegu heilsutjóni

1.7.2.3.a Nánari forsendur fyrir flokkun efna sem geta valdið stökkbreytingum

Stökkbreyting er varanleg breyting á erfðamassa eða uppbyggingu erfðaefnis í lífveru sem leiðir til breytinga á svipgerðareiginleikum lífverunnar. Breytingarnar geta náð til einstakra gena, genahópa eða heilla litninga. Áhrif, sem ná til einstakra gena, geta verið afleiðing áhrifa á einstaka DNA-basa (punktbreytingar) eða víðtækari breytinga, þar á meðal brottfalls innan gens. Áhrif á heila litninga geta haft í för með sér breytingar á byggingu eða tölulegar breytingar. Stökkbreyting í kímfrumum lífvera með kynbundna æxlun getur erfst til afkvæmis.

Efni sem getur valdið stökkbreytingum er flokkað með tiltekinni tilvísun til arfgengra skaða á erfðaefni. Yfirleitt er þó einnig litið á niðurstöður, sem leiða til þess að efni er skipað í flokk 3, sem viðvörun um að efni geti verið krabbameinsvaldandi.

Stöðugt er unnið að þróun aðferða fyrir prófanir á efnum sem geta valdið stökkbreytingum. Ekki liggja fyrir neinar staðlaðar aðferðarlýsingar eða viðmið fyrir margar nýrri prófunaraðferðir. Við mat á gögnum verður að huga að gæðum prófana og hversu vel prófunaraðferðin hefur verið staðfest.

Flokkur 1.

Til þess að skipa efni í flokk 1 þurfa að liggja fyrir niðurstöður úr faraldsfræðilegum rannsóknum á stökkbreytingum í mönnum. Dæmi um slík efni eru enn óþekkt. Það er viðurkennt að erfitt sé að fá áreiðanlegar niðurstöður úr rannsóknum á nýgengi stökkbreytinga í mönnum eða hugsanlegri aukningu á tíðni þeirra.

Flokkur 2.

Til þess að skipa efni í flokk 2 þurfa að liggja fyrir niðurstöður úr rannsóknum sem sýna:

a2) Að efni veldur stökkbreytingum.

b2) Aðrar frumusamverkanir sem skipta máli fyrir stökkbreytingar í kímfrumum spendýra *in vivo*.

c2) Stökkbreytingar í líkamsfrumum spendýra ásamt greinilegum vísbendingum um að efni eða tilheyrandi umbrotsefni nái til kímfrumanna *in vivo*.

Eftirfarandi aðferðir eiga við um skipun í flokk 2:

a2) Rannsóknir á stökkbreytingum í kímfrumum *in vivo*:
- próf fyrir stökkbreytingu á tilteknu geni,
- próf á arfgengri litningayfirfærslu,
- próf á ríkjandi banvænni stökkbreytingu.

Með þessum prófunum sést hvort afkvæmi hefur í raun orðið fyrir áhrifum eða hvort galli sé í fóstri sem er að þroskast.

b2) Rannsóknir sem sýna samverkun við kímfrumur *in vivo* (yfirleitt DNA):
- próf á litningafrávikum, greindum með frumuerfðafræðilegum greiningum, þar með talið mislitnun sem orsakast af rangri aðgreiningu litninga,
- víxlunarpróf systurlitningsþráða (SCE),
- próf á ófyrirséðri DNA-nýmyndun (UDS),
- próf fyrir (samgildri) tengingu stökkbreytivaldandi efnis við DNA í kímfrumu,
- próf á öðrum gerðum DNA-skaða.

Niðurstöður þessara prófana eru í eðli sínu meira eða minna óbeinar. Jákvæðar niðurstöður eru að öllu jöfnu studdar niðurstöðum úr prófum *in vivo* á stökkbreytingum í líkamsfrumum spendýra eða manna (sjá flokk 3, einkum a3).

c2) *In vivo* próf sem sýna stökkbreytingar í líkamsfrumum spendýra (sjá a3), ásamt með eiturhvarfafræðilegum rannsóknum eða öðrum rannsóknum, sem geta sýnt fram á hvort efni, eða virkt umbrotsefni þess, nái til kímfrumnanna.

Líta má á jákvæðar niðurstöður úr hýsilháðu prófi eða merki um ótvíræð áhrif úr prófum *in vitro* sem viðbótarrök fyrir b2 og c2.

Flokkur 3.

Til þess að skipa efni í flokk 3 þurfa að liggja fyrir niðurstöður úr rannsóknum sem sýna:

a3) Að efni veldur stökkbreytingum.

b3) Aðrar frumusamverkanir sem skipta máli fyrir stökkbreytingar í líkamsfrumum spendýra *in vivo*.

Einkum hið síðarnefnda er að öllu jöfnu stutt jákvæðum niðurstöðum úr rannsóknum á stökkbreytingum *in vitro*.

Eftirfarandi aðferðir eiga við um áhrif á líkamsfrumur í prófunum *in vivo*:

a3) Rannsóknir á stökkbreytingum í líkamsfrumum *in vivo*:
- beinmergssmákjarnapróf eða miðfasagreining,
- miðfasagreining jaðareitilfrumna,
- blettapróf á músum (litablettir á húð músar).

b3) Prófanir á DNA-samverkun í líkamsfrumum *in vivo*:
- víxlunarpróf systurlitningsþráða (SCE) í líkamsfrumum,
- próf á ófyrirséðri DNA-nýmyndun (UDS) í líkamsfrumum,
- próf fyrir (samgildri) tengingu stökkbreytivaldandi efnis við DNA í kímfrumu,
- próf á DNA-skaða í líkamsfrumum, t.d. við basíska skolun.

Efni sem sýnir aðeins jákvæðar niðurstöður í einni eða fleiri prófunum á stökkbreytingum *in vitro,* ætti yfirleitt ekki að fá flokkunina getur valdið stökkbreytingum. Eindregið er hvatt til frekari rannsókna á slíku efni með því að nota greiningar *in vivo*. Í undantekningartilvikum mætti íhuga að skipa efni í flokk 3, t.d. efni sem sýnir sterk viðbrögð í nokkrum greiningum *in vitro* og efninu svipar þar að auki til annarra efna sem þekkt er að valda stökkbreytingum eða krabbameini, þó ekki séu til neinar upplýsingar úr *in vivo* prófunum sem máli skipta.

1.7.3.a Efni sem geta haft skaðleg áhrif á æxlun.

Efni sem hefur skaðleg áhrif á æxlun getur við innöndun, við inntöku eða í snertingu við húð haft skaðleg áhrif á þroska fósturs og afkvæma, óháð arfgengi eða aukið tíðni slíkra áhrifa, og/eða valdið skertri getu eða starfsemi æxlunarfæra hjá körlum og konum eða aukið tíðni slíkra áhrifa. Slíkum efnum er skipt í þrjá flokka byggt á fyrirliggjandi þekkingu:

1.7.3.1.a Efni sem geta haft skaðleg áhrif á æxlun, flokkur 1 og 2.

Efni sem hefur skaðleg áhrif á æxlun, flokkur 1 (Rep1):

a) Efni sem dregur úr frjósemi manna. Fyrir liggja nægilegar vísbendingar sem staðfesta samband á milli áverkunar efnis og skertrar frjósemi manna.

b) Efni sem hefur skaðleg áhrif á fóstur og afkvæmi manna. Fyrir liggja nægilegar vísbendingar til að staðfesta að samband sé á milli áverkunar efnis og skaðlegra áhrifa á þroska fósturs og afkvæmis.

Efni sem hefur skaðleg áhrif á æxlun, flokkur 2 (Rep2):

a) Efni sem talið er að geti dregið úr frjósemi manna. Vísbendingar gefa nægilega sterklega til kynna að áverkun efnis geti valdið skertri frjósemi manna. Þetta er einkum byggt á:

- skýrum vísbendingum úr dýraprófunum um skerta frjósemi án annarra eiturhrifa, eða vísbendingum um skerta frjósemi sem kemur í ljós við því sem næst sömu skammta og önnur eiturhrif, án þess að vera ósértæk fylgiafleiðing þeirra,
- öðrum upplýsingum sem við eiga.

b) Efni sem talið er að geti haft skaðleg áhrif á fóstur og afkvæmi manna. Fyrir liggja nægilegar vísbendingar til að álykta að áverkun efnis geti haft skaðleg áhrif á þroska fósturs og afkvæma. Þetta er einkum byggt á:
- skýrum niðurstöðum úr dýraprófunum þar sem komið hafa fram skaðleg áhrif á þroska fósturs og afkvæmis án þess að vart hafi orðið verulegra eiturhrifa á móður, eða áhrif sem koma í ljós við því sem næst sömu skammta og önnur eiturhrif, án þess að vera ósértæk fylgiafleiðing þeirra,
- öðrum upplýsingum sem við eiga.

Efni sem getur haft skaðleg áhrif á æxlun og fellur í flokk 1 eða 2 fær varnaðarmerkið EITUR (T) ásamt annarri eða báðum neðangreindum hættusetningum á grundvelli eftirfarandi:

H60 Getur dregið úr frjósemi
- Efni sem dregur úr frjósemi manna.
- Efni sem talið er geta dregið úr frjósemi manna.

H61 Getur skaðað barn í móðurkviði
- Efni sem hefur skaðleg áhrif á fóstur og afkvæmi manna.
- Efni sem talið er geta haft skaðleg áhrif á fóstur og afkvæmi manna.

1.7.3.2. Efni sem geta haft skaðleg áhrif á æxlun, flokkur 3

Efni sem hefur skaðleg áhrif á æxlun, flokkur 3 (Rep3):

a) Efni sem er varhugavert með tilliti til frjósemi. Flokkun er einkum byggð á:
- niðurstöðum úr dýraprófunum sem vekja nægilega sterkan grun um skerta frjósemi án eiturhrifa, eða að vart verður skertrar frjósemi við því sem næst sömu skammta og annarra eiturhrifa, án þess að vera ósértæk fylgiafleiðing þeirra. Ekki eru þó nægilegar vísbendingar til að skipa efni í flokk 2,
- öðrum upplýsingum sem máli skipta.

b) Efni sem er varhugavert fyrir menn vegna hugsanlegra skaðlegra áhrifa á fóstur og afkvæmi. Flokkun er einkum byggð á:
- niðurstöðum úr dýraprófunum sem vekja nægilega sterkan grun um skaðleg áhrif á þroska fósturs og afkvæmis manna án þess að vart hafi orðið verulegra eiturhrifa á móður, eða að þeirra verður vart við því sem næst sömu skammta og annarra eiturhrifa, án þess að vera ósértæk fylgiafleiðing þeirra. Ekki eru þó nægileg rök til að skipa efni í flokk 2,
- öðrum upplýsingum sem máli skipta.

Efni sem getur haft skaðleg áhrif á æxlun og fellur í flokk 3 fær varnaðarmerkið HÆTTULEGT HEILSU (Xn) ásamt annarri eða báðum neðangreindum hættusetningum á grundvelli eftirfarandi:

H62 Getur hugsanlega dregið úr frjósemi
Efni sem er varhugavert með tilliti til frjósemi.

H63 Getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði
Efni sem er varhugavert fyrir menn vegna hugsanlegra skaðlegra áhrifa á fóstur og afkvæmi manna.

1.7.3.3.a Nánari forsendur fyrir flokkun efna sem geta haft skaðleg áhrif á æxlun.

Undir skaðleg áhrif á æxlun fellur skert geta eða starfsemi æxlunarfæra hjá körlum og konum og óarfgeng skaðleg áhrif á þroska fósturs og afkvæmis. Þessum áhrifum má skipta í tvo meginflokka, áhrif á frjósemi karla eða kvenna og skaðleg áhrif á þroska fósturs og afkvæmis.

1) Áhrif á frjósemi karla eða kvenna nær til kynlöngunar, kynhegðunar, allra þátta sæðismyndunar/eggmyndunar svo og til hormónastarfsemi og líffæraviðbragða sem vinnur gegn frjóvgunarhæfni, sjálfri frjóvguninni og þroska frjóvgaðs eggs fram að og að meðtaldri bólfestu í slímhúð.
2) Skaðleg áhrif á æxlun ná í víðasta skilningi yfir öll áhrif sem vinna gegn eðlilegum þroska, jafnt fyrir sem eftir fæðingu. Undir þetta hugtak falla skaðleg áhrif sem hafa orðið fyrir fæðingu og komið fram fyrir eða eftir fæðingu. Þar eru meðtalin eiturhrif á fósturvísi og fóstur á borð við skertan líkamsþunga, seinkun vaxtar og þroska, eiturhrif á líffæri, dauða, fósturlát, galla á líkamsbyggingu (vansköpun), galla á líkamsstarfsemi, galla sem koma fram við eða eftir fæðingu og skertan andlegan eða líkamlegan þroska eftir fæðingu, fram að og að meðtöldum eðlilegum kynþroska.

Flokkun efna, sem hafa skaðleg áhrif á æxlun, er ætlað að ná til þeirra efna sem hafa eðlislæga eða sértæka eiginleika sem kalla fram slík eiturhrif. Ekki skal skipa efni í þennan flokk ef slík áhrif koma eingöngu fram sem ósértæk fylgiafleiðing annarra eiturhrifa. Varhugaverðust eru þau efni sem hafa eiturhrif á æxlun í skömmtum, sem valda ekki öðrum eiturhrifum.

Efni er skipað í flokk 1 vegna áhrifa á frjósemi og/eða vegna eiturhrifa á æxlun á grundvelli faraldsfræðilegra upplýsinga. Efni er skipað í flokk 2 eða 3 aðallega á grundvelli upplýsinga úr dýratilraunum. Gögn úr rannsóknum *in vitro* eða rannsóknir á fuglseggjum teljast til viðbótarvísbendinga og geta aðeins orðið undirstaða flokkunar í undantekningartilvikum ef ekki eru til gögn úr rannsóknum *in vivo*.

Gera má ráð fyrir því að neðan ákveðins þröskuldsgildis komi ekki fram skaðleg áhrif efnis sem hefur eiturhrif á æxlun, eins og raunin er með flest önnur eiturhrif. Þótt sýnt hafi verið fram á greinileg áhrif í dýratilraunum kann það að hafa litla þýðingu fyrir menn vegna þeirra skammta sem notaðir voru, t.d. þegar áhrifin hafa eingöngu komið fram við stóra skammta, eða þegar verulegur munur er á eiturefnaferli eða þegar íkomuleið á ekki við. Í slíkum tilvikum kann að vera rétt að skipa efni í flokk 3 eða að flokka ekki efnið.

Í prófunaraðferðum er tilgreint magnpróf fyrir efni sem hafa lítil eiturhrif. Ef engin merki eru um skaðleg áhrif á æxlun við inntöku skammts sem er að minnsta kosti 1000 mg/kg, má líta svo á að rannsóknir með öðrum skömmtum séu óþarfar. Ef til eru gögn úr rannsóknum sem gerðar hafa verið með stærri skömmtum en fyrrgreindum markskammti, skal leggja mat á þau ásamt öðrum gögnum sem máli skipta. Við venjulegar aðstæður er litið svo á að áhrif sem aðeins koma fram við stærri skammta en markskammtinn, leiði ekki nauðsynlega til flokkunarinnar: hefur skaðleg áhrif á æxlun.

Áhrif á frjósemi.

Til þess að skipa efni í flokk 2 vegna skertrar frjósemi skulu að jafnaði liggja fyrir skýrar vísbendingar um slík áhrif í einni dýrategund. Einnig þurfa að liggja fyrir viðbótarupplýsingar um verkunarferil og verkunarstað, efnafræðilegan skyldleika við önnur efni sem vitað er að valda skertri frjósemi eða aðrar upplýsingar

sem benda til að líkur séu á að slík áhrif komi fram hjá mönnum. Ef eingöngu liggja fyrir rannsóknir á einni dýrategund án viðbótargagna kann að vera rétt að skipa efni í flokk 3.
Þar eð skert frjósemi getur komið fram sem ósértæk fylgiafleiðing alvarlegrar almennrar eitrunar, eða sem afleiðing alvarlegs þróttleysis vegna næringarskorts, skal aðeins skipa efni í flokk 2 ef vísbendingar eru um að það hafi að einhverju marki sértæk eiturhrif á æxlunarfærin. Þegar sýnt hefur verið fram á að skert frjósemi í dýrarannsóknum stafi af því að dýrin pöruðu sig ekki er að jafnaði nauðsynlegt, til að skipa megi efni í flokk 2, að vísbendingar séu um verkunarferilinn þannig að unnt sé að meta hvort líklegt sé að skaðleg áhrif á borð við breytingar á hormónalosun eigi sér stað í mönnum.

Skaðleg áhrif á æxlun.
Til þess að skipa efni í flokk 2 skulu vera skýrar vísbendingar um skaðleg áhrif úr vönduðum rannsóknum á einni eða fleiri dýrategundum. Þar eð skaðleg áhrif á meðgöngu eða eftir fæðingu geta verið fylgiafleiðing eiturhrifa á móður, ónógrar fæðu eða vatns, streitu hjá móður, skorts á umönnun móður, sértæks fæðuskorts, lélegra eldisskilyrða, viðbótarsýkinga o.s.frv., þá er mikilvægt að áhrifin hafi komið fram í vönduðum rannsóknum og við skammta sem ekki valda verulegri eitrun hjá móður. Íkomuleiðin skiptir einnig miklu máli. Einkum getur ertandi efni, sem gefið er í kviðarhol, valdið staðbundnum skemmdum á legi sem og innihaldi þess. Niðurstöður slíkra rannsókna verður að túlka með varúð og er flokkun venjulega ekki byggð á þeim einum.
Skipun í flokk 3 byggist á svipuðum viðmiðum og fyrir flokk 2 en hana má nota þegar gallar eru á skipulagi tilrauna sem gera niðurstöðurnar síður trúverðugar, eða þegar ekki er unnt að útiloka þann möguleika að verkunin hafi orðið vegna ósértækra áhrifa á borð við útbreidda eitrun.
Yfirleitt er efni skipað í flokk 3, eða tekin ákvörðun um að flokka það ekki, á grundvelli athugunar í hverju tilviki fyrir sig þegar ekki eru þekktar aðrar verkanir en: smávægilegar breytingar á fjölda sjálfkominna galla, smávægilegar breytingar á hlutföllum milli algengra afbrigða á borð við þær sem sjást í rannsóknum á beinagrindum, eða smávægilegur munur sem kemur fram við mat á þroska eftir fæðingu.

Mjólkurmyndun og brjóstagjöf.
Efni sem hefur skaðleg áhrif á æxlun og sem einnig er varhugavert þar eð það hefur áhrif á mjólkurmyndun eða brjóstagjöf skal að auki merkt með hættusetningu H64, sjá tl. 1.8.a.
Stafi skaðleg áhrif á afkvæmi *eingöngu* frá móðurmjólk eða af *beinni* áverkun á börn, án þess að slík áhrif skerði þroska afkvæmanna, er ekki litið svo á við flokkun efnis að það hafi skaðleg áhrif á æxlun.
Efni sem ekki hefur skaðleg áhrif á æxlun en er varhugavert vegna eiturhrifa þegar það berst til barna með móðurmjólk, ber að merkja með H64. Þessi hættusetning kann einnig að eiga við um efni sem hafa áhrif á magn eða gæði mjólkur.

Hættusetning H64 er að jafnaði notuð á grundvelli:
a) Rannsókna á eiturhvörfum sem benda til þess að í móðurmjólk gæti verið nægilega mikið af efni til þess að valda eitrun.
b) Rannsókna á einni eða tveimur kynslóðum dýra sem benda til þess að afkvæmin hafi orðið fyrir skaðlegum áhrifum vegna þess að efni hafi borist til þeirra með móðurmjólk.

c) Athugana á mönnum sem benda til þess að börnum geti stafað hætta af móðurmjólk.

Efni sem vitað er að safnast fyrir í líkamanum og geta síðan borist með mjólk við brjóstagjöf má merkja með hættusetningu H33 eða H64.

1.8.a Önnur eiturhrif.

Efni og efnablöndur, sem eru hættuflokkuð í samræmi við önnur ákvæði í þessu fylgiskjali, fá viðbótarhættusetningar í samræmi við eftirfarandi forsendur:

H29 Myndar eitraðar lofttegundir í snertingu við vatn
Notað um efni og efnablöndur sem í snertingu við vatn eða rakt loft mynda mjög eitraðar eða eitraðar gastegundir sem gætu verið í hættulegu magni, t.d. álfosfíð og fosfórpentasúlfíð.

H31 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru
Notað um efni og efnablöndur sem hvarfast við sýru og mynda eitraðar lofttegundir í hættulegu magni, t.d. natríumhýpóklórít og baríumpólýsúlfíð. Fyrir vörur til almennra nota á varnaðarsetning V50 betur við (Má ekki blanda með sýru).

H32 Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru
Notað um efni og efnablöndur sem hvarfast við sýru og mynda mjög eitraðar lofttegundir í hættulegu magni, t.d. vetnissýaníðsölt og natríumazíð. Fyrir vörur til almennra nota á varnaðarsetning V50 betur við (Má ekki blanda með sýru).

H33 Hætta á heilsutjóni eykst við reglubundna notkun
Notað um efni og efnablöndur sem líklegt er að safnist fyrir í líkamanum og ástæða er til að vara við en þó er ekki talið réttlætanlegt að nota hættusetningu H48.

H64 Getur skaðað brjóstmylkinga
Notað um efni og efnablöndur sem líkami móður tekur upp og geta haft áhrif á brjóstagjöf eða mjólkurmyndun eða verið til staðar í móðurmjólk í nægjanlegu magni til að geta skaðað heilsu brjóstmylkinga, sbr. tl. 1.7.3.3.a.

Fleiri viðbótarhættusetningar eru tilteknar í kafla II, tl. 2.6.

B. Samsettar efnavörur – reikniaðferðir.

Flokkun samsettrar efnavöru er háð styrk og flokkun einstakra efnisþátta. Við mat á skaðsemi vöru skal taka tillit til allra innihaldsefna, sem hafa áhrif á heilsu og flokkast sem eiturefni eða hættuleg efni, sbr. A-hluta, jafnvel þó þau séu aðeins til staðar sem óhreinindi eða aukefni.

Ekki þarf að taka tillit til innihaldsefna sem eru í minna magni en hér segir, nema að lægri mörk séu sett fyrir viðkomandi efni í fylgiskjali 1, lista yfir eiturefni og hættuleg efni:

Hættuflokkun efnis:	*Styrkur:*
Sterkt eitur (Tx)	0,1%
Eitur (T)	0,1%
Hættulegt heilsu (Xn)	1%
Ætandi (C)	1%
Ertandi (Xi)	1%

Styrkur efna reiknast sem hlutfall af þyngd nema fyrir loftkennd efni þar sem notað er rúmmálshlutfall. Taka skal tillit til þess þegar við á að í efnablöndu geta efni ýmist aukið eða dregið úr skaðlegum áhrifum hvers annars. Þetta gildir jafnt þó efnið sem veldur áhrifunum flokkist ekki sem hættulegt.

Styrkmörk fyrir flokkun efnavöru eru birt í viðeigandi töflum. Líta skal bæði til hættuflokks og hættusetninga.
Yfirlit yfir töflur í þessum kafla:
Tafla 1: Bráð eiturhrif; Tx (H26, H27, H28), T (H23, H24, H25), Xn (H20, H21, H22).
Tafla 2: Varanlegur skaði eftir notkun einu sinni; Tx (H39), T (H39), Xn (H40).
Tafla 3: Alvarlegt heilsutjón eftir endurtekna eða langvarandi notkun; T (H48), Xn (H48).
Tafla 4: Ætandi og ertandi efni; C (H35, H34), Xi (H36, H37, H38, H41).
Tafla 5: Ofnæmisvaldandi efni; Xn (H42), Xi (H43).
Tafla 6: Krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi verkun og skaðleg áhrif á æxlun; T (H45, H46, H49, H60, H61), Xn (H40, H62, H63).
Töflur 7 – 12: Loftkenndar efnablöndur.

Ef einungis eitt hættulegt efni er í vörunni er hægt að finna flokkun hennar í töflunum á grundvelli hættuflokkunar efnis (sbr. fylgiskjal 1) og út frá styrk efnis. Ef tiltekin eru sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 skal nota þau í stað styrkmarka í töflunum. Hugsanlegt er að efni flokkist skv. fleiri en einni af framangreindum töflum.

Þegar fleiri en eitt hættulegt efni eru í vörunni á eftirfarandi við:
a) Fyrir efni sem hafa bráð eiturhrif og fyrir ertandi og ætandi efni þaf að nota reikniaðferðir sem lýst er hér á eftir til að ákvarða hættuflokkun vörunnar. Sem dæmi geta eiturefni lagt til flokkunar vöru sem HÆTTULEG HEILSU og ætandi efni geta lagt til flokkunar vöru sem ERTANDI.
b) Fyrir efni sem tiltekin eru í töflu 2 - 3 og 5 - 6 er hvert efni skoðað sérstaklega og hættuflokkun vörunnar fundin með aðstoð viðkomandi töflu.

1.1.b Bráð eiturhrif.

Við flokkun vöru vegna bráðra eiturhrifa skal taka tillit til þeirra innihaldsefna sem flokkast sem sterkt eitur (Tx), eitur (T) eða hættuleg heilsu (Xn), sbr. tl. 1.1.a. Þetta á þó ekki við um innihaldsefni sem geta valdið lungnaskaða við innöndun og fá hættusetningu H65. Fyrir slík efni er vísað til umfjöllunar um hættusetningu H65 í tl. 1.1.3.a.

1.1.1.b Eitt efni.

Þegar einungis eitt innihaldsefni í efnavöru er flokkað vegna bráðra eiturhrifa, skal nota styrkmörk í töflu 1 til að ákvarða flokkun vörunnar ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1.

Tafla 1. Flokkun efnavöru vegna bráðra eiturhrifa. Nota skal eina eða fleiri hættusetningar í samræmi við flokkun efnis í fylgiskjali 1.

<table>
<tr><th rowspan="2">Styrkur efnis í efnavöru</th><th colspan="3">Hættuflokkun efnis</th></tr>
<tr><th>Tx (H26, H27, H28)</th><th>T (H23, H24, H25)</th><th>Xn (H20, H21, H22)</th></tr>
<tr><td>0% < styrkur < 0,1%</td><td></td><td rowspan="2"></td><td rowspan="3"></td></tr>
<tr><td>0,1% ≤ styrkur < 1%</td><td>Xn (H20, H21, H22)</td></tr>
<tr><td>1% ≤ styrkur < 3%</td><td rowspan="2">T (H23, H24, H25)</td></tr>
<tr><td>3% ≤ styrkur < 7%</td><td rowspan="2">Xn (H20, H21, H22)</td></tr>
<tr><td>7% ≤ styrkur < 25%</td><td rowspan="2">Tx (H26, H27, H28)</td><td rowspan="2"></td></tr>
<tr><td>styrkur ≥ 25%</td><td>T (H23, H24, H25)</td><td>Xn (H20, H21, H22)</td></tr>
</table>

1.1.2.b Fleiri efni.

Hér á eftir eru reiknireglur sem gilda fyrir efnavörur sem í eru fleiri en eitt efni flokkuð vegna bráðra eiturhrifa. Til að finna samanlagðan styrk efna er notuð jafna þar sem deilt er í styrk sérhvers efnis (P) með styrkmörkum fyrir flokkun efnisins (L, sjá töflu 1). Reiknuð er summan fyrir öll innihaldsefni í vörunni.

1.1.2.b Sterkt eitur

Taka skal tillit til efna sem flokkast sem sterkt eitur. Vara flokkast sem *sterkt eitur* (Tx) ef eftirfarandi jafna gildir,

$$\sum\left(\frac{P_{Tx}}{L_{Tx,\,Tx}}\right)\geq 1$$

þar sem P er styrkur sérhvers efnis sem flokkast sem sterkt eitur (P_{Tx}) og L er styrkmörk fyrir flokkun efnis sem sterkt eitur ($L_{Tx,Tx}$).

Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 1:

$$L_{Tx,Tx} = 7\%$$

1.1.2.2.b Eitur.

Taka skal tillit til efna sem flokkast sem sterkt eitur eða eitur. Vara flokkast sem *eitur* (T) ef eftirfarandi jafna gildir,

$$\sum\left(\frac{P_{Tx}}{L_{Tx,\,T}}+\frac{P_T}{L_{T,\,T}}\right)\geq 1$$

þar sem P er styrkur sérhvers efnis sem flokkast sem sterkt eitur (P_{Tx}) eða eitur (P_T) og L er styrkmörk fyrir flokkun efnis sem eitur ($L_{Tx,T}$ fyrir sterkt eitur og $L_{T,T}$ fyrir eitur).

Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 1:

$$L_{Tx,T} = 1\%,\ L_{T,T} = 25\%$$

1.1.2.3.b Hættulegt heilsu.

Taka skal tillit til efna sem flokkast sem sterkt eitur, eitur eða hættuleg heilsu. Vara flokkast sem *hættuleg heilsu* (Xn) ef eftirfarandi jafna gildir,

$$\sum\left(\frac{P_{Tx}}{L_{Tx,\,Xn}}+\frac{P_T}{L_{T,\,Xn}}+\frac{P_{Xn}}{L_{Xn,\,Xn}}\right)\geq 1$$

þar sem P er styrkur sérhvers efnis sem flokkast sem sterkt eitur (P_{Tx}), eitur (P_T) eða hættulegt heilsu (P_{Xn}) og L er styrkmörk fyrir flokkun efnis sem hættulegt heilsu ($L_{Tx,Xn}$ fyrir sterkt eitur, $L_{T,Xn}$ fyrir eitur og $L_{Xn,Xn}$ fyrir hættulegt heilsu).

Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 1:

$$L_{Tx,Xn} = 0{,}1\%,\ L_{T,Xn} = 3\%,\ L_{Xn,Xn} = 25\%$$

1.2.b Varanlegur skaði eftir notkun í eitt skipti.

Skoða skal efnavörur sem í eru efni flokkuð með hættusetningu H39 eða H40 með tilliti til varanlegs skaða eftir notkun í eitt skipti, sbr. tl. 1.2.a. Hvert efni skoðast sérstaklega. Tilgreina skal íkomuleið með samtengdum hættusetningum í samræmi

við flokkun efnis í fylgiskjali 1. Nota skal styrkmörk sem gefin eru í töflu 2 ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1.

Tafla 2. Flokkun efnavöru vegna varanlegs skaða eftir notkun í eitt skipti.

Styrkur efnis í efnavöru	**Hættuflokkun efnis**		
	Tx (H39)	T (H39)	Xn (H40)
0% < styrkur < 0,1%			
0,1% ≤ styrkur < 1%	Xn (H40)		
1% ≤ styrkur < 10%	T (H39)	Xn (H40)	
styrkur ≥ 10%	Tx (H39)	T (H39)	Xn (H40)

1.3.b ***Alvarlegt heilsutjón eftir endurtekna eða langvarandi notkun.***
Skoða skal efnavörur sem í eru efni flokkuð með hættusetningu H48 með tilliti til alvarlegs heilsutjóns eftir endurtekna eða langvarandi notkun, sbr. tl. 1.3.a. Hvert efni skoðast sérstaklega. Tilgreina skal íkomuleið með samtengdum hættusetningum í samræmi við flokkun efnis í fylgiskjali 1. Nota skal styrkmörk sem gefin eru í töflu 3 ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1.

Tafla 3. Flokkun efnavöru vegna alvarlegs heilsutjóns eftir endurtekna eða langvarandi notkun.

Styrkur efnis í efnavöru	**Hættuflokkun efnis**	
	T (H48)	Xn (H48)
0% ≤ styrkur < 1%		
1% ≤ styrkur < 10%	Xn (H48)	
styrkur ≥ 10%	T (H48)	Xn (H48)

1.4.b ***Ætandi og ertandi efni.***
Við flokkun vöru sem ætandi eða ertandi skal taka tillit til þeirra innihaldsefna sem flokkast sem ætandi (C) með hættusetningar H34 eða H35 og ertandi (Xi) með hættusetningar H36, H37, H38 eða H41, sbr. tl. 1.5.a.

1.4.1.b Eitt efni.
Þegar einungis eitt innihaldsefni í efnavöru er flokkað sem ætandi eða ertandi, skal nota töflu 4 til að ákvarða flokkun ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1.

Tafla 4. Flokkun efnavöru sem ætandi eða ertandi. Nota skal eina eða fleiri hættusetningar í samræmi við flokkun efnis í fylgiskjali 1.

Styrkur efnis í efnavöru	Hættuflokkun efnis			
	C (H35)*	C (H34)*	Xi (H41)	Xi (H36, H37,H38)
0% ≤ styrkur < 1%				
1% ≤ styrkur < 5%	Xi (H36/38)			
5% ≤ styrkur < 10%	C (H34)	Xi (H36/38)	Xi (H36)	
10% ≤ styrkur < 20%	C (H35)	C (H34)	Xi (H41)	
styrkur ≥ 20%				Xi (H36, H37,H38)

* Samkvæmt athugasemd í tl. 1.5.2.a skulu ætandi efni sem fengið hafa hættusetningar H35 eða H34 einnig skoðast með tilliti til hættusetningar H41. Ef efnablanda inniheldur ætandi efni undir styrkmörkum fyrir flokkun sem ætandi, skal taka tillit til þeirra við flokkun blöndunnar sem ertandi með H41 eða H36, sbr. tl. 1.4.2.3.b og 1.4.2.5.b.

1.4.2.b Fleiri efni.

Hér á eftir eru reiknireglur sem gilda fyrir efnavörur sem í eru fleiri en eitt efni sem flokkuð eru sem ætandi eða ertandi. Til að finna samanlagðan styrk efna er notuð jafna þar sem deilt er í styrk sérhvers efnis (P) með styrkmörkum fyrir flokkun efnisins (L, sjá töflu 4). Reiknuð er summan fyrir öll innihaldsefni í vörunni.

1.4.2.1.b Ætandi með hættusetningu H35.

Taka skal tillit til efna sem flokkast sem ætandi með H35. Vara flokkast sem *ætandi* (C) ef eftirfarandi jafna gildir,

$$\sum\left(\frac{P_{H35}}{L_{H35,\,H35}}\right) \geq 1$$

þar sem P er styrkur sérhvers efnis sem flokkast sem ætandi (P_{H35}) og L er styrkmörk fyrir flokkun efnis sem ætandi ($L_{H35,H35}$).
Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 4:

$$L_{H35,H35} = 10\%$$

1.4.2.2.b Ætandi með hættusetningu H34.

Taka skal tillit til efna sem flokkast sem ætandi með H34 eða H35. Vara flokkast sem *ætandi* (C) ef eftirfarandi jafna gildir,

$$\sum\left(\frac{P_{H35}}{L_{H35,\,H34}} + \frac{P_{H34}}{L_{H34,\,H34}}\right) \geq 1$$

þar sem P er styrkur sérhvers efnis sem flokkast sem ætandi með H35 (P_{H35}) og ætandi með H34 (P_{H34}) og L er styrkmörk fyrir flokkun efnis sem ætandi ($L_{H35,H34}$ fyrir efni flokkuð með H35 og $L_{H34,H34}$ fyrir efni flokkuð með H34).
Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 4:

$$L_{H35,H34} = 5\%,\ L_{H34,H34} = 10\%$$

1.4.2.3.b Ertandi með hættusetningu H41.

Taka skal tillit til efna sem flokkast sem ertandi með H41 og einnig efna sem flokkast sem ætandi með H34 eða H35, sbr. athugasemd við töflu 4. Vara flokkast sem ertandi (Xi) ef eftirfarandi jafna gildir,

$$\sum\left(\frac{P_{H35}}{L_{H35,\,H41}}+\frac{P_{H34}}{L_{H34,\,H41}}+\frac{P_{H41}}{L_{H41,\,H41}}\right)\geq 1$$

þar sem P er styrkur sérhvers efnis sem flokkast sem ætandi með H35 (P_{H35}), ætandi með H34 (P_{H34}) og ertandi með H41 (P_{H41}) og L er styrkmörk fyrir flokkun efnis sem ertandi ($L_{H35,H41}$ fyrir efni flokkuð með H35 og $L_{H34,H41}$ fyrir efni flokkuð með H34 og $L_{H41,H41}$ fyrir efni flokkuð með H41).

Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 4:

$L_{H35,H41}$ = 5%, $L_{H34,H41}$ = 10%, $L_{H41,H41}$ = 10%

1.4.2.4.b Ertandi með hættusetningu H38.

Taka skal tillit til efna sem flokkast sem ætandi með H34 eða H35 og ertandi með H38. Vara flokkast sem *ertandi* (Xi) ef eftirfarandi jafna gildir,

$$\sum\left(\frac{P_{H35}}{L_{H35,\,H38}}+\frac{P_{H34}}{L_{H34,\,H38}}+\frac{P_{H38}}{L_{H38,\,H38}}\right)\geq 1$$

þar sem P er styrkur sérhvers efnis sem flokkast sem ætandi með H35 (P_{H35}), ætandi með H34 (P_{H34}) og ertandi með H38 (P_{H38}) og L er styrkmörk fyrir flokkun efnis sem ertandi ($L_{H35,H38}$ fyrir efni flokkuð með H35 og $L_{H34,H38}$ fyrir efni flokkuð með H34 og $L_{H38,H38}$ fyrir efni flokkuð með H38).

Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 4:

$L_{H35,H38}$ =1%, $L_{H34,H38}$ = 5%, $L_{H38,H38}$ = 20%

1.4.2.5.b Ertandi með hættusetningu H36.

Taka skal tillit til efna sem flokkast sem ætandi með H34 eða H35 og ertandi með H41 eða H36. Vara flokkast *ertandi* (Xi) ef eftirfarandi jafna gildir,

$$\sum\left(\frac{P_{H35}}{L_{H35,\,H36}}+\frac{P_{H34}}{L_{H34,\,H36}}+\frac{P_{H41}}{L_{H41,\,H36}}+\frac{P_{H36}}{L_{H36,\,H36}}\right)\geq 1$$

þar sem P er styrkur sérhvers efnis sem flokkast sem ætandi með H35 (P_{H35}), ætandi með H34 (P_{H34}), ertandi með H41 (P_{H41}) og ertandi með H36 (P_{H36}) og L er styrkmörk fyrir flokkun efnis sem ertandi ($L_{H35,H36}$ fyrir efni flokkuð með H35 og $L_{H34,H36}$ fyrir efni flokkuð með H34, $L_{H41,H36}$ fyrir efni flokkuð með H41og $L_{H36,H36}$ fyrir efni flokkuð með H36).

Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 4:

$L_{H35,H36}$ = 1%, $L_{H34,H36}$ = 5%, $L_{H41,H36}$ = 5%, $L_{H36,H36}$ = 20%

1.4.2.6.b Ertandi með hættusetningu H37.

Taka skal tillit til efna sem flokkast sem ertandi með H37. Vara flokkast *ertandi* (Xi) ef eftirfarandi jafna gildir,

$$\sum\left(\frac{P_{H37}}{L_{H37,\,H37}}\right)\geq 1$$

þar sem P er styrkur sérhvers efnis sem flokkast sem ertandi með H37 (P_{H37}) og L er styrkmörk fyrir flokkun efnis sem ertandi ($L_{H37,H37}$).

Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 4:

$L_{H37,H37}$ = 20%

1.5.b ***Ofnæmisvaldandi efni.***

Skoða skal efnavörur sem í eru efni flokkuð með hættusetningu H42 eða H43 með tilliti til ofnæmisáhrifa, sbr. tl. 1.6.a. Hvert efni skoðast sérstaklega. Nota skal styrkmörk sem gefin eru í töflu 5 ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1.

Tafla 5. Flokkun efnavöru sem inniheldur ofnæmisvaldandi efni.

Styrkur efnis í efnavöru	**Hættuflokkun efnis**	
	Xn (H42)	Xi (H43)
0% ≤ styrkur < 1%		
styrkur ≥ 1%	Xn (H42)	Xi (H43)

1.6.b ***Krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi verkun og skaðleg áhrif á æxlun.***

Við flokkun vöru sem í eru efni sem flokkast sem krabbameinsvaldandi, efni sem geta valdið stökkbreytingum eða hafa skaðleg áhrif á æxlun, sbr. tl. 1.7.a, skal nota styrkmörk í töflu 6. Hvert efni er skoðað sérstaklega og sérhver áhrif skoðuð fyrir sig. Fyrir einstaka efni eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1.

Tafla 6. Flokkun efnavöru með innihaldsefni sem flokkuð eru sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi eða efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun.

Flokkun efnis	**Styrkur efnis í efnavöru**
Krabbameinsvaldandi, flokkur Carc1 og Carc2 (T með H45 eða H49)	styrkur ≥ 0,1%
Krabbameinsvaldandi, flokkur Carc3 (Xn með H40)	styrkur ≥ 1%
Efni sem valda stökkbreytingum, flokkur Mut1 og Mut2 (T með H46)	styrkur ≥ 0,1%
Efni sem valda stökkbreytingum, flokkur Mut3 (Xn með H40)	styrkur ≥ 1%
Skaðleg áhrif á æxlun, flokkur Rep1 og Rep2 (T með H60 og/eða H61)	styrkur ≥ 0,5%
Skaðleg áhrif á æxlun, flokkur Rep3 (Xn með H62 og/eða H63)	styrkur ≥ 5%

1.7.b ***Önnur eiturhrif.***

Varðandi efnavörur sem innihalda efni sem flokkuð eru með hættusetningar H29, H31 og H32 er vísað til tl. 1.8.a.

Ef efnablanda inniheldur ≥ 1% af efni flokkað með hættusetningu H33 eða H64, skal sú setning standa á merkimiða efnavörunnar. Fyrir einstaka efni eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1.

1.8.b ***Loftkenndar efnablöndur.***

Við flokkun loftkenndrar efnablöndu eru notaðar sömu aðferðir og greint hefur verið frá í tl. 1.1.b – 1.7.b, að því frátöldu að önnur styrkmörk gilda en í töflum 1 – 6 og eru þau birt í töflum 7 – 11 hér á eftir.

1.8.1.b Bráð eiturhrif.

Í stað töflu 1 gildir tafla 7.

Tafla 7. Flokkun **loftkenndrar** efnablöndu vegna bráðra eiturhrifa. Nota skal eina eða fleiri hættusetningar í samræmi við flokkun efnis í fylgiskjali 1.

Styrkur efnis í efnablöndu	**Hættuflokkun efnis**		
	Tx (H26, H27, H28)	T (H23, H24, H25)	Xn (H20, H21, H22)
0% ≤ styrkur < 0,02%			
0,02% ≤ styrkur < 0,2%	Xn (H20, H21, H22)		
0,2% ≤ styrkur < 0,5%	T (H23, H24, H25)		
0,5% ≤ styrkur < 1%		Xn (H20, H21, H22)	
1% ≤ styrkur < 5%	Tx (H26, H27, H28)		
styrkur ≥ 5%		T (H23, H24, H25)	Xn (H20, H21, H22)

Við flokkun loftkenndrar efnablöndu sem í eru fleiri en eitt efni flokkuð vegna bráðra eiturhrifa, skal nota sömu aðferðir og í tl. 1.1.2.1.b – 1.1.2.3.b. Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 7:

$L_{Tx,Tx} = 1\%$

$L_{Tx,T} = 0{,}2\%$, $L_{T,T} = 5\%$

$L_{Tx,Xn} = 0{,}02\%$, $L_{T,Xn} = 0{,}5\%$, $L_{Xn,Xn} = 5\%$

1.8.2.b Varanlegur skaði eftir notkun í eitt skipti.

Í stað töflu 2 gildir tafla 8.

Tafla 8. Flokkun **loftkenndrar** efnablöndu vegna varanlegs skaða eftir notkun í eitt skipti.

Styrkur efnis í efnablöndu	**Hættuflokkun efnis**		
	Tx (H39)	T (H39)	Xn (H40)
0% ≤ styrkur < 0,02%			
0,02% ≤ styrkur < 0,2%	Xn (H40)		
0,2% ≤ styrkur < 0,5%	T (H39)		
0,5% ≤ styrkur < 1%		Xn (H40)	
1% ≤ styrkur < 5%	Tx (H39)		
styrkur ≥ 5%		T (H39)	Xn (H40)

1.8.3.b Alvarleg heilsutjón eftir endurtekna eða langvarandi notkun.

Í stað töflu 3 gildir tafla 9.

Tafla 9. Flokkun **loftkenndrar** efnablöndu vegna alvarlegs heilsutjóns eftir endurtekna eða langvarandi notkun.

Styrkur efnis í efnablöndu	**Hættuflokkun efnis**	
	T (H48)	Xn (H48)
0% ≤ styrkur < 0,5%		
0,5% ≤ styrkur < 5%	Xn (H48)	
styrkur ≥ 5%	T (H48)	Xn (H48)

1.8.4.b Ætandi og ertandi efni.

Í stað töflu 4 gildir tafla 10.

Tafla 10. Flokkun **loftkenndrar** efnablöndu sem ætandi eða ertandi. Nota skal eina eða fleiri hættusetningar í samræmi við flokkun efnis í fylgiskjali 1.

Styrkur efnis í efnablöndu	**Hættuflokkun efnis**			
	C (H35)*	C (H34)*	Xi (H41)	Xi (H36, H37,H38)
0% ≤ styrkur < 0,02%				
0,02% ≤ styrkur < 0,2%	Xi (H36/37/38)			
0,2% ≤ styrkur < 0,5%	C (H34)			
0,5% ≤ styrkur < 1%		Xi (H36/37/38)	Xi (H36)	
1% ≤ styrkur < 5%	C (H35)			
styrkur ≥ 5%		C (H34)	Xi (H41)	Xi (H36, H37,H38)

** Samkvæmt athugasemd í tl. 1.5.2.a skulu ætandi efni sem fengið hafa hættusetningar H35 eða H34 einnig skoðast með tilliti til hættusetningar H41. Ef efnablanda inniheldur ætandi efni undir styrkmörkum fyrir flokkun sem ætandi, skal taka tillit til þeirra við flokkun blöndunnar sem ertandi með H41 eða H36, sjá hér á eftir.*

Við flokkun loftkenndrar efnablöndu sem í eru fleiri en eitt efni sem flokkuð eru sem ætandi eða ertandi, skal nota sömu aðferðir og í tl. 1.4.2.1.b – 1.4.2.5.b. Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 10:

$L_{H35,H35} = 1\%$
$L_{H35,H34} = 0{,}2\%$, $L_{H34,H34} = 5\%$
$L_{H35,H41} = 0{,}2\%$, $L_{H34,H41} = 5\%$, $L_{H41,H41} = 5\%$
$L_{H35,H38} = 0{,}02\%$, $L_{H34,H38} = 0{,}5\%$, $L_{H38,H38} = 5\%$
$L_{H35,H36} = 0{,}02\%$, $L_{H34,H36} = 0{,}5\%$, $L_{H41,H36} = 0{,}5\%$, $L_{H36,H36} = 5\%$

1.8.4.1.b Ertandi með hættusetningu H37.

Fyrir loftkenndar efnablöndur skal taka tillit til efna sem flokkast sem ertandi með H37 og ætandi með H35 eða H34. Vara flokkast ertandi ef eftirfarandi jafna gildir,

$$\sum\left(\frac{P_{H35}}{L_{H35,\,H37}}+\frac{P_{H34}}{L_{H34,\,H37}}+\frac{P_{H37}}{L_{H37,\,H37}}\right)\geq 1$$

þar sem P er styrkur sérhvers efnis sem flokkast sem ætandi með H35 (P_{H35}), ætandi með H34 (P_{H34}) og ertandi með H37 (P_{H37}) og L er styrkmörk fyrir flokkun efnis sem ertandi ($L_{H35,H37}$ fyrir efni flokkuð með H35 og $L_{H34,H37}$ fyrir efni flokkuð með H34 og $L_{H37,H37}$ fyrir efni flokkuð með H37).
Ef ekki eru tiltekin sérstök styrkmörk í fylgiskjali 1 er skv. töflu 10:

$L_{H35,H37} = 0{,}02\%$, $L_{H34,H37} = 0{,}5\%$, $L_{H37,H37} = 5\%$

1.8.5.b *Ofnæmisvaldandi efni.*
Í stað töflu 5 gildir tafla 11.

Tafla 11. Flokkun **loftkenndrar** efnablöndu sem inniheldur ofnæmisvaldandi efni.

Styrkur efnis í efnablöndu	**Hættuflokkun efnis**	
	Xn (42)	Xi (H43)
0% ≤ styrkur < 0,2%		
styrkur ≥ 0,2%	Xn (42)	Xi (H43)

1.8.6.b *Krabbameinsvaldandi efni, stökkbreytandi verkun og skaðleg áhrif á æxlun.*
Í stað töflu 6 gildir tafla 12.

Tafla 12. Flokkun **loftkenndrar** efnablöndu með innihaldsefni sem flokkuð eru sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi eða efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun.

Flokkun efnis	**Styrkur efnis í efnablöndu**
Krabbameinsvaldandi, flokkur Carc1 og Carc2 (T með H45 eða H49)	styrkur ≥ 0,1%
Krabbameinsvaldandi, flokkur Carc3 (Xn með H40)	styrkur ≥ 1%
Efni sem valda stökkbreytingum, flokkur Mut1 og Mut2 (T með H46)	styrkur ≥ 0,1%
Efni sem valda stökkbreytingum, flokkur Mut3 (Xn með H40)	styrkur ≥ 1%
Skaðleg áhrif á æxlun, flokkur Rep1 og Rep2 (T með H60 og/eða H61)	styrkur ≥ 0,2%
Skaðleg áhrif á æxlun, flokkur Rep3 (Xn með H62 og/eða H63)	styrkur ≥ 1%

III. VIÐAUKI

A. Frumefni og efnasambönd.

Fyrir hrein efni sem birt eru á lista yfir eiturefni og hættuleg efni, fylgiskjal 1, skal nota varnaðarmerki og H- og V-setningar, sem þar koma fram.

Fyrir hrein efni sem ekki eru birt í fylgiskjali 1 skal velja varnaðarmerki og hættu- og varnaðarsetningar samkvæmt þeim forsendum sem gefnar eru í fylgiskjali 5 og reglum sem gefnar eru í 12. – 14 . gr.

IV. VIÐAUKI

Varnaðarmerkingar.

1. Þegar um samsettar efnavörur er að ræða, á að velja þær hættu- og varnaðarsetningar sem best eiga við þau skaðlegu efni sem varan inniheldur. Auk þess ber að taka mið af því til hvaða nota varan er ætluð og taka tillit til þess á hvaða formi hún er. Reynt skal í sem stystu máli að koma að þeirri hættu sem fylgir vörunni (H-setningar) og hvernig beri að umgangast vöruna og bregðast við helstu óhöppum (V-setningar). Í flestum tilvikum nægja sex hættusetningar og sex varnaðarsetningar (samsett setning telst ein setning t.d. H20/21/22). Leggja skal áherslu á þær hættu- og varnaðarsetningar sem tengjast endanlegri hættuflokkun vörunnar.
2. Séu hættusetningar fleiri en sex, eftir að búið er að velja þær setningar sem við eiga, er oft unnt að sleppa þeim setningum sem vísa á minnstu hættuna, en gæta ber þess að draga ekki úr áhrifum viðvörunarinnar í heild. Í sumum tilvikum verður hættusetningu ofaukið ef varnaðarsetningar eiga vel við og öfugt. Endurtekning viðvörunar getur þó verið nauðsynleg til að leggja áherslu á sérstök atriði.
3. Skylt er að tilgreina á merkimiða hættusetningar varðandi umhverfishættu. Nota skal eina varnaðarsetningu sem varðar förgun nema að ljóst sé að efnið og umbúðir þess séu ekki hættuleg heilsu eða umhverfi. Varnaðarsetningar sem varða förgun eru einkum mikilvægar á vörur sem seldar eru almenningi.
4. Ef ekki er hægt að koma fyrir varnaðarsetningum á umbúðunum sjálfum skulu varnaðarleiðbeiningar um notkun vörunnar fylgja henni.
5. Skylt er að hafa varnaðarsetningarnar V1, V2 og V45 á umbúðum vöru sem flokkast sem sterkt eitur, eitur eða ætandi og seldar eru almenningi. Á umbúðir allra annarra hættulegra efna, að undanskildum þeim sem flokkuð eru vegna umhverfisáhrifa, er skylt að setja varnaðarsetningarnar V2 og V46.
6. Óþarft er að rita sérstaklega þá hættusetningu sem er eins og flokksheiti undir varnaðarmerki fyrir vörur flokkaðar sem afar eldfimar (F) og mjög eldfimar (Fx).

V. VIÐAUKI

2.5 Hreyfanleg gashylki.

Fyrir hreyfanleg gashylki með rúmtak 150 lítra eða minna má stærð og útlit merkimiðans vera samkvæmt ISO[1)]-staðli ISO 7225. Einnig er heimilt að veita upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 12. gr. á endingargóðri upplýsingaskífu eða merkimiða sem er fastur við hylkið. Fyrir efnavörur er heimilt að setja almennt heiti eða iðnaðar-/verslunarheiti efnablöndunnar á merkimiðann að því tilskildu að hættuleg innihaldsefni séu skráð með skýru og óafmáanlegu letri utan á gashylkið.

[1)] ISO: International Standardization Organization - Alþjóðlegu staðlasamtökin.

2.6 Gaskútar undir própan, bútan og annað fljótandi jarðolíugas.
Própan, bútan eða fljótandi jarðolíugas (LPG, liquid petroleum gas) og blöndur þeirra skulu að öllu jöfnu flokkast í samræmi við fylgiskjal 1 og reglur um flokkun efnablandna. Þrátt fyrir að sum þessara efna séu flokkuð sem hættuleg í snertingu við húð, inntöku eða innöndun er ekki skylt að merkja þau sem slík ef þau eru markaðssett sem eldsneyti í lokuðum fjölnota gaskútum eða einnota brúsum, sbr. EN[2] 417. Kútar þessir skulu merktir með viðeigandi varnaðarmerki og hættu- og varnaðarsetningum sem varða eldfimi. Ef upplýsingar um áhrif á heilsu koma ekki fram á merkimiða skulu þær upplýsingar þó fylgja efnunum til fagmanna í öryggisleiðbeiningum. Almennum notendum skulu veittar fullnægjandi upplýsingar á merkimiða eða í öryggisleiðbeiningum til að þeir geti gert viðeigandi varúðarráðstafanir varðandi heilsu og öryggi.

2.7 Gegnheilir málmar, málmblendi og efnablöndur sem innihalda fjölliður eða elastómer.
Gegnheilir málmar, málmblendi, efnablöndur sem innihalda fjölliður og efnablöndur sem innihalda elastómer (teygjanleg, gúmmíkennd gerviefni) skulu að öllu jöfnu flokkast í samræmi við fylgiskjal 1 og reglur um flokkun efnablandna. Sum þessara efna hafa ekki í för með sér hættu fyrir heilsu manna, við innöndun, við inntöku eða í snertingu við húð né heldur fyrir lífríki í vatni á því formi sem þau eru markaðssett. Fyrir slík efni er ekki krafist merkimiða í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Ef upplýsingar um áhrif á heilsu eða umhverfi koma ekki fram á merkimiða skulu þær upplýsingar þó fylgja efnunum til fagmanna í öryggisleiðbeiningum. Almennum notendum skulu veittar fullnægjandi upplýsingar á merkimiða eða í öryggisleiðbeiningum til að þeir geti gert viðeigandi varúðarráðstafanir varðandi heilsu og öryggi.

9. nóvember 1999 Nr. 755

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Álfatún 2 í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 20. júlí 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Álfatún 2 ásamt umsögn bæjaryfirvalda um framkomnar athugasemdir dags. 9. júlí 1999. Í tillögunni felst m.a. að gert er ráð fyrir nýrri afmörkun lóðar, nýrri aðkomu og fyrirkomulagi bílastæða fyrir fyrirhugaðan leikskóla.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 12. apríl til 14. maí 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 9. nóvember 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

[2] EN: European Standard – Evrópskur staðall.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Þingvallahreppi. Aðkoma að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Þingvallahrepps þann 18. júní 1999 deiliskipulag fyrir aðkomu að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils. Markmið með deiliskipulaginu er að leysa vandamál varðandi aðkomu að þjóðgarðinum vegna kristnitökuhátíðar árið 2000, ásamt því að bæta aðkomu og aðstöðu ferðamana við Hakið.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þingvallahreppi, 3. nóvember 1999.

F.h. hreppsnefndar Þingvallahrepps,

Ragnar Jónsson oddviti.

Nr. 757 3. nóvember 1999

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

1. gr.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er á Ísafirði. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum ásamt eignum. Stofnunin er ekki háð neinum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða verða þeir sem því til staðfestingar undirrita þessa stofnskrá.

3. gr.

Stofnendur leggja fram sameiginlega 500 þúsund króna stofnframlag til Fræðslumiðstöðvarinnar, sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtað með tryggilegum hætti. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar umfram stofnframlag eru stofnendum óviðkomandi.

4. gr.

Markmið Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er að efla menntun á Vestfjörðum og þá einkum að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Í þessu sambandi skulu þarfir atvinnulífs í dreifðum byggðum sérstaklega hafðar í huga. Fræðslumiðstöðin hafi forgöngu um fræðslu á háskólastigi og fjarkennslu á sem flestum sviðum. Kennsluhættir miðist við mismunandi aldurshópa.

5. gr.

Við Fræðslumiðstöðina skal starfrækja fulltrúaráð, skipað einum fulltrúa frá hverjum eignaraðila og einum til vara. Fulltrúaráðið er æðsta stjórn miðstöðvarinnar og skiptir með

sér verkum. Hlutverk þess er að ákveða meginþætti í stefnu og starfstilhögun Fræðsluseturs Vestfjarða og setur það sér því starfsreglur.

6. gr.

Fulltrúaráðið skipar stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða til tveggja ára í senn og skal stjórnin þannig skipuð: Tveir fulltrúar kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs og einn fulltrúi tilnefndur af skólanefnd Framhaldsskóla Vestfjarða. Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða ber að vinna að markmiðum miðstöðvarinnar og koma fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum miðstöðvarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun miðstöðvarinnar og setur sér og henni starfsreglur.

8. gr.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn miðstöðvarinnar. Hann undirbýr fjárhagsáætlun, vinnur að fjáröflun, annast reikningsskil og ræður annað starfsfólk.

9. gr.

Tekjur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða auk vaxta af stofnframlagi eru frjáls framlög frá ríki og sveitarfélögum, tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár. Tekjum og eignum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða má einvörðungu verja í samræmi við markmið stofnunarinnar.

10. gr.

Aðalaðsetur Fræðslumiðstöðvarinnar verður að Torfnesi í húsakynnum framhaldsskóla Vestfjarða samkvæmt sérstöku samkomulagi um leigu húsnæðisins. Gert er ráð fyrir að kennslubúnað vegna miðstöðvarinnar verði víðar að finna, t.d. í Þróunarsetri Vestfjarða og einnig utan Ísafjarðar.

11. gr.

Reikningsár Fræðslumiðstöðvarinnar er frá 1. janúar til 31. desember. Reikningar miðstöðvarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og einnig af kosnum endurskoðendum. Senda skal endurskoðaða reikninga til Ríkisendurskoðunar að loknum aðalfundi. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

12. gr.

Aðalfundur fulltrúaráðs Fræðslumiðstöðvarinnar skal fara fram ár hvert í mars og boðar formaður fulltrúaráðsins til fundarins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfund skal boða aðalmenn og varamenn, og hafa þeir síðarnefndu málfrelsi og tillögurétt. Með fundarboði aðalfundar skal senda áritaða reikninga. Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Breytingar á reglum miðstöðvarinnar.
4. Kosning stjórnar og endurskoðenda.

5. Starfsáætlun næsta árs.
6. Önnur mál.

13. gr.

Skipulagsskrá Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur um breytingar þurfa að berast stjórn fyrir miðjan febrúarmánuð ár hvert. Senda skal breytingartillögur út með fundarboði aðalfundar. Tillögur skoðast samþykktar ef $^2/_3$ hlutar atkvæðisbærra manna samþykkja. Starfsemi miðstöðvarinnar verður einungis hætt ef aðalfundur samþykkir það með 2/3 hlutum atkvæða. Verði starfsemin lögð niður renna eignir hennar til eflingar endurmenntunar og símenntunar á Vestfjörðum.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, og breytingar á henni skulu einnig hljóta staðfestingu sama ráðherra.

Ísafirði, 28. ágúst 1999.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. nóvember 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 758 29. október 1999

SKIPULAGSSKRÁ

Fræðslunets Suðurlands ses.

Heiti og hlutverk.

1. gr.

Fræðslunet Suðurlands ses. er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn sem hefur þann tilgang að vera tengiliður og miðla námi til íbúa á Suðurlandi á viðkomandi skólastigum og á þann hátt að styðja við fullorðinsfræðslu- og símenntun.

Heimili og varnarþing er á Selfossi. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

Stofnfé.

2. gr.

Stofnendur Fræðslunets Suðurlands eru allir þeir sem undirrita skipulagsskrá þessa þann 28. ágúst 1999 og leggja fram stofnframlög til fræðslunetsins.

Stofnendur leggja fram stofnframlög til Fræðslunets Suðurlands skv. eigin ákvörðunum. Heildarstofnfé skal eigi vera lægra en nemur kr. 1.000.000. Af stofnfé varðveitist á núgildandi verðlagi m.v. nvt. kr. 1.000.000 sem varanlegur höfuðstóll, sem óheimilt er að skerða. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlög.

Aðrir sem gerast vilja aðilar að sjálfseignarstofnuninni eftir 28. ágúst 1999 geta sótt um það til stjórnar fræðlunetsins, sem tekur ákvörðun með hvaða hætti viðkomandi geti gerst aðilar að Fræðsluneti Suðurlands ses.

Markmið.

3. gr.

Meginmarkmið Fræðslunets Suðurlands er að efla aðgengi íbúa fjórðungsins að margs konar námi og símenntun og auka með því búsetugæði á svæðinu. Í þessu skyni mun Fræðslunet Suðurlands m. a.:

- Hafa milligöngu um nám á háskólastigi á Suðurlandi í samstarfi við háskólastofnanir.
- Stuðla að auknu framboði á Suðurlandi á símenntun og fullorðinsfræðslu á öllum stigum menntunar.
- Leggja áherslu á samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar.
- Fylgjast með og nýta bestu fáanlegu fjarkennslutækni hverju sinni.
- Mynda tengsl við stofnanir á Suðurlandi sem stunda rannsóknar- og vísindastarfsemi og styðja við rannsóknar- og vísindaiðkun á Suðurlandi eftir því sem aðstæður leyfa og við verður komið.
- Hafa samstarf við aðra aðila er sinna símenntun og endurmenntun.

Stjórn.

4. gr.

Stjórn Fræðslunets Suðurlands er skipuð 5 mönnum til eins árs í senn og fimm til vara. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa, skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands tilnefnir einn fulltrúa; félög vinnuveitenda/vinnuveitendur sem aðild eiga að stofnuninni tilnefna einn fulltrúa sameiginlega, félög launafólks sem aðild eiga að stofnuninni tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og aðrir aðilar en þeir sem áður er getið og eiga aðild að Fræðsluneti Suðurlands tilnefni sameiginlega einn fulltrúa. Tilnefning í stjórn skal fara fram með þessum hætti í hvert sinn.

Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Stjórn Fræðslunets Suðurlands ses. ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Starfslið.

5. gr.

Stjórn Fræðslunets Suðurlands ræður framkvæmdastjóra að stofnuninni og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri annast:

- Daglegan rekstur og ber ábyrgð gagnvart stjórn.
- Situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.
- Vinnur að framgangi þeirra mála sem getið er um í 3. gr.
- Annast reikningsskil í samráði við þann aðila sem sér um bókhald stofnunarinnar.
- Undirbýr, skipuleggur og samræmir námsframboð á Suðurlandi, skv. 3. gr. skipulagsskrár.
- Annast samstarf við aðra aðila sem starfa á sviði náms og mennta á Suðurlandi.
- Önnur störf sem stjórnin setur honum fyrir hverju sinni.

Nánar skal kveðið á um verksvið framkvæmdastjóra í erindisbréfi sem stjórn setur.

Reikningsskil.

6. gr.

Reikningsár Fræðslunets Suðurlands er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri skal árlega í mars leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn Fræðslunets Suðurlands til afgreiðslu:

- Skýrslu um starfsemi síðasta árs.
- Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af tilnefndum endurskoðendum.

Fjármögnun.

7. gr.

Tekjur Fræðslunets Suðurlands eru eftirfarandi:

- Námskeiðsgjöld.
- Tekjur af þjónustu við aðra aðila.
- Frjáls framlög.
- Vaxtatekjur, auk annars aflafjár.

Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

Önnur atriði.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki $^2/_3$ hluta stjórnarmanna svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst $^2/_3$ hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf samþykki þeirra allra. Skulu breytingar hljóta staðfestingu ráðherra.

Stofnunin verður aðeins leyst upp að kröfu stjórnar hafi aðilar, sem lagt hafa til minnst $^2/_3$ þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir, samþykkt það.

Verði starfsemi Fræðslunets Suðurlands hætt og það lagt niður skulu eignir þess ganga til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Leita skal staðfestingar ráðherra á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Þannig samþykkt á Selfossi, á degi símenntunar 28. ágúst 1999.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir

REGLUR

um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar

I. KAFLI
Framkvæmd undanþágna.

1. gr.

Bifreiðastjórafélögunum Andvara, Átaki og Frama er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarsvæðið telst Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, og Bessastaðahreppur. Bifreiðastjórafélögin skulu leggja fram félagaskrár sínar til umsjónarnefnda fólksbifreiða á viðkomandi svæði og skulu að lágmarki tíu bifreiðastjórar vera meðlimir í viðkomandi bifreiðastjórafélagi á höfuðborgarsvæðinu.

Bifreiðastjórafélögunum Fylki og Frey er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar í Reykjanesbæ, Höfnum, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi.

Bifreiðastjórafélaginu Faxa er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar í Árborg.

Bifreiðastjórafélagi Akureyrar er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar á Akureyri.

Bifreiðastjórafélögin skulu annast framkvæmd og eftirlit undanþága fyrir sína félagsmenn. Bifreiðastjóra sem kýs að standa utan félaga er þrátt fyrir það skylt að leita til eins af starfandi félögum bifreiðastjóra á hans svæði varðandi undanþágur frá akstri eigin bifreiðar. Hefur hann frjálst val um hvaða ofangreinds félags hann snýr sér til. Ber honum að tilkynna hlutaðeigandi umsjónarnefnd með sannanlegum hætti um val sitt. Ef bifreiðastjóri sem er utan félaga ákveður að beina umsóknum sínum um undanþágur til annars félags ber honum að tilkynna það viðkomandi umsjónarnefnd með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Sætti bifreiðastjóri sig ekki við ákvörðun bifreiðastjórafélaganna er honum heimilt að áfrýja til umsjónarnefndar fólksbifreiða á viðkomandi svæði og er úrskurður hennar endanlegur á sviði stjórnsýslunnar.

2. gr.

Bifreiðastjórafélögin skulu fara eftir lögum og reglum um leigubifreiðar og reglum þessum og þar sem vafamál koma upp skal hafa hliðsjón af reglum sem gilda á vinnumarkaði og skulu bifreiðastjórafélögin afgreiða þau af sanngirni þannig að jafnræðis sé gætt á milli bifreiðastjóra.

Á svæðum þar sem fleiri en eitt félag bifreiðastjóra annast útgáfu undanþága skal hlutaðeigandi umsjónarnefnd að höfðu samráði við hlutaðeigandi bifreiðastjórafélög setja reglur um útgáfu á aksturheimildum, svo að eftirlit bifreiðastjórafélaga, málsmeðferð, form, útlit og efni aksturheimilda verði samræmt eins og kostur er.

3. gr.

Bifreiðastjórafélögunum er aðeins heimilt að veita undanþágu til leyfishafa til að ráða til sín launþega sem uppfylla skilyrði 1., 2., 4. og 5. tölul. 3. gr. laga um leigubifreiðar.

II. KAFLI
Undanþágur vegna orlofs.

4. gr.

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína í 5 vikur í orlofi. Við hver 5 ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætist ein vika við útgerðarheimildina. Þó má orlofsútgerð aldrei vara lengur en 9 vikur á ári. Útgerð í orlofi er bundin við heilar vikur og er lágmarksútgerðartími ein vika.

5. gr.

Orlofstímabil hefst 1. maí ár hvert og stendur til 30. apríl árið eftir. Ekki er hægt að færa orlof á milli tímabila.

III. KAFLI
Undanþágur vegna veikinda.

6. gr.

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína í veikindum í allt að eitt ár, sanni hann það með læknisvottorði að hann sé óvinnufær. Þó skal útgerð háð eftirfarandi takmörkunum:

a. Viðkomandi skal ekki stunda aðra atvinnu eða nám á því tímabili sem útgerðin stendur, sjá þó 9. gr.

b. Viðkomandi skal ekki dvelja erlendis á því tímabili sem útgerðin stendur, nema til að leita sér lækninga samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis bifreiðastjórafélaganna.

c. Áfengismeðferð telst til veikinda í fyrsta skipti en ekki ef um ítrekaða meðferð er að ræða.

7. gr.

Óski leyfihafi eftir undanþágu í lengri tíma en eitt ár er heimilt að veita frekari undanþágu ef veikindi hans teljast alvarleg, langvarandi og með þeim hætti að honum sé ófært að stunda almenna atvinnu. Trúnaðarlæknir bifreiðastjórafélaganna sker úr um það hvort veikindi séu með þessum hætti.

8. gr.

Í undantekningartilfellum er heimilt að veita leyfishafa heimild til að aka á móti launþega, óski hann þess vegna undangenginna alvarlegra veikinda. Miða skal við eftirfarandi tvo kosti í þessu sambandi:

a. Leyfishafi ekur sjálfur frá sunnudegi til föstudags, en hefur launþega frá kl. 20.00 til kl. 8.00 helgarnætur (aðfararnætur laugar- og sunnudaga).

b. Aka á móti launþega, þannig að frá sunnudegi til föstudags, ekur leyfishafi allt að sex tíma á dag. Þessi tími skal ákveðinn fyrirfram, t.d. kl. 6.00 – 12.00. Launþegi má aka 12 tíma á dag, t.d. kl. 12.00 – 24.00 mánudag til fimmtudags og frá kl. 20.00 til 8.00 helgarnætur (aðfararnætur laugar- og sunnudaga).

Þessi útgerð er þó aldrei heimiluð nema tvo mánuði á hverju almanaksári, hvor valkostur.

9. gr.

Þrátt fyrir 6. og 7. gr. má heimila leyfishafa að stunda takmarkaða atvinnu í stuttan tíma eða sækja námskeið á meðan hann hefur leyfi til að gera út í veikindum, en þá skal sótt um það sérstaklega.

10. gr.

Sækja skal um heimild til útgerðar í veikindum á þar til gerðu eyðublaði hjá bifreiðastjórafélögunum.

Þar skal tilgreina:

– Dvalarstað umsækjanda á meðan á útgerð stendur;
– tegund útgerðar;
– nafn, kennitölu, stöð, stöðvarnúmer og síma umsækjanda;
– nafn heimilislæknis og sérfræðings.

Bifreiðastjórafélögin ásamt trúnaðarlækni skulu á hverjum tíma fylgjast með því að uppýsingar þær er koma fram á umsókn og læknisvottorði standist.

IV. KAFLI
Álagstímar.

11. gr.

Bifreiðastjórafélag getur heimilað leyfishafa að gera út bifreið sína föstudags- og laugardagsnætur og skal þá viðkomandi umsjónarnefnd ákveða tímamörk slíkra útgerða á sínu starfssvæði.

12. gr.

Þegar leyfishafi nær 65 ára aldri eða er 65% öryrki er honum heimilt að gera út bifreið sína frá kl. 20.00 til kl. 08.00 helgarnætur. Má leyfishafi ekki aka á milli kl. 20.00 föstudag og kl. 08.00 sunnudag þá helgi sem útgerðin stendur yfir.

V. KAFLI
Viðgerðir og endurnýjun á bifreið.

13. gr.

Leyfishöfum er heimilt að fá afnot bifreiðar annars leyfishafa vegna endurnýjunar eða viðgerðar á bifreið sinni í allt að sex mánuði. Slíkt ber að tilkynna viðkomandi félagi.

VI. KAFLI
Ökuheimildir.

14. gr.

Í öllum tilfellum er leyfishafi ræður launþega skal hann áður fá ökuheimild hjá viðkomandi félagi. Skal félagið gefa út heimild í samræmi við reglur þessar. Á heimildinni skal tilgreindur tími og takmarkanir heimildarinnar auk nafna leyfishafa og launþega, númer bifreiðar, bifreiðastöð og stöðvarnúmer. Í undantekningartilfellum er trúnaðarmönnum heimilt að veita aksturshemild. Gjald fyrir veitta undanþágu er kr. 700 fyrir hvern byrjaðan mánuð sem undanþágan er veitt, sbr. 3. mgr. 11. gr. reglugerðar um leigubifreiðar nr. 224/1995.

VII. KAFLI
Eftirlit.

15. gr.

Bifreiðastjórafélögin hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt vegna sinna félagsmanna. Skulu þau ráða sér trúnaðarmenn á öllum bifreiðastöðvum sér til fulltingis. Skulu leyfishafar sem og launþegar, sýna trúnaðarmönnum viðkomandi skilríki sé þess óskað. Telji trúnaðarmaður að reglur þessar séu brotnar eða honum neitað um að sjá skilríki er honum skylt að tilkynna slíkt til viðeigandi bifreiðastjórafélags. Þá skulu bifreiðastjórafélögin ráða trúnaðarlækni varðandi undanþágur vegna veikinda.

Bifreiðastjórafélagi sem annast undanþágur samkvæmt heimild í 1. gr. ber að senda viðkomandi umsjónarnefnd á þriggja mánaða fresti yfirlit yfir allar undanþágur veittar af félaginu það tímabil. Umsjónarnefnd getur þó ætíð óskað eftir slíku yfirliti oftar ásamt því að óska eftir upplýsingum um afgreiðslur á málum einstakra leyfishafa. Telji umsjónarnefnd að bifreiðastjórafélag beiti heimildum til útgáfu á undanþágum á skjön við þær reglur sem gilda ber nefndinni að tilkynna viðkomandi félagi um þá afstöðu með áskorun um að úr verði bætt. Verði ekki orðið við áskorun nefndarinnar ber henni að tilkynna samgönguráðuneytinu um slíkt. Áður en slíkt er gert skal þó hlutaðeigandi félagi gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum að fyrir nefndinni.

VIII. KAFLI

Viðurlög.

16. gr.

Bifreiðastjórafélögunum er skylt að tilkynna viðkomandi bifreiðastöð, ef bifreiðastjóri þar hefur brotið gegn þessum reglum og ber að stöðva afgreiðslu bifreiðarinnar. Slíkt tilkynnist jafnframt til umsjónarnefndar.

17. gr.

Ef um ítrekuð brot er að ræða missir leyfishafi rétt til að fá undanþágur og launþegi fær ekki aksturshemild í ákveðinn tíma eftir nánari reglum sem viðkomandi félag setur í samráði við umsjónarnefnd. Slíku er þó ávallt hægt að áfrýja til umsjónarnefndar í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um leigubifreiðar nr. 61/1995.

18. gr.

Reglur þessar, sem eru settar með stoð í lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 492/1997 um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 8. nóvember 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ólöf Nordal.

Nr. 760 9. nóvember 1999

SAMÞYKKT

um búfjárhald á Akranesi.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi á Akranesi, koma í veg fyrir ágang á lóðir bæjarbúa og vernda gróður í landi kaupstaðarins. Samþykktin á einnig að tryggja að hús fyrir búpening, umhverfi þeirra og önnur aðstaða sé þrifaleg og í samræmi við kröfur opinberra yfirvalda.

2. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Akraneskaupstað, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Öll lausaganga búfjár í landi Akraneskaupstaðar er óheimil.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds skal senda skriflega umsókn til bæjarins. Í umsókninni skal gera grein fyrir tegund og fjölda búfjár, geymslu þess og öðru sem máli skiptir um öryggi þess og vörslu.

Telji bæjarráð að skilyrði fyrir leyfisveitingu séu fyrir hendi, veitir það leyfið. Leyfið má veita í tiltekinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Leyfið er háð gildandi samþykkt um búfjárhald á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

4. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að búfjáreigendur utan lögbýla skuli árlega greiða leyfisgjald fyrir búfé sitt. Við ákvörðun gjaldsins skal bæjarstjórn hafa til hliðsjónar kostnað bæjarins vegna búfjárhaldsins svo sem vegna búfjáreftirlits, vörslu lands, o.fl. Gjaldi þessu má ekki verja til annarra verkefna sveitarfélagsins. Við ákvörðun gjaldsins skal leita staðfestingar landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 12. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum.

5. gr.

Garðyrkjustjóri skal halda skrá yfir lönd sem úthlutað er til beitar og slægna. Umsóknum um land til grasnytja fyrir búfé skal koma til garðyrkjustjóra sem úthlutar leyfum, eftir umsögn umhverfisnefndar. Leyfin eru gefin út á nafn og eru óframseljanleg.

6. gr.

Enginn má halda búfé, nema hann hafi fyrir það hús sem samræmist kröfum opinberra yfirvalda. Sama gildir um allt umhverfi húsanna. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu og fóður, svo og allri meðferð búfjárins.

7. gr.

Eigandi búfjár ber ábyrgð á að búfé valdi ekki tjóni eða óþrifum. Eigandi skal ganga þannig frá taði er frá skepnum kemur, að ekki valdi óþægindum eða óþrifum. Losun taðs er einungis leyfð á ákveðnum stöðum og undir eftirliti garðyrkjustjóra.

8. gr.

Ef leyfishafi brýtur ákvæði í samþykkt þessari má afturkalla leyfið, enda hafi leyfishafi ekki sinnt áður veittri viðvörun.

Hvern þann búfénað sem sleppur úr vörslu skal taka hvar sem til hans næst og færa í örugga vörslu sem búfjáreftirlitsmaður sér um. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem tjón og kostnað við handsömun. Hafi eigandi ekki hirt um að sækja gripi sína eða greiða áfallinn kostnað innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds á Akranesi. Við ítrekað brot á þessum reglum missir leyfishafi rétt til búfjárhalds og verður gripum jafnframt ráðstafað í samræmi við 11. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum.

9. gr.

Byggingar gripahúsa eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í bænum, á svæðum sem ætluð eru til annarra nota en búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarráð samþykkir slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endurbyggja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

10. gr.

Einstaklingar og félög hesta- og fjáreigenda, sem hafa lönd í eigu bæjarins til grasnytja, skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, m.a. með árlegri áburðargjöf. Um beitilönd í eigu bæjarins skulu gilda sérstakar reglur og skal garðyrkjustjóri kynna búfjáreigendum þær og sjá til þess að þeim sé fylgt.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála skv. 13. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum.

12. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl. ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Akraneskaupstað nr. 473/1984.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 761 9. nóvember 1999

REGLUGERÐ

um kærunefnd skv. lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

1. gr.

Kæra ákvörðunar.

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir sem eru beinir aðilar máls geta skotið ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um réttindi sín og skyldur til sérstakrar kærunefndar. Kæra getur lotið að málsmeðferð eða efni hinnar kærðu ákvörðunar.

Úrskurðir kærunefndar eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til viðskiptaráðherra.

2. gr.

Kærunefnd.

Kærunefnd Fjármálaeftirlitsins er skipuð af viðskiptaráðherra til þriggja ára í senn. Í kærunefnd sitja þrír menn, og jafnmargir til vara. Þeir skulu allir tilnefndir af Hæstarétti. Formaður og varamaður hans skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði fjármagnsmarkaðar. Nefndarmenn mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingastærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af málskotsgjaldi skv. 3. gr. Sé kostnaður hærri en sem nemur tekjum af gjaldinu greiðist mismunur úr ríkissjóði. Þóknun til nefndarmanna er ákveðin af viðskiptaráðherra.

3. gr.

Kærufrestur og málskotsgjald.

Skrifleg kæra skal berast nefndinni innan fjögurra vikna frá því að aðila máls skv. 1. gr. varð kunnugt um ákvörðunina. Kæru sem berst eftir lok kærufrests skal að öllu jöfnu vísa frá nefndinni.

Kærandi skal greiða 120.000 kr. málskotsgjald um leið og kært er, skv. 5. gr. laga nr. 87/1998. Kærunefnd er heimilt að endurgreiða gjaldið að öllu leyti eða að hluta. Við þá ákvörðun skal m.a. haft til hliðsjónar hvort úrskurður hefur fallið málskotsaðila í vil að hluta eða öllu leyti.

4. gr.

Réttaráhrif kæru.

Kæra til kærunefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins. Kærunefnd er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þegar sérstakar ástæður mæla með því í samræmi við stjórnsýslulög.

Málskot til dómstóla hindrar ekki að kærunefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar og úrskurðar.

5. gr.

Störf og valdsvið kærunefndar.

Formaður boðar fundi eftir þörfum. Fundir kærunefndar eru því aðeins lögmætir að nefndin sé fullskipuð.

Kærunefndin skal ákveða tímafresti sem tryggja hraða málsmeðferð kærumála. Nefndin skal setja sér starfsreglur, sem viðskiptaráðherra staðfestir.

Fjármálaeftirlitinu og viðkomandi eftirlitsskyldum aðila er skylt að afhenda nefndinni þau gögn sem hún óskar eftir vegna máls sem er til úrskurðar hjá nefndinni. Hafi aðili máls ekki lagt fram gögn innan tilskilinna tímafresta má taka ákvörðun þó það sé til tjóns fyrir aðila.

Heimilt er að gefa aðilum máls og Fjármálaeftirlitinu kost á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri við nefndina áður en mál er tekið til úrskurðar innan þess frests sem nefndin setur hverju sinni.

6. gr.

Úrskurðir kærunefndar.

Nefndin úrskurðar sjálf um hvort mál heyrir undir nefndina og hvort málskotsaðili hafi rétt til málskots. Hún úrskurðar á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð eða hún aflar sér.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera rökstuddir og skulu liggja fyrir innan sex vikna frá því að kæra berst henni.

Senda skal málskotsaðila, viðkomandi eftirlitsskyldum aðila og Fjármálaeftirlitinu úrskurð innan fjögurra virkra daga frá því að hann var upp kveðinn.

Meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar.

Um meðferð mála hjá kærunefnd og störf hennar fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

Úrskurðir nefndarinnar skulu teknir saman eftir þörfum og gefnir út í aðgengilegu formi.

7. gr.
Frávísun.

Nefndin vísar máli frá sé það svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal taka til meðferðar að nýju samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð. Ekki skal innheimta málskotsgjald að nýju þegar svo stendur á.

8. gr.
Endurupptaka máls.

Nefndin getur ákveðið að mál sem úrskurðað hefur verið af henni skuli tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem málskotsaðila var ekki unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu þess. Um endurupptöku máls fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

9. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. mgr. 17. gr., sbr. 18. gr., laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og öðlast hún þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 9. nóvember 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 762 9. nóvember 1999

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Húnaþing vestra.

I. KAFLI
Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 6 frá 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sbr. breytingu með lögum nr. 108/1988, hefur sveitarstjórn yfirstjórn allra fjallskilamála, en fjallskilastjórnir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim, hver á sínu svæði.

2. gr.

Fjallskiladeildir í Húnaþingi vestra eru:

1. Fjallskiladeild Víðdælinga.
2. Fjallskiladeild Vesturhóps.
3. Fjallskiladeild Vatnsnesinga.
4. Fjallskiladeild Miðfirðinga.
5. Fjallskiladeild Hrútfirðinga.

Umdæmi fjallskiladeilda skulu haldast óbreytt frá því sem gilti fyrir sameiningu sveitarfélaganna og upprekstrarréttur skal standa óbreyttur miðað við eldri skipan nema um annað sé samið sbr. ákvæði 1. gr. laga nr. 25/1994.

3. gr.

Reikningshaldi hverrar fjallskiladeildar skal haldið aðgreindu í bókhaldi sveitarsjóðs en sveitarfélagið annast bókhald og innheimtu fjallskiladeildanna. Skal endurskoða fjallskilareikninga á sama hátt og sveitarstjórnarreikninga.

II. KAFLI
Um rekstur til afrétta og meðferð afréttarfjár.

4. gr.

Upprekstrarrétt eiga þeir einir sem hafa afnot af jörð eða jarðarhluta innan takmarka fjallskiladeildarinnar. Þessi réttur er óframseljanlegur og er öllum óheimilt að taka til uppreksstrar sauðfé eða hross af öðrum, nema með samþykki viðkomandi fjallskilastjórnar sem tekur þá hagagjald fyrir. Þá hafa ábúendur upprekstrarrétt fyrir fjallskilaskyldan fénað heimilismanna sinna.

5. gr.

Upprekstur á afrétt fari eigi fyrr fram á vorum en fjallskilastjórn heimilar og með þeim takmörkunum sem hún ákveður og lög leyfa. Heimild til upprekstrar skal sveitarstjórn veita, að fengnu áliti gróðurverndarnefndar. Rekstri til afréttar skal haga þannig, að sem minnstur bagi verði að í heimalöndum og þess gætt að skepnur verði ekki fyrir ónæði eða óþarfri styggð. Komi fénaður saman við rekstur, skal hann skilinn úr svo fljótt sem unnt er. Gildir það jafnt um rekstur til og frá afrétti.

6. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga og getur þá sá er fyrir verður gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði þeirrar fjallskiladeildar sem afrétt þann notar sem ágangspeningur kom frá. Sama gildir um kostnað við smölun og rekstur búfjár sem stendur við afréttargirðingu.

7. gr.

Eigi má ónáða fé í afréttinum að þarflausu og ekki taka þaðan búpening nema leyfi fjallskilastjórnar komi til. Fjallskilastjórn skal fylgjast með gróðurfari á afréttinum og njóti til þess liðsinnis gróðurverndarnefndar. Þá ber fjallskilastjórn að fylgjast með, hvort fénaður safnast svo að afréttargirðingum að tjón verði á landi. Beri það til skal bót á ráða með rekstri inn á afréttinn, nema mjög sé á sumar liðið, þá með smölun til réttar. Skal þá farið með eftir atvikum sem göngur væru.

III. KAFLI
Um fjallskil.

8. gr.

Skrifstofa sveitarfélagsins skal semja skrá yfir tölu sauðfjár og hrossa í hverri fjallskiladeild eftir síðustu forðagæsluskýrslu og einnig skrá yfir landverð og skulu þær lagðar til grundvallar fjallskilum. Verði kaup eða sala á fjallskilaskyldu búfé eða verulegar breytingar á búfjártölu af öðrum orsökum skulu eigendur tilkynna það fjallskilastjórn fyrir 10. ágúst. Ber að taka allt slíkt til greina í skýrslunni. Sé veittur afsláttur af fjallskilum, hvort heldur sem er vegna hrossa eða sauðfjár, er heimilt að miða við tölu búfjár sem kemur af afrétti.

9. gr.

Fjallskilaskylt er allt sauðfé og hross, veturgömul og eldri, þó ekki brúkunarhross, allt að fimm á eiganda, enda gangi þau í heimahögum. Þó er heimilt að fella niður fjallskil ef um fleiri brúkunarhross er að ræða og skal þá eigandi sækja um það til fjallskilanefndar fyrir 10. ágúst. Hver fjallskilaskyldur maður skal leggja til fjallskila á þann hátt sem fjallskilastjórn ákveður. Allan fjallskilakostnað fjallskiladeildarinnar skal meta til peningaverðs, þannig að jafnhátt gjald komi á hverja sauðkind og jafnhátt á öll hross. Hross skal meta til jafns við allt að sjö sauðkindur skv. forðagæsluskýrslu. Telji fjallskilastjórn að hross skuli bera meiri kostnað hlutfallslega, getur hún leitað samþykkis sveitarstjórnar til þess. Heimilt er fjallskilastjórn að leggja allt að helming áætlaðs kostnaðar fjallskilasjóðs á landverð allra jarða í hreppnum, þar með taldar eyðijarðir, án verðs ræktaðs lands og hlunninda, miðað við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Fjallskilastjórn er heimilt að fella niður fjallskil á allt að 3/4 af fjallskilaskyldum peningi, sauðfé og hrossum, annarri tegundinni eða báðum, sem gengur í öruggri heimalandagirðingu. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og fjallskilastjórn ákveður, ella goldin í peningum. Vinnu skal meta til peningaverðs sem næst gildandi meðalkauptaxta. Mönnum búsettum utan fjallskiladeildar er óheimilt að reka búfé á afrétt og ógirt heimalönd, nema með leyfi viðkomandi fjallskilastjórnar, eða þeir hafi þar jörð til afnota. Heimilt er fjallskilastjórn að leggja allt að 50% hærra fjallskilagjald á búfé manna sem lögheimili eiga utan fjallskiladeildarinnar og hafa þar ekki landsnytjar.

10. gr.

Skyldur er hver eigandi búfjár að gera full fjallskil í þá fjallskiladeild, sem búfé hans er framfleytt árlangt, enda sé það skráð þar á forðagæsluskýrslu. Nú notar einhver til upprekstrar annan afrétt eða heimaland en þau lönd þar sem honum ber upprekstur og skal hann þá gera þar full fjallskil. Þó hafa fjallskilastjórnir heimild til að gera um þetta sérstaka samninga. Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafólk sitt.

11. gr.

Fjallgöngur á afréttum og víðlendum heimalöndum þar sem afréttarpeningur gengur að jafnaði skulu vera tvennar hvert haust en þó aðeins einar eða tvennar í Vatnsnesfjalli (heimaland). Heimilt er þó fjallskilastjórnum í fjárskiptahólfi Miðfirðinga og Hrútfirðinga að láta aðra leit fara fram með aðstoð leitarflugs. Skylt er að fjallleitir séu tryggilega framkvæmdar. Gangnatíma ákveða fjallskilastjórnir í samráði við aðliggjandi fjallskiladeildir og eftir því sem nauðsyn er vegna gróðurfars afréttanna og annarra ástæðna. Fyrri réttum skal lokið eigi síðar en síðasta laugardag fyrir 16. september, en þó verði hrossarétt í Víðidalstungurétt fyrsta laugardag í október.

12. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal fjallskilastjórn jafna niður á land- og búfjáreigendur í tæka tíð. Fjallskilastjórn kveður íbúa í fjallskiladeild með gangnaboði til fjallskila 14 dögum fyrir göngur. Á gangnaboðinu skal tilgreina nákvæmlega, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil sem honum ber skal hann greiða samsvarandi kostnað, auk sektar í fjallskilasjóð, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna. Athugasemdir við niðurjöfnunina skal bera fram skriflega fyrir formann fjallskilastjórnar fyrir 20. október.

13. gr.

Fjallskilastjórnir skipa gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Hann skipar fyrir um tilhögun leitar og stjórnar henni. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin til réttar og

kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í nátthaga eða vökumenn hafa tekið við honum. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Gangnastjóra skal greiða sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórnunina.

14. gr.

Gangnastjóri skal minna gangnamenn á að fara vel með sauðfé og hross í göngum. Finnist sauðfé og hross sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal gangnastjóri ákveða hverju sinni hversu með skuli fara. Óheimilt er að aflífa skepnur í leitum án fyrirsagnar gangnastjóra eða eftir umboði hans nema brýna nauðsyn beri til, svo sem ef skepna er mikið slösuð eða sjúk. Skylt er gangnastjóra að hafa meðferðis skotvopn í leitum. Hann skal sjá um að greinilega sé skráð mark þeirra kinda og hrossa sem lógað er, svo og önnur einkenni, svo sem kyn, litur og merki. Slíkri greinargerð skilar gangnastjóri til formanns fjallskilastjórnar þegar leitum er lokið.

15. gr.

Ef veður eða aðrar ástæður hamla göngum eða torvelda fulla gagnsemi þeirra að dómi gangnastjóra fyrir einum eða fleiri leitarflokkum samliggjandi leitarsvæða skal þeim frestað yfir svæðið í heild. Gangnastjórar hafi samráð með sér eftir því sem nauðsyn krefur, áður en göngur hefjast. Kostnaður við þær ráðstafanir greiðist úr fjallskilasjóði. Verði gangnamenn sem komnir eru saman til leitar eða lagðir upp í leit frá að hverfa ber þeim þóknun úr fjallskilasjóði en skyldir eru þeir að mæta til gangna þegar þeir eru tilkvaddir.

16. gr.

Ef gangnastjóri telur að gangnamaður sé vanhæfur til starfsins þá ber honum ekki skylda að taka hann gildan. Ef gangnamaður reynist vanhæfur að mati gangnastjóra er heimilt að láta hann greiða fjallskilin að fullu. Engan má senda í göngur yngri en fimmtán ára.

17. gr.

Ef fjallskilaskyldur maður hefur engan hæfan mann til gangna og getur ekki útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega fjallskilastjórn minnst sex dögum áður en fjallgöngur eiga að hefjast og borgar hann þá að fullu manni þeim sem fjallskilastjórn ræður til starfsins, svo og allan kostnað því samfara, þó ekki yfir hálft annað matsverð fjallskilanna.

18. gr.

Fjallskilastjórnir skulu sjá um að til séu á afréttinum hentugir skálar fyrir gangnamenn og hesta þeirra þar sem þess er þörf og gera tillögur til sveitarstjórnar þar um. Séu þeir búnir nauðsynlegustu tækjum, svo sem hitunartækjum o.fl. Ber að halda skálum þessum vel við ásamt öllum tækjabúnaði, sem ætíð sé til staðar yfir gangnatímann. Kostnaður sá er af þessu leiðir greiðist úr sveitarsjóði.

IV. KAFLI
Um réttir og réttarstörf.

19. gr.

Aðalréttir eru:
1. Víðidalstungurétt.
2. Þverárrétt.
3. Hamarsrétt.
4. Miðfjarðarrétt.
5. Hrútatungurétt.

Aukaréttir eru:
Valdarásrétt.
Vallarétt.

20. gr.

Stjórnir fjallskiladeilda ákveða hver á sínu svæði hvaða lönd smala skuli til hverrar réttar. Rísi ágreiningur út af þeim sker sveitarstjórn úr.

21. gr.

Fjallskilastjórnum er skylt að sjá um byggingu rétta og viðhald þeirra. Nú koma hlutaðeigendur sér ekki saman um hvernig jafna skal niður kostnaði við að koma upp rétt og sker þá sveitarstjórn úr. Við hverja aðalrétt skal vera ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu vera til nægilega margir dilkar fyrir fénað úr öðrum fjallskiladeildum og sveitarfélögum.

22. gr.

Fjallskilastjórn skal með gangnaboði skipa hæfa menn til að fara í réttir annarra deilda til að hirða þar sauðfé og hross úr sinni deild. Þeir sem til eru valdir mega eigi allir yfirgefa rétt fyrr en störfum er þar að fullu lokið og úrskurðað hefur verið um óskilapening. Fjallskilastjórn ákveður hvert reka skuli eða flytja fénað þennan og hvernig haga skuli skilum á honum.

23. gr.

Fjallskilastjórnir skulu skipa réttarstjóra og tvo marklýsingarmenn í hverri fjallskiladeild. Skal greiða þeim fyrir störf þeirra úr fjallskilasjóði. Þeir skulu vera komnir í tæka tíð hvern réttardag. Réttarstjóri skipar fyrir um hvernig búfjárdrætti skal haga og heldur mönnum til starfa. Hann bannar og óreglu, er veldur hindrun við réttarstörfin. Óhlýðnist nokkur í réttinni skipunum hans varðar það sektum. Marklýsingarmenn skulu skera úr um vafamörk, skoða og úrskurða mörk á óskilapeningi.

24. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur og kindur úr öðrum fjárskiptahólfum úr safninu strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sér dilk, svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Helgi hryssur eða ær sér ekki ómerkinga, eru þeir eign viðkomandi fjallskilasjóðs nema ótvírætt vottorð óvilhallra manna liggi fyrir um eiganda.

25. gr.

Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að koma úrtíningi tafarlaust til aðalréttar svo að hann sé þangað kominn áður en sundurdrætti er lokið.

26. gr.

Í fyrstu göngum skal ásamt sauðfé smala hrossum af afréttum. Skal haga sundurdrætti og hirðingu hrossa í réttum á sama hátt og sauðfé að svo miklu leyti sem við getur átt. Á meðan á réttum stendur skal réttarstjóri gæta þess að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld og kappkosta að öðru leyti að haga allri meðferð á hrossum þannig að ekki hljótist slys af. Ómörkuð folöld sem engin hryssa helgar sér skal réttarstjóri bjóða upp og selja að aflokinni rétt. Skulu þau seld með 12 vikna innlausnarfresti.

27. gr.

Fjallskilastjórnir skulu skipa fyrir um almenna smölun og skil á hrossum þar sem það á við. Við skil á hrossum skulu fjallskilastjórnir, hver fyrir sig, annast um hirðingu fjallskilaskyldra hrossa úr sinni fjallskiladeild í nærliggjandi sveitarfélagi enda séu fjallskil lögð á hross í fjallskiladeildinni.

V. KAFLI
Um hreinsun heimalanda og fjárskil.

28. gr.

Ábúanda eða eiganda er skylt að smala land sitt svo oft sem fjallskilastjórn fyrirskipar þótt hann eigi ekki fjárvon sjálfur. Geri hann það ekki skal fjallskilastjórn láta smala landið á kostnað eiganda. Skilarétt skal halda haust hvert og á þeim stað og tíma sem fjallskilastjórn ákveður.

29. gr.

Í fjalllendi eins og Vatnsnesfjalli getur síðasta fjárhreinsun á haustin farið fram með flokkaleit er kemur þá í stað smölunar. Landráðendur leggja til leitar eftir fyrirmælum fjallskilastjórnar. Fjallskilastjórnir samliggjandi svæða skulu hafa samráð með sér um leitardag. Fjallskilastjórn ákveður leitarsvæði og tilnefnir leitarstjóra. Stjórnar hann leitinni á sínu svæði. Leitarstjórar hafi samráð sín á milli um tilhögun leitar, svo að misgöngur verði ekki milli leitarsvæða.

30. gr.

Hafi aðkomufé komið að eftir tilskipaðar réttir skal tilkynna eiganda það og ráðstafar hann þá fé sínu. Ber landráðanda eða þeim sem smölun annast að láta eiganda búfjárins í té þá aðstoð sem unnt er. Ráðstafi eigandi ekki fé sínu skal það þá tilkynnt fjallskilastjórn sem ráðstafar því.

31. gr.

Ef eigendur eða ábúendur jarða í hreppnum telja sig verða fyrir tilfinnanlegum ágangi búpenings í heimalandi eða löndum og ekkert leyfi eða heimild er fyrir, er fjallskilastjórn heimilt að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni, þegar henni þykir þurfa og reka til almenningsrétta. Þar er eigendum skylt að hirða fénað sinn. Þegar fjallskilastjórn fyrirskipar slíka smölun, er hér um ræðir, skal henni skylt áður en smölun fer fram að birta ráðstöfun sína í almennum auglýsingum, svo að búendum gefist kostur á að hirða fé sitt. Fénaður sem er sérstaklega áleitinn við girðingar, matjurtagarða og skrúðgarða skal eigandi hirða þegar tilsagður er, setja í örugga vörslu eða farga honum. Sýni hann hirðuleysi í því efni ber honum að bæta allt það tjón, sem fénaðurinn hefur valdið. Eiganda búfjár í þéttbýli er skylt að hafa fénað sinn í öruggri girðingu sé hann innan þess svæðis sem skipulagt er.

VI. KAFLI
Um meðferð óskilapenings.

32. gr.

Þegar fjárdrætti er lokið í aðalréttum og eftir eru kindur sem teljast til úrtínings skulu þær afhentar fulltrúa sveitarstjóra. Skal hann þá ásamt marklýsingarmönnum skoða og skrifa upp mark og einkenni á hverri kind, svo rétt og nákvæmlega sem framast má verða. Sveitarstjóri skal síðan annast um að koma óskilafé sem ekki þekkist eða ekki er hirt í sláturhús. Sama gildir um fé sem kemur fram utan rétta. Andvirði alls búfjár sem fargað er skal lagt inn á reikning fjallskiladeildar þannig að greiða megi verð hvers grips fyrir sig ef eigandi finnst.

33. gr.

Komi óskilahross fyrir í réttum eða utan rétta á hvaða árstíma sem er skal sýslumaður auglýsa það og selja hafi eigandi ekki gefið sig fram innan viku og sannað eignarrétt sinn. Hross skal selja með 12 vikna innlausnarfresti og jafnlöngum gjaldfresti og eru þau ekki í ábyrgð kaupanda þó misfarist fyrr en að þeim fresti liðnum nema um sé að kenna

skeytingarleysi hans eða handvömm. Hver sá sem gerir kröfu til óskilahrossa sanni eignarrétt sinn svo að ekki verði um villst og greiði jafnframt allan áfallinn kostnað. Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um stóðhesta, sem seldir eru samkvæmt lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 46/1991, með síðari breytingum. Einnig gilda hér sömu ákvæði um nautgripi sem í óskilum eru.

34. gr.

Fyrir lok hvers árs skal sveitarstjórn senda greinilega lýsingu á öllum óskilahrossum og fé, sem selt hefur verið eða fargað í sveitarfélaginu á árinu til birtingar í Lögbirtingablaði. Skal hann síðan annast um greiðslu að frádregnum kostnaði á andvirði þess óskilabúfjár sem eigendur sanna eignarrétt sinn á. Geti enginn sannað eignarrétt sinn fellur andvirðið til fjallskilasjóðs viðkomandi fjallskiladeildar.

VII. KAFLI
Um eftirleitir og björgunarlaun.

35. gr.

Finnist búfé eftir tilskipaðar leitir greiðist hæfileg þóknun fyrir samkvæmt ákvörðun fjallskilastjórnar. Borgun til þeirra sem finna búfé greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar. Fjallskilasjóður greiðir kostnað sem af því leiðir að sækja fjallskilaskyldan pening sem kemur fyrir í öðrum sveitum eftir réttir. Björgunarlaun fyrir fé sem næst úr ógöngum skal farið með eins og sagt er í VII. kafla laga um afréttamál, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

VIII. KAFLI
Um mörk og markaskrár.

36. gr.

Búfé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers búfjáreiganda að hafa glöggt eyrnamark á öllu fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötumerki í eyra. Sveitarstjórn skal svo oft sem þurfa þykir og a.m.k. áttunda hvert ár láta prenta markaskrá fyrir allt sveitarfélagið. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það eftir því sem sveitarstjórn ákveður en hvert sauðfjár- og hrossabú skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni. Mark helgar markeiganda eignarrétt nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Við sönnun á eign á búpeningi er örmerking rétthæst, þar næst frostmerking, síðan brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eyrnamark. Eiganda rétthærra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum ef eigandi réttlægra marks krefst þess. Hross skulu eins og sauðfé hafa glöggt markeinkenni er skráð sé í markaskrá sýslunnar.

37. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark, svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Tilkynni tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar, er erfðamark rétthæst, síðan gjafamark, svo kaupamark og síðast gerðarmark. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu þótt erfðamark sé, ef sammerkt er eða námerkt innan sýslu. Um skráningu og notkun marka vísast til reglugerða um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

38. gr.

Fjallskilastjórnir skulu gera tillögur til sveitarstjórnar um varnargirðingu fyrir afréttarlöndum til varnar því að afréttarpeningur gangi ofan af afrétti eða sleppi á afrétt. Ennfremur til varnar því að afréttarpeningur gangi á víxl af einum afrétti á annan.

39. gr.

Fjallskilastjórnir skulu stefna að því að halda kynningarfundi um málefni upprekstrarfélaga ár hvert eða oftar ef þurfa þykir. Þá skal halda fundi ef þriðjungur jarðeigenda krefst þess.

40. gr.

Nú verður verulegur ágangur sauðfjár eða hrossa frá einu sveitarfélagi í annað og getur þá það sveitarfélag er fyrir ágangi verður óskað eftir að hitt sveitarfélagið greiði bætur fyrir áganginn eða sendi menn í göngur, ef það er talið heppilegra miðað við gangnakostnað og usla í högum. Miða skal greiðslu við fjallskilakostnað á fullorðna kind í því sveitarfélagi sem féð gengur í og séu hverjar tvær kindur, sem til réttar koma, metnar sem ein gjaldeining. Réttarstjóri skal sjá um að telja það fé sem til réttar kemur. Verði ágreiningur um gjaldtöku skulu viðkomandi sveitarfélög tilnefna einn mann hver og sýslumaður einn mann í nefnd til að úrskurða endanlega um ágreiningsefnið.

41. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum refsiheimildum. Sektir renna í fjallskilasjóð þeirrar fjallskiladeildar sem brotið er framið í. Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

42. gr.

Sýslumaður sker úr öllum ágreiningi út af fjallskilamálum. Þá heyra undir úrskurð hans allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórn er snerta fjallskilamál. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslumanns.

43. gr.

Samþykkt þessi, sem Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð nr. 458/1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um afhendingu aðildarskjals Íslands vegna 1. til 21. gr. Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listum og um aðildarríki að sáttmálanum.

Fastafulltrúi Íslands í Genf afhenti hinn 25. maí sl. aðildarskjal Íslands vegna 1. til 21. gr. Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum. Telst 25. maí 1999 því skráður afhendingardagur. Gildistökudagur er þremur mánuðum síðar þ.e. 25. ágúst 1999. Hinn 28. september 1984 var aðildarskjal Íslands vegna 22. gr. til 38. gr. Bernarsáttmálans afhent og öðlaðist sá hluti sáttmálans gildi að því er Ísland varðar 28. desember 1984.

Bernarsáttmálinn var fyrst gerður í Bern 1886, honum var fullokið í París 1896, endurskoðaður í Berlín 1908, fulllokið í Bern 1914, endurskoðaður í Róm 1928, (Róm), í Brussel 1948, (Brussel), í Stokkhólmi 1967, (Stokkhólmur), í París 1971 (París) og breytt 1979.

Fylgiskjal með auglýsingu þessari er skrá yfir ríki sem teljast aðildarríki að eftirtöldum gerðum Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listum. „París" merkir Bernarsáttmálinn um verndun bókmennta- og listaverka í samræmi við endurskoðun hans í París þann 24. júlí 1971 (Parísargerð); „Stokkhólmur" merkir framangreindur sáttmáli í samræmi við endurskoðun hans í Stokkhómi þann 14. júlí 1967 (Stokkhólmsgerð); „Brussel" merkir framangreindur sáttmáli í samræmi við endurskoðun hans í Brussel þann 26. júní 1948 (Brusselsgerð); „Berlín" merkir framangreindur sáttmáli í samræmi við endurskoðun hans í Berlín þann 13. nóvember 1908 (Berlínargerð). Eiga ríki aðild að mismunandi gerðum hans svo sem nánar kemur fram í skrá sem birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og miðast við 15. júlí 1999.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 61. gr. a höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 20. október 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

Ríki	**Dags. aðildar ríkis**	**Síðasta gerð sáttmálans sem ríki á aðild að og dags. aðildar ríkis að þeirri gerð sáttmálans**[1]	
Albanía	6. mars 1994	París:	6. mars 1994
Alsír	19. apríl 1998	París:	19. apríl 1998[2), 3)]
Argentína	10. júní 1967	Brussel:	10. júní 1967
		París, 22.-38. gr.:	8. október 1980
Austurríki	1. október 1920	París:	21. ágúst 1982
Azerbajdzhan	4. júní 1999	París:	4. júní 1999
Ástralía	14. apríl 1928	París:	1. mars 1978
Bahamaeyjar	10. júlí 1973	Brussel:	10. júlí 1999
		París, 22.-38. gr.:	8. janúar 1977[2)]
Bahrein	2. mars 1997	París:	2. mars 1997[3)]
Bandaríkin	1. mars 1989	París:	1. mars 1989
Bangladess	4. maí 1999	París:	4. maí 1999[3)]

Ríki	Dags. aðildar ríkis	Síðasta gerð sáttmálans sem ríki á aðild að og dags. aðildar ríkis að þeirri gerð sáttmálans[1)]	
Barbados	30. júlí 1983	París:	30. júlí 1983
Belgía	5. desember 1887	París:	29. september 1999
		Stokkhólmur, 22.-38. gr.:	12. febrúar 1975
Benín	3. janúar 1961[4)]	París:	12. mars 1975
Bosnía-Hersegóvína	1. mars 1992	París:	1. mars 1992[5)]
Botsvana	15. apríl 1998	París:	15. apríl 1998
Bólivía	4. nóvember 1993	París:	4. nóvember 1993
Brasilía	9. febrúar 1922	París:	20. apríl 1975
Bretland [21)]	5. desember 1887	París:	2. janúar 1990[11)]
Burkina Faso	19. ágúst 1963[6)]	París:	24. janúar 1976
Búlgaría	5. desember 1921	París:	4. desember 1974
Chíle	5. júní 1970	París:	10. júlí 1975
Costa Rica	10. júní 1978	París:	10. júní 1978
Danmörk	1. júlí 1903	París:	30. júní 1979
Dóminíka	7. ágúst 1999	París:	7. ágúst 1999
Dóminíska lýðveldið	24. desember 1997	París:	24. desember 1997
Egyptaland	7. júní 1977	París:	7. júní 1977[2)]
Eistland	26. október 1994[10)]	París:	26. október 1994
Ekvador	9. október 1991	París:	9. október 1991
El Salvador	19. febrúar 1994	París:	19. febrúar 1994
Fiji-eyjar	1. desember 1971[4)]	Brussel:	1. desember 1971
		Stokkhólmur, 22.-38. gr.:	15. mars 1972
Filippseyjar	1. ágúst 1951	París, 1.-21. gr.:	18. júní 1997[3)]
		París, 22.-38. gr.:	16. júlí 1980
Finnland	1. apríl 1928	París:	1. nóvember 1986
Fílabeinsströndin	1. janúar 1962	París, 1.-21. gr.:	10. október 1974
		París, 22.-38. gr.:	4. maí 1974
Frakkland	5. desember 1887	París, 1.-21. gr.:	10. október 1974
		París, 22.-38. gr.:	15. desember 1972
Gabon	26. mars 1962	París:	10. júní 1975
Gambía	7. mars 1993	París:	7. mars 1993
Georgía	16. maí 1995	París:	16. maí 1995
Ghana	11. október 1991	París:	11. október 1991
Gínea	20. nóvember 1980	París:	20. nóvember 1980
Gínea-Bissá	22. júlí 1991	París:	22. júlí 1991
Grenada	22. september 1998	París:	22. september 1998
Grikkland	9. nóvember 1920	París:	8. mars 1976
Grænhöfðaeyjar	7. júlí 1997	París:	7. júlí 1997
		Stokkhólmur, 22.-38. gr.:	7. júlí 1970
Guatemala	28. júlí 1997	París:	28. júlí 1997[2)]
Guyana	25. október 1994	París:	25. október 1994
Haítí	11. janúar 1996	París:	11. janúar 1996
Holland	1. nóvember 1912	París, 1.-21. gr.:	30. janúar 1986[16)]
		París, 22.-38. gr.:	10. janúar 1975[17)]
Hondúras	25. janúar 1990	París:	25. janúar 1990

Ríki	Dags. aðildar ríkis	Síðasta gerð sáttmálans sem ríki á aðild að og dags. aðildar ríkis að þeirri gerð sáttmálans[1)]	
Hvíta-Rússland	12. desember 1997	París:	12. desember 1997
Indland	1. apríl 1928	París, 1.-21. gr.:	6. maí 1984[12), 13)]
		París, 22.-38. gr.:	10. janúar 1975[2)]
Indónesía	5. september 1997	París:	5. september 1997[2)]
Írland	5. október 1927	Brussel:	5. júlí 1959
		Stokkhólmur, 22.-38. gr.:	21. desember 1970
Ísland	7. september 1947	París, 1.-21. gr.:	25. ágúst 1999
		París, 22.-38. gr.:	28. desember 1984
Ísrael	24. mars 1950	Brussel:	1. ágúst 1951
		Stokkhólmur, 22.-38. gr.:	29. janúar eða 26. febrúar 1970[14)]
Ítalía	5. desember 1887	París:	14. nóvember 1979
Jamaica	1. janúar 1994	París:	1. janúar 1994
Japan	15. júlí 1889	París:	24. apríl 1975
Jórdanía	28. júlí 1999	París:	28. júlí 1999[2), 3)]
Júgóslavía (fyrrum)	8. september 1991	París:	8. september 1991
Júgóslavía	17. júní 1930	París:	2. september 1975[5)]
Kamerún	21. september 1964[4)]	París, 1.-21. gr.:	10. október 1974
		París, 22.-38. gr.:	10. nóvember 1973
Kanada	10. apríl 1928	París:	26. júní 1998
Kasakstan	12. apríl 1999	París:	12. apríl 1999
Kenýa	11. júní 1993	París:	11. júní 1993
Kína[9)]	15. október 1992	París:	15. október 1992
Kongó	8. maí 1962[4)]	París:	5. desember 1975
Kólumbía	7. mars 1988	París:	7. mars 1988
Kórea	21. ágúst 1996	París:	21. ágúst 1996
Króatía	8. október 1991	París:	8. október 1991[5)]
Kúba	20. febrúar 1997	París:	20. febrúar 1997[2), 3)]
Kyrgistan	8. júlí 1999	París:	8. júlí 1999
Kýpur	24. febrúar 1964[4)]	París:	27. júlí 1983[5)]
Lesotho	28. september 1989	París:	28. september 1989[2)]
Lettland	11. ágúst 1995[15)]	París:	11. ágúst 1995
Líbanon	30. september 1947	Róm:	30. september 1947
Líbería	8. mars 1989	París:	8. mars 1989[2)]
Líbýa	28. september 1976	París:	28. september 1976[2)]
Liechtenstein	30. júlí 1931	París:	23. september 1999
Litháen	14. desember 1994	París:	14. desember 1994[2)]
Lúxemborg	20. júní 1888	París:	20. apríl 1975
Lýðveldið Kongó	8. október 1963[4)]	París:	31. janúar 1975
Madagaskar	1. janúar 1966	Brussel:	1. janúar 1966
Malawi	12. október 1991	París:	12. október 1991
Malasía	1. október 1990	París:	1. október 1990
Malí	19. mars 1962[4)]	París:	5. desember 1977
Malta	21. september 1964	Róm:	21. september 1964
		París, 22.-38. gr.:	12. desember 1977[2)]
Marokkó	16. júní 1917	París:	17. maí 1987

Ríki	Dags. aðildar ríkis	Síðasta gerð sáttmálans sem ríki á aðild að og dags. aðildar ríkis að þeirri gerð sáttmálans[1]	
Máritania	6. febrúar 1973	París:	21. september 1976
Máritíus	10. maí 1989	París:	10. maí 1989
Mexíkó	11. júní 1967	París:	17. desember 1974
Mið-Afríkulýðveldið	3. september 1977	París:	3. september 1977
Miðbaugs-Gínea	26. júní 1997	París:	26. júní 1997
Moldavía	2. nóvember 1995	París:	2. nóvember 1995
Mongólía	12. mars 1998	París:	12. mars 1998[2), 3)]
Mónakó	30. maí 1889	París:	23. nóvember 1974
Namibía	21. mars 1990	París:	24. desember 1993
Nýja-Sjáland	24. apríl 1928	Róm:	4. desember 1947
Níger	2. maí 1962[4)]	París:	21. maí 1975
Nígería	14. september 1993	París:	14. september 1993
Noregur	13. apríl 1896	París, 1.-21. gr.:	11. október 1995[11)]
Óman	14. júlí 1999	París:	14. júlí 1999[2)]
Pakistan	5. júlí 1948	Róm:	5. júlí 1948[7)]
		Stokkhólmur, 22.-38. gr.:	29. janúar eða 26. febrúar 1970[14)]
Panama	8. júní 1996	París:	8. júní 1996
Paraguay	2. janúar 1992	París:	2. janúar 1992
Perú	20. ágúst 1988	París:	20. ágúst 1988
Portúgal[18)]	29. mars 1911	París:	12. janúar 1979[19)]
Pólland	28. janúar 1920	París, 1.-21. gr.:	22. október 1994
		22.-38. gr.:	4. ágúst 1990
Rúanda	1. mars 1984	París:	1. mars 1984
Rúmenía	1. janúar 1927	París:	9. september 1998
Rússland	13. mars 1995	París:	13. mars 1995
Senegal	25. ágúst 1962	París:	12. ágúst 1975
Singapúr	21. desember 1998	París:	21. desember 1998[3)]
Slóvakía	1. janúar 1993	París:	1. janúar 1993
Slóvenía	25. júní 1991	París:	25. júní 1991[5)]
Spánn	5. desember 1887	París, 1.-21. gr.:	10. október 1974
		París, 22.-38. gr.:	9. febrúar 1974
Sri Lanka	20. júlí 1959[4)]	Róm:	20. júlí 1959
		París, 22.-38. gr.:	23. september 1978
St. Kristófer og Nevis	9. apríl 1995	París:	9. apríl 1995
St. Lúsía	24. ágúst 1993	París:	24. ágúst 1993[2)]
St. Vincent og Grenadineyjar	29. ágúst 1995	París:	29. ágúst 1995
Suður-Afríka	3. október 1928	Brussel:	1. ágúst 1951
		París, 22.-38. gr.:	24. mars 1975[2)]
Súrínam	23. febrúar 1977	París:	23. febrúar 1977
Sviss	5. desember 1887	París:	25. september 1993
Svíþjóð	1. ágúst 1904	París, 1.-21. gr.:	10. október 1974
		París, 22.-38. gr.:	20. september 1973
Swaziland	14. desember 1998	París:	14. desember 1998

Ríki	Dags. aðildar ríkis	Síðasta gerð sáttmálans sem ríki á aðild að og dags. aðildar ríkis að þeirri gerð sáttmálans[1]	
Tansanía	25. júlí 1994	París:	25. júlí 1994[2]
Tékkland	1. janúar 1993	París:	1. janúar 1993
Tæland	17.júlí 1931	París, 1.-21. gr.:	2. september 1995[20]
		París, 22.-38. gr.:	29. desember 1980[2]
Togo	30. apríl 1975	París:	30. apríl 1975
Trinidad og Tobago	16. ágúst 1988	París:	16. ágúst 1988
Tsjad	25. nóvember 1971	Brussel:	25. nóvember 1971[7], [8]
		Stokkhólmur, 22.-38. gr.:	25. nóvember 1971
Túnis	5. desember 1887	París:	16. ágúst 1975[2]
Tyrkland	1. janúar 1952	París:	1. janúar 1996
Ungverjaland	14. febrúar 1922	París, 1.-21. gr.:	10. október 1974
		París, 22.-38. gr.:	15. desember 1972
Uruguay	10. júlí 1967	París:	28. desember 1979
Úkraína	25. október 1995	París:	25. október 1995
Vatikanið	12. september 1935	París:	24. apríl 1975
Venesúela	30. desember 1982	París:	30. desember 1982[2]
Zambía	2. janúar 1992	París:	2. janúar 1992
Zimbabwe	18. apríl 1980	Róm:	18. apríl 1980
		París, 22.-38. gr.:	30. desember 1981
Þýskaland	5. desember 1887	París, 1.-21. gr.:	10. október 1974[11]
		París, 22.-38. gr.:	22. janúar 1974

(Alls: 140 ríki)

[1] „París“ merkir Bernarsáttmálinn um verndun bókmennta- og listaverka í samræmi við endurskoðun hans í París þann 24. júlí 1971 (Parísargerð); „Stokkhólmur“ merkir framangreindur sáttmáli í samræmi við endurskoðun hans í Stokkhómi þann 14. júlí 1967 (Stokkhólmsgerð); „Brussel“ merkir framangreindur sáttmáli í samræmi við endurskoðun hans í Brussel þann 26. júní 1948 (Brusselsgerð); „Berlín“ merkir framangreindur sáttmáli í samræmi við endurskoðun hans í Berlín þann 13. nóvember 1908 (Berlínargerð).

[2] Með yfirlýsingu í 33 gr. (2) sem tengist Alþjóðadómstólnum.

[3] Í samræmi við 1. gr. í viðauka Parísargerðar, hefur þetta ríki notfært sér þá skilmála sem fram koma í II. og III. gr. í framangreindum viðauka. Viðkomandi yfirlýsing er í gildi fram til 10. október 2004.

[4] Sú dagsetning þar sem yfirlýsing um áframhaldandi stuðning var send, eftir sjálfstæðisyfirlýsingu ríkisins.

[5] Bundinn fyrirvara um rétt til þýðinga.

[6] Burkina Faso, sem hafði samþykkt Bernarsáttmálann (Brusselsgerð) frá 19. ágúst 1963, sagði upp framangreindum samningi frá 20. september 1970. Seinna samþykkti Burkina Faso Bernarsáttmálann (Parísargerð) að nýju, það samþykki tók gildi þann 24. janúar 1976.

[7] Ríkið lagði inn löggilda staðfestingu á Stokkhólmsgerðinni í heild sinni, samt sem áður hafa 1. til 21. gr. efnisreglna framangreindrar gerðar ekki tekið gildi.

[8] Í samræmi við ákvæði í 29. gr. Stokkhólmsgerðar, sem á við um ríki utan sambandsins sem eru samþykk framangreindri gerð, er þetta ríki bundið af 1.-20. gr. Brusselgerðarinnar.

[9] Parísargerðin á einnig við um sérstjórnarsvæðið Hong Kong, frá og með 1. júlí 1997.

[10] Eistland samþykkti Bernarsáttmálann (Berlínargerð, 1908) og tók hann gildi þann 9. júní 1927. Landið missti sjálfstæði sitt þann 6. ágúst 1940 en hlaut það aftur þann 20. ágúst 1991.

[11] Ríkið hefur lýst því yfir að það sé fylgjandi beitingu viðauka við Parísargerðina á verk sem eru upprunnin í ríkjum sem hafa gefið út yfirlýsingar skv. 6.(i) gr. í viðauka eða tilkynningar skv. 1. gr. í viðaukanum. Yfirlýsingin tók gildi þann 18. október 1973 fyrir Þýskaland, 8. mars 1974 fyrir Noreg og 27. september 1971 fyrir Bretland.

[12] Ríkið hefur lýst því yfir að staðfesting þess eigi ekki við um ákvæði í 14*bis*(2)(b) gr. Parísargerðarinnar (löglíkindaregla um rétt höfunda sem hafa lagt fram skerf við gerð kvikmyndaverks).
[13] Ríkið tilkynnti um tilnefningu bærs yfirmanns sem 15(4) gr. Parísargerðarinnar kveður á um.
[14] Þetta eru mögulegar dagsetningar gildistöku sem forstjóri (director general) tilkynnti hlutaðeigandi ríkjum.
[15] Lettland samþykkti Bernarsáttmálann (Rómargerðina, 1928) með gildistöku þann 15. maí 1937. Landið missti sjálfstæði þann 21. júlí 1940 en endurheimti það þann 21. ágúst 1991.
[16] Staðfesting fyrir konungsríkið í Evrópu.
[17] Staðfesting fyrir konungsríkið í Evrópu. 22.-38. gr. í Parísargerðinni á einnig við Holland, Antille-eyjar og Aruba.
[18] Portúgal framlengdi umsókn sína að Parísargerðinni til Macau með gildistöku frá 12. ágúst 1999.
[19] Í samræmi við ákvæði í gr. 14*bis*(2)(c) Parísargerðarinnar hefur ríkið lýst því yfir að skuldbinding höfunda um framlag til gerðar kvikmyndaverks verði að vera gerð með skriflegu samkomulagi. Þessi yfirlýsing var móttekin þann 5. nóvember 1986.
[20] Í samræmi við 1. gr. í viðauka Parísargerðarinnar, hefur ríkið fært sér í nyt sérákvæði í gr. II í framangreindum viðauka. Viðkomandi yfirlýsing er í gildi þar til 10. október 2004.
[21] Bretland framlengdi umsókn sína að Parísargerðinni til eyjarinnar Manar með gildistöku frá 18. mars 1996.

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 1999

Nr. 764 2080 16. nóvember 1999

AUGLÝSING
um deiliskipulag í Reykjavík.

Spöng í Borgarholti.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 9. mars 1999 samþykkt deiliskipulag, þar sem gerð er grein fyrir uppbyggingu á einingu E í verslunar- og þjónustumiðstöð í Spöng í Borgarholti.

Deiliskipulagsuppdráttur hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ármúli 13 og Suðurlandsbraut 14.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 10. ágúst 1999 samþykkt deiliskipulag sem felur í sér endurskoðun á lóðamörkum Ármúla 13 og Suðurlandsbrautar 14, ásamt endurskoðun á bílastæðafjölda, fermetrafjölda og nýtingarhlutfalli.

Deiliskipulagsuppdráttur hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur: Laugavegur, Frakkastígur, Hverfisgata, Vitastígur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 26. október 1999 samþykkt deiliskipulag reits, sem markast af Laugavegi, Frakkastíg, Hverfisgötu og Vitastíg.

Deiliskipulagsuppdráttur hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Nauthólsvík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 1. júní 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir Nauthólsvík.

Deiliskipulagsuppdráttur hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 16. nóvember 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

Stjórnartíðindi B 102, nr. 764. Útgáfudagur 17. nóvember 1999.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 1999

18. nóvember 1999 2081 Nr. 765

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Jöklalind 5 í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 9. nóvember 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Jöklalind 5 ásamt umsögn ALARK-arkitekta f.h. bæjaryfirvalda, um fram komnar athugasemdir. Í breytingunni felst að fyrirhuguðu einbýlishúsi á framangreindri lóð er breytt úr einnar hæða húsi í pallahús; sem er að hluta til ein hæð með þaksvölum í norðaustur hluta þaksins og að hluta til tvær hæðir þar sem land lækkar. Sú breyting var gerð eftir auglýsingu og eftir að athugasemdir höfðu borist að svalagólf hússins komi ekki til með að ná nær austurhlið þess en sem nemur 1,5 metrum.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 27. ágúst til 4. október 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 18. nóvember 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

17. nóvember 1999 Nr. 766

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Víkuráli.

1. gr.

Frá og með 19. nóvember 1999 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á svæði út af Víkuráli, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°43'N - 27°25'V
2. 65°43'N - 27°00'V
3. 66°00'N - 26°50'V
4. 66°00'N - 27°05'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 544, 11. ágúst 1999, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Víkuráli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. nóvember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

23. nóvember 1999 2083 Nr. 767

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 707.435.
Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 50.917.
Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1999 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. nóvember 1999.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Óskar Páll Óskarsson.

18. nóvember 1999 Nr. 768

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 516, 27. júlí 1999, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5.	Innfjarðaræjka samtals	3.050
	þ.a. Arnarfjörður	550
	þ.a. Ísafjarðardjúp	1.800
	þ.a. Húnaflói	0
	þ.a. Skagafjörður	200
	þ.a. Skjálfandi	0
	þ.a. Öxarfjörður	500

Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. nóvember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 769 17. nóvember 1999

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 25. nóvember 1999 til og með 31. desember 1999, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 25. nóvember 1999 til og með 30. apríl 2000, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. nóvember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 494 12. ágúst 1998, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

6. tl. 1. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 26. nóvember 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. nóvember 1999.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 105 – 1999

Nr. 771 2086 10. nóvember 1999

SAMÞYKKT

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu) frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og sorpeyðingu frá atvinnuhúsnæði.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra, samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða og eyðing skal framkvæmd undir yfirstjórn tæknideildar sveitarfélagsins og skal hún sjá um samskipti við þá aðila, sem að því koma, s.s. vegna móttöku spilliefna, meðferðar landbúnaðarplasts og brotajárnshirðu.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem sveitarstjórn ákveður. Sorpgeymslur og gámasvæði skulu vera aðgengileg.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

4. gr.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðefni eða grjót og brotajárn í sorpílát og gáma. Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið fyrir á sérmerkta losunarstaði. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð.

5. gr.

Gámar, sem almenningur á aðgang að, skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum.

Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst, en fjöldi íláta skal ekki svo takmarkaður að þau yfirfyllist.

6. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum tæknideildar sveitarfélaga og framkvæmdaaðila sorphirðu, tíðni sorphreinsunar. Er gert ráð fyrir að tíðni sorphreinsunar verði að jafnaði vikulega og aldrei sjaldnar en á 14 daga fresti. Ákvörðun um tíðni skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara.

II. Sorphirðugjald.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum

kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

III. Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til framkvæmdaaðila verksins.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 10. nóvember 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

10. nóvember 1999 Nr. 772

SAMÞYKKT

um hundahald í Árborg.

1. gr.

Hundahald er bannað í sveitarfélaginu Árborg að undanteknum þarfahundum á lögbýlum og hundum sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa, svo og aðstoðarhundum blindra og fatlaðra.

2. gr.

Bæjarstjórn er þrátt fyrir ákvæði 1. gr. heimilt að veita lögráða einstaklingum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu áhaldahúss á Selfossi eða á þjónustuskrifstofunum á Eyrarbakka og Stokkseyri, og þar fær eigandi hundsins afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþágan er veitt fyrir. Gjaldið skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlitsins með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram 20. febrúar ár hvert. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið handsömunargjald sbr. 2. gr. f-lið. Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum eru undanþegnir þessu gjaldi, svo og hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa svo og hundar sem að læknisráði eru notaðir

til aðstoðar blindu fólki og fötluðu. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga er heimilt að afturkalla leyfið, svo og ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum.

c) Árborg ábyrgðartryggir alla skráða hunda, sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi samkvæmt f-lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína (s.s. þarfahunda, björgunarhunda og veiðihunda) hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þeir skulu og greiða bæjarsjóði útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem falla undir f-lið leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýnir að trygging sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Hundaeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum, er að allir íbúðareigendur samþykki og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hundsins. Þá er umráðamönnum alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir í III.-V. ogVII.-XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari tíma breytingum, en þeir eru m.a. eftirfarandi:

1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslur- og sorpförgunarstaðir.
4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrti- og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
10. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
11. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
12. Almenn samgöngutæki.

e) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varðar, þ. á m. reglur um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. b-lið þessarar greinar, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

f) Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda og björgunarhunda án gjalds. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálsir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skylt er bændum á lögbýlum og eigendum hunda sem nefndir eru í b-lið hér að framan að sjá til þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

3. gr.

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum, framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu Árborg. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu, þegar þörf krefur en að öðru leyti starfar hann undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eigendum eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi

sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur lögregla eða dýralæknir heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað.

Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hunds eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögregla eða dýralæknir heimild til að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og þeim lógað þegar í stað.

Lögregla og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna landbúnaðarfulltrúa kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 10. nóvember 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

10. nóvember 1999 Nr. 773

SAMÞYKKT

um kattahald í sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Kattahald í Árborg sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir í þéttbýli í sveitarfélaginu Árborg skulu skráðir á skrifstofu áhaldahússins á Selfossi eða á þjónustuskrifstofunum á Eyrarbakka og Stokkseyri og þar fær eigandi hans afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins.

Greiða skal skráningargjald, sem nemur sannanlegum kostnaði vegna skráningar kattarins.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Þá skal, ef óskað er eftir, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum sem máli skipta.

3. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

4. gr.

Gjald samkvæmt 2. mgr. 2. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rök-

studdum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu og kettirnir geymdir í a.m.k. 7 sólarhringa áður en þeim er lógað.

6. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem nú halda heimilisketti skulu skrá þá á framangreindum skrifstofum fyrir 1. desember 1999 og fá þar afhenta númeraða plötu, sbr. ákvæði 2. gr.

Umhverfisráðuneytinu, 10. nóvember 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 774 16. nóvember 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Víkurhverfi, stofnanalóðir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 10. ágúst 1999 samþykkt deiliskipulag sem felur í sér tilfærslu á gæsluvelli og stækkun á skóla og leikskóla.

Deiliskipulagsuppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Austurnes við Baugatanga.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 11. maí 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Skildinganesi. Afmörkuð er íbúðarlóð sem liggur að lóðamörkum Baugatanga 5 og Skildinganess 31 og 33.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 16. nóvember 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsskilmálum Æðarodda, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 16. nóvember 1999 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagsskilmálum Æðarodda, Akranesi. Breytingin felst í viðbót við skilmála frá nóvember 1993, þar sem heimilað er að reisa gripaskjól á lóðum.

Auglýst var eftir athugasemdum skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og var breytingartillagan til sýnis frá og með miðvikudeginum 8. september til mánudagsins 11. október 1999. Athugasemdafrestur var til 25. október 1999. Engar athugasemdir bárust.

Framangreind breyting á deiliskipulagsskilmálum Æðarodda, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 17. nóvember 1999.

Skúli Lýðsson bygginga- og skipulagsfulltrúi.

10. nóvember 1999 Nr. 776

REGLUGERÐ

um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna.

1. gr.

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja hjá Tryggingastofnun ríkisins áhættu vegna bótaskyldra slysa sbr. III. kafla laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir útgerðarmönnun fjárhæð sem svarar til fulls kaups og/eða aflahlutar sjómanna í allt að tvo mánuði.

2. gr.

Útgerðarmenn skulu greiða iðgjald sem nemur 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni.

3. gr.

Skattstjórar annast ákvörðun iðgjalds samkvæmt reglugerð þessari og skal það innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds samkvæmt þessari reglugerð. Iðgjaldið innheimtist mánaðarlega ásamt tryggingagjaldi. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila samkvæmt reglugerð þessari og skal eftir atvikum leita staðfestingar hans á iðgjaldi útgerðaraðila þegar bótaskylda Tryggingastofnunar ríkisins er ákvörðuð.

4. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu skv. reglugerð þessari fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Tryggingastofnun ríkisins. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum

vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993, sbr. 32. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. nóvember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nr. 777 16. nóvember 1999

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum:

Opnun umferðar um Bárustíg til norðurs frá Vestmannabraut að Vesturvegi.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 16. nóvember 1999.

Karl Gauti Hjaltason.

Nr. 778 17. nóvember 1999

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:
Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði	kr. 5.000
Sorphirðugjald á ílát, sumarhús	kr. 1.700

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Árlegt sorpurðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er raðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

I.	Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
	1	4.000	4	150.000
	2	25.000	5	300.000
	3	75.000		

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

II.	kr.
Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	5.000
Þjónustubýli	2.500
Sumarbústaðir	1.000

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélginu Skagafirði og öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 17. nóvember 1999.

Snorri Björn Sigurðsson sveitarstjóri.

4. nóvember 1999 Nr. 779

REGLUGERÐ

um jöfnun námskostnaðar.

1. gr.

Þeir nemendur, sem uppfylla eftirtalin atriði eiga rétt til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum vegna búsetu eða efnaleysis:

a) Stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi, sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, sem óhjákvæmilega leiðir til vistunar utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu nemandans vegna námsins.
b) Nýta ekki rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna.
c) Geta ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Sambærilegt nám vísar til námsbrauta en ekki til eðlis né gæða skóla eða einstakra áfanga sem í boði eru á viðkomandi brautum.

Framhaldsskólar í þessu sambandi eru skólar sem falla undir ákvæði laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með áorðnum breytingum.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að styrkja annað hliðstætt nám á framhaldsskólastigi.

2. gr.

Námsstyrkjanefnd úthlutar árlega styrkjum til styrkhæfra nemenda einu sinni á ári. Veittir eru þrenns konar styrkir:

1. Ferðastyrkir.
2. Fæðisstyrkir.
3. Húsnæðisstyrkir.

Fjárhæð styrkja fer eftir heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert.

Ferðastyrkir eru veittir þeim nemendum, sem verulegan ferðakostnað hafa vegna náms. Þeir nemendur, sem stunda nám tilskilinn lágmarkstíma, fá sem styrk áætlaðan ferðakostnað til þess skóla sem næstur er lögheimili og býður sambærilegt nám. Ferðastyrkur nemur áætluðum kostnaði vegna fjögurra ferða á skólaári (ferð haust og vor, í og úr jólaleyfi) að frádreginni lágmarksfjárhæð sem nefndin ákveður hverju sinni.

Fæðisstyrkir eru veittir þeim nemendum, er verða að dveljast fjarri fjölskyldu sinni á námstíma. Þó er nefndinni heimilt að veita þennan styrk sé lögheimili nemanda í tilskilinni lágmarksfjarlægð frá skóla og hann getur að mati nefndarinnar ekki nýtt almenningssamgöngur milli heimilis og skóla.

Húsnæðisstyrkir eru veittir þeim, er verða að dveljast utan lögheimila sinna, án þess að eiga kost á heimavist með viðunandi kjörum að mati námsstyrkjanefndar.

3. gr.

Nemendur sem eiga lögheimili innan 3 km frá framhaldsskóla með sambærilegt nám, leið skólabifreiða eða almenningsvagna teljast að öðru jöfnu ekki styrkhæfir.

4. gr.

Heimilt er námsstyrkjanefnd að verja hluta af árlegri fjárveitingu með eftirfarandi hætti:

a. Að veita einstökum nemendum viðbótarstyrki ef efnaleysi torveldar þeim nám.

b. Heimilt er námsstyrkjanefnd að veita nemendum námsstyrki, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum 2. gr. laga nr. 23/1989 ef efnaleysi er verulegt. Skilyrði er að nefndinni séu látnar í té ítarlegar upplýsingar um efnahag.

5. gr.

Skipuleggi sveitarfélög eða skólar daglegan akstur framhaldsskólanema að og frá skóla eða skólum, þar sem nemendur þyrftu ella að vista sig fjarri lögheimilum sínum við nám, er námsstyrkjanefnd heimilt að endurgreiða hluta kostnaðar, enda hafi nefndin áður samþykkt aksturinn og greiðslu fyrir hann.

Sé akstur styrktur með þessum hætti falla niður beinir styrkir til nemenda sem geta að mati nefndarinnar nýtt sér aksturinn. Það á við um þá nemendur sem eiga lögheimili innan 3 km frá leið skólabifreiðar.

6. gr.

Námsstyrkjanefnd úthlutar styrkjum að jafnaði einu sinni á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með venjulegum hætti á haustönn. Umsóknir um námsstyrki skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum sem nefndin lætur gera og lætur liggja frammi í framhaldsskólum.

Í umsókn skal skrá allar þær upplýsingar, sem námsstyrkjanefnd telur nauðsynlegar, m.a. fullt nafn umsækjanda, kennitölu, lögheimili hans, ásamt nafni skóla, námsbraut og dvalarstað á námstíma. Sé lögheimili umsækjanda annað en foreldra hans skulu gefnar viðhlítandi skýringar. Nefndin getur óskað eftir að umræddar skýringar séu staðfestar af viðkomandi yfirvöldum. Rangar upplýsingar umsækjenda geta varðað styrkmissi. Allar umsóknir skulu staðfestar af skólastjóra.

Miða skal við að úthlutun sé lokið fyrir lok febrúarmánaðar vegna liðinnar haustannar og yfirstandandi vorannar.

7. gr.

Athugasemdir við niðurstöðu nefndarinnar skulu vera skriflegar og studdar gögnum eftir eðli máls. Þær skulu berast innan 30 daga frá birtingu á niðurstöðu nefndarinnar í viðkomandi skóla.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 23/1989 um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 278/1973 um jöfnun námskostnaðar og reglur nr. 418/1976 um tilnefningu fulltrúa í námsstyrkjanefnd.

Menntamálaráðuneytinu, 4. nóvember 1999.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

4. nóvember 1999 Nr. 780

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Listasafns Háskóla Íslands.

Í tilefni níræðisafmælis síns 10. júní 1999, færir Sverrir Sigurðsson, Bakkavör 28, Seltjarnarnesi, Háskóla Íslands að gjöf tíu milljónir króna, kr. 10.000.000, til stofnunar Styrktarsjóðs Listasafns Háskóla Íslands er starfa skal samkvæmt eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Hlutverk Styrktarsjóðs Listasafns Háskóla Íslands er að efla rannsóknir á íslenskri myndlist að fornu og nýju. Í þessu skyni skulu árlega veittir styrkir af ráðstöfunarfé sjóðsins til rannsókna á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna, samkvæmt ákvörðun stjórnar Listasafns Háskóla Íslands sem jafnframt er stjórn sjóðsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal ávaxta á öruggan hátt á hæstu fáanlegum vöxtum. Árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins eru raunvextir af stofnfé sjóðsins umfram verðtryggingu, svo og aðrar tekjur og framlög sem sjóðnum kunna að áskotnast. Stofnfé sjóðsins verðtryggt má ekki skerða.

3. gr.

Sjóðstjórnin veitir styrki til faglega hæfra einstaklinga eða stofnana að fengnum umsóknum og undangenginni almennri auglýsingu. Stjórn sjóðsins markar stefnu um úthlutun og setur reglur um mat á umsóknum. Stjórnin getur í auglýsingu afmarkað sérstök rannsóknarmarkmið hverju sinni.

4. gr.

Skipulagsskrá Styrktarsjóðs Listasafns Háskóla Íslands skal staðfest af dómsmálaráðuneyti samkvæmt lögum nr. 19/1988. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðast af endurskoðendum Háskóla Íslands kosnum af háskólaráði auk Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Stjórn Listasafnsins skal heimilt ef nauðsyn knýr, í samráði við rektor Háskóla Íslands, að breyta skipulagsskrá þessari þannig að sjóðurinn þjóni sem best upphaflegum tilgangi sínum að efla þekkingu á íslenskri myndlist.

6. gr.

Verði tekin ákvörðun um að leggja styrktarsjóðinn niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands.

Seltjarnarnesi, 10. júní 1999.

Sverrir Sigurðsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. nóvember 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 781 17. nóvember 1999

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 5.409
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 3.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
Auk auglýsingakostnaðar ef við á.	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
Auk eftirlitsgjalds viðkomandi fyrirtækjaflokks	
Auk auglýsingakostnaðar ef við á.	

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
Skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs. Auk auglýsingakostnaðar ef við á.	

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar, viðauka A, og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 70/1992 fyrir heilbrigðiseftirlit og gjaldskrá nr. 16/1992 fyrir mengunareftirlit á starfssvæði Vestfjarðasvæðis, með síðari breytingum.

Bolungarvík, 17. nóvember 1999.

F.h. heilbrigðisnefndar Vestfjarða,

Anton Helgason framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Atvinnurekstur	**Eftirlitsgjöld kr.**
Alifuglarækt < 40.000 stæði	28.397
Alifuglarækt > 40.000 stæði	56.795
Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	47.329
Apótek	6.423
Áfengismeðferð	5.071
Áfengisverslun	4.057
Baðhús	8.790
Bakarí, lítið	27.045
Bakarí, miðlungs	35.954
Bakarí, stórt	79.226
Bensínstöðvar án matvæla	16.227
Bensínstöðvar með matvöru	43.272
Bensínstöðvar með veitingasölu	57.590
Bensínstöðvar, sjálfvirkar	16.227
Bið- og endastöðvar strætisvagna	3.381
Biðstöðvar leigubifreiða	3.381
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	12.846
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	14.199
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	15.551
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	4.395
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	5.071
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	11.494
Bifreiðaréttingar	4.395
Bifreiðasprautun	14.199
Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	12.846
Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	20.960
Bílapartasölur	14.875
Bjórgerð	37.863
Blikksmiði	4.057
Bón og bílaþvottur, handvirkur	3.381
Bón og bílaþvottur, sjálfvirkur	14.199
Brauðstofur	29.750
Brauðverksmiðjur	128.703
Byggingavöruverslanir, litlar	10.480
Byggingavöruverslanir, stórar	63.556
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	4.057
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	10.818
Dagmömmur með > 6 börn	4.395
Dansskólar	4.395
Deildskipt sjúkrahús, lítið, án mötuneytis	14.875
Deildskipt sjúkrahús, miðlungs, með móttökueldhúsi	37.863
Deildskipt sjúkrahús, stórt, með fullbúnu eldhúsi	48.124
Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil, án mötuneytis	11.494
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs, með móttökueldhúsi	31.102
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór, með fullbúnu eldhúsi	40.011
Dýralæknastofur án röntgen	4.057
Dýralæknastofur með röntgen	8.790
Dýraspítalar	12.170
Efnalaugar	10.142
Endurhæfing	9.466
Endurvinnsla úrgangs	1.352
Fangelsi, lítið	27.045
Fangelsi, miðlungs	32.454
Fangelsi, stórt	37.863
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	4.057
Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	4.057
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	34.602
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	25.693
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	11.494
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	17.579
Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	20.284
Fiskbúðir án vinnslu, stórar	27.841
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	21.636
Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	30.545
Fiskbúðir með vinnslu, stórar	33.250

Atvinnurekstur	Eftirlitsgjöld kr.
Fiskmjölsvinnsla	7.099
Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	29.750
Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	1.352
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	18.932
Fótaaðgerðarstofur	4.395
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	10.818
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	4.395
Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	39.454
Framleiðsla á glerplötum	1.352
Framleiðsla á iðnaðargasi	35.159
Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	27.841
Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	1.352
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	24.341
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	48.681
Framleiðsla á umbúðaplasti	4.057
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	13.523
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	37.863
Framleiðsla fiskeldisfóðurs	4.057
Framleiðsla gleríláta	3.719
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítið	32.454
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	41.363
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	103.567
Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	24.341
Framleiðsla húsdýrafóðurs	4.057
Framleiðsla mjólkurdufts	41.363
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	5.747
Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	4.733
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis	14.875
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	44.624
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	37.863
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis	14.875
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	48.124
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	37.863
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	59.181
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	14.875
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	48.124
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	37.863
Fúavörn á viði	1.352
Fyrirtæki sem geyma klórgas	1.352
Garðaúðun	12.170
Gasbirgðastöðvar með < 100 m^3 geymslurými (STP)	5.409
Gasbirgðastöðvar með > 100 m^3 geymslurými (STP)	5.409
Gámastöð	5.747
Grunnskólar án mötuneytis	7.437
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	48.124
Grunnskólar með móttökueldhúsi	37.863
Gúmmívinnsla	4.395
Gæludýraverslun	3.381
Gæsluvellir	12.846
Harðfiskverkun	5.071
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	5.071
Hárgreiðslustofur	4.395
Heildverslun með hreingerningarefni	63.556
Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	21.636
Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	27.045
Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	38.659
Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	20.960
Heildverslun með ilmvötn og snyrtivörur	63.556
Heildverslun með snyrtivörur	63.556
Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	29.750
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	21.636
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	27.045
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	35.954
Heilsugæslustöðvar	5.071
Heimili fyrir börn og unglinga	4.395
Heitloftsþurrkun fiskafurða	17.579
Hestahald	1.352
Hótel með veitingasölu, lítið	35.159
Hótel með veitingasölu, miðlungs	47.329
Hótel með veitingasölu, stórt	62.999
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)	4.395
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs	10.818
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	12.170
Hreinlætisvöruverksmiðjur	20.960
Hundahótel	3.719
Húðflúrstofur	20.284
Húðgötun	20.284
Húsgagnaiðnaður með lökkun	2.705
Ísgerð	95.135
Íþróttahús, lítil	10.142
Íþróttahús, miðlungs	12.846
Íþróttahús, stór	15.551
Íþróttavellir	4.395
Járnvöruverslanir	20.960
Kaldhreinsun lýsis	24.341

Atvinnurekstur	Eftirlitsgjöld kr.
Kanínurækt	1.352
Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	27.841
Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	52.181
Kartöfluvinnsla - pökkun	16.227
Kattahótel	3.719
Kexverksmiðjur	73.817
Kirkjur	4.395
Kírópraktor	4.395
Kjötpökkunarstöð	78.908
Kjötvinnsla með reykingu, lítil	71.908
Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	100.544
Kjötvinnsla með reykingu, stór	165.930
Kjötvinnsla, lítil	50.272
Kjötvinnsla, miðlungs	78.908
Kjötvinnsla, stór	133.476
Krár, kaffihús án matsölu	18.932
Krár, kaffihús með matsölu	25.693
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	18.932
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	30.545
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	38.659
Kvikmyndahús	12.846
Kæli- og frystigeymslur	1.352
Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	7.775
Kökugerð, lítil	17.579
Kökugerð, miðlungs	26.488
Kökugerð, stór	29.193
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	15.670
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	23.227
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	29.432
Land- og kvíaeldi	6.761
Laukskeikingarverksmiðjur	24.341
Leðurvinnsla	1.352
Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	4.395
Leikhús með fullbúnu eldhúsi	31.102
Leikhús með móttökueldhúsi	12.846
Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	44.624
Leikskólar með móttökueldhúsi	37.863
Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m^3	1.352
Litun og bleiking < 10 tonn á dag	5.409
Líkamsræktarstöðvar, litlar	8.790
Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	21.079
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	20.284
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	23.784
Líkamsræktarstöðvar, stórar	21.636
Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	25.136
Líkbrennslur	4.395
Ljósmyndastofur með framköllun	9.466
Loðdýrabú	27.045
Lyfjagerð	10.480
Læknahús með aðgerðarstofum	4.395
Læknastofur	4.395
Malar- og sandnám; vikurnám	5.747
Markaðir	121.703
Matsölustaðir, litlir	25.693
Matsölustaðir, miðlungs	41.363
Matsölustaðir, stórir	46.772
Matsöluvagnar	22.988
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	21.636
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	35.954
Matvöruverslun án vinnslu, stór	46.772
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	31.897
Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	51.624
Matvöruverslun með vinnslu, stór	65.942
Málmsteypa < 20 tonn á dag	2.705
Málningar- og veggfóðurverslun	20.960
Málningarverksmiðjur	71.669
Málningarvöruverslanir	20.960
Meðferð og húðun málma	11.494
Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag	1.352
Mjólkurbú	61.568
Mjólkurbú og ostagerð	162.986
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	5.747
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	9.466
Móttaka brotamálms	105.476
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	24.341
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	27.045
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	32.454
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	44.068
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	18.932
Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	25.693
Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	31.102
Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	5.747
Niðurrif bifreiða	2.705
Nuddstofur	4.395
Offsett- og hæðarprentun	22.988
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	21.636
Ostagerð	88.135
Plastiðnaður	10.142
Prentiðnaður með framköllun	13.523
Prentiðnaður, lítill	5.409
Prentiðnaður, miðlungs	13.523
Prentiðnaður, stór	39.215
Prentsmið	11.494
Prentun dagblaða	43.272
Rafvélaverkstæði	4.395
Rannsóknarstofur í læknisfræði	4.395
Ryðvarnarverkstæði	21.636
Röntgenstofur	8.790
Sala á tilbúnum mat, lítil	21.636
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	30.545
Sala á tilbúnum mat, stór	41.363
Sala eiturefna	52.738
Salatgerð	34.045
Saltfiskverkun	8.790

Atvinnurekstur	Eftirlitsgjöld kr.
Saltvinnsla	22.988
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu upphvottur	4.395
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	31.102
Samkomusalir með móttökueldhúsi	12.846
Sáldprentun	22.988
Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	1.352
Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	2.705
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	27.045
Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	14.875
Sjúkraþjálfun	4.395
Skemmtistaðir án matsölu	8.790
Skemmtistaðir með matsölu	24.341
Skíðaskálar, skíðasvæði	5.747
Skotvellir	4.395
Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe.	5.409
Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 pe.	10.818
Skrúfuframleiðsla	1.352
Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	1.352
Skyndibitastaðir, litlir	27.841
Skyndibitastaðir, miðlungs	38.659
Skyndibitastaðir, stórir	41.363
Sláturhús < 50t/dag	35.159
Sláturhús > 50t/dag	70.317
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	17.579
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	30.545
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	33.250
Smásala efna í flokkum X, A og B	20.960
Smásala með notaða muni í verslunum	20.960
Smjörlíkisgerð	27.841
Smurstöðvar	29.750
Snyrtistofur	4.395
Snyrtivöruframleiðsla	10.480
Snyrtivöruverslun	12.846
Sorpeyðingastöð, sorphaugar	5.071
Sorpflutningar og sorphirða	6.423
Sólbaðstofur án heitra potta	4.395
Sólbaðstofur með heitum pottum	22.432
Spennaviðgerðir	22.988
Spennistöðvar	3.719
Stálsmíði og stálskipagerð	10.818
Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	1.352
Steinsmíði	3.719
Stórmarkaðir > 400 m^2, án matvælavinnslu	88.135
Stórmarkaðir > 400 m^2, með matvælavinnslu	97.044
Sultu- og ávaxtagrautargerð	34.045
Sundstaðir, litlir	27.284
Sundstaðir, miðlungs	59.977
Sundstaðir, stórir	94.578
Súkkulaði- og sælgætisgerð	41.363
Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	32.454
Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	64.908
Sögunarmyllur	1.352
Söluturnar án óvarinna matvæla	12.170
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	16.227
Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	27.045
Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	35.954
Tannlæknastofur	4.395
Te- og kaffiframleiðsla	14.875
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	4.057
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	4.733
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	5.409
Tónlistarskólar	4.733
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	4.733
Trésmíðaverkstæði með lökkun	5.409
Ullarþvottastöðvar	5.409
Varahlutaverslanir, ekki bíla	20.960
Vatnsveitur < 1.000 íbúa	78.908
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	236.724
Vatnsveitur, einka	16.227
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	1.352
Véla- og tækjasölur	20.960
Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	4.395
Viðhald og niðurrif skipa	5.409
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	5.409
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	6.761
Vinnsla á ferskum fiski, stór	21.636
Vinnsla með plast- og frauðefni	2.705
Vistheimili	10.142
Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur.	1.352
Völuflutningamiðstöðvar	32.454
Vörugeymslur, litlar	4.733
Vörugeymslur, miðlungs	6.761
Vörugeymslur, stórar	32.454
Yogastofur, heilun o.fl.	4.395
Þvottahús	4.395
Þvottahús og efnalaugar	10.142
Æfingasvæði slökkviliðs	4.395
Ökuskólar, flugskólar o.fl.	4.733
Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	4.733
Önnur ótalin fiskvinnsla	4.057
Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	30.545

REGLUGERÐ

um embætti yfirdýralæknis.

I. KAFLI
Stjórn og skipulag.

Almennt.

1. gr.

Embætti yfirdýralæknis er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Yfirdýralæknir veitir stofnuninni forstöðu.

Við embætti yfirdýralæknis skulu auk yfirdýralæknis starfa aðstoðaryfirdýralæknir, héraðsdýralæknar, sérgreinadýralæknar, skrifstofustjóri og annað starfslið eftir því sem þörf er á og yfirdýralæknir ákveður hverju sinni.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirdýralækni, aðstoðaryfirdýralækni og héraðsdýralækna. Sérgreinadýralækna, eftirlitsdýralækna og annað starfslið embættis yfirdýralæknis skal yfirdýralæknir ráða með ráðningarsamningum samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Við embætti yfirdýralæknis skal starfrækt rannsóknadeild dýrasjúkdóma, þar sem starfa sérfræðingar og aðstoðarfólk til greiningar dýrasjúkdóma og forvarnarstarfa.

3. gr.

Yfirdýralæknir er næsti yfirmaður aðstoðaryfirdýralæknis, héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna og skrifstofustjóra.

II. KAFLI
Yfirdýralæknir.

Skipun og hlutverk.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirdýralækni til fimm ára í senn.

5. gr.

Yfirdýralæknir er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu búfjárafurða eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Yfirdýralæknir skal koma fram fyrir stofnunina og vera fulltrúi hennar gagnvart stjórnvöldum og hagsmunaaðilum.

Helstu störf og starfsskyldur yfirdýralæknis.

6. gr.

Yfirdýralæknir hefur m.a. með höndum eftirtalin störf:

a) Yfirstjórn og eftirlit með störfum héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna og annarra dýralækna sem leyfi hafa til að stunda dýralækningar.

b) Yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál dýra; hann skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra og hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur.

c) Yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjársjúkdóma, innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða og fylgist með hollustu dýrafóðurs í samvinnu við Aðfangaeftirlit ríkisins.

d) Yfirumsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og framleiðslu mjólkur, auk yfirumsjónar með heilbrigði annars búfjár og afurða þess.
e) Skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur, svo og árlega útgáfu heilbrigðisskýrslna.
f) Umsjón með að öll embætti héraðsdýralækna séu að jafnaði setin, eftir því sem dýralæknar fást til starfa.
g) Yfirumsjón með gerð fjárlagatillagna og framkvæmd fjárhagsáætlana og hefur eftirlit með fjárreiðum stofnunarinnar.
h) Erlend samskipti við alþjóðastofnanir og yfirdýralæknisembætti um allt sem snýr að verkefnasviði embættisins.

Dýravernd.
7. gr.

Yfirdýralæknir skal vera umhverfisráðherra til ráðuneytis við framkvæmd laga nr. 15/1994 um dýravernd, s.s. varðandi dýrahald í atvinnuskyni, aðgerðir á dýrum, aflífun, dýraveiðar, tilraunir á dýrum og skipan dýraverndunarmála almennt.

Lyfjamál.
8. gr.

Yfirdýralæknir skal vera heilbrigðisráðherra til ráðuneytis við framkvæmd lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. 1. gr. laganna, m.a. um hvaða lyf dýralæknar megi selja, um setningu reglugerðar þar sem kveðið sé á um hvaða lyf dýralæknar megi eingöngu sjálfir gefa dýrum, eftirlit með ávísun dýralyfja o.fl.

Yfirdýralæknir skal vera lyfjaverðsnefnd til ráðuneytis um hámarksverð á dýralyfjum í lausasölu.

Lax- og silungsveiði.
9. gr.

Yfirdýralæknir hefur yfirumsjón með flutningi á lifandi fiski og hrognum milli landa og er heimild til slíks flutnings háð leyfi hans, sbr. 77. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Dýrasjúkdómar.
10. gr.

Yfirdýralæknir skal vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að dýrasjúkdómum og framkvæmd laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Innflutningur dýra.
11. gr.

Yfirdýralæknir skal vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að innflutningi dýra og erfðaefnis þeirra og framkvæmd laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Eldi og heilbrigði sláturdýra o.fl.
12. gr.

Yfirdýralæknir skal vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að framkvæmd laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

Útflutningur hrossa.

13. gr.

Yfirdýralæknir skal vera landbúnaðarráðherra til ráðuneytis og aðstoðar um öll atriði er varða framkvæmd laga nr. 161/1994 um útflutning hrossa og skal hafa yfirumsjón með að fylgt sé öllum reglum um heilbrigði og aðbúnað útflutningshrossa, sbr. 3. gr. laga nr. 161/1994.

Matvæli.

14. gr.

Yfirdýralæknir skal vera landbúnaðarráðherra til ráðuneytis og aðstoðar um öll atriði er varða framleiðslu og dreifingu búfjárafurða, sláturafurða og eldisfisks, sbr. 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Yfirdýralæknir skal sjá til þess að haldið sé uppi fræðslu fyrir almenning um framleiðslu og dreifingu búfjárafurða, sláturafurða og eldisfisks svo og fyrir þá sem starfa við framleiðslu þessara matvæla.

Yfirdýralæknir skal veita ráðgjöf við gerð námsefnis fyrir kennslu um framleiðslu búfjárafurða, sláturafurða og eldisfisks og hafa með höndum leyfisveitingar til þeirra sem hefja vilja framleiðslu þessara matvæla, sbr. 19.-20. gr. laga nr. 93/1995.

Yfirdýralæknir skal hafa yfirumsjón með opinberu eftirliti við framleiðslu matvæla samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995.

Sóttvarnir.

15. gr.

Yfirdýralæknir skal vera sóttvarnalækni til ráðuneytis við framkvæmd sóttvarnalaga eftir því sem við á, sbr. 4. gr. laga nr. 19/1997.

Yfirdýralæknir skal sitja fundi sóttvarnaráðs þegar það fjallar um mál sem tengjast embætti yfirdýralæknis, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1997.

Búfjárhald.

16. gr.

Yfirdýralæknir skal í samvinnu við Bændasamtök Íslands, viðkomandi búgreinafélög og dýraverndarnefnd hlutast til um að gefnar verði út leiðbeinandi reglur, um sem flesta þætti er lúta að fóðrun, aðbúnaði, meðferð og heilbrigði búfjár af viðkomandi tegund. Jafnframt skal yfirdýralæknir í samvinnu við framangreinda aðila hlutast til um að slíkar reglur verði endurskoðaðar reglulega í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.

Meðferð og vinnsla sjávarafurða.

17. gr.

Yfirdýralæknir skal láta sjávarútvegsráðherra í té umsagnir við veitingu leyfa til innflutnings á lifandi fiskum, skrápdýrum eða lindýrum sem lifa í söltu vatni, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Ónæmisaðgerðir.

18. gr.

Yfirdýralæknir skal veita heilbrigðisráðherra umsagnir um innflutning og notkun á lifandi smitefnum, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1978 um ónæmisaðgerðir.

Rannsóknir í meinafræði.

19. gr.

Yfirdýralæknir annast samskipti við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sbr. lög nr. 67/1990 um sama efni.

20. gr.

a) Yfirdýralæknir er formaður dýrasjúkdómanefndar, sbr. 27. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
b) Yfirdýralæknir á sæti í lyfjanefnd ríkisins, sbr. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.
c) Yfirdýralæknir skal vera formaður fisksjúkdómanefndar, sbr. 74. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.
d) Yfirdýralæknir skal vera formaður tilraunadýranefndar, sbr. 6. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd.

Tilnefningar í nefndir og ráð.

21. gr.

a) Yfirdýralæknir skal tilnefna aðila í markanefnd, sbr. 69. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
b) Yfirdýralæknir skal tilnefna aðila í útflutnings- og markaðsnefnd, sbr. 6. gr. laga nr. 161/1994 um útflutning hrossa.
c) Yfirdýralæknir skal tilnefna aðila í fóðurnefnd, sbr. 3. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.
d) Yfirdýralæknir skal tilnefna aðila í samstarfsráð um matvæli, sbr. 8. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.
e) Yfirdýralæknir skal tilnefna aðila í tilraunaráð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sbr. 34. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

22. gr.

Yfirdýralæknir skal vinna önnur störf sem honum eru falin samkvæmt gildandi löggjöf á hverjum tíma og sem fram koma í erindisbréfi hans.

Réttarstaða yfirdýralæknis.

23. gr.

Yfirdýralæknir er embættismaður og fer um réttarstöðu hans eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Laun yfirdýralæknis eru ákveðin af kjaranefnd.

Erindisbréf.

24. gr.

Landbúnaðarráðherra setur yfirdýralækni erindisbréf þar sem kveðið skal á um helstu störf og starfsskyldur hans.

III. KAFLI
Aðstoðaryfirdýralæknir.

Skipun og hlutverk.

25. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar aðstoðaryfirdýralækni til fimm ára í senn.

Aðstoðaryfirdýralæknir, sem valinn er úr hópi sérgreinadýralækna, skal vera yfirdýralækni til aðstoðar og staðgengill hans.

Helstu störf aðstoðaryfirdýralæknis.

26. gr.

Aðstoðaryfirdýralæknir skal hafa umsjón með lyfjamálum, að einstök héraðsdýralæknaembætti séu setin, útgáfu ársskýrslna og viðbragðsáætlunum vegna smitsjúkdóma og náttúruhamfara. Einnig skal aðstoðaryfirdýralæknir halda skrá yfir dýralækna sem leyfi hafa til að stunda dýralækningar hér á landi og vinna önnur störf sem yfirdýralæknir felur honum á hverjum tíma og fram koma í erindisbréfi hans.

Réttarstaða aðstoðaryfirdýralæknis.

27. gr.

Aðstoðaryfirdýralæknir er embættismaður og fer um réttarstöðu hans eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Laun aðstoðaryfirdýralæknis eru ákveðin af kjaranefnd.

Erindisbréf.

28. gr.

Landbúnaðarráðherra setur aðstoðaryfirdýralækni erindisbréf þar sem kveðið skal á um helstu störf og starfsskyldur hans.

IV. KAFLI
Héraðsdýralæknar.

Skipun og hlutverk.

29. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar héraðsdýralækna til fimm ára í senn. Héraðsdýralæknar skulu starfa í öllum héraðsdýralæknaumdæmum, sbr. 30. gr.

Héraðsdýralæknaumdæmi.

30. gr.

Umdæmi héraðsdýralækna skulu vera sem hér segir:

a) Gullbringu- og Kjósarumdæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
b) Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Akranes, Borgarbyggð.
c) Snæfellsnessumdæmi: Stykkishólmur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Hnappadalssýsla, Flatey og býli í gamla Flateyjarhreppi, Skógarstrandarhreppur.
d) Dalaumdæmi: Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Austur-Barðastrandarsýsla, að undanskilinni Flatey og býlum í Flateyjarhreppi hinum gamla.
e) Vestfjarðaumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjörður, Bolungarvík, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla að Bæjarhreppi.
f) Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla, Bæjarhreppur í Strandasýslu.
g) Austur-Húnaþingsumdæmi: Blönduós, Austur-Húnavatnssýsla.
h) Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Dalvík, Siglufjörður, Sauðárkrókur, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslur, Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppar í Suður-Þingeyjarsýslu.
i) Þingeyjarumdæmi: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla, að undanskildum Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppum, Norður-Þingeyjarsýsla.
j) Austurlandsumdæmi nyrðra: Egilsstaðir og nágrenni, Eskifjörður, Mjóifjörður, Neskaupstaður, Reyðarfjörður, Seyðisfjörður, Norður-Múlasýsla.
k) Austurlandsumdæmi syðra: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur.

l) Austur-Skaftafellsumdæmi: Hornafjarðarbær, Austur-Skaftafellssýsla.
m) Vestur-Skaftafellsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, að undanskildum Mýrdalshreppi.
n) Suðurlandsumdæmi: Árnes- og Rangárvallasýslur, Mýrdalshreppur.

Skipa skal einn héraðsdýralækni í hvert umdæmi, að undanskildu Vestfjarðaumdæmi, Þingeyjarumdæmi og Austurlandsumdæmi nyrðra, en í hvert þeirra skal skipa tvo héraðsdýralækna.

Í umdæmum þar sem fleiri en einn héraðsdýralæknir er skipaður ákveður yfirdýralæknir skiptingu ábyrgðar og verkefna milli einstakra héraðsdýralækna umdæmisins á hverjum tíma.

Helstu störf og starfsskyldur héraðsdýralækna.

31. gr.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, einnig eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu. Þeir skulu og hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða. Einnig ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Þeir skulu fylgjast með viðhaldi varnargirðinga í umdæminu.

Héraðsdýralæknar í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi og Suðurlandsumdæmi sinna eingöngu eftirlitsstörfum, en héraðsdýralæknar í öðrum dýralæknisumdæmum annast jafnframt eftirlitsstörfum almenna dýralæknaþjónustu í umdæminu, þ.m.t. vaktþjónustu. Ávallt skal aðskilja eins og kostur er eftirlitsstörf dýralækna og almenna dýralæknisþjónustu.

Héraðsdýralæknar skulu halda skrá yfir alla eftirlitsskylda aðila í sínu umdæmi og sinna eftirliti með þeim samkvæmt sérstakri eftirlitsáætlun, sem skal endurskoðuð um hver áramót.

Héraðsdýralæknar skulu fyrir lok hvers árs gera sérstaka kostnaðaráætlun um rekstur umdæmisins á næsta ári og skal hún borin undir yfirdýralækni til samþykktar. Þeir eru síðan ábyrgir fyrir framkvæmd áætlunarinnar.

Héraðsdýralæknar skulu vinna önnur störf sem yfirdýralæknir felur þeim á hverjum tíma auk starfa sem fram koma í erindisbréfi þeirra.

Landbúnaðarráðherra skal sjá héraðsdýralæknum fyrir starfsaðstöðu í samræmi við umfang starfsemi þeirra.

Réttarstaða héraðsdýralækna.

32. gr.

Héraðsdýralæknar eru embættismenn og fer um réttarstöðu þeirra eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Laun héraðsdýralækna eru ákveðin af kjaranefnd.

Erindisbréf.

33. gr.

Landbúnaðarráðherra setur héraðsdýralæknum erindisbréf þar sem kveðið skal á um helstu störf og starfsskyldur þeirra.

Eftirlitsdýralæknar.

34. gr.

Yfirdýralæknir ræður eftirlitsdýralækna til starfa í héraðsdýralæknaumdæmum þar sem þess er þörf að mati yfirdýralæknis.

Eftirlitsdýralæknar skulu starfa undir stjórn viðkomandi héraðsdýralæknis við lögboðin eftirlitsstörf, m.a. kjötskoðun, eftirlit með mjólkurframleiðslu og eldi sláturdýra. Þeir skulu hafa starfsaðstöðu á skrifstofu héraðsdýralæknis.

Eftirlitsdýralæknar eru opinberir starfsmenn og fer um réttarstöðu þeirra eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um laun eftirlitsdýralækna fer eftir kjarasamningum Dýralæknafélags Íslands við fjármálaráðuneytið á hverjum tíma.

V. KAFLI
Sérgreinadýralæknar.

Störf sérgreinadýralækna.

35. gr.

Yfirdýralæknir skal ráða sérmenntaða dýralækna, til að starfa við embætti yfirdýralæknis, einn á hverju eftirtalinna sérsviða: Sviði alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, hrossasjúkdóma, nautgripa- og sauðfjársjúkdóma, júgursjúkdóma, loðdýrasjúkdóma og svínasjúkdóma. Auk þess skal yfirdýralæknir ráða dýralækni með sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti sláturdýra og sláturafurða og dýralækni sem hafi eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða.

Helstu starfsskyldur sérgreinadýralækna.

36. gr.

Sérgreinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum, hver á sínu sviði, í samráði við héraðsdýralækna og aðra dýralækna, með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, leiðbeininga- og forvarnastarfi. Þeir skulu einnig vinna önnur störf sem fram koma í erindisbréfi þeirra og sem yfirdýralæknir felur þeim á hverjum tíma.

Yfirdýralæknir skal sjá sérgreinadýralæknum fyrir starfsaðstöðu.

Réttarstaða sérgreinadýralækna.

37. gr.

Sérgreinadýralæknar eru opinberir starfsmenn og fer um réttarstöðu þeirra eftir ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um laun sérgreinadýralækna fer eftir ákvæðum kjarasamninga Dýralæknafélags Íslands við fjármálaráðuneytið á hverjum tíma.

VI. KAFLI
Rannsóknadeild dýrasjúkdóma.

38. gr.

Yfirdýralæknir skal ráða til starfa við rannsóknadeild dýrasjúkdóma sérfræðinga og aðstoðarfólk til að annast greiningar og rannsóknir dýrasjúkdóma. Rannsóknadeild dýrasjúkdóma skal halda skrá yfir útbreiðslu dýrasjúkdóma samkvæmt nánari fyrirmælum yfirdýralæknis.

Yfirdýralæknir velur starfandi sérgreinadýralækni samkvæmt 35. gr. til að veita deildinni forstöðu. Skal hann í lok hvers árs gera sérstaka fjárhagsáætlun um rekstur deildarinnar á næsta ári og skal hún borin undir yfirdýralækni til samþykktar. Hann er ábyrgur fyrir framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar.

VII. KAFLI
Vaktþjónusta.

Yfirumsjón vaktþjónustu.
39. gr.

Embætti yfirdýralæknis skal hafa yfirumsjón með vaktþjónustu á vaktsvæðum dýralækna samkvæmt 40. gr.

Vaktsvæði.
40. gr.

Vaktsvæði dýralækna eru sem hér segir:

1) Gullbringu- og Kjósarumdæmi.
2) Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi.
3) Snæfellsnesumdæmi.
4) Dalaumdæmi.
5) Vestfjarðaumdæmi.
6) Austur- og Vestur-Húnaþingsumdæmi.
7) Skagafjörður og Siglufjörður.
8) Eyjafjörður, Dalvík og Ólafsfjörður.
9) Þingeyjarumdæmi.
10) Austurlandsumdæmi nyrðra.
11) Austurlandsumdæmi syðra.
12) Austur-Skaftafellsumdæmi.
13) Vestur-Skaftafellsumdæmi.
14) Rangárvallasýsla og Mýrdalshreppur.
15) Árnessýsla.

Skipulag vaktþjónustu.
41. gr.

Yfirdýralæknir ákvarðar umfang vaktþjónustu á einstökum vaktsvæðum á hverjum tíma.

Héraðsdýralæknar skulu skipuleggja vaktir í samráði við starfandi dýralækna innan sinna vaktsvæða þannig að dýralæknir sé þar jafnan á vakt og auðvelt sé að afla vitneskju um hvaða dýralæknir er á vakt hverju sinni. Heimilt er að skipta vakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis. Við skipulagningu vakta skulu héraðsdýralæknar taka mið af vegalengdum og umfangi þjónustu innan viðkomandi vaktsvæða.

Úrskurðarvald um ágreining.
42. gr.

Ef ágreiningur rís um skiptingu vakta innan vaktsvæða skal leita úrskurðar yfirdýralæknis.

Greiðslur fyrir vaktir og greiðslufyrirkomulag.
43. gr.

Fyrir vaktþjónustu greiðist samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti.

VIII. KAFLI
Fjármál og rekstur.

Almennt.
44. gr.

Skrifstofustjóri skal undir yfirumsjón yfirdýralæknis sjá um gerð fjárlagatillagna, framkvæmd fjárhagsáætlana og annað sem varðar fjárreiður stofnunarinnar, svo sem bókun og greiðslu reikninga vegna allra rekstrarþátta en þeir eru helstir:

1. Rekstur aðalskrifstofu ásamt starfsemi sérgreinadýralækna.
2. Rekstur rannsóknadeildar dýrasjúkdóma.
3. Rekstur héraðsdýralæknaembættanna.
4. Rekstur varnargirðinga.
5. Rekstur eftirlitssjóðs vegna kjötskoðunar.
6. Innheimta gjalda vegna gjaldskyldra eftirlitsstarfa.
7. Annast gerð tillagna um gjaldskrá samkvæmt eftirlitsáætlunum hvers árs.

Skrifstofustjóri skal einnig vinna önnur störf sem yfirdýralæknir felur honum á hverjum tíma.

Gjaldskrá.
45. gr.

Gjald sem nemur kostnaði skal innheimt fyrir eftirlit og skoðanir samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Gildistaka.
46. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og öðlast gildi 1. desember 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. nóvember 1999.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

Nr. 783 25. nóvember 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Bessastaðahreppi.

Hólmatún.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 16. nóvember 1999 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Hólmatúns í Bessastaðahreppi. Breytingin er í fólgin í því að þriggja íbúða raðhúsum á lóðum nr. 5-7-9, 6-8-10 og 11-13-15 er breytt í fjögurra íbúða raðhús.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skóla- og íþróttasvæði.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. nóvember 1999 deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis í Bessastaðahreppi sem afmarkast til norðurs og austurs af Suðurnesvegi

og íbúðabyggð við Vesturtún, Blátún og Skólatún og til suðurs og vesturs af miðsvæðisreit og Breiðumýri. Á svæðinu eru m.a. skólar, íþróttamiðstöð, íþróttavellir og framtíðaraðstaða skáta með skátaheimili. Gert er ráð fyrir stækkun Álftanesskóla og íþróttamiðstöðvar. Göngustígar eru að aðliggjandi hverfum. Gert er ráð fyrir færslu göngustígs milli Vesturtúns 40 og 42 í átt að húsi nr. 40.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Suðurtún.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. nóvember 1999 verulega breytingu á deiliskipulagi Suðurtúns á miðsvæðisreit í Bessastaðahreppi. Skipulagssvæðið afmarkast til austurs af opnu svæði meðfram Norðurnesvegi, til suðurs af íbúðasvæði á miðsvæðisreit, til vesturs af íbúðabyggð við Skólatún og til norðurs af Eyvindarstaðavegi. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 36 íbúðum í par- og raðhúsum í stað 24 par- og raðhúsa í gildandi deiliskipulagi miðsvæðisreits.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 25. nóvember 1999.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

25. nóvember 1999 Nr. 784

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

a. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða, hlunninda og bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum, sbr. þó stafliði b til og með i hér á eftir, hækki um 3,5% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,035.
b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Mosfellsbæ, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi og Seltjarnarnesi) svo og matsverð sumarhúsa og sumarhúsalóða hækki um 18% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,18.
c. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða á Akureyri hækki um 10% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,10.
d. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli á Árskógsströnd, í Fellabæ og Nesjum í Hornafirði hækki um 15% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,15.
e. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum stöðum hækki um 10%: Gerðahreppi, Vogum, Akranesi, Borgarnesi, Hellissandi, Rifi, Ólafsvík, Grundarfirði, Dalvík, Höfn, Vestmannaeyjum, Stokkseyri og Hveragerði. Verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,10.

f. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum stöðum hækki um 7%: Grindavík, Sandgerði, Keflavík, Njarðvík, Egilsstöðum og Selfossi. Verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,07.
g. Matsverð íbúða í fjölbýli í Stykkishólmi hækki um 10% og verður framreiknistuðull íbúða í fjölbýli samkvæmt því 1,10.
h. Matsverð íbúða í sérbýli á Ísafirði hækki um 7% og verður framreiknistuðull íbúða í sérbýli samkvæmt því 1,07.
i. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum stöðum verði óbreytt: Patreksfirði, Þingeyri, Flateyri, Raufarhöfn, Eskifirði, Búðum í Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Djúpavogi. Verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.

Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins fyrir einstakar tegundir eigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1998 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppflettingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísan til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi 1. desember 1999.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 676 25. nóvember 1998.

Fjármálaráðuneytinu, 25. nóvember 1999.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Björn Hafsteinsson.